ALÞINGI 1963

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1963, fimmtudaginn 10. október, var 84. löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og sjötta aðalþing í röðinni, en nítugasta og níunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Óskar J. Þorláksson dómkirkjuprestur steig í stólinn og lagði út af I. Kor. 16, 13.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
4. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
5. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
6. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm.
9. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
10. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
11. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
12. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
13. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
14. Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.
15. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
16. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
17. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
18. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
19. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
20. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
21. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
22. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
23. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
24. Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm.
25. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
26. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
27. Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv.
28. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
29. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
30. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
31. Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl.
32. Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf.
33. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
34. Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e.
35. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
36. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
37. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
38. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
39. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
40. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
41. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
42. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
43. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
44. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
45. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
46. Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv.
47. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
48. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
49. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
50. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
51. Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm.
52. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
53. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
54. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
55. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
56. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.
57. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
58. Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.
59. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Ókomnir til þings voru:

1. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
2. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 16. sept. 1963 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt till. forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 16. sept. 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963."

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég býð alla nýkjörna hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. velkomna, og ég árna Alþingi allra heilla í störfum, að þau megi verða landi og þjóð til trausts og halds, gæfu og gengis.

Að svo mæltu bið ég alþm. að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum, og **forsrh., Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram, og ég bið aldursforseta, Ólaf Thors forsætisráðherra, að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti (ÓTh): Ég vil leyfa mér að biðja hv. 11. þm. Reykv., Ólaf Björnsson, og hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundsson, að vera fundarritara.

Fyrst liggur fyrir að skipa þm. í kjördeildir og ef enginn mælir því gegn, mun ég hafa þann hátt á að lesa upp nöfn þm. í stafrófsröð og biðja skrifstofustjóra Alþingis að draga miða fyrir hönd þm., um leið og nöfn þeirra eru nefnd.

Þessu næst skiptust þm. í kjördeildir og urðu í

1. kjördeild:

BGr, BGuðm, BP, EggÞ, EOl, GeirG, GuðlG, GTh, HS, HermJ, JóhH, JÞ, LJós, MÁM, ÓTh, PÞ, RA, SI, SkG, ÞÞ.

2. kjördeild:

AuA, ÁB, BBen, BJ, EðS, EI, EystJ, GíslG, GunnG, HÁ, HB, IG, JSk, KK, MB, ÓlJ, PS, SB, SE, ÞK.

3. kjördeild:

AG, ÁÞ, BF, BFB, DÓ, EÁ, EmJ, GilsG, GÍG, GÞG, HV, IngJ, JÁ, JP, JR, MJ, ÓB, SÁ, SÓÓ, SvJ.

Aldursforseti (ÓTh): Þá liggur fyrir að rannsaka kjörbréf allra alþm. 1. kjördeild ber samkv. þingsköpum að rannsaka kjörbréf þeirra þm., sem eru í 3. kjördeild, 2. kjördeild kjörbréf þm. í 1. kjördeild og 3. kjördeild kjörbréf þm. í 2. kjördeild. Hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, kallar saman 1. kjördeild, hv. 2. þm. Reykv., Auður Auðuns, kallar saman 2. kjördeild, og hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslason, kallar saman 3. kjördeild. 1. kjördeild verður í fundarsal neðri deildar, 2. kjördeild í fundarsal efri deildar og 3. kjördeild í fundarherbergi fjárveitinganefndar.

Að svo búnu verður fundi frestað þar til kl. 1.30 á morgun.

Fundi frestað.

Föstudaginn 11. okt., kl. 1.30 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., og Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf., voru nú komnir til þings.

Aldursforseti (ÓTh): Þá er fundi fram haldið. Ég hef hugsað mér að hafa þann hátt á, ef enginn mælir því gegn, að fyrstur tali frsm. 1. kjördeildar, þá 2. kjördeildar og svo 3. kjördeildar. Ef enginn mælir því gegn, mun sá háttur við hafður, og tekur þá til máls hv. frsm. 1. kjördeildar, 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal.

Frsm. 1. kjördeildar (Benedikt Gröndal): Herra forseti. 1. kjördeild hefur athugað kjörbréf þeirra, sem eru í 3. kjördeild, og jafnframt hefur kjördeildin eins og hinar kjördeildirnar athugað mál varðandi kosninguna, sem send hafa verið til þingsins. Er um að ræða nokkur vafamál í fimm kjördæmum. Skal ég nú gera stuttlega grein fyrir því, hver þau eru.

Í Reykjaneskjördæmi voru sendir tveir ágreiningsseðlar. Þar sem augljóst er, að þessir seðlar, hvernig sem þeir yrðu úrskurðaðir, geta ekki haft áhrif á kosninguna í kjördæminu eða á landskjör, er till. kjördeildarinnar, að kjörbréfin í þessu kjördæmi verði öll tekin gild, en ágreiningsatkvæðum verði vísað til kjörbréfanefndar þingsins, þeirrar sem hér verður kosin, þannig að þingið hafi málið áfram í sínum höndum, ef ástæða þykir til frekari aðgerða eða úrskurða.

Í Vesturlandskjördæmi voru 4 vafaatkvæði. Eitt þeirra var þannig til komið, að kjósandi kaus utan kjörstaðar, en var síðan í nágrenni við kjörstað á kjördegi án þess að láta vita af því, að hann væri þar, eins og lög mæla fyrir. Þetta atkv. var ekki tekið gilt. Í Vesturlandskjördæmi voru einnig 3 atkvæðaseðlar óljósir, sem voru ekki teknir gildir. Þar sem augljóst er, að þessi vafaatkvæði geta ekki haft nein áhrif á úrslit kosningarinnar í kjördæminu eða annars staðar á landinu, leggur kjördeildin til, að viðkomandi kjörbréf séu tekin gild, en vafaseðlum vísað til kjörbréfanefndar, sem þingið mun kjósa.

Í Vestfjarðakjördæmi voru 3 umdeildir seðlar, sem hingað voru sendir. Einn þeirra var tekinn gildur heima í héraði, tveir dæmdir ógildir. Þar er sömu sögu að segja. Var athugað, hvort þessir seðlar, hvernig sem þeir yrðu úrskurðaðir, gætu nokkur áhrif haft á úrslitin í kjördæminu eða úthlutun uppbótarsæta. Niðurstaða varð sú, að seðlarnir gætu engin slík áhrif haft. Því er lagt til að taka kjörbréfin gild, en vísa vafaatriðum til væntanlegrar kjörbréfanefndar.

Í Norðurlandskjördæmi vestra er deilumál um 10 atkv. Þetta eru utankjörstaðaratkv., sem bárust hingað á kjörstað rétt um kl. 11, og er það eitt aðaldeilumálið, hvort seðlarnir hafi borizt tímanlega samkv. l. eða of seint. En í þessu atviki er enn sömu sögu að segja, að útreikningar, sem skrifstofustjóri þingsins gerði ásamt kjördeildinni, leiddu í ljós, að hvernig sem þessir 10 seðlar væru úrskurðaðir eða reyndust vera, — þeir hafa að sjálfsögðu ekki verið opnaðir, — mundu þeir ekki geta haft nein áhrif á kosninguna í þessu kjördæmi eða á úthlutun uppbótarsæta.

Fimmta kæruatriðið er nokkuð annars eðlis. Það er kæra frá tveim efstu mönnum á H-lista í Austurlandskjördæmi á hendur yfirkjörstjórn þar í kjördæminu. Kæran var send 10. júní frá Seyðisfirði til dómsmrn., og rn. hefur sent hana til Alþingis. Kærendur halda því fram, að þeir hafi lagt lista sinn fram sem lista óháðra kjósenda utan flokka, en yfirkjörstjórn hafi a. m. k. einu sinni auglýst listann og síðan prentað hann á kjörseðli sem H-lista utan flokka, en sleppt orðunum „óháðra kjósenda".

Þar sem forsvarsmenn H-listans kæra ekki kosninguna sjálfa, draga ekki úrslit hennar í efa, heldur kæra aðeins yfirkjörstjórn fyrir starfshætti hennar, sá kjördeildin ekki ástæðu til þess að draga úrslit kosningarinnar í kjördæminu í efa og leggur því til, að kjörbréf þaðan verði öll samþykkt, en að þessari kæru, eins og öðrum vafaatriðum, verði vísað til væntanlegrar kjörbréfanefndar, sem hér verður kosin. Getur málið þá verið áfram í höndum þingsins til frekari afgreiðslu, ef ástæða þykir til.

Þetta eru kæruatriðin, sem fram hafa komið og voru athuguð í kjördeildinni — og raunar í öllum kjördeildunum að nokkru leyti sameiginlega. Þess vegna leggur 1. kjördeild til, að kjörbréf allra 20 þm. í 3. kjördeild verði tekin gild, en þeir eru Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv., Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., Birgir Finnsson, 2. landsk. þm., Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm., Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., Emil Jónsson, 2. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn., Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf., Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl., Jón Árnason, 4. þm. Vesturl., Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv., Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl., Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl., og Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.

Frsm. 2. kjördeildar (Auður Auðuns): Herra forseti. 2. kjördeild hefur athugað kjörbréf þm. í 1. kjördeild. Þá hafa verið athugaðar kærur, og um það vísa ég til þess, sem fram kom hjá frsm. 1. kjördeildar um efni þeirra kæra. Afstaða 2. kjördeildar til þeirra er sú hin sama og 1. kjördeildar og lagt til af 2. kjördeild, að kjörbréf þm. í 1. kjördeild verði tekin gild, en kæruatriðum verði vísað til væntanlegrar kjörbréfanefndar. Þau kjörbréf, sem hér er um að ræða, eru þessi: Benedikt Gröndal, Bjartmar Guðmundsson, Björn Pálsson, Eggert G. Þorsteinsson, Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson, Guðlaugur Gíslason, Gunnar Thoroddsen, Halldór E. Sigurðsson, Hermann Jónasson, Jóhann Hafstein, Jón Þorsteinsson, Lúðvík Jósefsson, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur Thors, Páll Þorsteinsson, Ragnar Arnalds, Sigurður Ingimundarson, Skúli Guðmundsson og Þórarinn Þórarinsson.

Frsm. 3. kjördeildar (Alfreð Gíslason): Herra forseti. 3. kjördeild rannsakaði kjörbréf manna í 2. kjördeild. Öll kjörbréf hafa borizt, en það eru kjörbréf eftirtalinna alþm.: Auður Auðuns, 2. þm. Reykv., Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm., Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v., Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e., Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl., Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e., Jón Skaftason, 4. þm. Reykn., Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv., Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Fyrir 3. kjördeild lágu eins og hinum kjördeildunum upplýsingar um ágreining um nokkur atkv. í kjördæmum, enn fremur um kæru, sem borizt hafði varðandi nafn á lista óháðra kjósenda á Austurlandi. Með því að það upplýstist, að ágreiningsatkv. hafa ekki nein áhrif á kjör aðalmanna, samþykkti 3. kjördeild fyrir sitt leyti að vísa þessum málum til kjörbréfanefndar til nánari athugunar. Með þessum formála um ágreiningsatkvæði og nefnda kæru um listanafn varð 3. kjördeild sammála um að taka öll kjörbréfin gild og mæla með samþykkt þeirra.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar til þess að fara aðeins örfáum orðum um þá tíu atkvæðaseðla í Norðurlandskjördæmi vestra, sem kjörstjórnarmeirihl. á Siglufirði neitaði að taka við. Ég ætla, að það sé mjög óvenjulegt

tilvik, og raunar ætla ég, að það sé alveg einstakt tilvik. Samkv. 71. og 76. gr. kosningalaganna á að veita utankjörstaðaratkvæðum móttöku, á meðan atkvgr. á kjörfundi er ekki lokið, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég mega vitna í þessi ákvæði. Í næstsíðustu mgr. 71. gr. segir svo:

„Þau bréf, sem koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvgr. er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.“

Ég leyfi mér að vekja athygli á þessum orðum, sem þarna standa: „en þó áður en atkvgr. er lokið.“ Í 76. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkv. greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 71. gr.) Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau, meðan atkvgr. fer fram, ásamt þeim atkv. greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að hafa borizt eða berast, meðan á atkvgr. stendur.“

Ég held, að af þessum ákvæðum sé það alveg ljóst, að úrlausn þeirrar spurningar, hvort það hafi átt að veita móttöku hér umræddum atkv., sé alveg undir því komin, hvort atkvgr. var lokið eða ekki, þegar þessi atkvæðabréf bárust kjörstjórninni.

Það er upplýst og viðurkennt, að kjörstjórnarmenn á Siglufirði áttu sjálfir eftir að kjósa, þegar þessi atkv. bárust til þeirra. Mér sýnist því úrlausn þess, hvort kjörstjórnarmeirihl. á Siglufirði fór rétt að eða ekki, þegar hann synjaði atkv. þessum móttöku, velta á því, hvenær á að telja atkvgr. lokið. Á að telja atkvgr. lokið, þegar allir viðstaddir kjósendur, þ. á m. kjörstjórnarmenn, hafa greitt atkv.? Eða á að telja atkvgr. lokið, þegar viðstaddir kjósendur nema kjörstjórnarmenn, þ. e. a. s. að kjörstjórnarmönnum undanskildum, hafa greitt atkv.? Þannig virðist mér kjörstjórnarmeirihl. á Siglufirði hafa skilið þessi ákvæði. Það held ég, að hljóti að vera rangur skilningur, og því til stuðnings vil ég leyfa mér að benda á 94. gr. kosningalaganna, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkv., greiðir kjörstjórnin atkv. á sama hátt og aðrir kjósendur.“

Og síðan í beinu framhaldi af þessu segir í upphafi 95. gr.:

„Að atkvgr. lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.“

Þetta atriði eitt, hvort atkvgr. var raunverulega lokið eða ekki, átti að mínum dómi að ráða úrslitum um það, hvort atkv. var veitt móttaka eða ekki. Ég skal alveg láta liggja á milli hluta önnur atriði í þessu máli, eins og t. d. þá spurningu, hvort klukkan hafi verið orðin 23, hvort mistök hafi átt sér stað hjá þeim, sem áttu að koma atkvæðaseðlunum til skila, hvort kjörfundarstofu hafi raunverulega verið lokað eða ekki. Að sjálfsögðu geta öll þessi atriði haft ýmsar lögfylgjur í för með sér, en þau eiga ekki að verka á það, hvort utankjörstaðaratkvæði, sem á annað borð eru komin í hendur kjörstjórnar, áður en atkvgr. lýkur, séu tekin gild eða ekki.

Ég tel, að þegar litið er yfir þessi ákvæði, þá hafi hér átt sér stað mjög veruleg mistök af hálfu meiri hl. kjörstjórnar á Siglufirði. Úr því sem komið er, verða þau mistök hins vegar ekki leiðrétt. Og eins og skýrt hefur verið hér frá af hv. frsm. kjördeilda, hefðu þessi 10 atkv., þótt gild hefðu verið tekin, ekki getað raskað kosningaúrslitum. Að svo vöxnu máli get ég fyrir mitt leyti fallizt á þá afgreiðslu, sem hér er gerð till. um, að kjörbréf öll séu að sjálfsögðu tekin gild, en þessum deiluatriðum vísað til væntanlegrar kjörbréfanefndar til athugunar. En ég vil taka það mjög skýrt fram, að í því felst ekki samkv. mínum skilningi, að nein blessun sé lögð yfir ákvörðun meiri hl. kjörstjórnar á Siglufirði í þessu máli, heldur felst samkv. mínum skilningi í því það eitt, að þingið tekur a. m. k. að svo stöddu alls enga afstöðu til þess, hvort ákvörðun meiri hl. kjörstjórnar var rétt eða röng. Þetta vil ég taka hér skýrt fram, ef svo skyldi fara, að væntanleg kjörbréfanefnd teldi ekki ástæðu til að beina þessu máli aftur til þingsins. Og að lokum vil ég svo segja það, að þessi mistök, sem ég tel að þarna hafi átt sér stað, svo og aðrir ágreiningsseðlar, sem hafa legið fyrir kjördeildum og sumir hverjir að mínu viti a. m. k. hefðu tvímælalaust átt að teljast gildir, vekja til umhugsunar um það, að kosningalögin þarf vissulega að bæta þannig, að það verði séð fyrir óháðum dómstóli til þess að skera úr svona atriðum, hreinum júridískum atriðum, áður en kosningaúrslit eru birt.

Aldursforseti (ÓTh): Út af ummælum hv. 3. þm. Norðurl. v. leyfi ég mér að segja þetta: Þessum umr. er útvarpað. Ég gæti þess vegna vel hugsað mér, að einhver fyndi ástæðu til að bera blak af meiri hl. kjörstjórnar Siglufjarðar. Ég vil þó mælast undan því, að menn fari nú að rökræða þetta atriði fremur en önnur atriði, sem um er deilt og ágreiningsmál eru og þarf að úrskurða líka vegna fordæmis, svo að betur sé ljóst, hverjum reglum á að fylgja í framtíðinni. En fyrir það þykir mér rétt að láta þessar aths. falla, að ég tel réttan vettvang að ræða þessi mál vera, þegar málið kemur aftur til kasta Alþingis frá kjörbréfanefnd. Ég vil því mælast undan því, að þetta mál verði rætt frekar en orðið er að þessu sinni.

Hv. 5. þm. Vesturl. hafði beðið um orðið og vill kannske koma að sínum aths.

Frsm. 1. kjördeildar (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég skal verða við óskum forseta að hefja ekki umr. um þetta mál. En

vegna þeirrar ræðu, sem hér var flutt, tel ég, að mér beri fyrir hönd kjördeildar, sem ég hafði framsögu fyrir, skylda til að kynna þinginu, hvað lá fyrir kjördeildinni frá yfirkjörstjórn Norðurl. v., og þarf ekki að vera langt mál. Í endurriti úr gerðabók yfirkjörstjórnar Norðurl. v. segir svo:

„Yfirkjörstjórn var afhent bréf, er talið var innihalda 10 utankjörstaðaatkv., er framvísað var á Siglufirði, eftir að kjörfundarstofu hafði verið lokað kl. 23. Var dyravörður fenginn til að opna aftur, eftir að hann hafði vísað frá a. m. k. einum kjósanda. Þá átti kjörstjórn eftir að ganga frá utankjörstaðaatkv. og kjósa sjálf. Meiri hl. kjörstjórnar, 2 af 3, úrskurðaði, að atkv. skyldi ekki veitt móttaka, og umboðsmenn þriggja flokka af fjórum studdu þann úrskurð.

Ganga verður út frá, meðan ekki annað sannast, að kjörstjórn hafi ekki látið loka og vísa frá kjósendum, nema hún teldi öruggt, að klukkan væri raunverulega orðin 23, enda virðist það samkv. bókum kjörstjórnar hafa verið gert með samþykki allra kjörstjórnarmanna og umboðsmanna listanna.

Yfirkjörstjórn tók málið til úrskurðar samkv. kröfu umboðsmanna eins listans og kvað upp svofelldan úrskurð:

Hin umdeildu utankjörstaðaatkv., er undirkjörstjórn vísaði frá sér, skulu ekki tekin gild nú, en vísast til úrskurðar Alþingis. Yfirkjörstjórnarmaðurinn Indriði Guðmundsson óskar þó að taka það fram, að hann teldi, að kjörstjórn hefði verið skylt að taka atkv. til greina, þar sem hún átti sjálf eftir að greiða atkv., er kjörbréfið með utankjörstaðaatkv. barst."

Síðan er bókað hér eftir umboðsmönnum B-listans: „Við undirritaðir umboðsmenn B-listans mótmælum framanrituðum úrskurði yfirkjörstjórnar, þar sem upplýst er og viðurkennt, að kjörstjórnarmenn höfðu ekki greitt atkv., er hér um ræddum utankjörstaðaatkv. var skilað, og atkvgr. þar af leiðandi ekki lokið, sbr. 4. mgr. 71. gr. kosningalaga. Auk þess er ekki örugglega sannað, að klukkan hafi verið orðin 23, er kjörstjórn gaf fyrirmæli um lokun, og á sá vafi auðvitað að koma kjósendum til góðs í samræmi við allan anda kosningalaga. Þá er og upplýst, að dyravörður hleypti þeim manni inn, sem atkvæðasendingunni skilaði. Loks mótmælum við því harðlega, að svo stór hópur kjósenda sé með þessum hætti útilokaður frá kosningaþátttöku, enda getur slíkt hæglega raskað kosningaúrslitum. Af framangreindum ástæðum krefjumst við þess, að umrædd atkv. verði tekin gild.

Umboðsmaður D-listans óskar bókað, að hann gerir ákveðna kröfu til þess, að rannsakað verði, með hvaða hætti sá maður, sem hin umdeildu atkv. flutti á kjörstað, hafi komizt inn til kjörstjórnar, eftir að hún hafði lokað að sér til undirbúnings kjörfundarslitum."

Þetta eru þau gögn, sem lágu fyrir kjördeildinni, og taldi ég rétt, úr því að umr. eru hafnar, að þau kæmu hér fram.

ATKVGR.

Till. kjördeilda um gildi kjörbréfa samþ. með 54 shlj. atkv.

Till. um að vísa ákvörðun um vafaatkv. og kærur til kjörbréfanefndar samþ. með 53 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þm., sem höfðu ekki setið á Alþingi áður, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Matthías Bjarnason, Ragnar Arnalds, Sverrir Júlíusson.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Birgir Finnsson, 2. landsk. þm., með 32 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 19 atkv. og Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf., 9 atkv.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl., með 32 atkv., en 27 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Sigurður Ingimundarson, 1 landsk. þm., með 32 atkv., en 28 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var Ólafur Björnsson, en á B-lista Skúli Guðmundsson. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv., og

Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Einar Ingimundarson, Matthías Á. Mathiesen, Eggert G. Þorsteinsson; á B-lista voru Ólafur Jóhannesson og Björn Fr. Björnsson; á C-lista var Alfreð Gíslason. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv. og C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Einar Ingimundarson,
Ólafur Jóhannesson,
Matthías Á. Mathiesen,
Eggert G. Þorsteinsson,
Björn Fr. Björnsson.

Kosning til efri deildar.

Við kosningu 20 þm. til efri deildar komu fram þrír listar. Á A-lista voru GTh, AuA, BGuðm, JÁ, MJ, ÓB, SÓÓ, ÞK, EggÞ, JÞ, GÍG; á B-lista voru ÁB, HB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ; á C-lista voru BJ, AG, GilsG. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörin án atkvgr.:

Gunnar Thoroddsen,
Ásgeir Bjarnason,
Auður Auðuns,
Helgi Bergs,
Björn Jónsson,
Bjartmar Guðmundsson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Hermann Jónasson,
Jón Árnason,
Magnús Jónsson,
Karl Kristjánsson,
Alfreð Gíslason,
Ólafur Björnsson,
Jón Þorsteinsson,
Ólafur Jóhannesson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Páll Þorsteinsson,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Gils Guðmundsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi Sþ., 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar. Voru á listunum hverju sinni jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Jónas G. Rafnar (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Árnason (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Geir Gunnarsson (C),
Gunnar Gíslason (A),
Birgir Finnsson (A),
Ingvar Gíslason (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Jóhann Hafstein (A),
Hermann Jónasson (B),
Sigurður Bjarnason (A),
Davíð Ólafsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Emil Jónsson (A).

Varamenn:
Magnús Jónsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Helgi Bergs (B),
Gils Guðmundsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

3. Allsherjarnefnd.

Pétur Sigurðsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Sverrir Júlíusson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Jón Þorsteinsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru EI, JP, EggÞ; á B-lista voru HÁ, HS; á C-lista var BJ. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv. og C-listi 8 atkv. Kosningu hlutu samkv. því:

Einar Ingimundarson,
Halldór Ásgrímsson,
Jónas Pétursson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Halldór E. Sigurðsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Karli Kristjánssyni, 1. þm. Norðurl. e.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm.
5. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.
7. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
8. Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm.
9. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
10. Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl.
11. Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf.
12. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
13. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
14. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
15. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
16. Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv.
17. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
19. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
20. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Allir þingdeildarmenn voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., og Pál Þorsteinsson, 4. þm. Austf.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut:

Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl., með 11 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 6 atkv. og Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., 3 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut:

Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv., með 11 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn:

Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., með 11 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var Bjartmar Guðmundsson, en á B-lista Karl Kristjánsson. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., og **Karl Kristjánsson,** 1. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Ásgeir Bjarnason.
7. — — Alfreð Gíslason.
8. — — Hermann Jónasson.
9. — — Jón Þorsteinsson.
10. — — Ólafur Jóhannesson.
11. — — Magnús Jónsson.
12. — — Helgi Bergs.
13. — — Ólafur Björnsson.
14. — — Gils Guðmundsson.
15. — — Jón Árnason.
16. — — Eggert G. Þorsteinsson.
17. — — Páll Þorsteinsson.
18. — — Þorvaldur G. Kristjánsson.
19. — — Auður Auðuns.
20. — — Björn Jónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 15. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru ÓB, MJ, JÞ; á B-lista KK, HB; á C-lista BJ. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi 3 atkv. Hlutkesti fór fram á milli Helga Bergs og Björns Jónssonar, og kom upp hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ólafur Björnsson,
Karl Kristjánsson,
Magnús Jónsson,
Jón Þorsteinsson,
Helgi Bergs.

2. Samgöngumálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru BGuðm, JÁ, JÞ; á B-lista PÞ, ÁB; á C-lista BJ. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi

3 atkv. Hlutkesti fór fram milli Ásgeirs Bjarnasonar og Björns Jónssonar, og kom upp hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Bjartmar Guðmundsson,
Páll Þorsteinsson,
Jón Árnason,
Jón Þorsteinsson,
Ásgeir Bjarnason.

3. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru BGuðm, SÓÓ, JÞ; á B-lista ÁB, PÞ; á C-lista BJ. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi 3 atkv. Hlutkesti fór fram milli Páls Þorsteinssonar og Björns Jónssonar, og kom upp hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Bjartmar Guðmundsson,
Ásgeir Bjarnason,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Jón Þorsteinsson,
Páll Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru JÁ, ÞK, EggÞ; á B-lista HB, ÓlJ; á C-lista GilsG. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi 3 atkv. Hlutkesti fór fram milli Ólafs Jóhannessonar og Gils Guðmundssonar, og kom upp hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Árnason,
Helgi Bergs,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Ólafur Jóhannesson.

5. Iðnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru MJ, ÞK, EggÞ; á B-lista HermJ, HB; á C-lista GilsG. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi 3 atkv. Hlutkesti fór fram milli Helga Bergs og Gils Guðmundssonar, og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Magnús Jónsson,
Hermann Jónasson,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Gils Guðmundsson.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru AuA, ÞK, JÞ; á B-lista KK, ÁB; á C-lista AG. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi 3 atkv. Hlutkesti fór fram milli Ásgeirs Bjarnasonar og Alfreðs Gíslasonar, og kom upp hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Auður Auðuns,
Karl Kristjánsson,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Jón Þorsteinsson,
Ásgeir Bjarnason.

7. Menntamálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru AuA, ÓB, JÞ; á B-lista PÞ, KK; á C-lista GilsG. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi 3 atkv. Hlutkesti fór fram milli Karls Kristjánssonar og Gils Guðmundssonar, og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Auður Auðuns,
Páll Þorsteinsson,
Ólafur Björnsson,
Jón Þorsteinsson,
Gils Guðmundsson.

8. Allsherjarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru MJ, ÓB, EggÞ; á B-lista ÓlJ, HermJ; á C-lista AG. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 6 atkv. og C-listi 3 atkv. Hlutkesti fór fram milli Hermanns Jónassonar og Alfreðs Gíslasonar, og kom upp hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Magnús Jónsson,
Ólafur Jóhannesson,
Ólafur Björnsson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Hermann Jónasson.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Ólafi Thors, 1. þm. Reykn., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
3. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
4. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
5. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
6. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
7. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
8. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
9. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
10. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
11. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
12. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
14. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
15. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
16. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
17. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
18. Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv.
19. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
20. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
21. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
22. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
23. Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e.
24. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
25. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
26. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
27. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
28. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
29. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
30. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
31. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
32. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
33. Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm.
34. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
35. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
36. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
37. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.
38. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
39. Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.
40. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Allir þingdeildarmenn voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., og Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Fyrst var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv., með 21 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., hlaut 13 atkv., Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., 6 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn.

Forseti (JóhH): Ég vil leyfa mér að þakka það traust, sem mér hefur verið sýnt að kjósa mig sem forseta þessarar hv. d., og um leið vildi ég mega láta í ljós þá ósk, að milli allra hv. þm. og forseta megi ríkja góður samhugur og gott samstarf til þess að greiða fyrir afgreiðslu þeirra mörgu mála og vafalaust merkilegu, sem fyrir þessa hv. d. verða lögð, og hún megi fara fram með góðu skipulagi og góðri reglu.

Forseti lét næst fara fram kosningu fyrsta varaforseta. Kosinn var

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., með 21 atkv. — Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., hlaut 1 atkv., en 18 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., með 21 atkv. — Halldór E. Sigurðsson hlaut 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var Matthías Bjarnason, á B-lista Sigurvin Einarsson. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., og
Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutun á þessa leið:

9. sæti hlaut Einar Ágústsson.
10. — — Birgir Finnsson.
11. — — Sverrir Júlíusson.
12. — — Ingvar Gíslason.
13. — — Sigurður Ágústsson.
14. — — Halldór Ásgrímsson.
15. — — Matthías Á. Mathiesen.
16. — — Gísli Guðmundsson.
17. — — Geir Gunnarsson.

18. sæti hlaut Sigurður Bjarnason.
19. — — Halldór E. Sigurðsson.
20. — — Einar Olgeirsson.
21. — — Jón Skaftason.
22. — — Jónas Pétursson.
23. — — Sigurður Ingimundarson.
24. — — Gunnar Gíslason.
25. — — Eysteinn Jónsson.
26. — — Skúli Guðmundsson.
27. — — Guðlaugur Gíslason.
28. — — Ágúst Þorvaldsson.
29. — — Eðvarð Sigurðsson.
30. — — Einar Ingimundarson.
31. — — Lúðvík Jósefsson.
32. — — Pétur Sigurðsson.
33. — — Davíð Ólafsson.
34. — — Benedikt Gröndal.
35. — — Hannibal Valdimarsson.
36. — — Björn Fr. Björnsson.
37. — — Ragnar Arnalds.
38. — — Björn Pálsson.
39. — — Jónas G. Rafnar.
40. — — Þórarinn Þórarinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 15. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru DÓ, MÁM, SI; á B-lista SkG, EÁ; á C-lista LJós. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 6 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Davíð Ólafsson,
Skúli Guðmundsson,
Matthías Á. Mathiesen,
Sigurður Ingimundarson,
Einar Ágústsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru SB, JP, BGr; á B-lista BP, SE; á C-lista HV. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 6 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sigurður Bjarnason,
Björn Pálsson,
Jónas Pétursson,
Benedikt Gröndal,
Sigurvin Einarsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru GunnG, JP, BGr; á B-lista ÁÞ, BP; á C-lista HV. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 6 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Gunnar Gíslason,
Ágúst Þorvaldsson,
Jónas Pétursson,
Benedikt Gröndal,
Björn Pálsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru SvJ, PS, BF; á B-lista GíslG, JSk; á C-lista LJós. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 6 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sverrir Júlíusson,
Gísli Guðmundsson,
Pétur Sigurðsson,
Birgir Finnsson,
Jón Skaftason.

5. Iðnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru JR, SÁ, SI; á B-lista ÞÞ, GíslG; á C-lista EðS. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 6 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jónas G. Rafnar,
Þórarinn Þórarinsson,
Sigurður Ágústsson,
Sigurður Ingimundarson,
Gísli Guðmundsson.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru MB, GuðlG, BF; á B-lista JSk, ÁÞ; á C-lista HV. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 6 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Matthías Bjarnason,
Jón Skaftason,
Guðlaugur Gíslason,
Birgir Finnsson,
Ágúst Þorvaldsson.

7. Menntamálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru EI, GunnG, BGr; á B-lista SE, BFB; á C-lista EOl. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 6 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Einar Ingimundarson,
Sigurvin Einarsson,
Gunnar Gíslason,
Benedikt Gröndal,
Björn Fr. Björnsson.

8. Allsherjarnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru EI, MB, SI; á B-lista BFB, SkG; á C-lista RA. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 6 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Einar Ingimundarson,
Björn Fr. Björnsson,
Matthías Bjarnason,
Sigurður Ingimundarson,
Skúli Guðmundsson.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga [21. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Um mörg undanfarin ár hafa á hverju þingi verið samþykkt frv. til l. um bráðabirgðabreytingu og framlengingu nokkurra laga. Þau lög hafa falið í sér heimild til þess að innheimta tiltekin gjöld með viðauka frá ári til árs. Þetta frv. er að efni til shlj. þeim lögum, sem samþykkt hafa verið undanfarin ár, að öðru leyti en því, að niður eru felld ákvæði um að innheimta vörumagnstoll, verðtoll o. fl. með viðauka, og enn fremur um bráðabirgðasöluskatt, 8%. Þessi ákvæði, sem voru í 4. og 5. gr. gildandi l. nr. 90 frá 1962, voru felld niður með nýju tollskrárl. frá s. l. vori. Hins vegar felur þetta frv. í sér heimild til þess að innheimta með viðauka eins og verið hefur, stimpilgjald, leyfisbréfagjöld, gjald af innlendum tollvörutegundum, bifreiðaskatt og innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum. Að þessu leyti er þetta frv. shlj. hinum fyrri lögum.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 44).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er gamall kunningi þeirra, sem átt hafa sæti á hv. Alþ. að undanförnu. En eins og fram kemur í grg. fyrir frv. svo og í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, þá hefur þetta frv. minnkað allverulega frá því, sem það hefur verið síðustu árin, og liggur minnkunin í því, að söluskatturinn á innfluttum vörum er nú ekki lengur í þessu frv. Þau ákvæði hafa verið beint eða óbeint tekin inn í tollskrána, sem samþykkt var hér á Alþingi á s. l. vori. Og frv. hefur minnkað svo mikið, að sá ágreiningur, sem um þetta mál hefur verið undanfarin ár, nær nú a. m. k. ekki til okkar, sem sæti eigum í fjhn., því að eins og nál. á þskj. 44 ber með sér, þá leggjum við allir til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 8. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta er um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, og hefur slíkt frv. verið samþykkt á þingum undanfarið alllengi eða á annan áratug. Aðalefni þess er að heimila að innheimta á næsta ári með viðauka stimpilgjald, leyfisbréfagjöld, gjald af innlendum tollvörutegundum, bifreiðaskatt og innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar. Frv. er að þessu leyti samhljóða lögum, sem samþykkt hafa verið á mörgum undanförnum þingum. Hins vegar eru felld niður ákvæði um álag á verðtoll og vörumagnstoll og um bráðabirgðasöluskattinn, en ákvæði um þetta eru í tollskránni, sem tók gildi 1. maí síðastliðinn.

Þetta frv. lá fyrir Ed. og var afgr. þar ágreiningslaust. Ég vænti þess, að frv. fái sömu afgreiðslu í þessari hv. deild, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 77).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Um frv. það til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, sem hér er til umr., á þskj. 21, þarf ekki að fara mörgum orðum. Hér er um að ræða framlengingu á heimild til að innheimta nokkur tiltekin gjöld með viðaukum, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Viðaukarnir eru óbreyttir að hundraðstölu frá því, sem ákveðið var í l. frá 1962. Eina breytingin er, að felldar eru niður 4. og 5. gr. l. frá því í fyrra, en þær voru um aðflutningsgjöld og því að sjálfsögðu tekin upp í hina nýju tollskrá á sínum tíma.

Fjhn. hv. d. hefur athugað frv. og hefur orðið sammála um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt. Frv. er komið frá Ed. og var afgreitt þar, að ég ætla samhljóða. Fjhn. þessarar hv. d. leggur því til, að frv. verði samþ. og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 97).

---

2. Hækkun á bótum almannatrygginga (frá 1. júlí 1963).

Á 20. fundi í Sþ., 25. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginganna [80. mál] (stjfrv., A. 88).

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Sú hefur verið venjan undanfarin ár að hækka bótagreiðslur almannatrygginganna í svipuðu hlutfalli og almennar launahækkanir hafa orðið í landinu. Hefur þá að undanförnu oftast verið miðað við þá hækkun, sem orðið hefur hjá opinberum starfsmönnum, sem allt þangað til s. l. sumar fengu venjulega sínar hækkanir jafnar, allir sömu hundraðshlutahækkunina. Á þessu hefur orðið breyting nú í ár þannig, að samkv. kjaradómi hafa launabætur opinberra starfsmanna hækkað mjög mismunandi, og verður því ekki unnt að hafa hliðsjón af þeim við hækkun á bótagreiðslum almannatrygginganna. Valin hefur því verið sú leið að leggja til, að bæturnar yrðu hækkaðar svipað þeirri hækkun, sem orðið hefur á almennum launagreiðslum í landinu á þessu ári. En þær hafa verið þannig, að laun hækkuðu almennt um 5% í janúarmánuði s. l. og aftur um 7½% frá 23. júní s. l., eða samtals frá þeim tíma um 12.8—12.9% frá því, sem áður var á undanförnu ári. Nú hefur verið lagt til, að bæturnar verði hækkaðar um 15%, sem svarar nokkurn veginn til þeirrar meðalhækkunar, sem orðið hefur á árinu, ef tekið er tillit til þess, að 5% hafa verið greidd á fyrri hluta ársins, því að hækkanir bóta almannatrygginganna koma ekki til framkvæmda nema fyrir síðari hluta ársins.

Ég skal viðurkenna, að það hefur nokkur dráttur orðið á því að leggja þetta frv. fram, en það stafar fyrst og fremst af því, að það var ekki útilokað, að einhverjar hækkanir frekar mundu verða á þessu ári, og lítur raunar út fyrir, að svo verði, þó að þær séu ekki komnar til framkvæmda enn, og var þá meiningin að taka þær allar í einu lagi til viðmiðunar. En þar sem svo langt er liðið á árið og stefnt er að því, að þessi hækkun bóta almannatrygginganna komi til framkvæmda fyrir áramótin, er ekki talið gerlegt að bíða lengur. Ef frekari hækkanir verða á þessu ári en ég nú hef nefnt, verður að taka þessi mál til endurskoðunar á ný og samræma þær bótagreiðslur, sem í framtíðinni verða greiddar, þeim hækkunum, sem verða kunna.

Þessar hækkanir, sem nú er gert ráð fyrir að verði 15%, skulu gilda um allar lífeyrisgreiðslur almannatrygginganna og frá 1. júlí s. l. Undanskildar eru þó fjölskyldubæturnar, sem ekki er lagt til að verði hækkaðar að sinni, og kemur það til af því, að til athugunar eru ákvæði bæði tekjuskattslaga og útsvarslaga um persónufrádrátt, en fjölskyldubæturnar verka mjög svipað á hag manna og þessar frádráttarupphæðir og því talið rétt að bíða með ákvörðun um þessar bætur, þar til séð verður, hvernig verður ráðið til lykta frádrætti samkv. tekjuskatts- og útsvarslögum. Enn fremur er þess að geta, að nýju lögin um almannatryggingarnar, sem samþykkt voru hér á Alþingi s. l. vor, koma ekki til framkvæmda fyrr en um n. k. áramót, og þær breytingar, sem þau lög bera í sér, koma því ekki fram til hækkunar fyrr en þau ganga í gildi, eða um áramótin. Hækkunin samkv. þeim lögum eða viðbótargreiðslur þeirra laga koma því ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan.

Kostnaður við þessa hækkun er talsverður,

eins og skýrt er frá á fskj., sem fylgir með frv., þar sem kostnaðurinn er sundurliðaður. Þar er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við þessa hækkun frá 1. júlí s. l. til 31. des. 1964 verði sem hér segir: Ellilífeyrisgreiðslurnar hækka um 58.8 millj., örorkulífeyrir og örorkustyrkur hækka um 15½ millj., aðrar bætur hækka um 14.7 millj. og tillag til varasjóðs er 1.8 millj., eða samtals hækkunin 90.8 millj. kr. Þessi kostnaður skiptist svo, eins og einnig er greint frá á fskj., þannig, að ríkissjóður greiðir 32.7 millj., hinir tryggðu greiða 29.1 millj., sveitarsjóðirnir greiða 15.3 millj. og atvinnurekendur 12.7 millj.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að slysabætur og sjúkradagpeningar, sem greiddir eru af sjúkrasamlögunum, hækki einnig um sama hundraðshluta, þ. e. a. s. um 15%, og er útgjaldaaukning slysatryggínganna af þeim sökum áætluð 3½ millj., en af þeirri upphæð kemur ekki neitt á ríkissjóðinn, heldur borin uppi af iðgjöldum atvinnurekenda. Sjúkratryggingarnar aftur á móti munu verða fyrir auknum útgjöldum, sem samtals eru áætluð 2.3 millj. af þessum sökum, og þar af greiðir ríkissjóður eina. Samtals mun því ríkissjóður þurfa að greiða vegna þessara hækkana á því 1½ ári, sem þetta reikningsuppgjör nær til, um 33.7 millj. Æskilegt hefði sjálfsagt verið að hækka bæturnar meira en þetta, en þeirri reglu hefur verið fylgt að undanförnu að láta þessar hækkanir á bótagreiðslum almannatryggínganna fylgja þeim almennu launahækkunum, sem orðið hafa á undanförnu tímabili, og hefur það því einnig verið gert hér.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þessar uppbætur eða hækkanir verði greiddar í einu lagi fyrir síðari helming ársins, eða 6 mánuði, fyrir næstu áramót. Ég vildi því mjög eindregið leyfa mér að óska eftir því við hæstv. forseta og þá n., sem þetta frv. fær til meðferðar, að afgreiðslu málsins yrði flýtt svo sem mögulegt er, til þess að þessi afgreiðsla fyrir áramót geti átt sér stað. Að vísu hefur Tryggingastofnunin þegar hafið undirbúning að því, en getur náttúrlega ekki gengið frá því á neinn hátt, fyrr en afgr. hefur verið frv.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn. og 2. umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Alþb. á þess ekki kost að fylgja þessu máli eftir, þegar það fær afgreiðslu í nefnd, og þess vegna teljum við þm. Alþb. rétt að láta afstöðu okkar til þess koma fram nú strax við 1. umr., og vil ég því segja nokkur orð um þetta frv.

Ég hef séð það í blöðum undanfarna daga, að þessa frv. hefur verið getið sem einhvers stórviðburðar. Það hafa verið hafðar um það stórar fyrirsagnir, að nú fengi gamla fólkið aðeins réttingu sinna mála, sem væri búið að bíða án þess að fá breytingu á sínum högum frá miðju ári, að hæst launuðu embættismenn ríkisins fengu sína laglegu launaréttingu, en svo hefur það verið sett upp á forsíðu blaða í dag í eins konar getraunaformi: Hvað fær gamla fólkið fyrir jólin? Og það er vitanlega ætlazt til þess, að fólk geti í þá eyðu, að það verði nú ekkert smáræði, sem gamla fólkið fái fyrir jólin, og það, sem þarna stendur á bak við, er svarið, svarið er þetta frv. Þar segir, að gamla fólkið eigi að fá, eins og hæstv. félmrh. sagði áðan, fyrir áramót, sennilega fyrir jólin, hækkun á ellilífeyri, sem nemi um 15%, og það er það, sem gamla fólkið á að fá fyrir jólin. Ég fyrir mitt leyti tel þetta ekki neinn sérstakan gleðilegan jólaboðskap fyrir gamla fólkið.

Á skrifstofu Alþýðusambandsins hefur ekki verið spurt um annað meira, þó að það heyri ekki undir nein kjaramál þess fólks, sem starfar í verkalýðshreyfingunni, heldur en hvað ríkisstj. muni hyggjast fyrir gagnvart gamla fólkinu. Og ég verð að játa það, að ég hafði aldrei látið mér detta í hug, að það, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði gamla fólkinu, yrði neðan við meðaltal þeirra launabóta, sem embættismenn ríkisins hafa fengið frá 1. júlí s. l. Ég hafði aldrei látið mér detta það í hug, að hæstv. ríkisstj. ætlaði hinum verst settu í þjóðfélaginu annan og verri hlut en starfsmannaliði ríkisins og ríkisstofnana. En þetta frv. staðfestir þá skoðun mína, að þetta er einn liður í stefnu hæstv. ríkisstj., að hinir verst settu í þjóðfélaginu skuli fá minnstar kjarabætur, hinir bezt settu því betri sem þeir hafa betri kjör fyrir. Þetta er þeirra jafnaðarstefna. Ég játa það, að ég varð ekki fyrir neinum vonbrigðum með þetta. Ég vissi, að þetta var stefna hæstv. ríkisstj., og ég hef ekki fengið neinar bendingar um það, að henni verði breytt að sinni, hvorki um þetta atriði né önnur.

Þetta frv. er við það sniðið, að verkafólk hafi fengið 5% kjarabót frá og með ársbyrjun og 7½% kjarabót frá miðju ári, og þetta skal nú verða jólagjöf gamla fólksins, þó ekki þannig, að það fái 5% frá ársbyrjun, heldur 15% frá miðju ári. Það kann að vera, að þetta sé alveg nákvæmlega útreiknað, að það sé hið sama, en það er a. m. k. víst, að þarna er gamla fólkinu ætlað að fá það, sem hinir verst settu í þjóðfélaginu hafa minnst fengið fram að þessu, og í þann flokk skal því skipað. Um það er ekkert að deila. Hins vegar er það alkunnugt, að hinir hæst launuðu í þjóðfélaginu hafa með hlutlausum dómi fengið sér tildæmda 80—90 og í einstökum tilfellum kannske 100% launahækkun, þeir í opinberri þjónustu, sem minnst hafa fengið, um 20% frá 1. júlí, verkafólk 5% í ársbyrjun og 7½% í júnímánuði, og nú er hinu gamla fólki ákveðið að fá 15% frá miðju ári, frá 1. júlí.

Ég tel, að frv. til l. um kjarabætur til handa gamla fólkinu komi vonum seinna. Ég hafði vonazt eftir, að það hefði komið með fyrstu þingmálum í byrjun þessa þings og að kjarabæturnar til gamla fólksins hefðu varla orðið neðan við meðaltal þess, sem fólkið í opinberri þjónustu hefur þegar fengið. Það verður helzta úrræði talsmanns ríkisstj., hæstv. félmrh., til

þess að gera dálítið mikið úr þessari jólagjöf til gamla fólksins, að nefna milljónir, nefna, hvað samanlagt kosti að framkvæma þetta frv., — það kosti hvorki meira né minna en 90.8 millj., að þeir slysatryggðu fái þarna um 3.5 millj. kr., að þeir sjúkratryggðu fái 2.3 millj. kr. og þar af kosti það ríkissjóð 1 millj. kr., þetta síðast nefnda. En það er ekki hægt að nefna milljónir, nefna háar tölur, nefna neitt til þess að miklast af, nema með því að telja fram heildartölur hinna smáu íslenzku króna. En fyrir gamla manninn eða gömlu konuna er þetta 15% 1500 kr. eða eitthvað svoleiðis á mánuði, og þá eru tölurnar orðnar undrasmáar og kaupmátturinn enn þá minni.

Þm. Alþb. í hv. Ed. hafa borið fram frv. til breyt. á l. um almannatryggingar, gerðu það í upphafi þings. Það frv. er ekki mikið lesmál, það er aðeins 2 greinar. Fyrri gr. er um það, að allar bótafjárhæðir laganna skuli að viðbættri hækkun, sem nemur 40%, teljast grunnupphæðir og breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar í okt. 1963. Við höfum áður oft og mörgum sinnum klifað á því, að það sé óforsvaranlegt að ákveða þessar lágu upphæðir bóta til gamla fólksins og annarra bótaþega samkv. almannatryggingalögum öðruvísi en að gera jafnframt ráðstafanir til, að þær lágu bótaupphæðir fylgi verðlagi, þannig að þær rýrni ekki að verðgildi, þessar lágu upphæðir, við vaxandi dýrtíð, og höfum því áður lagt til, að þessar bætur a. m. k. breyttust til hækkunar með hækkandi verðlagi, þ. e. a. s. með vísitöluálagi. En það hefur sífellt verið fellt, og þó þreifum við alltaf á því mánuð eftir mánuð og frá ári til árs, að einmitt gamla fólkið verður hart úti, af því að það fær ekki hækkaðar sínar lágu upphæðir, mánaðarlegu greiðslur frá tryggingunum, í hlutfalli við vöxt dýrtíðar, en það ætti að takast út fyrir sviga, það ætti algerlega að takast eitt sér. Þó að menn fáist nú ekki til þess að bæta launakjör hinna lægst launuðu í landinu, sem þjóna framleiðsluatvinnuvegunum, með vísitöluálagi, ætti þó gamla fólkið að njóta þeirrar náðar og þess réttlætis. Nei, það hefur ekki fengizt. Þessi till. er enn frammi fyrir hv. Alþ., og hún verður vitanlega af Alþb. borin fram sem brtt. við þetta frv., því þó að menn hafi ekki fram að þessu viljað byrgja brunninn, þá má vera, að menn sjái það um síðir, að allt annað er óforsvaranlegt en verðtryggja þó hinar lægstu upphæðir til hinna verst settu í þjóðfélaginu með vísitölubótum.

Hin grein frv., sem þm. Alþb. í Ed. hafa borið fram, er þess efnis, að á tímabilinu 1. júlí til ársloka 1963 skuli allar bótafjárhæðir almannatrygginganna greiddar með viðbót, sem nemi 40%. Þessi grein er við það miðuð, að bótaþegum almannatrygginga verði tryggðar bótagreiðslur með þeirri viðbót, sem nálgast meðaltal þeirra launabóta, sem starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana hafa fengið þegar með uppkveðnum dómi hlutlausra dómenda undir hæstv. ríkisstj. frá 1. júlí s. l. Og telji nokkur vera vafasamt, hvort rétt sé að innleiða vísitölugreiðslur vegna framtíðarinnar á bótagreiðslur almannatrygginga, hygg ég, að þeir verði þó færri, væntanlega engir, sem neiti því, að það sé réttmætt, úr því að það hefur verið talið nauðsyn til hinna betur settu í þjóðfélaginu að ákveða þeim launabót 20—90%, og meðaltalið er talið, eins og kunnugt er, 40—45%, þá verði hinum verst settu í þjóðfélaginu einmitt tryggð sú kjarabót, 40—45%. Það er sjálfgefið, að við munum, þm. Alþb. hér í þessari hv. þd., bera fram till. til breyt. á þessu frv. um það, að greiðslur til gamla fólksins fyrir jólin, jólagjöfin til þeirra verði ekki 15%, heldur 40%, og vil ég vænta þess, að hv. n., sem fær þetta mál nú til meðferðar, hafi það í huga, að hér er von á till. um þetta í sambandi við þetta frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég tel það nú sjálfsagt að verða við þeim tilmælum hæstv. ráðh., að greitt sé fyrir gangi þessa máls í gegnum þingið, en þó finnst mér rétt að segja nokkur orð við 1. umr. málsins. Ég vil fyrst vekja athygli á því, að á s. l. vori, eða hinn 18. apríl s. l., voru afgreidd lög frá Alþingi um almannatryggingar. Hafði farið fram heildarendurskoðun þessara laga og ný löggjöf var því afgreidd á s. l. vori. Þó að það sé nú ekki langt, eða nokkrir mánuðir, síðan þessi lög voru afgreidd frá Alþ., hefur orðið slík framvinda á efnahagsmálum í landinu, að dýrtíð hefur stórlega aukizt á þessum tíma og það svo mikið, að bætur, sem eru ætlaðar styrkþegum almannatrygginganna í því frv., sem hér er til umr., nægja hvergi til að mæta þeirri auknu dýrtíð, sem hefur átt sér stað á þessum tíma. Á þessum tíma síðan 1. apríl s. l. hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 12 stig, samkv. því á dýrtíðin að hafa aukizt um 12%, og það kann einhver að segja, að þar sem dýrtíðin samkv. framfærsluvísitölu hafi ekki aukizt nema um 12% á þessum tíma, séu það fullkomnar bætur hjá styrkþegunum að fá 15% hækkun. En dæmið lítur alls ekki þannig út, vegna þess að styrkirnir nema ekki nema takmörkuðum hluta af framfærslukostnaðinum. Hjá gamla fólkinu mun láta nærri, að styrkirnir nemi eitthvað 40% af framfærslukostnaðinum, og það er á þessi 40%, sem það fær 15% hækkun, en svo enga hækkun á hin 60%. Ef það ætti þess vegna að fá fullkomlega bætta þá dýrtíðaraukningu, sem orðið hefur á þessum tíma, þyrfti miklu meiri hækkun á almannabótunum en hér er gert ráð fyrir, vegna þess að hér er aðeins um að ræða að bæta upp 40% framfærslukostnaðarins hjá gamla fólkinu, en 60% eru ekki bætt að neinu.

Ég vil benda á það sem dæmi til frekari sönnunar um þetta, að síðan 1. apríl í vor hefur dvalarkostnaður á sjúkradeild elliheimilisins Grundar hér í bænum hækkað um 6650 kr., á þessum mánuðum um rúmar 6 þús. kr., þ. e. a. s. miðað við dvalarkostnað á ári. En mér

sýnist, að samkv. þessu frv. verði hækkunin, sem gamla fólkið fær, ekki nema tæp 3 þús. kr., þannig að þeir, sem eru á sjúkradeild elliheimilisins, fá ekki nema tæpan helminginn bættan af þeirri aukningu dvalarkostnaðarins, sem þar hefur orðið á þessum tíma. Þetta sýnir það, að ef ætti að bæta styrkþegum upp fullkomlega þá dýrtíðaraukningu, sem hefur orðið síðan lögin um almannatryggingar voru afgreidd frá Alþ. á s. l. vori, þyrfti hækkun bótanna að vera miklu meiri en gert er ráð fyrir í því stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir. Menn fá tæplega helminginn bættan á dýrtíðaraukningunni samkv. því. Þess vegna vil ég taka undir það, sem hv. seinasti ræðumaður sagði hér áðan, að það er engin sérstök ástæða til þess fyrir ríkisstj. að vera að auglýsa þetta frv. sitt eins og eitthvert sérstakt örlæti og tala með miklum mikilmennskubrag um það, að hér sé verið að gefa gamla fólkinu jólagjöf, þar sem það fær raunverulega ekki aftur nema tæpan helminginn af því, sem búið er að taka af því á undanförnum mánuðum með þeirri dýrtíðaraukningu, sem leitt hefur af stefnu hæstv. ríkisstj.

Það hefur annars heyrzt oft af hálfu stjórnarflokkanna, bæði hér á Alþ. og víðar, að eitt það bezta, sem ríkisstj. hafi gert, hafi verið aukning almannatrygginganna. Mér finnst ekki úr vegi í sambandi við þetta mál að athuga þetta örlítið. Og þá kemur það fyrst í huga: Hvernig er það, sem á að mæla aukningu almannatrygginganna? Hver er rétti mælikvarðinn í þeim efnum? Ég mundi segja, að það væri bezt að finna út, hvað almannatryggingarnar væru, hvort þær færu vaxandi eða minnkandi, hver hluti styrkirnir eru af framfærslukostnaðinum, t. d. hve stór hluti ellilaunin eru af framfærslukostnaði gamla fólksins á hverjum tíma. Og ég hef gert nokkra athugun á því, hvernig þetta kemur út.

Árið 1955 voru ellilaun einstaklings 9955 kr., eða tæpar 10 þús. kr. Þá var ársdvalarkostnaðurinn á ári á hinni almennu deild elliheimilisins Grundar 21900 kr., eða samkv. því námu ellilaunin um 45% af dvalarkostnaðinum á hinni almennu deild elliheimilisins, 45% eða í kringum það. Aftur á móti var dvalarkostnaður þá á sjúkradeild elliheimilisins um 25500 kr., og það svarar til þess, að ellilaunin hafi þá numið um 39% af dvalarkostnaðinum á þessari deild. Sem sagt, á þessum tíma, eða haustið 1958, námu ellilaunin, ellilaun einstaklings, 45% af dvalarkostnaði á almennri deild á elliheimilinu og 39% af dvalarkostnaði á sjúkradeild. Þessar tölur líta hins vegar þannig út í dag, að nú eru ellilaunin orðin 18240 kr., svo að hér er vissulega um verulega hækkun á þeim að ræða. (Gripið fram í.) Ellilaunin nú hjá einstaklingi munu vera um 18240 kr., svo að það er alveg rétt, að hér hefur tölulega átt sér stað veruleg hækkun frá 1958. En þegar við berum þetta svo saman við dvalarkostnaðinn eins og hann er í dag, verður niðurstaðan önnur. Í dag er dvalarkostnaðurinn á sjúkradeild elliheimilisins 54 þús. kr. á ári og 46800 kr. á hinni almennu deild. Þetta svarar til þess, að í dag séu ellilaunin ekki nema 39% af framfærslukostnaðinum eða dvalarkostnaðinum á almennu deildinni og um 34% á sjúkradeildinni. Niðurstaðan er þá í stuttu máli sú, að 1958 námu ellilaunin á sjúkradeildinni 39%, en nema nú ekki nema 34%, þannig að hlutur styrkþegans hefur þarna versnað um 5% af dvalarkostnaðinum. Á almennu deildinni lítur þetta hins vegar þannig út, að 1958 námu ellilaunin 45% af dvalarkostnaðinum, en ekki nema 39% í dag, svo að þarna hefur enn þá meiri lækkun átt sér stað.

Ég hygg, að þetta dæmi sýni það fullkomlega, sem ég hef hér nefnt, að almannatryggingarnar hafa raunverulega farið minnkandi á þessum tíma, en ekki vaxandi, ef miðað er við framfærslukostnaðinn á hverjum tíma, sem sagt, þær eru raunverulega minni í dag en þær voru 1958, ef miðað er við framfærslukostnaðinn nú og þá og hluta ellilaunanna af honum. Þegar þessar staðreyndir eru athugaðar, held ég, að ríkisstj. ætti að fara að draga nokkuð úr þeim áróðri, sem hún hefur haft uppi um það, að almannatryggingarnar hafi aukizt stórlega í tíð núv. stjórnar, því að ef réttur samanburður er gerður í þessum efnum, þ. e. a. s. fundinn út hluti tryggingganna í framfærslukostnaðinum, kemur í ljós, að hér er um rýrnun, en ekki aukningu að ræða á tryggingunum.

Mér fannst rétt að láta þetta koma hér fram í sambandi við þetta mál í tilefni af þessum stöðuga áróðri hv. stjórnarflokka, að þeir hafi verið að auka tryggingarnar. Það er að vísu rétt, að þeir hafa aukið tryggingarnar hvað krónutölu snertir, eins og allt hefur líka farið hækkandi í þessu landi hvað krónutöluna snertir, en þegar miðað er við raunverulegt verðgildi, kemur annað í ljós, eins og ég hef nú rakið.

Mér finnst rétt að minna á það í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að það gerir ráð fyrir verulegri hækkun tryggingariðgjaldanna, sem almenningur greiðir. Ég held, að það sé rétt hjá mér, að í grg. frv. er gert ráð fyrir, að iðgjöldin hækki um 30 millj. kr. Hér er um hækkun að ræða, sem kemur á allan almenning í landinu og jafnt þá, sem eru láglaunaðir og hálaunaðir, og ég vil benda á þetta vegna þess, að ég tel sjálfsagt, að nú í sambandi við þá samninga um kaupgjaldsmálin, sem yfir standa, verði tekið tillit til þessarar hækkunar á iðgjöldunum, sem gerir það nauðsynlegt, að láglaunafólkið fái nokkru hærri bætur en ella. Ég þori ekki að segja það ákveðið, hvað mikilli hækkun þessi iðgjöld kunna að nema miðað við kaupgjaldið, en einhvers staðar mun það þó alltaf vera frá ½—1% af kaupgjaldi Dagsbrúnarmanns.

Ég var að rekja það hér áðan, þegar hæstv. ráðh. gekk í burtu, hvernig þessar auknu tryggingar, sem ríkisstj. hefur verið að hæla sér af,

hafa farið í gin dýrtíðarinnar og raunar miklu meira en það. Og það er ein af mörgum hinum hörmulegu sönnunum þess, hve dýrtíðin hefur leikið almenning í landinu grálega. Það, sem hefur að sjálfsögðu valdið dýrtíðinni fyrst og fremst, er sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið uppi í efnahagsmálunum. Afleiðing hennar er m. a. sú, að þrátt fyrir það að tryggingarnar hafi hvað eftir annað verið hækkaðar í krónutölu, eru þær minni hluti af framfærslukostnaði manna í landinu eða styrþeganna en þær voru t. d. 1958. Þess vegna held ég, að það sé mál til komið, að hæstv. ríkisstj. færi nú að athuga leiðir til þess að draga úr þessari dýrtíð, sem stefna hennar hefur valdið, það sé fullkomlega kominn tími til þess, að hún fari að athuga leiðir í þessu sambandi. Hæstv. menntmrh. var að vísu að benda á eina leið hér fyrir nokkrum dögum í sambandi við annað mál. Hann var að tala um, að bændastéttin hefði fengið um 240 millj. kr. meira en henni hefði borið í samanburði við stéttarbræður hennar erlendis. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál hér eða rekja það, hve óréttmætar þessar tölur eru, vegna þess að það verður gert við annað tækifæri, en læt aðeins nægja að segja, að þessar tölur hæstv. menntmrh. voru fullkomlega rangar og alveg furðulegt, að maður í hans stöðu skuli bera annað eins á borð hér á Alþingi. En um það ætla ég ekki að ræða frekar að sinni, vegna þess að það verður gert ýtarlega seinna.

En mér finnst rétt, fyrst dýrtíðarmálið ber hér á góma, að benda hæstv. ríkisstj. á annan miklu stærri lið, sem hægt er að spara, en þessar ímynduðu 240 millj., sem menntmrh. var að tala um. Þeir ríkisreikningar, sem alþm. hafa nýlega fengið, bera það með sér, að á seinasta ári hafa tollar og söluskattar verið svo háir, að ríkið hefur fengið í tekjur um 300 millj. kr. meira en Alþingi taldi þörf vera fyrir og áætlaði í fjárl. Á þessu ári verða umframtekjur ríkisins enn þá meiri en þetta, jafnvel svo að skiptir hundruðum millj. kr. meiri. Og það er alveg ljóst mál, að að óbreyttum söluskattsstigum og tollstigum munu umframtekjur ríkisins á næsta ári verða enn þá meiri en þetta, eða miðað við fjárl., eins og þau eru í dag, og þrátt fyrir það að reiknað sé með launahækkunum hjá opinberum starfsmönnum og þeirri lækkun á tekjuskatti, sem boðuð hefur verið. Þetta liggur í því, að þar sem kaupgjald og verðlag hefur stórhækkað í landinu á þessu ári, mun velta þjóðarbúsins að sjálfsögðu stóraukast og ríkissjóður að óbreyttum toll- og söluskattsstigum þar af leiðandi fá miklu meiri tekjur á næsta ári bara af sjálfu sér, auk þess sem við eigum að væntа þess, vegna þess að skipastóllinn hefur farið vaxandi á þessu ári og verðlag hefur farið hækkandi á mörgum útflutningsvörum, að útflutningur verði mun meiri á næsta ári en hann var á þessu ári, og það hefur sín áhrif á það, að veltan eykst og þar með tekjur ríkissjóðs. Þess vegna er það fyrirsjáanlegt, að þessar stórfelldu umframtekjur ríkisins munu halda áfram á næsta ári, nema veruleg tolla- og söluskattslækkun eigi sér stað. Enda má benda á það í þessu sambandi, að þessir toll- og skattstigar eru orðnir til með nokkuð óvenjulegum hætti, því að þegar ráðizt var í þær gengislækkanir, sem hér hafa verið gerðar á undanförnum árum, þótti sjálfsagt að lækka álagningarstiga hjá verzlunum, vegna þess að sá grundvöllur, sem álagningin var lögð á, hækkaði mjög verulega. En það var einn aðili, sem gerði þetta ekki hjá sér, heldur lét alla gömlu álagninguna haldast, þrátt fyrir það að grundvöllurinn gerbreyttist, sem lagt var á, og það var ríkissjóður eða ríkisstj. með því að láta ekki aðeins gömlu tollstigana haldast að mestu leyti, heldur bætti við mörgum nýjum tollum, eins og innflutningssöluskattinum, sem síðan var innlimaður í tollskrána, og svo söluskatti í smásölu, í staðinn fyrir það, að það var talið eðlilegt, að verzlanir lækkuðu álagningu sína. Þegar grundvöllurinn hækkaði, sem lagt var á, þá hélt ríkissjóður allri sinni álagningu óbreyttri og eykur hana þvert á móti á mörgum sviðum til viðbótar. Þetta gerir það hins vegar mögulegt, að ef ríkisstj. hefði vilja til þess að draga eitthvað úr dýrtíðinni í landinu, getur hún nú lækkað stórlega bæði tollstiga og söluskattsstiga, og það mundi leiða til þess, að dýrtíðin færi minnkandi í landinu og sú aukning á almannatryggingum, sem hér er gert ráð fyrir, eða sérstaklega ef hún fengist hækkuð í meðferð þingsins, færi ekki að öllu leyti í gin dýrtíðarinnar, heldur kæmi mönnum að raunverulegum notum.

Þess vegna vildi ég nota þetta tækifæri alveg sérstaklega, þar sem hér hefur verið sýnt fram á, hve hlálega dýrtíðarstefna stjórnarinnar hefur farið með almannatryggingarnar, að þær hafa raunverulega minnkað þrátt fyrir allar þær hækkanir í krónutölu, sem hafa átt sér stað, að þá taki nú ríkisstj. upp breytta stefnu og spyrni við fótum og fari að vinna að lækkunum á dýrtíðinni í stað þess að halda áfram að auka hana, eins og hún hefur gert til þessa. Og það er því frekar ástæða til að benda hæstv. ríkisstj. á þetta, vegna þess að hún hefur stórkostlega möguleika til lækkunar á dýrtíðinni með því að lækka þá drápstolla og drápssöluskatta, sem nú eru lagðir á þjóðina.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er á vissan hátt mjög ánægjulegt að heyra ræður þeirra hv. 5 þm. Reykv. (ÞÞ) og hv. 5. þm. Vestf. (HV) um áhuga þeirra á hækkun bóta til hins aldraða fólks, og þeir eiga ekki nógu sterk orð til þess að útmála það, hve illa hefur verið farið með þetta fólk og þörf væri á að gera miklu, miklu betur.

Mér verður þá fyrst fyrir að hugsa: Hvernig var þessi mikli áhugi þessara tveggja manna og tveggja flokka, þegar þeir sjálfir áttu aðild að ríkisstj.? Voru þeir með till. um hækkun á tryggingabótunum? Báru þeir fram breytingar á tryggingalögunum? Eða yfirleitt, hvað gerðu þeir til þess að hjálpa til í þá átt, sem

þeir nú eru svo fúsir að gera? Það er óneitanlega, að mér finnst, svolítill mismunur á áhuga þeirra nú eða á áhuga þeirra þá, mismunur á áhuga þeirra í stjórnarandstöðu eða þegar þeir eru aðilar að stjórn og eiga virkilega að framkvæma hlutina. Ég var ekki kunnugur í vinstri stjórninni, en mér var tjáð, að eftir því hafi verið gengið hjá báðum þessum flokkum að lagfæra tryggingalögin, en það hafi ekki fengizt fram. (**Gripið fram í:** Þórarinn var ekki kominn á þing þá.) Nei, að vísu ekki, en það hafa verið aðrir framsóknarmenn á þingi, sem sjálfsagt hafa verið sömu skoðunar og hann er nú, geri ég ráð fyrir, a. m. k. í stjórnarandstöðunni. En það er sem sagt dálítið annað að vera í stjórnaraðstöðu en að vera í stjórnarandstöðu.

Eitt vil ég líka benda á, þegar hv. 5. þm. Vestf. er að tala um það, hvað við gerum mikið fyrir hálaunafólkið nú í ríkisstj., en viljum, eins og hann sagði, hafa einn liðinn í okkar stefnu þann, að þeir, sem verst eru settir, fái sem minnstar kjarabætur. Þetta eru furðuleg orð úr hans munni, verð ég að segja, því að engan hef ég heyrt hér á Alþ. halda fram málefnum hæst launuðu þegna þjóðfélagsins eins og þennan mann. Hann hefur gengið í forsvar fyrir flugmenn, hann hefur gengið í forsvar fyrir verkfræðinga, hann hefur gengið í forsvar fyrir lækna, allt saman tekjumestu menn þjóðarinnar, og kemur svo á eftir með sakleysissvip og segir: Nei, ég er bara að hugsa um þá lægst launuðu.

Kannske mætti á það benda, að ríkisstj. hefur uppi nú tilburði til þess að bæta lægst launuðu þegnum þjóðfélagsins nokkuð sinn hlut í kjarabaráttunni og í þeirri deilu, sem þeir nú eiga í. En mér virðist á öllu sem nú eigi að standa þar svo að málum, að það eigi að verða örðugt fyrir láglaunamennina og lægst launuðu þegna þjóðfélagsins að koma sínum málum fram. En það kemur í ljós síðar, og hlutur hv. 5. þm. Vestf. þar og afstaða hans þar verður að sjálfsögðu athuguð. Hann segir, að þeir hafi klifað á því frá mánuði til mánaðar og frá ári til árs að fá hækkaðar bæturnar handa þeim gömlu og þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Af hverju hömruðu þeir ekki á því í vinstri stjórninni? Og þó að hv. 5. þm. Vestf. væri að vísu ekki félmrh. að öllu leyti, var hann það þó að nokkru leyti. Þó að tryggingarnar heyrðu ekki undir hans ráðuneyti, bar honum sem félmrh. að öðru leyti skylda til þess að hugsa þar fyrir og koma fram þeim breytingum, sem hann taldi til bóta. En það fór lítið fyrir því, að þessi hv. þm. bæri fram nokkrar till. í þá átt. En nú er hægt að gera það, því að nú er hann ábyrgðarlaus og í stjórnarandstöðu.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að tryggingastarfseminni í landinu, að mér skildist á honum, hefði stórhrakað á undanförnum árum, og hann vildi rökstyðja það með því, að dvalarkostnaður á elliheimili hefði verið hlutfallslega lægri þá miðað við ellilaunaupphæðina en hann er í dag. Hann sagði, að dvalarkostnaðurinn hefði verið þá þannig, að ellilaunin nægðu fyrir 45% af kostnaðinum, í dag nægðu þau ekki nema fyrir 39% af honum. Og þó, og það er það merkilega, hefur dvalarkostnaðurinn á elliheimilinu, sem hann nefndi, ekki hækkað nema um tæp 100% frá 1955, eftir því sem hann upplýsti. Ég ætla, að ég hafi tekið rétt eftir því, ég þekki ekki þessar tölur, en ég ætla, að ég hafi tekið rétt eftir því, að hann segði, að 1955 hefði dvalarkostnaðurinn verið 9955 kr., en 1963 18250 kr. Er þetta ekki rétt? (Gripið fram í.) Dvalarkostnaðurinn hefði verið 21900 og 1963 46800, er það ekki rétt? Þá hefur dvalarkostnaðurinn aðeins meir en tvöfaldazt á þessu 8 ára tímabili. Ég þekki ekki þessar tölur, og ég skal ekki þræta við hann á þessu stigi, en ég vil trúa þeim mjög varlega. Og það kemur til af því, að kostnaður ríkissjóðs við almannatryggingarnar 1955 var 79 millj. kr., en kostnaður ríkissjóðs er í dag um 600 millj. kr., þ. e. a. s. kostnaðurinn við tryggingastarfsemina í landinu hefur á þessu tímabili um það bil sjöfaldazt eða milli sjö- og áttfaldazt, en kostnaðurinn á elliheimilinu hefur ekki hækkað nema um rúmlega 100%. Eins og ég segi, ég skal nú athuga þessar tölur, sem hv. þm. nefndi, og koma að þeim við síðari umr. þessa máls, því að ég hef ekki við höndina þær upplýsingar, sem þarf til þess í dag að gera mér grein fyrir þeim. En varlega vil ég trúa því, að almannatryggingarnar séu ófullkomnari og bótaþegunum óhagstæðari í dag en þær voru 1955. Það er fullyrðing, sem ég held að hv. þm. geti ekki staðið við.

Hann vék síðan að dýrtíðaraukningunni og söng sama sönginn, sem framsóknarmenn hafa sungið um langa hríð, að það væri ríkisstj., sem stæði fyrir öllu því illa í þeim efnum. En ég held nú, að það hafi komið ýmislegt fleira til, sem verði að taka tillit til, ef út í þau mál er nákvæmlega farið. En þar sem það heyrir ekki þessu efni beint til, skal ég láta það alveg liggja.

Eins og ég sagði í framsöguræðu minni fyrir þessu frv., væri vitaskuld æskilegt að geta haft tryggingabæturnar hærri. En þó ætla ég, að með þessum hækkunum, sem nú er farið fram á, að lögfestar verði, sé gengið verulega til móts við bótaþegana til hækkunar, til samanburðar við þá, sem alltaf hefur verið miðað við. Það hefur ekki verið miðað við hátekjumenn í þessu landi, þegar bótaþegunum hafa verið ætlaðar bætur. Það hefur ekki verið miðað við flugmenn, það hefur ekki verið miðað við lækna og það hefur ekki verið miðað við verkfræðinga, sem hv. 5. þm. Vestf. hefur gerzt málsvari fyrir hér á Alþingi. Það hefur verið miðað við venjuleg laun í landinu, og við það er enn miðað. Það er miðað við þá almennu hækkun, sem orðið hefur á launum í landinu, sem varð í upphafi ársins 5%, eins og sagt hefur verið, og síðar á árinu 7½%, eða samtals um 12½%, sem hefur svo verið hækkað í frv. upp í 15%. Og enn vil ég undirstrika það, sem ég líka sagði áður, að það var ætlazt

til þess, að ef hækkun hefði komið til viðbótar nú um þetta leyti, hefði hún einnig verið tekin inn í þetta frv. og bæturnar hækkaðar sem því svaraði. En tímans vegna var ekki hægt að bíða eftir því. En ég hét því jafnframt, að sú breyting, sem verða kynni til hækkunar, yrði tekin til greina síðar og bótaþegum almannatrygginganna bætt upp hliðstætt því, sem um kann þar að semjast.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. er gæddur þeim íslenzka eiginleika í ríkum mæli að vera þrár eins og sauðkindin, og ég skal ekkert lá honum það, þetta er svo almennt um Íslendinga, við erum þráir. Hann heldur fast við það, að þetta sé afbragðs jólagjöf til gamla fólksins, og hann um það.

Það hefur verið vikið nokkuð að ágæti þessa frv. af öðrum ræðumanni en mér, og miðað við þær umbætur, sem orðið hafa á tryggingalöggjöfinni, og svo hins vegar, hvernig þessar umbætur hafa runnið út í dýrtíðarsand hæstv. ríkisstj., og ég skal einnig víkja nokkuð að þessu. Það er hægt að sýna fram á það, að kjararýrnun tryggingabótanna verður nokkuð ráðin á samanburði einmitt slíkra talna. Síðan í marz 1960 hafa ellilífeyrir og örorkulífeyrir hækkað um 27%, barnalífeyrir og mæðralaun hafa hækkað um 18% og fjölskyldubætur hafa hækkað um 15% síðan 1960. Á sama tíma hefur matvara hækkað um hvað haldið þið? Um 27% eða 17% eða 18%? Nei, um 75%. **(Gripið fram í:** 78 núna.) 78 núna. Já, þetta 75% er samkv. vísitölu framfærslukostnaðar í október s. l., 78 núna. Fatnaður hefur hækkað um 46% síðan og hiti og rafmagn um 37%. Heildarvísitalan hefur hækkað um 54% þrátt fyrir óeðlilega lágt reiknaðan húsnæðiskostnað, sem allir eru sammála um að sé gersamlega út úr öllu raunverulegu samhengi í vísitölunni. En sem sé, örorkulífeyrir og ellilífeyrir hækka um 27%, og nú á þetta að hækka um 15%, og þá er spurt á forsíðum stjórnarblaðanna: Hvað fær gamla fólkið fyrir jólin? Það er sem sé stórkostlegt hnoss, stórkostleg jólagjöf, og hún er 15%, 1800 kr. á mánuði, sem það á að lifa af, og það þýðir, að það á að geta komizt eitthvað yfir 2000 kr. á mánuði. Það er ekki hægt að guma af umbótum á tryggingalöggjöfinni bara með því að nefna tölur, tölur um það, hvernig bótaupphæðirnar hafa hækkað. Það verður að nefna tölurnar líka um það, hvernig dýrtíðin hefur geisað áfram, og það verð ég að játa, að hæstv. félmrh. Emil Jónsson skortir einurð og þrjózku til þess að nefna þær tölur, það er honum til lofs.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ánægjulegt að heyra í mér og hv. 5. þm. Reykv., þegar við ræddum um þessi mál, og vildi vitna til fortíðar okkar, þ. e. a. s. hans afstöðu áður og minnar afstöðu áður, og þá var nú strax tekið fram í fyrir hæstv. ráðh. og bent á, að hv. 5. þm. Reykv. hefði ekki verið á þingi og væri ekki hægt að vitna til hans persónulegu afstöðu á þeim tíma, þegar ráðh. vitnaði til. En hvað er þá um mína afstöðu fyrr? Hæstv. ráðh. átti við, að það hefði sungið annað í mér um þessi mál, þegar ég tók þátt í ríkisstj., þegar ég var félmrh. í vinstri stjórninni. Hvernig var áhuginn þá? spurði hann. Báru þeir fram till.? Ég kemst ekki hjá því að vitna til þeirrar óskammfeilni, sem hæstv. félmrh. hefur oftar en einu sinni gert sig sekan um og það seinast núna í vantraustsumr. um ríkisstj., þegar hann hélt því fram blákalt, að aldrei hefði verið minni áhugi á umbótum í tryggingamálum en á dögum vinstri stjórnarinnar og þess vegna væru allar sakir af þeim ástæðum færðar á minn reikning. Það gerði hann hlustendum fyllilega ljóst. **(EmJ:** Hélt ég því fram?) Já, hæstv. félmrh. Emil Jónsson hélt því fram, að það hefði aldrei verið minni áhugi sýndur til umbóta í tryggingalöggjöfinni en á dögum vinstri stjórnarinnar, og þetta skyldi hitta mig, það var alveg greinilegt. En það verður aldrei nógu oft fram tekið, þegar svona óskammfeilni er beitt, að það var flokksbróðir hæstv. núv. félmrh., Emils Jónssonar, Guðmundur Í. Guðmundsson heitir hann, núv. utanrrh., sem þá var félmrh. að því er snerti tryggingamálin. Það var tilskilið af hendi Alþfl., þegar vinstri stjórnin var mynduð, að Alþfl., svo sem ávallt, þegar stjórnarmyndanir hafa gerzt með hans þátttöku, hefði tryggingamálin. Sé það þess vegna sannleikur hjá hæstv. núv. félmrh., Emil Jónssyni, að aldrei hafi gætt minni áhuga til umbóta á tryggingamálum en á dögum vinstri stjórnarinnar, þá er það sök Alþfl., mannsins, sem þá fór með tryggingamálin í vinstri stjórninni, Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem ég veit ekki annað en hafi þá verið og sé enn góður og gildur Alþfl.-maður.

Þegar þess vegna hæstv. félmrh. segir: Hvers vegna bar ekki Hannibal Valdimarsson fram brtt. um tryggingalögin, þegar þau mál heyrðu undir annan ráðh. í sömu ríkisstj.? — þá er enn þá bætt kúf ofan á óskammfeilnina, það verð ég að segja. Ég mundi spyrja: Mundi hæstv. núv. félmrh. telja það góða mannasiði í núv. ríkisstj., að hann fullur af áhuga fyrir umbótum í dómsmálum t. d. bæri fram brtt. í dómsmálum, sem heyra undir eða hafa heyrt fram á þennan dag undir Bjarna Benediktsson? Ég held, að hann hefði aldrei látið sér detta það í hug. Þeir menn, sem eru meðráðh. í ríkisstj. með öðrum, geta sízt af öllum mönnum borið fram brtt. tilheyrandi öðrum rn. Þetta veit hæstv. félmrh. vel og er þess vegna að saka mig um hluti, sem hann veit að ég á engar sakir á. Það heyrði ekki undir mig, og ég var allra manna sízt til þess fallinn að geta borið fram till. til breyt. á tryggingalöggjöfinni, þegar Guðmundur Í. Guðmundsson fór með þau mál í ríkisstj. með mér. Það, sem hæstv. núv. félmrh. finnst þess vegna hafa verið vangert í tryggingamálunum á dögum vinstri stjórnarinnar, á hann sem drengur góður að ásaka sinn flokksbróður fyrir, en ekki mig, sízt af öllu að gera það á opinberum vettvangi hvað eftir annað.

En hann hafði þennan formála, sem kunnur er: Mér hefur verið tjáð, að eftir því hafi verið

leitað í ríkisstj. að samþykkja brtt. til umbóta á tryggingalöggjöfinni á vinstristjórnarárunum, en það hafi strandað. Dettur nú nokkrum í hug, að Guðmundur Í. Guðmundsson hafi sem áhugamaður um umbætur á tryggingunum verið með á prjónunum brtt. til bóta, hreyft þeim í ríkisstj., fengið þar andbyr og hann hefði ekki sagt: Góðir bræður, þetta skal fara fyrir þingið? — Nei, svo hæverskur er Guðmundur Í. Guðmundsson ekki, þótt hæverskur sé. Hann hefði vissulega tranað fram sínum till. til breytinga á tryggingalöggjöfinni og gert þannig skjöld sinn hreinan, borið hann fram fyrir þingið og látið þá stranda á því, að þingið felldi þær till., en ekki látið okkur telja úr sér allan kjark innan ríkisstj. En ólyginn sagði mér, er líka alkunn setning, — mér hefur verið tjáð. Þetta eru alger ósannindi, að þáv. ráðh., Guðmundur Í. Guðmundsson, sem fór með tryggingamálin, hafi farið þess á leit innan vinstri stjórnarinnar, og þar skírskota ég til meðráðh. minna þá. Að hann hafi farið fram á það að fá umbætur á tryggingalöggjöfinni og mætt mótspyrnu í þáv. ríkisstj., ég mótmæli því sem ósönnu með öllu, og skal þá ekki koma til afsökunar neitt, að „mér hafi verið tjáð". Þá verður Guðmundur Í. Guðmundsson sjálfur að koma og bera vitnisburð um það og halda því fram, að hans umbótatill. á tryggingalöggjöfinni hafi strandað á andstöðu meðráðh. hans í vinstri stjórninni, og það skal hann gera, ef hann er maðurinn til og þorir.

Þá fór hæstv. núv. félmrh. inn á það að halda því fram, að ég hefði allra manna mest gengið í forsvar fyrir þá hæst launuðu í þjóðfélaginu, og nefndi til verkfræðinga, flugmenn og lækna. Þetta er vægast sagt að umgangast sannleikann með frjálslyndi, eða eins og alkunnur stjórnmálamaður sagði: Ég kæri mig ekki um að hafa það nákvæmara, — þegar hann sneri hlutum alveg við. Ég hef tekið þann þátt í umr. um launamál flugmanna og launamál verkfræðinga, að ég hef vítt hæstv. núv. ríkisstj. fyrir það að virða ekki félags- og samningarétt þessara stétta. Og það hefur verið eingöngu, þegar hún hefur gengið á félags- og samningarétt stéttarfélaga þessara manna, sem ég hef tekið til máls og andmælt þeim vinnubrögðum. Um launamál þeirra út af fyrir sig hef ég ekki rætt, tekið afstöðu til. Ég hef sagt, að þessar stéttir mundu sízt valda hættu, vera taldar sem fordæmi fyrir launahækkunum almennum frá hendi ófaglærðra verkamanna og verkakvenna, og ég held, að það sé sannleikur, sem flestir geta melt, nema kannske hæstv. ráðh. Ég hef talið, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi farið rangt að gagnvart stéttarfélagi verkfræðinga og gagnvart stéttarfélagi flugmanna á sínum tíma með því að banna verkföll, taka af þeim verkfallsréttinn og þar með í raun og veru gera samningsréttinn að engu. En þetta er ekkert nema sama tilræðið sem gert var að almennu verkalýðsfélögunum nú fyrir skemmstu, og virtist ekki sem hæstv. ríkisstj. tæki sér það neitt nærri, þó að þá ættu í hlut líka fagfélög hinna lægst launuðu. Og þá reis ég auðvitað upp öndverður á sama hátt og ég reis upp gegn jafnhelgum félagsrétti stéttarfélaga flugmanna og verkfræðinga. Þeir höfðu þann sama félagslega rétt, það átti að taka mál þeirra samningatökum og ekki löggjafartökum.

Og svo leyfði þessi hæstv. ráðh. sér að koma nú á þessari stundu með getsakir í minn garð um það, hvort ég mundi reynast trúr málstað láglaunastéttanna, sem nú eigi í kjaradeilum. Á það skal reynt, hvor trúrri reynist málstað láglaunastéttanna á Íslandi núna fyrir jólin, hæstv. ráðh. eða ég. Á það skal reynt.

Nei, um það verður ekki deilt, það hefur verið fylgt þeirri venju að breyta tryggingalöggjöfinni eftir því, sem kjarabreytingar hafa orðið í landinu. Hvernig hafa þær orðið? Þær hafa orðið venjulega á þann veg, að verkalýðsfélögin hafa brotið ísinn, þau hafa knúið fram smávægilegar launahækkanir, ávallt sem andsvar við vaxandi dýrtíð, sem risið hefur áður. Hvað hefur þá gerzt? Þá hefur það gerzt, venjulega nokkrum vikum eða mánuðum síðar, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð sér annað fært en að hækka laun starfsmanna ríkisins um nákvæmlega sömu hundraðstölu og verkalýðsfélögin hafa brotizt í gegn með og hækka kaup þeirra þannig alveg í fullu samræmi og látið gildistökutímann vera til þess dags, sem samningar voru undirritaðir við verkalýðshreyfinguna. Þannig hefur það gerzt að undanförnu, að opinberir starfsmenn og meðlimir verkalýðsfélaganna hafa jafnan fengið hina sömu launabót, sömu launahækkun að hundraðshluta, og hinir hærra launuðu í þjóðfélaginu þá auðvitað að krónutölu þeim mun meiri launahækkun. En á þessu ári gerðist annað. Á þessu ári gerðist það, að verkafólk hafði fengið 5% hækkun í ársbyrjun og 7½% hækkun í júnímánuði, og svo var það beðið að slíðra sverðin og bíða til haustnótta, og það var gert. En þá lauk störfum dómstóll, sem hæstv. ríkisstj. hafði sett á laggir og valið sína vildustu trúnaðarmenn til, þ. á m. einn af sínum aðalefnahagsmálasérfræðingum, Jóhannes Nordal, gert hann að dómara í launamálum starfsmanna ríkisins. Þessi dómstóll kvað upp sinn dóm 3. júlí 1963 um það, að hæst launuðu embættismenn ríkisins skyldu fá allt upp í 80% launahækkun og hinir lægst launuðu 20%. Meðaltalshækkun metin af Hagstofu Íslands 45%. Síðan fara á eftir starfsmenn Reykjavíkurborgar, fá með samningum fyllilega þessa upphæð, ívið meiri, fara á stað stéttarsamtök bankamanna, fá þessa launauppbót viðurkennda með samningum og heldur meira, einum mánuði frekar, sem reyndar hafði verið áður, starfsfólk annarra bæjarfélaga í kjölfarið með sams konar hækkanir, og þetta hefur allt saman gerzt, áður en núv. hæstv. ríkisstjórn ber fram frv. á Alþ. um sérstaklega náðarsamlega jólagjöf til handa gamla fólkinu. Þetta hefur ekki getað gleymzt neinum. Og hvað skyldi nú gert með tilliti til þess, sem

áður hafði gerzt? Gamla fólkið hefur alltaf fengið sömu hækkun og verkafólkið hefur fengið, segir hæstv. ráðh. Gamla fólkið hefur líka fengið alltaf sömu hækkun og opinberir starfsmenn hafa fengið, því að það hefur alltaf verið það sama að hundraðstölu og þar með meira í krónutölu til hinna hærra launuðu. Hvaða leið átti nú að fara? Það má segja, að hæstv. ríkisstj. hafi verið stödd eins og asninn í töðuflekknum, sem gat gripið niður til beggja handa og var í ráðaleysi að vísu. Átti nú að úthluta gamla fólkinu jólagjöf í samræmi við verkafólkið eða embættismannalýð ríkisins? Ríkisstj. hæstv. varð ekki í vanda. Auðvitað skyldi það vera eins og verkalýðurinn hafði fengið, en ekki embættismenn ríkisins. Þarna hafði verið greint á milli á þessum tíma, og nú var að velja á milli. Ég hefði talið hins vegar alveg einsætt val fyrir hæstv. ríkisstj. Kjaradómur, hlutlaus, hefur kveðið upp þann úrskurð, að opinberir starfsmenn skuli fá að meðaltali 45% launahækkun, við eigum síðan í nafni ríkisvaldsins og meirihlutaaðstöðu á Alþingi að ákveða gamla fólkinu launabætur nú í lok þessa árs, og hvað eigum við að gera? Við eigum auðvitað að láta það hafa meðaltal þeirra launahækkana, sem allur starfsmannalýður ríkisins, miklu betur settur, hefur fengið. Það er alveg óhugsandi, að þetta viðreisnarþjóðfélag okkar sé orðið svo aumt og vesalt, að það rísi ekki undir því að veita gamla fólkinu í landinu sams konar launabót og hlutlaus dómur hefur dæmt opinberum starfsmönnum ríkisins. Ég trúi ekki, að viðreisnargetuleysið sé orðið svo algert.

Það er því sannfæring mín, að þarna hafi verið farin öfug leið, það eigi ekki að miða kjarabætur gamla fólksins núna við þá vesælu bráðabirgðakjarabót, sem verkalýðsstéttin hefur þegar fengið, mál hennar eru nú í endurskoðun á ný í samráði við hæstv. ríkisstj., — heldur eigi gamla fólkið að fá hækkun á sínum bótatryggingum í samræmi við meðaltalsdómsúrskurð kjaradóms, 40—45%, og væri þó áreiðanlega gamla fólkið, þó að mánaðartekjur þess losuðu þá eitthvað um 2 þús. kr., ekki of sælt af.

Þetta er 1. umr. þessa máls, og ég sá enga ástæðu til þess að þegja við þeim aðdróttunum, ósanngjörnum aðdróttunum, sem hæstv. ráðh. beindi gegn mér, og þeim hef ég þess vegna svarað. Og ég hef enn fremur endurtekið það, að Alþb. telur allt annað ósæmilegt gagnvart gamla fólkinu nú fyrir jólin en að það fái a. m. k. 40% hækkun á tryggingabótum sínum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er alkunn staðreynd, að því hæpnari málstað sem menn hafa að verja, því háværari verða þeir og illyrtari, og mér fannst hvort tveggja sannast mjög vel á hv. 5. þm. Vestf. í þessari síðustu ræðu hans. Hann var mjög hávær og mjög skömmóttur, og það bendir hvort tveggja til þess, að mínu viti, að samvizkan hafi ekki verið í sem beztu lagi. Hann notaði stór orð eins og óskammfeilni og ósannindi og ýmislegt fleira þess háttar, en ég held, að það hafi verið hávaðinn, sem átti að breiða yfir það, að þessi orð hvor tveggja voru ekki sanngjörn. Hann kallaði það óskammfeilni af mér að minnast á, að hann hefði verið í ríkisstj., sem félmrh., meira að segja, að vísu án þess að fara með tryggingamálin, — ég veit það og hef alltaf vitað það, — en án þess í 2 ár a. m. k., svo að maður segi nú ekki meira, að hann iaði að því, að þessum lögum yrði breytt til batnaðar fyrir bótaþegana. Og mér hefur verið tjáð, — ég endurtek það aftur, og ég skal bæta við: af ráðh. Alþfl., sem voru í vinstri stjórninni 1956—1958, að þeir hafi oft orðað það, hvort ekki ætti út í þessar hækkanir eða breyt. til bóta að fara, en það hafði engan hljómgrunn fengið í ríkisstj., og a. m. k. er það víst, að engin till. kom frá henni í þessa átt, engin till. Ráðh. Alþfl. taldi ekki, að hann gæti borið fram þessar till., þegar ekki fékkst samstaða um það í ríkisstj. Þetta mun vera sannleikurinn í málinu. Ég var ekki í ríkisstj. þá og vissi ekki, hvað fram fór, en ég hef enga ástæðu til þess að efast um þetta. Ég er ekki að segja, að það hafi verið eðlilegt, og hef aldrei sagt, að það væri eðlilegt, að hv. þm. hefði á Alþ. haft frumkvæði að því, að þessar breyt. kæmu fram, en hann átti ekki a. m. k. að standa á móti því, að ríkisstj. eða sá maður í ríkisstj., sem fór með þessi mál, flytti þau. (**HV:** Það hef ég aldrei gert.) Ja, á það skal reynt.

Hv. þm. vildi líka segja, að hann hefði ekki stutt verkfræðinga, lækna og flugmenn í kröfum þeirra fyrir hækkuðum launum, en þeir eru, eins og kunnugt er, einir hæst launuðu menn í landinu. En hann sagði ekki nema hálfan sannleikann. Hann sagðist aðeins hafa verið á móti því hér á Alþ., að kjör þeirra yrðu afgreidd með gerðardómi, og hvað læknana snerti með brbl., því að í þeirri umr. man ég eftir, að hv. ræðumaður tók þátt, því að ég flutti þau lög, og hann vitti það ákaflega, að út í það hefði verið farið að stöðva hækkuninna með brbl., alveg eins og hann vítti það um hina aðilana, að það hafði verið komið í veg fyrir þeirra hækkanir með opinberum aðgerðum. En hvað þýddi þetta og hvað var á bak við þetta? Þegar brbl. um stöðvun hækkananna voru sett, var það gert til þess að koma í veg fyrir, að hækkun næði fram að ganga, sem þeir voru um það bil að semja sig til. Það var talið óheilbrigt, að kjör þessara manna hækkuðu meira en orðið var, og þess vegna yrði að tryggja það, að það yrði ekki, og koma í veg fyrir það með lögum. Og það var þetta, sem verið var að gera, það var verið að koma í veg fyrir hækkunina með lagasetningunni. En á móti lagasetningunni var hv. þm., og það þýddi þá auðvitað, að hann hafði verið með því, að hækkun þeirra hefði náð fram að ganga. Það er alveg ljóst, að þegar hann er á móti því að stöðva hækkunina með lagasetningu, er hann um leið með því, að hækkunin hefði náð fram að ganga með samningum, eins og hún var á góðum vegi með að gera. En hvað

þýðir það, ef þessir hæst launuðu menn fá hærri laun en — við skulum segja — góðu hófi gegnir? Það þýðir, að til þessara manna er skorin vænni sneið af þjóðarkökunni, ef ég má orða það svo, en svo, að þeir, sem á eftir koma og lægra launaðir eru, geti fengið eins mikið. Það, sem þessir menn fá, er frá þeim lægst launuðu tekið. Þess vegna, þó að hv. þm. vilji í dag gera lítið úr umhyggju núv. ríkisstj. fyrir þeim lægst launuðu í landinu, þá ber hún þó svo mikla umhyggju fyrir þeim, að hún vildi ekki, að þeir, sem hæst launaðir væru í landinu, tækju frá þeim þann möguleika, sem þeir höfðu til hækkunar, en það vildi hv. þm., forseti Alþýðusambandsins. Hann orðaði þetta á mjög viðkunnanlegan hátt, má segja. Hann orðaði það þannig, að hann vildi virða rétt stéttarfélaganna til þess að afgera mál sín með samningum. En hvað þýðir það, ef stéttarfélög hálaunamanna fá í friði með samningum að koma fram þeim launahækkunum, sem svo eru miklar, að það verður ekki mikið eftir til skiptanna handa hinum þjóðfélagsþegnunum?

Þá vildi hv. þm., að viðmiðun sú, sem höfð er í þessu frv. um hækkun á bótagreiðslum almannatrygginganna, yrði miðuð við þá hækkun, sem opinberir starfsmenn hafa fengið. Ég sagði áður, og hann staðfesti það í sinni ræðu, að sú hækkun, sem bótagreiðslur almannatrygginganna hafa verið miðaðar við að undanförnu, er hækkunin, sem orðið hefur á almennum launakjörum í landinu. Það er rétt, að á eftir þeim almennu launahækkunum, sem orðið hafa, hafa komið nokkrar hækkanir til opinberra starfsmanna, stundum skömmu síðar og stundum nokkru síðar, en yfirleitt var áður þessi hækkun til opinberu starfmannanna miðuð við þær hækkanir, sem orðið höfðu hjá hinur almennu launþegum. Á þessu varð breyting í ár, vegna þess að samkv. kröfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem ég ætla að stjórnað sé af flokksbræðrum hv. 5. þm. Reykv. og 5. þm. Vestf., voru launakjör opinberra starfsmanna tekin upp til róttækrar endurskoðunar og gerður meiri munur en áður hafði verið á hinum hæst og lægst launuðu. Og þar voru sannarlega ekki flokksmenn þessara hv. þm. að klípa við nögl. Og þó að þessum hæst launuðu hafi verið veitt með kjaradóminum mikil hækkun, sem ég persónulega er á að í mörgum tilfellum hafi verið of mikil, voru kröfurnar, sem gerðar voru af þessum aðilum og flokksbræðrum þessara hv. þm., svo miklu hærri en þarna kom til greina, að til stórkostlegra gagnráðstafana hefði orðið að grípa. Það var alveg gefið. Þessar breytingar, sem gerðar voru á launakjörum opinberra starfsmanna, voru — a. m. k. var það haft á orði — miðaðar við það, að mönnum í ábyrgðarmiklum stöðum og með nokkuð mikla menntun yrði greitt miklu betur en áður var. Hin almennu launakjör í landinu gátu ekki miðazt við þetta, það var alveg ljóst. Það kemur ekki til mála, þó að hækkunin hjá opinberum starfsmönnum hafi orðið eins mikil og hún hefur orðið, sem ég tel, eins og ég sagði áðan, of mikla á mörgum sviðum, að hún geti farið út í það almenna kaupgjaldskerfi í landinu, án þess að til mjög róttækra gagnráðstafana þurfi að grípa. Þetta veit ég að hv. þm. veit og skilur. Það er þess vegna ekki að vænta þess, að við þær launabreytingar, sem til framkvæmda kunna að koma á næstunni, verði viðmiðun höfð af þessu fólki. Þar kemur allt annað til greina. Það er verið að bæta upp margra ára ranglæti, að því er fullyrt er af hinum opinberu starfsmönnum. En launakerfið almennt í landinu þolir ekki þá breytingu. Viðmiðun bótagreiðslna hefur áður verið höfð við það almenna launakerfi í landinu. Það hefur fengið í ár 5 plús 7½% í uppbót, og frv., sem hér liggur fyrir, miðar við það, eða 15%, og lofar því í viðbót, að ef almennar hækkanir verða meiri, muni málið á ný verða tekið til athugunar.

Ég held, að ég sé svo ekki að munnhöggvast við hv. þm. öllu meira. Ég fann, að hávaðinn og illyrðin áttu rót sína að rekja til vonds málstaðar og slæmrar samvizku. En ég skal ekki fara frekar út í það, hann má hafa hvort tveggja fyrir mér, ef hann vill, og hafa þann hávaða um, sem honum er lagið. En ég vil aðeins segja, að það fer illa á því að hafa dulið þennan mikla áhuga, sem hv. þm. telur sig nú hafa fyrir bótagreiðslum til bótaþega almannatrygginganna, eins rækilega og hann gerði, meðan hann sat í ríkisstj. fyrir nokkrum árum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til þess að vera langorður í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, því að hann reyndi nú að leiða sem mest hjá sér það, sem kom fram í ræðu minni og hefði þó átt að skipta hann mestu. En ég get vel skilið það, að hæstv. ráðh. hefur tekið þá afstöðu, vegna þess að það er ekkert þægilegt fyrir hann að gera samanburð á tryggingunum núna og 1958, eftir allt það skrum, sem hann og samherjar hans hafa haldið uppi um þær stórfelldu bætur á tryggingunum, sem hafi átt sér stað í tíð núv. ríkisstj.

Ég vil í tilefni af því, sem kom fram seinast hjá hæstv. ráðh., þar sem hann var að láta í ljós umhyggju fyrir hinum lægst launuðu, segja það, að ég vænti, að þetta verði meira en orðin tóm hjá honum, það komi þá m. a. fram í því, að þeim, sem einna verst eru settir í þjóðfélaginu, gamla fólkinu, verði veittar meiri bætur en felast í þessu frv. og a. m. k. það fái þá dýrtíðaraukningu bætta, sem hefur átt sér stað, síðan almannatryggingalögin voru sett á síðasta vori. Og sérstaklega vil ég vænta þess, að það komi fram í þeim samningum við láglaunastéttirnar, sem nú standa yfir, og hæstv. ráðh. og stjórnin taki öðruvísi á þeim málum fyrir 10. des., áður en sá dagur rennur upp, heldur en virtist vera afstaða þessara aðila fyrir nokkrum dögum hér á þingi, þegar þeir gerðu tilraun til þess að binda kaup þessa fólks fast með lögþvingun, eftir að flestar eða allar

hálaunastéttir landsins voru búnar að fá stórfelldar kjarabætur. Ég vona, að það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan í tilefni af hans umhyggju fyrir láglaunafólkinu, komi fram í verki, en verði meira en orð, sem sögð eru hér á Alþingi.

Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær deilur, sem hafa átt sér hér stað um afstöðu ráðh. Alþfl. sem tryggingamálaráðh. í vinstri stjórninni. Ég vil aðeins segja það, að mér finnst það vera ákaflega ótrúlegt, að ef sá hæstv. ráðh. hefur lagt einhverja áherzlu á það að fá bætur á tryggingalöggjöfinni, þá hafi hann látið sér nægja, ef því hefði verið hafnað í stjórninni, en ekki lagt þær till. fyrir Alþingi, eins og hv. 5. þm. Vestf. vék að. En til slíks kom ekki, og eftir því sem upplýst er bæði af hv. 5. þm. Vestf. og fleiri ráðh., sem áttu sæti í þessari sömu stjórn, voru aldrei neinar till. lagðar fram af hálfu Alþfl. í vinstri stjórninni um auknar bætur á almannatryggingunum. (**HV:** Og ógerningur fyrir aðra að gera það.) Og ekki heldur eðlilegt, að aðrir hlypu þá til og flyttu brtt. um það í kapp við sjálfan ráðh., sem með þessi mál fór.

En í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. var að segja eða gefa í skyn um afstöðu Framsfl. til þessara mála fyrr og síðar, vil ég láta nægja að segja þetta:

Framsfl. stóð með Alþfl. að fyrstu tryggingalögunum, sem sett voru hér á Alþ. gegn andstöðu Sjálfstfl. Framsfl. hefur síðan greitt atkv. með öllum endurbótum á almannatryggingalögunum, sem hafa verið afgreiddar frá Alþ., nema hann sat hjá, þegar afgreidd voru almannatryggingalögin 1946, en það byggðist fyrst og fremst á því, að í þeirri löggjöf, lögunum 1946, var gert ráð fyrir því að leggja sjúkrasamlögin alveg niður og taka upp nýtt kerfi í staðinn fyrir þau, setja upp svokallaða heilsugæzlustofnun, sem átti að taka þessi mál að sér. Framsfl. taldi þessa breytingu vera mjög vafasama og vildi þess vegna ekki greiða atkv. með þessum lögum og sat hjá. Og niðurstaðan varð sú, að það féll í hlut Alþfl., — ég man ekki, hvort það var hæstv. núv. félmrh. eða Stefán Jóh. Stefánsson, sem áttu að sjá um framkvæmd þessara laga á árunum 1947—1949. Það var ekkert gert af hálfu Alþfl. þá eða þeirra flokka, sem stóðu að þessari breytingu, að koma henni fram, að leggja sjúkrasamlögin niður og taka upp heilugæzlustofnunarkerfi í staðinn. Og þannig leið þetta í mörg ár, að það var ekki neitt gert til þess af hálfu þeirra flokka, sem þetta samþykktu, að koma þessari skipan á. Svo gerðist það nokkrum árum síðar, að það var borið undir sjúkrasamlögin og bæjarfélögin í landinu, hvort þau vildu framkvæma þessa breytingu, og meiri hl. þeirra svaraði því, að hann vildi halda í sjúkrasamlagakerfið eins og það var, og þá var gerð sú breyt. á l., að sjúkrasamlagakerfið var gert varanlegt. Hæstv. félmrh. er nú búinn að fara með þessi mál í 5—6 ár, félagsmálin, og hefur þess vegna haft gott tækifæri til þess að taka upp þetta ákvæði úr l. frá 1946, sem ágreiningur varð um þá, en hann hefur enn ekki sýnt neina viðleitni til þess, svo að mér þykir það vera ákaflega hart, ef hæstv. ráðh. er nú að áfellast Framsfl. fyrir að hafa ekki viljað vera með kerfi 1945, sem hann sjálfur, þ. e. ráðh., hefur ekki sýnt neinn áhuga á að framkvæma og hefur bersýnilega talið vafasamt. En þegar þessu eina tilfelli er sleppt frá 1946, hefur Framsfl. sem sagt staðið að öllum endurbótum á almannatryggingalögunum, sem hafa verið samþykktar hér á Alþ., og átti í upphafi frumkvæðið að því ásamt Alþfl., að almannatryggingalöggjöf var sett.

Hæstv. ráðh. var að draga það í efa, vildi þó ekki fullkomlega gera það, að þær tölur væru réttar, sem ég hefði farið hér með í sambandi við ellilaunin og dvalarkostnaðinn á elliheimilinu Grund. Og hann benti m. a. á, að ég hefði sagt, að 1958, — en allar þær tölur, sem ég nefndi, voru ýmist frá 1958 eða 1963, — hefði dvalarkostnaðurinn á almennu deildinni á elliheimilinu verið 21900 kr., en nú væri hliðstæður dvalarkostnaður 46800 kr. og hér hefði þess vegna átt sér stað eitthvað í kringum 100% hækkun, en er þó vitanlega rúmlega það. Svo sagði ráðh., að ég hefði sagt, að ellilaunin hefðu verið 9955 kr. árið 1958, en væru núna 18240 kr., og vildi draga af þessu þá ályktun, að hér væri nokkurn veginn um 100% hækkun að ræða á ellilaununum. Ég hef nú ekki reiknað það út, en ég minnist þess, að fyrir seinustu kosningar var því haldið fram í stjórnarblöðunum, að þessi hækkun væri 83%, þannig að ellilaunin hafa hækkað um 83% á þessum tíma, en dvalarkostnaðurinn á elliheimilinu á almennu deildinni hefur hækkað meira en 100% og enn þá meira á sjúkradeildinni, svo að þetta nægir alveg til þess að sýna, að það hefur orðið meiri hækkun á framfærslukostnaðinum eða dvalarkostnaðinum en á sjálfum ellilaununum. Þess vegna stendur gamla fólkið verr nú 1963 í þessum efnum en það gerði 1958.

Ég er ekki nema ánægður yfir því, að hæstv. ráðh. lofaði, að hann skyldi láta fara fram endurskoðun á þessum tölum mínum, og ég vænti þess, að hann geri það þá, áður en málið fer frá þessari deild. En ég hygg, að ef hann tekur þetta mál réttum tökum, en reynir ekki að snúa neitt út úr þessu, verði niðurstaðan sú hin sama og hjá mér, að ellilaunin eru nú minni hluti af framfærslukostnaðinum en þau voru 1958. Þess vegna hefur verið gengið aftur á bak í þessum efnum, en ekki fram á leið, þrátt fyrir þær tölulega hækkanir, sem hafa orðið á fjárveitingunum í fjárl. og ríkisreikningum. Og það er vegna þess, eins og ég áðan sagði og skal ekki fara að rifja frekar upp að sinni, að sú efnahagsstefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið uppi, hefur aukið dýrtíðina svo stórkostlega, að allar þær tölulegu hækkanir, sem hafa orðið á almannatryggingunum, hafa verið étnar upp af dýrtíðinni og meira

til. En svo að ég rifji það aðeins upp aftur, var niðurstaða mín sú, að árið 1958 var hluti almannatrygginganna eða ellilaunanna af dvalarkostnaðinum á almennu deildinni á elliheimilinu 45%, en er nú ekki nema 39%, en á sjúkradeildinni eru þessar tölur þannig, að 1958 var hluti ellilaunanna 39%, en er nú ekki nema 34%. Það er rétt að geta þess að vísu, að þetta lagast nokkuð, eftir að sú hækkun kemur til framkvæmda, sem felst í þessu frv., en þó ekki nægjanlega.

Ég vil svo að seinustu leggja áherzlu á það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf., að það sé nauðsynlegt að hækka ellilaunin verulega frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og ég held, að ef gamla fólkið á að fá bætur, sem svarar til dýrtíðarauknin garinnar síðan lögin um almannatryggingar voru afgreidd frá Alþ. í apríl á s. l. vori, sé ekki hægt að gera ráð fyrir öllu minni hækkun en um 40%, eins og kom fram hjá hv. 5 þm. Vestf. Og það byggi ég m. a. á því, eins og ég áðan sagði, að á þessum tíma eða síðan í apríl í vor hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 16 stig, en samkv. því hefur dýrtíðin aukizt um 12% á þessum tíma, og ber þó að geta þess, að húsaleigukostnaðurinn eða húsnæðiskostnaðurinn hefur sama og ekkert hækkað í vísitölunni á þeim tíma, þrátt fyrir það að kunnugt sé, að stórfelld hækkun hefur átt sér stað á þeim útgjaldalið.

Nú er að vísu í þessu frv. gert ráð fyrir því að hækka ellilaunin um 15%, en menn verða í þessu sambandi að gæta þess, að ellilaunin eru nú ekki nema í kringum 40% af framfærslukostnaðinum eða t. d. dvalarkostnaðinum á elliheimilinu Grund, ef miðað er við hann. Þess vegna kemur þessi 15% hækkun ekki nema á 40% framfærslukostnaðarins. Á 60% framfærslukostnaðarins kemur engin hækkun. Og ef á að bæta þann hluta framfærslukostnaðarins tilsvarandi og hinn, býst ég ekki við, að það sé hægt að komast af með öllu minni hækkun en um 40% á ellilaunin, þannig að gamla fólkið standi þá í svipuðum sporum eftir þessa breytingu og það stóð á s. l. vori, eftir að Alþingi samþykkti þá lögin um almannatryggingar. Ég vil þess vegna vænta þess, að við nánari athugun hér í þinginu verði fallizt á það að hækka verulega bæturnar til gamla fólksins og að það verði gert á svo myndarlegan hátt, að það verði raunverulega hægt að tala um einhverja jólagjöf til þess í sambandi við þetta mál, en það er vissulega ekki hægt, meðan eins smátt er skammtað og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umr., en tel ekki hugsanlegt að sitja þegjandi hjá með öllu, vegna þess að í þessum umr. hefur hæstv. félmrh. sagt, að sér hafi verið tjáð, að í vinstri stjórninni hafi hans menn, þ. e. a. s. Alþfl.-ráðh., lagt fram till. um endurbætur á tryggingalöggjöfinni, sem hafi ekki náð fram að ganga vegna andstöðu hinna ráðh. Ég er sannast að segja mjög undrandi yfir því, að hæstv. ráðh. skuli greina frá þessu, jafnvel þó að honum kunni að hafa verið tjáð þetta, því að mér finnst svo ólíklegt, að hann hafi ekki fylgzt betur með en svo, að hann ætti að taka það alvarlega, þó að honum hefði verið sagt þetta, því að sannleikurinn er sá, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson upplýsti hér áðan og áður hefur verið tekið fram af okkur ýmsum, sem vorum í vinstri stj., að hér er um algerlega rangar staðhæfingar að ræða. Hæstv. félmrh. núv. hafa verið gefnar um þetta efni rangar upplýsingar, um það er ekkert að efast. Það er sannast að segja ömurlegt hlutskipti að þurfa oftar en einu sinni að standa í því að bera til baka sögur af þessu tagi, og ég endurtek það, að ég tel, að núv. hæstv. félmrh. hafi hér verið sagt skakkt frá. Það voru engar till. um endurbætur á tryggingalöggjöfinni felldar fyrir ráðh. Alþfl. í vinstri stjórninni.

En fyrst ég er nú kominn hérna, vil ég aðeins bæta við örfáum orðum. Mér finnst sannast að segja dálítið einkennilegt, að það má heita undantekningarlaus regla, að þegar rætt er um till. núv. hæstv. ríkisstj. og umr. eiga auðvitað að snúast um þær, hvernig þær séu vaxnar, hvort þær séu sanngjarnar, skynsamlegar og uppfylli einhverja tiltekna þörf miðað við núverandi kringumstæður, þá ganga hæstv. ráðh. hér um bil ævinlega fram hjá því að ræða efnislega þau mál, sem þeir leggja fyrir, en flytja í stað þess alls konar dylgjur og ásakanir um það, sem aðrir hafi gert fyrir löngu, eins og það sé það, sem mestu máli skiptir núna, hvað gert var fyrir 10—20 árum. Er það ekki það, sem mestu máli skiptir, hvað nú er verið að gera, hvort það er skynsamlegt og hyggilegt og réttlátt eða á aðra lund?

Hvernig stendur svo á þessum málflutningi af hendi hæstv. ráðh. æ ofan í æ og má heita undantekningarlaust? Er það fyrir það, að þeir vilja ekki ræða efnislega um þær till., sem þeir gera, af einhverjum ástæðum? Ég óttast, að svo sé, og ég held, að þeir, sem fylgjast með málflutningi hér í þinginu, hljóti að draga þær ályktanir, að það sé af því, að þeim finnist ekki till. þeirra vera þannig vaxnar, að það sé heppilegt, að athyglin beinist að þeim, heldur sé í raun og veru um að gera að beina athyglinni frá þeim og að einhverju allt öðru.

Hæstv. félmrh. var að ræða hér um það, eins og ég minntist á áðan, sem hafði gerzt í vinstri stjórninni í þessum efnum eða honum hafi verið sagt að hefði gerzt, en áreiðanlega byggt á rangri skýrslu til hans. En hvaða máli skiptir það svo í raun og veru í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir? Mér skilst, að eitt aðalatriðið nú sé þetta, sem hv. 5. þm. Reykv. var að segja nú síðast, bara með öðrum orðum en ég. Ef gamla fólkið er betur sett núna en það var áður, ef útkoman er betri fyrir gamla fólkið, þegar borin eru saman ellilaunin og aðrar tryggingabætur við framfærslukostnaðinn, — ef gamla fólkið er betur sett nú en áður, þá má segja, að núv. hæstv. félmrh. og félagar hans hafi staðið sig allvel

eða a. m. k. sæmilega. En ef það kemur aftur á móti upp úr dúrnum, að gamla fólkið á að vera verr sett nú þrátt fyrir þetta frv. en það var áður, t. d. fyrir nokkrum árum, miðað við tekjur úr tryggingunum annars vegar og hins vegar framfærslukostnaðinn og kostnað við dvöl á elliheimilum, — ef það kemur upp, eins og hv. 5. þm. Reykv. hefur, að því er manni virðist, hér í umr., fært alveg óyggjandi rök fyrir, hefur hæstv. ráðh. staðið sig illa og það meira en illa, því að hver vill í raun og veru halda því fram í alvöru, að íslenzka þjóðarbúið hafi ekki ráð á því núna að gera álíka vel við þetta fólk eins og 1958?

Þess vegna á hæstv. ráðh. að snúa sér að því að kryfja þessa spurningu til mergjar, því að þetta er málið sjálft, en ekki flytja hér alls konar lausafregnir, sem honum hafa verið sagðar um það, sem gerðist fyrir mörgum árum, því að tæplega getur þó hæstv. ráðh. ætlazt til þess í alvöru, að ráðh. í vinstri stjórninni hafi gert fram í tímann ráðstafanir í tryggingamálum til þess að mæta þeim búsifjum, sem þessi núv. ríkisstj. hefur staðið fyrir og enginn vissi náttúrlega að hugsanlegar væru eða kæmu til greina. Ekki hefur hæstv. ráðh. getað búizt við því. Þess vegna er þetta allt málið. En hæstv. ráðh. sagðist ekki vilja ræða þetta, heldur ætlaði hann að athuga betur þær upplýsingar, sem hv. 5. þm. Reykv. gaf í þessu tilliti. En ég verð nú að segja, af því að ég veit, að hæstv. ráðh. er mjög glöggur maður, að ég dreg alls ekki í efa, að hann hafi gert sér margoft nákvæma grein fyrir því, hver kostnaður er við dvöl gamla fólksins á elliheimilum annars vegar samanborið við tekjurnar af ellilaunum. En sé þetta rangt hjá mér og hæstv. ráðh. hafi ekki veitt þessu atriði athygli, eins og hann gaf í skyn, þannig að hann gæti nokkuð um það sagt í raun og veru, þá mundi ég vilja taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá öðrum, að hæstv. ráðh. athugi þetta, áður en 2. umr. málsins fer fram, og geri þá bragarbót, ef það kemur í ljós, sem mun nú vera, að þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar í þessu tilliti, séu réttar og gamla fólkið sé verr sett en áður. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hljóti að verða okkur sammála um, að það er illa haldið á þessum málum, ef þessu þarf að miða aftur á bak, ef þjóðfélagið getur ekki búið, — við skulum segja, að við gerum ekki kröfuna hærri, bara álíka vel að þessu fólki og gert var 1958.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkrar aths. í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram.

Ég vil þá fyrst víkja að því, sem hæstv. félmrh. hefur endurtekið hér í þessum umr., að hann segir, að sér hafi verið sagt frá því, að ráðh. Alþfl. hafi í vinstri stjórninni ekki fengið fram till. sínar um bætur á tryggingalöggjöfinni. Ég hef áður hér í umr. vikið að þessu og lýst því þá yfir, að þetta er með öllu rangt. Mér er vel kunnugt um það, hvaða till. voru lagðar fram í þeirri stjórn, og ég veit, að engar slíkar till., hvorki beinar né óbeinar, komu fram frá hendi Alþfl., og það er með öllu rangt, að t. d. við ráðh. af hálfu Alþb. eða af hálfu Framsfl., þannig að ég yrði var við, hefðum staðið á móti nokkrum till. til þess að bæta þá löggjöf. Og vegna þess að hæstv. ráðh. hefur endurtekið þetta hér í þessum umr., vildi ég nú alveg sérstaklega skora á hann að fara fram á það við þá fulltrúa Alþfl., sem voru í þessari ríkisstj., að þeir gerðu grein fyrir þessum till. sínum, hverjar þær voru, hvenær þær voru lagðar fram. Ég trúi því ekki enn þá, að þeir komi til með að fullyrða þetta sjálfir. Nei, ég hygg, að hið rétta í þessu máli sé það, að þegar hæstv. félmrh. og fleiri flokksmenn hans eru búnir að vaða reyk í þessum málum með því að endurtaka það hvað eftir annað, m. a. í útvarpsumr., að illa hafi verið staðið að framkvæmdum í almannatryggingamálum í tíð vinstri stjórnarinnar og hugðust þá vera að skamma Hannibal Valdimarsson, sem hefði haft með þau mál að gera, en mundu ekki, að það hafði einmitt verið Alþfl.-maðurinn, Guðmundur Í. Guðmundsson, sem var ráðh. þessara mála, — eftir að þeir höfðu gert þessa skyssu í málflutningi sínum, finna þeir þetta sem útúrleið að láta nú liggja orð að því, að Guðmundur Í. Guðmundsson hafi ekki getað fengið till. sínar samþykktar í ríkisstj. um bætur á þessari löggjöf.

Það voru svo nokkur önnur atriði, sem ég vildi gera aths. við.

Það var í fyrsta lagi það, að þær umbætur, sem ráðgerðar eru nú á almannatryggingalögunum með þessu frv., eru að mínum dómi harla seint á ferðinni. Það liggur alveg ótvírætt fyrir, að sú 15% hækkun á bótagreiðslum, sem lögð er til í þessu frv., á að vera til þess að jafnast á við þær kauphækkanir, sem almennt hafa orðið í landinu á yfirstandandi ári. Það er kunnugt, að kaupið hækkaði mjög almennt í landinu um 5% strax í janúarmánuði á þessu ári og síðar urðu almennar launahækkanir í júnímánuði, sem námu 7½%, þessar samanlögðu launahækkanir munu því nema réttum 13%, af því að 7½% hækkunin kom einnig ofan á 5% hækkunina, sem samþykkt var í janúar. En nú er hins vegar gert ráð fyrir því að hækka bætur almannatryggingalaganna um 15% og hækkunin skuli gilda frá 1. júlí. Þessi hækkun er því rétt aðeins til þess að vega upp þessa almennu launahækkun, sem orðið hefur á árinu. Auðvitað hefði hæstv. félmrh. átt að vera búinn að gera ráðstafanir til þess, að ellilaunafólk og öryrkjar í landinu væru búnir að fá þessar launabætur fyrir löngu, ef eins hefði verið haldið á málinu í þetta skipti og jafnan áður. Núna er þessi leiðrétting alveg óvenjulega seint á ferðinni. Hið sanna er líka það, sem hæstv. félmrh. varð að viðurkenna hér, þegar hann talaði fyrst fyrir þessu máli, að venjan hefur verið sú á undanförnum árum, að bætur almannatryggingalaganna til gamla fólksins og til öryrkja, allar hækkanir á þessum bótum hafa verið látnar fylgja launabreytingum opinberra starfsmanna, hafa verið látn-

ar fylgja þeim launabreytingum, sem orðið hafa hjá ríkinu sjálfu. Þetta kemur glöggt fram, þegar þær hækkunarbreytingar eru skoðaðar, sem hér hafa verið samþykktar á undanförnum árum. Það er svo hins vegar rétt, að þessar hækkanir til opinberra starfsmanna hafa allajafna verið mjög svipaðar því, sem verkalýðssamtökin hafa fengið í sínum samningum áður. En nú er með þessu frv. farið inn á nýja braut, því að nú á hækkunin til gamla fólksins og öryrkjanna ekki að fylgjast með launabreytingum opinberra starfsmanna, heldur á nú aðeins að hækka bæturnar til þessara aðila í samræmi við þær launahækkanir, sem þeir lægst launuðu í landinu hafa fengið, og það fyrir alllöngu. Ég álít því, eins og fram hefur komið í þessum umr., að það eigi að breyta þessu frv. á þá lund, sem yrði þá til samræmis við það, sem við Alþb.-menn höfum lagt til með sérstöku frv., sem flutt hefur verið í Ed., að bæturnar yrðu nú hækkaðar ekki um 15%, heldur a. m. k. um 40%, það yrði miklu nær því að vera í samræmi við það, sem opinberir starfsmenn hafa almennt fengið, og þá yrði farið miklu nær þeirri reglu, sem gilt hefur í þessum efnum.

Í þessum umr. tók ég eftir því, að hæstv. félmrh. brá fyrir sig hér einni tölu, sem ég hef heyrt hann og ýmsa Alþfl.-menn hafa yfir áður, þegar þessi mál eru rædd, og ég tel að gefi mjög ranga hugmynd um bætur tryggingakerfisins í heild. Hæstv. ráðh. sagði, að nú væri svo komið, að kostnaðurinn af almannatryggingakerfinu væri kominn upp í 600 millj. kr. og hefði því hækkað alveg gífurlega frá því, sem var fyrir nokkrum árum. Þessi tala gefur mjög villandi hugmyndir um það, hvað raunverulega hefur verið að gerast í útgjöldum tryggginganna. Í fyrsta lagi er það nú svo, að útgjöldin eru alls ekki komin upp í 600 millj. kr. samkv. ríkisreikningi, sem liggur á borðunum hjá hv. alþm. og er fyrir árið 1962. Fyrir nýliðið ár var kostnaðurinn af almannatryggingunum ekki 600 millj. kr., heldur 359.5 millj. kr. Ríkisreikningurinn liggur fyrir hv. alþm. á borðinu, og talan sýnir sig alveg glöggt, og samkv. fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, 1963, er gert ráð fyrir því, að öll útgjöld almannatryggingakerfisins verði 434 millj. kr., en ekki 600 millj. kr.

En hvernig er þá þessi tala til komin, sem hæstv. félmrh. notar gjarnan, þegar hann vill gera mikið úr því, hvað mikið sé búið að gera í þessum málum? Þar er um að ræða áætluð útgjöld á næsta ári, árinu 1964, þegar nýtt kerfi kemur hér til framkvæmda að verulegu leyti og þær breytingar eiga að taka gildi, sem samþykktar voru á s. l. vori. En þar er ekki aðeins um að ræða hreina útgjaldaaukningu á sambærilegum grundvelli og áður var, heldur er þar einnig að verulegu leyti um að ræða tilfærslu á greinum fjárlaga. Með þeirri breyt. var gert ráð fyrir því að fella niður hið svonefnda skerðingarákvæði og framkvæma tryggingalögin þannig, að allir aðilar geti fengið fullar tryggingabætur, þeir sem hljóta ellilaun eða örorkubætur, þrátt fyrir aðrar tekjur eða önnur laun, sem þeir aðilar kunna að hafa. Ellilaunin og örorkubæturnar hækka því allverulega hjá ýmsum aðilum frá því, sem áður var. En um leið eru hins vegar útgjöld ríkisins á 18. gr. fjárl. lækkuð stórkostlega, vegna þess að þar fengu ýmsir þessara aðila aukalaun eða önnur laun, sem verkuðu eins og beinn frádráttur í sambandi við greiðslu almannatrygginganna. Samanburðinn meira að segja, þegar um er að ræða útgjöldin fyrir árið 1964, er því ekki rétt að miða við útgjaldatölur almannatrygginganna fyrir liðin ár. En þessar aths. mínar sýna það alveg greinilega, að þessi mælikvarði, sem hæstv. félmrh. vill nota á það, hvað við séum nú komnir langt í sambandi við almannatryggingalögin, sýnir, að það er afar ófullkominn mælikvarði að miða við þessa útgjaldaupphæð.

Annað verkar hér einnig á og um það munar mjög mikið. Með setningu efnahagslaganna frá 1960, þegar gengislækkunin mikla var ákveðin í febrúarmánuði, var tekin inn í almannatryggingalagakerfið mjög veruleg útgjaldaupphæð í auknum fjölskyldubótum, sem var yfirlýst af hálfu ríkisstj. á sínum tíma að væri engin venjuleg tryggingamálastarfsemi, heldur fyrst og fremst greiðsla til þess að standa undir vaxandi dýrtíð, sem þá átti að skella yfir. Og það hefur líka komið greinilega fram og kemur m. a. fram í flutningi þessa frv., að ríkisstj. telur, að það verði að fara með þessa upphæð á allt annan veg en aðrar tryggingabætur. En þessi upphæð, sem þá var tekin inn í útgjöld almannatrygginganna, nam í kringum 180 millj. kr. Þar var ekki verið að breyta í grundvallaratriðum á neinn hátt meginatriðum í tryggingakerfinu, sem voru bætur til gamalmenna og öryrkja og annarra slíkra, heldur var þar um ákveðið form á niðurgreiðslu á dýrtíð að ræða, — niðurgreiðslu, sem gekk jafnt yfir ríka og fátæka í þessu landi, því að þeir allra tekjuhæstu, sem til eru í landinu, fá ekki síður greiðslu af þessari upphæð en hinir fátækustu, því að vitanlega eiga hinir tekjuhæstu og efnamestu í landinu ekkert síður börn en hinir. Samanburður á þessum grundvelli, sem hæstv. ráðh. hefur því gert, er alrangur og segir ekkert eða afar lítið til um það, hvernig er búið að þeim tryggðu í aðalatriðum. Hitt er auðvitað miklum mun réttara, sem hér hefur verið sýnt fram á í þessum umr., að bera saman jafnmikil grundvallaratriði og ellilaunabæturnar og framfærslukostnaðinn fyrr og aftur nú, hvernig þetta hefur hreyfzt til, og ég hygg, að samanburður á þessu muni leiða í ljós, að framfærslukostnaðurinn hefur hækkað fyllilega eins mikið og bæturnar hafa hækkað um, t. d. til gamalmenna og öryrkja.

Í þessum efnum má svo ekki gleyma einu, að eitt er það, sem gerzt hefur einmitt í tíð núverandi ríkisstj. varðandi þessi tryggingamál, sem hefur verið hinum tryggðu til mikils óhagræðis, en það er það ákvæði, þegar samþykkt var að hætta að miða tryggingabæturnar við vísitölu framfærslukostnaðar. Af-

nám þessa ákvæðis hefur orðið til þess, að bæturnar til gamla fólksins og til öryrkjanna hafa alltaf orðið eftir á, dregizt aftur úr og hafa orðið verðminni og haft minna notagildi en þær hefðu haft, hefði það gamla ákvæði verið í gildi, sem verið hafði í gildi um langan tíma áður, en það var að miða tryggingabæturnar alltaf við framfærsluvísitölu.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég tel, að þegar það liggur nú fyrir, hvað þessi takmarkaða hækkun, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er seint á ferðinni, og miðað við þær breytingar, sem orðið hafa t. d. í launagreiðslum til opinberra starfsmanna og ýmissa annarra, þá eigi nú að breyta þessu frv. þannig, að bæturnar samkvæmt almannatryggingunum verði hækkaðar til fulls samræmis við það, sem orðið hefur í öðrum launagreiðslum frá hálfu ríkisins, og að það eigi einnig að taka upp í frv. gamla ákvæðið, sem lengi hafði verið í gildi, en það er að miða bæturnar jafnan við framfærsluvísitölu, eins og hún er á hverjum tíma.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Það eru nokkur atriði í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem hafa komið mér til þess að kveðja mér hljóðs í þessum umr., en þar sem ég veit, að hæstv. forseti hefur áhuga á því að koma málinu áfram, skal ég lofa því að vera ekki langorður.

Ég tók ekki betur eftir en hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Austf., segði, að skipting landsins í verðlagssvæði og afnám skerðingarákvæðanna ættu fyrst að koma til framkvæmda á næsta ári. Þetta er alger misskilningur. Skerðingarákvæðin voru afnumin í hittiðfyrra og þau hafa ekki verið í gildi, hvorki í fyrra né á þessu ári, og skipting landsins í verðlagssvæði kom til framkvæmda á þessu ári. Þetta er eitt dæmi um ónákvæmni stjórnarandstæðinga í málflutningi sínum, þegar þeir eru að reyna að gera lítið úr þeim endurbótum, sem orðið hafa á almannatryggingunum í tíð núv. ríkisstj. En ég fullyrði, að þær endurbætur eru meiri en nokkurn tíma áður hafa átt sér stað.

Það má segja, að frá upphafi tryggingarnna hafi ellilífeyririnn verið tiltölulega lágur og í sumum tilfellum lægri en aðrar bætur, og það má líka segja, að ellilífeyririnn hafi ekki hækkað nægilega mikið. Ég tek undir það, að mjög æskilegt væri að geta gert stærri átök í þeim málum. En einmitt þessi tvö atriði, sem ég nefndi áðan, afnám skerðingarákvæðanna og afnám skiptingar landsins í verðlagssvæði, hafa fært miklu fleiri og stærri hópa ellilífeyrisþega hækkun á ellilífeyri en nokkurn tíma áður hefur átt sér stað í tíð annarra ríkisstjórna. Þetta verður ljóst, ef menn athuga það, að á 2. verðlagssvæði var ellilífeyririnn um 23—25% lægri en hann var á 1. verðlagssvæði. Á þessu ári, þegar verðlagssvæðaskiptingin var afnumin, fengu þess vegna ellilífeyrisþegar, sem áður voru á 2. verðlagssvæði, um 25% hækkun, þegar mismunurinn var afnuminn, auk þeirrar almennu hækkunar, sem þeir hafa einnig notið.

Ég held, að það hafi verið hv. 5. þm. Reykv., sem gerði samanburð á daggjöldum á elliheimilum og ellilífeyrinum, og ég verð að segja, að ég get ekki tekið undir það með hv. 1. þm. Austf., að málflutningur hv. 5. þm. Reykv. sé óvefengjanlegur. Ég veit ekki, hvaða dvalarheimili hann hefur miðað við, þegar hann upplýsti um dvalarheimilistaxtann, en ég hef þær upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins, sem nú skal greina: Daggjald á Grund hér í Reykjavík er fyrir venjulegan vistmann 130 kr. á dag og fyrir sjúklinga 150 kr. Þegar hv. 5. þm. Reykv. var að tala um það, hvað ellilífeyririnn væri mörg prósent af dvalarkostnaðinum á elliheimilunum, þá fann hann það út, að lífeyririnn væri tiltölulega lítill hluti af vistgjaldi þeirra, sem eru rúmliggjandi eða sjúklingar á elliheimilunum. En hann þagði alveg um það, sem er kjarni málsins, að fyrir þessa sjúklinga greiða tryggingarnar 100% kostnaðar, og þetta er stór hópur af því fólki, sem vistast í elliheimilunum. Á dvalarheimilinu Ási í Hveragerði er daggjaldið 130 kr. fyrir vistmenn, í Skjaldarvík við Akureyri er það 110 kr., á Blönduósi er það 100—125 kr. eftir því, hvort margir eru í stofu eða einn, í Keflavík er það 95—100 kr., á Akranesi 80.87 kr., á Ísafirði 95—120 kr. og á Sólvangi 115—122 kr. Þessar upplýsingar sýna það, að með góðum og gildum rökum er hægt að vefengja þær tölur, sem hv. 5. þm. Reykv. bar hér á borð og miðaði prósentureikning sinn við. En stærsta fölsunin í málflutningi hans er auðvitað sú að ganga algerlega fram hjá því, að stór hópur af því fólki, sem dvelst á elliheimilunum, fær dvalarkostnaðinn að fullu borinn uppi af tryggingunum í einu eða öðru formi. Það eru ekki endilega ellitryggingarnar, það geta einnig verið sjúkratryggingarnar eða ríkisframfærslan, sem greiða dvalarkostnað þeirra að fullu. Og í framhaldi af þessu vil ég aðeins minna á, að samkv. þeirri miklu breytingu, sem gerð var á almannatryggingalögunum s. l. vor, heimilast tryggingunum frá næstu áramótum að greiða ekki einungis dvalarkostnað þeirra, sem eru ellisjúkir, að fullu, heldur einnig allra vistmanna. En náttúrlega má segja, að það séu ýmsir, sem eigi ekki þess kost að dvelja á elliheimilum, og það væri æskilegt að geta gert betur fyrir þá, og það er áreiðanlegt, að næsta átakið, sem gert verður í tryggingamálunum, verður það að bæta þeirra hlut. En það, sem gert hefur verið á síðustu árum og er nú verið að gera í þessum efnum, er meira átak en gert hefur verið nokkru sinni áður.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta litla mál nú. Eitt af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, var það, að ég hefði sjaldan sýnt áhuga á umbótum á tryggingunum, en sá hv. þm., sem hér talaði seinast, hv. 2. landsk., Birgir

Finnsson, minntist á tvær stórkostlegar umbætur, sem gerðar hefðu verið á almannatryggingalögunum. (**Gripið fram í:** Í tíð núv. ríkisstjórnar.) Í tíð núv. ríkisstj. Ekki skal ég hafa það af henni blessaðri, ekki eru nú skrautfjaðrirnar of margar. Það er afnám skerðingarákvæðanna og að hafa gert landið eitt verðlagssvæði. Ætli það sé nú ekki hægt að finna það í Alþt., að ég hafi fyrir hönd Alþb., líklega einum 4—5 sinnum, borið fram till. um afnám skerðingarlaganna og að landið yrði gert að einu verðlagssvæði, því að hvort tveggja væri orðið ranglát löggjafaraðferð? Ég hygg, að um þetta verði ekki deilt, þskj. munu herma frá þessu. En jafnoft og ég bar þessa till. fram, felldi Alþfl. hana. Að síðustu, þegar almenningsálitið var orðið algerlega eindregið um þessi atriði, þá lét hann undan og hefur nú tekið þátt í því að afgreiða það, og það var gert einróma á Alþ.

Þá er það annað atriði. Hæstv. ráðh. sagði, að það væru okkar flokksmenn, stjórnarandstöðunnar, Alþb. og Framsfl., sem mestu réðu í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þetta getur rétt verið, stjórnarflokkarnir séu þar í minni hluta. En svo mikið er víst, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja bar fram launakröfur fyrir opinbera starfsmenn, sem höfðu verið þaulræddar í öllum „instönsum" þeirra samtaka og voru bornar fram einróma í umboði allra samtakanna. Þannig eru þær til komnar. En það eru ekki þær kröfur, sem við vorum að óska eftir og krefjast að yrðu yfirfærðar á gamla fólkið. Nei, við fórum aðeins fram á það í allri okkar hógværð, hvort sem við höfum brýnt röddina meira eða minna, þá var það nú ekki hættulegra en það, að við vorum að krefjast þess, að gamla fólkinu yrðu ákveðnar hækkanir samkv. niðurstöðum launadómenda ríkisstj., en ekki eftir óbilgjörnum kröfum framsóknarmanna og kommúnista í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Og þess vegna væri ástæða fyrir hæstv. ráðh. að dvelja heldur við niðurstöðu kjaradóms en það, að stjórnarandstaðan nú sé svo óbilgjörn, að hún vilji fara fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún ætli gamla fólkinu meðaltal þeirra launabóta, sem opinberir starfsmenn fengu að dómi gengnum. Ósanngjarnari en þetta erum við nú ekki. En ég hygg, að það hafi hér, bæði með upplýsingum hv. 5. þm. Reykv. og mínum, sem vitnaði hins vegar til vísitölunnar, verið sýnt fram á, að ellilífeyrir og örorkubætur hafa síðan í marz 1960 aðeins hækkað um 27%, en matvörur um 75% og fatnaður um 46%, og það eru matvörur og fatnaður, sem gamla fólkið þarf til að framfleyta sér með fyrst og fremst, og svo húsnæði, 27% annars vegar sjálf vísitala ríkisstj., en 75% hækkuð vísitala um matvörur og 46% um klæðnað, og allir vita, hvers konar liður húsnæðiskostnaðurinn er, hvort sem hann er hjá gömlum eða ungum. Og við förum þess vegna fram á það, að gamla fólkinu sé ætluð meðaltalshækkun opinberra starfsmanna, þegar endurskoðun fer fram á tryggingabótum þess.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 2. landsk. þm., Birgis Finnssonar. Hann sagði, að hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) hefði verið hér með blekkingar áðan, þegar hann var að nefna daggjöld á elliheimilinu Grund og bar þau saman við ellilaunin núna og síðan hvort tveggja við árið 1958. Svo kemur hv. þm. sjálfur með tölurnar frá elliheimilinu Grund, 130 kr. á dag fyrir almenna dvalarmenn og 150 fyrir sjúklinga, og þá koma út nákvæmlega sömu tölurnar og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson var með. Þetta eru um 47500 kr. fyrir almenna vistmenn, en 54750 fyrir sjúklinga. Hver er þá blekkingin? En það, sem hv. 5. þm. Reykv. var að sýna, var, hversu mikill hluti af dvalarkostnaðinum ellilaunin væru nú og hvað þau hefðu verið mikill hluti 1958, það var ekkert annað en samanburður.

Hv. þm. Birgir Finnsson nefnir nokkur dvalarheimili, eins og Skjaldarvík, Keflavík, Blönduós og einhver fleiri. Ég ætla ekki að rengja þær tölur, þetta getur verið eitthvað misjafnt. En af hverju nefndi hann engar tölur frá þessum heimilum 1958? Af hverju gerði hann enga tilraun til að bera þessi tvö ár saman, 1963 og 1958, eins og hv. 5. þm. Reykv. gerði? Það var innihaldið í ræðu hv. 5. þm. Reykv., og hann sýndi fram á, að kjörin hefðu versnað. Ef hv. 2. landsk. þm. vill afsanna það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, verður hann að koma með tölurnar frá öllum þessum dvalarheimilum 1958 og bera þær saman við tölurnar, sem hann nefndi áðan, annars er ekkert innihald í ræðu hans.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. virðist ekki hafa skilið það, að með því að upplýsa um daggjöldin á fleiri stöðum en á elliheimilinu Grund, þá sýndi ég fram á, — og það var það eina, sem ég sagði um niðurstöðu hv. 5. þm. Reykv. í þessu sambandi, — að niðurstaða hans væri vefengjanleg. Hún er vefengjanleg vegna þess einfaldlega, að vistmennirnir, sem njóta ellilífeyris, búa ekki allir á elliheimilinu Grund. Þeir eru á fleiri stöðum, þar sem daggjöldin eru lægri. Ég hef ekki haft aðstöðu til á þeim tíma, sem við höfum setið hér á fundi, að kanna upplýsingar hv. 5. þm. Reykv. um þessi daggjöld frá árinu 1958. Það getur vel verið, að það gefist tækifæri til þess síðar, og þá skal ég gera það. En stærsta blekkingin í málflutningi hv. 5. þm. Reykv., — mér þykir leiðinlegt, að hann skuli vera farinn af fundi og geti ekki hlustað á þetta, — hún er sú, að hann gekk algerlega fram hjá þeirri staðreynd, að tryggingakerfið borgar 100% dvalarkostnað fyrir stóran hóp vistmannanna á elliheimilunum.

Eysteinn Jónsson: Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að taka mikinn þátt í þessum umr. Mig langaði aðeins að segja út af því, sem hv. þm. sagði síðast, sessunautur minn, sem var að setjast: Röksemdafærsla hans er á þessa lund: Vegna þess að ríkið borgar að

tullu fyrir suma, má hinum standa á sama, hvort það er meira eða minna, sem þeir fá nú samanborið við það, sem var 1958. — Þetta er málflutningur hv. þm. (Gripið fram í.) Efnislega sagði þm. þetta, eins og allir þeir, sem hér eru inni, mega skilja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Nd., 2. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 89. n. 109).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. heilbr.- og félmn., sem væntanlega verður útbýtt innan stundar, mælir n. með samþykkt frv. um hækkun á bótum almannatrygginga, sem hér er til umr. Vill n. þar með verða við tilmælum hæstv. félmrh. um skjóta afgreiðslu málsins, til þess að unnt verði að greiða bótahækkunina fyrir þetta ár í einu lagi í þessum mánuði, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég leyfi mér að þakka meðnm. mínum fyrir þessa afstöðu. En þar sem tími var naumur til athugunar á málinu í n., höfðu nm. Jón Skaftason og Ágúst Þorvaldsson þann fyrirvara á afstöðu sinni, að þeir áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Með þessum fyrirvara tveggja nm. mælir n. með samþykkt frv.

Eins og segir í grg. með frv. þessu, nema almennar launahækkanir í landinu á yfirstandandi ári 12.875%, og gerir frv. ráð fyrir 15% hækkun bóta frá almannatryggingum miðað við 1. júlí s. l. og að þetta svari til þessara launahækkana, en það hefur verið venja, að bætur almannatrygginganna hækkuðu hlutfallslega eins og laun almennra launþega. Samkv. fskj. með frv. er gert ráð fyrir, að útgjöld tryggingakerfisins aukist við þessa breytingu, sem hér segir: Lífeyristryggingar 27.8 millj. kr. á árinu 1963 og 63 millj. kr. á árinu 1964, eða samtals 90.8 millj. kr. Slysatryggingar: árleg hækkun 3½ millj. kr. Sjúkratryggingar: árleg hækkun 2.3 millj. kr. Samtals nema þessar hækkanir 96.6 millj. kr. Útgjaldaaukning lífeyristrygginganna skiptist þannig á aðila: Ríkissjóður greiðir 37.2 millj. kr., eða um 36%, hinir tryggðu 29.1 millj., eða 32%, sveitarsjóðir 16.3 millj., eða 18%, og atvinnurekendur 12.7 millj., eða 14%. Þetta gerir samtals 90.8 millj. kr. og 100%.

Við 1. umr. þessa máls kom það fram hjá ræðumönnum hv. stjórnarandstöðu, að þeir töldu frv. ganga of skammt í hækkunarátt, og var m. a. vitnað til þeirra hækkana, sem kjaradómur tildæmdi opinberum starfsmönnum á árinu. Það er rétt, að opinberir starfsmenn fengu að þessu sinni meiri hækkanir en almennt gerast vegna kjaradóms, en á það ber að líta í því sambandi, að sú hækkun stafar að mjög verulegu leyti af því, að með kjaradómi hefur allt launakerfi opinberra starfsmanna verið stokkað upp, ef svo mætti að orði komast, bæði með tilliti til þess, að almennt var viðurkennt, að þeir höfðu dregizt aftur úr öðrum stéttum í kjaramálum, svo og með tilliti til þess að ákveða hinum ýmsu starfshópum hjá ríkinu laun í samræmi við kröfur til menntunar og mismunandi ábyrgðar, sem einstökum störfum fylgir. Slík endurskoðun var að flestra eða allra dómi tímabær og nauðsynleg og getur ekki með réttu flokkazt undir það, sem við er átt, þegar talað er um almenna kauphækkun. Er þess að vænta, að sá grundvöllur, er kjaradómur hefur lagt að nýju launakerfi opinberra starfsmanna, haldist um margra ára skeið. Þeir eru a. m. k. bundnir af þessum fyrsta úrskurði kjaradóms í 2½ ár og eiga þess ekki kost á þeim tíma að fá kjörum sínum breytt nema til samræmis við almennar launabreytingar. Ég tel þess vegna, að þegar svo er komið, að hækka þarf bætur almannatryggingakerfisins, eins og lagt er til í frv., þá sé eðlilegt að miða við hinar almennu launahækkanir, eins og áður hefur verið gert, en ekki við hækkun kjaradóms á launum opinberra starfsmanna. Sú hækkun var eins konar undantekning frá þeirri reglu, að sömu eða svipaðar launahækkanir gangi yfir allt launakerfið, og áður hafa hækkanir á bótum almannatrygginga ekki fylgt hækkunum á launum opinberra starfsmanna fremur en annarra launþega. Í framhaldi af þessum hugleiðingum vil ég svo leyfa mér að vekja athygli á þeirri yfirlýsingu í grg. frv., að ef um frekari almennar launahækkanir verði að ræða, verði hækkun bótanna að sjálfsögðu endurskoðuð, þegar vitað er, hversu miklar þær launahækkanir verði.

Frv. gerir ekki ráð fyrir hækkun fjölskyldubóta af ástæðum, sem frá er skýrt í grg., en ég leyfi mér að vekja athygli á þeirri breytingu á almannatryggingalögunum varðandi fjölskyldubætur, sem tekur gildi nú um áramótin. Þá hefjast greiðslur fjölskyldubóta með öllum börnum án tillits til annarra bóta, svo sem áður hefur gilt. Þetta er mikil réttarbót fyrir einstæðar mæður og feður og hefur í för með sér 19.4 millj. kr. útgjaldaaukningu fyrir tryggingarnar á næsta ári.

Sú árátta hv. stjórnarandstöðu að telja allt, sem ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar gera, vera einskis virði og minna en það, kom glöggt í ljós við 1. umr. þessa máls. Hv. 5. þm. Vestf., hv. 5. þm. Reykv., hv. 5. þm. Austf. og hv. 1. þm. Austf. mega ekki heyra það nefnt, að bætur þær, sem hinir tryggðu fá úr almannatryggingakerfinu, hafa margfaldazt í tíð núv. ríkisstj. Og af því að þessi staðreynd er eitur í þeirra beinum, reyna þeir að gera eins lítið og þeim er framast unnt úr aðgerðum stjórnarflokkanna í tryggingamálunum.

Samt brá svo við á dögunum, þegar ég nefndi

það við 1. umr. um þetta frv., að fyrir samstarf stjórnarflokkanna hefði svokallað skerðingarákvæði verið afnumið og einnig afnumin skipting landsins í verðlagssvæði, þá viðurkenndi hv. 5. þm. Vestf., að þetta væri raunar harla gott, og vildi eigna sjálfum sér árangurinn, af því að hann hefði oft flutt till. í þessa átt. Þetta er út af fyrir sig viðurkenning, sem stjórnarflokkarnir geta tekið sér til inntekta, en hv. 5. þm. Vestf. verður aldrei af öðrum en sjálfum sér talinn hafa aðhafzt annað í þessum efnum og á mörgum öðrum sviðum en að flytja gegndarlausar yfirboðstill. utan stjórnar, hafandi haldið að sér höndum, þegar hann sjálfur átti sæti í ríkisstj. Hv. þm. afsakar sig með því, að tryggingamálin hafi heyrt undir annan ráðh. í vinstri stjórninni, og það er rétt, að núv. hæstv. utanrrh. fór þar með þessi mál. Þegar gerðar voru efnahagsráðstafanir vorið 1958, lagði Alþfl. til, að ýmsar breytingar yrðu gerðar á almannatryggingalögum, en fékk þeim till. ekki framgengt. Af hverju? Af því að það stóð á samstarfsflokkum Alþfl. í þáv. ríkisstj. að samþykkja till. hans þá. En hvort það hafi verið hv. 5. þm. Vestf. eða hv. 1. þm. Austf., sem var þar helzti þrándur í götu, get ég ekki dæmt um. Það mega þessir ágætu menn bítast um sín á milli mín vegna. En með því að ráðh. tryggingamálanna fékk ekki till. sínum framgengt vorið 1958, skipaði hann nefnd til að endurskoða almannatryggingalögin í júlí 1958. Ber skipunarbréf n. með sér, hverjar voru till. Alþfl., en í því segir m. a., að endurskoðunin skuli miðuð við það að bæta hlut lífeyrissjóðsþega, og þá sérstaklega athuga um hækkun grunnupphæða elli-, örorku- og barnalífeyris, enn fremur allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna, einnig greiða lífeyri með barni látinnar móður, enn fremur jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögum.

Í nefnd þessari áttu sæti Hjálmar Vilhjálmsson, Jóhanna Egilsdóttir, Adda Bára Sigfúsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Helgi Jónasson, Gunnar Möller og Sverrir Þorbjörnsson. Var með skipun þessarar nefndar lagður grundvöllur að því mikla starfi, sem síðan hefur verið lagt í það að endurskoða lögin og fullkomna almannatryggingarnar til hagsbóta fyrir hina tryggðu. Sú framkvæmd hefur öll orðið fyrir tilverknað núv. stjórnarflokka. Stjórnarandstaðan hefur þar af engu að státa öðru en lítt hugsuðum og oft flausturslegum yfirboðum.

Það eru nú bráðum 3 ár síðan skerðingarákvæðin voru felld úr gildi. Við afnám þeirra fjölgaði bótaþegum um hátt á annað þúsund og bein útgjöld tryggingganna hækkuðu um tugi millj. kr. á ári. Á þessu ári hefur landið allt verið gert að einu verðlagssvæði, og við það fá 5282 bótaþegar, sem áður voru á 2. verðlagssvæði, sömu bætur og greiddar eru á 1. verðlagssvæði. Miðað við fullan elli- og örorkulífeyri samkv. þessu frv., 19 603 kr. á ári, þýðir þetta um 4900 kr. árlega hækkun til hvers bótaþega, sem áður var á 2. verðlagssvæði. Heildarhækkunin til þeirra verður þá um 26 millj. kr. ári, en flestir þessara 5282 bótaþega munu vera búsettir í sveitum landsins, þar sem Framsfl. telur sig eiga bæði ítök og sálir. Afnám verðlagssvæðaskiptingarinnar var framkvæmd þrátt fyrir mótmæli fjölda sveitarstjórna, þar sem framsóknarmenn eru áreiðanlega mikils ráðandi. Á þessum stöðum hagar óvíða þannig til, að gamla fólkið geti dvalizt í elliheimilum, og var þess vegna mikil þörf á að bæta aðstöðu þess. Vafalaust á það gamla fólk í mun meiri erfiðleikum, sem ekki á þess kost að komast á hjúkrunar- eða vistheimili gamalmenna, og hefði þess vegna mátt ætla, að hv. framsóknarmenn segðu nú sem svo: Við viðurkennum afnám skiptingarinnar í verðlagssvæði sem mikilvægt framfaraspor, en áskiljum okkur jafnframt rétt til þess að flytja till. um, að meira sé gert til hagsbóta fyrir það gamla fólk, sem stendur hvað höllustum fæti. En hv. framsóknarmenn tóku ekki þessa afstöðu við 1. umr. um þetta frv. Þeir aðgættu ekki, að 5282 bótaþegar hafa á þessu ári fengið 25% hækkun á lífeyri sinn og fá nú samkv. frv. 15% hækkun til viðbótar.

Aðalræðumaður hv. Framsfl. við 1. umr., hv. 5. þm. Reykv., eyddi allri orku sinni í það að setja upp dæmi, sem átti að sýna, að lífeyrir vistmanna á elliheimilum, sem hann reyndar kallaði ekki lífeyri, heldur styrki, hefði ekki hækkað til samræmis við hækkun daggjalda. Eyddi hann í þetta löngu máli og setti dæmið vísvitandi þannig upp, að allir vistmenn hefðu sama lífeyri, hvort sem þeir væru í sjúkradeildum eða ekki. En þetta skiptir höfuðmáli, vegna þess að tryggingarnar greiða vistgjöld þeirra, sem hjúkrunar þurfa með, að fullu.

Hv. 5. þm. Reykv. ræddi aðallega og eingöngu um elliheimilið Grund, og hef ég síðan af því tilefni kynnt mér, hvernig skiptingin er þar milli venjulegra vistmanna og hinna, sem eru hjúkrunar þurfi. Alls eru á elliheimilinu 329 vistmenn. Þar af fá 269 eða 82% uppborinn allan dvalarkostnað af tryggingunum og sveitarfélögum. En 59, eða aðeins 18%, greiða sjálfir — eða vandamenn þeirra — mismuninn á daggjöldum og ellilífeyri. Auk þess að sleppa viljandi þessu veigamikla atriði, gekk hv. 5. þm. Reykv. einnig fram hjá því atriði, að það eru til önnur vistheimili gamalmenna en Grund, þar sem daggjöldin eru til muna lægri, og nefndi ég sem dæmi um það við 1. umr. m. a. Skjaldarvík á Akureyri, þar sem daggjöld eru 110 kr., Blönduós, þar sem daggjöld eru 100—125 kr. eftir því, hvort margir eru á stofu eða einn, í Keflavík 95—100 kr., á Ísafirði 95—120 kr., á Sólvangi 115—122 kr. og á Akranesi kr. 80.87. Á þessum stöðum öllum dvelst allstór hópur vistmanna, sem býr þannig við mun hagstæðari daggjöld en eru á Grund, en þar eru þau nú 130 kr. fyrir venjulega vistmenn, en 150 kr. fyrir þá, sem hjúkrunar eru þurfi.

Af framansögðu er ljóst, að það er gersamlega út í hött að reikna út dvalarkostnað á sjúkradeild Grundar, eins og hv. 5. þm. Reykv.

gerði við 1. umr., og segja síðan, að venjulegur ellilífeyrir sé nú ekki nema 34% af dvalarkostnaðinum samanborið við 39% árið 1958. Tryggingarnar greiða dvalarkostnað þessa fólks að fullu. Hitt er sanni nær að athuga, hver breytingin er á dvalarkostnaði annars vegar og ellilífeyri hins vegar, t. d. frá 1958, að því er snertir aðra vistmenn en sjúka og ellikrama. Þá kemur þetta í ljós: Daggjaldið 1958 var 65 kr., en er núna 130 kr., hækkun 100%. Ellilífeyrir á 1. verðlagssvæði 1958 var 9211 kr. á ári, en verður frá 1. júlí s. l. með 15% hækkun samkv. frv. 19603 kr. á ári. Hækkun miðað við eitt ár á ellilífeyrinum er þannig 112% á móti 100% hækkun daggjaldanna. Útkoman á þessari athugun, sem ég byggi á upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, er því sú, að hækkun lífeyrisins er mun meiri en hækkun daggjaldanna frá því ári, sem hv. 5. þm. Reykv. valdi sér til samanburðar. Þarna hefur þá hv. 5. þm. Reykv. svarið við því, sem hann þóttist leita að á dögunum, þegar hann hafði uppi mesta tilburði við að reikna út, hver hluti „styrkirnir", eins og hann orðaði það, væru af framfærslukostnaðinum. Og með því að við höfum athugað þetta varðandi dýrasta elliheimilið, sem við þekkjum, þá gefur auga leið, að ellilaunin duga enn þá betur fyrir þá, sem dveljast á hinum ódýrari stöðum, sem ég áðan nefndi.

Af því, sem ég hef rakið hér að framan um framfarir á sviði almannatrygginga, meðan núverandi stjórnarflokkar hafa starfað saman, vænti ég, að það sé nokkuð ljóst, að þessar framfarir hafa orðið í áföngum, og sannarlega hefur mikið verið gert í hverjum áfanga síðustu árin. Ellilífeyrisþegar voru alls 9986 árið 1960, en fjölgaði upp í 11883 árið 1961, og s. l. ár voru þeir orðnir 12356. Þarna segir til sín afnám skerðingarákvæðanna. Í byrjun þessa árs var tekið að greiða öllum lífeyrisþegum jafnt, hvar sem þeir búa á landinu, og við það fengu 5282 25% hækkun, eins og ég gat um áðan. Frá næstu áramótum munu fjölskyldubætur ná til allra, og ýmsar fleiri lagfæringar, sem lögfestar voru s. l. vor, taka þá einnig gildi. Fá þá tryggingarnar heimild til þess að greiða að fullu dvalarkostnað allra vistmanna á elliheimilum, að viðbættum 10% til vistmannanna sjálfra til annarra þarfa. Þannig er markvisst unnið að því að bæta aðstöðu hinna tryggðu, þótt ekki sé unnt að gera alla hluti í einu. Og með tryggingunum á sér stað meiri háttur tilfærsla á tekjum í þjóðfélaginu frá þeim, sem betur eru settir, til hinna, sem minna mega sín. Árleg útgjaldaaukning trygginganna vegna þeirra breytinga, sem samþykktar voru s. l. vor og taka gildi um áramót, var talin nema 44.4 millj. kr. samtals á hinum ýmsu greinum trygginganna, og sú tala hækkar enn vegna ákvæða þessa frumvarps.

Tryggingarnar hafa alla tíð verið baráttumál Alþfl., og það, sem unnizt hefur, hefur af skiljanlegum ástæðum hafzt fram í samvinnu við aðra flokka. Mest hefur áunnizt með samstarfi Alþfl. og Sjálfstfl., en Framsókn hefur oft verið málefnum trygginganna fjandsamleg og kommúnistar tómlátir. Við 1. umr. um þetta frv. gætti mjög þessarar afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna, eins og ég sýndi fram á bæði þá og nú. Ég gat þess þá í lok máls míns, að ég teldi þá ellilífeyrisþega, sem ekki eiga þess kost að komast á dvalarheimili, vera verr setta en vistmenn elli- eða hjúkrunarheimila, og ég lýsti yfir þeirri skoðun minni, að næsta átakið, sem gera þyrfti í tryggingamálunum, væri að bæta hlut þessa fólks. Þá skeði það, sem mér finnst vera táknrænt fyrir afstöðu Framsfl. til trygginganna. Formaður flokksins, hv. 1. þm. Austf. (EystJ), spratt á fætur og kvaddi sér hljóðs, og hefði mátt ætla, að það væri í því skyni að taka undir mína skoðun að þessu leyti. En það var nú eitthvað annað. Hv. 1. þm. Austf. átti það erindi eitt í ræðustól að þessu sinni að bera fram rótarlegan útúrsnúning út úr máli mínu. Hann kvað röksemdafærslu mína hafa verið á þessa lund, og nú tilfæri ég orðrétt það, sem hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess að ríkið borgar að fullu fyrir suma, má hinum standa á sama, hvort það er meira eða minna, sem þeir fá nú samanborið við það, sem var 1958."

Þetta er svo lágkúrulegur málflutningur hjá formanni annars stærsta stjórnmálaflokks landsins, þegar til umræðu er jafnmikilvægt mál og almannatryggingarnar, að engu tali tekur. Hv. þm. hefur ekki annað til þeirra mála að leggja en tóman skæting, og er það reyndar oftar, sem sami hv. þm. viðhefur þessa aðferð í umr. hér á Alþ. um mikilvæg mál. Ég ætla mér ekki að reyna að kenna hv. þm. betri siði, það er sennilega of seint, eins og komið er fyrir honum. En afstaða hans til almannatrygginganna markast enn af þeirri afstöðu, sem hann hafði, þegar hann lét sér þau orð um mun fara, að engin vitglóra væri í frv. um almannatryggingar, þar sem það hefði milljónaútgjöld í för með sér. Hv. 1. þm. Austf. er sem sagt á móti tryggingunum eins og áður og gerir sér ekki það ómak að kynna sér einstök atriði varðandi þær.

Ég hef nú, að því er ég tel að gefnu tilefni, gerzt nokkuð langorður um þetta mál. Það væri freistandi að rekja lítið eitt ummæli hv. 5. þm. Austf. við 1. umr. um lífeyrissjóðina og þá breytingu, sem verður á stöðu þeirra gagnvart almannatryggingunum. En þar sem ég tel, að þessi ummæli hafi verið byggð á tómum misskilningi, læt ég mér nægja að benda hv. þm. á að lesa sér til um málið í grg. með frv. til l. um almannatryggingar, sem Alþingi afgreiddi sem lög á s. l. vori.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það hefur verið látið í veðri vaka af þeim, sem standa að þessu frv., að nauðsynlegt væri að hraða því í gegnum þingið, og ég tel það ekki óeðlilegt, ef á að fara að greiða út bætur mjög

fljótlega fyrir þetta ár. En mér virtist það samt koma fram í ræðu hv. frsm., að hann hefði ekki sérstakan áhuga á þessu, vegna þess að nú við þessa 2. umr. hélt hann áfram þeim deilum, sem urðu hér við 1. umr. þessa máls og ekki virtist vera ástæða til að fara að rifja upp að þessu sinni, ef mjög hefði legið á því að hraða afgreiðslu málsins. En fyrst hv. frsm. hefur valið þessa aðferð, þá vona ég, að mér verði ekki láð það, þótt ég gerist hér kannske eitthvað langorðari en ég ella mundi hafa orðið.

Ég vildi svo, áður en ég vík að ræðu hv. frsm., lýsa skrifl. brtt., sem ég leyfi mér að leggja fram til forseta. Efni hennar er, að í staðinn fyrir það, þar sem talað er um 15% hækkun í frv., komi 25% hækkun. Ég vil láta það álit uppi, að ég hefði talið eðlilegt, eins og ég lýsti við 1. umr. þessa máls, að þessi hækkun yrði meiri, en það kom fram við 1. umr., að það var algerlega útilokað, að hæstv. ríkisstj. mundi fallast á að veita lífeyrisþegum að þessu sinni sömu hækkun og opinberir starfsmenn hafa fengið, og þess vegna fannst mér hyggilegt, fyrst auðséð var, að það fengist ekki fram, að reyna hér nokkra millileið. Ég held, að með því að vísa til þess, sem orðið hefur á þessu sumri í efnahagsmálunum, sé mjög auðvelt að rökstyðja það, að hér er farið fram á mjög takmarkaða hækkun, þar sem lagt er til, að þetta verði hækkað um 25%. Á þeim tíma, síðan almannatryggingalögin voru afgreidd frá seinasta Alþingi, í aprílmánuði s. l., hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 16 stig, eða það lætur nærri, að dýrtíðin hafi á þeim tíma samkv. henni aukizt um 12%.

Nú virðist ekki fjarri lagi að áætla, að ellilífeyririnn sé 40% af eðlilegum framfærslukostnaði og það lágum framfærslukostnaði einstaklings, og ef maður reiknaði fullar bætur, 12% á allan framfærslukostnaðinn, þyrfti ellilífeyrir, sem er 40%, að hækka um 30%, svo að hér er meira að segja ekki gert ráð fyrir því með þessari hógværu till., að lífeyrisþegar fái alla þá dýrtíðaraukningu bætta, sem hefur átt sér stað síðan í apríl í vor, þegar almannatryggingalögin voru sett, en lengra var ekki talið vogandi að ganga, í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar fengjust þó til að veita nokkru meiri bætur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Að sjálfsögðu er svo ætlazt til þess, að ef hækkanir verða á almennu kaupgjaldi hér frá, komi það fram til hækkunar hjá lífeyrisþegum, þó að síðar verði. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að sinni að mæla frekar fyrir þessari till., en afhendi hana herra forseta.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að því, sem kom fram í ræðu frsm., þegar hann var að halda langan lestur um það, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefði áorkað í tryggingamálunum, og færa henni það helzt til gildis. Það voru tvö atriði, sem hv. frsm. nefndi sérstaklega. Annað var afnám skerðingarákvæðanna, hitt var það, að landið hefði verið gert að einu verðlagssvæði. En er það nú rétt af hv. frsm. að þakka núv. ríkisstj. afnám skerðingarákvæðanna? Ég veit ekki betur en það sé allt önnur ríkisstj., sem hefur komið fram ákvæðinu um afnám skerðingarákvæðanna. Ég veit ekki betur en það standi skýrum orðum í almannatryggingalögunum frá 1956, að skerðingarákvæðin skuli niður falla í árslok 1960, og það hafi verið samkv. þeim lögum, sem skerðingarákvæðin féllu niður, en ekki vegna atbeina hæstv. núv. ríkisstj. Það var samþ. á þinginu 1955, þegar almannatryggingalögin frá 1956 voru til umr., að skerðingarákvæðin skyldu ganga úr gildi í árslok 1960, eins og þau líka gerðu. Hæstv. ríkisstj. gerði þess vegna ekkert annað í þessum efnum en framfylgja því, sem önnur ríkisstj. var búin að koma fram, og ég tel, að hún eigi ekki neinar sérstakar þakkir skildar fyrir það. Þetta var ákveðið í almannatryggingalögunum frá 1956, sem voru sett undir forustu Steingríms Steinþórssonar, sem þá var félmrh., og það er þess vegna honum að þakka, en ekki núv. hæstv. ríkisstj., að skerðingarákvæðin eru fallin niður.

Hv. frsm. gerði sér mjög tíðrætt um þá breytingu, að landið hafi verið gert að einu verðlagssvæði, sem var mjög merkilegt mál. Mér finnst, að ég hafi nú sérstaka ástæðu til þess að rifja það mál nokkuð upp, því að það var einmitt í sambandi við það mál, sem ég hlaut þá nafngift í stjórnarblöðunum að vera kallaður 11. þm. kommúnista. Þess vegna finnst mér nokkur ástæða til þess að rekja nokkru nánar aðdraganda þess, fyrst á þetta efni er minnzt.

Í sambandi við löggjöf, sem ríkisstj. setti, þegar hún kom fram viðreisninni svokölluðu á Alþ. í marz 1960, gerði hún nokkra breytingu á almannatryggingalöggjöfinni. Í sambandi við það frv. lagði Hannibal Valdimarsson, hv. 5. þm. Vestf., fram þá till. við 2. umr. málsins í þessari hv. d., að landið skyldi gert að einu verðlagssvæði, og þessi till. kom til atkv. hér í þinginu 24. marz 1960. 24. marz 1960 kom til atkv. till. hér í þinginu um að gera landið að einu verðlagssvæði, og hefði ekki mátt ætla, að samkv. þeim mikla áhuga, sem stjórnarsinnar þykjast nú hafa fyrir þessu máli, hefðu þeir staðið sem einn veggur að því að koma þessari breytingu fram, fyrir ekki meira en tæpum þremur árum, 24. marz 1960? En Alþingistíðindin sýna annað. Þau sýna það, að þessir hv. þm. hafa þann 24. marz 1960 greitt atkv. gegn því, að landið yrði eitt verðlagssvæði, og greitt þar atkv. með því, að verðlagsskiptingunni yrði haldið áfram. Og nú les ég nöfn þessara hv. þm., eins og þau eru birt í þingtíðindum, samkv. þeirri röð, sem þar er, og þeir hv. þm., sem þá greiddu atkv. gegn því 24. marz 1960, að landið væri gert að einu verðlagssvæði, eru þessir: Benedikt Gröndal, Birgir Finnsson, Birgir Kjaran, Geir Hallgrímsson, Einar Ingimundarson, Emil Jónsson, Sigurður Bjarnason, Guðlaugur Gíslason, Unnar Stefánsson, Gunnar Gíslason, Gylfi Þ. Gíslason, Ingólfur Jónsson, Einar Sigurðsson, Jónas G. Rafnar, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur Thors, Pétur Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir, Sig-

urður Ágústsson, Sigurður Ingimundarson, Alfreð Gíslason bæjarfógeti og Jóhann Hafstein. Sem sagt, allir stjórnarþm., sem þá áttu sæti í Nd., 24. marz 1960, greiða atkv. gegn því, að landið verði gert að einu verðlagssvæði. Meiri var ekki áhuginn þá fyrir þessu máli heldur en þetta, að með sínu atkv. studdu þeir allir að því, að þetta mál yrði fellt, og það var fyrst, þegar seinustu alþingiskosningar fóru að nálgast, á þinginu 1962, sem þeir tóku þetta upp og létu það ná fram að ganga. En 2 árum þar áður voru þeir ekki lengra komnir í þessum efnum en að þeir fylktu sér um að fella þessa breytingu. Og þegar þessi forsaga hv. stjórnarþm. er athuguð, finnst mér, að þeir geti ekki sýnt neitt sérstakt stærilæti yfir því, að þeir hafi verið baráttumenn fyrir að fella skiptingu landsins í verðlagssvæði úr lögum, þar sem þeir fyrir tæpum þremur árum allir saman hér í Nd. greiða atkv. með því, að landið verði áfram tvö verðlagssvæði.

En það var meira, sem gerðist í sambandi við þetta mál, sem rétt er að vekja athygli á. Það gerðist nefnilega, að ég ásamt 3 framsóknarmönnum öðrum greiddi atkv. með þessari till. Hannibals Valdimarssonar, hv. 5. þm. Vestf., og ég greiddi einnig atkv. með nokkrum fleiri till., sem hann flutti við þetta tækifæri. Hvernig var nú þakklætið, sem ég fékk fyrir þetta í stjórnarblöðunum, að hafa stutt þetta mikla áhugamál, sem stjórnin talar nú um að hafi verið henni fyrr og síðar? Það var þannig, að eftir þetta hlaut ég nafngiftina í stjórnarblöðunum að vera kallaður 11. þm. kommúnista. Það var sem sagt hreint álit stjórnarblaðanna á þeim tíma, að það væri hreint og beint kommúnistískt ódæði að láta sér detta í hug að gera landið að einu verðlagssvæði og sjálfsagt að stimpla þá, sem létu sér detta þá ósvinnu í hug, hreina og beina kommúnista. Fyrir þetta mál var það á sínum tíma, sem ég fékk nafnið 11. þm. kommúnista. Og svo koma þessir menn fram og halda um það langar ræður, að þeir hafi verið miklir áhugamenn og baráttumenn fyrir því að gera landið að einu verðlagssvæði, — menn, sem fyrir þremur árum stimpluðu þetta hálfgert eða algert kommúnistískt ódæði. Ég held, að þegar þessi saga er rakin, þá geti hv. stjórnarsinnar ekki verið neitt hreyknir af sinni framkomu í þessum efnum.

Ég vík þá örlítið að því, sem um var deilt hér við 1. umr., og það var það, hvað hefði gerzt í þessum málum í vinstri stjórninni. Því var haldið þá fram af hæstv. félmrh., að Alþfl.-menn hefðu á sínum tíma lagt fram ákveðnar till. í vinstri stjórninni um endurbætur í tryggingamálum. Alþýðublaðið sjálft hefur orðið til þess að fletta ofan af því, hvernig þessu var háttað. Þessu var þannig háttað, eftir því sem Alþýðublaðið segir frá og líka stendur í þingtíðindunum: Ráðh. Alþfl. lögðu til, að það yrði athugað að gera breytingar á almannatryggingalögunum. Og það var líka strax fallizt á að gera þessa athugun, því að eins og hv. frsm. skýrði frá áðan, var í þeirri ríkisstj. skipuð sérstök nefnd til athugunar á þessum málum, og þar með var gert það, sem Alþfl. fór fram á, athugun um endurbætur á tryggingalöggjöfinni. Það var strax fallizt á þetta og skipuð nefnd til þess að láta þessa athugun fara fram. En eins og skýrt kemur fram í því, sem Alþýðublaðið hefur um þetta birt innan gæsalappa, var eingöngu talað um að láta fara fram athugun, en ekki gerðar neinar beinar efnistillögur.

Þá var hv. frsm. að víkja að því, sem ég hefði sagt, þegar þetta mál var seinast rætt hér í d., um samanburð á ellilífeyri og dvalarkostnaði á elliheimilinu Grund. Ég nefndi dvalarkostnað á elliheimilinu Grund fyrst og fremst til þess að sýna þær breytingar á framfærslukostnaði, sem orðið hefðu á þessum tíma, því að ég tel, að dvalarkostnaður á elliheimilum sýni miklu réttari mynd af þessu en jafnvel framfærsluvísitalan, vegna þess að framfærsluvísitalan er miðuð við fjölskyldu, sem hefur að ýmsu leyti aðrar þarfir en gamla fólkið. Og gamla fólkið notar nokkuð aðrar vörur t. d. heldur en fjölskyldufólk, — fólk, sem hefur börn, og það vill nú þannig til, að einmitt þær vörur, sem eldra fólkið notar alveg sérstaklega, hafa hækkað langsamlega mest, því að ef við flettum upp í framfærsluvísitölunni, þá sjáum við t. d., að mjög margar matvörur og einmitt þær matvörur, sem mest er keypt af, hafa hækkað síðan í marz 1959 um 88 stig og jafnvel meira. En sá útreikningur, sem ég birti hér á síðasta fundi, þegar þetta mál var rætt, um dvalarkostnað á elliheimilinu Grund, með hliðsjón af elliheimilunum, lítur þannig út, og ég vil taka það fram, að þær upplýsingar, sem ég er hér með um dvalarkostnað á elliheimilinu Grund, eru komnar frá heimilinu sjálfu. Árið 1958 nam ellilífeyririnn hjá einstaklingi á fyrsta verðlagssvæði 9955 kr., en þá var dvalarkostnaðurinn á almennu deildinni á elliheimilinu Grund til jafnaðar á því ári 21900 kr., eða m. ö. o., að á þessum tíma nam ellilífeyririnn 45% af dvalarkostnaðinum. Í ár lítur þetta þannig út, og ég skal taka það fram, að það er miðað við þann ellilífeyri, sem greiddur er nú, en ekki það, sem verður, eftir að þetta frv. er komið í gegn, því að það er fyrst og fremst miðað við daginn í dag, þá er ellilífeyririnn 18240 kr., en dvalarkostnaðurinn á almennu deildinni á Grund er 46800 kr., eða m. ö. o., ellilífeyririnn nú er ekki nema 39% af dvalarkostnaðinum. Það má vel vera, að þetta geti verið eitthvað breytilegt, en ég hygg, að þessar tölur gefi nokkra hugmynd um þá aukningu, bæði á ellilífeyrinum annars vegar og dvalarkostnaðinum hins vegar, sem orðið hefur í landinu á þessum tíma.

Hitt er að sjálfsögðu rétt og það skal fúslega viðurkennt, að hjá þeim, sem búa á þeim svæðum, sem áður tilheyrðu 2. verðlagssvæði, lítur þetta nokkuð öðruvísi út. Þar hefur ellilífeyririnn hækkað tiltölulega meira miðað við dvalarkostnaðinn heldur en hér í Reykjavík,

en að sjálfsögðu miða ég í framsöguræðu minni vitanlega fyrst og fremst við það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir hér á Alþingi.

Eins og ég hef áður rakið, er það ekki hæstv. ríkisstj. að þakka, að þetta ákvæði, að gera landið að einu verðlagssvæði, er komið til framkvæmda, þar sem hún eða hennar flokkar fyrir tæpum 3 árum greiddu atkv. gegn því hér á Alþingi, heldur var það fyrst og fremst barátta stjórnarandstæðinga, sem áorkaði því, að þetta mál næði fram að ganga.

Það væri mikil ástæða til þess að ræða nokkru nánar um þessi mál, en vegna þess að ég hygg, að það sé rétt hjá hæstv. ríkisstj., að það sé nauðsyn á, að þetta mál komist sem fyrst í gegnum þingið, þá vil ég ekki eyða meiri tíma að sinni, enda mun sennilega gefast síðar tækifæri til að ræða nánar um þessi atriði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 110) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur skýrt mér frá því, að hann leggi mikið kapp á það, að þessu máli sé hraðað, og get ég vel skilið það. Það er ekki svo ýkja langt til jóla, og auðvitað þarf jólagjöf að berast fyrir jólin. En dálítið undarlega ber nú að 2. umr. um þetta mál, sem átti að hraða svo mjög. Það er í fyrsta lagi það, að þegar málið er tekið á dagskrá, er ekki komið nál., ekki einu sinni frá meiri hl., því síður að nokkur þm. viti, hvaða till. séu á ferðum. Nú er Alþb. þannig statt, að það á ekki fulltrúa í nefndum, og þegar svo stendur á eins og nú, að engin vitneskja fæst í gegnum nál. um það, hver hafi orðið niðurstaða n. í tillöguformi um meðferð málsins, væri sanngjarnt, að Alþb. væri að jafnaði gefinn frestur til að athuga mál, eftir að það kemur úr nefnd, þegar svo ber undir, að mál koma með eðlilegum hætti frá nefnd, áður en umr. hefjast um málið. En í þetta sinn vildi svo til, að einn þeirra flokka, sem á fulltrúa þó í n., bað um frest til þess að ganga frá afstöðu sinni til málsins, að mér skilst. Og þarna gat Alþb. gefizt einnig tóm til þess að athuga málið, hefði haft nóg tóm til þess og að boða sínar till., en till. fengum við ekki fyrr en eftir að hléið hafði verið veitt, till. meiri hl. Í annan stað er það svo dálítið einkennilegt, að þegar 2. umr. máls fer fram, sem hæstv. ríkisstj. biður stjórnarandstöðuna um að hraða og tefja ekki, þá sér frsm. hæstv. ríkisstj. einmitt ástæðu til að troða illsakir við stjórnarandstöðuna og það á þann veg, að hann er enn að gera tilraun til að verja margopinber ósannindi, sem borin hafa verið fram í þingsölunum, og held ég, að slíkt hefði hvorki átt heima í framsöguræðu fyrir nefnd undir svona kringumstæðum né heldur af hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, og mun hann ekki auka virðingu sína í augum þm. með slíku framferði, það þori ég að fullyrða.

Ég boðaði það við 1. umr. málsins, að Alþb. mundi bera fram till. um það, að í stað þess, að bætur almannatrygginga að undanteknum fjölskyldubótum skyldu hækka um 15%, eins og lagt er til í þessu frv., mundi Alþb. leggja til, að bæturnar hækkuðu um 40%. Og ég rökstuddi það þá með því, að breytingar til hækkunar á bótum almannatrygginga hefðu jafnan fylgt þeirri hækkun, sem orðið hefði á launum opinberra starfsmanna og verkafólks, sem jafnan hafa farið þannig fram, þessar hækkanir, að verkalýðurinn hefur brotizt í gegn með sínar kauphækkanir á undan, og svo hafa opinberir starfsmenn fengið venjulega sömu prósentuhækkun á sín laun nokkru síðar með löggjafarákvörðun á Alþingi, en frá sama tíma og verkalýðurinn hefur fengið sínar hækkanir. Að þessu sinni bar hins vegar það við, að launahækkanir til verkafólks höfðu á þessu ári orðið í tvennu lagi, í ársbyrjun 5% og fyrir mitt ár eða í júnímánuði s. l. 7½%. En opinberir starfsmenn höfðu síðar á sumrinu, eða nánar tiltekið frá byrjun júlímánaðar, fengið, að því er talið er af hagfróðum mönnum, 45% meðaltalshækkun á sín laun. Hverju áttu nú hækkanir til gamla fólksins og þeirra annarra, sem njóta bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, að fylgja, verkafólkinu, sem til bráðabirgða hefur fengið 13% kauphækkun til að byrja með, en öll mál verkafólksins eru nú til nýrrar endurskoðunar, eða þá launagreiðslum til hinna opinberu starfsmanna, sem fengið höfðu 40—45% meðaltalshækkun, eða nánar tiltekið 20—90% hækkun? Hæstv. ríkisstj. gerði sitt val. Hún var ekki í neinum vafa um það, að bæturnar til gamla fólksins áttu að vera í samræmi við þá, sem minnst höfðu fengið, og um það er þetta frv.

Það var upphaf máls hjá frsm., hv. 2. landsk. þm. (BF) áðan, að n. mælti með frv. og teldi hún sjálfsagt, að bótahækkanir til gamla fólksins og til bótaþega tryggginganna ættu fremur að fylgja kauphækkunum verkafólks heldur en opinberra starfsmanna. Hans rökstuðningur fyrir þessu var sá, að með þessu væri verið að gera hlut gamla fólksins betri, þessar hækkanir til opinberra starfsmanna væru bundnar svo lengi, að það væri miklu eðlilegra að hafa vonina í væntanlegum hækkunum verkafólksins, sem kynnu að koma smátt og smátt. Nú vil ég vona alls hins bezta í því efni, að hlutur verkafólksins verði um síðir ekki lakari en opinberra starfsmanna. En samt sem áður er ég þeirrar skoðunar, að það hefði verið full þörf á því, að gamla fólkið hefði fengið sínar bætur frá 1. júlí, og hefði þá ekki verið úr vegi fyrir hæstv. ríkisstj. að gefa út brbl. um það, svo að það drægist ekki úr hömlu, að gamla fólkið fengi þessar bætur. Það var ekki gert og það var ekki heldur lagt fram, þetta merkilega frv., í byrjun þings, nei, heldur rétt þegar leið að jólum, þá var kominn tími til þess. Þá mátti það ekki lengur dragast. Og þá held ég því fram og við þm. Alþb., að till. um breytingar hefðu átt að vera í samræmi við þá allsherjarbreytingu, sem orðið hefur á sumrinu á launum

opinberra starfsmanna, a. m. k. 40% hækkun. Það er sjálfsagt gott fyrir gamla fólkið að lifa í voninni um, að það eigi smátt og smátt að fá þær hækkanir, sem verða á almennu kaupi verkafólks, en það lifir ekki á voninni einni saman, og hefur þó orðið að lifa á því frá 1. júlí s. l. án þess að fá neinar bætur.

Þegar hv. frsm. n. hafði gert grein fyrir þessari skoðun, að hann teldi miklu eðlilegra og betra fyrir gamla fólkið að fá hækkanir á sínum bótum í samræmi við almennar kauphækkanir verkafólks heldur en það, sem þegar hefur gerzt viðvíkjandi hækkun á launum opinberra starfsmanna, vék hann að því að gylla hæstv. ríkisstj. enn og afrek hennar í tryggingamálunum. Stórkostlegar endurbætur hafa verið gerðar á tryggingalöggjöfinni í tíð núv. hæstv. ríkisstj. En stjórnarandstaðan er svo svívirðileg, hún er svo ofstækisfull fram úr hófi, að hún telur þetta allt saman verra en ekkert, allar þessar stórkostlegu umbætur á tryggingalöggjöfinni, allt verra en ekkert. Og einmitt af því að bæturnar eru svo stórkostlegar, þá er þetta allt saman eitur í þeirra beinum, eitur í beinum þessara ofstækismanna, sem telja allt verra en ekkert, sem stjórnin gerir bezt. Þetta er ljóta fólkið, þetta er illþýði hið mesta, það er alveg greinilegt. Stjórnarandstaðan, það er ekkert fyrir hana gerandi. En hann lætur kannske gera eitthvað fyrir gamla fólkið þrátt fyrir hina vondu stjórnarandstöðu.

Hvernig er um þessa margföldun á bótum tryggginganna, hvernig er um margföldunina? Ætli þeim hafi ekki skeikað eitthvað í margföldunarlistinni? Það hefur orðið hækkun í krónutölu á bótum almannatrygginga nokkrum sinnum, en þó aldrei þannig, að verðgildi tryggginganna ykist, alltaf hefur heldur dregið aftur úr með það, og bætur tryggginganna hafa dugað minna, haft minni kaupmátt, hækkað minna en verðlagið hefur áður hækkað, og þannig hafa þessar margföldu endurbætur hæstv. ríkisstj. á tryggingunum ekki orðið fullar bætur. Tryggingarnar eru, eins og margsýnt hefur verið fram á hér við 1. umr. málsins, ekki eins góðar og þær voru áður. Tryggingarnar hafa dregizt aftur úr, þeim hefur hrakað, og er þar alveg sérstaklega um að ræða afturför að því er snertir ellilífeyrinn. Það eru talandi tölur, sem hér hafa verið nefndar, að matvælavísitalan hefur hækkað síðan í marz 1960 um 78%, og það eru meginútgjöld gamla fólksins að kaupa sinn mat, klæði eða fatnaður hefur hækkað um 46%, en hækkanirnar á ellilífeyri á sama tíma eru 27%. Þetta er margföldunin á tryggingunum, svona er hún í tölum, opinberum tölum ríkisstj. sjálfrar. Það blandast engum hugur um það, að þetta þýðir lakari tryggingar en áður voru, það þýðir afturför, og veitti því sízt af öllu af að láta gamla fólkið og aðra bótaþega nú njóta þess réttlætis að fylgja með hækkunum launa til opinberra starfsmanna, eins og alltaf hefur verið siður fram að þessu, þangað til sú regla er nú brotin af hæstv. ríkisstj.

Þá kemur sálmurinn um blómið, þá kemur sálmurinn um það, að ég hafi hins vegar ekkert gert í þessum málum, þegar ég hef verið í ríkisstj., enn þá einu sinni endurtekinn. Alþfl.-menn eru búnir að fara með þetta fleipur í umr. á Alþingi, í útvarpsumr. frammi fyrir þjóðinni, að bregða mér um það, að ég hafi, þegar ég hafi verið félmrh. í vinstri stjórninni, ekkert gert i tryggingamálunum. En hver er sannleikurinn? Sannleikurinn er sá, að það var Alþfl.-maðurinn Guðmundur Í. Guðmundsson, sem fór með tryggingamálin í vinstri stjórninni eftir harðsvíraðri kröfu Alþfl. sjálfs um það, að þessi málaflokkur skyldi heyra undir Alþfl. og engan annan í þeirri stjórn, ef hann ætti að taka þátt i henni á annað borð. Þegar það því var sagt í útvarpsumr. hér fyrir skömmu, að það versta af öllu, sem vinstri stjórnin hefði gert, hafi verið aðgerðaleysi hennar í tryggingamálunum, þá var verið af þeim hæstv. ráðh., sem þá talaði, en það var hæstv. félmrh., þá var hann ekki að kjaftshöggva mig, hann var að snoppunga sinn eigin flokksbróður, sem hafði tryggingamálin undir sínu ráðuneyti í vinstri stjórninni. Og sé það satt, að vinstri stjórnin hafi þar verst gert að gera lítt eða ekkert í tryggingamálunum, þá hittir það þann ráðh. og engan annan.

Ég gerði það augljóst öllum, sem hér voru viðstaddir við 1. umr. málsins, að sem ráðh. í vinstri stjórninni gat ég allra manna sízt tekið fram fyrir hendur á meðráðh. mínum og flutt brtt. um málaflokk, sem heyrði undir hann. Það mundi vera óheyrt í þingsögunni, að einn ráðh. í ríkisstj. bæri fram frv. eða till. á Alþ. um málaflokka, sem heyra undir samráðh. Ég spurði t. d. núv. hæstv. félmrh., hvort hann teldi sér það fært, hvort hann mundi telja sér það sæma, þó að hann hefði brennandi áhuga fyrir einhverju máli, sem heyrði undir dómsmálin, heyrði þannig undir embætti dómsmrh., — hvort hann mundi telja sér fært að bera fram till. um slík mál, ef hann fengi dómsmrh. ekki til þess. Ég man nú ekki, hvort hann svaraði þessu, en það liggur í augum uppi, að það er ógerningur fyrir samráðh. að haga sér þannig. Þetta er hin fyllsta skýring á því, að ég gat ekki flutt breytingar til umbóta á tryggingalöggjöfinni og gripið þannig fram fyrir hendurnar á þeim ráðh., sem með þau mál fór. Hins vegar er það alkunnugt, að ég hef bæði áður en ég varð ráðh. í vinstri stjórninni og eftir það hamrað á till. til bóta á tryggingunum fyrr og síðar, og hefur það verið nú í þessum umr. viðurkennt, að ég hafi einmitt borið fram till. um að fella niður skerðingarákvæðin og gera landið að einu verðlagssvæði fyrir fáum árum og þá hafi stjórnarmeirihl. að viðhöfðu nafnakalli gerzt ber að því að greiða atkv. á móti till. og það var ekki í fyrsta sinn, sem þeir gerðu það. En svo voru kosningar í vændum, og þá fengu þeir áhuga á málinu. Samt leyfði hæstv. forseti sameinaðs Alþingis, hv. 2. landsk., sér að segja, að kommúnistar hefðu sýnt tómlæti í tryggingamálum fyrr og síðar og verið stundum að bera

fram flausturslegar og lítt hugsaðar yfirborðstill. m. a., — hann meinar Alþb., þegar hæstv. forseti sameinaðs þings talar um kommúnista, þá er það Alþb., hann hirðir ekki um þá mannasiði að nefna flokkana réttum nöfnum, — flausturslegum og lítt hugsuðum till. hafi hann verið að kasta inn í þingið í tryggingamálum. Þarna hafa nú verið nefndar tvær: afnám skerðingarákvæðanna, landið eitt verðlagssvæði. En þessar till. voru ekki vanhugsaðri eða yfirborðslegri en það, að þegar kosningar voru í nánd, þá var hægt að gera þær að sínum till. alveg óbreyttar.

Nú hefur verið hopað í það vígi, að þáv. tryggingamálaráðh., þ. e. í vinstri stjórninni, hafi að vísu verið Guðmundur Í. Guðmundsson, það er játað, að hann hafi farið með tryggingamálin, en hinar góðu till. hans hafi ekki komið fram á Alþingi, af því að hann hafi sætt svo mikilli andspyrnu frá samstarfsflokkunum, Framsfl. og Alþb., í þessum málum. Og þá kiknaði hann, blessaður maðurinn. Þá lét hann það ekki koma í ljós innan þingsalanna, að hann hefði mætt þessari andspyrnu hjá samstarfsmönnunum í ríkisstj., og bar ekki sitt mál undir þingið, eins og sjálfsagt hefði verið, því að till. hans í þessum málum frá dögum vinstri stjórnarinnar finnast ekki í þskj., það er það merkilega. En hitt er sannleikur málsins, að ekki einu sinni innan vinstri stjórnarinnar bar hann fram neinar slíkar till. til umbóta á tryggingamálunum í þingskjalsformi. Það hefur aðeins verið sagt nú í Alþýðublaðinu, að það hafi verið bornar fram af Alþfl. í tíð vinstri stjórnarinnar till. í efnahagsmálum, einu sinni þegar hafi verið erfiðleikar í efnahagsmálum, og þá hafi þar verið ein mgr. um það, að athuga bæri, hvort ekki væri hægt að gera lagfæringar á tryggingunum. Þetta var nú sett innan gæsalappa, en samt var talað þarna um till. Alþýðublaðsins, það kann að hafa verið prentvilla, það hafi átt að vera till. Alþfl. En þessar till. komu aldrei fram í vinstri stjórninni í brtt.-formi við tryggingalögin, og ég get fullyrt það, að Framsfl. er jafnsaklaus af því og Alþb. að hafa beitt sér gegn till. meðráðh. okkar, Guðmundar Í. Guðmundssonar, í þessum málum. Hann kom aldrei með þær tillögur.

Á síðasta þingi var samþ. frv. til l. um breyt. á almannatryggingalögunum. Þá hafði, á árinu 1962, verið gerð smábreyting á tryggingalögunum, þannig að ellilífeyrir hækkaði um 7%. En í þeirri breytingu var ekki haggað við neinum öðrum bótaupphæðum tryggingalaganna. Í þessari nýju löggjöf, sem taka á gildi 1. jan. n. k., er ellilífeyririnn hins vegar og örorkubætur eins og í núgildandi löggjöf, hækka ekki um áramótin. Ég bið hv. alþm. að taka eftir því, að í löggjöfinni, sem tekur gildi 1. jan. n. k., á ellilífeyrir og örorkubætur að vera óbreytt eins og er í núgildandi löggjöf. Þetta er ein af röksemdunum fyrir því, að það er fyllsta nauðsyn til þess að hækka a. m. k. ellilífeyri og örorkubætur meira en um 15%, miðað við þá dýrtíðaraukningu, sem orðin er.

Ég leyfi mér nú að leggja fram, hæstv. forseti, tvær brtt. við 1. gr. þessa frv. Það er í fyrsta lagi, að í stað „15%“ á tveimur stöðum í 1. gr. komi: 40%. Og í annan stað, að við 1. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi: „Allar bótafjárhæðir samkv. 2. mgr. skulu teljast grunnupphæðir og breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.“ Þetta þýðir, að þegar búið væri að bæta við með samþykkt brtt. í 1. lið 40% viðbótum við allar bætur tryggingalöggjafarinnar, þá beri eftir 1. jan. n. k., þegar nýja löggjöfin hefur tekið gildi, að líta á bæturnar eins og þær þá eru sem grunnupphæðir og þá eigi að varðveita verðgildi þeirra bóta, sem þá eru lögfestar, með verðlagsvísitölu, með vísitölu framfærslukostnaðar. Það er vitanlega skammgóður vermir fyrir bótaþegana að fá afgreiðslu á lagfæringum nokkuð í samræmi við dýrtíð á hverjum tíma, þegar svo líður ekki nema mánuður, kannske tæplega það, þangað til þessi ákvæði um bætur hafa misst gildi sitt að verulegu leyti og brunnið upp á eldi dýrtíðarinnar. Þess vegna vænti ég þess, að hv. alþm. fallist á, að nú, um leið og breytingar verða gerðar á bótaupphæðunum, verði jafnframt samþ. till. um, að gildi bótanna framvegis varðveitist með því að hækka samkv. vísitölu framfærslukostnaðar hverju sinni mánaðarlega. Það væri nokkuð varanleg umbót á tryggingalöggjöfinni. Ein af höfuðkröfum verkalýðssamtakanna við þá samningagerð, sem nú stendur yfir, er m. a. þessi, að það kaupgjald, hvort sem það verður nógu mikil hækkun eða lítil, sem fæst, þá verði þær hækkanir, sem fáist og um semjist, varðveittar með verðtryggingu í einhverju formi, annaðhvort vísitölu, eins og áður hefur stundum verið gert, eða með öðrum ráðstöfunum, sem verðtryggi kaupmáttinn. Hvort sem það verður ofan á eða ekki, mætti vel gera þá undantekningu með bótagreiðslur frá almannatryggingunum, að þær væru, jafnvel þó að kaupgjald fengist ekki tryggt á þann hátt, verðtryggðar með vísitölu framfærslukostnaðar.

Ég vil svo, herra forseti, vænta þess, að þessar tvær brtt. við frv. verði samþ., og læt svo máli mínu lokið. Till. eru skriflegar og þurfa því afbrigða, sem ég bið hæstv. forseta að leita.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 111) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur nú verið skýrt frá því hér, að ég hafi óskað eftir, að þetta mál hefði eins skjótan framgang og mögulegt er, og skal ég þess vegna ekki fara út í þessi mál og þessar umr. eins og vert væri, en nokkur atriði kemst ég þó ekki hjá að nefna. Það hefur verið talað um ýmis grundvallaratriði í tryggingalöggjöfinni, og málsmeðferðin verið þannig, að það getur ekki staðizt mótmælalaust, eða ég get

ekki, þó að ég vilji, að málið fái sem greiðastan framgang, látið vera að ræða a. m. k. ögn um þau.

Báðir síðustu ræðumenn, hv. 5. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vestf., héldu því fram, að afnám skerðingarákvæðisins væri miklu eldra en svo, að það gæti verið þessari stjórn að þakka, að það hefði verið afnumið. Ég skal til upplýsingar um þetta geta þess, að afnám skerðingarákvæðisins er ekki komið inn í lögin 1956, eins og hv. 5. þm. Reykv. vildi vera láta, það er eldra í lögum, það er frá 1946. Þá var sett inn heimild til þess að afnema skerðinguna, en í bráðabirgðaákvæðum við frv. var ákveði um, að þetta skyldi vera óbreytt í næstu 5 ár eða til 1951, en 1951 byrjaði frestun á framkvæmd málsins og var haldið áfram oftar en einu sinni, þannig að það var fyrst endanlega ákveðið í 1. frá 1956, að það skyldi falla niður 1960. Það var að vísu frestun líka, mátti segja. En það, sem ég tel vera vel gert hjá þessari ríkisstj., er það, að hún fylgdi l. í þessu efni og frestaði ekki að afnema skerðingarákvæðið, eins og ríkisstj. frá 1951—1956 höfðu gert, einmitt sá félmrh., sem hv. 5. þm. Reykv. vildi eigna, að skerðingarákvæðið var afnumið. Þetta kemst ég ekki hjá því að leiðrétta, því að það er meginatriði í þessu máli.

Um verðlagssvæðin og afnám þeirra er það að segja, að fram undir það síðasta hefur verið andstaða gegn því, að verðlagssvæðamunurinn yrði afnuminn, frá yfirgnæfandi meiri hl. sveitarfélaga þessa lands. Og það, sem réð því, að ekki var farið fyrr í að afnema verðlagssvæðin, var, að sveitarfélögin voru yfirleitt á móti því, að það yrði gert. Það er alveg rétt, að hv. 5. þm. Vestf. hefur sjálfsagt borið fram till. um þetta, um afnám verðlagssvæðanna, en þá stóð málið þannig, þegar till. var borin fram, að það þótti ekki fært af þessum ástæðum, sem ég nú nefndi, að samþ. hana.

Það er ýmislegt fleira, sem kannske væri vert að taka fram í sambandi við þetta, þó að ég fari fljótt yfir. Hv. 5. þm. Vestf. og raunar hv. 5. þm. Reykv. líka töldu, að hækkun bótanna með þessu frv. væri allt of lág, hún ætti að vera miklu hærri. Hv. 5. þm. Reykv. leggur til, að hún verði 25% í staðinn fyrir 15%, og 5. þm. Vestf. leggur til, að hún verði 40% í staðinn fyrir 15%. En það, sem ég sérstaklega vildi mótmæla í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Vestf., er það, að hann marghélt því fram, að þær hækkanir, sem gerðar hafa verið á bótagreiðslunum, hefðu aldrei verið fullar bætur, þær væru ekki eins góðar, tryggingarbæturnar núna, eins og þær hefðu áður verið, og færði því til sönnunar, að matvælavísitalan hafi hækkað um 86 stig, held ég, að hann hafi sagt, og fatnaðarvísitalan um 40 stig á síðustu árum, en á sama tíma hefðu bætur almannatrygginga ekki hækkað nema um 27%. Ég held, að þetta skýrist bezt, ef ég les upp bæturnar á 1. og 2. verðlagssvæði, eins og þær hafa breytzt frá marz 1959, að vísitalan var fest í 100, og til þessa dags, því að vísitöluupphæðin í dag gefur þá hækkun, sem orðið hefur á þessu tímabili.

Í marz 1959 voru lífeyrisgreiðslurnar til einstaklings 829 kr. á mánuði. Í dag, í nóvember 1963, eru greiðslurnar 1519 kr., þannig að hækkunin, sem hefur orðið á þessu tímabili, er 83.2%, og ef 15% eru tekin með, sem nú er lagt til að hækka um, er hækkunin frá marz 1959 og til nóv. 1963 110.7%. Fyrir hjón eru þessar tölur þannig: Lífeyrisgreiðslur til hjóna á fyrsta verðlagssvæði voru í marz 1959 kr. 1327.27 á mánuði, en eru í nóv. í ár kr. 2735.35, þ. e. a. s. hækkun á þessu tímabili um 106.1%, og ef 15% er bætt við, þá er hækkunin 137%.

Á 2. verðlagssvæði lítur dæmið þó enn öðruvísi út, því að þar voru bótagreiðslur til einstaklinga í marz 1959 kr. 622.16. Þær eru í dag 1519.64 kr., þ. e. a. s. hækkunin á þessu tímabili hefur orðið 144.3%, og ef 15% hækkunin, sem nú er gert ráð fyrir, er tekin með, er hækkunin frá marz 1959 180.9% fyrir einstakling, og enn frekari hækkun hefur orðið á lífeyrisgreiðslum hjóna, ef miðað er við 2. verðlagssvæði. Þar voru bótagreiðslurnar fyrir hjón í marz 1959 kr. 995.45, þær eru í dag kr. 2735.35, alveg eins og á 1. verðlagssvæði, þ. e. a. s. hækkunin á 2. verðlagssvæði hefur orðið 174.8%, og ef reiknað er með 15%, sem hér á að bæta við, hefur hækkunin á 2. verðlagssvæði til hjóna orðið 216% á þessu tímabili. Ég tel, að það sé mjög ómaklegt, þegar hv. 5. þm. Vestf. kemur og segir, að það hafi aldrei verið greiddar fullar bætur á þessu tímabili og bótaþegarnir hafi aldrei fengið eins góðan árangur á þessu tímabili og þeir höfðu áður. Þessar tölur tala sínu máli og sýna, hvílík fjarstæða það er að hafa þessi orð, sem hv. þm. segir.

Þá hafa nokkuð dregizt inn í þessar umr. vistgjöldin á elliheimilinu Grund. Ég hef látið athuga það líka, og það er sennilega skiljanleg skekkja, sem komið hefur í þær niðurstöður, sem hv. 5. þm. Reykv. hefur verið með, og það er af því sjálfsagt, að hann veit ekki, að á sjúkradeild Grundar er greitt meira en venjulegur lífeyrir öllum, sem á deildinni eru, eða 20% meira. Og þegar það er tekið með og hækkanirnar, sem núna eru fyrirhugaðar, þessi 15%, þá hefur ekki verið um hlutfallslega lækkun að ræða, heldur um hækkun, það lítið hún er. 1958 hefur hundraðshlutinn í venjulegri greiðslu á sjúkradeild, sem Tryggingastofnunin hefur greitt, verið 43.2%, en verður með þessari breytingu, sem nú er verið að gera, 46%. Það er að vísu ekki um mikla hækkun að ræða, en þó er breytingin í rétta átt. Á almennu deildinni hefur hundraðshluti bótagreiðslnanna af heildarkostnaði verið 1958 42%, en verður með breytingunum, sem nú eru fyrirhugaðar, 45%. Það er að vísu alveg fráleitt, finnst mér, að taka breytingarnar á kostnaði á elliheimilum eða ársvistargjaldi á elliheimilum og leggja þær til grundvallar í þessu sambandi, því að það er svo lítill hluti af þessu gamla fólki, sem hefur tækifæri til þess að

fá dvöl á elliheimilum, og er þess vegna miklu réttara að taka þá breytingu, sem orðið hefur á afkomu þess fólks, sem utan vistheimilanna dvelst. Ég veit t. d. ekkert, hvernig það kæmi út, ef venjulegt tímakaupgjald og breytingin á því á þessu tímabili yrði borin saman við dagkostnað á sjúkrahúsum. Ég efast um, að hlutfallið væri þar nokkru betra. En allt í allt er niðurstaðan af þessum samanburði sú, að það hefur ekki orðið lækkun á hlutfallinu á milli lífeyrisgreiðslna og ársvistargjalda á elliheimilum, heldur þvert á móti hefur orðið lítils háttar hækkun, og hækkun á bótagreiðslum almannatrygginganna til einstaklinga og hjóna á 1. verðlagssvæði, og alveg sérstaklega ef miðað er við 2. verðlagssvæði, þessar hækkanir eru gífurlega miklar miðað við þær hækkanir, sem orðið hafa almennt. Ég vil nú ekki taka þá venjulegu vísitöluhækkun til samanburðar í þessu efni, en þó að maður bara taki matvöruhækkunina, sem sjálfsagt er sú hækkun, sem hv. 5. þm. Vestf. hefur getað nefnt mesta, þá er hún samt ekki nema hluti og tiltölulega lítill hluti af þeirri hækkun, sem orðið hefur á bótagreiðslunum, og er þó ýmis annar kostnaður gamla fólksins náttúrlega nokkur, og hefur hann, sem betur fer, ekki hækkað jafnmikið.

Eins og ég segi, ég ætlaði ekki að stofna til neinna illdeilna um málið, því að mér er akkur í því og ég hef áhuga fyrir því, að málið verði leyst nú sem allra fyrst. En ég gat ekki komizt hjá því að gera þessar aths. við það, sem hér hefur fram komið. Það var verulega um það rætt við 1. umr. málsins, að ég hefði farið með ósatt mál hér, þegar ég taldi, að till. Alþfl. um hreyfingu á þessum málum hefðu ekki fengizt viðurkenndar í vinstri stjórninni, en það er þó orðin nokkur breyting á því nú, því að hv. 5. þm. Reykv. viðurkenndi það, að Alþfl. hefði borið fram till., en þær hefðu bara verið látnar koma strax til framkvæmda. Till. hefðu verið þannig, að það hefði verið hægt. En ég skal ekki fara frekar út í að deila um þetta. Það fæst kannske betur úr því skorið, hver hefur farið með rétt mál þar eða rangt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði í raun og veru að falla frá orðinu til að flýta fyrir því, að þetta mál næði fram að ganga. Ég skal gera það að mestu og nær öllu leyti.

Hv. frsm. sparkaði hér í allar áttir í framsöguræðu sinni með furðulegum hætti, þegar þess er gætt, að sagt er, að mikill áhugi sé fyrir því, að þetta gangi fljótt fram og verði orðið að lögum fyrir 6. þ. m. En þeir hafa svo rækilega svarað honum tveir, að ég sé ekki ástæðu til að bæta miklu þar við. Það er aðeins tvennt, sem ég vil minnast á.

Hann sagði, að ég hefði viðhaft óviðeigandi skæting í mínum málflutningi um daginn. Ég sagði það þá, að það mætti setja hans málflutning í hnotskurn á þann hátt, að hann hefði svarað hv. 5. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni, því, að af því að borgað væri að fullu fyrir suma á elliheimilum og það yrði gert áfram, þá skipti ekki máli, hvernig aðstaða hinna væri samanborið við 1958.

Ég ætla nú þeim, sem lesa þingtíðindin seinna, ef þeir verða einhverjir, að dæma um það, hvort hér var um skæting að ræða eða ekki. Þm. flutti mál sitt þannig, að hann sagði, að röksemdir Þórarins Þórarinssonar, að menn stæðu verr að vígi að greiða daggjöld á elliheimilunum með ellilaununum nú, fengju ekki staðizt vegna þess, að Þórarinn Þórarinsson hefði ekki viljað taka til greina, að borgað væri að fullu fyrir suma. Hvað kom það við ellilaunum til hinna, sem borgað var fyrir menn á sjúkradeildinni á elliheimilinu? Auðvitað kom það ekkert við ellilaunum til hinna, og þess vegna var þetta rétt lýsing á málflutningi hv. þm., sem ég gerði í nokkrum orðum, þó að honum hafi gramizt.

Þá sagði hv. þm., og það vil ég ekki láta standa ómótmælt, að Framsfl. hefði mjög oft verið fjandsamlegur í tryggingamálunum. Ég vil minna á það einu sinni enn, að það var Framsfl., sem ásamt Alþfl. kom hér fyrst fram löggjöf um almannatryggingar, tryggingalöggjöfinni. Og það ætla ég að hafi verið þýðingarmesta skrefið, fyrsta skrefið, sem stigið var, og verið grundvöllur að öllu hinu. Og það var Framsfl., sem ásamt Alþfl. steig þetta skref, en ekki man ég betur en Sjálfstfl. hafi þá verið á móti. Þessu virðast hv. Alþfl.-menn algerlega vera búnir að gleyma, en þetta er engin ástæða til að láta liggja í láginni og ekki heldur hitt, að Framsfl. hefur verið fylgjandi öllum endurbótum, sem gerðar hafa verið á tryggingalöggjöfinni, en aðeins einu sinni lagt til, að frv. um þau efni væri frestað, þ. e. 1945, hygg ég, að það hafi verið, sem við lögðum til, að frv. væri frestað til þess að athuga það betur, sérstaklega til að athuga betur skipulagsbreytingu, sem þar átti að gera. Síðan lætur þessi hv. þm. sér sæma að halda því fram, að Framsfl. hafi a. m. k. mjög oft verið fjandsamlegur tryggingunum, og hann færir m. a. fram þau rök, að einhverjir sveitarstjórnarmenn, sem hljóti að vera framsóknarmenn sumir, hafi mælt í móti því að afnema verðlagssvæðaskiptinguna, þegar það var gert nú fyrir skemmstu. En ekki lét hv. þm. þess getið, að Framsfl. á Alþ. var með því að afnema verðlagssvæðaskiptinguna. Skyldi maður þó halda, að það skipti meira máli í þessu sambandi en hitt, hvað einstakir sveitarstjórnarmenn víðs vegar um landið hafa álitið um þetta. En svona var málflutningur þessa hv. frsm., sem átti að hafa það hlutverk að koma þessu máli fljótt og vel gegnum þingið.

Ég mun láta þetta nægja, því að aðrir hafa drepið á önnur atriði, en ég vil þó að endingu segja út af því, að þeir eru sífellt, — og meira að segja hæstv. ráðh. lét sér sæma að minnast á það nú nýlega, — að þeir eru sífellt að reyna að koma þeirri skoðun inn, að við, sem vorum með Alþfl.-mönnum í ríkisstj., vinstri stjórninni svokölluðu, höfum fellt eða komið fyrir kattarnef endurbótatill. Alþfl. á almanna-

tryggingunum. Við erum nú búnir að marglýsa því yfir hér hver um annan þveran, sem vorum í þessari ríkisstj., að í þessu er engin hæfa og enginn flugufótur fyrir þessu. Alþfl. bar ekki fram neinar endurbótatill. í þeirri ríkisstj., sem við felldum eða vorum mótfallnir að yrðu fluttar. Eins og hv. 5. þm. Reykv. réttilega tók fram, þá voru bornar fram till. um að taka til endurskoðunar alþýðutryggingarnar, og sú endurskoðun var yfirstandandi, þegar vinstri stjórnin fór frá. Það er blátt áfram ósæmilegt að halda áfram að klifa á þessu, þrátt fyrir það að þetta er rækilega upplýst að vera rangt, hvað eftir annað.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að tala langt mál og tel líka sjálfsagt að greiða fyrir því, að þetta frv. fái sem skjótasta afgreiðslu.

Það hefur verið staðfest hér af hæstv. félmrh., að það var ákveðið í almannatryggingalögunum 1956, að skerðingarákvæðið skyldi falla úr gildi 1960, og sést á því, að sú stjórn, sem þá fór með völd, kom þeim málum fram, en núv. stjórn gerði ekki annað en að sjá um, að lögunum yrði framfylgt í þessum efnum. Og það var einnig óbeint viðurkennt af hæstv. félmrh., að ekki síðar en í marz 1960 hefði allt stjórnarliðið hér á Alþ. greitt atkv. gegn því að gera landið að einu verðlagssvæði og meira að segja ég kallaður kommúnisti, 11. þm. kommúnista, fyrir að greiða atkv. með þeirri till., að landið yrði gert að einu verðlagssvæði. Þegar það er athugað, sé ég ekki mikla ástæðu til þess, að hæstv. ríkisstj. sé að hreykja sér af því að hafa loksins fallizt á þetta mál fyrir seinustu kosningar, eftir að hennar andstæðingar eru búnir að halda uppi mikilli baráttu um það að gera landið að einu verðlagssvæði.

En ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en ég vildi aðeins minnast að lokum nokkrum orðum á þá útreikninga, sem hér hafa verið í sambandi við elliheimilið Grund. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég álít, að það sé réttara dæmi upp á það, ef menn vilja kynna sér, hvort hlutur gamla fólksins hefur farið batnandi eða versnandi, að bera saman þær hækkanir, sem orðið hafa á dvalarkostnaði á elliheimili, heldur en á framfærsluvísitölunni, því að dvalarkostnaður á elliheimili er alveg áþreifanlegt dæmi og sýnir einmitt þá aukningu, sem hefur orðið á framfærslukostnaði þess fólks, sem hér er um að ræða, miklu betur en framfærsluvísitalan, sem fjallar um talsvert aðra aðila, eða barnafjölskyldu, þar sem þarfirnar eru að ýmsu leyti aðrar. Þess vegna held ég, að það sé alveg hárréttur samanburður, þegar menn vilja gera sér grein fyrir því, hver hefur verið framfærslukostnaður hjá gömlu fólki á undanförnum árum, að miða við dvalarkostnað á elliheimili. Og ef taka á eitthvert eitt heimili sérstaklega, þá á að sjálfsögðu ekki að taka neitt heimili frekar en Grund, sem er búið að starfa lengst af þessum heimilum, og stendur líka talsvert öðruvísi á um önnur elliheimili. Þau njóta meiri styrktar og fyrirgreiðslu, eins og t. d. dvalarheimili aldraðra sjómanna. Það hefur stuðzt bæði við happdrætti og kvikmyndahúsrekstur, og þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að gjöldin séu e. t. v. eitthvað lægri þar. Hin elliheimilin voru ekki heldur tekin til starfa 1958 eða í mjög litlum mæli og þess vegna erfiðara að gera samanburð á þeim fyrir svona langt tímabil.

Hæstv. félmrh. vildi halda því fram í sambandi við dvalarkostnað á almennu deildinni á Grund, að þá hefði ellilífeyririnn numið af honum 42.6% á ári árið 1958, en eftir að sú hækkun væri komin fram, sem felst í þessu frv., mundi ellilífeyririnn nema 45% af dvalarkostnaðinum, svo að hér væri um hækkun að ræða. Ég veit ekki, hvernig þessi útreikningur hæstv. ráðh. er fundinn, en ég hygg, að hann sé þó byggður á því, að hann hefur tekið meðaltal dvalarkostnaðarins fyrir árið 1963, sem mun vera eitthvað um 43 þús. Ég aftur á móti miða við dvalarkostnaðinn eins og hann er nú, en hann er nú, miðað við daggjöldin, sem eru í dag, um 46800 kr., og ég tel miklu réttara, þegar maður er að miða við framtíðina, til dæmis næsta ár, að þá sé tekinn dvalarkostnaðurinn eins og hann er í dag og eins og hann mun vera í framtíðinni, heldur en það sé tekinn meðaltalskostnaðurinn, sem verið hefur á þessu ári. En nú fyrir ekki löngu hefur t. d. dvalarkostnaðurinn hækkað um nær 5 þús. kr., og það á að sjálfsögðu að miða við þann dvalarkostnað, sem er nú og verður í framtíðinni, en ekki þann, sem hefur verið. Og ef við setjum dæmið þannig upp, þá hygg ég, að niðurstaðan verði sú, að þrátt fyrir þá hækkun, sem felst í þessu frv., verði ellilífeyririnn minni hluti af dvalarkostnaðinum á næsta ári, talsvert minni en var á árinu 1958. En annars er athyglisvert líka að setja þetta upp á annan hátt og fá kannske enn þá gleggri mynd af þessu. Og hún er sú, að á árinu 1958 nemur dvalarkostnaðurinn á almennu deildinni 21900 kr., en nemur nú 46800 kr., þannig að hann hefur hækkað um 24900 kr. á þessu tímabili. Ef maður dregur svo frá ellilífeyrinn, eins og hann verður eftir þá hækkun, sem felst í þessu frv., vantar samt um 14 þús. kr. upp á það, að hann hrökkvi fyrir þeirri dýrtíðarauknigu, sem hefur orðið síðan 1958. En þá dreg ég að sjálfsögðu frá líka þann ellilífeyri, sem var greiddur á árinu 1958, til þess að fá dæmið alveg rétt út, þannig að niðurstaðan verður sú, að maður, sem nú dvelur á almennu deildinni á Grund, verður að borga um 14 þús. kr. meira, eins og dæmið stendur í dag, heldur en hann þurfti að borga 1958 að frádregnum ellilífeyri í bæði skiptin. Og það sýnir, að það, sem hefur komið fram hér, er alveg rétt, að möguleiki gamla fólksins til að standa undir þeim framfærslukostnaði, sem nú er, er lakari en var fyrir þetta mörgum árum. Þess vegna má segja, að hér sé raunverulega um afturför að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar að sinni, vegna þess að ég vil ekki tefja fyrir málinu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal sannarlega ekki bregða fæti fyrir það, að jólagjöf hæstv. ríkisstj. berist gamla fólkinu fyrir jól, og ætla ekki að leggja hér orð í belg frekar við þessa umr. Ég tel, að það liggi ljóst fyrir eftir þessar umr., að það er rétt í heild, að tölulegar hækkanir tryggingabóta hrökkva nú verr til að standast aukningu dýrtíðar heldur en var fyrir 1958, og á þetta kannske ekki við um allar bæturnar, en sérstaklega á þetta við um tvær þær þýðingarmestu, ellilífeyrinn og örorkubæturnar. Einnig er af þessum umr. ljóst t. d., að stórfelldustu umbæturnar, sem orðið hafa á tryggingunum, langt umfram þær tölulega, miklu þýðingarmeiri, eru afnám skerðingarákvæðanna og sú breyting, að landið var gert að einu verðlagssvæði. En hvorar tveggja þessar breytingar eru ávöxtur af baráttu Alþb. árum saman fyrir þessum málum, sem að seinustu náðu svo miklum vinsældum, að núv. stjórnarvöld sáu sér ekki lengur fært að standa gegn till. og samþykktu þær, eftir að hafa margsinnis greitt atkv. gegn þeim á Alþingi.

ATKVGR.
Brtt. 111,1 felld með 21:7 atkv.
— 110 felld með 20:16 atkv.
— 111,2 felld með 21:9 atkv.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja fram svo hljóðandi skrifl. brtt. um ákvæði til bráðabirgða:

„Ef hækkun verður á kaupi verkamanna og verzlunarmanna vegna samninga þeirra, sem nú standa yfir, skulu uppbætur, sem greiddar eru samkv. lögum þessum, hækka strax hlutfallslega eins mikið."

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 112) leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var lagt fram, var þess getið, að ef um hækkanir yrði að ræða á almennum launakjörum, mundi verða tekið tillit til þess og frv. flutt til breytinga á þessu frv., sem væntanlega verður gert að lögum fyrir jólin. Það var líka ástæðan til þess, að svona dróst úr hömlu að flytja frv., að eftir því var beðið, hvort ekki mundi fást niðurstaða af þeim samningaumleitunum, sem nú eiga sér stað, þannig að hægt væri að taka niðurstöðu þeirra með í frv. En þegar sýnt var, að það mundi ekki takast, var frv. flutt á þeim grundvelli, að 15% yrðu látin gilda fyrir þetta ár og þangað til önnur breyting yrði. Hér er aftur á móti því slegið föstu, að ef hækkun verði á kaupi verkamanna vegna samninga þeirra, sem nú standa yfir, skuli uppbætur, sem greiddar eru samkv. lögum þessum, hækka hlutfallslega eins mikið. Nú veit enginn náttúrlega, hver niðurstaða þessara samninga verður, og má vel búast við því, að það verði einhver mismunandi hundraðstala e. t. v., sem samningarnir hækka um. Ég held þess vegna, að það verði óumflýjanlegt að flytja alveg konkret till., þegar niðurstaða þessara samningaumleitana liggur fyrir, en ekki að ákveða útgjöld í þessu skyni með það óákveðnu orðalagi, eins og í till. er gert, — það verði að hafa hinn háttinn á, sem skýrt var frá, þegar frv. var lagt fram, að það verði þá að leggja fyrir nýtt frv. á Alþingi, þegar niðurstaða þessara samningaumleitana liggur fyrir. Ég tel þess vegna ekki fært að samþykkja þessa till. eins og hún er, vegna þess að það getur orkað tvímælis, hvernig beri að skilja hana, og þess vegna einlægara að hafa alveg með ákveðnum tölum, hvernig það skuli vera.

Ég leyfi mér því að leggja til, að till. verði felld.

ATKVGR.
Brtt. 112 felld með 18:16 atkv.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 21. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og er mjög einfalt að efni og þarf því ekki langra skýringa við. Frv. fer fram á það, að bótagreiðslur almannatrygginganna verði hækkaðar um 15% frá 1. júlí s. l. Bæturnar eru samkv. þeim lögum, sem upp eru talin í 1. gr. frv., en þá koma vitaskuld ekki bætur eða hækkun á bótum til greina á síðustu lögákvörðuðum hækkunum bótanna, vegna þess að þær ganga ekki í gildi fyrr en 1. janúar næstkomandi, og koma þess vegna hækkanir á þær ekki til greina hér, fyrr en lögin koma til framkvæmda. En allar aðrar bætur er gert ráð fyrir að hækki frá 1. júlí síðastliðnum.

Sú hefur verið venjan að undanförnu, að bætur almannatrygginganna hafa verið hækkaðar svipað því, sem almennar hækkanir hafa orðið á launagreiðslum í landinu, en á yfirstandandi ári hafa þessar hækkanir verið fyrst 5% í janúarmánuði s. l. og síðan 7½% í júnímánuði s. l., eða samtals um 12.875% frá 23. júní. Þessar hækkanir á undanförnum árum hafa einnig verið miðaðar við þær hækkanir, sem orðið hafa á launum opinberra starfs-

manna, sem hafa verið svipaðar og þær almennu kauphækkanir, sem orðið hafa í landinu, en s. l. ár var gerð mjög mikil breyting á launum opinberra starfsmanna, eins og kunnugt er, sem var til samræmingar og innbyrðis leiðréttingar á milli flokka, sem ekki koma hinni almennu hækkun launa í landinu beinlínis við. Það var þess vegna ekki um aðra viðmiðun að ræða í þessu tilfelli heldur en þá almennu launahækkun, sem orðið hefur í landinu og ég nú hef lýst.

Undanteknar þessum hækkunum eru þó fjölskyldubæturnar, því að í athugun er nú hjá ríkisstj. að breyta bæði útsvars- og skattalögum nokkuð, þar sem persónufrádrættir geta breytzt eitthvað verulega frá því, sem nú er, en fjölskyldubæturnar verka svipað og persónufrádrættir bæði útsvars- og skattalaga, og er því ekki rétt að taka þessar fjölskyldubætur til meðferðar fyrr en þá í sambandi við þær breytingar, sem á útsvars- og skattalögunum verða. Það má segja náttúrlega, að æskilegt hefði verið að geta hækkað bætur gamla fólksins eitthvað meira en þetta, en útgjöldin við þetta eru samt allveruleg eins og frv. er.

Á fskj., sem prentað er með frv., sést greinilega, hver útgjöldin af þessu verða, sem eru allmikil, þau eru reiknuð á fskj. fyrir hálft annað ár, eða tímabilið frá 1. júlí 1963 til 31. des. 1964, og eru hækkanirnar þessar, að ellilífeyririnn hækkar um 58.8 millj., örorkulífeyrir og örorkustyrkur um 15½ millj., aðrar bætur um 14.7 millj., tillag til varasjóðs er 1.8 millj., eða samtals 90.8 millj. Af þessum útgjöldum koma á ríkissjóðinn 32.7 millj., hinir tryggðu greiða 29.1, sveitarsjóðirnir greiða 16.3 og atvinnurekendur 12.7. Auk þessara lífeyrisgreiðslna er einnig gert ráð fyrir, að slysabætur hækki um sama hundraðshluta og dagpeningar sjúkratrygginganna sömuleiðis. Þessi hækkun slysatrygginganna verður um 3½ millj., sem ekki snertir ríkissjóðinn neitt, heldur kemur einungis á atvinnurekendur, og dagpeningar sjúkratrygginganna eru taldir með þessari sömu hækkun að muni hækka í allt um 2.3 millj., þar af fellur 1 millj. á ríkissjóðinn, 0.9 millj. á þá tryggðu og 0.4 millj. á sveitarsjóðina. Heildarútgjöld ríkisins vegna hækkana verða þess vegna 33.7 millj. kr.

Ég hef raunar ekki neinu við þetta að bæta. Mér er ljóst, að það hefur komið fram hér á Alþ. frv. um allverulega miklu meiri hækkun en hér er gert ráð fyrir, en að athuguðu máli treysti ríkisstj. sér ekki til að leggja til, að hækkanirnar yrðu nema þessar, sem er í fullu samræmi við það, sem áður hefur verið gert í þessu efni. Þess er líka að geta, að hækkanir á bótagreiðslunum á undanförnum árum hafa orðið mjög verulegar og í sumum tilfellum a. m. k. allmiklu hærri en hinar almennu launagreiðslur hafa orðið.

Það hefði verið æskilegt að geta lagt þetta frv. fram fyrr, en ástæðan fyrir því, að svo var ekki gert, var sú, að það var beðið eftir því, hvort ekki mundu verða frekari almennar launahækkanir en þegar voru orðnar, og var þá hugsunin að taka tillit til þeirra einnig. Nú hefur ekki orðið neitt samkomulag, a. m. k. enn, um hækkanir á hinum almennu launagreiðslum í landinu, og var því ekki unnt að bíða eftir því, að vitað væri, hverjar þær mundu verða. En hins vegar er gert ráð fyrir því, að ef til almennra hækkana umfram þetta komi á næstunni, þá verði þessi ákvæði endurskoðuð og hækkun bóta þá aukin miðað við þær launahækkanir, sem þá koma til greina.

Það er af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins gert ráð fyrir því, að til þess að þetta geti komið til framkvæmda fyrir áramótin eða fyrir jólin, þá þurfi málið helzt að vera afgreitt hér á Alþ. fyrir 6. þ. m., eða á morgun, ef mögulegt er. Að vísu hefur Tryggingastofnuninni verið falið að undirbúa málið eftir þeim línum, sem hér hafa verið lagðar, en greiðsla bótanna krefst talsvert mikils undirbúnings hjá Tryggingastofnuninni, og er því nauðsynlegt, að málinu verði hraðað eins og frekast er mögulegt. Ég vildi því leyfa mér að beina því til þeirrar hv. nefndar, sem málið fær til meðferðar, að leitazt verði við að afgreiða það sem allra fyrst, svo að ekki verði töf á greiðslu bótanna, og vildi ég mega vænta þess, að hæstv. forseti aðstoðaði einnig við afgreiðslu máls þessa. Ég vildi svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Eins og kunnugt er, lögðum við fulltrúar Alþb. í þessari hv. deild fram frv. snemma á þinginu svipaðs efnis og það, sem hér liggur fyrir. Munurinn er sá, að við leggjum til, að bætur almannatrygginga verði hækkaðar um 40%, en í þessu stjfrv. er lagt til, að þær hækki einungis um 15%. Enn fremur leggjum við til í okkar frv., að bætur almannatrygginga verði eftirleiðis verðtryggðar, tryggðar þannig, að þær breytist í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta ákvæði er ekki að finna í frv., sem hér liggur fyrir.

Þegar hæstv. ríkisstj. hóf feril sinn snemma á árinu 1960, þá var gerð gagngerð breyting á lögunum um almannatryggingar. Þá voru bætur hækkaðar verulega, enda voru bætur almannatrygginga orðnar mjög ófullnægjandi. Á því tímabili höfðu tvær ríkisstjórnir, sem á undan voru við völd, skipað nefndir til þess að gera till. um úrbætur í þessu efni. Bætur almannatrygginga voru þá ekki orðnar annað eða miklu meira en nafnið tómt og því full þörf á, að bætur yrðu hækkaðar. Það skeði í samræmi við till. þessara nefnda, sem skipaðar voru til athugunar og endurskoðunar á tryggingalöggjöfinni 1958 og 1959. Þetta skeði snemma árs 1960, og þá voru tryggingabætur hækkaðar mjög verulega. Ef tekið er með það, sem síðan hefur bætzt við í hækkunum, þá má reikna, að frá 1960, snemma árs, hafi bætur almannatrygginga hækkað þetta frá 60 og upp í 80%. Þrátt fyrir það er nú öll þessi kjarabót bótaþega almannatrygginga þegar runnin út í sandinn, svo ör og svo mikil hefur dýrtíðin

orðið á þessum 4 árum. Allar lífsnauðsynjar almennings hafa þegar hækkað sem svarar þeirri hækkun, sem orðið hefur á bótum almannatrygginga síðan 1959. Matvara og aðrar lífsnauðsynjar hafa hækkað þegar um 80% eða meira. M. ö. o.: við stöndum í dag í sömu aumu sporunum og við gerðum að okkar eigin áliti 1958 og 1959 hvað kjör bótaþega almannatrygginga snertir. En þá var viðurkennt af öllum flokkum, að kjörin væru orðin svo bág, að ekki yrði við unað lengur. Við teljum rétt að benda á þetta, benda á það, sem rétt er, að þar var gert myndarlegt átak hvað bótaþeganna snertir hér á Alþ. 1960, en það er nú því miður allt runnið út í sand dýrtíðar og verðbólgu.

Ég skal taka það fram, að þó að myndarlegt átak hafi verið gert í þessu efni árið 1960, þá var ekki um neitt einstakt afrek að ræða, t. d. náðu bætur ekki eftir þessa hækkun því, sem gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndum um bætur almannatrygginga. En við vorum komnir mjög mikið aftur úr, bæði miðað við kjör bótaþeganna hér fyrr á árunum og einnig miðað við kjör bótaþega annars staðar á Norðurlöndum, komnir svo langt aftur úr árið 1959, að við það varð ekki unað lengur, og í dag stöndum við mjög í sömu sporum. Nú hefur dýrtíðin magnazt mjög mikið í haust og í vetur, og hún á eftir að aukast mikið enn, og kemur það m. a. fram í orðsendingu frá hæstv. ríkisstj. nú nýlega. Það skref, sem hæstv. ríkisstj. vill stíga nú með þessu frv., er allt of stutt. 15% hækkun er allt of lítil hækkun, eins og kjör bótaþeganna eru í dag. Þess vegna leggjum við fulltrúar Alþb. á það mikla áherzlu, að hér verði betur gert, að hækkunin verði höfð meiri en 15%.

Ég skal minna á, að síðan 1960 hefur tvívegis verið gerð hækkun á bótum almannatrygginga, það var á árunum 1961 og 1962. Í fyrra skiptið nam þessi hækkun tæpum 14% og gilti frá 1. júlí 1961, og í síðara skiptið nam hækkunin aðeins 7% og gilti frá 1. júní 1962. En það er vert að gera sér grein fyrir einu atriði í sambandi við þessar hækkanir 1961 og 1962. 1961 hækkuðu allar bætur almannatrygginga um 13.8%. Ári síðar hækkuðu bætur almannatrygginga um 7%, en ekki nema nokkur hluti þeirra, aðeins örfáar tegundir bóta. Það var ellilífeyrir og örorkulífeyrir. Allar aðrar bætur almannatrygginganna voru látnar standa í stað og hækkuðu ekki. Á árinu 1963, þegar nýju lögin um almannatryggingar voru samþykkt, var ráðgerð hækkun bóta frá 1. jan. 1964, en eins og 1962 aðeins nokkur hluti bótanna, nokkrar tegundir bótanna, aðrar voru skildar eftir eða eiga að skiljast eftir. Aðferð hæstv. ríkisstj. í þessu efni er sú í apríl 1963 og í júní eða maí 1962 að hækka aðeins hluta bóta í hvort skipti, þannig að bætur hækka raunverulega ekki nema í annað hvort skipti, sem launahækkun hefur farið fram síðustu árin. Þetta virðist ekki vera drengileg aðferð hjá hæstv. ríkisstj., að hafa þannig af bótaþegum kjarabætur, sem þeir eiga a. m. k. síðferðilegan rétt á í samræmi við almenna launahækkun í landinu. Þeir fá launahækkunina í annað hvort skipti. Árið 1962 hækkaði sem sagt ellilífeyrir og örorkulífeyrir um 7%. Frá 1. jan. 1964 eiga þessar bætur ekki að hækka um einn eyri. Hins vegar eiga þær bótategundir, sem ekkert hækkuðu 1962, allra náðarsamlegast að fá að hækka frá 1. jan. 1964.

Ég veit ekki, hvort ber að líta á þessa aðferð hæstv. ríkisstj. sem eins konar herbragð í fjárhagslegum efnum. En ég verð að segja, að mér finnst herbragðið ekki fallegt, allra sízt þegar því er beitt gegn þeim, sem bágast eiga í landinu. Ef við miðum hækkanir, sem orðið hafa á bótum almannatrygginga 1961 og 1962, við dýrtíðina á sama tíma, þá hefur dýrtíðin vaxið á þessu tímabili a. m. k. um 30—40%, en bæturnar einungis um 15% á þessu tímabili. Og áfram heldur dýrtíðin að vaxa, eins og öllum kemur saman um að útlit er fyrir. Ég held þannig, að öll rök hníga að því, að 15% hækkun nú sé mjög ónóg hækkun og mjög ranglát ráðstöfun af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Nú má um það deila, hvað bætur almannatrygginga eigi að vera háar, þannig að viðunandi þyki eða sæmandi, en vissa viðmiðun má þó hafa. Ég veit til, að í Danmörku og Svíþjóð þykir ekki hæfilegt, að ellilífeyrir og örorkulífeyrir sé lægri en svo, að samsvari 1/3 hluta almennra verkamannalauna. Ef við ættum að heimfæra þá reglu hér og miða við lífvænleg verkamannslaun á Íslandi í dag, þá ætti ellilífeyrir nú að vera 2700 kr. á mánuði, en ekki 1520, eins og hann er. Hann ætti að vera 2700 kr. á mánuði, en ekki 1748 kr., eins og hæstv. ríkisstj. ætlast til að hann verði, þegar 15% hækkunin verður samþykkt. Ef okkar till. um 40% hækkun yrði samþykkt, þá mundi ellilífeyrir og fullur örorkulífeyrir nema 2128 kr., og sem sagt vera eftir sem áður allmiklu lægri en sómasamlegt er talið í löndum eins og Danmörku og Svíþjóð. Við erum þess vegna mjög aftur úr um upphæð bóta almannatrygginga hér á Íslandi, og við þurfum ekki að óttast það, að við förum út í eitthvert óhóf, þótt veruleg hækkun sé á þeim gerð.

Hvernig stendur á, að hæstv. ríkisstj. hefur bundið sig við þessa tölu, 15% hækkun á bótum? Það hefur þó verið regla hennar, síðan hún varð til, að miða við starfslaun opinberra starfsmanna. Það gerði hæstv. ríkisstj. árið 1961 og árið 1962, og var það tekið fram í grg. þá fyrir hækkun bótanna, að hér væri miðað við þá hækkun, sem orðið hefði á launum opinberra starfsmanna. Hvers vegna heldur ekki hæstv. ríkisstj. sér að þessu sinni við sömu reglu? Ríkisstarfsmenn hafa á þessu ári fengið launahækkun, og hvers vegna er prósentan, sem bótaþegum er nú ætluð, ekki miðuð við þá hækkun? Ég er hræddur um, að sú sanna skýring á því sé, að hækkunin hafi þótt of há, til þess að hægt væri að heimfæra hana upp á bótaþegana. Eins og kunnugt er, hækkuðu laun ríkisstarfsmanna á þessu ári um frá 20

og upp í 90%, eða að meðaltali um 45%, að því er talið er. Ef hæstv. ríkisstj. hefði verið sjálfri sér samkvæm og miðað hækkun bóta almannatrygginga við hækkun launa opinberra starfsmanna, átti sú hækkun nú að vera einhvers staðar á milli 20% og 90%, en ekki 15%. 45% hækkun hefði verið í fullu samræmi við hækkun launa opinberra starfsmanna. En hæstv. ríkisstj. þótti ekki rétt að miða við hækkun launa opinberra starfsmanna að þessu sinni, heldur miðar hún við aðra launahækkun, sem hefur orðið á árinu, hækkun almennra verkamannalauna. Það fannst hæstv. ríkisstj. hagfelldara að þessu sinni. Áreiðanlega hefur henni ekki fundizt það sanngjarnara, en henni þótti það hagfelldara.

Þetta tvennt, sem ég hef bent á í atferli hæstv. ríkisstj. gagnvart bótaþegum almannatrygginga, í fyrsta lagi að hækka bætur bótaþega aðeins í annað hvort skipti, sem almenn kauphækkun verður í landinu, og í öðru lagi þetta, að miða við launahækkun, eins og hún verður lægst á hverjum tíma, það er atferli, sem ég verð að víta.

Hæstv. félmrh. gerði tilraun til að gera grein fyrir ástæðunni fyrir því, að ekki var að þessu sinni miðað við launahækkun opinberra starfsmanna. Skýring hans virtist mér frekar óljós, og einkum fannst mér hún lítt sannfærandi, enda kom það fram síðar í ræðu hæstv. ráðh., að skýringin er önnur, skýringin er, eins og ég gat um áðan, fjárhagslegs eðlis. Hækkun bóta almannatrygginga um 40% nú vex hæstv. ríkisstj. í augum af fjárhagslegum ástæðum. Henni ofbýður að ætla þær háu upphæðir til bótaþeganna að þessu sinni. Þetta er skýringin. Hún er að spara með þessu. Hún er að spara með því að klípa af hækkun til bótaþeganna, þeirri hækkun, sem þeir raunverulega eiga kröfu á. Þetta er sjónarmið, sem ég get ekki tekið gilt. Hér hafa verið góðir tímar undanfarin ár, mikil árgæzka, mikil aflabrögð, góður markaður fyrir íslenzkar vörur erlendis. Hér eiga allir að geta haft nóg að bíta og brenna, og það er engin þörf á að níðast á nokkurri stétt manna, og allra sízt er ástæða til að níðast á gamalmennum, öryrkjum og einstæðingum. Ég kann ekki að nefna þá upphæð, sem það mundi kosta að hækka bætur nú um 40%, en það mætti nefna mér hundrað millj., 200 millj., án þess að mér blöskri. Ég teldi því fé þvert á móti mjög vel varið. En það er líklega sama, ef að vanda lætur, hvort eytt er fáum orðum eða mörgum hér í ræðustól. Hæstv. ríkisstj. situr áreiðanlega við sinn keip að hafa af bótaþegum nú eins og stundum áður í seinni tíð, en ég kalla það að hafa af bótaþegum að veita þeim ekki meiri hækkun nú en 15%.

Mig langar, áður en ég lýk máli mínu, aðeins að minnast á annað atriði, sem ekki snertir þetta stjórnarfrv. beint, en snertir það frv., sem við fulltrúar Alþb. hér í hv. d. lögðum fram í haust, þ. e. a. s. spurninguna um verðtryggingu bóta almannatrygginga. Við höfum hvað eftir annað á undanförnum þingum lagt það til hér, að bætur almannatrygginga yrðu verðtryggðar, yrðu vísitölutryggðar. Það hefur ævinlega fengið neikvæðar undirtektir. Hæstv. ríkisstj. og hennar lið hafa virzt hafa ofnæmi fyrir öllu, sem heitir verðtrygging eða vísitölutrygging, hin síðari ár. Ég hef hvað eftir annað bent á, að verðtrygging bóta almannatrygginga er allt annar hlutur en verðtrygging kaupgjalds. En hvorki hv. stjórnarliðar né heldur hv. framsóknarmenn hafa viljað fallast á þessi sjónarmið. Ég tel það mjög mikilsvert fyrir bótaþegana að fá slíka verðtryggingu, og ég tel það líka hagræði fyrir hið háa Alþingi og fyrir hæstv. ríkisstj. að fá slíka verðtryggingu, þannig að ekki þurfi æ ofan í æ að vera að koma með lagabreytingu til hækkunar bótanna. En nú langar mig til þess að beina því til hæstv. félmrh., hvort hæstv. ríkisstj. muni nokkuð hafa breytt um afstöðu til þessa máls í seinni tíð. Ég las það í stjórnarblaði nýlega, í fyrradag eða svo, að ríkisstj. hefði lýst því yfir, að hún væri reiðubúin til viðræðna um breytingar á þeim lagaákvæðum, er banna verðtryggingu kaupgjalds, og telur hugsanlegt að taka upp takmarkaða verðtryggingu. Þetta þóttu mér góðar fréttir í því góða blaði. Það er gott, hvort sem það er ríkisstj. eða aðrir, þegar menn læra af reynslunni.

Nú vildi ég mega spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hæstv. ríkisstj., fyrst hún er farin að geta hugsað sér þann möguleika að verðtryggja kaup launþeganna, geti nú ekki hugsað sér að verðtryggja bætur bótaþega almannatrygginga. Ég mundi fagna því mjög, ef hæstv. ráðh. gætu gefið mér jákvætt svar við þessu, og ég mundi hrósa hæstv. ríkisstj. fyrir. En ég mundi líka verða fyrir miklum vonbrigðum, ef hæstv. ríkisstj. segði sem svo: Við viljum gjarnan verðtryggja kaupgjaldið í landinu, en alls ekki bætur bótaþega almannatrygginga.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal aðeins segja örfá orð um þetta frv. við þessa umr. málsins. Eins og hæstv. félmrh. tók fram í framsöguræðu sinni hér áðan, er efni þessa frv. tiltölulega einfalt, þar sem í því felst, að bætur samkv. l. um almannatryggingar skuli almennt greiddar með 15% uppbót frá 1. júlí s. l. Það felst þannig í þessu frv. talsverð hækkun á bótum samkv. almannatryggingunum. Það er óefað mikil þörf á þeirri hækkun. Ég býst ekki við því, að það séu skiptar skoðanir um það hjá neinum, að það sé mjög brýn þörf hjá bótaþegum fyrir þá hækkun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, bæði ellilífeyrisþegum og öðrum. Um hitt eru aftur á móti skiptar skoðanir, hvort hér sé nægilega langt gengið og hvort það sé eftir samþykkt þessa frv. haldið í horfinu að því er snertir stöðu ellilífeyrisþega gagnvart öðrum þjóðfélagsþegnum, gagnvart öðrum launþegum sérstaklega. En hvað sem um það er, þá er það ljóst, eins og ég sagði áðan, að hér er um þó nokkra hækkun á bótum að

ræða og því er þar um að ræða nokkra réttarbót fyrir þá, sem bætur taka samkv. almannatryggingakerfinu.

Við framsóknarmenn erum sammála því, að það sé þörf á að bæta aðstöðu bótaþeganna, og munum að sjálfsögðu fylgja þessu frv., svo langt sem það nær. Framsóknarmenn hafa á undanförnum árum og raunar allt frá upphafi, að almannatryggingalögin voru sett, verið fylgjandi þeim till., sem fram hafa komið og hafa í sér haft fólgnar raunhæfar umbætur á tryggingakerfinu, og í samræmi við þá afstöðu munu framsóknarmenn að sjálfsögðu fylgja þeirri réttarbót, sem þó felst út af fyrir sig í þessu frv. En hitt er svo aftur annað mál, hvort hér er nógu langt gengið, eins og ég drap á áðan, en mér virðist, að breytingar á tryggingalöggjöfinni verði að miða að því a. m. k., eða með þeim verði a. m. k. reynt að tryggja það, að hagur bótaþeganna versni ekki, en tek þó fram, að ég álít það í sjálfu sér skammt gengið, vegna þess að markmiðið hlýtur að vera það að byggja þetta tryggingakerfi út, þannig að bætur samkv. því fari vaxandi, en ekki minnkandi, og að ellilaun og örorkulífeyrir samkv. þessu kerfi fari hækkandi, en ekki lækkandi, þannig að staða ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og annarra bótaþega fari batnandi fremur en hitt í hlutfalli við aðra þjóðfélagsþegna. Og í því sambandi verður auðvitað einnig að hafa hliðsjón af því, hvernig málum þessum er skipað hjá okkar nágrannaþjóðum, því að við ættum ekki í þessum efnum að setja markið lægra en gerist hjá þeim þjóðum. Við viljum telja okkur menningarþjóð, og við færum okkur það stundum fram til gildis, að okkar félagsmálalöggjöf sé nokkuð langt á veg komin, og við ættum þess vegna að setja okkur það mark að vera í því efni ekki eftirbátar nágrannaþjóðanna, enda er það svo, að vegna sögu okkar einmitt að því er félagsmálalöggjöf snertir ættum við að setja stolt okkar í það að ganga þar heldur á undan öðrum þjóðum en vera þar á eftir. En eins og kunnugt er, tóku Íslendingar upp, sennilega fyrstir allra þjóða, á þjóðveldisöld einmitt merkilega félagsmálalöggjöf, en út í það skal ég nú ekki fara hér.

En ég álít sem sagt, að þegar þetta frv. er skoðað og það metið, hvort þær bætur, sem það gerir ráð fyrir, séu fullnægjandi eða ekki, verði að hafa þetta sjónarmið í huga, sem ég drap á áðan, að hagur þessara manna, sem þeirra hlunninda eiga að njóta, sem tryggingakerfið veitir, verði ekki lakari en áður var, heldur þvert á móti sé stefnt í þá átt að bæta aðstöðu þeirra, eftir því sem efni og geta þjóðfélagsins frekast leyfir. Og það verður náttúrlega hlutverk þeirrar nefndar, sem þetta frv. fær til meðferðar, að skoða það, hvernig þessu marki er nú náð í þessu frv., en eins og fram hefur komið við umr. þessa máls í Nd., hafa þar verið færð fram, að því er mér virðist, allveigamikil rök fyrir því, að nokkuð skorti á í þessu efni og bæturnar þyrftu að hækka raunverulega allmiklu meir en hér er gert ráð fyrir, til þess að því marki, sem ég áðan nefndi, væri náð. En ég skal á þessu stigi ekki fara nánar út í það. Ég vil eftirláta nefndinni að athuga það, og munu þá fulltrúar Framsfl. í n. flytja brtt. um hækkun á bótunum, ef athugun frv. leiðir til þess, að það sé þörf á því til þess að ná þessu markmiði, sem ég nefndi áðan.

Það er rétt, að tryggingabætur, bætur samkvæmt almannatryggingunum, hafa verið hækkaðar í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Ég hef enga löngun til þess að hafa það af henni. Hún má gjarnan fá allt, sem henni má til inntekta teljast. Hins vegar er það svo, og verður þá jafnframt að minna á það og er sjálfsagt fyrir hana að viðurkenna það einnig, að hún hefur ekki átt við neina andstöðu að etja í því efni. Stjórnarandstæðingar hafa léð þeim till. til breytinga á kerfinu, sem til bóta hafa horft, sitt fylgi og sitt atkv., þannig að það hefur ekki kostað hæstv. ríkisstj. neina baráttu að koma fram þeim umbótum í þessu efni, sem hún telur sér nú einatt mjög til gildis, en hins vegar hafa stjórnarandstæðingar oft viljað ganga nokkru lengra en stjórnin í því efni. Og sannleikurinn er því miður sá, að þó að bætur hafi verið talsvert hækkaðar á þessu tímabili, hefur hin vaxandi dýrtíð étið þær upp jafnóðum, og þó í sumum tilfellum, að því er virðist, meira en étið þær upp. Hef ég í huga í því sambandi það dæmi, sem nefnt var í umr. í Nd. um daggjöld eða kostnað við dvöl á elliheimilum. En það virðist svo, að þá, sem þar dveljast og þurfa að greiða sín daggjöld þar, vanti æði mikið upp á, að hækkun tryggingaanna hafi nægt til þess að mæta þeirri hækkun. En vitaskuld dveljast ekki allir þeir, sem þessara bóta njóta, á slíkum stofnunum.

Ég held, að dýrtíðin hafi vaxið það mikið að undanförnu, að því miður muni þessi hækkun bótanna alls ekki nægja til þess að vega þar upp á móti og til þess að tryggja sömu stöðu bótaþega og áður En ég játa hins vegar, að það verður á fleira að líta í þessu efni. Það verður að líta á getu þjóðfélagsins, og þetta tryggingakerfi, sem við búum núna við, er byggt á því og hefur verið byggt á því frá því 1946, að það væri jafnað niður árlega þeim útgjöldum, sem til trygginganna ganga, þ. e. a. s. að þetta tryggingakerfi, eins og það nú er, er byggt á niðurjöfnunarsjóði, en ekki sjóðasöfnunarsjónarmiði, eins og tryggingakerfið var þó í öndverðu byggt á. Ég skal fúslega játa, að eins og aðstæður hafa verið í þessu þjóðfélagi á undanförnum árum, þá hefði verið erfitt og ég býst við því, að það megi segja, að það hefði verið alveg ómögulegt að komast hjá þessu niðurjöfnunarkerfi í tryggingunum. En ég býst við því, að það verði erfitt samt að ná eftir þessu niðurjöfnunarkerfi því marki, sem við þurfum að ná í þessum efnum. Ég býst við, að með því kerfi verði þessir bótaþegar, t. d. ellilífeyrisþegarnir, seint svo settir sem þeir þyrftu að verða. Ég held þess vegna, að það þurfi í þessum efnum í framtíðinni að fara tvenns konar leiðir, að við eigum að halda

þessu almenna kerfi, og við þetta verður að búa, þetta niðurjöfnunarsjónarmið, a. m. k. fyrst um sinn og um ófyrirsjáanlegan tíma, eins og er, en ég álít, að jafnframt sé til viðbótar mikil nauðsyn að byggja þetta kerfi út með viðbótarsjóðum, þar sem menn tryggja sér viðbótarlífeyri í lífeyrissjóðum, og það er vissulega þegar farið mjög mikið inn á þetta kerfi, þar sem hinir mörgu sérstöku lífeyrissjóðir eru nú orðnir viðaukalífeyrissjóðir við hið almenna tryggingakerfi, svo sem verður nú eftir næstu áramót, að því er varðar lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og hliðstæða lífeyrissjóði honum og eins og verið hefur um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum og ýmsa fleiri lífeyrissjóði.

Ég hygg, að það megi segja um þá, sem njóta lífeyris úr þessum sérstöku lífeyrissjóðum og fá svo til viðbótar þær bætur, sem greiddar eru samkv. hinu almenna tryggingakerfi, að aðstaða þeirra sé orðin mjög viðunandi, ég fæ ekki betur séð. En þessi skipan gerir það líka að verkum, að aðstaða manna í þjóðfélaginu verður mjög misjöfn að þessu leyti eftir því, hvort þeir eru í þessum sérstöku viðbótarlífeyrissjóðum eða ekki. Þess vegna held ég, að í þessum efnum verði að stefna að því að gera hina sérstöku lífeyrissjóði sem mest að almennum lífeyrissjóði fyrir landsmenn til viðbótar hinu almenna tryggingakerfi, sem nú er búið við, þannig að sem allra flestir landsmenn gætu notið þeirrar aðstöðu, sem mjög margir nú njóta með því að taka bætur samkv. almannatryggingalögunum og svo þar til viðbótar lífeyri úr sérstökum lífeyrissjóði. En undir þeim viðbótarlífeyri standa lífeyrisþegarnir sjálfir að verulegu leyti með því að greiða iðgjöld og safna í sjóði. En sú leið hefur líka aðra kosti, sem ég skal þó ekki fara mjög að ræða í þessu sambandi. En það er öllum kunnugt, að sjóðasöfnunin í sambandi við hina sérstöku lífeyrissjóði hefur skapað þeim mönnum, sem í þeim eru, mikil hlunnindi með þeim hætti, að þeir hafa fengið lán til húsbygginga, og ég held, að slík sjóðasöfnun geti verið mjög gagnleg fyrir þjóðfélagið í heild og fyrir þá, sem bætur eiga að taka. Ég drep aðeins á þetta í þessu sambandi, ekki af því, að það sé beint til umr. í sambandi við þetta mál, heldur af hinu, að mér sýnist og ég get búizt við því, að það verði niðurstaðan, þegar mál þetta er athugað, að bætur þær, sem hér er gert ráð fyrir, séu ekki fullnægjandi. En þá verður að reyna að finna þá skynsamlegustu leið, sem fær er, til að bæta um í því efni, og þá má vera, að það verði ekki greið leið, eins og nú standa sakir, að hækka bæturnar svo sem þyrfti með því að jafna þeim niður í samræmi við lögin um almannatryggingar. En þá held ég, að þetta hljóti að verða sú leið, sem kemur til athugunar, þegar rétta á hlut þessara manna, gamla fólksins og annarra lífeyrisþega samkv. þessum lögum, þ. e. að efla hið sérstaka lífeyrissjóðakerfi og setja það til viðbótar þessu almenna lífeyristryggingakerfi.

Herra forseti. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Eins og ég áðan sagði, munum við framsóknarmenn fylgja þeirri hækkun, sem í þessu frv. felst, svo langt sem hún gengur, þó að ég líti svo á, að hún þyrfti að vera hærri. Það verður athugað í n. Og ég vil jafnframt segja það, að við munum reyna að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls svo sem kostur er, svo að það þurfi ekki að verða töf á afgreiðslu þessara bóta af þeim sökum, að málið tefjist hér í þinginu.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim tveim ræðum, sem hér hafa verið haldnar um málið af hv. 9. þm. Reykv. (AG) og hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ).

Ein af þeim aths., sem hv. 9. þm. Reykv. gerði við frv., var um þá viðmiðun, sem hækkunin væri miðuð við. Hann sagði, sem er að vissu leyti rétt, að undanfarin ár hefði hækkunin orðið sú sama eða svipuð og átt hefði sér stað hjá opinberum starfsmönnum. Það er rétt á þann hátt, að sú almenna launahækkun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, hefur verið bætt opinberum starfsmönnum með líkri hækkun á sín laun. En sú allsherjarendurskoðun, sem fór fram á kjörum opinberra starfsmanna í sumar, var fyrst og fremst til þess að leiðrétta gamalt ranglæti, sem þessir starfsmenn höfðu orðið að búa við um ár og jafnvel áratugi, og var þess vegna alveg sérstæð og gat ekki verið heppileg — ég vil segja alveg útilokuð til viðmiðunar á sama hátt og hún var áður. Þá var ein prósenta látin gilda fyrir alla opinbera starfsmenn. Nú hefur prósentuhækkunin til þeirra verið mjög mismunandi og þess vegna ekki hægt á sama hátt og áður að gera hana að þeirri viðmiðun fyrir tryggingabæturnar, sem hún hefur verið undanfarin ár.

Ég vil líka geta þess, þegar talað er um það, að þessi hækkun, sem frv. fer fram á, sé kannske minni en æskilegt væri, að þá má geta þess, að það hefur orðið meiri breyting á tryggingakerfinu en felst í þeirri hækkun, sem hefur orðið beinlínis á bótunum. Nefni ég þar t. d. afnám skerðingarákvæðisins, sem þýðir það, að fjöldi eldra fólks, sem áður átti ekki rétt á neinum ellilaunum eða örorkubótum, vegna þess að það hafði tekjur, hefur nú bætzt í hópinn og fær sín fullu ellilaun. Ég vil enn fremur geta þeirrar breytingar, sem orðið hefur með afnámi verðlagssvæðaskiptingarinnar, sem einnig hefur verið gerð nýlega og veldur því, að bótaþegar, sem áður voru á 2. verðlagssvæði, fá nú sömu bætur og þeir hafa fengið, sem á 1. verðlagssvæði eru, þ. e. a. s. hækkunin á 2. verðlagssvæði hefur orðið mjög veruleg umfram það, sem 1. verðlagssvæði hefur fengið. En á 2. verðlagssvæði býr nærri helmingur af öllum bótaþegum landsins, eða á 6. þús. manna af röskum 12 þús. Þessar hækkanir hafa borið í sér mikla leiðréttingu til þeirra, sem notið hafa. Og ég get líka bætt við þeirri sérstöku breytingu, sem kemur til

framkvæmda 1. jan. næsta ár, að þeir, sem eru meðlimir í sérsjóðum og áður höfðu engan aðgang að hinu almenna tryggingakerfi, fá nú einnig sínar bætur. Þetta eru mjög mikil hlunnindi og mjög miklar aukningar, vil ég segja, á starfi Tryggingastofnunarinnar frá því, sem áður var, þó að það komi ekki fram sérstaklega í hækkunum tryggingabótanna til hvers einstaklings. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar bótahæðin eða hækkunin er athuguð, því að vitanlega koma þessar hækkanir, sem gerðar hafa verið á þennan hátt, einnig til útgjalda hjá Tryggingastofnuninni, þ. e. a. s. hjá ríkissjóði og öðrum aðilum, sem að þessari tryggingastarfsemi standa. Og það er táknrænt, að á síðustu nokkrum árum hafa útgjöld ríkisins til þessarar starfsemi aukizt alveg gífurlega, þ. e. a. s. þau hafa meir en fimmfaldazt frá því, sem þau voru fyrir örfáum árum, og eru nú orðin eða nálgast að vera um 1/4 hluti eða 25% af öllum útgjöldum ríkisins.

Það er alveg rétt, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði hér, hv. 3. þm. Norðurl. v., að samtímis því, sem rætt er um, hversu háar bæturnar skuli vera, þá verður náttúrlega um leið að gera sér grein fyrir því, að þeim, sem gjöldin eiga af þessu að bera, sé ekki ofboðið. Ég veit, að í ýmsum sveitarfélögum eru útgjöldin til almannatrygginganna farin að liggja á með mjög auknum þunga frá því, sem áður var, og eiga sum sveitarfélög, það er mér kunnugt um, í erfiðleikum með að standa í skilum með sinn hluta af því fé, sem þarf til útgjalda tryggginganna. Ég held þess vegna, að það verði á fleira að líta heldur en hækkunina sjálfa, það verði einnig á það að líta, hvaða möguleikar séu fyrir hendi til greiðslu.

Hv. 9. þm. Reykv. sagðist ekki geta nefnt þá upphæð, sem hann teldi að útgjöldin til tryggginganna mundu aukast, ef hans till. yrði samþykkt, en sagði um leið, að þó að þau ykjust um 100—200 millj., held ég, að hann hafi sagt, mundi hann ekki telja það eftir. Ég tel það ekki heldur eftir, þó að útgjöldin ykjust um það, en það verður bara að vera möguleiki til þess að greiða það. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að aðalatriðið væri, eða a. m. k. yrði fyrst að hafa það í huga, að hagur bótaþeganna rýrnaði ekki, og ég er honum náttúrlega fullkomlega sammála um það. En hv. 9. þm. Reykv. vildi tryggja það með því að setja verðtryggingu á bæturnar, þannig að bæturnar hækkuðu af sjálfu sér jafnmikið og framfærsluvísitalan hækkaði, skildist mér, eða eitthvað þess háttar. En við þessu er það að segja, að það má hafa mismunandi hátt á þessu, það má annars vegar taka þetta með verðtryggingu og það má hins vegar taka þetta á þann hátt, eins og gert hefur verið öll undanfarin ár, með því að gera leiðréttingar, sem taka tillit til þeirrar hækkunar framfærslukostnaðar, sem orðið hefur, sem hefur verið gert á þann hátt að láta bótagreiðsluna hækka svipað eða það sama upp á síðkastið og launakjör láglaunafólks í landinu hafa hækkað.

Það kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv., að hann teldi, að það hefði átt sér stað nokkur rýrnun, og raunar sagði hv. 3. þm. Norðurl. v. það líka, að dýrtíðin hefði étið upp bæturnar eða á sumum sviðum meira en það. Ég held, að það sé rétt í því sambandi, að ég lesi upp grg., sem samin hefur verið í félmrn. um breytingar á ellilífeyri frá því í marz 1959 og til þessa dags. Það er miðað við marz 1959, vegna þess að þá var vísitalan sett í 100, og þess vegna geta menn á augnabliki borið saman vísitöluhækkunina, sem í dag er í heild 46 stig, en er á ýmsum nauðsynjum eins og matvælum miklu hærri, 70 stig eða milli 70 og 80 stig, svo að þessar tölur verða aðgengilega sambærilegar við hækkun bótanna, ef miðað er við þennan tíma. En þessi samanburður lítur þannig út, með leyfi hæstv. forseta: Í marz 1959 var ellilífeyrir einstaklings á fyrsta verðlagssvæði 829 krónur á mánuði, en hann er í dag 1519 krónur, hækkun hefur því orðið 83%, og með þeirri hækkun, sem nú er ráðgerð, hefur hækkunin orðið 110%. Miðað við hjón var ellilífeyririnn í marz 1959 1327 krónur á mánuði, er nú 2735 kr. á mánuði, þ. e. a. s., hækkunin á þessu tímabili hefur orðið 106%, og með þeirri hækkun, sem nú er fyrirhuguð, 15%, verður hækkunin 137%. Þessar tölur verða enn þá athyglisverðari, ef annað verðlagssvæði er tekið. Þar höfðu einstaklingar í marz 1950 622 kr. á mánuði, hafa nú 1519 kr., þ. e. a. s. hjá þeim hefur hækkunin orðið 144%, og með þeirri hækkun, sem nú er fyrirhuguð, verður hún 180%. Fyrir hjón var ellilífeyririnn 1959 í marzmánuði 995 kr., er í dag 2735 kr., þ. e. a. s. hækkunin hefur orðið 174%, og verður með 15% álaginu 216%, þannig að hvað sem um þetta má segja að öðru leyti, er ekki hægt að segja með réttu, að hækkunin, sem fengizt hafi, hafi étizt upp af vöruverðshækkuninni, vegna þess að bótahækkunin í allt hefur orðið svo miklu, miklu hærri en hækkun vöruverðsins, þó að mikil sé. Finnst mér, að ekki verði hjá því komizt að taka tillit til þessa, því að þetta er undirstaðan undir því, sem hér hefur verið fært fram.

Ég held, að það sé nú ekki miklu fleira, sem ég þarf að taka fram, en ég vil aðeins benda á það, að fyrir utan þessar hækkanir á greiðslunum til einstaklinga eru engu þýðingarminni þær breytingar, sem gerðar hafa verið með afnámi verðlagssvæðanna og afnámi skerðingarákvæðisins og núna með ellilaunagreiðslu almannatrygginganna til þeirra, sem eru meðlimir í sérsjóðum. Þetta eru bætur, sem hafa kostað þá, sem undir tryggingunum standa, mjög mikið fé, og hefur orðið til þess, að bæði hafa nýir aðilar orðið bótanna aðnjótandi og bótagreiðslurnar hafa verið gerðar jafnar eftir landshlutum, en ekki skipzt eftir verðlagssvæðum, eins og áður var, og hefur það hækkað eða bætt hlut rúmlega helmings ellilaunaþeganna eða bótaþeganna.

Um hugleiðingar hv. 3. þm. Norðurl. v. um það, hvað gera skuli til þess að bæta enn aðstöðu þeirra tryggðu, með t. d. stofnun sérsjóða, sem sameiginlega með ellilífeyriskerfinu mynduðu heildartrygginguna fyrir þessa menn, þá vil ég aðeins segja það, eins og ég raunar sagði, þegar lögin í vor voru afgreidd hér á hv. Alþingi, að ég teldi, að sú breyting, sem nú er gerð á almannatryggingunum í þá átt að láta þær greiða bætur einnig til þeirra, sem eru meðlimir í sérsjóðum, sé spor í þá átt, sem fara beri, nefnilega þá að hafa bæði sérsjóðinn, sem sá tryggði sjálfur og atvinnurekandinn venjulega kosta, og þá verði almannatryggingarnar þar til viðbótar eða öfugt, sérsjóðirnir verði til viðbótar við almannatryggingarnar, sem mundu gera tryggingakerfið miklu aðgengilegra fyrir gamla fólkið en þó nú er. En sérsjóðirnir stofnaðir á þennan hátt valda ekki ríkissjóði beinum útgjöldum, þar sem nærri helmingur kemur venjulega frá hinum tryggðu sjálfum og hinn hlutinn frá atvinnurekendum. Ég tel, að þetta sé mjög athyglisvert og sennilegast að mínu viti sé sú leið, sem farin verður til þess að auka og bæta hag þessa fólks.

Ég þakka svo hv. ræðumönnum fyrir þær undirtektir að vilja flýta málinu og vil, að það fái fljóta afgreiðslu hér í þessari hv. deild.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta mikið. Hæstv. ráðh. gaf í lok sinnar ræðu yfirlit um hækkun bóta síðan 1959. Ég dreg þær tölur ekki í efa. Ég gat þess sjálfur, að bætur eins og ellilífeyrir hefðu, miðað við árið 1959, hækkað yfir 80%, og það kemst, eins og hæstv. ráðh. sagði, yfir 100% með 15% hækkuninni. Um þetta er ekki deilt. En ég veit ekki, hvort við deilum um annað: Eigum við að miða við tryggingabæturnar, eins og þær voru 1959, eða við bæturnar, eins og þær urðu 1960? Ég tel, að bæturnar 1959 hafi verið með öllu óviðunandi og að í það horf megi þær aldrei framar komast. Ég tel hitt sönnu nær að miða við hækkunina, eins og hún varð 1960, og þó ættum við að hafa það í huga að gera betur. En ég sýndi fram á það í minni ræðu áðan, að það, sem gert var vel 1960, er að renna út í sandinn. Ég gat þess og sýndi fram á, hvernig vísitalan, hvernig dýrtíðin hefði aukizt um og yfir 70, 80 og 90% eftir því, hvaða lífsnauðsynjar maður miðar við. Þetta kalla ég, að með þessari miklu dýrtíð séu þær bætur, sem fengust 1960 á almannatryggingalögunum, að renna út í sandinn, og ég hygg, að hæstv. ráðh. sé mér sammála um það undir niðri, að það er þetta, sem við eigum að forðast. Það stendur mjög nærri eftir tölum hæstv. ráðh., sem hann las upp í lok sinnar ræðu, að nú í dag, áður en 15% hækkunin er lögð á, séu veigamiklar bætur eins og elli- og örorkulífeyrir komnar á svipað stig og áður. Að vísu eiga svo að koma 15%, en við vitum, að dýrtíðin heldur áfram, a. m. k. næstu mánuðina, og að þau 15% munu þess vegna einnig bráðlega renna út í sandinn. Þetta held ég, að sé rétt, enda kemur það alveg heim við þær tölur, sem ég nefndi áðan, og þær tölur, sem hæstv. ráðh. las hér upp.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 115 og 116, 114, 117).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess frv., sem hér er til umr. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 115, leggur meiri hl. n., við 3 þm., sem að því nál. stöndum, til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl., hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Vesturl., skilar sérstöku nál.

Það orkar ekki tvímælis, að þegar lögin um almannatryggingar voru sett árið 1946, var af hálfu löggjafans stigið eitthvert hið merkasta spor á sviði félagsmála, sem stigið hefur verið hér á landi. Lögin höfðu slík nýmæli að geyma, að þegar frá upphafi mátti gera ráð fyrir, að þau þyrftu í ýmsum atriðum síðar meir leiðréttinga og endurbóta við, eftir því sem reynslan af framkvæmd þeirra leiddi í ljós að nauðsynlegt væri, og var reyndar þegar í upphafi gert ráð fyrir, að endurskoðun á tilteknum atriðum þeirra ætti sér stað eigi síðar en fyrir árslok 1950. Reynslan hefur líka orðið sú, að tíðar breytingar hafa verið gerðar á lögunum, auk þeirra allsherjarendurskoðana, sem þau hafa hlotið, síðan þau voru sett. Þessar breytingar hafa að sjálfsögðu verið misjafnlega veigamiklar, en yfirleitt má þó segja, að þær hafi átt það sameiginlegt að miða að því að auka bæturnar, bæði á þann hátt að hækka þær að krónutölu og að rýmka svið einstakra bótategunda þannig, að fleiri yrðu þeirra aðnjótandi, og einnig hafa verið teknar inn í lögin nýjar bótategundir.

Það er óhætt að fullyrða það, að af hinum mörgu breytingum, sem gerðar hafa verið á almannatryggingalögunum, hafi hinar langveigamestu orðið í tíð núv. ríkisstj. Ég vil nefna það, að á þessum tíma, eða frá því viðreisnarstjórnin tók við völdum undir árslok 1959, hafa verið að fullu afnumin hin óvinsælu skerðingarákvæði vegna tekna elli- og örorkulífeyrisþega. Þá hefur og landið allt verið gert að einu verðlagssvæði. Og ég vil þá ekki sízt minna á það, að snemma árs 1960 beitti ríkisstj. sér fyrir stórfelldari hækkun og rýmkun á bótum almannatrygginganna en nokkur dæmi voru til áður, og voru þær hækkanir, hvað margar bótategundir snerti, langt umfram það, sem stóð í beinu sambandi við efnahagsráðstafanir ríkisstj., og bættu hag þeirra bótaþega verulega frá því, sem hann var fyrir gengislækkunina, en það var liður í efnahags-

ráðstöfununum. Síðan hafa bætur verið hækkaðar til samræmis við almennar launahækkanir í landinu auk sérstakrar hækkunar á elli- og örorkulífeyri á árinu 1962.

Það frv., sem hér er til umr., er í framhaldi af fyrri hækkunum, sem gerðar hafa verið til samræmis við almennar launahækkanir í landinu, og miðast við það, að bætur, aðrar en fjölskyldubætur, hækki til jafns við þær almennu launahækkanir, sem orðið hafa á þessu ári, og gildir hækkunin frá 1. júlí þ. á. Í aths. við lagafrv. er gefin skýring á því, að ekki er lagt til, að hækkunin verði látin ná til fjölskyldubóta. Ríkisstj. hefur nú til athugunar hækkun á persónufrádrætti við álagningu tekjuskatts og útsvars, og þótti því að svo stöddu eigi rétt að hækka upphæð fjölskyldubótanna og þá, eins og orðrétt segir í aths., „því síður, sem gera má ráð fyrir, að persónufrádráttur verði hækkaður allverulega."

Um næstu áramót koma til framkvæmda ný lög um almannatryggingar, sem sett voru á síðasta þingi, en þau lög hafa að geyma ýmsar veigamiklar réttarbætur til handa bótaþegum. Í 2. mgr. 1. gr. frv. er lagt til, að 15% hækkunin gildi og um bætur samkv. þeim lögum, aðrar en fjölskyldubætur.

Nú standa yfir viðtækar samningaviðræður um launakjör fjölmargra stéttarfélaga, en um árangur þeirra viðræðna ríkir enn alger óvissa. Hins vegar eru nú síðustu forvöð að ákveða hækkun á bótum almannatrygginganna, ef þær hækkanir eiga að geta komið til útborgunar fyrir jól, og því er lögð rík áherzla á, að afgreiðslu þessa frv. verði lokið í þessari hv. þd., helzt þegar í dag.

Ef bíða ætti eftir niðurstöðu af samningaviðræðum, mundi það leiða til þess, að ekki yrði unnt að borga út hækkanir á bótum fyrir jól. En ég vil vekja athygli á því, sem segir í aths. við frv., að þar er sagt, að ef um frekari launahækkanir verði að ræða, verði að sjálfsögðu að endurskoða hækkun bótanna, þegar þær launahækkanir liggja fyrir.

Að öllu þessu athuguðu leggur meiri hl. heilbr.- og félmn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Enginn ágreiningur var í hv. heilbr.- og félmn. um það, að hækka bæri bætur almannatrygginganna. En n. skilar tveimur álitum, af því að menn greindi á um það, hvað hækka skuli bæturnar mikið.

Meiri hl. n., en hann skipa stjórnarstuðningsmenn, telur hækkun þá, 15%, sem hæstv. ríkisstj. leggur til að lögleidd verði með frv., fullnægjandi eins og sakir standa. Rökstuðningur fyrir því er sá, að sú hækkun sé jafngildi þeirrar kauphækkunar, sem almennir verkamenn hafi fengið á ári því, sem nú er að líða. Við framsóknarmennirnir í n. teljum hins vegar 15% hækkun ekki nægilega og ekki heldur réttlátt að hafa kauphækkun þá, sem almennir launþegar fengu á þessu ári, sem einhliða mælikvarða, eins og aðstandendur frv. gera.

Mér skilst, að öllum komi saman um, að bótaþegar þurfi að fá bætur, sem geri lífsafkomu þeirra ekki verri en hún var, þ. e. a. s. að bæturnar þurfi að vega á móti dýrtíðaraukningunni, svo að ekki versni lífsafkoman hjá því fólki, er almannatryggingarnar styðja, t. d. afkoman hjá gamalmennum. Mér virðast stuðningsmenn frv. þessa halda því fram, að með 15% hækkuninni sé því marki náð, a. m. k. standi gamalmennin eftir þá hækkun jafnfætis hinum almenna launþega miðað við það, sem áður var. En þetta er ekki rétt. Laun hins almenna launþega eiga að miðast við það, að þau hrökkvi honum til allra lífsþarfa. Og hækkunin hjá honum var auðvitað miðuð við öll launin. Bætur gamalmennisins eru ekki miðaðar við að hrökkva til allra þarfa. Þær mæta ekki nema hluta af lífskostnaði gamalmennisins. Gamla fólkið verður með öðrum ráðum að standa straum af hinum hluta lífskostnaðarins, sem venjulega mun vera meira en helmingurinn.

Nú á gamla fólkið samkv. frv. að fá 15% hækkun á þeim hluta framfærslufjárins, sem venjulega eða hjá flestum er minni hluti, en vera í vatninu með hinn hlutann, fá þar engar bætur, þótt dýrtíðin leggist engu síður á þann hluta. Algengt er, að gamalmennin eigi einhverjar innstæður, sem þau hafa aurað saman til elliáranna. Þetta sparifé skerðir dýrtíðin. Þær krónur missa kaupmátt og ganga örar til þurrðar. Ef lífeyrisþeginn á að standa jafnt að vígi og áður, þarf að taka tillit til þess og hafa hækkunina meiri en 15% á bætur þær, sem hafa verið greiddar. Ef á að gera lífeyrisþegunum jafnt undir höfði og launþegunum með hækkunum, bæta þeim dýrtíðarvöxtinn, er ekki rökrétt, að sama prósenta gildi fyrir báða. Bótaþeginn þarf hærri hækkunarprósentu á sinn skerf frá tryggingunum til að vera jafnvel staddur og áður. Með þessu er ég ekki að segja, að hinn almenni launþegi hafi fengið fullréttan hlut sinn gagnvart dýrtíðinni með 15% hækkuninni. Mikið vantar á það, eins og kaupdeilur þær, sem nú standa yfir, eru vitni um. En ég er að færa rök fyrir því, að 15% hækkun á bótum almannatrygginganna sé enn fjær því að rétta hlut bótaþegans eins og skyldi.

Hv. frsm. meiri hl. og hæstv. félmrh. í gær nefndu báðir nokkur atriði, sem þeir töldu að væru aukinn stuðningur tryggingana við gamla fólkið. Þeir nefndu afnám skerðingarákvæða, sem gekk í gildi 1961 samkv. lagaákvæðum, sem sett voru 1955 eða 1956. Það er rétt, að afnám skerðingar bóta vegna tekna er mikil útfærsla á bótagreiðslum. Það er rangt, að þetta sé viðreisnarstjórninni að þakka, eins og skilja mátti af orðum hv. frsm. meiri hl. og orðum hæstv. félmrh. í gær, og í sambandi við það, sem við erum nú að ræða, hefur sú útfærsla ekkert gildi, því að hún nær fyrst og fremst til þeirra, sem betur mega sín. Með

frv., sem hér liggur fyrir, á fyrst og fremst að taka tillit til þeirra, sem verst eru settir. Þá á að hafa til viðmiðunar, þegar uppbætur eru ákveðnar. Verði einhverjum, sem vel eru settir, gert um leið og þeim, sem verst eru settir, óþarflega vel til, þá skila þeir, sem bezt eru settir, aftur af sínum hlut í sköttum og útsvörum. Þannig háttar lögum.

Þá var bent á það, að frá 1. jan. 1964 fengju sérlífeyrissjóðamenn hlutdeild í bótum almannatrygginga. Það er auðvitað líka vikkun og viðbót á starfsemi trygginganna. En um þetta má segja það sama og afnám skerðingarákvæðisins. Það gagnar ekki fyrir þá, sem verst eru settir og við erum hér sérstaklega að ræða um.

Enn fremur gat bæði hæstv. félmrh. og hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. þess, að landið hefði verið gert að einu verðlagssvæði í tryggingum. Það var gert, þegar sveitarfélögin á 2. verðlagssvæði óskuðu yfirleitt eftir því, að það væri gert, og við upphaf setningar tryggingalaganna var gengið út frá því, að að því drægi. Nú mátti telja, að það væri orðið tímabært. Vitanlega var það til hins betra, en hins vegar réttlætir það ekki, að gengið sé skemmra í bótahækkun nú en þeir, sem verst eru settir, þarfnast.

Tryggingastarfsemin á Íslandi byrjaði smátt. Hún var fyrst eins og barn í reifum. Ég man þá tíð, þegar hreppsnefndir úthlutuðu nokkrum krónum til fátækustu gamalmenna fyrir jólin. Það var stundum átakanlegt, að það var þá ekki meiru að skipta. En tryggingarnar hafa vaxið upp úr reifunum, sem betur fer. Þær eru þess eðlis, að þær hljóta að vaxa eins og unglingar hljóta að vaxa, jafnvel þótt kjör séu kröpp. Segja má, að ríkisstjórnir þær, sem farið hafa með völd í landinu á undanförnum árum, og flokkar þeirra hafi verið fóstrur þessa unglings. Núv. hæstv. ríkisstj. telur sig hafa verið afbragðsfóstru tryggingarnna. Alþfl. telur sig raunar meira en fóstru þeirra, helzt telur hann þær eingetið hold af sínu holdi og blóð af sínu blóði. Og þegar bent er á, að líf hans sem Alþfl. sé á glötunarbarmi, segist hann fórna sér fyrir tryggingarnar. Mér virðist, að tryggingarnar hafi alls ekki vaxið í tíð núv. hæstv. ríkisstj. meir en unglingur á sambærilegu aldursskeiði hlýtur að vaxa, í hvaða fóstri sem hann er, eins og nú er háttað þjóðlífi okkar og aldaranda. Bótaskerðingin var afnumin samkv. lögum, sem sett voru alllöngu áður en þessi hæstv. stjórn kom til valda, eins og ég sagði áðan. Landið var gert að einu verðlags- og bótasvæði, þegar sveitarfélögin, sem voru á 2. bótasvæði og mest reyndi á um þetta, óskuðu þess, og út frá því hafði lengi verið gengið, að það yrði þannig gert. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið hvött af stjórnarandstöðunni til að efla tryggingastarfsemina og stuðningur stjórnarandstöðunnar alltaf verið til reiðu í þeim efnum. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki stritt í ströngu í þessum efnum, nema þá við að fella umbótatill. frá stjórnarandstöðunni. Þess vegna finnst mér fara illa á því, að í sambandi við þetta frv. sé sí og æ verið af hálfu stuðningsmanna ríkisstj. að hæla henni fyrir sérstakt framtak í þessum málum.

Nú höfum við framsóknarmennirnir í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. lagt fram brtt. á þskj. 117 um, að þessu stjórnarfrv. verði breytt þannig, að í stað 15% hækkunar á bótum almannatrygginganna komi 25% hækkun. Ég hef sýnt fram á, að ef það er meiningin með frv., að bótaþegar eigi að fá leiðréttingu á dýrtíðarskekkjunni, sem þeir hafa orðið fyrir, þá sé ekki samræmi milli þeirra og almennra launþega, nema hækkunin sé meiri en 15%. Til þess að ná því samræmingarmarki mun ekki veita af 25% hækkun. En er þetta þá hægt á þessu ári vegna ríkissjóðs, sem verður sennilega að leggja út fé? Samkvæmt fskj. frv. um útgjaldaaukann 1963 er hann áætlaður 27.8 millj. Viðbót yrði því tæpar 20 millj., ef till. okkar gengur fram. Enginn vafi er á því, að tekjuafgangur ríkissjóðs 1963 getur vel jafnað þetta, svo dropadrjúg mjólkurkýr er hin illræmda dýrtíð fyrir tekjuhlið ríkissjóðsins.

Ég hef ekki rætt um þá hlið þessara mála, að dýrtíð hefur meira aukizt en svarar til þeirra 15%, er verkamenn eru búnir að fá í hækkun kaups, og því meira en svarar til þess, að bótaþegar fái aðeins 25%. Samningar standa yfir, sem hljóta að leiða af sér meiri hækkun. Ég geng að sjálfsögðu út frá því, að staðið verði við það, sem segir í aths. við frv., að þegar sú hækkun launa er í ljós komin, verði hækkun á bótagreiðslum á ný tekin til endurskoðunar. Till. okkar framsóknarmanna gengur ekki inn á þau svið. Það bíður síns tíma. Till. okkar er, eins og ég hef áður tekið fram, um leiðréttingu í samræmi við þá viðmiðun, sem frv. virðist hafa, en reiknar ekki rétt. Af því að ég þykist þess fullviss, að hér er enginn, sem vill, að hlutur þeirra, sem á tryggingabótum þurfa að lifa, sé fyrir borð borinn, þá vil ég vænta þess, að brtt. okkar á þskj. 117 um 25% bótahækkun verði samþ., þegar til kastanna kemur.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. hóf ræðu sína á því, að mikið hefði nú verið gert að undanförnu til að bæta um lög um almannatryggingar og aldrei hefði það verið jafnmikið og í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Ég neita því ekki, að margt hefur verið gert til bóta á þessum lögum í tíð hæstv. ríkisstj., og ber að þakka það. En ég vil þó taka það fram, sem áreiðanlega dylst engum hv. þdm., að það, sem gert hefur verið vel á þessum árum, er ekki verðleikar Sjálfstfl. Það dettur áreiðanlega engum í hug að þakka honum sérstaklega endurbætur á tryggingalögunum. Hitt er svo rétt, að það er ríkisstjórnarinnar verk, en ríkisstj. er samsett, og það eru áreiðanlega verðleikar annars aðila en Sjálfstfl. í ríkisstj., sem ber að þakka þær umbætur, sem orðið hafa á síðustu árum. En þótt allmikið hafi verið gert að því að endurbæta þessi lög, þá eru enn, því miður, margir og stórir gallar á þeim. Ég skal aðeins nefna einn

stóran galla og geri það í tilefni þess, að hann snertir húsmæður í landinu. Í nýju tryggingalögunum er gert ráð fyrir því, að húsmæður eins og aðrir eigi rétt til sjúkrabóta. En hvernig er svo farið með húsmæður í þessu efni? Í lögum er vinna þeirra á heimilunum metin til fjár, og hún er metin þannig að krónutali, að það er reiknað með, að hennar vinna sé 1520 kr. virði á mánuði, m. ö. o.: vinna húsmóðurinnar í landinu er í þessum lögum metin til jafns við það, að húsmóðirin sé tæplega matvinnungur. Á þetta var bent, áður en þessi lög voru samþ. á síðasta Alþingi, en engin leiðrétting fékkst á þessu, ekki einu sinni að hv. frsm. meiri hl. fengist til þess að andmæla þessu. Það eru enn því miður margir allstórir gallar á lögum um almannatryggingar, og við eigum ekki að láta staðar numið eða gerast sjálfumglaðir, fyrr en öllum stærstu ágöllunum hefur verið útrýmt úr þessum lögum.

Annars stóð ég hér upp nú til þess að gera stuttlega grein fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 114. Þessar brtt. eru tvær, og kemur hvorug þeirra á óvart. Eins og ég sagði í ræðu í gær, fluttum við fulltrúar Alþb. í þessari hv. d. frv. um 40% hækkun á öllum bótafjárhæðum almannatryggingalaganna og enn fremur, að allar bótafjárhæðir yrðu framvegis tryggðar í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Og það er þetta, sem mínar brtt. á þskj. 114 fjalla um. Ég legg til, að hækkunin verði látin nema 40% í stað 15%, og enn fremur, að bæturnar verði verðtryggðar. Í frv. okkar Alþb.-manna í haust gerðum við ráð fyrir því, að allar bætur almannatrygginga undantekningarlaust yrðu hækkaðar um 40%, en í þeim brtt., sem ég flyt hér, kem ég þar til móts við hv. stjórnarlið í því að undanskilja fjölskyldubæturnar. Ég viðurkenni fyllilega, að fjölskyldubætur hafa nokkra sérstöðu í lögunum, einkum finnst mér þetta vera rétt að því er snertir fyrsta og annað barn í fjölskyldu. En úr því að börnin verða 3 eða fleiri í sömu fjölskyldunni, tel ég, að fjölskyldubætur eigi raunverulega heima í slíkum lögum. En þannig var þetta áður. Það var 1960, sem tekin var upp sú regla að greiða fjölskyldubætur með fyrsta og öðru barni. Og hvers vegna var það gert? Ég hygg, að það hafi verið gert vegna þeirrar stefnu hæstv. ríkisstj. að gera kaupgjaldið í landinu svo lágt, gera kjör láglaunamanna svo léleg, að láglaunamanni með 1—2 börn yrði ekki kleift að lifa á kaupi sínu án bóta almannatrygginganna.

En ég hef sem sagt í mínum brtt. fallizt á, að fjölskyldubæturnar yrðu undanskildar að sinni. Það kemur greinilega fram í aths. við lagafrv. hæstv. ríkisstj., að fjölskyldubæturnar eru í endurskoðun hjá hæstv. ríkisstj. og að vænta megi frekari bóta handa fjölskyldufólki, annaðhvort í hækkuðum fjölskyldubótum tryggingana eða í auknum frádrætti við álagningu útsvars og tekjuskatts. Með hliðsjón af þessu tel ég vera hægt að fallast á það, að fjölskyldubæturnar séu hafðar út undan að þessu sinni.

Ég vil aðeins drepa á það aftur, að tryggingabætur á Íslandi eru allt of lágar. Og ég held, að allir viðurkenni það. Það, sem um er deilt, er hitt, hvort fjárhagur landsmanna leyfi, að þær séu hækkaðar upp í það, sem teljast verður mannsæmandi. Ég held, að það eina sjónarmið, sem eigi að ráða í þessu efni, sé, að við ákvörðun trygginganna sé þess gætt, að bæturnar séu það miklar, að bótaþeganum nægi þær til brýnustu lífsþarfa. Þetta er sú eina viðmiðun, sem hafa ber. Hitt er ekkert frambærilegt sjónarmið, að kvarta um fjárhagserfiðleika í þessu sambandi, og það er heldur ekkert sjónarmið að miða hækkun bóta hverju sinni við hækkun þeirra launa, sem minnst hækka hverju sinni. Með þessu er ég ekki að segja, að fjárhagurinn skipti ekki máli í þessu tilliti. Fjárhagurinn skiptir mjög miklu máli. En lausn þess vanda liggur ekki og á ekki að liggja í því að klípa æ ofan í æ af bótum lífeyrisþeganna. Lausn fjárhagsvandans liggur á öðrum sviðum og er mjög viðtækt félagslegt vandamál. Við eigum að vinna að því með endurbættri og aukinni heilsuvernd og aukinni og endurbættri sjúkrahjálp, að fólk verði sem minnst veikt, að sjúku fólki batni sem fyrst og að öryrkjum sé gert allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að verða færir um að bjarga sér sjálfir. Allt þetta mun geta borið góðan árangur með samstilltu átaki að því er snertir sjúkdóma og örorku. En málið horfir öðruvísi við, þegar um gamalmennin er að ræða. Einmitt þessi viðleitni að firra menn sjúkdómum og örkumlum leiðir til þess, að fólkið í landinu nær hærri aldri, fleiri og fleiri menn ná því að verða gamlir. Þar skapast nýtt vandamál, sem verður að leysa með öðrum hætti, og það er mikið vandamál, sem blasir við okkur Íslendingum eins og öðrum menningarþjóðum. Hvernig getum við létt byrði ellilífeyrislunnar sem mest? Það er félagslegt vandamál, sem ég skal ekki ræða hér, kemur þessu máli ekki beinlínis við, en ég nefni þetta aðeins til þess að benda á, hvar vandamálin liggja, hvar lausnar sé að vænta. En við eigum ekki að vænta lausnar, ekki að leysa þetta vandamál með því að ætla okkur að knipra og spara við öryrkjana eða gamalmennin. Það hæfir ekki siðmenntuðu þjóðfélagi.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þessar brtt. mínar á þskj. 114, gerði raunverulega grein fyrir þeim í einstökum atriðum við 1. umr. þessa máls í gær.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frsm. minni hl. heilbr.- og félmn. hefur nú gert grein fyrir nál. minni hl. og brtt., sem flutt er af minni hl. Hv. þm. vék að því, að þótt hækkanir og verulegar hækkanir hefðu orðið á ellilífeyri, þá væri hitt eftir, að bæta gamla fólkinu upp það, sem það þyrfti nú vegna vaxandi og aukinnar dýrtíðar að leggja af mörkum auk ellilífeyris til þess að hafa nóg sér til lífsviðurværis. Hann nefndi í því sambandi það, að margt gamalt fólk hefði

lagt upp einhverjar fúlgur til elliáranna og nú hefðu þessir peningar rýrnað svo, að þeir yrðu gamla fólkinu að takmörkuðu leyti að gagni til þess að greiða það, sem þyrfti til þess að brúa bilið milli þess, sem ellilífeyririnn gefur, og hins, hvað kostar að framfleyta lífinu. Ég verð nú að segja við hv. þm., að þessi aths. hefði mátt eiga við allt síðan lögin voru sett. Við vitum það, að einfaldur lífeyrir hrekkur ekki fyrir öllum brýnustu nauðsynjum lífeyrisþegans. Og hann hefur aldrei gert það, síðan lögin voru sett. Það er að sjálfsögðu æskilegt, og vissulega verður að því stefnt að auka, eftir því sem hægt er, bæturnar og þar á meðal lífeyri, svo að hann komist sem næst því eða til jafns við það, sem framfærslukostnaðurinn er. En hvorki hefur núv. ríkisstj. né þeim ríkisstj. öðrum, sem hér hafa setið að völdum, síðan almannatryggingalögin voru sett, tekizt að finna leiðir til þess að bæta svo vel hag ellilífeyrisþeganna, að fyrir þessu væri séð.

Það er nú svo, að því miður er langt frá því, að allir þeir, sem ellilífeyris njóta, séu svo vel staddir, að þeir hafi getað lagt einhverja upphæð til hliðar til elliáranna. Þegar hv. þm. talaði um það, að þetta hefði þurft að laga, og lét í það skína, að þetta væri atriði, sem þyrfti að laga og bæta ellilífeyrisþegunum þessa rýrnun á þeirra samanspöruðu aurum, verðgildi þeirra, þá hefði slík aths. vissulega getað átt sér stað alla tíð frá því, að almannatryggingalögin voru sett, því að öllum er kunnugt, að dýrtíðin hefur verið sívaxandi síðan. Hvað þetta atriði snertir, sýnist mér, að það muni frekar snerta verðtryggingu sparifjár, spurninguna um verðtryggingu sparifjár, heldur en almannatryggingalögin.

En ég vil aðeins minna á eitt, þegar talað er um sparifé gamla fólksins. Ég vil minna á það, að þær vaxtahækkanir, sem orðið hafa í tíð núv. ríkisstj., hafa einnig leitt til stórfelldrar hækkunar á innlánsvöxtum, og nú er það alkunna, að hv. stjórnarandstæðingar hafa barizt með hnúum og hnefum móti vaxtahækkuninni og talið hana til mikillar bölvunar fyrir þjóðina, lagt það út á sinn hátt. En um leið hafa þeir reyndar einnig verið að berjast á móti hækkun á innlánsvöxtum, því að þetta tvennt hlýtur þó að haldast í hendur.

Hv. þm. minntist á afnám skerðingarákvæðanna og sagði, að þar hefði ekki verið stór hlutur ríkisstj., því að það hefði verið ákveðið af öðrum áður, 1956, að skerðingin skyldi falla úr gildi á tilteknum tíma. Ég vil aðeins minna á það, að ríkisstj. hafa áður frestað því ár eftir ár að nema burt að fullu skerðingarákvæðin, og það hefði viðreisnarstjórnin einnig getað gert, að fresta þessu, en það var hún, sem ekki gerði það, og því ber fyrst og fremst að þakka henni það, að skerðingarákvæðin voru afnumin, svo oft sem maður var búinn að horfa upp á frestun á afnámi ákvæðanna.

Það var annað, sem undraði mig nokkuð, í því, sem hv. þm. sagði um þetta atriði, um afnám skerðingarákvæðanna. Hann gerði heldur lítið úr því. Hann sagði, að það kæmi aðallega til bóta þeim, sem betur væru settir. Ég man nú ekki eftir að hafa heyrt þann málflutning fyrr. Þar sem ég hef heyrt, bæði hér á hv. Alþingi og annars staðar, um það mál rætt, hafa allir talið það stórkostlegt hagsmunamál fyrir lífeyrisþegana, að skerðingarákvæðin væru afnumin, sem reyndar er ofur eðlilegt, meðan einfaldur lífeyrir nægir ekki fyrir framfærslukostnaði.

Hv. þm. undi því illa, að stjórnarliðar væru stöðugt að guma af því, hvað áunnizt hefði í tíð viðreisnarstjórnarinnar, og guma af eflingu almannatrygginganna þ. á m. Hann sagði í því sambandi, að stjórnarliðið hefði fellt umbótatill. stjórnarandstöðunnar þráfaldlega. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Það hefur ekki staðið á því, að stjórnarandstaðan flytti yfirboðstill. í hvert einasta skipti, sem breytingar og endurbætur hafa verið gerðar á almannatryggingalögunum í tíð núv. stjórnar. En það er bara ekki eftir því, sem menn verða dæmdir, hvaða yfirboðstill. þeir geta flutt, þeir verða dæmdir af verkum sínum, því, sem þeir létu eftir sig liggja, þegar þeir höfðu aðstöðu til að ráða hlutunum.

Hv. 9. þm. Reykv. hóf mál sitt hér áðan með því að segja, að margt hefði vissulega verið gert til bóta í tryggingamálunum í tíð ríkisstj. En hann sagði um það frv., sem hér er til umr., að engum dytti í hug að þakka það Sjálfstfl., þar hefðu aðrir staðið á verði fyrir þá, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Ég læt nú hv. þm. alveg um þessar hugleiðingar sínar. Ég vil minna hann samt á það, hvaða ríkisstj. það var, sem sat að völdum, þegar tryggingalögin voru sett, og ég vil minna hann á það, að undir forsæti Sjálfstfl. hafa, síðan viðreisnarstjórnin tók við völdum, orðið þær veigamestu breytingar, sem um getur, og endurbætur á almannatryggingalögunum, og að það hafi verið gert í harðri baráttu við Sjálfstfl., ég held, að honum gangi erfiðlega að sannfæra nokkurn mann um það, ef hann þá getur sannfært sjálfan sig.

Hv. þm. talaði um, að margir og stórir gallar væru enn á lögunum, og talaði um, að það ætti ekki að miklast af þeim, eins og þau væru orðin eitthvert alfullkomið mannanna verk. Ég vil segja hv. þm., að ég er honum alveg sammála um það. Það er ótalmargt, sem stendur til bóta á almannatryggingalögunum, og ég vænti þess, að lögin verði aldrei svo fullkomin, að það verði ekki hægt að bæta þar um á einn og annan hátt, og verður sjálfsagt að því unnið í framtíðinni að bæta almannatryggingalögin og efla tryggingar.

Hv. þm. flytur brtt., mælti fyrir brtt. um hækkun úr 15 í 40% á bótunum, öðrum en fjölskyldubótum þó, og enn fremur um verðtryggingu bótanna. Um það síðast talda vil ég segja það, að eins og alkunna er, voru með viðreisnarlöggjöfinni rofin tengslin milli framfærsluvísitölunnar og kaupgjalds og trygg-

inga og annarra greiðslna, sem voru bundnar við framfærsluvísitöluna, og sé ég ekki ástæðu til, að lið sé máls á þessari brtt., meðan vísitalan er ekki tengd kaupgjaldinu í landinu. Hækkunartillögunum á hlutfallinu eða prósentunni, bæði hækkunartill. um, að 15 fari upp í 40%, og hækkunartill. hv. minni hl. heilbr.- og félmn. um, að 15% fari upp í 25%, þeim báðum er ég andvíg og tel eðlilegt að halda sig við hlutfallshækkun í samræmi við það, sem almennt kaupgjald hefur hækkað í landinu á þessu ári, og vitna enn til þess, sem í aths. um frv. stendur um það, að verði frekari almennar kauphækkanir, þá muni bótaupphæðir einnig verða endurskoðaðar til hækkunar til samræmis við slíkar almennar kauphækkanir, ef verða.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, því að það er ekki meining mín eða annarra framsóknarmanna að tefja afgreiðslu þessa máls, sem telja má nauðsynlegt að fái fullnaðarafgreiðslu í dag. Svo vel vill nú líka til, að ég get staðið við að vera fáorður, því að þær aths., sem hv. frsm. meiri hl. gerði við það, sem ég sagði, eru svo fáar og svo veigalitlar röksemdir, að ég sé ekki ástæðu til þess að glíma neitt við þær flestar.

Eitt var það, sem hv. þm. sagði, sem ég vil þó leiðrétta. Hann sagði, að ég hefði látið orð að því liggja, að skerðingarákvæðin, sem voru afnumin, hefðu litla þýðingu, — skerðingarafnámið hefði litla þýðingu. Það sagði ég aldrei. Hitt sagði ég, að það snerti þá aðilana, þá bótaþegana, sem betur mættu sín, og því vildi hv. þm. mótmæla. Ég skil ekki, hvers vegna hann gerir það, vegna þess að skerðingin var miðuð við það, að hún bitnaði eingöngu á þeim, sem hefðu allmiklar tekjur. Ég hélt því fram í ræðu minni áðan og vil undirstrika það nú af þessu gefna tilefni, að þetta frv. á að miðast við þá, sem minna mega sín, sem verst eru settir af þeim, sem eru bótaþegar, og þó að einhverjir aðrir, sem njóta nú afnáms skerðingarinnar, njóti þess, að bætur verði hækkaðar, þá skila þeir aftur af því í skatta og útsvör.

Þá sagði hv. þm., að það hefði verið nokkurt afrek að afnema skerðinguna, þ. e. a. s. að framkvæma lögin, sem búið var að setja, því að þetta hefði ekki verið fyrr gert og hefði þó áður verið talað um afnám skerðingarinnar. Mér er ekki ljóst, að það hafi áður nokkurn tíma verið lögbundið, hvenær ákvæðin skyldu verða afnumin, og þess vegna hygg ég, að engir, sem í stjórn hafa verið að undanförnu, hafi staðið í þeim sporum, sem viðreisnarstjórnin stóð nú, að hafa bein lagafyrirmæli um að framkvæma þetta, enda er eðli málsins þannig, að eftir því sem lengur var búið að borga til tryggínganna, gerðist eðlilegra og sjálfsagðara að afnema skerðinguna. Menn höfðu þá unnið sér réttinn með bótagreiðslum um langan tíma, og það var hægt að fella niður það sjónarmið, sem ríkti við setningu tryggingalaganna, sem sé það, að tryggingarnar bættu fyrst og fremst þeim einum, sem stæðu svo höllum fæti fjárhagslega, að þeir þyrftu nauðsynlega á bótunum að halda, en hinir, sem betur mega sín, greiddu fyrst um sinn án þess að njóta sömu réttinda.

Mér skilst og hefur skilizt á málflutningi þeirra, sem með 15% hækkuninni mæla, að þeir ætluðust til þess, að hún hafi þau áhrif, að sá, sem bótanna nýtur, standi svipað að vígi og hann áður stóð vegna þessara uppbóta, og ef það er svo, að ætlunin er, að hann eigi að standa jafnfætis t. d. launamanninum, sem fær hækkun á launum sínum öllum, þá er ekki rökrétt að taka ekki til greina þá rýrnun möguleika, sem dýrtíðin hefur leitt yfir bótaþegann, að standa straum af sínum þörfum að því leyti, sem hann hefur átt að gera það af sjálfsdáðum. Mér finnst mótsögn í því hjá hv. síðasta ræðumanni að halda því fram, að það eigi að stefna að því, að bætur verði fullar, en vera þó á móti því, að viðnám sé veitt nú, að bæturnar séu ekki minni fyrir lífskostnað bótaþegans en þær hafa að undanförnu verið. En þær vega minna í lífskostnaði hans, ef þær eru ekki nema miðaðar við þær bætur, sem launamaðurinn hefur fengið.

Hv. frsm. meiri hl. sagði réttilega, að frá upphafi vega hefði það verið svo, að bæturnar hefðu ekki hrokkið fyrir öllum lífskostnaði og dýrtíðaraukning hefði því orðið bótaþeganum jafnan til kjaraskerðingar. Þetta er alveg rétt. En sú dýrtíð, sem nú geisar og hefur risið, er stórfelldari fyrir margháttaðar aðgerðir, sem gerðar hafa verið, heldur en áður hefur verið á tímabili bótanna. Og þess vegna er meiri ástæða til þess nú að taka þetta tillit alveg sérstaklega, sem við viljum láta taka, með því að greiða ekki 15% ofan á bæturnar, heldur 25%, svo að maðurinn standi jafnréttur og hann stóð. Það er ekki um annað að ræða.

Ég hafði tekið sem dæmi gamlan mann, sem á innstæðu. Og innstæðan rýrnar við dýrtíðina. Ég tók þetta sem dæmi, veit vel, að meira að segja eru margir gamlir menn svo illa stæðir, að þeir eiga engar innstæður. Þetta sagði hv. frsm. meiri hl., að væri frekar mál um nauðsyn á tryggingu sparifjár og afstaða okkar framsóknarmanna til vaxtahækkunar væri reyndar í mótsögn í þessu efni, því að hækkaðir vextir léttu þó hlut innstæðueigandans. Ég verð nú að segja það, að þó að þetta sé rétt, að hærri vextir séu til bóta fyrir innstæðueigandann, eru þeir hreinustu smámunir, þegar þeir eru bornir saman við þá verðrýrnun, sem hann verður fyrir á innstæðu sinni. Þeir eru, þegar á þetta er litið, hreinustu smámunir og skipta því ákaflega litlu máli sem atriði í þessu efni. En í þessu sambandi vil ég upplýsa það, að ég hef tekið þátt í því að flytja till. um verðtryggingu sparifjár, og máske vill hv. þm. taka þátt í að hefja baráttu fyrir því, að tryggðar verði innstæður.

Hv. þm. virtist sérstaklega móðgaður af því, að ég hafi ekki viljað gera mikið úr því, að viðreisnarstjórnin hefði eflt tryggingarnar. Í því

sambandi get ég endurtekið það, að ég tel, að þessi hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert meira en það, sem hver önnur ríkisstj. hefði hlotið að gera á þessu aldursskeiði tryggingganna, sem eru að þróast og eiga að halda áfram að þróast alla tíð á þá leið að verða fullkomnari og fullkomnari. Ég hygg, að ef það dæmi yrði gert fullkomlega upp, muni flest það, sem vitnað er í til eflingar tryggingunum, étist upp hinum megin frá vegna þeirrar dýrtíðar, sem skapazt hefur í landinu, einmitt í tíð þessarar hæstv. stjórnar, og hún hefur vitanlega vegna sinna aðgerða, sem aukið hafa dýrtíð og lífskostnað fólks, neyðzt til þess að stiga ýmis spor til þess að efla tryggingarnar, en þau spor hafa yfirleitt verið of stutt til þess, að það eigi við að taka undir lofsöng um það, hvað hún hafi verið tryggingunum mikill aflgjafi.

ATKVGR.
Brtt. 114,1 felld með 11:2 atkv.
— 117 felld með 11:6 atkv.
— 114,2 felld með 11:2 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Og skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 119).

---

3. Fullnusta norrænna refsidóma.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl. [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er merkilegt að meginstefnu til, vegna þess að það sýnir fullt og óvenjulegt traust milli Norðurlandaþjóðanna fimm á þeirra réttarskipan, var lagt fyrir Alþingi í fyrra, en varð þá óútrætt. Það var ekki vegna þess, að hér gætti nokkurrar andstöðu við frv., heldur af þeim sökum, að ráð hafði verið fyrir því gert, að frv. yrði afgreitt nokkuð samtímis í öllum Norðurlöndunum fimm, og a. m. k. þótti okkur, sem slógust síðast í þann hóp, sem hefur samið um efni frv., óviðfelldið, að við yrðum fyrstir til þess að lögfesta það. En dráttur varð í hinum löndunum á lögfestingu meiri en í upphafi hafði verið gert ráð fyrir. Nú er hins vegar búið að setja lög um þetta efni bæði í Danmörku og Svíþjóð, það var gert í maí s. l. Ég hygg hins vegar, að málið sé enn óafgreitt í Finnlandi og Noregi, en hef þó ekki heyrt um, að þar væri um meiri háttar andstöðu að ræða, heldur er búizt við, að málið fái afgreiðslu með venjulegum hætti einhvern tíma nú á haustþingum í þessum löndum.

Ég taldi því sjálfsagt að leggja þetta frv. fyrir að nýju. Það má að vísu segja og er rétt að viðurkenna það, að fangelsi okkar eru ekki í því ástandi, að sambærilegt sé við það, sem bezt gerist með frændþjóðum okkar. En hafinn er undirbúningur að því að koma þessum málum í betra horf hér á landi. Og eins og ég sagði, hér er meira um að ræða gagnkvæma viðurkenningu og traustsyfirlýsingu þessara þjóða á réttarskipun þeirra hverrar um sig heldur en búast megi við, að málið hafi ýkjamikla raunhæfa þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Það er miklu frekar, að raunhæf þýðing verði milli þeirra landa, sem liggja fast hvort upp að öðru, og þeirra samgöngur eru miklu meiri en er í okkar landi. Ég vonast þó til, að frv. fái hér góðar undirtektir, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 87).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur á nokkrum fundum sínum athugað og rætt frv. til l. um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl., og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri orðalagsbreytingu á kaflafyrirsögn II. kafla frv., sem lýst er í nál. á þskj. 87.

Frv. þetta er stjfrv. Var frv. nærri samhljóða því flutt í hv. Ed. í fyrravetur, og afgreiddi sú d. það þá með smávegis orðalagsbreyt. Hins vegar var frv. ekki afgr. í þessari hv. d. á þinginu í fyrravetur, en það stafaði engan veginn af því, að nokkur ágreiningur væri uppi um efni frv., heldur aðeins af því, að þá hafði ekkert hinna Norðurlandanna afgreitt frv. sem lög frá sér, og þótti eðlilegt, að séð yrði, hver yrðu afdrif frv. á hinum Norðurlöndunum, áður en Alþingi Íslendinga afgreiddi frv. fyrir sitt leyti. Nú er hins vegar vitað, að a. m. k. löggjafarþing þriggja Norðurlandanna, þ. e. a. s. Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs, hafa þegar afgreitt frv. efnislega shlj. þessu frv. fyrir sitt leyti, og þykir því ekki eftir neinu að bíða

lengur, að leitað verði samþykktar fyrir þessu frv. hér á hv. Alþingi Íslendinga.

Um efni frv. tel ég ekki ástæðu til að vera fjölorður, en eins og segir í aths. með frv., hafa á undanförnum árum farið fram umr. danskra, finnskra, norskra og sænskra stjórnarvalda, sem hafa með dómsmálastjórn að gera, um samstarf þessara þjóða, að því er tekur til fullnustu refsinga, umsjónar með mönnum, sem dæmdir hafa verið skilorðsbundnum dómi, fengið hafa reynslulausn úr refsivist eða fengið skilorðsbundna náðun. Hefur náðst samkomulag um þetta og lagafrv. verið samið í hverju þessara ríkja. Hefur mál þetta einnig verið rætt á sameiginlegum fundum dómsmrh. Norðurlandanna og hefur verið mælzt til þess, að Ísland gerðist aðili að þessu samstarfi, og hefur að athuguðu máli þótt rétt, að við þeim tilmælum yrði orðið. Má segja, að samstarf Norðurlandanna á þessu sviði sé einn liður í norrænni samvinnu, og þetta lýsir því trausti, sem Norðurlönd bera hvert til annars á sviði réttargæzlu og dómsmála.

Eins og ég áður tók fram, herra forseti, leggur allshn. einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri smávægilegu orðalagsbreytingu, sem ég áður gat um.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 87 samþ. án atkvgr.
3.—6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
13.—18. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
20.—27. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 98).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 19. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 120).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í samræmi við samkomulag, sem um það hefur orðið milli dómsmrh. Norðurlanda að beita sér fyrir samræmingu á fullnustu refsidóma í þessum löndum á þann veg, að það yrði heimilt að framfylgja þessum refsidómum í hverju landi fyrir sig, þó að dómur sé upp kveðinn í öðru landi. Frv., eins og það liggur fyrir hér, er í samræmi við þau frv., sem nú liggja fyrir þjóðþingum hinna Norðurlandanna, og er hugmyndin, að löggjöfin í þeim löndum öllum verði endanlega afgreidd fyrir næstkomandi áramót og því að því stefnt, að einnig hér verði þessi löggjöf afgreidd fyrir þann tíma, þannig að lögin geti fylgzt að.

Frv. lá fyrir síðasta þingi, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu, m. a. vegna þess, að málið var ekki komið á þann rekspöl í hinum Norðurlöndunum, og þótti því rétt að bíða með samþykkt málsins einnig. En nú er séð fyrir endann á því í öllum löndunum, að þessi löggjöf muni verða sett um svipað leyti alls staðar.

Það er einróma till. allshn. þessarar hv. d., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—27. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 126).

---

4. Ríkisreikningurinn 1962.

Á 24. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962 [97. mál] (stjfrv., A. 121).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:3 atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962 liggur hér fyrir. Við 1. umr. fjárlaga 22. okt. s. l. gerði ég grein fyrir afkomu ríkisins á árinu 1962 og þykir því ekki ástæða til að endurtaka þær upplýsingar hér. Ríkisreikningurinn sjálfur með aths. yfirskoðunarmanna, svörum ráðuneyta og till. yfirskoðunarmanna liggur hér einnig fyrir. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 129).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. um staðfestingu á ríkisreikningnum fyrir árið 1962, og svo sem nál. n. á þskj. 129 ber með sér, mælir n. með því, að reikningurinn verði samþykktur. Hins vegar hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að gera aths. við umr. málsins.

Svo sem að líkum lætur og venjulega gera ríkisendurskoðendur ýmsar aths. við reikninginn, og hefur n. athugað þær aths. Þessar aths. eru yfirleitt ekki veigamiklar, og samkv. niðurstöðu endurskoðenda telja þeir yfirleitt, að svör ráðh. við aths. séu að því leyti fullnægjandi, að þeir vísa engri af þessum aths. til aðgerða Alþingis, eins og stundum hefur átt sér stað áður, en í ýmsum tilfellum leggja þeir áherzlu á, að það sé til athugunar framvegis, sem þeir benda á. Engar þessar aths. yfirskoðunarmanna gefa tilefni til að ræða þær sérstaklega. Það er engin sérstök þeirra, sem sker sig úr að því leyti, heldur er um aths. að ræða, sem eðlilegt sýnist vera að hafi fram komið, og skal því ekki sérstaklega um þær frekar rætt með hliðsjón af því, sem ég áðan sagði, að endurskoðendur taka fram, að að svo miklu leyti sem þörf verði, muni þeir áfram fylgjast með þeim málum, sem þar er minnzt á. Þeir taka jafnframt fram, sem ástæða er til að lýsa ánægju yfir, að nú séu mun færri reikningar óendurskoðaðir hjá hinni umboðslegu endurskoðun heldur en áður hafi verið. Það liggur í augum uppi og hefur áður verið á það bent í sambandi við ríkisreikninginn, eftir að farið var að hraða afgreiðslu hans, að það veltur á miklu, að aukinn hraði yrði á hinni umboðslegu endurskoðun, því að það hefur viljað verða svo, að hún væri alllöngu og jafnvel nokkrum árum á eftir með suma reikninga, og það væri ekki nema eðlilegt, að það kæmu fram aths. um það, eftir að farið er að hraða afgreiðslu ríkisreiknings, að það væri lítt viðunandi, að ekki yrði þá reynt að ljúka hinni umboðslegu endurskoðun nokkurn veginn samtímis því, sem endanlegar aths. ríkisendurskoðunarmanna lægju fyrir. Það er því ástæða til þess að láta í ljós ánægju yfir því, að ríkisendurskoðunarmenn staðfesta, að þessu hafi mjög þokað í þá átt, að nú sé um mun færri reikninga óendurskoðaða að ræða en áður, þó að enn þá skorti að vísu á, að allir reikningar hafi verið endurskoðaðir til ársloka 1962. Hins vegar lýsa ríkisendurskoðunarmenn því yfir, að þeir muni þá koma síðar að aths., ef tilefni gefst til, þegar þeir reikningar liggja endanlega endurskoðaðir fyrir, sem ekki hefur þegar verið lokið.

Það sýnist því engin sérstök ástæða til þess að fallast ekki á að staðfesta ríkisreikninginn með hliðsjón af þessum atriðum, sem ég hef á bent, og það er einnig ástæða til þess að láta í ljós ánægju yfir því, að reynt er að koma á þeirri skipan mála, að ríkisreikningur fyrir hvert ár sé afgreiddur innan loka næsta árs á eftir. Það hefur einmitt oft verið um það rætt í sambandi við ríkisreikning, að það væri næsta fánýtt að vera að ræða um reikning mörgum árum eftir að reikningsári lýkur, þannig að það er að sjálfsögðu svo með þann hátt, sem nú er á hafður, að það eru meiri líkur til, að þetta sé lifandi í huga manna, þar sem þeir á annað borð kynnu að vilja gera aths. við, miðað við þá afgreiðslu, sem á sínum tíma var á fjárlögum fyrir viðkomandi ár.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið, en n. leggur til, eins og ég áðan sagði, að ríkisreikningurinn verði samþykktur.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir álit fjhn. og legg til, að frv. ríkisreikningsins 1962 verði samþykkt. Með því segi ég ekki, að ég sé efnislega samþykkur öllu því, sem reikningurinn ber með sér að gert hefur verið. Það, sem á reikninginn er fært, er orðinn hlutur. Töluleg endurskoðun getur varla orðið nein hjá Alþingi. Alþingi verður að treysta því, að endurskoðunardeild stjórnarráðsins sjái um, að tölur séu rétt upp teknar, rétt lagt saman o. s. frv. Þá kýs og Alþingi árlega þrjá yfirskoðunarmenn ríkisreikninga og kýs þá hlutfallskosningu, þ. e. a. s. sú kosning er pólitísk. Í 43. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frv. til l. um samþykkt á honum og aths. yfirskoðunarmanna. Rétt er yfirskoðunarmönnum að fá að sjá reikninga og bækur ríkisféhirðis og sömuleiðis stjórnarráðsins fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega."

Þannig segir stjórnarskráin um yfirskoðunina og yfirskoðunarmenn og starfsemi þeirra. Og það er ljóst af þesum orðum stjórnarskrárinnar, þó að þau séu að vísu nokkuð liðinstímaleg, að yfirskoðunarmenn þeir, sem Alþingi kýs, eru þeir trúnaðarmenn Alþingis, sem það verður að setja traust sitt á auk endurskoðunardeildarinnar um, að reikningur ríkisins sé réttur.

Yfirskoðunarmennirnir endurskoða tölulega og þó ekki síður sem gagnrýnendur að því er snertir framkvæmdir fjárl. og greiðslur utan fjárlaga, sem alltaf vilja verða meiri og minni. Það, sem sjálfsagt er að athuga, þegar ríkisreikningurinn er lagður fram til samþykkt-

ar, er þá fyrst og fremst, hvaða aths. fylgja honum frá yfirskoðunarmönnunum. Auðvitað er líka sjálfsagt fyrir hv. alþm. að kynna sér reikninginn sem bezt og athuga, hvernig fylgt hefur verið fjárl., og kynna sér þá sögu, sem reikningurinn segir af þeirri ríkisstj., sem með framkvæmd fjármála ríkisins fer hverju sinni.

Augljóst er, að ekki er hægt að vera fljótur að gera þvílika athugun, svo ýtarleg sem hún ætti að vera. Í því sambandi vil ég segja það, að þótt ágætt sé fyrir Alþingi að fá ríkisreikninga til athugunar sem fyrst að loknu hverju reikningsári, er það ekki nóg. Það þarf líka að gefa Alþingi tóm til að athuga reikninginn. Segja má, að þessi ríkisreikningur sé snemma á ferð, og er það ágætt. En sagt er, að ætlun hæstv. fjmrh. sé að fá afgreiðslu á honum lokið á Alþingi fyrir jól, og það finnst mér óforsvaranlega stuttur tími, sem Alþingi er með því ætlaður til að fjalla um reikninginn, jafnhliða þeim miklu önnum, sem nú eru á Alþingi við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga fyrir n. k. ár. Út á þetta leyfi ég mér að setja. Ég sé ekki heldur, að þetta hafi aðra þýðingu en að stofna til hroðvirkni af hálfu Alþingis. Reikningurinn yrði álíka nýr og ófyrndur, þótt hann biði fram yfir áramótin endanlegrar afgreiðslu á þingi. En þrátt fyrir þetta skrifaði ég undir nál. í fyrradag og mæli með samþykkt frv. nú. Það geri ég vegna þess, að ég er friðsamur og vil ekki stofna til ófriðar um þetta mál, þykir naumast taka því.

Hins vegar áskildi ég mér rétt til aths. eins og aðrir hv. nm. í fjhn. og hef nú þegar lýst þeirri aths., að ég tel hæstv. fjmrh. og stuðningsmenn hans leggja of mikla og óviðeigandi áherzlu á að sigla þessu frv. eins og hraðbát gegnum þingið. Því liggur, eins og ég sagði áðan, að mínu áliti ekki það á, að ekki megi athuga farminn, sem það flytur, eins og til er ætlazt að gert sé. En til þess að framkvæma slíka athugun vannst enginn tími í fjhn. þessarar hv. deildar.

Líti maður nú á rekstrarreikning ríkissjóðs, sést, að tekjur ríkissjóðsins hafa farið rúmlega 300 millj. fram úr áætlun 1962, en það virðist mér vera hátt á 18. prósent. Mestu munar þar á því, sem tollar og skattar hafa hækkað. Þar er hækkunin frá áætlun 282 millj., eða nærri því, að hækkunin sé 1/5 hluti frá áætlun. Kemur þar auðvitað til bæði aflagóðæri, sem leiddi af sér mikinn innflutning, og svo verðbólgufarganið, sem yfir okkur gekk og gengur.

Rekstrarhagnaðurinn varð 184.4 millj. kr. meiri en hann hafði verið áætlaður. Um 118 millj. fóru í hækkun rekstrarkostnaðarins.

Þegar athugaðir eru einstakir kostnaðarliðir, sést t. d., að stjórnarráðskostnaður hefur hækkað um rúmlega 4 millj. kr. frá áætlun, eða úr 22.2 millj. í ca. 26.6, og er það hlutfallslega mikið. Manni kemur í hug Parkinsonslögmálið. Samgöngur á sjó hafa hækkað um 1/3 frá áætlun, en þar með mun eitthvað hafa verið fært til útgjalda, sem ekki kom til reiknings 1961, og dregur það út af fyrir sig úr hækkuninni, sem tilheyrir þessu ári beinlínis. Til eru liðir, sem fara í heild svo að segja eftir áætlun, t. d. kennslumálin, og er þar þó um háan lið að ræða eða 223 millj. Enn fremur eru til liðir, sem koma lægra út en áætlað var. Má þar helzt nefna 16. gr. A., landbúnaðarmál. Lækkunin er rúmlega 4 millj. kr. Hún stafar af því, að jarðræktarframlag lækkar úr 14 millj. í áætlun í 12 millj. í framkvæmd og tillag til framræslu úr 12 millj í áætlun í 10 millj. í framkvæmd. Þetta sýnir samdrátt þann, sem átt hefur sér stað í þessum framkvæmdum, og sýnir hann óumdeilanlega. Stórkostleg hækkun má segja að hafi orðið á 19. gr. 1. Það er til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, eða 300 millj. í áætlun hafa orðið í reynd 378 millj. kr. Þessar tölur sýna, að uppbótakerfið svonefnda, sem hæstv. núv. ríkisstj. fordæmdi, þegar hún tók við völdum, lifir býsna góðu lífi í höndum hennar. Hlutfallslega mest hækkun virðist mér þó hafa orðið á 19. gr., 4. lið. Hann er óviss útgjöld. Þar hafa 10 millj. orðið 13.5 millj., eða 35% hækkun. Á það þar sinn ríka þátt, hve hæstv. ríkisstj. hefur verið ör á greiðslur til ýmissa nefnda, sem hún hefur sett á laggir, og að því kem ég síðar í sambandi við aths. yfirskoðunarmanna. Greiðsluhagnaðurinn á árinu varð 161.7 millj. eða rúmlega helmingur þess, sem tekjur fóru fram úr áætlun. Af þeirri fjárhæð hefur hæstv. fjmrh. lagt 100 millj. kr. í varasjóð, og skal síðar en svo af mér að því fundið. En 67.1 millj. kr. ætti að vera óráðstafað eftir reikningnum að dæma.

Ríkisreikningnum fylgja, eins og hv. frsm. n. sagði áðan, aths. yfirskoðunarmanna, svör ráðh. við þeim aths. og að lokum ályktanir yfirskoðunarmanna út af svörum ráðh. eða að þeim fengnum. Upphaflegar aths. yfirskoðunarmanna eru í 38 greinum og svör hæstv. ráðh. í allmörgum töluliðum. Ég vil nú minnast á nokkrar þessar aths. og leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þær upp úr þessari bók: Ríkisreikningurinn fyrir árið 1962.

Fyrsta aths., sem ég ætla að minnast á, er sú 18., á bls. 264 í bókinni. Hún er svo hljóðandi: „Samkv. fjárlögum eru ætlaðar kr. 21 063 000.00 til utanríkismála, en samkv. ríkisreikningnum hafa þessi gjöld numið kr. 22-340 684.00. Fyrir fram er vafalaust ekki auðvelt að segja nákvæmlega fyrir um það, hver kostnaður þessara mála þarf óhjákvæmilega að vera, sakir þess, hve erindisrekstur þeirra kann að vera mikill og margvíslegur. Þannig er t. d. á fjárlögum ferðakostnaður áætlaður 509 þús. kr., en verður samkv. ríkisreikningnum kr. 1 333 452.45. Eins og ástatt er nú orðið um viðskipti þjóða á milli og erindisrekstur, verður ekki hjá því komizt að sinna slíkum málum af hálfu ríkisvaldsins, en gæta ber þess til hins ýtrasta, að allrar aðgæzlu sé gætt um meðferð fjármuna og ekki sé eytt meira fé en óhjákvæmilegt er."

Mér virðist, að þessi hækkun á ferðakostnaðinum sé um 140%. Hæstv. ráðh. svarar þess-

ari aths. á þessa leið: „Utanrrh. svarar aths. með eftirfarandi grg.“ Hann á vitanlega að svara fyrir þessa liði: „Fjmrn. hefur sent utanrrn. aths. yfirskoðunarmanna út af því, að kostnaður við utanríkismál hefur orðið kr. 22 340 684.00, en að áætlun hafi numið kr. 21 063 000.00, eða m. ö. o., að farið hafi verið fram úr áætlun um kr. 1 277 684.00. Aðalástæðan til þess, að svona hefur farið, er sú, að ferðakostnaður varð venju fremur hár að þessu sinni og fór um kr. 824 452.45 fram úr áætlun, eins og vikið er að. Þessi kostnaðarliður hefur raunar undanfarin ár farið vaxandi vegna aukinnar þátttöku í alþjóðaráðstefnum og vegna verzlunarsamninga, án þess að þess hafi verið gætt sem skyldi að fá hann hækkaðan á fjárlögum.“

Þetta segir utanrrh. Áreiðanlega, er full ástæða til þess fyrir Alþingi að hafa hér gát á. Yfirskoðunarmenn segja, er þeir hafa fengið þetta svar: „Upplýst með svarinu. Hafa ber strangar gætur á meðferð þessara mála og að ekki sé eytt til þeirra um skör fram. Málið er því til athugunar framvegis.“ Ég tel sjálfsagt, að hv. þd. vilji taka undir þessa aths. endurskoðenda og telji hæstv. ríkisstj. skylt að hafa þetta til athugunar framvegis.

Þá er aths. 21 á sömu bls. Þar stendur: „Yfirskoðunarmenn veittu því athygli, að engar greiðslur eða lán eru færð á reikning ríkisins vegna þeirra framkvæmda, sem byrjað var á á árinu 1961 og haldið áfram á árinu 1962 á Reykjanesbraut. Upplýst hefur verið, að lán hafi verið tekið til þessara framkvæmda. Eins og venja er til, hefði átt að færa þetta í eignaskýrslu ríkisins, bæði eigna- og skuldamegin, og kostnaður við framkvæmd verksins að færast á reikning ríkisins og vegamálanna á 13. gr. Af hverju hefur þetta ekki verið gert?“ Þetta segja yfirskoðunarmenn. Hér er efni, sem var til umr. í sambandi við síðasta reikning eða ríkisreikninginn 1961, því að þá hefði bæði verið tekið lán til þessarar framkvæmdar og unnið að vegagerð. Þá var því svarað, að þetta hefði orðið á ýmsan hátt svo síðbúið við ársuppgjör, að það hefði ekki komizt inn á reikninginn hjá vegagerðinni, en yrði lagfært á árinu 1962. Nú gera yfirskoðunarmenn þessa aths., sem sýnir, að þetta hefur ekki verið gert, eins og heitið hafði verið árið 1962. Samgmrn. svarar aths. þannig: „Í eignahlið efnahagsreiknings vegamálanna fyrir árið 1961 (bls. 148 í ríkisreikningi) eru útistandandi skuldir taldar kr. 9 643 784.98. Innifalið í þeirri upphæð er kostnaðarverð Reykjanesbrautar í árslok það ár, þ. e. kr. 7 821 922.67. Í skuldahliðinni eru skuldheimtumenn taldir með kr. 18 019 055.66, en þar af eru 9 millj. 700 þús. kr. lán Framkvæmdabankans vegna Keflavíkurvegar, eins og það var í árslok 1961. Mismunur þessara upphæða, þ. e. lánsins til Framkvæmdabankans og kostnaðarverðs vegarins, kemur því einnig fram í höfuðstól vegagerðarinnar, sem er nettó kr. 37 791 875.98, sbr. bls. XII í ríkisreikningi 1961. Á sama hátt er í eignahlið efnahagsreiknings vegamálanna fyrir árið 1962 (bls. 184 í ríkisreikningi) innifalið í útistandandi skuldum, sem þar eru kr. 38 414 495.97, kostnaðarverð Reykjanesbrautar í árslok 1962, kr. 37 371 907.36, en í skuldahlið efnahagsreiknings eru á sama hátt innifaldar kr. 35 085 073.34 í útistandandi skuldum, sem alls eru kr. 42 988 978.22 í árslok það ár. Mismunur þessara talna kemur að sjálfsögðu inn í höfuðstól stofnunarinnar á eignaskýrslu, kr. 48 465 172.96. Samkvæmt framansögðu innifelur efnahagsreikningur vegamálanna bæði kostnaðarverð Reykjanesbrautar og skuldir vegna hennar hin umræddu ár, jafnframt því sem mismunur á þessu tvennu, raunveruleg skuld 1961, er nemur kr. 1 878 077.33, og raunveruleg eign síðara árið, að upphæð kr. 2 286 834.02, koma fram í tilgreindum höfuðstól stofnunarinnar á eignaskýrslu.“

Þetta er nú satt að segja allþvælingslegt svar, svo þælingslegt, að mér þótti ástæða til þess að lesa það hér upp. Vitanlega er fráleitt að færa skuld vegna Reykjanesbrautar eða Keflavíkurvegar, sem sú braut er oft kölluð, hjá vegagerð ríkisins ár eftir ár og veginn sem eign þar á móti. Vegir hafa að mér skilst aldrei verið taldir til eigna hjá ríkinu. Og skuldin er tvímælalaust ríkisins — ríkissjóðsins, en ekki vegagerðarinnar. Með sama rétti mætti telja margt af framkvæmdum ríkisins hjá framkvæmdastofnunum þess, jafnvel skólabyggingarkostnaði hjá fræðslumálaskrifstofunni, ef sami háttur væri á hafður.

Þegar yfirskoðunarmenn hafa fengið þetta svar, þá segja þeir: „Gefin er skýring á færslum fjármunanna við vegagerðina og lántökum til hennar. Framvegis er rétt að færa þetta á þann hátt, er segir í aths. Er það til eftirbreytni.“

Ég verð fyrir mitt leyti að ítreka það, sem ég í raun og veru hélt fram í fyrra og þarna hafa endurskoðendur líka bent á, að ekki verði látið undir höfuð leggjast að færa þessi viðskipti á ríkisreikning eftirleiðis. Það er engin ástæða til að hafa þau þannig utan borðs í framtíðinni, eins og þau eigi ekki að liggja fyrir í sambandi við afkomu ríkissjóðs. Vitanlega er hún að því leyti fallegri sem þessari upphæð nemur, ef vegagerðin er ekki skoðuð um leið.

Þá er það 30. aths. hún er á bls. 266: „Kostnaður við ráðstefnur og mót erlendis hefur orðið kr. 1 069 552.77, og ferðakostnaður embættismanna erlendis á vegum ríkisstj. hefur orðið kr. 939 942.76. Eins og ofanskráðar tölur bera með sér, hefur miklu fé verið varið til þessa erindisreksturs, og eflaust verður ekki hjá því komizt að verja verulegum fjármunum til þess, en þess verður vandlega að gæta, að ekki sé varið til þessara hluta meira fé af hálfu þess opinbera en óhjákvæmilegt er og að gætt sé samræmis um þessar greiðslur til manna, eftir því sem hægt er.“

Hæstv. ráðh. svarar þessu á þá leið: „Ráðuneytið er sammála því, sem í aths. felst.“ Al-

þingi hlýtur líka að vera því sammála, og væntanlega er það, þegar allir þessir aðilar eru sammála, að aths. verði höfð til fyrirmyndar og eftirbreytni í framtíðinni.

Þá er 31. aths. þar stendur: „Skv. 19. gr. 5 er kostnaður við 17 nefndir kr. 1 358 272.17." Kostnaðarsömustu nefndirnar eru: Vegalaganefnd kr. 222 332.02. Stóriðjunefnd kr. 205 332.-29. Vinnutímanefnd kr. 170 942.00. Vinnumálanefnd Keflavíkurflugvallar kr. 133 100.00. Kostnaður við hinar nefndirnar hefur orðið innan við 100 þús. kr. við hverja eða frá kr. 15 371.50 upp í kr. 93 022.56." Þetta eru tölur, sem yfirskoðunarmenn hafa séð sérstakar ástæður til að benda á, og vitanlega eru þær út af fyrir sig allháar, t. d. að því er vegalaganefnd snertir á því ári, 1962, rúmlega 40 þús. á mann, það er 5 manna nefnd, skilst mér. Að sjálfsögðu hefur sú nefnd unnið tímafrekt starf, en þetta sýnist nú vera mikil borgun.

Hæstv. ráðh. svarar á þá leið: „Aths. gefur ekki tilefni til svars." Nú er ekki svo þægilegt að ráða allar gátur. Þetta svar er á vissan hátt gáta og dálítið furðulegt, að þegar minnzt er á svona stórt atriði, — atriði, sem var allmikið talað um á þeim tíma, sem ríkisstj. hóf störf sín, að þyrfti að vera í betra lagi en þá var talið, og virðist ekki hafa færzt til betri áttar. Aths. er svarað með því, að hún gefi ekki tilefni til umr. eða svars!

Í þessari aths. yfirskoðunarmanna er aðeins tekin ein útfærð samtala úr yfirlitinu, sem er í 19. gr., þ. e. kr. 1 358 272.17. Ég finn ekki betur en tína megi saman úr greininni hliðstæðar tölur, þ. e. hliðstæðar greiðslur á nefndarstörfum, sem gera, að mér finnst a. m. k., 2½ millj., auk þeirrar upphæðar, sem yfirskoðunarmenn nefna. Og þetta rifjar það upp fyrir mér, þegar hæstv. ríkisstj. var að taka til starfa, og þá talaði hæstv. fjmrh. mikið um fækkun nefnda. Ég sé ekki, að það hafi orðið mikið af slíkri fækkun í reynd, jafnvel sýnist mér helzt þróunin hafa verið í öfuga átt. Það hefur að vísu verið breytt nafni á nefndum í ríkisreikningnum, þar er talað um kostnað vegna hagsýslu og athugunar á ýmsum efnum, sem upp eru talin. Þess konar nefndarstörf virðast mér, eins og ég sagði áðan, geta numið allt að 2½ millj. á þessari grein. Þarna sé ég ekki, að hafi verið um neinn sparnað að ræða, en einmitt var talað um sparnað, man ég, þegar fjárlög voru fyrst lögð fram af hálfu núv. hæstv. ríkisstj., og ég man ekki betur en þegar fjárlög komu úr nefnd, þá væri tala sparnaðarliðanna orðin samanlögð hjá hæstv. ráðh. og stuðningsmönnum hans í fjvn. 59 liðir. En ég sé ekki betur en Parkinsonslögmálið sé mjög ríkjandi hjá hæstv. ríkisstj. og það í stórum stíl og dýrum. Það er líka hætt að tala um sparnað, og hæstv. ráðh. virtist ekki vilja um þessi mál tala við yfirskoðunarmennina, því að hann segir við réttmætri athugasemd, sem mér virðist að Alþ. hljóti að taka undir, að hún gefi ekki tilefni til svars. Það er víst sama og að segja: „Þei, þei og ró, ró" — eða „Við skulum ekki hafa hátt, hér er maður á glugganum." Ég tel sjálfsagt fyrir Alþ. að leggja mikla áherzlu á það að reyna að hamla móti Parkinsonslögmálinu, og þess vegna hef ég gert þetta að umræðuefni.

Þá er 32. aths. hjá yfirskoðunarmönnum. Hún er á þessa leið: „Samning lagafrv. og reglugerða samkvæmt 19. gr. hefur kostað kr. 920-152.82. Rétt væri að athuga það rækilega, hvort ekki væri vegur til þess að fela þessi störf, eftir því sem hægt er, embættismönnum ríkisins og föstum starfsmönnum, án sérstakra launagreiðslna fyrir þau störf." Undir þessa aths. yfirskoðunarmanna vil ég taka.

Hæstv. ráðh. svarar: „Ráðuneytið fellst á álit yfirskoðunarmanna, en vekur athygli á því, að samning lagafrumvarpa og reglugerða er oft svo viðamikið verk, að ekki er unnt að ætlast til þess, að starfsmenn ríkisins anni því í venjulegum vinnutíma."

Það virðist svo sem þessi aths. valdi ekki neinum ágreiningi, og mætti því ætla, að hún yrði höfð til hliðsjónar framvegis, eins og yfirskoðunarmennirnir ályktа hér. Ráðuneytið lítur líkum augum á málið og yfirskoðunarmenn. Þá ætti það að geta orðið til athugunar framvegis.

36. aths. hjá yfirskoðunarmönnum er svo hljóðandi: „Skýrsla um greiðslur vegna lána, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, hefur hingað til verið í ríkisreikningi, en ekki nú. Stofnaður hefur verið sérstakur sjóður vegna þessara ábyrgðargreiðslna ríkisins, og úr honum eiga greiðslurnar að fara fram. Sú stofnun á einnig að annast innheimtu ábyrgðargreiðslnanna. En þótt þessum málum hafi verið breytt á þennan veg, álíta yfirskoðunarmenn, að skýrsla eigi að fylgja ríkisreikningnum yfir allar þær greiðslur, er sjóðurinn innir af höndum í þessu skyni, svo að jafnan sé auðvelt að sjá, hvað þessum viðskiptum líður hjá hverjum aðila."

Ég taldi á sínum tíma stofnun ríkisábyrgðasjóðs þarflausa og er raunar þeirra skoðunar enn. Að sjálfsögðu er skylt, að skýrsla um hann fylgi jafnan ríkisreikningi, eins og yfirskoðunarmenn segja, og ég vil leggja áherzlu á, að það verði svo framvegis.

Þessu er svarað af hæstv. ráðh. á þessa leið: „Ráðuneytið fellst á athugasemdina og mun gera ráðstafanir til þess, að svo verði gert eftirleiðis."

Þá er 37. aths. „Yfirskoðunarmenn hafa fengið skýrslu um það, hvað langt er komið endurskoðun ríkisendurskoðunarinnar. Er hún nú komin talsvert lengra en verið hefur, þótt talsvert skorti á, að hún hafi afgreitt alla reikninga til ársloka 1962. En yfirskoðunarmenn telja eigi ástæðu til að láta það hindra afgreiðslu reikningsins, þar sem ætla má, að á því sé hert, að ríkisendurskoðunin ljúki starfi í tæka tíð framvegis. Munu yfirskoðunarmenn hverju sinni fylgjast með því, hvaða aths. koma fram við þá reikninga, sem ekki er lokið endurskoðun á."

Síðustu ár hefur ríkisendurskoðunin eða ríkisreikningaendurskoðunin, sú umboðslega, verið of skammt komin með sitt verk að mínu áliti,

þegar reikningur ríkisins hefur verið lagður fyrir Alþingi. Nú segja endurskoðunarmenn, að þetta hafi lagazt dálítið, en ekki var annars tími til þess í fjhn. að athuga, hve mikið hefur miðað til lagfæringar. En vitanlega er allt til bóta, sem til lagfæringar miðar, og ég vil taka undir það með hv. frsm. n. áðan, að ég treysti því, að það verði unnið að því áfram, að endurskoðanirnar fylgist sem mest að.

Ég læt nú hér lokið máli mínu um ríkisreikninginn. Ég hef bent á í sambandi við hann nokkur atriði, sem ég tel umhugsunarverð. Ástæða hefði auðvitað verið til að nefna miklu fleira, en ráðrúmstíminn er við athugun hans of stuttur.

Margt er auðvitað athugavert við þá sögu, sem reikningurinn segir. En þar er um orðinn hlut að ræða, og því verður ekki breytt fyrir árið 1962, sem þegar hefur verið gert. Þess vegna verður Alþingi að samþykkja reikninginn eins og hann liggur fyrir, eins og venjulegt er. Hins vegar er það, sem reikningurinn sýnir að úrskeiðis hefur farið, til þess fallið að læra af því, eins og slæmri reynslu og til athugunar framvegis, eins og yfirskoðunarmennirnir segja í sambandi við það, sem þeir telja að ekki megi endurtaka sig, og sumt af því hef ég nú bent á.

Alþingi á að leggja áherzlu á þetta, og það geri ég fyrir mitt leyti og við framsóknarmenn í fjhn., þótt við samþykkjum reikninginn sem skýrslu um það, sem gerzt hefur.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. fann að því, bæði í upphafi og lok ræðu sinnar, að Alþingi væri ætlaður of skammur tími til athugunar á ríkisreikningi, ef ætlunin væri að afgreiða lögin um samþykkt á honum fyrir jól. Það var áður fyrr, eins og hv. frsm. fjhn. tók fram, venja eða réttara sagt óvani, að Alþingi fékk ríkisreikning til samþykktar ekki fyrr en nokkrum árum eftir reikningsárið. Stundum var 3—4 ára gamall reikningur hér á ferðinni. Það þarf auðvitað ekki að rökstyðja, hversu fráleitt það er, að ríkið hagi sinni reikningsfærslu og staðfestingu sinna reikninga með þeim hætti. Það þykir sjálfsagt í hverju sæmilega reknu fyrirtæki að gera reikninga upp og ganga endanlega frá þeim sem allra fyrst eftir lok reikningsárs. En að þessu leyti hefur þessi ósiður ríkt hjá ríkinu. Á síðustu árum hefur verið reynt að kippa þessu í lag og leggja frv. til samþykktar á ríkisreikningi fyrir Alþingi fyrr en áður. Í fyrra tókst það í fyrsta sinn að fá reikninginn endanlega afgreiddan frá Alþingi á næsta ári eftir reikningsárið, þ. e. a. s. fyrir árslok 1962 var hér endanlega afgreiddur reikningur ríkisins fyrir árið 1961. Ætlunin er að fá þetta frv. einnig samþykkt fyrir áramót, og þó að nokkurrar þrákelkni gæti hjá hv. framsóknarmönnum í þessu efni að halda við hinum gamla ósið, þá ætla ég þó og vona, að þeir sannfærist um, að hér er stefnt í rétta átt og að slík málsmeðferð er til bóta fyrir öll fjármál og reikningsfærslu ríkisins.

En kvörtunin um það, að Alþingi hafi of skamman tíma til þess að athuga reikninginn, er ekki á rökum reist. Hv. þm. miðar við það, að frv. og reikningnum prentuðum með aths. yfirskoðunarmanna var ekki útbýtt fyrr en s. l. mánudag eða 9. des. En hann sleppir að geta þess, að hv. alþm. fengu reikninginn prentaðan í hendur 21. okt. s. l., þ. e. a. s. reikninginn allan, en þá höfðu yfirskoðunarmenn ekki lokið aths. sínum og till., þegar svör lágu fyrir frá öllum ráðuneytum, og það eru þær aths., svör og till., sem nú fyrst liggja fyrir. Hins vegar hafa hv. þm. haft nærri 8 vikur til stefnu til þess að athuga sjálfan ríkisreikninginn, og ætla ég, að það sé ekki á rökum reist að kvarta um of skamman tíma.

Hv. þm. minntist á það, að tekjur ríkisins hefðu farið allmjög fram úr áætlun, eða um 300 millj. kr., og væru það tolltekjurnar, sem þar skiptu mestu máli. Ég heyrði ekki í hans ræðu, að hann bæri fram neina gagnrýni á þessu, en hins vegar er rétt að minnast þess, að stjórnmálablað eitt hér í bænum fann mjög að því, að fjmrh. skyldi hafa leyft sér að innheimta 300 millj. meiri tekjur í ríkissjóð en fjárlög höfðu áætlað, og hélt því fram, að ráðh. hefði gerzt sekur um hreint lögbrot og embættisafglöp með slíku athæfi. Sem betur fer hef ég nú ekki heyrt þessa fullyrðingu innan þingsalanna og vænti þess varla, að hún komi fram, þó að þetta blað standi nú mjög nærri þm. í þessari hv. d., en ég bendi á þetta sem dæmi um furðulegan málflutning og hversu fátt er til bjarga orðið, ef þarf að nota slíka hluti til árása á ríkisstj., því að það er vitanlega öllum ljóst, að það er ekki ólöglegt athæfi, heldur er það lögskylda hverrar ríkisstj. og embættismanna að innheimta tolla og önnur lögboðin gjöld, eftir því sem lög mæla fyrir, og upphæðin í fjárlögum er auðvitað aðeins áætlunarupphæð.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist á 19. gr. fjárlaga og ríkisreiknings, óviss útgjöld, og gagnrýndi það, að útgjöldin hefðu þar farið fram úr áætlun um 3½ millj., voru áætluð 10 millj., en urðu 13½. Ég vil aðeins benda á það, að þessi umframgreiðsla á óvissum útgjöldum er lægri en þekkzt hefur áður. Ég lét fyrir nokkru gera samanburð á því yfir alllangt tímabil, hversu mikið óviss útgjöld hefðu í reynd farið fram úr áætlun fjárl., og reyndust það, eins og menn vita, hafa orðið allháar upphæðir og háar prósentur oftast nær, og það var langlægsta hundraðstalan fyrir árið 1962. Því miður hef ég ekki þennan útreikning hér við höndina, en get kannske komið að honum síðar, svo að það er síður en svo, að það sé tilefni til ádeilu á þetta, þar sem svo er háttað sem ég nú lýsti. Það er auðvitað öllum vitanlegt, að óviss útgjöld er ákaflega erfitt að áætla með vissu, og það hefur verið löngum tilhneiging, bæði fyrir ríkisstj. og Alþingi, að fara ekki mjög

hátt með þessi óvissu útgjöld, og þess vegna hafa þau, held ég, að jafnaði farið eitthvað fram úr áætlun, en sem sagt, hundraðstala þeirrar umframgreiðslu er minni á árinu 1962 heldur en áður.

Hv. þm. minntist á Reykjanesbraut og aths. yfirskoðunarmanna út af færslu vegagerðarinnar á tilkostnaði við hana og lántökum til hennar. Hér er um að ræða hreint bókhaldsatriði. Það kemur, eins og í svari samgmrn. greinir, skýrt fram, hvernig í málunum liggur, og spurningin, hvort átti að láta það nægja að láta þetta sjást í aukningu vegagerðarinnar eða taka það inn á sjálfan ríkisreikninginn, en auðvitað var hér engu verið að leyna. Hér er samt um hreint bókhaldsatriði að ræða, og hafa að sjálfsögðu verið gefin fyrirmæli um það að haga þeirri færslu framvegis eins og yfirskoðunarmenn hafa lagt til.

Þá minntist hv. þm. á nefndir og sagði, að ég hefði talað, mjög skömmu eftir að ég tók við þessu starfi, um fækkun nefnda, en það virtist nú ekki hafa færzt til betri áttar en áður, heldur jafnvel versnað. Þetta sagði hv. þm. Ég vil láta mér nægja að svara með aths. yfirskoðunarmanna um þetta málefni. Í 23. aths. yfirskoðunarmanna við reikninginn fyrir 1961 segja þeir, með leyfi hæstv. forseta: „Árið 1960 voru á 19. gr. um 60 nefndir. Samkv. ríkisreikningnum eru nú rúmar 20 nefndir.“ Og í aths. þeirra um reikninginn 1962 skýrðu þeir frá því, að n. séu 17, sem voru 1960 60 að tölu. Ég ætla, að þetta tali skýru máli um það, að nefndunum hefur ekki farið fjölgandi, heldur fækkandi.

Þá minntist hv. þm. loks á ríkisendurskoðunina. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er endurskoðunin á ríkisreikningnum tvenns konar. Annars vegar er endurskoðun hinna þriggja yfirskoðunarmanna, sem kosnir eru af Alþingi. Hins vegar er ríkisendurskoðunin, sem fastir embættismenn og starfsmenn ríkisins annast allt árið um kring. Það er hin síðarnefnda, sem stundum er kölluð hin umboðslega endurskoðun. Nú er það svo, að þessi umboðslega endurskoðun hefur jafnan verið alllangt á eftir um ýmsar stofnanir og starfsgreinar ríkisins. Þannig hefur það stundum verið, að hún hefur ekki komizt til þess að endurskoða reikninga einstakra fyrirtækja eða stofnana fyrr en 3—4—5 árum á eftir. Á þessu hefur hins vegar orðið veruleg breyting nú hin allra síðustu ár, þannig að hún er miklu skemmri tíma á eftir nú en fyrr. Og að því er stefnt að gera hér enn meiri umbætur á og helzt að koma þeirri skipan á, að þessi umboðslega endurskoðun geti farið fram jafnóðum, sem kallað er, þ. e. a. s. hún fari fram annaðhvort að staðaldri eða öðru hverju á sama ári og gjöld og tekjur verða til eða eru innt af hendi. Þessi endurskoðun, sem færi fram þannig jafnóðum, en ekki eftir á, er auðvitað æskileg, en hún kostar töluvert aukið starfslið hjá ríkisendurskoðuninni og verður þess vegna miklu dýrari en sá háttur, sem hingað til hefur verið á hafður. Þó er þessi endurskoðun jafnóðum komin á hjá nokkrum deildum eða stofnunum ríkisins. Það hefur aldrei, svo að mér sé kunnugt, verið talin ástæða til þess að fresta samþykkt Alþingis á ríkisreikningi vegna þess, að ríkisendurskoðunin eða umboðslega endurskoðunin hefði ekki að fullu lokið endurskoðun allra reikninga fyrir umrætt ár. Það hefur mér vitanlega aldrei komið fyrir. Hins vegar má ráða það af eðli málsins, að þegar reikningur er ekki lagður til samþykktar fyrir Alþingi fyrr en kannske 3—4 árum á eftir, er auðvitað hinni umboðslegu endurskoðun nokkru lengra á veg komið en þegar unnt er að afgreiða reikninginn strax árið eftir reikningsár.

Ég ætla, að þessar aths. nægi, en vil þó bæta því við, að þó að ríkisendurskoðunin hin umboðslega hafi ekki að fullu lokið endurskoðun á öllum reikningum fyrir árið 1962, þá hefur það að sjálfsögðu engin áhrif á þann reikning eða reikning þess árs. Ef kynnu að koma fram einhverjar skekkjur eða villur, sem leiðrétta þarf, koma þær að sjálfsögðu fram í ríkisreikningi árið eftir. Og að því leyti sem endurskoðunin gefur tilefni til þess, að einhverjar áminningar eða umvandanir séu um hönd hafðar við viðkomandi starfsmenn, þá er auðvitað nákvæmlega eins hægt að koma þeim við, þótt eitthvað seinna verði.

Ég vil taka þetta sérstaklega fram varðandi endurskoðunina, vegna þess að af hálfu hv. framsóknarmanna hefur ekki aðeins nú, heldur áður verið gefið í skyn jafnvel, að endurskoðuninni miði verr áfram nú en áður, sem er alveg þvert á móti staðreyndum. Hún hefur stórbatnað frá því, sem áður var. Og í öðru lagi er talað eins og það sé fráleitt, að Alþingi afgreiði reikninginn, nema hin umboðslega endurskoðun liggi fyrir um hvern einasta reikning. Það hefur aldrei átt sér stað, og er engin ástæða til þess heldur að bíða eftir því.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hygg, að það hafi nú verið öfgar hjá hæstv. fjmrh., þegar hann segir, að Alþingi hafi stundum fengið fjögurra ára reikning til meðferðar, því að ég minnist þess nú ekki. En hafi það einhvern tíma hent, þá er það hlutur, sem ég vil enga bót mæla. (**Fjmrh.:** Hvað telur hv. þm., að sé hæfilegur aldur?) Ég skal óbeint svara því. Ég tel það ósatt hjá hæstv. ráðh. einnig, að við framsóknarmenn sýnum þrákelkni við að halda í gamlan ósið í þessu efni. Við höfum ekki á móti því, að uppgjör eða reikningslok hjá ríkinu fyrir hvert ár séu sem fyrst á ferð, en hinu höfum við haldið fram, að endurskoðun verði líka að hraða. Reikningurinn t. d. í hittiðfyrra, sem lagður var fyrir hv. Alþingi, hafði eftir upplýsingum frá yfirskoðunarmönnum ekki hlotið endurskoðun á bak við sig um eina 50 liði eða rúmlega helming þeirra liða, sem hann er byggður upp af. Umboðslega endurskoðunin var þar á eftir. Það kölluðum við hráan reikning. Það var ekki soðinn reikningur sannarlega eða vel í pottinn búinn, og það töldum við vera of langt gengið í því að hraða þessum afgreiðslum.

Það, sem ég tel hæfilegt í þessu efni, er, að hin umboðslega endurskoðun sé svo langt á veg komin, að telja megi, að forsvaranlegt sé að taka reikninginn til greina til afgreiðslu á Alþingi, og fyrst og fremst tel ég, að yfirskoðunarmenn eigi að lýsa því, að þeir telji henni nægilega langt á veg komið, en það gerðu þeir ekki, frekar hið gagnstæða, þegar við framsóknarmenn gerðum veður út af þessu.

Ég tel það mjög gott, að hæstv. fjmrh. hefur lagt áherzlu á það, að reikningurinn yrði sem fyrst til. En ég sé ekki, að það skipti neinu höfuðmáli, eins og ég sagði áðan, um reikning eins og þennan, hvort Alþingi samþykkir hann fyrir áramót eða laust eftir áramót. Hann er nægilega nýr til afgreiðslu eftir áramót.

Hæstv. ráðh. sagði, að við hefðum fengið reikninginn fyrir átta vikum lagðan hér fram. Við fengum hann, það er rétt, en honum fylgdu þá engar yfirlýsingar frá yfirskoðunarmönnum, sem eru trúnaðarmenn Alþingis, og meðan svo er, er varla von, að þm. taki sig til að kynna sér reikninginn verulega. Það væri allt of mikið starf og óvinnandi, en með leiðbeiningum yfirskoðunarmanna er þetta miklu léttara.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri bara bókhaldsatriði, hvort Keflavíkurbrautarkostnaðurinn væri færður hjá vegagerðinni frá ári til árs eða hjá ríkinu — eða ríkisbókhaldinu. Þetta er miklu meira en bókhaldsatriði. Það er efnislegt atriði, að það komi fram með þennan veg eins og aðra vegi, hvað ríkið kostar til hans. Að hafa hann þannig utanborðs, sem ég vil kalla, eins og nú hefur verið gert í tvö ár, líkist því helzt, þegar smyglarar setja kútinn út, sökkva honum, svo að hann finnist ekki hjá þeim.

Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram, að það hefði orðið mikil fækkun nefnda í sinni stjórnartíð, og hann vitnaði í því sambandi til yfirlýsinga yfirskoðunarmanna, og hann taldi, að samkvæmt yfirlýsingu þeirra og aths. við þennan reikning, sem hér liggur fyrir, þá væru nefndirnar 17 — var það ekki rétt? — aðeins orðnar 17. Það, sem yfirskoðunarmennirnir gera aths. við, er nefndarkostnaður í 17 liðum, það er rétt, kr. 1 358 272.17. Þeir lýsa því ekki þar með yfir, að þetta séu einu nefndirnar, sem séu kostaðar af ríkissjóði, en þetta er samtala hér í ríkisreikningnum, sem þeir gera út af fyrir sig aths. við. Ég sagði, að finna mætti í sömu gr. hliðstæður, sem mundu nema allt að, að mér fyndist, 2½ millj. að auki, — hliðstæður við nefndir, sem endurskoðendur nafngreina. Ég tel, að þó að hæstv. fjmrh. hafi breytt nöfnum á þeim hópum, sem ríkisstj. eða Alþingi fær til þess að athuga viss mál, þá hafi það engan eðlismun í för með sér. Hér er t. d. að finna kostnað vegna athugunar á flugvallamálum, vegna athugunar á rekstri Flugfélags Íslands, kostnað við athugun vegna endurkaupa á hráefnavíxlum iðnaðarins og á samningsrétti opinberra starfsmanna, á sparnaði í rekstri Skattstofu Reykjavíkur, á stofnun vinnuheimilis fyrir aldrað fólk, vegna sparnaðar í rekstri þjóðleikhússins og að því er snertir Viðtækjaverzlun ríkisins og Skipaútgerðina. Það er kostnaður vegna athugana á þessu. Mundu ekki vera á bak við þetta starfandi menn, sem mætti kalla nefndir. Jón frá Strympu spurði: „Er ég nefnd eða er ég ekki nefnd?“ Hæstv. ráðh. hlýtur að muna eftir þeirri sögu. Ég hygg, að það sé alveg sama, hvort Jón frá Strympu er nefndur „nefnd“ eða „ekki nefnd“, ef hann vinnur þau störf, sem nefndir vinna — og fær borgun fyrir.

Hér er talað um endurskoðun tollskrár. Ég man ekki betur en það hafi verið skipuð nefnd til að endurskoða hana. Það er ekki í 17-tölunni. Þá er talað hér um kostnað vegna framkvæmdaáætlunar. Skyldi ekki nefnd hafa unnið að því líka? Þá er kostnaður vegna framkvæmdar söluskattslaga. Svo er hér einn liður, sem heitir „kostnaður vegna hagsýslu, ýmislegt“. Skyldi ekki einhver Jón hafa verið þarna og kannske fleiri Jónar, hvort sem þeir eru kallaðir nefnd eða ekki nefnd?

Þá kemur hér líka til greina Efnahagsstofnun og rekstrarkostnaður hennar. Margt af því, sem þessi stofnun vinnur, var unnið af nefndum. Þó að breytt hafi verið formi í þessum efnum, þá er ekki lagður niður sá tilkostnaður, það er ekki sparaður sá tilkostnaður, sem áður var fundið að. Og það er þetta, sem vakir fyrir yfirskoðunarmönnum og þeir benda rækilega á á fleiri en einum stað, að hafa þurfi gát á, að ekki verði ofþensla í þessum efnum.

Menn hafa farið utanlands, stundum hygg ég, að það séu nefndir, — yfirskoðunarmenn vara við kostnaði af slíkum ferðum. Satt að segja er nú almenningur ákaflega hræddur um það, að í sambandi við sendiferðir í þágu ríkisins utanlands sé oft stutt á milli þarfrar ferðar og skemmtireisu. Þetta er það, sem yfirskoðunarmennirnir eru líka að vara við, þótt þeir taki sérstaklega upp hér þann lið líka, sem inniheldur samanlagðan kostnað 17 nefnda, sem upp eru taldar.

Nei, því miður held ég, að það sé svo, að Parkinsonslögmálið hafi færzt mjög í aukana hjá núv. hæstv. ríkisstj. En ég efast ekkert um, að þegar hún tók til starfa, þá var henni full alvara með það að vilja vinna á móti slíkri þróun. En hún hefur bara ekki orkað því og er líka hætt að tala um það, jafnvel hefur hæstv. fjmrh. svarað aths. yfirskoðunarmanna, eins og ég lagði áherzlu á áðan, með því, að aths. um þetta þurfi ekki að svara. Hann vill sem sé ekkert um þetta tala, og ég lái honum það ekkert. 19. gr., ef hún er krufin, með óvissu útgjöldin, sem vitanlega er rétt hjá hæstv. ráðh. að oft er örðugt að áætla, hún inniheldur nú geysilega mikið af því, sem telja má athugavert og a. m. k. mjög mikið athugunarefni fyrir næstu ár. Þótt maður fari ekki út fyrir 19. gr., þá er þarna nóg tilefni, en það má náttúrlega minna á margt fleira í okkar þjóðlífi, sem á vegum þessarar hæstv. ríkisstj.

hefur lotið Parkinsonslögmálinu. T. d. er það fjölgun bankastjóra, fjölgun bankaráðsmanna, jafnvel fjölgun þingmanna á Alþingi.

Ég veit, að á eitt getur hæstv. fjmrh. bent, þegar á að bera saman tölur nefnda fyrr og nú, og það er fækkun skattanefnda úti um land. Það munar náttúrlega um minna, þegar taldar eru nefndir, heldur en þá fækkun. En spurningin er svo, hvort það kerfi, sem upp hefur verið tekið, verður ekki dýrara í rekstri, dýrara í framkvæmd en það kerfi, sem áður var, með hinum mörgu skattanefndum, sem ekki voru yfirleitt fjárfrekar. En það eru fjárfreku nefndirnar, sem sérstaklega þarf að hafa gát á, og er eðlilegt, að Alþ. taki undir aths. yfirskoðunarmanna, hinna pólitískt kjörnu manna, sem öllum kemur saman um að gera slíkar aths. við ríkisreikninginn 1962.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr., enda hefur hæstv. fjmrh. svarað því, sem svara þurfti eftir aths., sem komu fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. En það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast á hér, og það er í tilefni af hugleiðingum hv. þm. og aðfinnslum varðandi 19. gr. fjárlaga. 19. gr. fjárlaga hefur oft verið mönnum ásteytingarsteinn og þá ekki síður að sjálfsögðu 19. gr. eins og hún hefur komið út í ríkisreikningi, vegna þess að í fjárlögum eru ríkisstj. veittar í raun og veru töluvert óbundnar hendur í þessu efni, þar sem er aðeins ein tiltekin fjárveiting til óvissra útgjalda, og undir þann lið koma svo alls konar útgjöld, sem fara nokkuð eftir því, hvernig á hverjum tíma tekst að halda í hemilinn á þeim gjöldum. Það er vitanlega ógerlegt að komast undan ýmsum útgjöldum, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum, og ég hygg, að það hafi aldrei neinum hv. þm. dottið í hug. Hitt hefur jafnan verið nokkurt fróðleiksefni, að kynna sér eftir á, hver reyndin hefur orðið um útgjöld í sambandi við óviss útgjöld á 19. gr. Ég verð að segja það, að enda þótt ég sé hv. 1. þm. Norðurl. e. sammála um, að það ber að sjálfsögðu að halda þessum útgjöldum innan eðlilegra marka, en ekki langt umfram fjárlög, þá hygg ég, að sjaldan hafi verið minni þörf á beinum aðfinnslum út af þessari grein heldur en nú og því í rauninni lítil ástæða til að gera hana fremur að umtalsefni en oft á undanförnum árum. Ég skal ekki heldur langt út í þá sálma fara hér. En með hliðsjón af því, sem hv. þm. sagði um, að það væri óhæfilegt, hvað þessi grein hefði farið fram úr áætlun, þá greip ég af tilviljun ríkisreikninginn fyrir árið 1958, og þar sé ég, að í fjárlögum er áætlað til óvissra útgjalda 3.1 millj., en óviss útgjöld hafa orðið 8.4 millj., þannig að sé mikil sök, hvað óviss gjöld hafa nú farið fram úr áætlun, þá virðist þetta vera dauðasök, enda þótt þetta muni að vísu ekki hafa verið banamein þeirrar hæstv. ríkisstj., sem bar ábyrgð á þessum reikningi.

Hv. þm. vildi einnig telja, að það væri óeðlilegur samanburður að bera saman nefndirnar og tölu þeirra, svo sem yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa gert og hæstv. fjmrh. hér minntist á, og sagði, að í ríkisreikningnum nú væri að finna nýjar aðferðir til þess að fela nefndir, vegna þess að þar væri talað um athugun á hinu og öðru, sem auðvitað væri ekki annað en nefndarstörf, og það auðvitað væri alltaf álitamál, hvað mætti segja að nefnd hefði unnið, hvort tiltekinn maður starfaði sem nefnd eða ekki nefnd. Það má auðvitað segja, að æðimörg störf, ef ætti að fara út í það, væri hugsanlegt að láta nefnd vinna, og mætti þá eins heimfæra þær undir sömu röksemdir, að þar væri verið að fela kostnað, sem hefði vel mátt kalla nefndarkostnað. En það, sem ég tel ástæðu til að benda á í þessu efni, er, að hér er ekkert nýtt á ferðinni. Ef á að fá eðlilegan samanburð í þessu efni, þá verður jafnframt að hafa samanburð um það hvað hefur verið gert í þessu efni áður.

Er það þá svo, að það sé fyrst núna, sem er farið að taka upp þann hátt að nefna öðru nafni en nefndarstörf ýmis störf, sem greidd eru með óvissum útgjöldum á hverju ári, en eru þar ekki flokkuð undir nefndakostnað? Það er auðvitað það, sem skiptir máli, ef á að fá eðlilegan samanburð og komast að raun um, hvort það er rétt, sem hv. þm. hélt fram, að hér væri farið að taka upp nýjung til að fela nefndarstörf. En því fer víðs fjarri. Þetta er nákvæmlega það, sem alltaf hefur verið gert í stórum stíl, og það er gerður annars vegar munur á nefndakostnaði og það flokkað undir vissan lið, en svo er í mörgum greinum öðrum talað um athugun á einu og öðru, sem vitanlega er alveg rétt, að má alveg eins kalla í mörgum tilfellum nefndakostnað. En þessari venju hefur verið fylgt árum saman og þar af leiðandi ekki verið að taka upp neitt nýtt nú til þess að reyna að fela nefndarstörf umfram það, sem áður hefur verið gert. Ég skal aðeins nefna örfá atriði úr ríkisreikningnum 1958. Þar er talað um athugun á afkomu báta-útvegsmanna, athugun í fjármálum Flugfélags Íslands, athugun á fjármálum hafna og rafveitna, athugun á kjördæmaskipun og stjórnarskrá, athugun á lífeyrisréttindum yfirmanna á skipum, athugun á framkvæmdum í raforkumálum, athugun á rekstri báta og togara, athugun á skattamálum í Danmörku, Svíþjóð og Þýzkalandi, athugun á undirbúningi að stofnun vistheimilis fyrir afvegaleiddar stúlkur, athugun á þjóðhagslegu gildi íslenzks neyzluvöruiðnaðar og mörg önnur atriði, sem eru flokkuð undir athugun. (**KK:** Því var ekki neitað, að þetta væru nefndarstörf.) Var því ekki neitað? (**KK:** Nei.) Af hverju er þá alveg sérstakur liður í 19. gr., þar sem sagt er: Nefndakostnaður? Það er alveg sýnilegt, að það er ekki átt við, að hitt sé nefndakostnaður, og þetta er nákvæmlega sambærilegt við það, sem hv. þm. var að lesa hér upp áðan úr ríkisreikningnum fyrir árið 1962, þannig að það er hreinlega verið að bera málið villandi á borð með því að halda því fram, að hér sé verið að taka upp einhvern nýjan hátt á. Þetta

er nákvæmlega sama og áður hefur verið gert, og af því leiðir, að samanburðurinn á nefndunum er alveg eðlilegur, svo sem hæstv. fjmrh. minntist á. Ég hefði ekki sérstaklega farið að ræða þetta að öðru leyti en því, að mér finnst óviðeigandi að vera að reyna að koma því hér að, að það sé farið að taka upp einhverja nýja starfshætti hér í því skyni að fela nefndarstörf, alveg þvert ofan i það, sem áður hefur verið gert í því efni.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hélt áfram gagnrýni sinni út af því, hvernig vegagerð ríkisins hefur bókfært útgjöld til Keflavíkurvegarins. Ég skal nú ekki ræða það frekar. Ég endurtek það, sem ég sagði hér áðan, að þarna er um bókhaldsatriði að ræða. En mér finnst nú hv. þm., sem er þó orðvar maður og prúður, hafa gengið helzt til langt í því, þegar hann líkir þessari bókfærslu við smyglara, sem setja kútinn utanborðs til þess að leyna honum, og mér finnst það alveg ómaklegt í garð vegamálastjóra og hans starfsmanna að bera þeim á brýn, að þeir hafi sett þennan Keflavíkurkút utanborðs til þess að fela hann, því að allt kemur þetta fram í ríkisreikningnum, ef lesið er vandlega, og skal ég ekki eyða fleiri orðum að því.

Ég minntist hér áðan á hin óvissu útgjöld, að þau hafa jafnan farið eitthvað fram úr áætlun, en þó minna á árinu 1962 heldur en undanfarið. Mér hefur nú borizt í hendur skýrsla, sem gerð var nýlega um þessar greiðslur frá og með árinu 1950, og þar sem hv. þm. hóf umr. um þetta, ætla ég til fróðleiks að lesa þá skýrslu upp. Árið 1950 fóru óviss útgjöld 420% fram úr áætlun fjárlaga, árið 1951 fóru þau 734% fram úr, 1952 123%, 1953 129%, 1954 192%, 1955 140%, 1956 272%, 1957 186%, 1958 177%. Allar þessar tölur eru frá fjmrh.-tíð núv. formanns Framsfl. Árið 1959 var núv. hæstv. utanrrh. fjmrh. Þá fóru útgjöldin 122% fram úr áætlun. Síðan núv. stjórn tók við, hafa umframgreiðslur á ýmsum útgjöldum verið sem hér segir: Árið 1960 79%, árið 1961 79%, árið 1962 35%.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil leiðrétta það hjá hæstv. fjmrh., að ég hafi verið með nokkrar aðdróttanir til vegamálastjóra eða skrifstofu hans um, að hann væri að fela kút með færslum þeim, sem hann hefur verið látinn gera í þessu sambandi. Fyrir vegagerðina er á engan hátt ávinningur að hafa þetta í reikningnum. En það er að því leyti ávinningur fyrir þann, sem sér um ríkissjóðinn, að þá kemur ekki fram beint hjá ríkissjóðnum sú skuld, sem myndast við lántökur vegna Keflavíkurflugvallar til framkvæmda á vegagerðinni, en vegagerðina verður vitanlega ríkissjóður að bera. Hann verður að bera hana og greiða þau lán, sem hennar vegna eru tekin. Ég vona, að þetta liggi ákaflega ljóst fyrir, og sú líking, sem ég notaði þarna áðan og hæstv. fjmrh. þótti heldur sterk, stenzt að þessu leyti vel gagnvart reikningshaldara ríkissjóðsins, en á engan veginn við með nokkru móti gagnvart þeim, sem sér um vegagerð, því að hann er vitanlega bara þjónn hins í þessu efni.

Ég var ekkert sérstaklega að deila á það áðan, að óviss útgjöld hefðu farið mikið fram úr áætlun. Ég nefndi aðeins þá tölu sem hæsta, og eftir eðli málanna er það vitanlega ekki óeðlilegt, að það, sem kallast óviss útgjöld, geti sveiflazt til. En þegar ég fór að athuga 19. gr. yfir óvissu útgjöldin, sýndist mér vera í henni liðir, sem væri sjálfsagt að gefa gát að, og ekki að tilefnislausu, heldur að gefnu tilefni frá yfirskoðunarmönnum, því að þeir gera þar sínar aths., ekki stórorðar að vísu, en alvarlegar, og þeir gera þær ekki sem stjórnarandstæðingar, því að tveir þeirra eru kosnir til endurskoðunar af þeim flokkum, sem styðja ríkisstj., og það er ekki stjórnarandstæðingurinn eða fulltrúi þess flokks, sem gerir þessar aths. einn, þeir gera þær allir saman.

Hv. 6. þm. Norðurl. e., frsm. okkar í fjhn., benti á, að það væri ekki nýtt, að á 19. gr. væri talað um kostnað við ýmsa hluti, þó að það gæti verið, að þar væri að starfað af nefndum. Þetta er vafalaust rétt hjá honum. En til þess að bera saman, hvort meira er um þess háttar nú en áður, þarf gagngerari athuganir en þær, sem hann gerði, þótt menn hafi hér í ræðustólnum fyrir framan sig sundurliðun á þessari grein. En ég hef það á meðvitundinni, að mun meira hafi verið gert að því nú en áður að fella niður það, sem flokkað er undir nefndir, en taka hitt upp, og mér finnst þetta kannske í raun og veru ákaflega mannlegt, vegna þess að þegar hæstv. fjmrh., sem ræður skipan á 19. gr. vitanlega, eftir því sem hann vill, tók til starfa, þá gerði hann það sem vandlætari í þessum efnum. En það munu allir hafa á meðvitundinni, þó að ég sé hér ekki búinn að leggja fram um það ábyggilegar tölur, hvorki um tölu nefnda né hlutfallslegan kostnað við nefndir, — þá munu allir hafa það á meðvitundinni, að það hefur ekki tekizt fyrir hæstv. ráðh. að koma fram sparnaði, þvert á móti hefur straumurinn borið hann í öfuga átt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28 fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 155 og 159).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962. N. yfirfór og bar saman tölulega frv. við ríkisreikninginn og hafði þar ekki aths. fram að færa.

Um afgreiðslu málsins varð ekki samkomulag í n. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. mun leggja til, að afgreiðslu þess verði frestað.

Nm. athuguðu þær aths., sem þingkjörnir endurskoðendur gerðu við ríkisreikninginn, svo og þau svör, sem við þær aths. voru gerð, en þær voru engar þess eðlis, að þeim væri vísað til aðgerða Alþingis, og taka endurskoðendur fram, að umboðsleg endurskoðun sé nú lengra komin en áður.

Það liggur í augum uppi og hefur verið á það bent hér áður á hv. Alþingi í sambandi við ríkisreikninginn, eftir að farið var að hraða afgreiðslu hans, að það veltur á miklu að auka hraða í hinni umboðslegu endurskoðun, því að hún hefur gjarnan viljað vera alllangt á eftir, sú endurskoðun. Hins vegar, eins og ég gat um áðan og tekið er fram af þingkjörnum endurskoðendum, er henni nú mun lengra komið, og sýnist því hér stefnt í rétta átt.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Eins og ég gat um áðan, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. og því vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Nál. frá okkur í minni hl. fjhn. hefur enn ekki verið útbýtt, en hæstv. forseti gat þess áður, að það mundi verða mjög fljótlega, sem það kæmi fram, enda var því skilað árdegis í gær.

Það, sem hér liggur fyrir, er frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962. Það er galli á þessum ríkisreikningi, að hann er ekki réttur. Árið 1962 var unnið að vegargerð í svonefndum Keflavíkurvegi, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur verið varið til þeirrar framkvæmdar á því ári kr. 29 549 984.89. En þetta er ekki fært með öðrum vegagerðarkostnaði ríkisins á ríkisreikning, eins og átt hefði að gera, og ríkisútgjöldin eru því vantalin um þessa fjárhæð. Samkv. upplýsingum, sem fjhn. bárust, voru skuldir ríkisins vegna Keflavíkurvegarins í árslok 1962 þessar: PL-480 lán 25.7 millj. og skuld við Seðlabanka Íslands 4 millj. Þetta eru alls 29.7 millj., u. þ. b., en þær skuldir eru ekki færðar á efnahagsreikning ríkisins 31. des. 1962, og eru því ríkisskuldirnar vantaldar á reikningnum um þá fjárhæð. Yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins hafa gert aths. um þetta, sem ég hef nú frá skýrt. Þeir benda réttilega á, að kostnaður við framkvæmd vegagerðarinnar hefði átt að færast á ríkisreikninginn og einnig þær skuldir, sem stofnað hefur verið til í því sambandi.

Það var á árinu 1961, sem framkvæmdir hófust við Keflavíkurveginn nýja, og það ár nam kostnaður við vegagerðina rúmlega 7.8 millj. kr. og þá voru einnig tekin lán til greiðslu á kostnaðinum. En þau útgjöld voru ekki heldur færð á ríkisreikninginn 1961, frekar en gjöldin 1962, og skuldirnar ekki heldur. Í umr. um ríkisreikninginn fyrir árið 1961, er fram fóru hér í Nd. Alþingis 17. des. í fyrra, lét hæstv. fjmrh. svo ummælt, að þessar greiðslur yrðu færðar á ríkisreikninginn 1962, en við þá yfirlýsingu hefur ekki verið staðið. Þetta hlýtur að teljast aðfinnsluvert, að allstórum upphæðum af gjöldum og skuldum ríkisins sé þannig haldið utan við ríkisreikninginn.

Fjhn. óskaði upplýsinga um, hvað liði starfi endurskoðunarskrifstofu ríkisins að endurskoðun reikningsins fyrir árið 1962. N. fékk grg. frá ríkisendurskoðuninni um þetta efni. Sú grg. er dags. 15. okt. s. l. og hafði verið send yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins. Nýrri upplýsingar fengum við ekki um, hvað þessu starfi liði. En með nál. okkar í minni hl. er birtur útdráttur úr þessari grg., sem sýnir, hvað eftir var að endurskoða, þegar grg. var gefin út 15. okt. í haust. Það kom fram í þessari grg., að þá hafði verið lokið að fullu við að endurskoða reikninga 77 stofnana og annarra aðila, en eftir var að ganga frá reikningum rúmlega 100 aðila, en endurskoðun þeirra mjög misjafnlega langt á veg komin. Nú má að sjálfsögðu gera ráð fyrir því, að endurskoðuninni hafi miðað áfram á þeim tveim mánuðum, sem liðnir eru, síðan þessi grg. var gefin út, en þó tel ég alveg víst, að töluvert sé enn óunnið að endurskoðuninni.

Samþykkt Alþingis á ríkisreikningi má skoða sem kvittun til rn. fyrir reikningsskil. Minni hl. fjhn. telur ekki rétt að láta þá kvittun, fyrr en endurskoðun ríkisreiknings og þeirra reikninga, sem hann byggist á, er að fullu lokið. Við lítum svo á, að meðan endurskoðuninni sé ekki lokið, sé ekki rétt af Alþingi að samþykkja reikninginn. Til samanburðar má geta þess, að reikningar sveitarfélaga eru ekki samþykktir, fyrr en þeir hafa verið endurskoðaðir, ekki heldur reikningar t. d. atvinnurekstrar- og viðskiptafyrirtækja, sem rekin eru af félögum, svo sem hlutafélögum og samvinnufélögum, og mörg fleiri dæmi mætti nefna. Hér á landi er mikill fjöldi félaga auk þeirra, sem ég nefndi hér áðan. Hver sá, sem tæki sér fyrir hendur að kasta tölu á íslenzk félög, mundi fá út mjög háa tölu. Flest þessi félög hafa einhverja fjármunameðferð, og það mun algild regla hjá þeim, að ársreikningar þeirra

eru ekki samþykktir, fyrr en þeir hafa verið endurskoðaðir af þar til kjörnum mönnum. Þetta gildir jafnt um hin stærstu og voldugustu félög sem hin minnstu þeirra og lítilmótlegustu. Hví skyldi þá ekki þessi góða regla einnig gilda um hið stóra félag allra félaga, ríkið sjálft? Auðvitað ætti hún að gilda þar eins og annars staðar.

Ég hef áður við umr. um ríkisreikninga haldið því fram, að Alþingi ætti ekki að samþykkja reikningana, fyrr en endurskoðun þeirra væri að fullu lokið. Í samræmi við þá skoðun, leggjum við tveir fjhn.-menn, ég og hv. 11. þm. Reykv., til, að afgreiðslu frv. verði frestað þar til síðar. Á framhaldsþingi, sem væntanlega verður síðar í vetur, mætti taka málið til athugunar á ný og fá þá nýjar upplýsingar frá endurskoðunardeild fjmrn. um það, hvað starfi hennar líður að endurskoðun reikninganna fyrir árið 1962.

Ég sé ekki ástæðu til að gera þennan ríkisreikning frekar að umræðuefni, a. m. k. ekki að svo stöddu, þó að margt í honum sé athygli vert. Ég vil ekki eyða tíma þingsins í slíkt nú. En það er till. okkar í minni hl. n., hæstv. forseti, að meðferð þessa frv. verði frestað þar til síðar á Alþingi og þá verði athugað, hvort endurskoðuninni sé lokið, þannig að tímabært gæti þá talizt að samþykkja reikninginn.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka meiri hl. hv. fjhn. fyrir skjóta afgreiðslu á málinu.

Hv. frsm. minni hl., sem nú lauk máli sínu, hafði tvær aths. að gera. Önnur er sú, að ríkisreikningurinn sé ekki réttur, það séu vantaldar skuldir og gjöld varðandi Reykjanesbraut eða Keflavíkurveginn. Hér er um að ræða bókhaldsatriði, sem yfirskoðunarmenn gerðu aths. við, og sú aths. er náttúrlega í allt öðrum anda og dúr heldur en ræða þessa hv. þm., sem gefur í skyn, að hér sé verið að fela eitthvað til þess að gera útgjaldaupphæð og skuldaupphæð lægri en raun er á, eins og mátti álykta af málflutningi hans. Út af þessu máli er rétt að rifja það upp, hvað yfirskoðunarmenn segja um þetta mál.

Í 21. aths. yfirskoðunarmanna segir svo:

„Yfirskoðunarmenn veittu því athygli, að engar greiðslur eða lán eru færð á reikning ríkisins vegna þeirra framkvæmda, sem byrjað var á árinu 1961 og haldið áfram á árinu 1962 á Reykjanesbraut. Upplýst hefur verið, að lán hafa verið tekin til þessara framkvæmda. Eins og venja er til, hefði átt að færa þetta á eignaskýrslu ríkisins, bæði eigna- og skuldamegin, og kostnaður við framkvæmd verksins að færast á reikning ríkisins og vegamálanna á 13. gr. Af hverju hefur þetta ekki verið gert?“ spyrja yfirskoðunarmenn. Samgmrn. svarar þessu, eins og birt er á bls. 275, og gerir þar grein fyrir því, hvernig þessum færslum sé háttað, að þær greiðslur, sem hér hafa verið inntar af hendi vegna Reykjanesbrautar, og enn fremur þau lán, sem tekin hafa verið, eru færð í reikning vegagerðarinnar, en hins vegar ekki tekin inn á heildarreikning ríkisins. Sem sagt, í hinum prentaða ríkisreikningi koma allar þessar greiðslur og lántökur fram, svo að því fer fjarri, sem hér er verið að gefa í skyn, að einhverju sé verið að leyna. En um þetta segir samgmrn., — og ég vil taka það fram, að sjálfsögðu er það fyrst og fremst samgmrn. og vegagerð ríkisins, sem ráðið hafa þessari bókfærslu, — þar segir í svari samgmrn.:

„Samkv. framansögðu innifelur efnahagsreikningur vegamálanna bæði kostnaðarverð Reykjanesbrautar og skuldir vegna hennar hin umræddu ár, jafnframt því sem mismunur á þessu tvennu, raunveruleg skuld 1961, er nemur kr. 1 878 077.32, og raunveruleg eign síðara árið, að upphæð kr. 2 286 834.02, koma fram í tilgreindum höfuðstól stofnunarinnar á eignaskýrslum.“

Með þessu hefur náttúrlega málið verið fyllilega upplýst, enda segja yfirskoðunarmenn í sínu svari aftur eða till.: „Gefin er skýring á færslu fjármunanna við vegagerðina og lántökum til hennar.“ Varðandi hins vegar, hvort réttari sé sú bókhaldsaðferð, sem vegagerðin hefur notað í þessu efni eða yfirskoðunarmenn óska eftir, þá verður að sjálfsögðu farið eftir till. yfirskoðunarmanna um það atriði. Þeir segja í sínum till.: „Framvegis er rétt að færa þetta á þann hátt, er segir í aths.“ Að sjálfsögðu hafa því vegagerðinni og ríkisbókhaldinu verið gefin fyrirmæli um að færa þessi útgjöld og lán með þeim hætti, sem yfirskoðunarmenn telja æskilegra. Um þetta þarf auðvitað ekki að fara fleiri orðum. Hér er um hreint bókhaldsatriði að ræða.

Önnur aths. hv. frsm. minni hl. var sú, að hinni umboðslegu endurskoðun ríkisreikningsins væri ekki lokið. Nú er rétt að taka það fram, að endurskoðun ríkisreikninga er með tvennum hætti. Annars vegar eru það hinir þrír kjörnu yfirskoðunarmenn Alþingis, sem fara yfir ríkisreikninginn og gera sínar aths. við hann og till. Hins vegar er hin svokallaða umboðslega eða embættislega endurskoðun, sem er í höndum ríkisendurskoðunarinnar. Þar vinna að því fastir starfsmenn allan ársins hring undir yfirstjórn ríkisendurskoðanda að endurskoða reikninga ríkisins og stofnana þess. Eins og þessari svokölluðu umboðslegu endurskoðun hefur verið háttað, hefur hún alltaf verið mörg ár á eftir lokum reikningsárs að ljúka allri endurskoðun. Ég ætla, að yfirleitt hafi endurskoðun á öllum tekjum og gjöldum, eignum og skuldum fyrir tiltekið reikningsár hjá öllum ríkisstofnunum ekki verið lokið fyrr en mörgum árum eftir lok reikningsárs. Hins vegar hefur nú síðustu árin þokazt mjög í réttari átt í þessu efni, eins og kemur beinlínis fram í aths. yfirskoðunarmannanna nú við reikninginn. Þar segir í 37. aths., með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn hafa fengið skýrslu um það, hve langt er komið endurskoðun ríkisendurskoðunarinnar. Er hún nú komin tals-

vert lengra en verið hefur, þótt talsvert skorti á, að hún hafi afgreitt alla reikninga til ársloka 1962."

M. ö. o.: það er óhætt að slá því föstu, að þegar yfirskoðunarmenn hafa endurskoðað reikninginn, skilað sínum till. og þegar Alþingi hefur fengið reikninginn til meðferðar og afgreitt hann, þá hefur allri hinni umboðslegu endurskoðun aldrei verið lokið. Hins vegar er í öðru lagi hægt að slá því föstu, að nú á þessu og allra síðustu árum hefur þessu þó miðað miklu betur en áður. Að því er að sjálfsögðu stefnt, að ekki aðeins verði allri endurskoðun lokið, áður en reikningur er afgreiddur á Alþingi, heldur að sem allra mest af hinni umboðslegu endurskoðun geti farið fram samtímis eða jafnóðum, eins og ég hef áður skýrt frá hér á Alþingi. Þá aðferð er búið að taka upp varðandi nokkrar stofnanir ríkisins, þannig að á sjálfu reikningsárinu fer endurskoðunin fram öðru hverju, þannig að henni er í rauninni lokið um eða skömmu eftir lok reikningsársins. Hins vegar hef ég skýrt frá því hér á Alþingi, að þessi aðferð, sem er vafalaust sú æskilega, kostar mjög aukið starfslið og þar með aukið fé. En sem sagt, að því er unnið að koma á endurskoðun jafnóðum, þar sem unnt er að koma því við, og að hraða sem mest í heild hinni umboðslegu endurskoðun.

Hv. frsm. minni hl., hv. 1. þm. Norðurl. v., fann upp á því nú fyrir tveimur árum, þegar verið var að reyna að koma lagi á endanlega afgreiðslu ríkisreikninga, þá fann hann upp á því tiltæki, sem honum hafði ekki dottið áður í hug í rúm 20 ár, sem hann hafði setið á þingi, að endanlegri afgreiðslu ríkisreikninga ætti að fresta, þangað til allri umboðslegu endurskoðuninni væri lokið. Fann hv. þm. upp á þessu vegna þess, að af einhverjum ástæðum gramdist honum það, að verið væri að reyna að koma betra lagi á afgreiðslu þessara mála. Svo hafði nefnilega verið háttað undanfarin ár, við skulum taka sem dæmi áratuginn milli 1950 og 1960, þá voru ríkisreikningar yfirleitt ekki afgreiddir á Alþingi fyrr en mörgum árum eftir lok reikningsárs, 3—4 árum á eftir. Slík meðferð á ríkisreikningum er auðvitað óhafandi. Vitanlega á Alþingi að leggja síðustu hönd á og afgreiða endanlegan ríkisreikning á næsta ári eftir reikningsárið. Þegar reynt var að kippa þessu í lag og það tókst í fyrsta sinn á síðasta ári, varðandi ríkisreikninginn fyrir 1961, að hann var afgreiddur endanlega frá Alþingi á árinu 1962, — þegar tilraunir voru hafnar til þess að kippa þessu ófremdarástandi í lag, kom upp undarleg tregða og mótstaða hjá þessum hv. þm. og formanni hans flokks, sem verið hafði fjmrh. lengst af þennan áratug, sem ég nefndi, og þeir hafa á hverju einasta þingi lagt sig fram um að reyna að tefja þessa umbót og þá eðlilega afgreiðslu ríkisreikninga. Og eitt af því, sem þeir hafa fundið upp á og þessi hv. þm. hefur nú verið að tönnlast á í 2—3 ár, er þetta, að Alþingi ætti að fresta afgreiðslu ríkisreikninga, þangað til allri hinni umboðslegu endurskoðun væri lokið.

Ég tók það fram og veit, að það er rétt, að Alþingi hefur aldrei afgreitt ríkisreikning þannig, að allri umboðslegri endurskoðun hafi verið lokið. Þessi hv. þm. var fyrst kosinn á Alþingi 1937, ef ég man rétt, og hafði því setið hér á þriðja áratug, samþ. ríkisreikninga á hverju einasta ári án þess að hreyfa aths. við þetta. Svona uppfundnar röksemdir, ef slíkt má kalla það, eða öllu heldur átyllur er auðvitað ekki hægt að taka alvarlega.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh. um það atriði, sem ég nefndi, að framkvæmdir við Keflavíkurveg hefðu ekki verið færðar á ríkisreikning og ekki heldur ríkisskuldir, sem til hefur verið stofnað í því sambandi. Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé bara bókhaldsatriði. Ég veit ekki, hversu margir hv. þm. fallast á, að það sé bara bókhaldsatriði, hvort reikningar séu réttir eða rangir. Hæstv. ráðh. vitnar þarna í ummæli yfirskoðunarmanna, en þeir segja, með leyfi hæstv. forseta, um þetta:

„Eins og venja er til, hefði átt að færa þetta á eignaskýrslu ríkisins, bæði eigna- og skuldamegin, og kostnaður við framkvæmd verksins að færast á reikning ríkisins og vegamálanna á 13. gr."

Það er rétt hjá þeim, þetta átti náttúrlega að færast á reikning ríkisins og vegamálanna á 13. gr., og skuldin átti að teljast með öðrum ríkisskuldum eða skuldirnar. En ég get ekki verið þeim sammála, hv. yfirskoðunarmönnum, um, að þetta hefði átt að færast á eignaskýrslu ríkisins, því að ég kannast ekki við það, að þjóðvegir hér á landi séu taldir með ríkiseignum í efnahagsreikningi ríkisins. Vegir eru alls ekki taldir með ríkiseignum á efnahagsreikningi. Nú er þetta fært á reikning hjá vegagerðinni, og þar er þetta talið til eignar, þar eru taldar skuldirnar og þar er talin eign á móti. Þetta mun vera þar innifalið í lið, sem heitir „skuldir eða útistandandi eignir" hjá vegagerðinni, talið með eignum á móti skuldunum. Það er alveg nýtt, ný uppfinning að telja vegi, ríkisvegi, með eignum. Auðvitað er alveg út í hött að vísa í þennan reikning vegagerðarinnar. Þarna er um að ræða framkvæmd ríkisins, sem átti að færast með öðrum vegagerðarkostnaði á 13. gr. reikningsins, og þarna er um að ræða ríkisskuldir. Það eru ekki skuldir vegagerðarinnar. Vegagerðin er ekki stofnun, sem á að taka lán. Þetta er ekki skuld vegagerðarinnar, þetta er skuld ríkisins, sem ríkið verður að standa straum af, og þess vegna er það alrangt að sleppa að færa þessar skuldir með öðrum skuldum ríkisins. Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé hreint bókhaldsatriði, — um hreint bókhaldsatriði að ræða, hvort reikningurinn er réttur eða rangur.

Þá er það viðkomandi endurskoðuninni hjá hinni svonefndu ríkisendurskoðun. Hann segir, að hún hafi alltaf verið á eftir og aldrei verið lokið, þegar ríkisreikningar hafa verið samþykktir. Þetta dreg ég mjög í efa, að sé rétt.

Um þetta hefur oft verið rætt hér á undanförnum árum, og ef þetta er rétt hjá ráðh., er það þannig, að Alþingi hefur verið ókunnugt um það, að endurskoðuninni væri ekki lokið, vegna þess að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa ekki getið um það í sínum aths., ekki getið um annað en endurskoðuninni væri lokið.

Hæstv. ráðh. segir, að þessu þurfi að koma í lag með þessa endurskoðun, og ég er honum sammála um það. Hann segir, að það kosti aukið starfslið. Ég efast um, að það kosti nokkuð aukið starfslið. Þetta er verk, sem á að vinna, og mér skilst, að það sé meiningin að vinna þetta, þó að það sé að nokkru leyti eftir að búið er að samþykkja reikninginn á Alþingi. Það er ekkert meira verk að framkvæma þessa endurskoðun á réttum tíma heldur en láta þetta dragast árum saman, vera með langan hala á eftir sér í þessari stofnun, það er ekkert léttara. Það getur ekki kostað aukið starfslið. Þessu þarf vitanlega að koma í lag. Þessari endurskoðun þarf að vera lokið að fullu, áður en Alþingi gefur kvittun fyrir reikningsskilin.

Hæstv. ráðh. segir, að ég hafi fundið upp á því fyrir tveimur árum að finna að þessu, af því að mér hafi gramizt það, að verið væri að koma betra lagi á málið, og hjá mér hafi verið og fleirum einhver tregða og mótstaða í þessu máli. Allt eru þetta tómir hugarórar hjá hæstv. ráðh. Ég hef lýst því yfir, bæði nú og áður, að ég tel, að þessu þyrfti að koma í betra lag en verið hefur. En það er bara ekki komið í lag, og þess vegna er ekki tímabært að samþykkja þennan reikning.

Hæstv. ráðh. segir og vitnar í ummæli yfirskoðunarmanna um það, að nú sé endurskoðuninni lengra komið en áður. Ég veit ekki um það. En ef menn athuga nál. minni hl., sjá þeir þar lista, sem ríkisendurskoðunin gaf út í október um það, hvað eftir væri að endurskoða, og það eru yfir 100 aðilar, sem þá er eftir að skoða reikninga fyrir. En hinir voru 77, sem var að fullu lokið, þegar þessi grg. var út gefin. Ég veit ekki, hve mikið af þessu er eftir nú, en það er vitanlega töluvert mikið.

Það, sem hæstv. ráðh. ætti að gera, er að koma þessari endurskoðun í rn. í betra horf, koma henni í lag. Þetta er á hans verksviði. Hann er yfirmaður yfir þessari stofnun, þetta ætti hann að gera, og þá fyrst, þegar hann er búinn að því, þá getur hann komið hér og heimtað, að ríkisreikningur sé afgreiddur á næsta ári eftir reikningsár. Fyrr getur hann það ekki, fyrr hefur hann engin efni á því að koma hingað með ríkisreikning og heimta, að hann sé tafarlaust samþykktur. Þetta ætti hæstv. ráðh. að gera sér ljóst. Og svo ætti hann náttúrlega að taka til greina þessa ábendingu yfirskoðunarmanna um að færa framvegis vegagerðarkostnaðinn á réttan stað í ríkisreikningnum. En í fyrra var það fyrir ári og 2 dögum, það var 17. des. í fyrra, sem rætt var um ríkisreikninginn 1961. Þá hafði verið fundið að þessu, að kostnaðurinn við Keflavíkurveg hafði ekki verið færður með gjöldum á ríkisreikning og skuldir vegna þeirrar framkvæmdar ekki heldur, og þá sagði hæstv. fjmrh. m. a. þetta um málið:

„Hefur komið skýrt fram, hvernig á þetta er litið af þeim embættismönnum, sem fjalla um málið. En ég vil endurtaka það, að því fer fjarri, að nokkur ráðh. hafi gefið nokkur fyrirmæli um að hafa þessar greiðslur ekki með í reikningi 1961, auðvitað koma þær í ríkisreikninginn 1962.“

Þetta sagði hæstv. ráðh. hér í þessum stól 17. des. í fyrra, en hann hefur bara ekki staðið við þetta. Hæstv. samgmrh. sagði við þær umr. einnig um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Og Keflavíkurvegurinn, eins og sagt var hér áðan, kemur vitanlega fram í ríkisreikningnum fyrir árið 1962.“

Hann gaf þessa yfirlýsingu líka. En það hefur ekki verið við þetta staðið. Hæstv. fjmrh. var að tala um það hér áðan, að það væru vegagerðin og samgmrh., sem hefðu ráðið um þetta bókhaldsatriði, sem hann kallar. En ég hefði haldið, að það væri fjmrh., sem ætti að annast um ríkisbókhaldið eða væri yfirmaður þess og það sé þess vegna ekki drengilegt af honum að vera að koma sök í þessu efni yfir á meðráðh. sinn eða embættismann ríkisins eða vegamálastjóra. Hann ætti ekki að gera slíkt, því að vitanlega er það hans verk að hafa eftirlit með því, að ríkisreikningurinn sé eins og hann á að vera.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AJ, SÁ, SI, SvJ, BGr, BF, DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, SB.

RA, SE, SkG, ÁÞ, BFB, GeirG, GíslG, HÁ, HS, IG, JSk, LJós greiddu ekki atkv.

11 þm. (PS, ÞÞ, BBen, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GÞG, HV, JR) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, BF, BBen, BP, DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, MB, MÁM, AJ, SÁ, SvJ, SB.

nei: BFB.

EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, IG, JSk, LJós, SkG, ÁÞ greiddu ekki atkv.

12 þm. (JóhH, EðS, EÁ, EOl, HS, HV, JR, PS, RA, SI, SE, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 176).

5. Fjáraukalög 1962.

Á deildafundum 9. des. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1962 [98. mál] (stjfrv., A. 122).

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. til fjáraukalaga er að vanda samið eftir till. yfirskoðunarmanna Alþingis.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og til fjvn. með 46 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 122, n. 142).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1962 er að venju samið þannig, að veittar eru aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum ríkisreikningsins árið 1962, og er við samningu frv. farið eftir till. yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins. Athugun fjvn. á frv. er eingöngu fólgin í því að bera tölur þess saman við tölur ríkisreikningsins, og hefur það verið gert að þessu sinni, svo sem venja er. Við þá endurskoðun hefur komið í ljós, að talan, sem tilgreind er í 1. gr. frv., kr. 2 812 342.31 er of lág og þarf því að leiðréttast. Enn fremur hefur komið í ljós, að í 2. gr. er vanreiknuð aukafjárveiting til viðbótar á 16. gr. B um 10 þús. kr., og breytist niðurstöðutala á greininni til samræmis við það. Fjvn. leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum leiðréttingum, eins og fram kemur í nál. á þskj. 142.
Ég legg til, herra forseti, fyrir hönd fjvn., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem greinir á þskj. 142, og því síðan vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 142,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 142,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 165).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 180).

---

6. Vegalög (stjfrv.).

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til vegalaga [95. mál] (stjfrv., A. 113).

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er samið af nefnd, sem skipuð var samkv. þáltill., sem var samþ. 26. marz 1961, og n. var skipuð 10. maí sama ár. Í n. áttu sæti Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var jafnframt formaður, Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri, Árni Snævarr verkfræðingur, Bjartmar Guðmundsson alþm. og Benedikt Gröndal alþm. Vegalaganefnd hefur unnið mikið starf, aflað sér gagna tilheyrandi þessu máli, og að áliti mínu hefur hún unnið ekki aðeins mikið starf, heldur einnig gott starf. Eins og hv. þm. hafa séð, ber þetta frv. með sér talsverð nýmæli og mikilsverð, og getur verið, að menn séu ekki á einu máli um ýmislegt, sem í frv. er, en þá er það þingsins að taka til athugunar þau ágreiningsatriði, sem kunna að vera, og leitast þá við að sameinast um það, sem að enn betur athuguðu máli skyldi vera talið betra. En n. skilaði áliti í okt. 1962, og var það álit síðan í athugun hjá Efnahagsstofnuninni, en það þótti rétt, að hún fjallaði um málið, þar sem efni frv. snerti mjög gerð almennra framkvæmdaáætlana og fjáröflun til þeirra. Með bréfi 28. febr. 1963 fól samgmrn. n. að taka frv. til athugunar á ný með hliðsjón af ýmsum ábendingum, sem voru raktar í bréfinu. N. hefur síðan haft málið til meðferðar í samráði við ríkisstj., og varð samkomulag í n. um álit og till., og allar þær breytingar, sem eru frá hinu fyrra frv., hafa verið gerðar í samráði við ríkisstj.
Það er ljóst, að þjóðin stendur andspænis miklu vandamáli í vegamálum. Í fyrsta lagi er nú það, að bifreiðaeign landsmanna vex stöðugt og hinn mikli bifreiðafjöldi krefst betri vega, betri gatna og hin aukna umferð krefst stöðugt aukins viðhalds á vegunum. Þetta er augljóst, og þess vegna er það eðlilegt, að hin mikla umferð krefjist meira fjár til vegaframkvæmda en áður hefur þurft og þá ekki síst vegna þess, að með batnandi lífsafkomu þjóðarinnar aukast stöðugt kröfurnar um að fá lagða nýja vegi og bætta vegi víðs vegar um byggðir landsins. Og þetta er vitanlega hin eðlilega þróun, og það verður ekki hjá því komizt að hlýða þessu kalli með því að útvega aukið fjármagn til þessara mikilsverðu framkvæmda. Það er óþarfi að lýsa ástandi vegakerfisins. Það er kunnugt, að margir hinna eldri vega eru í mjög slæmu ástandi, og um hina elztu vegi er umferðin mest, því að fyrst voru vegir lagðir um þéttbýlustu héruðin, og þar er enn umferðin mest. Það er því þörf á því í mörgum byggðarlögum að endurbyggja hina

elztu vegi, og til þess þarf mikið fjármagn. Og enn er það svo, að víða á milli byggðarlaga og landshluta vantar tengivegi, sem óskir liggja frammi um að gerðir verði.

Þjóðinni fjölgar stöðugt, og lífskjörin batna. Bifreiðum fjölgar, og bifreiðarnar verða stöðugt stærri og þyngri og slíta vegunum meira en áður. Lengd þjóðvega í landinu, eins og getið er um í þessu frv., er nú 8294 km. Þar af er talið, að akfærir þjóðvegir séu 7700 km. Lengd sýsluvega er hins vegar 2388 km og talið, að akfærir sýsluvegir séu 2000 km. Þá er það bifreiðafjöldinn, sem minnzt hefur verið á, sem er geysilega mikill orðinn miðað við það, sem við höfum átt að venjast. 1961 voru hér á landi 21630 bifreiðar, en í árslok 1963 er talið, að þær muni vera 25485. Á árunum 1950—1960 óx bifreiðafjöldinn um 100%, en talið er líklegt, að bifreiðaeignin aukist um 100% frá 1960 til ársloka 1966. Þetta hlýtur að leiða af sér aukið slit á vegum, auknar kröfur um fjárframlög, auknar kröfur um batnandi vegi. 1960 er talið, að önnur hver fjölskylda hafi átt bifreið, en það er talið sennilegt, að 1966 muni þrjár af hverjum fjórum fjölskyldum eiga bifreið, og er þá bifreiðaeign Íslendinga næstum því eins og hún er mest hjá þeim þjóðum, sem bezt hafa lífskjör og hæstar kröfur gera í þessu efni.

Hér er aðeins byrjað að gera varanlega vegi, eins og það er kallað. En með hinni auknu umferð kallar þörfin á það, að vegir með varanlegu slitlagi verði hér eftir byggðir og árlega náð nokkrum áfanga í því efni. Erlendis er talið, að á vegum, sem hafa frá 200—300 bíla umferð á dag, sé nauðsynlegt að hafa varanlegt slitlag, en hér er ekki um slíkt að ræða, því að eins og kunnugt er, er á ýmsum vegum hér á landi miklu meiri umferð daglega en 200—300 bifreiðar. Þess vegna er það, að ýmsir malarvegir, sem hafa mesta umferð hér á landi, eru ákaflega erfiðir í viðhaldi, eru stöðugt holóttir, þó að reynt sé að hefla þá, og verða eins og bárujárn, sem vegfarendum er svo hvimleitt sem kunnugt um.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að breyta skipan vegaframkvæmda, og vegalaganefnd leggur til, að gerðar verði veigamiklar breytingar á skipan vegaframkvæmda í þeim tilgangi að hagnýta sem bezt það fé, sem til þeirra er veitt, og tryggja sem skynsamlegust vinnubrögð. En þessar breytingar eru helztar:

Það er vegáætlun. N. gerir ráð fyrir, að í framtíðinni verði unnar framkvæmdir eftir 5 ára áætlunum, sem taki við hver af annarri. Sá háttur mun hafa verið tekinn upp víða í nágrannalöndunum. Og hver áætlun skal öðlast gildi, eftir að Alþingi hefur samþykkt hana. Þá er gert ráð fyrir, að þessi áætlun verði endurskoðuð á þriðja ári, eftir að hún var gerð. N. telur, að skipuleg vinnubrögð muni verða hagkvæmari en það kerfi, sem ríkt hefur með árlegum ákvörðunum um framkvæmdir, og íbúar hvers byggðarlags muni fá vitneskju um, hvað fram undan er af vegagerð, sem beðið er eftir. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. hafi nokkuð skiptar skoðanir á þessu og telji, að með þessu sé ráðh. og vegamálastjórn gefið aukið vald frá því, sem verið hefur, og vald Alþingis þá rýrt að sama skapi. Mér finnst eðlilegt, að þessari hugsun skjóti upp hjá hv. þm., og mér finnst eðlilegt, að þetta mál verði athugað ofan í kjölinn. En bót er í máli, að vegáætlunina verður Alþingi að samþykkja, og gert er ráð fyrir að endurskoða hana þriðja hvert ár. Ég skal ekki segja, hvort ekki mætti ná svipuðum árangri og n. ætlast til með því, að endurskoðunin væri látin fara fram oftar en þriðja hvert ár. Það finnst mér, að megi vel athuga.

Þá er rætt um nýja flokkun vega. Það er gert ráð fyrir miklum breytingum á flokkun vega. Verða þjóðvegir eftir till. n. í fjórum mismunandi flokkum eftir því, hvers konar vegar er þörf á hverjum stað. Í vegalögum er gert ráð fyrir, að verði reglur um flokkana, og reglugerð kveði nánar á um gerð vegar í hverjum flokki, hver breidd skuli vera, malarvegir eða varanlegt slitlag o. s. frv. Ekki er gert ráð fyrir, að einstakir þjóðvegir verði taldir upp í lögunum, eins og verið hefur, en verða að sjálfsögðu skráðir í vegáætlun, sem vegamálastjóri undirbýr og Alþingi fær til meðferðar.

Þá er gert ráð fyrir því að efla sýsluvegasjóði til muna frá því, sem verið hefur, og leggur n. til, að sýsluvegirnir fái aukið fjármagn og stóraukin fjárframlög, bæði heimaframlag og ríkisframlag hækki og heildarfjárráð sjóðanna nær þrefaldist. N. leggur til, að hreppavegir verði lagðir niður sem slíkir og verði þá ýmist sýsluvegir eða einkavegir.

Þá leggur n. til, að þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum verði einnig taldir með og fái framlög samkv. þessum lögum, en hingað til hafa þjóðvegir verið slitnir, þar sem þeir komu að mörkum kaupstaða og kauptúna, og hefur þá verið til þess ætlazt, að viðkomandi byggðarlag kostaði veginn innan sinna endimarka. Og þá kemur skýringin á því, hvers vegna það ber oft við, að þegar komið er inn í kaupstaði og kauptún, verða vegirnir og göturnar miklu erfiðari og verri til umferðar heldur en hinir slæmu þjóðvegir, sem við oft erum að tala um. Og það er vitanlega vegna þess, að kauptúnin og kaupstaðirnir hafa ekki haft bolmagn til þess að leggja þessar götur. Mér finnst þessi till. vegalaganefndar um það að taka aðalgötu í kauptúni og kaupstað með í áætlunina, vera mjög eðlileg og skynsamleg, og ég er reyndar ekki í nokkrum vafa um það, að hv. þm. sameinist um það, því að nú er svo komið, að í öllum kjördæmum landsins eru kauptún og kaupstaðir, sem kalla eftir auknu fjárframlagi. N. leggur til, að þjóðvegir teljist nú gegnum kaupstaði og kauptún eða inn í slíkar byggðir, svo að eðlilegt samhengi vegakerfisins rofni ekki eða greið leið sé að athafnamiðstöð hvers staðar, ef vegur endar þar. Leggur n. til, að árlega verði veitt upphæð til þessara þarfa og henni skipt milli kaupstaða og kauptúna eftir íbúafjölda, nema hvað 10% fjárins megi ráðstafa til að flýta sérstökum

verkefnum. Þegar byggðarlag hefur lagt þá vegi, sem teljast þjóðvegir, innan marka þess, verður því frjálst að verja framlagi sínu til almennrar gatnagerðar eftir eigin vali.

Auk þessara höfuðatriða er fjöldi annarra breytinga lagður til í frv. og skal þeirra getið hér nánar.

Samkv. 1. gr. frv. er um það ákvæði, hvað orðið „vegur" merki, en það hefur ekki verið skilgreint í vegalögum áður, og eins og segir í 1. gr., merkir orðið „vegur" í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not. Til vegar teljast því auk vegarstæðis og vegar vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði, bifreiðastæði og umferðarljós. Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur í beinu sambandi við vegi svo og vetrarvegir.

Í II. kafla frv. er rætt um stjórn vegamála og veghald. 7. gr. samkv. II. kafla er nær samhljóða 8. gr. gildandi laga og þarf ekki skýringa. Í 8. gr. frv. er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að breyta ákvæðum gildandi laga, að hreppsfélag sé veghaldari fyrir hreppsvegi, sýslufélag fyrir sýsluvegi undir yfirumsjón vegamálastjóra, en vegagerð ríkisins fyrir þjóðvegi og fjallvegi. Í frv. er lagt til, að hreppavegir falli niður sem slíkir, en þeir munu yfirleitt færast í flokk sýsluvega eða í einstöku tilfelli einkavega, ef um er að ræða vegi, sem ekki uppfylla skilyrði, sem nánar eru tilgreind í frv. Eins og gert er ráð fyrir samkv. 8. gr., er ætlazt til, að vegagerð ríkisins verði veghaldari allra opinberra vega samkvæmt þessum lögum. 9. gr. frv. er aðeins til samræmis við þá breytingu, sem hér hefur verið nefnd.

Og þá er það III. kaflinn, það er vegáætlunin. sem áðan var minnzt á, og er nýmæli frá því, sem verið hefur. En vegalaganefnd mælir sérstaklega með því að gera slíka áætlun. sérstaklega af þeirri ástæðu, að með því notist betur það fjármagn, sem fyrir hendi er, vinnubrögð verði í alla staði hagkvæmari, að það sé heppilegra fyrir hin einstöku svæði að vita nokkuð fram í tímann, hvenær framkvæmdanna sé von o. s. frv. Og samkv. þessu er rökstutt, að það sé í alla staði heppilegra, að vegagerðin sé veghaldari og hafi yfirumsjón með allri vegagerð í landinu, sem til opinberra vega geti talizt, en það eru allir vegir nema einkavegir, sem eru 200 metrar eða minna.

Þá er í III. kafla þessa frv. skilgreint, hvernig vegirnir skiptast. Þeir skiptast í 4 flokka: Það er hraðbraut A, en samkv. því, sem hér er talið í frv., er aðeins um 15 km vegur í landinu, sem gæti flokkazt undir hraðbraut. Það er hraðbraut B, vegur, sem innan 10 ára má búast við, að umferðin verði 1000—10 000 bifreiðar á dag yfir sumarmánuðina, og skal stefna að tvöfaldri akbraut með varanlegu slitlagi á þeim vegum, en það er talið, að nú muni vera um 120 km vegur, sem uppfylli það. Þá er það þjóðbraut. Þjóðbraut er vegur, sem nær til 1000 íbúa svæðis. Skal stefnt að malarvegi með tvöfaldri akbraut. Og samkv. því, sem hér er nefnt í grg. með frv., væru þjóðbrautir í dag 2620 km. Og landsbrautir skulu teljast þeir vegir, sem eru minnst 2 km langir og ná a. m. k. til 4 býla, þannig að vegurinn nái að fjórða býli frá vegarenda. Þó má víkja frá þessari reglu, ef um er að ræða kirkjustað, opinberan skóla eða heilsuhæli. Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli. En þessir vegir eru samkv. skilgreiningu, sem fylgir með frv., 5676 km. Landsbrautirnar eru að sjálfsögðu lengstar, úr því að vegirnir verða flokkaðir eins og hér er gert ráð fyrir. En flokkarnir eru stigminnkandi og hraðbrautir A aðeins lítill hluti vegakerfisins. Samkv. greininni á vegur að færast úr þjóðbrautarflokki í hraðbrautarflokki B, þegar rökstudd ástæða er til að búast við, að umferð um hann nái a. m. k. 1000 bifreiðum daglega á næstu 10 árum, og úr þessum flokki í hraðbrautarflokk A, þegar búast má við, að umferð nái 10 000 bifreiðum daglega innan 20 ára. Þetta eru ákvæði, sem eðlilegt er að menn vilji athuga nánar, en enginn vafi er á því, að heppilegt má telja að flokka vegina eitthvað í þessa átt og gera sér þannig grein fyrir því, hversu mikil umferð getur líklega orðið á næstu árum um hvern veg.

IV. kafli fjallar um sýsluvegi, og er, eins og ég áðan drap á, þar um veigamikla breytingu að ræða með því að næstum þrefalda það fjármagn, sem sýsluvegunum er ætlað að fá. Það er gert ráð fyrir, að í hverri sýslu verði sýsluvegasjóður, sýslunefndir geri samþykktir fyrir sýsluvegasjóði og öðlist þær gildi, er ráðh. hefur staðfest þær. Þetta er eins og er í gildandi lögum. Í sýsluvegasjóðasamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Ekki má taka í tölu sýsluvega vegi, sem eru styttri en 200 m. Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Ég geri ráð fyrir, að hv. Alþingi taki þennan kafla frv. sérstaklega til athugunar með hliðsjón af því, að á mörgum undanförnum þingum hafa ýmsir þm. flutt brtt. við vegalögin með ósk um það, að sýsluvegir verði teknir í þjóðvegatölu. Og þess vegna er ekkert undarlegt, þótt þm. vildu athuga þennan kafla. Sumum dytti jafnvel í hug að afnema sýsluvegasjóði með öllu og gera alla sýsluvegi að landsbrautum, og er ekkert óeðlilegt, þótt menn staldri við þá hugsun. Aðrir munu telja eðlilegt, að sýsluvegir verði mun styttri en gert er ráð fyrir í þessu frv. og ýmsir sýsluvegir verði teknir í þjóðvegatölu. En þetta tekur n. að sjálfsögðu til rækilegrar athugunar, þegar hún fær málið til meðferðar. En samkv. frv. hafa allir hreppavegir verið afnumdir, þeir gerðir að sýsluvegum, og þá hafa og nokkrir þjóðvegir verið teknir úr þjóðvegatölu, og einnig það atriði munu hv. þm. vilja athuga sérstaklega.

Samkv. VI. kafla frv. er rætt um einkavegi, og er það nýmæli, ekki til í gildandi lögum.

VII. kafli fjallar um fjallvegi, ferjuhald og sæluhús, og er ekki þar um neinar stórbreytingar að ræða, sem ástæða er til þess að fjölyrða um.

VIII. kafli er um greiðslu brúargerðakostnaðar á sýslu-, einka- og fjallvegum, og er gert ráð fyrir samkv. 52. gr., að kostnaður við brýr á sýsluvegum greiðist þannig: Kostnaður við brýr styttri en 4 m telst með vegagerðarkostnaði. Kostnað við brýr yfir 4—10 m haf má greiða úr ríkissjóði að 1/4 hluta og úr sýsluvegasjóði að 3/4 hlutum. Hlutfallið á kostnaðinum er vitanlega eðlilegt að tekið verði til athugunar, hlutfallið í brúargerðakostnaði milli sýslusjóðs annars vegar og ríkissjóðs hins vegar. Kostnað við brýr yfir 10 m haf eða lengra má greiða að fullu úr ríkissjóði. Kostnað við viðhald brúa á sýsluvegum skal telja með viðhaldskostnaði sýsluvega.

Þá er það IX. kafli, um bráðabirgðaafnot lands, og virðist það, sem þar er fram tekið, vera eðlilegt og sjálfsagt, og skal því ekki fjölyrt um það að sinni.

X. kafli er um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl., sem er annars vegar eðlileg vörn fyrir landeigandann og hins vegar er ætlað til að skapa vegagerðinni eðlilegan rétt, sem hún nauðsynlega þarf að hafa í sambandi við vegagerð. Ég tel ekki eðlilegt að fjölyrða um þann kafla, enda naumast, að nokkur ágreiningur geti um hann verið.

Um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum er sama máli að gegna og þann kafla. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann teljist öðruvísi orðaður en það, sem nauðsynlegt og eðlilegt má vera.

XII. kafli er um öryggi vega o. fl. Það er einnig um þann kafla að segja, að frá mínu sjónarmiði er ekki þar sett í frv. annað en það, sem telja má nauðsynlegt og eðlilegt, og vil ég ekki ræða það að svo komnu máli, nema tilefni gefist til síðar.

XIII. kafli er um skemmdir á mannvirkjum o. fl. Það er nokkuð svipað og verið hefur í l., að fyrirbyggja það, að nokkur geri skemmdir á opinberum mannvirkjum. Það er t. d. bann við því að stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg. Þetta er vitanlega ákvæði og annað í þessum kafla, sem nauðsynlega þarf að vera.

En þá er það XIV. kaflinn, sem er um fjáröflunina. Þar eru vitanlega ýmis atriði, sem eðlilegt er, að staldrað sé við og rætt sérstaklega um. Það er gert ráð fyrir samkv. 85. gr. að greiða sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema 2.77 kr. af hverjum lítra. Gert er ráð fyrir, að gjald þetta taki einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi. Samkv. þessu er gert ráð fyrir að hækka benzíngjaldið úr 1.47 kr. um 1.30 kr. á hvern benzínlítra. Þá er og gert ráð fyrir því samkv. 86. gr. frv. að greiða sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar, og skal gjaldið nema 9 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins. Gjald þetta hefur áður verið 6 kr. og er því hækkað um 50%. Þá er samkv. 87. gr. gert ráð fyrir að greiða þungaskatt af bifreiðum þannig, að af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga og nota benzín að eldsneyti, greiðist 72 kr. af hverjum fullum 100 kg þunga, en það er óbreytt frá því, sem verið hefur, og að hækkaður sé þungaskattur á þeim bifreiðum, sem nota dísilolíu, og er sú hækkun að meðaltali tæplega 50%. Hún er mest á litlum fólksbifreiðum, nokkuð til samræmis við benzínhækkunina, en hún er tiltölulega minnst á stórum bílum, t. d. stórum farþegabílum og vöruflutningabílum, sem eru notaðir í þágu framleiðslunnar að mestu leyti, eins og kunnugt er. Þungaskatturinn er samkv. gildandi lögum þannig, að hann gefur 21 millj., en viðbótin gefur um 10 millj., og verður þá þungaskatturinn um 31 millj. Gúmgjaldið hefur gefið 6.7 millj., hækkar um 3.3 millj. í 10 millj. Ég hef látið athuga, hvað venjulegur gúmbarði er þungur í vigt, til þess að sjá, hversu miklu þetta gjald nemur. Hjólbarði 600×15, sem er algengasta stærð á fólksbifreiðum, vegur 7.5 kg, og mundi þetta aukagjald því verða 22.50 kr. á hvern hjólbarða. Hjólbarði 900×20, sem er notaður undir stærri vörubifreiðar, vegur 50.5 kg, og mundi aukagjald á hvern hjólbarða því verða 151.50 kr. Og hjólbarði 100×20, sem er notaður sérstaklega á stærri bifreiðar, vegur 56.7 kg, og mundi aukagjald á þessa hjólbarða því verða 170.10 kr. En þungaskatturinn á bifreið, sem vegur 6 tonn, hefur verið 8100 kr., en verður samkv. þessari hækkun 12 þús. kr. Það má því gera ráð fyrir, að aukaskattur á slíka bifreið muni verða árlega rúmar 5 þús. kr., og má segja, að það sé talsvert, en miðað við það, að það á nú að ganga til veganna, sem á þessar bifreiðar er lagt, þá geri ég ráð fyrir því, að það geti borgað sig, ef holunum fækkar í vegunum og þeir verði betri til umferðar en áður, þá verði ekki um nein raunveruleg útgjöld að ræða.

Eins og áður er sagt og hv. þm. er ljóst, er benzíngjaldið nú 1.47 kr., en af því hafa runnið í ríkissjóð 1.14 kr., en í vega- og brúasjóð 33 aurar. Það gjald, sem hefur runnið í ríkissjóð, er áætlað nema á árinu 1963 64.5 millj., gjald til vega- og brúasjóðs, 33 aurar, 18.5 millj. Áætlað er, að tekjur af hækkuninni, 1.30 kr. á lítra, nemi 73.5 millj., gúmgjald nýtt og eldra 10 millj., þungaskattur nýr og eldri 31 millj. Þetta gerir 197.5 millj., og þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði auk þess á fjárl. samkv. þessum till. 47.1 millj. kr., þannig að fjáröflunin til vegagerðar verði alls 244.6 millj. kr. 47.1 millj. kr. er sú upphæð, sem ríkissjóður mundi greiða, ef frv. til fjárl. 1964, sem nú liggur fyrir hv. Alþ., væri samþ. óbreytt, umfram þær tekjur, sem eldri benzínskatturinn, eldra gúmgjaldið og eldri þungaskatturinn gefur,

þannig að ef þetta frv. verður lögfest og ríkissjóður greiðir 47.1 millj., aukast útgjöld ríkissjóðs ekki frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. til fjárl., og frá því, sem er, þótt þetta verði samþ., eins og gert er ráð fyrir í vegalagafrv.

Eins og hv. þm. er ljóst, eru útgjöld til vegamála samkv. fjárl. ársins 1963 138.1 millj. kr. Þá er allt talið, fé til brúasjóðs og til millibyggðavega. En það fé, sem nú er gert ráð fyrir að fá til sömu framkvæmda, er 244.6 millj. eða 106.5 millj. meira en var til ráðstöfunar á því ári, sem nú er að líða. Má því gera ráð fyrir, að ef vegalagafrv. verður samþ., megi sjá miklar breytingar eftir þessa auknu fjáröflun, þannig að á árinu 1964, ef þetta frv. verður lögfest fyrir áramót, verða til ráðstöfunar ríflega 100 millj. meira á því ári heldur en á því ári, sem nú er að líða. Og það er enginn vafi á því, að það mun sjást í framkvæmdum, batnandi vegum, ef þetta verður gert. Dragist hins vegar að samþykkja frv. fram á næsta ár, þá vitanlega verður minna fé til ráðstöfunar á næsta ári. Það munar t. d. mikið um það, ef þessi nýju gjöld verða ekki innheimt á fyrstu þremur mánuðum næsta árs.

Ég hef sérstakan áhuga fyrir því að fá frv. samþykkt fyrir jól, en mér er ljóst, að það tekst ekki, nema stjórnarandstaðan vilji það líka. Það tekst ekki að gera þetta frv. að lögum fyrir jól, ef stjórnarandstaðan beitir sér gegn því. Mér er alveg ljóst, að það eru ýmis ákvæði í frv., sem hljóta að vera skiptar skoðanir um, og það þarf eðlilega talsverðan tíma til þess að samræma hinar ýmsu skoðanir og gera sér grein fyrir kjarnanum og láta minni háttar atriði ekki verða málinu til tafar. En ég hef gert mér vonir um, að hv. þm. væru að miklu leyti sammála um það, sem er aðalatriðið í þessu frv., það er tekjuöflunin, það er að fá meira fé til veganna en verið hefur. En á þetta reynir, og um leið og ég segi það, að þetta frv. er ágætt, dettur mér ekki í hug að halda því fram, að þar megi engum stafkrók breyta, — dettur ekki í hug að halda því fram. Ég vildi hins vegar jafnvel halda því fram, að það mætti nokkrum stafkrókum breyta, jafnvel til batnaðar.

Þá er hér samkv. XIV. kafla gerð grein fyrir því, hvernig þungaskatturinn er reiknaður, þegar komið er yfir visst mark. Það er talin hér upp 6 tonna bifreið, hver skattur er á henni, og þá er gert ráð fyrir því, að fyrir hver 100 kg, sem er yfir 6000 kg, greiðist 200 kr. Af bifhjólum greiðast 200 kr. Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjmrh. úr. Þá eru samkv. 88. gr. taldar upp þær bifreiðar, sem eru undanþegnar gjaldi samkv. 87. gr., en það eru eftirtaldar bifreiðar: Skólabifreiðar, bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar, slökkvibifreiðar, sjúkrabifreiðar, snjóbifreiðar, vagnar, sem renna á spori. Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf. Þetta ákvæði er það sama og verið hefur í gildandi lögum. Og þá er einnig gert ráð fyrir því, að benzín, sem notað er á dráttarvélar, njóti þeirrar undanþágu, sem verið hefur áður, enda er benzíngjaldið lagt á til þess að bæta vegina og því ekki eðlilegt, að þau tæki, sem aldrei fara á vegi, greiði slíkt gjald.

Um XIV. kafla að 95. gr. tel ég ekki nauðsynlegt að ræða meira. Það er almenns eðlis og getur ekki valdið ágreiningi, en í 95. gr. er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr. Þetta ákvæði er fram komið vegna þess, að það hefur verið um það rætt að leggja vegtoll á t. d. Keflavíkurveginn, þegar hann verður tilbúinn, þannig að sá vegur geti að einhverju eða jafnvel miklu leyti staðið undir þeim lánum, sem hafa verið tekin og verða tekin til þess að ljúka honum. Og þetta gæti e. t. v. átt sér stað víðar, þegar varanlegir vegir hafa verið gerðir. Og ég geri ráð fyrir því, að um þetta nýmæli verði ekki ágreiningur, að hv. þm. telji það sjálfsagt, að þar sem því yrði við komið, væri þessi háttur upp tekinn, enda er það algengt erlendis, þar sem umferð er mikil, að taka vegtoll eða brúartoll til þess að fá nokkuð upp í kostnað og viðhald veganna og brúnna.

XV. kafli frv. er um sektir fyrir brot gegn lögum þessum og eru ákvæði, sem eru í gildandi lögum, og er ekkert um það að segja.

XVI. kafli er niðurlagsorð og telur upp, hvaða lög falla úr gildi, um leið og þetta frv. verður lögfest, o. s. frv. Og þá er hér ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir, að svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara skuli leggja fyrir Alþingi bráðabirgðavegáætlun, er gildi fyrir árið 1964. Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi samkv. 17. gr. l. þessara skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964, og þá er gert ráð fyrir, að fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 verði lögð vegáætlun samkv. III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1969. Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1969 skulu gerðar fyrir 1. júlí 1965. Það er vitanlega útilokað að ljúka 5 ára áætlun, áður en þetta frv. verður lögfest, og er því þetta ákvæði til bráðabirgða nauðsynlegt, enda þótt það yrði lögfest að gera 5 ára áætlun, og hefur vegamálastjóri talið alveg nauðsynlegt að hafa a. m. k. nokkra mánuði til þess að semja slíka áætlun.

Þegar nú er lagt til að hækka benzínið um kr. 1.30, væri vitanlega ekkert óeðlilegt, að einhverjir segðu sem svo: Þetta er nú anzi mikil hækkun, þetta er nú anzi mikill skattur, sem á að leggja hér á landsmenn, sem eiga bíla, og ekki eru þetta nú allt saman ríkisbubbar, sem eiga bíla, því að bifreiðar eru taldar svo nauðsynlegar nú, eins og sjálfsagt þótti að eiga hest hér í sveitinni fyrir 30—40 árum. En þar sem benzíngjaldinu öllu er ætlað að fara til vegagerðar, ætlað að fara til þess að fækka holun-

um í vegunum, minnka bárujárnið, sem við ökum á heilu sumrin, og gera nýja og betri vegi, hygg ég, að hér verði ekki um nein bein útgjöld að ræða hjá bifreiðaeigendum, það verði til þess, að þeir eyði jafnvel minna benzíni og bifreiðin muni slitna miklu minna en hún áður gerði. Og ég hygg, að að athuguðu máli verði menn sammála um, að það sé eðlilegt, að benzínverðið á Íslandi verði hækkað, ekki sízt með tilliti til þess, að þrátt fyrir 1.30 kr. hækkun, verður benzínverð á Íslandi lægra en í nágrannalöndum okkar. Og hvaða lönd eru það, sem eru með mun lægra benzínverð en Ísland? Það eru Bandaríkin, og það er Rússland. Af hverju skyldu þau vera með lágt benzínverð? Það er af því, að þau hafa benzín í landinu. Þetta eru benzínþjóðir, flytja ekki inn benzín. En ef við tökum önnur lönd, er það Austurríki, það er með benzínverð 5.33 kr., 17 aurum lægra en það mundi verða hjá okkur, Belgía 6.70 kr., Danmörk 6.42 kr., Finnland 6.83 kr., Frakkland 8,52 kr., Holland 5.48 kr., Írland 5.80 kr. Ísland er nú með 4.20, án þess að við höfum haft efni á því. Við höfum vitanlega ekki haft efni á að vera með svona ódýrt benzín og láta vegina grotna niður. Það hefði vitanlega verið miklu réttara að hafa benzínverðið hér miklu fyrr sambærilegt við það, sem það er í nágrannalöndunum, og láta vegina verða þá betri en þeir eru. Ítalía 6.65 kr., Lúxembourg 5.73 kr., Noregur 6.29 kr., Pólland 8.61 kr., Rússland 2.39 kr., það hefur benzínið í sínu eigin landi og selur mikið af benzíni, Spánn 6.46 kr., Stóra-Bretland 5.80 kr., Sviss 4.99 kr., Svíþjóð 6.06 kr., Tékkóslóvakía 23.92 kr., það er nú nokkuð mikið, Bandaríkin 3.46 kr., Vestur-Þýzkaland 6.12 kr. Það eru sem sagt Sviss með 4.99 kr., Rússland og Bandaríkin, sem verða með lægra benzín en við, eftir að við höfum hækkað það um 1.30 kr., og verðum við eigi að síður með lægra benzín en nágrannaþjóðir okkar, sem eru þó mun efnaðri og með miklu betri vegi, eins og kunnugt er. Það er enginn vafi á því, að þegar til lengdar lætur, verður benzínhækkunin ekki sem aukinn útgjaldaliður hjá bifreiðaeigendum, heldur miklu frekar gæti orðið til þess að spara bifreiðaeigendum aukin útgjöld, með því að slit bifreiðanna verður minna.

Vegalaganefnd hefur gert lauslegar till. um skiptingu þess fjár, sem inn kemur, og eins og tekið er fram á bls. 41, þá er þetta aðeins samanburður á framlagi til vegamála samkvæmt fjárlagafrv. 1964 og lauslegri hugmynd, eins og n. orðar það, um skiptingu á tekjum samkv. frv. þessu, — aðeins lausleg hugmynd. Og eins og fram kemur í þessari skýrslu, yrði varið til brúa og vega 1964, ef frv. til fjárlaga yrði lögfest, 61 millj. 495 þús. kr., en samkvæmt hugmynd vegalaganefndar gæti það orðið, eftir að sú tekjuöflun hefur verið lögfest, sem hér er um rætt, 107.6 millj. kr. Þá er vegaviðhaldið, það er gert ráð fyrir í frv. til fjárlaga 71 millj. 635 þús., en vegalaganefnd hefur gert ráð fyrir 75 millj. Framlag til sýsluvegasjóða er samkv. fjárlagafrv. 3.3 millj., en vegalaganefnd lætur sér detta í hug 11 millj. Það liggur reyndar í augum uppi, að ef sýsluvegirnir verða styttri til muna frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. vegalaganefndar, þá lækkar þessi upphæð og færist yfir á aðra liði. Þá gerir vegalaganefnd ráð fyrir að verja til gatna í kaupstöðum og kauptúnum 27 millj. kr. En eins og kunnugt er, mun hv. alþm. hafa borizt bréf frá fundi, sem samband sveitarstjórna hélt hér í Reykjavík í haust, þar sem óskað er eftir, að sveitarfélögin fái a. m. k. 50 aura af hverjum benzínlítra til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, en ef það væri nú orðið við þeirri ósk, þá væru það ekki 27 millj., sem þeir ættu að fá, heldur 28—29 millj., ef það væri miðað við 50 aura á lítrann, en eins og hér er talað um í lauslegri áætlun hjá vegalaganefnd, er þessi tala vitanlega ekkert bundin og kemur vitanlega vel til greina að breyta henni eitthvað í samræmi við óskir sveitarstjórnaþingsins. Þá eru hér ýmsir liðir: Til vélakaupa samkv. fjárlagafrv. eru það 3 millj. 945 þús., en till. vegalagan. 8 millj., og er það sízt of mikið, þar sem mikil þörf er á því að endurnýja vegagerðarvélar, eins og byrjað hefur verið á, sérstaklega á s. l. ári. Og þá eru hér afborganir og vextir af föstum lánum, samkv. frv. eru það 10.5 millj. og einnig samkvæmt till. vegalaganefndar. Þetta er aðeins lausleg hugmynd hjá vegalaganefnd, eins og hún sjálf telur, þá sé það ekki bindandi, en það er gott að hafa það til hliðsjónar, þegar um endanlega skiptingu verður að ræða.

Í kortabók þeirri, sem útbýtt hefur verið meðal hv. þm., má sjá, hvernig þjóðvegakerfið mundi væntanlega verða samkvæmt hugmynd nefndarinnar. En þegar gengið var frá kortabókinni, var gert ráð fyrir tveimur frv. Annars vegar frv. til vegalaga og hins vegar frv. til tekjuöflunar. En þótt þessu hafi nú verið breytt og frv. steypt saman, hefur kortabókin vitanlega alveg sitt gildi fyrir því, og þótt gengið hafi verið frá kortabókinni haustið 1962 og frv. í heild, því hefur verið breytt talsvert síðan, þá hefur það ekki breytt gildi kortabókarinnar, sem er mjög vel unnin og upplýsandi að mínu áliti.

Ég minntist á það áðan, að samkv. till. vegalaganefndar væru nokkrir þjóðvegir teknir úr þjóðvegatölu, og samkv. till. n. styttast þjóðvegir um 654.4 km, en lengjast einnig eftir till. n. um 793.6 km, þannig að þjóðvegakerfið lengist lítils háttar eða um nær 150 km samkv. till. n. Ég veit, að þetta er viðkvæmt mál hjá ýmsum hv. þm., og mér fyndist ekkert óeðlilegt, þó að kæmi brtt. við þetta, og mér finnst alveg sjálfsagt, að þessi till. n. um styttingu þjóðvega tekinna í þjóðvegatölu verði tekin til nákvæmrar athugunar hér í hv. Alþ. Og það má sama segja um sýsluvegina, að það er eðlilegt, að það verði tekið til athugunar, hvort ekki væri rétt að taka ýmsa sýsluvegi í þjóðvegatölu og hafa þá styttri en vegalaganefnd gerir ráð fyrir. En mér er kunnugt um, að vega-

laganefnd og vegamálastjóri telja ýmis vandkvæði á því, og það er vitanlega alveg sjálfsagt, að hv. samgmn. ræði við vegamálastjóra, ráðuneytisstjórann í samgmrn., og svo vill nú svo vel til, að einn hv. alþm., sem átti sæti í vegalaganefnd, á einnig sæti í samgmn., svo að það verður engin tregða á því að gefa allar upplýsingar og færa fram öll rök, sem fyrir hendi eru um þessi mál.

Það er á bls. 58 í þessu frv. talað um óskir hestamanna um reiðvegi, en það er mál, sem ýmsir hafa sérstaklega mikinn áhuga á, og er eðlilegt, að þær óskir verði teknar til athugunar í sambandi við meðferð málsins, ef unnt væri að koma eitthvað á móts við hestamenn. En vitanlega verður fyrst að gera það, sem nauðsynlegast er í þessum efnum, og síðan að reyna að bóknast sem flestum, þó að það sé ekki talið bráðnauðsynlegt. En eigi að síður er það nú mjög þarft að viðhalda hestamennsku í landinu, halda áfram að temja hesta og eiga góðhesta, og vissulega yrðum við fátækari, ef við hættum að hafa góða hesta, sem við gætum komið á bak og skemmt okkur á.

Ég tel rétt, áður en ég lýk máli mínu, að fara hér með nokkur samandregin lokaorð í sambandi við þetta frv., sem leggi sérstaklega áherzlu á þau meginatriði, sem í þessu frv. eru.

Eins og áður er að vikið, þá er lagt til, að við vegaframkvæmdir verði unnið eftir 5 ára áætlun, sem taki við hver af annarri, samkv. III. kafla frv. Vegagerð ríkisins semur vegáætlun, og skal hún lögð fyrir Alþ. og öðlast gildi, þegar Alþ. hefur samþ. hana, samkv. 14. gr. Í vegáætlun skulu vera sundurliðaðar áætlanir um kostnað hvers mannvirkis, sem gera skal á áætlunartímanum, og einnig árlegur kostnaður, sbr. 11. gr. Og þar er gert ráð fyrir, eins og áður er sagt, að vegáætlun verði endurskoðuð, þegar hún hefur gilt í 3 ár.

Og þá er ekki síður mikið atriði flokkun vega. Lagt er til, að þjóðvegir verði ekki taldir upp í vegalögum, heldur verði í lögunum almennar reglur um það, hvaða skilyrði vegir verði að uppfylla til að geta orðið þjóðvegir, og verði vegir síðan flokkaðir í vegáætlun eftir þessum almennu skilyrðum, þ. e. aðallega eftir bifreiðafjölda og þéttbýli. Þjóðvegum verði eftir sömu sjónarmiðum skipað í 4 flokka, sem mismunandi eru að gerð eftir umferð um þá. Ákveðin lágmörk eru sett um lengd vegar og fjölda bíla um hann, til þess að hann geti komizt í flokk þjóðvega, samkv. 12. gr.

Samkv. till. n. mundi þjóðvegakerfið verða alls 8432.9 km í stað 8293.7 km nú. Talsverð breyting yrði þó á einstökum vegum, þar sem 654.4 km núverandi þjóðvega mundu færast úr þeim flokki, en 793.6 km nýrra vega koma í staðinn.

Þá tel ég sérstaka ástæðu til þess að fara enn nokkrum orðum um sýsluvegina. Það er lagt til, að tekið verði upp nýtt álagningarfyrirkomulag á heimaframlagi til sýsluvegasjóðs. Hluta hvers hrepps, sem miðast við andvirði þriggja dagvinnustunda í vegavinnu næsta ár á undan fyrir hvern íbúa, verði jafnað niður með útsvörum, sbr. 25. gr. frv. Af fasteignum utanhreppsbúa greiðist gjald eins og nú, sbr. 23. gr. Á móti heildarframlagi, sem þannig innheimtist, er lagt til að ríkissjóður greiði tvöfalt gjald. Þá er einnig lagt til, að heimild vegamálastjóra til að jafna mótframlagið til einstakra sýslna verði rýmkuð þannig, að lágmark mótframlags til sýslu verði jafnt og 50% heimaframlags í stað 100% nú. Þýðir þetta í framkvæmd, að vegamálastjóri geti jafnað allt að 75% ríkisframlagsins niður og beint auknu framlagi til sjóða strjálbýlla sýslna, en þar hlýtur afleiðing hins nýja kerfis að verða sú, að vegalengd sýsluvega á íbúa verði lengri en í þéttbýlli sýslum. Er því nauðsynlegt, að rýmri heimild sé til jöfnunar mótframlags ríkissjóðs en nú er, að áliti nefndarinnar.

Hreppavegir, sem nú eru 1137 km, verði lagðir niður sem sérstakur vegaflokkur og verði ýmist sýsluvegir eða einkavegir. Þrátt fyrir þetta er ekki gert ráð fyrir, að sýsluvegakerfið í heild lengist um meira en 316 km, eða úr 2388 í 2704, og vegalaganefnd leggur áherzlu á þetta, en eins og ég minntist á áðan, þá munu margir hv. þm. hafa ætlazt til þess, að sýsluvegakerfið styttist í staðinn fyrir að lengjast.

Þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum eru sérstaklega teknir með í þetta frv., en samkv. gildandi vegalögum nær þjóðvegur ekki lengra en að mörkum kaupstaðarlóðar eða verzlunarlóðar. Lagt er til, að hér verði breytt um stefnu og þjóðvegir taldir ná ýmist í gegnum kaupstaði eða kauptún eða inn að miðstöð athafnalífs á staðnum. Ráðherra ákveður með reglugerð, hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir samkv. þessari reglu. Í kortabók vegalaganefndar er sýnt, hvernig n. hefur hugsað sér, að þessir vegir liggi. Gert er ráð fyrir, að greidd verði árlega ákveðin upphæð af ríkisfé til lagningar þessara vega, eða sem næst 50 aurum af hverjum skattskyldum benzínlítra, sbr. lauslegt álit vegalaganefndar. Er lokið er við lagningu þeirra vega, er teljast þjóðvegir í kaupstað eða kauptúni, fær viðkomandi fjárhlut sinn áfram til almennrar gatnagerðar að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðvegar staðarins.

Ný og ýtarleg ákvæði eru um einkavegi, sem ekki eru í gildandi lögum. Í frv. eru ýmis nýmæli, sem vegalaganefnd leggur til að verði lögfest, en skipta ekki að mínu áliti jafnmiklu máli og það, sem ég nú hef sérstaklega vikið að. Það má þó segja, að sú breyting að leggja til, að vegagerð ríkisins hafi umsjón með öllu vegakerfi landsins, nema einkavegum og götum, sem ekki eru þjóðvegir, í kaupstöðum og kauptúnum, sé allmikilvæg breyting frá því, sem er í núgildandi lögum.

Í frv. vegalaganefndar um fjáröflun til vega- og gatnagerða o. fl. er lagt til, að tekjur ríkisins af benzínskatti, þungaskatti og gúmgjaldi renni að öllu leyti til vegagerða. En nú er þessu þannig háttað, að meginhluti þessara gjalda rennur beint í ríkissjóð, eða allt nema 33 aurar af 1.47 kr. benzínskatti pr. lítra. En

hluta þessa fjár, sem lögákveðið er að renni til vegagerðarinnar, eða 14 aurum af hverjum lítra, er skipt í fjárlögum til millibyggðavega, en 19 aurar af hverjum lítra renna í brúasjóð, sem samgmrh. ráðstafar. Aðrir þættir vegamálanna hafa beinar fjárveitingar á fjárlögum, og kemur þar á móti það, sem ríkissjóður fær í sinn hlut af framangreindum sköttum.

N. leggur til, að benzínskattur, þungaskattur og gúmgjald hækki svo mikið, að það nemi samtals 197.5 millj. kr. árlega. Verði þessari upphæð varið til nýrra vega, brúargerða, þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sýsluvega og aðalfjallvega, og auk þess sú upphæð, sem áður um getur og ríkissjóður greiðir, 47.1 millj.

Ég minntist á það áðan, að ég teldi æskilegt að fá þetta frv. afgreitt fyrir jól, til þess að tekjurnar fari strax að koma inn frá áramótum. Ég vildi þess vegna óska eftir því, að hv. samgmn. Nd. leitaði strax eftir samvinnu við samgmn. Ed., þannig að samgmn. beggja deilda gætu unnið saman að þessu máli. Það mundi flýta fyrir afgreiðslu málsins, og ég gæti trúað því, að hv. stjórnarandstaða sé að mörgu leyti þeirrar skoðunar, að æskilegt væri að lögfesta frv. sem fyrst til þess að fá tekjurnar, því að alla hv. þm. vantar meira fé til veganna í kjördæmunum, og eina leiðin til þess, að það komi sem fyrst og verði sem mest, er að lögfesta þetta frv. nú fyrir jólin.

Ég vil svo að endingu þakka vegalaganefnd fyrir mikið og vel unnið starf og vænti þess, að það megi verða árangursríkt þjóðinni til gagns og heilla að fá ný vegalög með auknu fjárframlagi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er ákaflega umfangsmikið, eins og m. a. sést á því, að það tók hæstv. ráðh. nærri hálfa aðra klukkustund að mæla fyrir málinu, og í raun og veru stiklaði hann þó aðeins á stóru eins og hann sagði sjálfur, sleppti mýmörgum atriðum úr. En þessi ræða hæstv. ráðherra er til viðbótar 63 bls. frv. með grg. og heilli bók af kortum. Þetta frv. snertir afar mörg og afar flókin viðfangsefni, og sannleikurinn er sá, að á þeim tíma, sem gefizt hefur, síðan þessu mikla máli var útbýtt, hefur mér a. m. k. ekki vegna þátttöku hér í umr., því að hér hafa verið látlausir fundir og látlausar umræður, meira að segja kvöldfundur, á þeim stutta tíma, sem síðan hefur liðið, — hefur mér ekki gefizt kostur á að skoða þessi gögn svo gaumgæfilega, að ég hafi enn áttað mig á öllum atriðum þessa máls, því fer fjarri, eða afleiðingum þess, ef það yrði gert að lögum.

Það dylst mönnum ekki, að það er margt myndarlegt í sambandi við undirbúning þessa máls, enda mátti við því búast, því að sumir af milliþinganefndarmönnum, að öðrum ólöstuðum, eru þannig settir, að þeir eru líklegir til þess að hafa getað lagt til þessara mála mikla þekkingu, þá mestu, sem hér er hægt að fá, og líklegir til að geta gert skynsamlegar bendingar og till. En ég vil einmitt nota þetta tækifæri til að minna á það, vegna þess að þetta er svo sérstaklega heppilegt dæmi til þess, að minna á, að það er óheppileg stefna að undirbúa öll mál, hvers eðlis sem þau eru, aðeins á vegum ríkisstj. og stjórnarflokkanna og svo embættismanna, sem hafa þagnarskyldu í sínum störfum, í stað þess að undirbúa a. m. k. sum mál í þingkjörnum mþn., ég meina ekki öll mál, ekki þau mál, sem verða að mótast eftir höfði ríkisstjórnarinnar, það er ekki nema eðlilegt, að hún hafi sína menn í þeim málum eina, en hversu óheppilegt það er að taka þá stefnu, sem nú er orðin ofan á, að setja hvert einasta mál í þannig lagaða n., að fulltrúar frá þeim þingflokkum, sem ekki eiga sæti í ríkisstj., geti ekki komið þar nálægt. Sum mál eru þannig vaxin, að það er alveg sjálfsagt að skipa í þau kjörnar milliþn., þar sem fulltrúar frá öllum flokkunum geti borið saman bækur sínar og sett fram sín sjónarmið, og frv., þegar þau koma fram, séu þá einnig á þann veg vel undirbúin, að leitað sé þess samkomulags, sem auðið er að ná um málin. Menn ættu að geta haft allan þann ágreining, sem þeim sýnist, fyrir því, gert fyrirvara í mþn. eða þá kljúfa þær í versta falli, ef svo illa tekst til, að menn ná ekki samkomulagi um meginatriði.

Ef nú þessi háttur hefði verið hafður á varðandi undirbúning vegalöggjafar, þá hefðum við sjálfsagt allir hv. þm. verið kunnugir þessu máli, þegar það kom fram, og það getað sparað mikla vinnu á Alþ., kannske komið í veg fyrir ýmiss konar misskilning, sem kann að koma fram, þegar mönnum er haldið utan við málin, kannske komið í veg fyrir ýmiss konar tortryggni, sem hlýtur að festa rætur, þegar mönnum er algerlega haldið utan við o. s. frv. En því er ég að leggja áherzlu á þetta, að þetta mál er einmitt þannig vaxið, að það er glöggt dæmi um mál, sem hlyti að græða stórkostlega á því að vera í þingkjörinni mþn. Alveg sama er að segja um samgöngumálin yfir höfuð, t. d. samgöngur á sjó, sem nú á að fara að athuga. Nákvæmlega sama er um það að segja. Það er einmitt mál, sem er sérlega vel fallið til að vera í þingkjörinni mþn.

Ég sagði áðan, að þetta mál væri mjög yfirgripsmikið og stórt, og það er hverju orði sannara og um það efast enginn, enn fremur mjög flókið. En til viðbótar við annað kemur svo það, sem ég vil benda á, að þetta mál snertir alveg óvenjulega mikið Alþingi sem stofnun, þ. e. a. s. spurninguna um fjárveitingavaldið, hvar það á raunverulega að vera, — snertir meira þetta spursmál en svo að segja nokkurt annað frv., sem hér hefur fram komið á þeim árum, sem ég hef átt sæti hér á Alþingi, — spurninguna um það, hvar fjárveitingavaldið eigi raunverulega að vera og hvernig því skuli fyrir komið. En ég heyri á hæstv. ráðherra, að hann er mjög fús til þess, að þetta frv. verði skoðað gaumgæfilega í n. í þinginu og fús til að athuga um breytingar á því, og þótti mér vænt um að heyra það.

Ég ætla ekki að nota þetta tækifæri til að fara að efna til neinna kappræðna um vegamálin eða ástandið í vegamálunum eða það, sem gerzt hefur í þeim á síðustu árum. Ég held að það sé bezt að halda öllu slíku utan við þetta mál og snúa sér bara beint að efninu, því að ég held það sé mjög þýðingarmikið að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um þetta mál, sjá, hvort ekki er hægt að koma því þannig fyrir, að sem allra flestir gætu staðið saman um höfuðatriði þess. Þess vegna fer ég ekki að efna til kappræðna um ástandið í vegamálunum á undanförnum árum.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðherra, — hann orðaði það ekki þannig, en það var efnislega það, sem hann sagði, og um það erum við allir sammála, að vegakerfið er í raun og veru alveg að bresta undan sívaxandi umferð og vaxandi þunga farartækjanna og breyttum atvinnuháttum. Vegakerfið er alveg að bresta og má segja í raun og veru brostið undan þessu, og það fé, sem ætlað er til þessara mála eða ætlað hefur verið, er allt of lítið.

Eldri vegirnir eyðileggjast óðfluga, þeir þola ekki hina nýju umferð, og til þess að tryggja vetrarumferð í þeim héruðum, sem hafa tekið upp nýja atvinnuhætti með vaxandi mjólkurframleiðslu, er lífsnauðsyn að veita miklu meira fjármagn en undanfarið til uppbyggingar á eldri vegum sumpart og sumpart bæta nýjum við. Víða er búið að vinna langt fyrir sig fram í vegunum fyrir lánsfé, sem byggðarlögin hafa tekið og borga ærna vexti af, og þannig draga menn á eftir sér slóðann. Í brúamálunum er ástandið ákaflega alvarlegt, eins og hv. þm. er kunnugt.

Það er því öllum ljóst, að það verður að gera nýtt átak í vegamálunum, og ég vil í því sambandi benda á, að nú fyrir nokkrum árum fluttum við framsóknarmenn hér á Alþingi frv., sem gekk í þá átt að láta sérstaka benzínskattinn allan, þungaskattinn á bifreiðunum og gúmmígjöldin, láta þetta allt eins og það lagði sig renna til nýbyggingar vega og brúa, að ríkissjóður kostaði af öðrum tekjum viðhaldið, en þetta allt gengi til nýbyggingar vega og brúa. Þetta frv. var ekki samþ. þá, en þess í stað farin sú leið að skipa n. til að íhuga málið, og hefur hún unnið að þessu frv., sem hér liggur fyrir og hæstv. ráðh. talaði fyrir áðan.

Vil ég víkja að nokkrum meginatriðum frv.

Frv. gerir ráð fyrir því að hækka skatta, hækka benzínskatt og þungaskatt á bifreiðum og gúmmígjald og aðra slíka skatta, sem falla beint á benzín og ökutæki, að því er mér skilst, um tæplega 90 millj. kr. og verja því fé til að auka framlög til vega og brúa. Er gert ráð fyrir því, að þessir skattar renni framvegis til að standa undir kostnaði við vega- og brúargerðir. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir því að veita til viðbótar þessu til veganna nema 47 millj. kr. á næsta ári, og stendur þá dæmið þannig skv. frv., að það er ekki gert ráð fyrir, að neitt nýtt fé komi inn í vegakerfið umfram það, sem verið hefur, nema það, sem nú yrði tekið með nýjum álögum á umferðina. Það á að bæta við því fé einu, sem ætlað er að komi inn með þessum nýju álögum, en ekki gert ráð fyrir, að ríkissjóður geti lagt neitt meira en verið hefur af sínum tekjum til veganna. Þetta eru mikil vonbrigði, þegar þess er gætt, að gert er ráð fyrir að innheimta á næsta ári 2500 millj. í skattfé til ríkissjóðs.

Í þessu sambandi langar mig til þess að benda á, að eftir því sem ég kemst næst, stóð dæmið þannig árið 1962, að benzínskatturinn sérstaki, þungaskatturinn og gúmmígjaldið, ásamt öllum innflutningstollum af bifreiðum, ökutækjum, leyfisgjöldum og verðtolli af benzíni, þ. e. a. s. allir skattar og tollar á umferðina, sem ég mundi vilja kalla, námu á árinu 1962 250 millj. kr. umfram það, sem lagt var til vega og brúa á því ári. Samkvæmt þessu frv., ef það verður samþ. og ef fjárveitingin á fjárl. verður eins og hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir í grg. frv., ca. 47 millj., þá heldur ríkissjóður eftir, miðað við árið 1962, í aðrar þarfir um 200 millj. af tekjum sínum af umferðinni, umfram öll framlög til vega og brúa. M. ö. o.: ríkissjóður sleppir engu af því, sem hann hefur, því að það á ekki að auka framlög til vega og brúa nema sem nemur nýju álögunum. En ef athugaðar eru allar tekjur ríkissjóðs af umferðinni, þar með talinn verðtollur og aðrir tollar, innflutningstollar af ökutækjum og eldsneyti til aksturs, þá lítur dæmið þannig út, miðað við árið 1962, að 200 millj. kr. meira er innheimt en lagt verður í vegina. Það á sem sagt að halda enn þessum 200 milljóna tekjum af umferðinni miðað við 1962 og þó sennilega mun meira miðað við árið í ár.

Nú hefði þurft að vera hægt að fá stóraukin framlög til veganna, þegar svona er ástatt um álögur á umferðina, án þess að leggja nýja skatta á umferðina. Það hefði í raun og veru þurft að vera hægt, það hefði þurft að fá samkomulag um að taka þetta fé að mestu eða öllu leyti, sem raunverulega er lagt á umferðina, og verja því til að auka fjárveitingarnar til veganna án þess að leggja nýja skatta á umferðina.

Nú mun okkar afstaða verða þannig í Framsfl. til þessa þýðingarmikla þáttar í málinu, að við munum kynna okkur það við meðferð málsins hjá stjórnarflokkunum og ríkisstj., hvort það er enn enginn möguleiki til þess að fá það samþ., að meira verði lagt fram til veganna og brúnna, án þess að nýjar álögur komi til, sem sé af þessu mikla fé, sem þegar er tekið af umferðinni.

En ef það kemur enn í ljós við eftirgrennslanir, að ekki er hægt að fá þessu framgengt fremur en áður, að aukin verði verulega og a. m. k. ekki minna en þetta frv. gerir ráð fyrir fjárframlög í vega- og brúargerðir, án þess að leggja á nýjar álögur, — ef það reynist enn ekki mögulegt, þá munum við ljá máls á því að samþykkja nýjar álögur í þá stefnu, sem

frv. gerir ráð fyrir, enda sé það þá bundið alveg, að peningunum sé varið í vega- og brúargerðir. Ef við eigum um tvo kosti að velja, þá viljum við heldur nýja benzínskattinn og aðra skatta frv. og eiga þátt í því, að hann verði lagður á og meiri framkvæmdir, en að búa við það ástand, sem nú ríkir, þó að óbreyttir yrðu skattar á umferðina. Ef við stöndum frammi fyrir þessu enn við nýja athugun á málinu, þá er þessi okkar afstaða, enda gerum við þá ráð fyrir því, að það hljóti að nást samkomulag um að taka af öll tvímæli um, að Alþingi ráðstafi raunverulega vegafénu framvegis og ekki verði neinu breytt í því tilliti. Ég vona, að það náist samkomulag um það, og byggi það m. a. á því, sem hæstv. ráðh. sagði um það atriði, og á ég hér við, hvernig gengið verði frá vegáætluninni og hvernig fjárveitingum verði fyrir komið til veganna. Kem ég seinna að þeim kafla málsins, en einmitt um það atriði sagði hæstv. ráðh. greinilega, að hann vildi endurskoða hleypidómalaust ákvæði frv., og þótti mér vænt um að heyra það.

Þá er það um þjóðvegina. Gildandi vegalög eru numin úr gildi, en í þeim lögum eru þjóðvegirnir taldir upp, þeir eru þar taldir upp allir saman og afmarkaðir, eins og við vitum. En ég get ekki varizt þeirri hugsun, að mér finnst dálitið svífandi eftir þessu frv., hvaða vegir teljast þjóðvegir. Mér skilst, að eftir frv. verði þjóðvegir í raun og veru þeir einir, sem teknir eru inn á vegáætlun hverju sinni, þ. e. a. s. á fjárveitingaráætlunina, en að þeir, sem ekki koma inn á fjárveitingaráætlunina, vegáætlunina, það sé nokkuð svífandi, og vafamál, hvort óhætt er að telja þá þjóðvegi og hvort ríkið hafi í raun og veru alveg tekið þá vegi að sér eða ekki. Ég ætla, að það þurfi að athuga þessi ákvæði og það þurfi að koma skýrari og ótvíræðari ákvæði um það í frv., hvaða vegi ríkið tekur að sér og hefur fullar skyldur við. Af grg. virðist mér það vaka fyrir mþn., að allir þeir vegir, sem ekki eru hreinlega einkavegir og sýsluvegir, séu þjóðvegir, en það er samt ekki alveg skýrt ákvæði um, að ríkið taki alla þá vegi hreinlega að sér.

Þá þarf vafalaust að endurskoða regluna um, hvaða skilyrði vegir þurfi að uppfylla til að geta orðið þjóðvegir, sem mun vera í 12. gr., og ég býst við því, að þegar nánar er skoðað, komi í ljós, að menn eigi erfitt með að sætta sig við, að ýmsir af þeim vegum, sem búið er að koma í þjóðvegatölu, verði nú aftur gerðir að sýsluvegum, jafnvel þó að sýslum séu ætluð nokkru meiri fjárráð en áður. Þarf þetta atriði því nákvæmrar skoðunar við. Meira að segja þarf að velta því fyrir sér, hvort ástæða er til þess að hafa sýsluvegina áfram, eins og þessi mál stefna, og hvort ekki gæti komið til greina að stíga það skref hreint, að allir vegir væru þjóðvegir, sem ekki væru einkavegir. Það væri aðeins um tvenns konar vegi að ræða, annaðhvort einkavegi eða þjóðvegi. Þessi hugsun skýtur upp kollinum hjá mörgum, þegar það er athugað t. d., hversu flókna skattheimtu og mikla þarf til að ná saman þessum 5 millj. eða svo, sem héruðunum er ætlað að leggja fram til sýsluveganna. Það er spurningin, hvort það tekur því að hafa flókið skattakerfi eða innheimtukerfi frá hreppunum til að ná saman ekki stærri fjárhæð inn í vegaframkvæmdaáætlun, sem er upp á einar 250 millj. a. m. k. Ég fullyrði ekki, að það eigi að gera þetta. Ég bendi á, að þetta er atriði, sem þarf að skoða gaumgæfilega, og kom hæstv. ráðh. raunar inn á þetta sama. Yfirleitt bar margt af því, sem hæstv. ráðh. sagði, þess vott, að hann, eins og eðlilegt er, telur fulla ástæðu til að skoða gaumgæfilega þetta frv., áður en það verður gert að lögum.

Þá er í þessu frv. nýmæli um, að vegir í kaupstöðum og kauptúnum geti einnig orðið þjóðvegir skv. reglum, sem um það eru greindar í frv. Tel ég sjálfsagt, að þetta eigi að koma í lög, og alveg nauðsynlegt, því að reynslan sýnir, eins og bent er á í grg. málsins og kom fram hjá hæstv. ráðh., að ef ekki verður snúið inn á þessa braut, er engin trygging fyrir því, að aðalleiðirnar í gegnum kaupstaðina og kauptúnin verði í nokkru samræmi við vegakerfið að öðru leyti. Auk þess er þetta fullkomið sanngirnismál, að þar sem ákaflega mikið af tekjunum til vegagerðarinnar kemur úr þessum byggðalögum, þá njóti þau einnig góðs af. Það getur verið álitamál í einstökum dæmum, hve langt eigi að ganga í þessu, en út í það fer ég ekki hér nú. En mér þykir líklegt, að till. n. séu nokkuð nærri því að vera það sanngjarnasta í því efni.

Þá kem ég að því, sem ég tel nokkuð vandasamt mál, og það eru hinar nýju hugmyndir, sem í þessu frv. koma fram varðandi meðferð fjárveitinga til vegagerðar, og það er kafli, sem mér finnst þurfa endurskoðunar við. En það er ekkert einkennilegt, vegna þess að þar er að vissu leyti um nýmæli að ræða, sem er máske dálítið vandasamt að koma fyrir og samræma því, að Alþingi missi ekki fjárveitingavaldið frá sér.

Nýmælið er einmitt þetta að gera vegáætlun, og það tel ég til bóta. Ég tel til bóta að gera vegáætlun. Það er að sínu leyti eins og sett var í lög ekki fyrir löngu, að gera áætlun um byggingu skóla, þegar það var ákveðið, að ríkissjóður skyldi ljúka á fimm árum öllum skyldum sínum við hvern þann skóla, sem byrjað væri að byggja og tekinn væri upp á fjárlög. Ég tel það sé til bóta að gera vegáætlun. En ég held, að vegáætlun eigi ekki að vera til fimm ára, ég held það sé of langur tími, og ég held, að það sé ekki hægt að slíta vegafjárveitingarnar út úr fjárl. og þurfi ekki, þó að vegáætlun sé gerð. Ég tel það mundi þurfa að gera vegáætlun í byrjun hvers kjörtímabils, því að það er óhugsandi að hafa fyrirkomulag, sem gæti valdið því, að þm. t. d. sæti heilt kjörtímabil á Alþingi án þess að hafa tækifæri til að fjalla um vegáætlun. Ég hugsa, að það hljóti allir að vera sammála um, að þessu verður að breyta, og mér þætti ekki ólíklegt, að menn kæmust að þeirri niðurstöðu, að

það væri rétt, að vegáætlun væri gerð í upphafi hvers kjörtímabils.

Þá held ég, að það þurfi að athuga það mjög gaumgæfilega, að vegáætlun þarf að endurskoða. Ég held, að það þurfi að endurskoða hana í raun og veru árlega. Ég held, að vegáætlunin þyrfti að vera kafli í fjárl., og það mundi ég vilja að væri tekið til athugunar, að vegáætlunin væri kafli í fjárl. og í byrjun hvers kjörtímabils kæmi þessi kafli inn í fjárl. og þar með væri því slegið föstu, að þessi vegur o. s. frv. fengi þessi framlög á næstu árum. Við skulum segja t. d., að það stæði fyrsta framlag af fjórum, ef miðað væri við 4 ár, þá er það hreint og klárt, það er vegáætlun. En vegna þess, hve tekjurnar t. d. af þessum tekjustofnum, sem gert er ráð fyrir að byggja á, eru mismunandi, og mismunandi hvað Alþingi vill leggja mikið til viðbótar þessum tekjum fram í vegagerðir og brúargerðir í heild, þá hlýtur að verða kafli á hverju ári í fjárl. um vegi og brýr. Ég veit ekki, hvort mér hefur tekizt að gera þetta nógu ljóst. Ég meina, að núna t. d. er byrjað með því að áætla tekjurnar 240 millj. eða hvað það nú er, og þar af eru 47 millj. beint af almennum ríkistekjum, en hitt eru þessar tekjur samkv. frv., sem eru fastar til vegamálanna. En nú skulum við segja, að næsta Alþingi vilji veita meira en þessar 47 millj., vilji t. d. fara upp í 100 millj., og þar að auki sé sýnilegt, að tekjurnar af föstu gjaldstofnunum fari verulega fram úr áætlun, þá hlýtur Alþingi að verða að ráðstafa fénu sem viðbótaráætlun, — til viðbótar við þá áætlun, sem búið er að gera. Það er sem sé óhugsandi, að ráðh. eða nokkur aðili utan þingsins geti þá komið til og ráðstafað fénu. Reynslan mun verða sú, að þannig þróast þetta. Jafnvel þó að menn færu að reyna að gera þetta sjaldnar, þá kemur í ljós, að tekjustofninn er svo breytilegur, og það getur verið svo breytilegt, hvað Alþingi vill verja miklu fé til veganna, að erfitt er að slíta þetta út úr fjárl. Og vegakafli í fjárlögunum mundi ekkert reka sig á þessa ágætu hugmynd að lögleiða vegáætlun. Vegáætlunin gæti hreinlega verið kafli í fjárl., eins og ég sagði, og yrði þá greinilega tekið fram við hverja framkvæmd, sem tekin er upphaflega upp í vegáætlunina, hvað til hennar gangi árlega. Þessu vil ég skjóta fram til athugunar. Annars er bezt að athuga þetta í nefnd og hleypidómalaust.

Ef vegáætlun ætti að vera gerð einu sinni á 5 árum og endurskoðuð aðeins eftir 3 ár, þá koma alls konar vandamál upp, sem ómögulegt er að leysa, án þess að Alþingi missi þá fjárveitingavaldið, og það má alls ekki koma til. Við megum alls ekki láta fjárveitingavaldið frá Alþingi. Það finnst mér, að við ættum öll að geta verið sammála um. Það ætti ekki að þurfa að fara eftir því viðhorf til slíks, hvort menn styðja nú stjórn eða ekki.

En ef menn ætla að fjalla um vegáætlun svona sjaldan, þá koma til vandamál eins og þessi, sem fjallað er um í 16. gr., sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt skal ráðh. að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, er til hafa komið atvik, sem ekki voru fyrirsjáanleg, er áætlun var samin, og ekki þykir unnt að bíða endurskoðunar eða nýrrar áætlunar."

Þarna er ákaflega viðtæk heimild fyrir ráðh. til að veita fé án samþykkis Alþingis til vegamála, og ég efast ekkert um, að þessi grein er komin þarna einmitt vegna þess, að menn hafa hugsað sér að ganga frá þessu máli á Alþingi til lengri tíma. Og í grg. er líka minnzt á, að vegáætlunin sé hugsuð sem eins konar stefnuyfirlýsing Alþingis, en ríkisstj. hljóti svo að verða að breyta henni meira og minna í framkvæmdinni, með leyfi hæstv. forseta, segir um þetta:

„Enda þótt áætlunin væri þannig sundurliðuð eftir mannvirkjum og árum, mundi framkvæmdavaldið að sjálfsögðu verða að hnika framkvæmdum til eftir því, sem fjárhagsástæður, breytt verðlag og aðrar breyttar ástæður eða nýjar upplýsingar krefðust, án þess að þurfi í hvert sinn að leita til Alþingis um samþykki slíkra breytinga. Því aðeins að um gagngerar breytingar á áætluninni væri að ræða, mundi formleg endurskoðun fara fram."

En fram hjá þessum skerjum verður auðvitað að synda, og það þurfa menn að athuga gaumgæfilega hér í nefnd. Það má náttúrlega alls ekki koma fyrir að ganga þannig frá þessu, að fjárveitingavaldið sé að verulegu leyti tekið úr höndum Alþingis. Ég vil taka dæmi, bara að gamni, hvernig t. d. 16. gr. gæti verkað, og ég vil taka dæmi af sjálfum mér svona að gamni. Við skulum segja t. d., að ég hefði enn þá verið ráðh. fjármála og kannske vegamála, eftir að síldveiðarnar fóru að aukast við Austurland, og þetta frv. hefði verið orðið að lögum. Ég hefði svo freistazt til að fara að nota 16. gr. og ákveða stórfelld ný vegaframlög til Austurlands með tilliti til þess, að þar hefði orðið alveg atvinnubylting, og hefði mátt færa fyrir því mörg skynsamleg rök, og ég gert þetta utan fjárl. og utan vegáætlunar, notað þetta ráðherravald í 16. gr. En ég er ekki í vafa um, að hv. Alþingi hefði líkað þetta stórilla og talið óeðlilegt með öllu. Ég bendi á þetta sem dæmi til gamans og skýringar því, að það þarf að ganga þannig frá þessu, að fjárveitingavaldið verði eftir sem áður í höndum Alþingis greinilega, en byggja þó á þessari hugmynd um vegáætlun, því að hún er skynsamleg og góð.

Ég ætlaði mér að fara mun ýtarlegar út í þennan kafla, en ætla ekki að gera það, heldur aðeins að benda á þetta með þessum hætti, vegna þess að ég heyri, að þeir, sem standa að frv., eru alveg opnir fyrir því að taka upp athugun á þessu og breytingar.

Ég hef nú í raun og veru minnzt á höfuðþætti þessa máls í örfáum orðum og lýst af-

stöðu til meginatriða þess, eftir því sem hægt er á þessu stigi. Endanleg afstaða hjá Framsfl. fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig tekst að ná samvinnu um þetta mál, og ég vil vona, að það takist vel. Ég skal engu spá um, hversu fljótt verður hægt að afgreiða málið, en fljótt á litið sýnist mér nálega útilokað, að það geti orðið fyrir jól. En enga tilhneigingu hef ég til þess að tefja fyrir málinu, ef hægt væri að ná samkomulagi um það. En það er náttúrlega alveg augljóst, að óhugsandi er með öllu, að málið geti gengið fram með ofsahraða, nema hægt sé að ná samkomulagi um öll meginatriði þess. En ég óttast, að jafnvel þótt það tækist, muni það samt ekki vera mögulegt, því að áreiðanlega eru nefndirnar þó nokkra daga að kryfja þessi atriði öll til mergjar, sem ég og hæstv. ráðh. höfum minnzt á að þyrfti að endurskoða. En það eru eiginlega nokkuð sömu atriðin og sömu kaflarnir í frv., sem við höfum báðir talað um að þyrfti að skoða nánar. *Ég óttast, að þó að nefndirnar leggi sig allar* fram og sitji yfir þessu lon og don, þá verði ekki mögulegt að kryfja öll þessi mál til mergjar á svo stuttum tíma. En sem sagt, við höfum enga tilhneigingu til að tefja fyrir þessu og viljum leita samkomulags um málið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Umr. um þetta mál hafa þegar borizt á þá braut, að stjórn og stjórnarandstaða virðast staðráðin í að ganga að verki með samstarfsvilja og reyna að finna lausn á þeim atriðum í þessu frv., sem helzt kunna að þykja umdeilanleg. Að sjálfsögðu geta þau verið mörg, vegna þess að málið er stórt og umfangsmikið.

Í sambandi við vonir um skjóta afgreiðslu á málinu vil ég aðeins segja, að mér finnst helzti stuðningur með þeirri skoðun, að hægt sé að afgreiða málið á tiltölulega skömmum tíma, vera sá, að alþm. eru svo að segja allir sérfræðingar í þessum málum. Munu vera vandfundnir menn á landinu, sem hafa eytt eins miklum tíma og orku í að kynna sér þau eins og þeir. Af þessum ástæðum mætti gera sér von um, að þeir yrðu tiltölulega fljótir að átta sig á þeim till., sem fram eru settar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um mörg atriði frv. á þessu stigi, enda kann að verða tækifæri til þess við 2. umr. Ég vil þó aðeins nefna örfá atriði.

Vegagerð ríkisins er falið að vera veghaldari fyrir alla þjóðvegi og sýsluvegi í 9. gr. Hugmyndin er að sjálfsögðu sú hjá vegalaganefnd, að í hvert skipti, sem bæjar- eða sveitarfélög sjálf vilja hafa veghaldið, verði þeim leyft það. Á þetta fyrst og fremst við stærri kaupstaðina.

Í sambandi við vegáætlunina vil ég fagna því, að menn hafa tekið undir nauðsyn þess að gera slíka áætlun. Hins vegar er augljóst, að ef áætlun á í raun og veru að vera aðeins til eins árs, þannig að hún væri opnuð með hverjum fjárlögum, þá væri hætta á, að margir af höfuðkostum áætlunargerðar njóti sín ekki sem skyldi. Það er einmitt til að geta undirbúið verk til langs tíma, til þess að menn geti vitað nokkur ár fram á við, hvaða framkvæmda er von, að áætlanir eru yfirleitt til 4, 5 eða 6 ára, og hér hefur verið valið tímabilið 5 ár. Kann að vera, að ræða megi um, hvort þinginu sýnist að hafa einhverja aðra tölu, en ég er hræddur um, að ef endurskoða ætti áætlunina árlega, þá yrði í framkvæmd ekki mikill munur á henni og þeim köflum í fjárlögum, sem um þessi mál fjalla og gilda aðeins til eins árs. Mundu þá glatast margir af höfuðkostum þess að gera slíka áætlun.

Ég vil taka skýrt fram út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að vegalaganefnd var ljóst vandamálið um fjárveitingavaldið, og hjá n. var ekki minnsti vilji til að flytja það frá Alþingi. Hún hafnaði hugmyndum, sem gengu í þá átt að færa ákvörðunarvald frá Alþingi til ráðh. í þessum efnum. Ég hygg, að hugmynd n. sé sú, að vegagerðin, vegamálastjóri og starfslið hans hljóti að gera fyrstu drög að *áætlun, alveg eins og þeir leggja nú fyrstu* till. að vegafjárveitingum fyrir fjvn. Síðan fái þingið málið til meðferðar og áætlunin yrði verk þingsins á mjög svipaðan hátt og fjárveitingar hafa verið. Hv. síðasti ræðumaður benti á vandkvæði varðandi framkvæmdina, en í því sambandi má geta þess, að afskipti ríkisstj. og ráðh. af þessum málum hafa undanfarin ár verið ærið mikil, og ég hygg, að ekki sé ástæða til, að þau yrðu á neinn hátt meira á kostnað Alþingis en þau hafa verið. Alveg eins og framkvæmd mála er nú sú, að alþm. hafa víðtæk afskipti bæði af sjálfum fjárveitingunum og af framkvæmd vegamálanna, þá hygg ég, að rétt væri og unnt að framkvæma þessa áætlunarhugmynd í sama anda og ríkt hefur, þannig að afskipti Alþingis og alþm. hvers kjördæmis verði svipuð eða sízt minni en þau hafa verið.

Í sambandi við skiptingu þjóðveganna í hraðbrautir A og B, þjóðbraut og landsbraut vil ég benda á eitt atriði, sem ekki hefur komið fram enn þá. Veigamikil ástæða fyrir skiptingu vega í flokka er undirbúningur undir framtíðina. Hraðbrautir A mundu samkv. núverandi ástandi ekki verða nema 15 km, en ef við gerum okkur grein fyrir, hvað bær verði eftir 15—20 ár, getum við ákveðið að halda opnu landi, sérstaklega á mörkum þéttbýlis og sveitar, en til þess eru heimildirnar í þessum lögum. Ef það eitt er gert, þannig að ekki þurfi að kaupa upp *eignir í stórum stíl síðar meir* fyrir slíka vegi, sparast tugir millj. á hverjum vegarspotta, sem leggja þarf í framtíðinni. Við þekkjum frá öðrum löndum, að það verður að leggja margfalda vegi einmitt um þéttbýli og út úr því til sveitanna, en þetta er einhver dýrasta vegagerð, sem til er. Einmitt kaup lands og eigna hefur reynzt vera hvað dýrasta atriði í slíkri vegagerð.

Það getur komið til álita að sleppa sýsluvegum alveg. En ég vil biðja menn um að íhuga það atriði vandlega, vegna þess að þar er um að ræða mjög stórt skref. Bæði er það, að sýsluvegakerfið veitir héruðunum sjálfum tölu-

vert vald, töluverða aðstöðu. Ég hygg, að eftir skoðunum, sem mjög hefur borið á hér í þingsölunum, muni ýmsir hugsa sig um, áður en þeir flytja öll yfirráð þessara mála til stofnunar, sem hlýtur að hafa aðalstöðvar og yfirstjórn í Reykjavík. Eins eru margar praktískar ástæður, sem valda því, að það er mjög stórt skref, ef gera ætti alla sýsluvegi að þjóðvegum.

Varðandi það, að einhverjir vegir fari úr þjóðvegatölu, tel ég það ekki svo mikið atriði, að það ætti að ráða úrslitum, sérstaklega af því að aðrir vegir koma í staðinn. Það má vera, að hugmyndin um landsbraut, eins og hún er á bls. 2 í frv., þyki ekki skýr, en ég vil biðja menn um að velta henni dálitið fyrir sér. Það hefur verið eytt miklum tíma og miklum rannsóknum margra sérfróðra manna til að finna þá reglu, sem þarna er sett. Hefur verið reynd önnur regla, raunar margar aðrar, t. d. með 3 býli og 2 km, en reyndist koma mjög svipað út. Þar að auki mundi Alþingi sjálft fá tækifæri til þess að túlka þetta atriði, þegar það gengur frá áætlun, og getur það þá sett vegi, ef einhver vafi er á, inn á áætlun og þar með tryggt, að þeir komist í þjóðvegatölu.

Ég skal svo ekki fara út í fleiri atriði, enda hefur ekki verið um þau rætt sérstaklega á þessu stigi málsins, en geyma það til síðari tíma, en læt í ljós ánægju mína yfir því, hvaða undirtektir þetta frv. hefur fengið. Ég vil vonast til, að það verði mögulegt að afgreiða málið fyrir jól, vegna þess að það mun ráða úrslitum um nokkra tugi milljóna til vegagerða á næsta vori, hvort málið verður afgreitt fyrir jól eða ekki fyrr en í marz, apríl eða maí.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég er mjög fylgjandi því frv., sem hér liggur fyrir og í grundvallaratriðum gerir ráð fyrir auknu fé til vegakerfis landsins og þ. á m. nokkuð til vegakerfis í kaupstöðum og kauptúnum. Ég er því fylgjandi, að fé til þessa verði aflað eins og þar er gert ráð fyrir, með auknum benzínskatti, og tel það mjög eðlilegt og sanngjarnt, ef það fé er látið renna eingöngu til aukningar vegakerfisins, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég geri ráð fyrir, að flestum hv. þm. sé kunnugt um, að það hefur verið eitt af aðaláhugamálum Sambands ísl. sveitarfélaga og þeirra aðila, sem þar eru, að fá aukið fé til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, og hefur þetta verið áhugamál þeirra um nokkurt árabil eða jafnvel áratugabil. Með þessu frv. er að verulegu leyti komið á móti þeim óskum, og tel ég það mjög vel farið og vil fagna því. Afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga kemur síðast fram í samþykkt, sem gerð var á landsþinginu í sumar, dagana 22.—24. ágúst, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa þar úr kafla. Þar segir svo:

„Landsþingið telur mjög aðkallandi, að sveitarfélögum landsins skapist frambúðarmöguleikar til framkvæmda í varanlegri gatnagerð og vegagerð. Þingið álítur rétt, að stofnaður verði sérstakur sjóður til að sinna þessu hlutverki. Í þennan sjóð renni árlega ákveðinn hluti af innflutningsgjaldi af benzíni, eigi minni en 0.50 kr. á lítra miðað við núv. verðlag, og samsvarandi hluti af þungaskatti bifreiða. Ef ríkisstj. og Alþingi telja ekki unnt að greiða framlög af núv. tekjum ríkissjóðs af þessum skattstofni, leggur þingið til, að gjöld þessi verði hækkuð sem þessu svarar."

Það var því afstaða landsþingsins í sumar, að ef ekki fengist fé með öðru móti til þessara hluta, til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, þá yrði það tekið með hækkuðu benzínverði. Ég þarf ekki að vera langorður um ástæðuna fyrir þessari afstöðu sveitarfélaganna. Ég held, að hverjum einasta sveitarstjórnarmanni sé það ljóst, að bætt vegakerfi í kaupstöðum og kauptúnum er það, sem fólkið einna helzt vill leggja fé til og er þess mesta áhugamál. Það er ekki aðeins, að þar sé um bættar samgöngur að ræða, heldur er þetta geysilegt spursmál hvað snertir allt hreinlæti í bænum og eðlilega þróun menningarlega séð.

Í 32. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að sem næst 11% af heildartekjum vegamála verði varið til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, og tel ég, að það sé ekki í fullu samræmi við óskir sveitarfélaganna, og tel eðlilegt, að reynt verði að nálgast óskir sambandsþingsins frá því í sumar meir en þarna er gert, og tel ástæðu til að ætla, að um það geti orðið samkomulag. Vil ég þar vísa til orða hæstv. samgmrh. hér áðan, þar sem hann taldi, að hann væri til viðræðna um breytingar, ef þær væru innan þess ramma, sem eðlilegt væri. Ég mun ekki á þessu stigi flytja neina brtt. um þetta, en mun freista þess að fá þessu þokað nokkru nær óskum Sambands ísl. sveitarfélaga heldur en ég tel, að þarna komi fram.

Ég vildi við þessa umr. láta þetta koma hér fram, að þarna er mætt að verulegu leyti því áhugamáli sveitarfélaganna, sem lengi hefur þar verið til umr., að fá aukið fé til gatnagerðar úr varanlegu efni í kaupstöðum og kauptúnum landsins, en teldi og tel, að ef þess er nokkur kostur, þá verði frekar mætt óskum þess heldur en frv. gerir ráð fyrir.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að ræða í heild um það frv., sem hér liggur fyrir, en nokkur einstök atriði vildi ég drepa á á þessu stigi málsins.

Frv. gerir ráð fyrir verulegri hækkun á benzíngjaldi, gúmmígjaldi og þungaskatti, en hækkuninni á allri að verja til vegagerðar í landinu. Um nokkurt skeið hefur sú öfugþróun átt sér stað, að hækkanir á þessum gjöldum hafa ekki fyrst og fremst runnið til samgöngumála, heldur orðið í ríkum mæli almennur eyðslueyrir ríkissjóðs, svo að í stað þess, að áður greiddi ríkið meira til vegabóta en tekjum þess nam af umferð, þá hefur nú í nokkur ár verið þannig á málum haldið, að ríkisstj. hefur haft meiri tekjur af gjöldum af farartækjum en varið hefur verið úr ríkis-

sjóði til framkvæmda í vegagerð. Með þessu frv. er ætlunin að binda enda á þessa öfugþróun og hverfa aftur að fyrra hætti, að í okkar stóra, strjálbyggða og ógreiðfæra landi verji ríkissjóður sérstökum fjárhæðum til vegaframkvæmda umfram það, sem lagt er sem bein gjöld á ökutæki. Að vísu hefur svo verið og er svo enn, að ríkissjóður hefur ýmsar og miklar tekjur af aðflutningsgjöldum af farartækjum og varahlutum til þeirra þar fyrir utan. En sú aukning á fjárframlögum, sem nú er ætlunin að verja til samgöngubóta, er fengin með verulegri hækkun á benzíngjaldinu, gúmmígjaldi og þungaskatti, og ég fyrir mitt leyti tel, að það geti vel staðizt að hækka þessi gjöld, svo sem lagt er til, þegar það er beinlínis gert til þess að fá aukið fé til vegagerðar, því að betri vegir eru það, sem fyrst og fremst getur orðið til þess að lækka rekstrarkostnað bifreiða, þannig að bifreiðaeigendur endurheimta aftur það fé, sem nú er af þeim krafizt. Hitt er þó augljóst, að hækkunin á þessum gjöldum verður erfiðust í byrjun, erfiðust þeim aðilum, sem fá hækkanirnar strax, en njóta úrbótanna ekki fyrr en síðar og verða að búa við jafnmikinn annan rekstrarkostnað farartækjanna um alllangt skeið eða þar til árangur af auknum fjárveitingum til vegabóta fer að koma í ljós.

Tvennt er það, sem eigendur ökutækja, sem nú eiga að taka á sig stóraukin útgjöld, þurfa að eiga tryggt. Í fyrsta lagi, að allt það viðbótargjald, sem þeim er nú ætlað að greiða sem álag á rekstrarvörur farartækjanna, gangi til vegagerðar og komi örugglega allt fram sem auknar framkvæmdir í vegamálum. Og í öðru lagi, að það fé, sem þannig er varið til vegagerðar, verði ekki sízt og í sem ríkustum mæli notað til úrbóta þar, sem umferð er mest, þannig að aukin skattheimta geti sem allra fyrst borið þann árangur fyrir gjaldendur, að rekstrarkostnaður minnki vegna endurbættra vega og sem allra flestir njóti þeirra hagsbóta, og sérstök áherzla verði lögð á að gera stór átök, þar sem samgöngukerfið er nú næst því að bresta. Ég tel, að við mat á einstökum ákvæðum frv. þurfi að hafa þessi tvö skilyrði í huga, og í framhaldi af því vil ég minnast á nokkur atriði, sem mér sýnist í fljótu bragði a. m. k. að séu hæpin að því leyti til.

Í frv. er gert ráð fyrir þeim breytingum, að bæjar- og sveitarfélög, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, fái í sinn hlut um 11% af heildartekjum vegamála hvers árs. Fyrir næsta ár er þessi tala áætluð 27 millj. kr. 9/10 hlutar þeirrar upphæðar koma til skipta eftir fólksfjölda, en 1/10 hluti er ætlaður til aukaframlaga eftir till. vegamálastjóra hverju sinni. Á móti þessu er svo sú skylda sveitarfélaga að sjá um lagningu, viðhald og endurbætur þess hluta af þjóðvegunum, sem liggur um kaupstaði og kauptún. Eftir að framkvæmdum í þessu efni er lokið, mega sveitarfélögin verja sínum hluta til almennrar gatnagerðar. Ég er þeirrar skoðunar, að framlagið til bæjar- og sveitarfélaga ætti að vera hærra til þess að tryggja betur annað skilyrðið, sem ég minntist á, það, að viðbótargjöldin, sem nú eru lögð á eigendur ökutækja, verði í sem ríkustum mæli notuð til úrbóta þar, sem umferð er mest, til þess að tryggja, að sem flestir njóti sem fyrst hagsbóta af bættum vegum. Ég tel líka hæpið með tilliti til þeirrar upphæðar, sem sveitarfélögin fá og ég tel of lága, að leggja samhliða á þau auknar skyldur varðandi þjóðvegina. Þetta á a. m. k. við um sum þeirra. Þetta getur staðizt, þar sem tiltölulega litlar úrbætur þarf á þessum hluta þjóðveganna, en ég tel, að það sé hæpnara annars staðar, þar sem ekki þarf aðeins að leggja eða viðhalda vegum, sem kallaðir eru þjóðbrautir í frv., þ. e. a. s. malarvegum með tvöfalda akbraut, heldur er málum svo háttað, að gera þarf þessa hluta þjóðveganna að þess konar vegum, sem kallaðir eru hraðbrautir B, þ. e. a. s. tvöföldum akbrautum með varanlegu slitlagi, eða hraðbrautum A, þ. e. a. s. fjórföldum akbrautum með varanlegu slitlagi. Ég held, að í slíkum tilfellum sé hlutur sveitarfélaganna engan veginn nógur. Í þessum tilfellum getur verið og er um að ræða stórframkvæmdir, og afleiðingin af því, að skyldurnar eru færðar á bæjarfélögin án nægra fjárveitinga, gætu orðið annars vegar þær, að þessi hluti þjóðveganna fengi of seint þær úrbætur, sem bráð þörf er á, og það yrði öllum þeim fjölda, sem um þá ekur, til stórtjóns, og hins vegar gætu afleiðingarnar orðið þær, að viðkomandi sveitarfélög gætu miklu seinna notað sinn hluta af vegafénu til almennrar gatnagerðar heldur en önnur sveitarfélög, sem geta tiltölulega fljótt notað sitt fé til þeirra verka.

Ég nefni hér sérstaklega Kópavogskaupstað, og svipað gæti átt við um Selfoss og sennilega fleiri staði, sem ég þekki ekki svo vel til. Að vísu gerir frv. ráð fyrir því, að 10% af þeim hluta, sem sveitarfélögunum er ætlaður, þ. e. a. s. um 2.7 millj. á næsta ári, megi veita sem aukaframlag til sérstakra verka til að flýta framkvæmdum, þar sem sérstök ástæða þykir til. En sá böggull fylgir skammrifi, að sveitarfélag, sem einu sinni hefur fengið slíkt aukaframlag, getur ekki fengið nema sitt afmarkaða fé í næstu 5 ár eftir aukagreiðslu. Það vita allir, sem til þekkja, að umferðarvandamálin á Hafnarfjarðarvegi og þá sérstaklega á þeim kafla, sem um Kópavogskaupstað liggur og bæjarfélaginu er nú ætlað að taka við samkv. frv., eru svo stórkostleg, að þau skera sig algerlega úr í öllum umferðarmálum landsins. Um þetta sváði fara nú um 15 þús. bifreiðar á sólarhring, og þar er málum svo komið, að ástandinu verður ekki lýst nema með einu orði: öngþveiti. Varðandi hinar nýju skyldur Kópavogskaupstaðar, sem ekki hefur séð um þennan hluta þjóðvegarins, að eiga nú að leysa þetta mál, er á það að líta, að af þeim 15 þús. bifreiðum, sem um þennan hluta þjóðvegarins fara, mun um helmingur eða um 7--8 þús. bifreiðar ekki eiga erindi sérstaklega í Kópavog, heldur fara til Hafnarfjarðar og Suðurnesja. Hafnarfjarðar-

bær hefur með hinum nýja steypta vegi ofan við bæinn verið að mestu losaður við þá umferð, sem beinist til Suðurnesja og áður fór öll um miðbæinn, og ég tel, að í næstu vegáætlun verði að vinna að sams konar úrbótum fyrir Kópavogskaupstað, til þess að létta á veginum um Kópavog og minnka hina stórfelldu slysahættu með því og gera ráð fyrir þjóðvegi frá Elliðaám á nýja steypta veginn fyrir ofan Sólvang í Hafnarfirði eða á annan stað, sem henta þætti.

Þrátt fyrir þá ráðstöfun, sem þyrfti að gera sem allra fyrst, þolir enga bið að gera fullnægjandi úrbætur á veginum um Kópavogsháls, og ég tel hæpið, að ákvæði frv. séu fullnægjandi, til þess að þær framkvæmdir séu tryggðar svo fljótt sem þörf er á. Kópavogskaupstaður ætti samkv. frv. að fá í sinn hlut um 1 millj. kr. á ári, og þó svo að hann fengi allt aukaframlagið til úrbóta á mesta umferðaröngþveiti, sem um er að ræða í landinu, þá dugir það ekki til að gera það stóra átak, sem nauðsynlegt er, sé það einnig haft í huga, að eftir fyrsta aukaframlag getur ekki verið um það að ræða í 5 ár. Með því að fá sveitarfélaginu það verkefni að sjá þarna um þjóðveginn og sé litið á það, að þar er um að ræða stórfelldar framkvæmdir, sem enga bið þola og ríkið hefur komið sér undan að leysa undanfarin ár, en arfleiðir nú sveitarfélagið að, þá er líka á það að líta, að nauðsynlegu framkvæmdafé er með þessu móti dreift í skömmtum um allt landið í stað þess að tryggja, að það sé notað til þess að leysa þessi verkefni í skynsamlegri röð á hagkvæman hátt með því að beina verulegum upphæðum á þá staði, þar sem þörfin er brýnust.

Þar sem svo er komið á einstökum stöðum, að vegakerfið er að bresta, þarf að leysa málið með stórátaki og varanlegum framkvæmdum. Til þess verða ákveðin verkefni að fá að sitja fyrir í stað þess að dreifa fjármagninu til smáaðgerða á fjöldamörgum stöðum. Það væri meira í samræmi við þau vinnubrögð, sem unnið hefur verið að því að taka upp í sambandi við vegagerð hin síðari ár, að veita stærri upphæðir til færri verka í einu og vinna verkefnin síðan í skipulagðri röð. Þetta, að dreifa framkvæmdum við þá hluta þjóðveganna, sem um kaupstaði og kauptún liggja, þar sem mestu umferðarvandamálin eru á einstökum stöðum, tel ég vera spor aftur á bak. Ég held, að hlutur bæjar- og sveitarfélaganna sé með þessu frv. ekki gerður nógu stór. Úr því ætti að bæta með því að láta ríkið sjá um þjóðvegi að öllu leyti, en bæjar- og sveitarfélögin halda a. m. k. 11% af vegafénu þrátt fyrir það. Með því ynnist það tvennt, að hægt væri að haga framkvæmdum við þennan hluta þjóðveganna á þann hátt að beina fjármagninu þannig til framkvæmdanna, að mestu vandamálin yrðu leyst fyrst, það væru hagkvæmustu vinnubrögðin, og með auknum hlut til gatnagerðar í bæjum kæmu hin auknu gjöld, sem á eigendur ökutækja eru lögð, þeim fyrst að gagni.

Þá vil ég minnast á annað ákvæði í frv. með hliðsjón af þeim tveimur skilyrðum, sem ég nefndi áðan og taldi, að ákvæðin þyrftu að uppfylla, og þá einkum fyrra skilyrðinu, sem ég nefndi, en þá hélt ég því fram, að það, sem eigendur ökutækja, sem nú eiga að taka á sig stóraukin útgjöld, þurfa að eiga tryggt, er, að allt það viðbótargjald, sem þeim er nú ætlað að greiða sem álag á rekstrarvörur farartækjanna, gangi til gatnagerðar og komi örugglega fram sem auknar framkvæmdir í vegamálum. Ég tel ástæðu til að ræða þetta atriði í sambandi við síðasta hluta 32. gr. frv., sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr.“ — þ. e. a. s. þjóðvegar um kaupstaði og kauptún — „er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til almennrar gatnagerðar.“

Ég tel, að til þess að tryggja það, sem ég áðan nefndi, að allt viðbótargjald, sem nú er lagt á eigendur ökutækja, komi örugglega fram sem viðbótarframkvæmdir í gatnagerðarmálum, og af öðrum ástæðum einnig ætti í lok greinarinnar ekki að standa „til almennrar gatnagerðar“, heldur „til þess að setja varanlegt slitlag á vegi í sveitarfélaginu“, og mætti þá gera ráð fyrir undantekningum frá þeirri aðalreglu varðandi sveitarfélög undir ákveðinni stærð, þar sem umferð er minni, og varðandi þau hin stærri, sem talið væri að hefðu þegar séð vel fyrir þessum málum. Ef verja má þessu fé til almennrar gatnagerðar, er ávallt hætta á því, að bæjarfélögin taki það fé inn á áætlanir sínar án þess í rauninni að auka á framkvæmdir í þeim efnum frá því, sem ella væri, en teldu sig þá jafnvel frekar geta varið meira af sínu fé til annarra nauðsynlegra framkvæmda, sem venjulega er nóg af í öllum sveitarfélögum. Ég sé ekki, hvernig á að tryggja það, að þetta vegafé, sem til sveitarfélaganna fer í almenna gatnagerð, verði með þeim hætti, sem lagt er til í þessu frv., endilega viðbót við framkvæmdir í gatnagerðarmálum. Á því væru a. m. k. miklu meiri líkur, ef það væri ætlað til varanlegrar gatnagerðar, til þess að leggja varanlegt slitlag á götur, þar sem sveitarfélögin kæmust ekki hjá því að sjá fyrir venjulegum gatnagerðarframkvæmdum í sambandi við byggingu nýrra íbúðarhverfa, en framlagið af vegafé kæmi þá fram sem viðbót, kæmi fram sem framkvæmdir við fullnaðarfrágang vega, sem mörg bæjarfélög og þau, sem vaxa mest, hafa lítið getað sinnt. Ég tel líka nauðsynlegt, að þessu fé sé varið til þess að tryggja, að ekki dragi sundur með þeim hluta gatnakerfisins í bæjum, sem er malargötur, og hins hlutans, sem hefur fengið endanlegt slitlag. Það er höfuðnauðsyn, að þessum hluta gatnagerðarinnar sé sinnt, en að bæir þenjist ekki sífellt út með lengri og lengri malargötur, á sama tíma og varanleg gatnagerð verður af fjárhagsástæðum að sitja á hakanum. Þetta frv. ætti að vera þannig úr garði gert, að það

tryggði, að varanlegar bætur yrðu gerðar varðandi slitlag á götur, og ætti að tryggja það, að sá hluti veganna, sem lagður er varanlegu slitlagi, verði smám saman stærri og stærri, miðað við þann hlutann, sem er nánast bráðabirgðagötur. Ég held, að eigendur ökutækja, sem nú taka á sig stóraukin gjöld, eigi rétt á því, að þessum hluta, sem bæjarfélögin fá nú, verði fyrst og fremst varið til varanlegrar gatnagerðar. Þessum hluta mætti að vísu jafnframt verja til þess að leggja gangstéttir. Það er ekki síður ökumönnum en gangandi fólki til hagsbóta, að með góðum gangstéttum í bæjum sé gangandi fólki fenginn umferðarhæfur og afmarkaður hluti götunnar til afnota, í stað þess að öll umferð gangandi fólks og ökutækja renni út í eitt, eins og víða á sér stað og veldur auðvitað stórkostlegri slysahættu. Ég held, að gildi gangstétta hafi fram að þessu verið stórlega vanmetið við gatnagerð, þar sem víða er ekki einu sinni gerð tilraun til þess að afmarka gangstéttir.

Í frv. til l., sem við nokkrir þm. Alþb. höfum flutt á undanförnum þingum, frv., sem fjallaði um gatnagerðarsjóð, var gert ráð fyrir því, að hluti af innflutningsgjaldi af benzíni rynni til gatnagerðarsjóðs, sem hefði þann tilgang að styrkja bæjar- og sveitarfélög til framkvæmda til varanlegrar gatnagerðar. En í því frv. var varanleg gatnagerð skilgreind þannig, að hún teldist lagning nýrra vega og gangstétta með slitlagi úr steinsteypu eða hverju öðru efni, sem metið er jafngildi hennar, svo og lagning varanlegs slitlags á eldri götur eða gangstéttir. Ég tel, að það framlag, sem sveitarfélögunum er nú ætlað í þessu frv., eigi að þjóna sama tilgangi, og ég vek athygli á því, að í samþykkt Sambands ísl. sveitarfélaga frá þingi þess 22.—24. ágúst s. l., sem hæstv. samgmrh. vitnaði í hér áðan, er einmitt lagt til, að stuðningur við sveitarfélög í gatnagerðarmálum miðist við varanlega gatnagerð. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Um úthlutun og lánveitingar úr sjóðnum," — þ. e. a. s. úr gatnagerðarsjóði, — „verði settar ákveðnar reglur, er m. a. tryggi, að fé sjóðsins verði eingöngu varið til varanlegrar gatna- og vegagerðar og mótframlög komi úr sveitarsjóði."

Sýnt skal með þessu, að vilji er fyrir hendi hjá sveitarfélögunum að nota framlagið einmitt til varanlegrar gatnagerðar, og á því tel ég höfuðnauðsyn.

Þm. hafa ekki haft langan tíma til þess að meta þetta frv. í heild eða einstakar greinar þess, en ég tel rétt, að nú við 1. umr. komi fram þær aths., sem ástæða væri til, að sú hv. nefnd, sem fær frv. til meðferðar, taki til frekari athugunar. Ég vil á þessu stigi málsins óska eftir því, að hún kanni það, hvort ekki er unnt að tryggja betur en ég tel að frv. geri, að leyst verði án tafar þau vandamál, sem mest eru brennandi varðandi þá hluta þjóðvega, sem liggja um kaupstaði eða kauptún og sveitarfélögunum er nú ætlað að leysa, enn fremur, hvort það kemur ekki að meira gagni, að fjárframlag til sveitarfélaga verði hærra en frv. gerir ráð fyrir og það verði a. m. k. í stærstu bæjunum eingöngu notað til varanlegrar gatnagerðar. Með þessu móti, hærra framlagi til bæjar- og sveitarfélaga, sem notað yrði til þess að setja varanlegt slitlag á götur, fengju þeir, sem nú eiga að taka á sig stóraukin útgjöld, á skemmstum tíma fé sitt til baka, þannig að hækkun gjaldanna yrði sem fyrst raunverulegur sparnaður, og að því ber að sjálfsögðu að stefna.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð í sambandi við þá ræðu, sem hv. síðasti ræðumaður flutti. Hann gerði í máli sínu ráð fyrir, að þær götur í kauptúnum og kaupstöðum, sem samkv. þessum lögum yrðu gerðar að þjóðvegum, skiptust síðan í flokka eftir 12. gr., í hraðbrautir A og B og þjóðbrautir.

Þetta er ekki hugmyndin. Samkv. 29. gr., sem er fyrsta gr. í kaflanum um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, er tekið fram, að bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveði um gerð gatna og vega. Við höfum nú þegar skipulagslög og kerfi til að ákveða skipulag í kaupstöðum og kauptúnum. Í því skipulagi er væntanlega gert ráð fyrir þeim götum, bæði hvað breidd og gerð snertir, sem talin er þörf fyrir á hverjum stað. Vegalaganefnd hefur ekki talið rétt, að vegamálastjórnin hefði afskipti af þeim málum, enda engin ástæða til að ætla, að skipulag sé ekki í það góðu lagi, og gert sé ráð fyrir eins góðum og breiðum götum og þörf er á, þar sem þess er nokkur kostur. (Gripið fram í.) Við verðum að gera ráð fyrir, að stærð bæjar og skipulag, svo og lausn sveitaryfirvalda og skipulagsyfirvalda, sé þar nægjanlegt. Að því leyti er rétt hjá hv. þm., að umferðarþörfin kemur til með að ráða, en þarna væri hugsanlegur árekstur á milli vegamálastjórnar og sveitarstjórnar, sem á að ráða endanlega skipulagi á sínu svæði. Vegalaganefnd vildi ekki blanda sér inn í þessi málefni á þann hátt að láta flokkun þjóðvega ráða því, hvernig götur skuli vera á hverjum stað, enda gæti það orðið mikið vandamál, eins og hv. þm. benti á. Ef umferðartalning á einni götu, þar sem þegar hafa verið byggð hús báðum megin, leiddi allt í einu í ljós, að umferðin er orðin svo mikil, að gatan ætti samkv. lögum að vera hraðbraut A, félli kvöð á bæinn að gera götuna allt í einu að fjórfaldri braut eins og Miklubraut í Reykjavík. Þetta er óhugsandi. Þess vegna kemur slík skylda um breidd eða gerð gatna ekki til greina í sambandi við þessi lög. Það á að lúta þeim lögmálum, sem fyrir eru eða gerð kunna að vera eftir skipulagslögum. Einmitt þess vegna held ég, að Alþingi verði að treysta því, að skipulagslög og stærð viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns sjái fyrir því, eins og

hægt er, að höfuðgötur, sem í sumum atvikum verða þjóðvegir og fá styrk þarna í þessum lögum, séu af þeirri gerð, sem þörf er á viðkomandi stað.

Ég er sammála því, sem hv. þm. sagði um vandamálið í Kópavogi, sem er eitt hið allra hættulegasta og erfiðasta í gatna- og vegamálum þjóðarinnar. Hins vegar hef ég það fyrir satt, að þegar Kópavogur varð að sjálfstæðum kaupstað, hafi samkv. íslenzkum lögum skyldan til þess að sjá um veginn gegnum kaupstaðinn fallið á Kópavog. Hitt er annað mál, að það hefur ekki reynzt unnt að framkvæma þann lagabókstaf, og vegagerðin hefur séð fyrir þessum kafla. Það er rétt, að þar bíður erfitt vandamál. En í því sambandi er rétt að minnast þess, að einmitt þessi lög eru fyrsta veruleg viðleitni til þess af Alþingis hálfu að koma til móts við slík vandamál sem þetta.

Hann talaði einnig um það, að samkv. þessum lögum mundi Kópavogur verða „arfleiddur" að þessum vegarspotta. Það er ekki rétt, Kópavogur hefur haft þessa ábyrgð, en ég vil benda á 9. gr., þar sem talað er um veghald. Samkv. fyrri greinum hefur ríkið veghald á öllum vegum, en getur framselt það til sveitarfélaga eða sýslunefnda eftir aðstæðum. Ef Kópavogskaupstaður óskaði ekki eftir að hafa veghald á þessum þjóðvegi, fellur það samkv. 9. gr. í hlut vegagerðarinnar, ef ég hef skilið hana rétt, þannig að engan veginn er útilokað a. m. k. verkfræðilegt samstarf þarna á milli.

Ég get einnig tekið undir hugsun, sem kom fram hjá hv. þm. um að tryggja, að það fé, sem sveitarfélögin fá, verði raunverulega notað til gatnagerðar. Verð ég þó að segja, að gatnavandamálin eru orðin svo aðkallandi og svo rík í hugum fólksins, að mér finnst lítil hætta á því, að þótt kaupstaðir eða kauptún fái einhverja hýru frá ríkinu samkv. þessum lögum, færu þau að draga úr eigin framlögum til þessarar gatnagerðar. Vegalaganefnd hefur ekki beinlínis sett í lögin, að þessu fé skuli varið til varanlegrar gatnagerðar, til að malbika eða steypa. Okkur fannst rétt að hafa það opið, af því að vandamál staðanna geta verið ákaflega ólík. Hins vegar er í 32. gr. tekið fram, að kostnaður við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því líkt greiði sveitarfélagið. Og þá er ekki mikið eftir, þannig að það er erfitt að hugsa sér, að sveitarfélag muni ekki nota þetta fé til varanlegrar gatnagerðar, ef aðstæður hjá því eru að öðru leyti slíkar, að það er skynsamlegt.

Loks er í 35. gr. gert ráð fyrir, að ráðh. setji með reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með því, að því fé, sem sveitarfélögum er veitt samkv. 32. gr., verði varið á þann hátt, sem lög gera ráð fyrir. Er augljóst, að n. hefur séð þennan hugsanlega vanda, sem ég held að sé ekki mikill í raun og veru, og þarna er leið opin til þess að tryggja það, sem hv. þm. talaði um, að þessu fé verði raunverulega varið eins og til er ætlazt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, n. 139, 140, 141).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Í nútíma þjóðfélagi eru greiðar og öruggar samgöngur eitt af frumskilyrðum blómlegs atvinnulífs og fjölbreytts menningar- og félagslífs. Sú staðreynd verður ekki hvað sízt ljós á Íslandi, þar sem þjóðin býr dreifð um stórt og torfarið land. Íslendingar hafa um aldir búið við algera einangrun og vegleysi. Segja má, að reiðgatan og sjórinn hafi allt frá landnámstíð og fram á 20. öld verið þjóðvegir Íslendinga. Allt frá því að þjóðin fékk sína fyrstu stjórnarskrá fyrir tæpum 90 árum, á 1000 ára afmæli byggðar landsins, hafa vegamálin og samgöngumálin yfirleitt verið ofarlega á baugi hér á háttvirtu Alþingi.

Með vegalögunum frá 1893 er merkilegt spor stigið í sögu íslenzkra vegamála. Þá er ákveðið, að samtals 375 km leið um þéttbýlustu héruð landsins skuli gerð akfær, en þjóðvegum um 1500 km skuli haldið við sem reiðvegum. Með nýjum vegalögum árið 1907 er svo ákveðið, að þjóðvegirnir skuli einnig gerðir akfærir. En þá er svo komið, að akfærir vegir í landinu eru taldir 241 km. Í dag munu akfærir þjóðvegir vera tæpir 8000 km á lengd, akfærir sýsluvegir um 2000 km og akfærir hreppavegir um 700 km. Akfærir fjallvegir munu nú vera um 600 km að lengd. Samtals munu því akfærir vegir í landinu vera nú um 11300 km. En ástand þessara vega er ákaflega misjafnt. Þeir eru nær allir malarvegir, sem bera svip veðurs og vatns á flestum árstíðum. Akvegasambandið við einstaka landshluta er enn þá mjög ófullkomið, og fjöldi byggðarlaga er einangraður og innilokaður frá því í fyrstu snjóum og fram á vor.

Talið er, að til þess að akvegakerfi Íslendinga fullnægði nokkurn veginn þörfum þjóðarinnar, þurfi það ekki að lengjast mjög mikið fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í lögum. En brýna nauðsyn ber til að bæta hina eldri vegi stórlega, til þess að þeir verði færir um að mæta þeirri gífurlegu umferðaraukningu, sem þegar er orðin og mun verða, enn fremur að ljúka lagningu þeirra vega, sem þegar hafa verið lögfestir. Bifreiðin er eina samgöngutækið þjóðarinnar á landi. Íslendingar eiga nú tæplega 30 þús. bifreiðar, en gert er ráð fyrir, að eftir 2 ár verði bifreiðaeignin orðin 35500 bifreiðar og árið 1970 um 44 þús. bifreiðar. Stórbrotin verkefni eru því fram undan á sviði vega- og umferðarmála hér á landi.

Takmarkið í vegamálunum hlýtur í fyrsta lagi að vera að skapa fullkomið og öruggt akvegasamband við alla landshluta meginhluta árs hvers, í öðru lagi að endurbæta hina

gömlu vegi og gera þá færa um að mæta stóraukinni umferð og í þriðja lagi að ljúka brúarbyggingum á hátt á annað hundrað ám auk smábrúa. Endurnýja þarf allmargar hinna eldri brúa, ráðast í gerð jarðganga og framkvæma ýmsar aðrar þýðingarmiklar nýjungar, sem eiga munu ríkan þátt í greiðari umferð og öruggari samgöngum. Aukin tækni og mikill vélakostur í eigu þjóðarinnar hafa skapað möguleika stórra átaka á sviði vegamála á næstu árum. Í fjórða lagi ber svo nauðsyn til þess að bæta gatnakerfi kaupstaða og kauptúna og skapa einnig þar skilyrði greiðrar og öruggrar umferðar.

Við Íslendingar verðum að átta okkur á þeirri staðreynd, að síbatnandi lífskjör fólksins skapa stöðugt aukna bifreiðaeign, og innan skamms tíma verður svo komið, að svo að segja hver fjölskylda hefur eignazt bifreið. Er þegar gert ráð fyrir, að árið 1966 muni 3 af hverjum 4 fjölskyldum í landinu eiga bifreið. Mikil breyting á vega- og gatnakerfi landsins er þess vegna óhjákvæmileg nauðsyn.

Frv. það til nýrra vega vegalaga, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. og hér er til umr., miðar að því að mæta og fullnægja þessari þörf hins nýja tíma. Það byggist á þeirri grundvallarskoðun, að fullkomnar samgöngur séu sameiginlegt hagsmunamál alþjóðar, hvort sem umbæturnar beinast að því að leggja vegi út um sveitir og sjávarbyggðir eða byggja upp nýtt og fullkomið gatnakerfi í kaupstöðum og kauptúnum. Samgönguerfiðleikarnir og umferðarvandamálin eru verkefni, sem öll þjóðin verður að sameinast um að leysa. Að því er stefnt með hinu nýja vegalagafrv., sem felur í sér þau tvö höfuðnýmæli að tryggja stóraukið fjármagn til vega- og gatnagerðar og jafnframt að skapa aukna festu í framkvæmd vega- og brúargerða með vönduðum undirbúningi framkvæmdaáætlana og aukinni yfirsýn um framkvæmd nauðsynlegra umbóta.

Með þessu frv. er brotið í blað að því leyti, að gert er ráð fyrir, að allir skattar, sem lagðir eru á umferðina, renni eingöngu til vega- og gatnakerfisins. Áður hefur benzín- og þungaskattur gengið að verulegu leyti til almennra þarfa ríkissjóðs. Er því hér um geysiþýðingarmikil nýmæli að ræða.

Síðan vegalög voru síðast endurskoðuð, eru liðin 8 ár. Má því segja, að brýn þörf hafi verið orðin á endurskoðun þeirra. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ávöxtur af starfi milliþn., sem unnið hefur að athugun þessara mála s. l. 2 ár. Er óhætt að fullyrða, að sú n. hafi unnið mikið og gott starf. Frv. var vísað til samgmn. d. hinn 6. des. s. l. Varð að samkomulagi, að samgmn. beggja þingdeilda fjölluðu um frv. til þess að flýta afgreiðslu þess. Hefur samvinnunefnd haldið marga fundi um málið og notið þar mikilvægrar aðstoðar Sigurðar Jóhannssonar vegamálastjóra og Brynjólfs Ingólfssonar ráðuneytisstjóra, sem setið hafa nær alla fundi n. Enn fremur hefur hæstv. samgmrh., Ingólfur Jónsson, tekið virkan þátt í meðferð málsins. Loks hafa formenn beggja stjórnarandstöðuflokkanna, Framsfl. og Alþb., haft náið samstarf við n., og fulltrúi frá Alþb. hefur skv. boði n. setið fundi hennar og tekið þátt í umr. um málið. Hjá öllum þessum aðilum hefur komið fram ríkur áhugi á að hraða afgreiðslu þess og tryggja, að frv. nái lagagildi um næstu áramót. Má raunar segja, að það sýni allmikla dirfsku að ætla sér að ljúka afgreiðslu slíks stórmáls á Alþingi á fáum dögum, en eftir þá góðu samvinnu, sem tekizt hefur milli allra flokka um málið, virðist mér sem óhætt sé að gera sér von um, að það takist.

Hæstv. samgmrh. gerði svo ýtarlega grein fyrir efni þessa frv. og nýmælum þess í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins, að ég sé ekki ástæðu til þess að eyða miklum tíma nú til þess að nýju. N. hefur orðið sammála um að flytja allmargar brtt. við frv., en nokkur atriði, sem bar á góma í n., vannst ekki tími til að taka afstöðu til fyrir þessa umr.

Ég mun nú gera grein fyrir helztu efnisbreytingum, sem felast í þeim brtt., sem n. hefur lagt fram á þskj. 140.

1. brtt. n. er við 1. gr. frv. Er þar lagt til, að orðið „bifreiðastæði“ í 2. mgr. falli niður úr upptalningu þeirra mannvirkja, er til vegar teljast. Enn fremur er lagt til, að orðin „í beinu sambandi við vegi“ í 3. mgr. falli niður. Skýra þessar brtt. sig sjálfar.

Við III. kafla frv. eru flestar veigamestu brtt. n. Höfuðtakmark þeirra er að gera ákvæði þessa kafla skýrari og fyllri, m. a. ákvæðin um samningu vegáætlunar, gildistöku hennar og meðferð á Alþingi. Er upphaf 10. gr. frv. orðað um og lagt til, að vegamálastjóri semji till. að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til 4 ára. Í þessu felst einnig sú breyting, að lagt er til, að vegáætlunin gildi til 4 ára í stað 5, eins og gert var ráð fyrir í frv. Voru nm. sammála um, að 4 ár væru hófleg tímalengd vegáætlunar. Í framhaldi af þessari breyt. á áætlunartímanum leggur n. svo til í brtt., að vegáætlun skuli endurskoðast á 2 ára fresti.

Þá flytur n. þá brtt. við 11. gr., að upphaf hennar orðist þannig: „Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda.“ Með þessari breytingu eru tekin af öll tvímæli um það, að allir þjóðvegir eiga að vera greindir í vegáætluninni, hvort sem þeir hafa verið teknir upp í framkvæmdaáætlun og fé veitt til þeirra eða ekki.

Þá er einnig lagt til, að síðari málsliður 2. mgr. 11. gr. falli niður, þar sem hann þótti fela í sér óþarflega rúma heimild til framkvæmdavaldsins.

N. leggur til, að veruleg efnisbreyting verði gerð á 5. mgr. 12. gr. Er lagt til, að hún orðist á þessa leið: „Landsbraut. Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til 3 býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða kirkjustað, opinberan skóla eða heilsuhæli, fullgerð orkuver,

kauptún með færri en 300 íbúa eða tengiveg milli aðalleiða. Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.“

Meginbreytingin, sem í þessu felst, er sú, að lagt er til, að þjóðvegur nái að þriðja býli frá vegarenda í stað fjórða, eins og lagt var til í frv. Mun af þessari breytingu leiða, að sýsluvegir styttast a. m. k. um 200 km frá því, sem gert var ráð fyrir í till. vegalaganefndar. Nefndin leggur enn fremur til í annarri brtt. við frv., að enginn vegur skuli falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals. Af þessari breytingu leiðir það enn, að sýsluvegir munu styttast um rúmlega 400 km frá því, sem gert var ráð fyrir í till. vegalaganefndar. Samtals munu því sýsluvegir styttast samkv. brtt. samgmn. um 600—700 km frá því, sem gert var ráð fyrir í till. vegalaganefndar. Munu sýsluvegir þá verða fullum 200 km styttri að þessari endurskoðun vegalaga lokinni en þeir eru nú. Er það mjög í samræmi við það, sem gerzt hefur við fyrri endurskoðanir vegalaga, sem jafnan hafa haft í för með sér nokkra styttingu sýsluvega.

Eins og hv. þm. er kunnugt, gerir frv. ráð fyrir, að fjárráð sýsluveganna verði stóraukin frá því, sem nú er. Ef sýsluvegakerfið verður um 2000 km að endurskoðun vegalaga og samningu vegáætlunar lokinni, en heildarframlög til þessara vega a. m. k. þrefölduð, miðað við það, sem nú er, verður auðsætt, að unnt verður að sýna sýsluvegunum mjög aukinn sóma og vinna af allmikið auknum krafti að lagningu þeirra.

Í brtt. sinni við 14. gr. frv. gerir n. till. um það, hvernig vegáætlun skuli lögð fyrir Alþingi og afgreidd þar, en það atriði var að verulegu leyti látið opið af hálfu vegalaganefndarinnar til ákvörðunar fyrir Alþingi sjálft. N. leggur til, að 14. gr. frv. orðist á þessa leið:

„Leggja skal fyrir sameinað Alþingi till. til þál. um vegáætlun samkv. 10. gr., samtímis frv. til fjárlaga. Sama gildir um till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr. Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.“

Það er skoðun n., að sá háttur skuli á hafður, að í þáltill. til vegáætlunar, sem ráðh. leggur fyrir Alþingi, eða í till. um endurskoðun vegáætlunar skuli greind ósundurliðuð sú fjárupphæð, sem ætluð er til framkvæmdar hennar. Það komi hins vegar í hlut þingnefndar að fá hinar sundurliðuðu tillögur vegamálastjóra um einstakar framkvæmdir til meðferðar og geri hún síðan till. um þær til Alþingis. Með þessum vinnubrögðum væru áhrif Alþingis á stefnuna fyllilega tryggð í þessum mikilvægu málum og jafnframt stuðzt nokkuð við þá venju, sem skapazt hefur um meðferð vegamála í sambandi við setningu fjárlaga.

Í brtt. við 15. gr. frv. leggur n. til, að í upphafi hvers reglulegs Alþingis skuli ráðh. leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar. Enn fremur skal ráðh. hlutast til um, að endurskoðun vegáætlunar fari fram á tveggja ára fresti.

Samkv. till. samgmn. yrði gangur vegáætlunar þá sá, að vegamálastjóri semur till. að henni, en ráðh. leggur þær síðan fyrir Alþingi. Þingnefnd, sem að öllum líkindum yrði fjvn., fjallaði síðan um málið og skilaði því til þingsins, sem afgreiddi það endanlega. Vegáætlun yrði jafnan samferða fjárl. inn í þingið og mundi sennilega verða lokið um svipað leyti og fjárlög yrðu afgreidd.

Þá flytur n. brtt. við 16. gr. frv. um, að heimild ráðh. til að ráðast í vegaframkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, sé við það bundin, að til hafi komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara. Var talið nauðsynlegt, að slík heimild til handa ráðh. væri fyrir hendi í lögum.

Við 28. gr. frv. flytur n. till. um þá efnisbreytingu, að vegamálastjóri skuli annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs, sbr. 1. mgr., eftir reglugerð, sem ráðh. setur. Vegamálastjóri hefur jafnan annazt skiptingu á sýsluvegafé, og er ekki annað vitað en það hafi vel gefizt. Hins vegar er það talinn styrkur fyrir þennan embættismann, eftir að framlög til sýsluvega hafa verið stóraukin, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að reglugerð verði sett um skiptingu þessa fjár. Taldi n. þess vegna eðlilegt, að þessi breyting yrði gerð.

Samgmn. flytur þá brtt. við 32. gr. frv., að á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegar samkv. þessum kafla laganna.“

Bent var á það í n., að án slíkrar heimildar gæti lagning þjóðvegar í efnalitlum kaupstað eða kauptúni hreinlega stöðvazt um lengri eða skemmri tíma, þar sem sveitarfélag kynni að bresta fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa hús eða önnur mannvirki, sem óhjákvæmilegt væri að ryðja úr vegi vegna vegagerðarinnar.

Þá leggur n. til, að í niðurlagi síðustu mgr. sömu greinar skuli gerð smávægileg breyting, er miðar að því, að sveitarstjórn verji sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til almennrar, varanlegrar gatnagerðar, þegar lagningu þjóðvegar um byggðarlagið er lokið.

Brtt. n. við 44. gr. miðar að því að skilgreina, hvaða fjallvegir skuli teljast aðalfjallvegir, en þeir skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkvæmt 10. gr.

Þá flytur n. brtt. um, að vegagerð ríkisins skuli aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum eða á annan hátt. Er hér kveðið nokkru fastar að orði en gert var í greininni samkv. till. vegalaganefndar.

Við 59. gr. flytur n. þá brtt., að við hana bætist ný mgr., svo hljóðandi: „Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp

sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.“ Er hér um að ræða eðlilegt og sjálfsagt ákvæði, sem skýrir sig sjálft.

Þá er lagt til, að síðasti málsl. 60. gr. falli niður. Í þessum málsl. var kveðið á um það, að kostnað við yfirmat skuli sá greiða, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en 10% af matsupphæð undirmatsins, ella teljist hann með öðrum skaðabótakostnaði. Hæstaréttardómur hefur nýlega fallið, þar sem talið er, að þetta ákvæði eigi ekki stoð í stjórnarskrá lýðveldisins, og taldi því n. sjálfsagt að fella það niður úr frv.

Lagt er til, að smávægileg breyting verði gerð á upphafi 80. gr., þar sem rætt er um það tilvik, að vegur er lagður gegnum land manns. Samkv. frv. á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. N. leggur til, að sú breyting verði gerð á þessu ákvæði, að landeigandi eigi rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum af a. m. k. einum stað frá landareign sinni.

Í niðurlagi ákvæðis til bráðabirgða er svo lagt til, eins og áður er sagt, að enginn vegur skuli falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals. Að 5 árum liðnum gefst svo Alþingi tækifæri til þess að taka afstöðu til þessa atriðis að nýju í ljósi þeirra viðhorfa, sem þá hafa skapazt.

Aðrar brtt. við ákvæði til bráðabirgða leiðir af styttingu þess tímabils, sem vegáætlun og framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi er ætlað að gilda og áður hefur verið gerð grein fyrir. Gangur þessara mála verður þá þannig, að ráðh. mun snemma á næsta ári leggja fyrir Alþingi till. til bráðabirgðavegáætlunar, sem gilda á fyrir árið 1964. Framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi hlýtur einnig að verða gerð til bráðabirgða fyrir það ár. Hins vegar ber ráðh. að leggja fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 till. til vegáætlunar, sem gilda á fyrir árin 1965—1968, þ. e. næstu 4 ár.

Aðrar brtt. samgmn. við frv. eru þess eðlis, að ekki er þörf frekari skýringa á þeim, enda eru sumar þeirra aðeins orðalagsbreytingar.

Eins og ég gat um í upphafi, vannst samvinnunefndinni ekki tími til þess á þeim stutta tíma, sem hún hafði til athugunar þessa stórmáls, að taka afstöðu til allra atriða og brtt., sem þar bar á góma, þ. á m. til ákvæða 32. gr. frv. og erindis frá forráðamönnum Kópavogskaupstaðar, sem telja, að ákvæði 34. gr. frv. skapi byggðarlagi þeirra mikinn vanda og taki ekki til greina algera sérstöðu byggðarlagsins. N. mun að sjálfsögðu taka þetta mál og ýmis önnur til athugunar fyrir 3. umr. frv.

Ég vil svo að lokum geta þess, að mjög góð samvinna hefur ríkt innan beggja samgöngumálanefnda þingsins um þetta mikilvæga mál. Það er ósk og von nefndanna, að þetta frv. megi verða að lögum, áður en þingi verður frestað fyrir jól, og með hinni nýju löggjöf verði lagður grundvöllur að stórfelldum umbótum í samgöngumálum þjóðarinnar til sjávar og sveita.

Samkv. framansögðu leggur samgmn. einróma til, að frv. til vegalaga, sem hér liggur fyrir, verði samþykkt með þeim breytingum, sem n. hefur flutt á þskj. 140.

Axel Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm., barst erindi frá bæjaryfirvöldum í Kópavogi varðandi þá algeru sérstöðu, sem við Kópavogsbúar teljum að sé varðandi samgöngumál um okkar byggðarlag. Ég ætla nú að fara nokkrum orðum um þetta atriði. Ég veit hins vegar, að allir, sem til þekkja, viðurkenna það mikla vandamál, sem við eigum þarna við að glíma. En fyrir aðra, sem ekki eru þessu jafnkunnugir, ætla ég hér að rifja upp örfá atriði.

Reykjanesbrautin, sem er ein fjölfarnasta umferðaræð landsins, liggur um miðja byggð í Kópavogi. Það má segja, að hún kljúfi Kópavogsbæ í tvennt. Þarna fara daglega um nú um 15 þús. bílar, og þessi umferð mun fara vaxandi ár frá ári. Nú er ástandið þannig, að oft tímum saman rofnar ekki samfelld bifreiðaumferð á þessum vegi, þannig að þeir, sem þurfa að fara yfir þessa götu, verða að bíða, og þá er að líta ekki aðeins á óþægindin af því, heldur hina alvarlegu hlið málsins, að oft og tíðum þreytast vegfarendur á því að bíða sem skyldi og grípa máske hæpin tækifæri til þess að komast yfir götuna. Þá er rétt að minnast á, að hundruð skólabarna úr Kópavogi þurfa dagsdaglega yfir þessa götu að sækja. Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa, eftir því sem í þeirra valdi hefur staðið fjárhagslega, reynt að forða bráðustu hættunni. Það hefur verið stóraukin löggæzla við Reykjanesbrautina, ýmsar aðrar ráðstafanir gerðar til þess að auka á öryggi, og á þessum vetri munu verða sett upp umferðarljós í þessu skyni. Allar þessar ráðstafanir miða að því fyrst og fremst að tryggja öryggi gangandi fólks. En um leið munu þessar ráðstafanir einnig tefja og torvelda hina gegnumgangandi umferð gegnum bæinn. Það er okkur fullljóst.

Eins og ástatt er með Reykjanesbrautina í dag, flytur hún illa þá bifreiðaumferð, sem á henni er, og með þeim ráðstöfunum, sem við í Kópavogi neyðumst til að gera til þess að tryggja öryggi vegfarenda þar, mun það eðlilega leiða til þess, að umferð mun þarna verða enn tafsamari en ella. Nú er samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir, gert ráð fyrir því, að þarna eigi að leggjast hraðbraut A, þ. e. a. s. fjórföld akbraut, og sízt mun vanþörf á því. Ég vil þá einnig vekja athygli á því, að það er ekki nóg. Þarna til viðbótar þarf síðan miklar framkvæmdir til þess að tryggja eðlilega umferð milli bæjarhluta í Kópavogi, bæði fyrir gangandi fólk og ökutæki, þannig að tryggja verður það, að hægt sé að komast annaðhvort yfir eða undir Reykjanesbrautina aðskilið frá hinni gegnumgangandi umferð í gegnum bæinn. Bæjaryfirvöld í Kópavogi leituðu fyrir ári til

vegamálastjóra um hans álit á því, hvað slíkar framkvæmdir mundu kosta, og lausleg áætlun hans var sú, að það yrði aldrei undir 25—30 millj. Ég nefni þetta hér vegna þess, að það má öllum ljóst vera, að það er óhugsandi, að Kópavogskaupstaður geti hrundið þessu í framkvæmd, þrátt fyrir það þó að hann fái í sinn hlut sama hluta af benzínskatti og önnur bæjarfélög miðað við íbúafjölda. Þetta er framkvæmd, sem getur ekki dregizt nema örskamma hríð. Eftir því, sem samgöngur sunnan að aukast, Reykjanesbrautin lengist fullgerð, þ. e. a. s. hin steypta Reykjanesbraut verður komin alla leið, þá eykst bæði umferðarþunginn, umferðarhraðinn, og allt mun þetta enn auka á vanda Kópavogs, og er hann þó ærinn fyrir.

Kópavogsbúar hafa ávallt vænzt þess, og ég vil segja með nokkrum rétti, að þeir þyrftu ekki nema að litlu leyti að standa undir þessum fjárfreku framkvæmdum. Mjög mikill hluti umferðarinnar um Reykjanesbraut gegnum Kópavog er Kópavogi óviðkomandi. Mjög stór hluti þeirrar umferðar kemur þar ekki einu sinni við. Ég sé, að í aths. um frv. að vegalögum er minnzt á tvo staði aðra, sem líku máli skiptir, þ. e. a. s. Blönduós og Selfoss. Ég viðurkenni fúslega þeirra sérstöðu, en vil samt halda fram, að Kópavogur hafi þó umfram þessa staði algera sérstöðu.

Eins og ég gat um í upphafi, þola þessar framkvæmdir enga bið. Það er hins vegar gersamlega ofvaxið fjárhagslegri getu okkar unga bæjarfélags að ráðast í þessar framkvæmdir. Við væntum því þess, að ríkisvaldið komi þarna til aðstoðar, og einmitt þess vegna hafa bæjaryfirvöld í Kópavogi ritað samgmn. þingsins bréf, þar sem vakin er athygli á því, að ef það verður meiningin, að Kópavogur eigi að hrinda þessu í framkvæmd og fá til þess þá aðstoð, sem felst í hluta hans af benzínskattinum, þá teljum við, að niðurlag 34. gr. geri það gersamlega óframkvæmanlegt, að þetta geti orðið með eðlilegum hætti, en í 34. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 10%, og skal því fé ráðstafað eftir till. vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

Þrátt fyrir aukaframlag samkv. 1. mgr. skal einstakt byggðarlag ekki bera meira úr býtum á 5 ára tímabili eftir fyrstu aukagreiðslu, af framlagi samkv. 32. gr., en því ber, miðað við íbúafjölda."

Þó að þarna sé möguleiki til þess að færa fram, þannig að hugsanlegt fjármagn, sem koma skal í hlut viðkomandi bæjarfélags á áætlunartímabilinu, færist kannske allt yfir á fyrsta árið, þá mundi það þýða það, að yfir tímabilið allt fengist ekki meira fjármagn en hlutfallslega ætti að koma. En þar sem um svo geysilega fjárfreka framkvæmd er að ræða og svo mikið nauðsynjamál, fyrst og fremst kannske fyrir Kópavogsbúa, en ekki síður fyrir þá, sem þar eiga leið um dagsdaglega, þá er augljóst, að þessu verður ekki hrundið í framkvæmd á einu áætlunartímabili, og í öðru lagi, að það er útilokað, að þetta unga bæjarfélag hafi fjárhagslegt bolmagn til þess.

Ég vildi vænta þess, að málum gæti skipazt svo, að þessi braut yrði lögð að mestu fyrir fé ríkissjóðs, og ég vænti þess, að eins og fram kom hjá hv. frsm., muni samgmn. þingsins finna einhverja þá lausn, sem getur komið þessu máli í höfn. Ég sé á þessu stigi ekki ástæðu til þess að flytja um þetta ákveðna brtt. Ég vænti þess, að það finnist á þessu sú lausn, sem viðhlítandi er.

Herra forseti. Ég vil að endingu láta í ljós þær vonir mínar, að samgmn. þingsins viðurkenni algerlega sérstöðu Kópavogs í þessu efni og hv. alþm. skilji þann vanda, sem okkar bæjarfélagi er á herðar lagður með því, að í gegnum miðja byggð okkar liggur fjölfarnasta umferðaræð landsins.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Vegalagafrv. það, sem hér er til 2. umr., hefur verið undirbúið af stjórnskipaðri nefnd. Sá undirbúningur hefur tekið hér um bil 2½ ár. Því miður átti Framsfl. þess ekki kost að eiga hlut að þeirri endurskoðun vegalaganna. Honum var því með öllu ókunnugt um þær till. að skipan vegamála, sem felast í þessu frv., þar til það var lagt fram hér á hv. Alþingi fyrir 10 dögum. Þetta gerði okkur framsóknarmönnum mjög erfitt fyrir að gera okkur nægilega grein fyrir einstökum atriðum frv. á svo skömmum tíma, sem nefndin hafði til starfa. Hins vegar er það mikið áhugamál okkar, að lagt verði mun meira fjármagn í vegi og brýr í landinu en gert hefur verið. Við viljum því mikið til vinna, að það geti orðið og það þegar á næsta ári. Það er þetta sjónarmið, sem mestu ræður um þátttöku okkar í skyndilegri afgreiðslu þessa frv. nú, en n. hefur aðeins haft 8 daga til starfa.

Við fulltrúar Framsfl. í samvinnunefnd samgöngumála höfum leitazt við eftir megni að fá þær breytingar á frv., sem við teljum æskilegar, en okkur var það ljóst frá upphafi, að til þess þurfti að fara samningaleiðina. Nál. og brtt. samgmn. bera það með sér, að þetta hefur tekizt, samkomulag hefur náðst. En þetta er því að þakka, að fullur vilji til samkomulags um afgreiðslu málsins var fyrir hendi hjá öllum nm. og ekkert síður hjá fulltrúum stjórnarflokkanna en okkur hinum. En mestan og beztan þátt í þessu samkomulagi áttu þeir hæstv. samgmrh. og hv. 1. þm. Austf., formaður Framsfl., en þeir fylgdust stöðugt með vinnubrögðum n. Samkomulag af þessu tagi milli stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokks í mjög þýðingarmiklu og viðkvæmu máli er nokkur nýlunda, að ég ætla, og ég vil segja, að það væri vel, ef svo gæti tekizt um fleiri vandasöm mál hér á hv. Alþingi.

En þótt þetta frv. verði nú samþykkt ásamt

þeim brtt., er n. flytur og stendur einhuga að, þá er ekki málið allt leyst með því. Eftir er að setja vegáætlun með þáltill. síðar á þessu þingi, og það væri æskilegt, að takast mætti slík samvinna um meðferð þess máls eins og nú tókst um þetta frv.

Formaður Framsfl. gat þess í ræðu sinni við 1. umr. þessa máls, að flokkurinn mundi kynna sér, hvort unnt reyndist að ná samkomulagi við hæstv. ríkisstj. um jafnmikla fjárhæð til vega og brúa í landinu og gert er ráð fyrir í þessu frv. án þess að auka álögur á ökutæki landsmanna. En hann tók það jafnframt fram, að jafnvel þótt þetta tækist ekki, mundi Framsfl. fylgja þessu frv. og styðja þá tekjuöflunina, sem gert er ráð fyrir í því. Raunin hefur líka orðið sú, að það var ekki unnt að velja aðra leið í þessu efni en mörkuð er í sjálfu frv. hæstv. ríkisstjórnar.

Ég teldi það mikils virði, ef ekki kæmu nú fram efnislegar breyt. við meginefni þessa frv., en það kalla ég að sé III. kafli þess. Um þennan kafla frv. urðu mest skiptar skoðanir og það eðlilega. En með brtt. n. er greinum þessa kafla komið í það horf, sem fullt samkomulag náðist um. Hins vegar gætu slíkar brtt., sem fluttar kynnu að verða og raska þessu samkomulagi, orðið til þess að tefla málinu í tvísýnu, og það viljum við sízt af öllu, og það segi ég fyrir hönd allra nm. Okkur framsóknarmönnum er ljóst, að hin nýju vegalög verða ekki án ágalla, þótt brtt. n. verði samþykktar. En nm. hafa allir samið um meginefnisatriði frv. annars vegar, en þokað til hliðar smærri ágreiningsefnum hins vegar. Þetta hefur verið gert til þess að ná sem fyrst aðalmarkmiðinu, þ. e. því að fá nú stórum meira fé til vega og brúa í landinu.

Ég vænti þess því fastlega, að hér geti orðið gott samkomulag um afgreiðslu þessa máls, eins og það var í sjálfri nefndinni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umr., hefur verið mælzt til þess, að það frv., sem hér liggur fyrir um nýja skipan vegamála, fái sem fljótasta afgreiðslu og verði afgreitt fyrir jól. Í þessu skyni hefur verið komið á fót svonefndri samvinnunefnd samgöngumála, og þegar farið var fram á það við þingflokk Alþb., að hann hjálpaði til við að afgreiða þetta mál á sem stytztum tíma, þá þótti mönnum sjálfsagt og eðlilegt að verða við slíkum tilmælum. Það fór svo, að ég átti sæti í þessari nefnd, og það er fljótsagt, að það skapaðist ágætt samstarf í henni, og ég mun nú gera að umtalsefni örfá atriði, sem þó varð ekki samkomulag um að svo stöddu. En áður en ég sný mér að efnisatriðum þessa máls, langar mig til að skjóta því rétt að, um leið og ég þakka hv. þm. ágætt samstarf, að þegar svo stóð á, að hraða þurfti máli í gegnum hv. þing, þá var talið nauðsynlegt að kalla á vettvang fulltrúa frá þingflokki Alþb., þannig að hann ætti aðgöngu að umr. í þessari nefnd. En eins og menn muna, gerðist það hér í haust, að frambjóðendur Alþb. voru ekki aðeins felldir, þegar kosið var um allar þær nefndir, sem þingið kýs og starfa utan þings, heldur gerðist það líka, sem kom enn meira á óvart, að Alþb.-þm. var bolað úr öllum starfsnefndum þingsins. Það var bent á það, þegar þetta gerðist, að þetta gæti aðeins leitt það af sér, að þingstörf mundu tefjast, þetta væru ólaunaðar nefndir og slík vinnubrögð þjónuðu engum tilgangi. Ég vil aðeins skjóta því hér að, að ég tel, að með því að boða fulltrúa Alþb. til samvinnu í þessari nefnd hafi fengizt óbein viðurkenning á því, að það er nauðsynlegt og sjálfsagt, að allir flokkar eigi fulltrúa í starfsnefndum þingsins, því að annað leiðir aðeins til þess, að þingstörf tefjast.

Ég vil nú snúa mér að þessu frv., sem hér er til umr. Ég býst við, og mér skilst, að flestir séu sammála um, að þetta frv. horfi til bóta og í því sé fólgin góð skipulagsbreyting frá því, sem áður var. Í samvinnunefndinni komu fram allmargar brtt., sem fullt samkomulag varð um, eins og hér hefur verið rakið, og sé ég ekki ástæðu til að drepa sérstaklega á þau atriði. Ég skal einnig verða við þeim tilmælum, sem hv. 3. þm. Vestf. varpaði fram hér áðan um að hrófla ekki við III. kafla þessa frv. Það eru fyrst og fremst tvö önnur ágreiningsatriði, sem ég vildi aðeins drepa á.

Fyrra atriðið er varðandi skattlagningu þá, sem lögð er til grundvallar að framkvæmdum í vegamálum. Þessu máli verða gerð betri skil af okkar hálfu hér á eftir, þó tel ég rétt aðeins að minna á þetta atriði.

Ég held, að mönnum sé ljóst, að aðalatriðið í sambandi við þessa nýju skattlagningu er það, hvort tryggt er, að allur sá skattur, sem nú á að leggja á, renni til vegamála. En nú stendur bara svo á, að í frv. er engin trygging fyrir því, að framlagið, sem ætlað er á fjárlögum, hætti ekki eftir nokkur ár að renna til vegamála, það verði sem sagt ekki tekið út af fjárlögum. Hæstv. ríkisstj. getur einhvern tíma á næstu árum kippt að sér hendinni og hætt að greiða framlag á fjárlögum til vegamála. Ef svo færi, liggur ljóst fyrir, að þessi nýi skattur, sem nú er verið að leggja á, mundi aðeins vera, þegar allt kæmi til alls, nýjar álögur, en hæstv. ríkisstj. væri með þessu móti að fá aðstöðu til að ráðstafa því fé, sem hún hefur áður lagt fram til vegamála, á annan máta. Hér er mjög stórt og þýðingarmikið mál á ferðinni, og eins og ég sagði, verður því gerð svolítið betri grein hér í þessum umr. á eftir.

Hið síðara atriði er varðandi ákvæði um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum. Það er varðandi V. kafla frv. Það er einmitt það mál, sem hv. 1. þm. Reykn. (AJ) drap hér á áðan og gerði ágæta grein fyrir, enda þótt það skorti á, sem mikilsverðast hefði verið, að einhverjar till. hefðu fylgt í kjölfarið. Í frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að 11% af heildartekjum, sem ríkið aflar með nýjum hætti, renni til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum. En

þar á móti ber sveitarfélögunum skylda til að ljúka lagningu og viðhaldi þessara þjóðvega, áður en þeim leyfist að láta nokkuð af þessu fé renna til annarrar vegagerðar í kaupstöðum og kauptúnum. Einnig er ákveðið í þessu frv., að framlag ríkisins til sveitarfélaga sé miðað við höfðatölu. Það er sem sagt miðað við íbúatölu, en ekki stærð þeirra framkvæmda, sem koma þarf í verk. Sums staðar er þetta þannig, að þjóðvegur í kaupstað eða kauptúni er tiltölulega lítil og auðveld vegagerð. Það er lítil umferð um veginn og hann er oft og tíðum aðeins endinn á löngum þjóðvegi, t. d. eins og er í Neskaupstað. Annars staðar stendur hins vegar þannig á, að þessi þjóðvegur er aðalumferðaræðin í viðkomandi landshluta, e. t. v. mjög fjölfarinn vegur, og öll umferð hvílir á þessum vegi, sem liggur þvert í gegnum sveitarfélagið. Sem dæmi um slíka staði mætti nefna Selfoss og Blönduós, Ytri-Njarðvík, en þó alveg sérstaklega tvo staði, þ. e. a. s. Kópavog og Garðahrepp eða öðru nafni Silfurtún. Samkv. upplýsingum, sem vegamálastjóri hefur látið frá sér fara, er lauslega áætlað, að fullnaðarlagning þjóðvegarins um Kópavog mundi kosta kringum 25—30 millj. kr. Það er gert ráð fyrir, að þessi vegur verði grafinn niður og aðrir vegir, sem skæru þennan þjóðveg, yrðu brúaðir yfir þennan aðalfarveg.

Ef fer sem horfir með samþykkt þessa frv., má vænta þess, að Kópavogur fengi tiltölulega lítla upphæð hlutfallslega miðað við þessa stórframkvæmd. Ég hef nú ekki tölur í höndunum varðandi það atriði, hversu há sú upphæð væri, en ég held, að ég megi segja, að hún sé einhvers staðar í kringum eina millj. eða þar um bil, enda skiptir það ekki öllu máli. Það, sem skiptir máli, er, að þessi upphæð er svo lítil, að þó að kaupstaðurinn legði þessa upphæð um langt árabil í þessa einu framkvæmd, tæki tugi ára að leysa vandamálið. Nú er það að vísu svo, að í 34. gr. frv. eru ákvæði um það, að 10% af heildarframlaginu til þjóðvega í kaupstöðum skuli vera á hendi vegamálastjóra og hann geti ráðstafað því fé í þær framkvæmdir, sem mest nauðsyn sé á að koma í verk. En því miður fylgir sá böggull skammrifi, eins og 1. þm. Reykn. minnti á hér áðan, að ef sveitarfélagi er veitt aukaframlag eftir þessari grein, þá fær það ekkert framlag næstu 5 árin, þannig að ljóst er, að lausn á þessu vandamáli margra byggðarlaga fæst ekki með tilvísun til þess ákvæðis.

Við 1. umr. þessa máls benti hv. 10. landsk. þm., Geir Gunnarsson, fyrstur manna á, að það væri nauðsynlegt, að í frv. fælist einhver lausn á þessu vandamáli og í því væri viðurkenning á því, að þessi byggðarlög hefðu sérstöðu, þ. e. a. s. þau byggðarlög, þar sem aðalumferðaræð væri í gegnum. Í samvinnunefnd samgöngumála vakti ég svo máls á þessu vandamáli, og það var allmikið rætt. Niðurstaðan varð þó sú, að ekki var gerð nein breyting á þessu atriði að svo stöddu, enda þótt nm. viðurkenndu, að ég held, allir, að hér væri um stórkostlegt vandamál að ræða. Vegamálastjóri sat flesta fundi n. og átti ágætt samstarf við hana, og í umr. um þetta mál benti hann á það atriði, sem þó liggur nú ekki ljóst fyrir, þegar frv. er lesið, og ég held, að mönnum detti ekki í hug við fyrsta lestur þess, að ráðh. er falið í frv. að ákveða, hvaða götur í kaupstöðum og kauptúnum skuli teljast þjóðvegir. Þannig getur hann ákveðið, að slíkur þjóðvegur, sem liggur gegnum kauptúnið, skuli aðeins að hluta tilheyra kaupstaðnum og vera á hans vegum. Sem sagt, ef 2000 m vegur liggur í gegnum kaupstað og tengist þjóðvegi í báða enda, þá getur ráðh. t. d. ákveðið, að 500 m spotti af þessum vegi tilheyri kaupstaðnum, en aftur 1500 m tilheyri ríkinu, þó að allur vegurinn sé raunverulega innan kaupstaðarins. Vegamálastjóri var þeirrar skoðunar, að hentugast væri að leysa þetta vandamál með því, að þegar svona stæði á, að fjölfarin leið lægi gegnum kaupstað, þá gæti ráðh. ákveðið, að kaupstaðnum væri aðeins tilheyrandi mjög lítill partur eða næstum ekkert af þjóðveginum. Eins og hér hefur komið fram, barst núna í gær bréf til samvn. samgm. frá bæjarráði Kópavogskaupstaðar, þar sem einmitt er imprað á þessu mikla vandamáli. Ég ætla mér ekki að lesa hér allt bréfið, en vil aðeins geta þess, hvaða leiðir bæjarráðið telur helztar til úrlausnar. Í niðurlagi bréfsins segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir því er það ósk bæjarráðs Kópavogskaupstaðar, að 2. málsgr. 34. gr. frv. verði felld niður eða sett ákvæði í frv., er tryggi, að sérstaða Kópavogskaupstaðar verði tekin til greina."

Þegar þetta var svo rætt á fundunum, kom fram sú skoðun hjá vegamálastjóra, að erfitt væri að verða við þeim tilmælum Kópavogskaupstaðar að fella niður 2. mgr. 34. gr., sem ég hef hér nefnt áður, því að hætta væri á því, að það mundi vekja óánægju annars staðar, ef úr þessum litla 10% sjóði færu stórar fjárfúlgur á einn stað og aðrir yrðu út undan. En hann benti sem sagt á þá lausn, sem ég hef áður getið, að ráðh. hefði þetta að sumu leyti í sínu valdi. Ég lít svo á, að það kæmi sterklega til greina að flytja sérstaka till. um að fella niður þessa 2. mgr. 34 gr., en þó held ég, að sú lausn væri að ýmsu leyti ekki fullnægjandi, því að með því væri í rauninni engin trygging fengin fyrir því, að sérstaða slíkra staða væri virt að fullu. En með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem vegamálastjóri gaf, þá virðist mér ljóst, að nokkuð skorti á, að 30. gr. frv. sé fyllilega ljós og ákveðin, og mér lízt því gæfulegast á það, að við hana verði gerð ofur lítil breyting. Ég vil lesa þessa 30. gr. til nánari skýringar, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar þannig:

„Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum till. vegamálastjóra, hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, skuli teljast þjóðvegir. Við samningu till. sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins. Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli

teljast þjóðvegir samkv. þessum kafla, skal miðað við eftirfarandi:

1. Eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið.
2. Um sé að ræða helztu umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, sé um margar leiðir að velja.
3. Greið leið fáist að þeim stöðum byggðarlagsins, sem mikilvægastir eru fyrir athafnalíf staðarins, ef vegurinn endar þar."

Ég held, að það komi alls ekki nógu skýrt fram í þessari grein né öðrum, að í kaupstöðum og kauptúnum geti verið um tvær tegundir af þjóðvegum að ræða, þ. e. a. s. annars vegar þjóðveg, sem sveitarfélaginu beri að sjá um, og hins vegar þjóðveg, sem tilheyri vegagerð ríkisins að öllu leyti. Ég hef sjálfur skilið það þannig og óttast, að aðrir skilji það svo, að það sé aðeins um að ræða eina tegund af þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum, þ. e. a. s. þá tegund, sem tilheyri kaupstaðnum, en aðrar götur heiti ekki þjóðvegir. En samkv. upplýsingum vegamálastjóra er þetta á hinn veginn. Auk þess tel ég, að það sé nauðsynlegt, að í þessari grein komi fyllilega fram og sé viðurkennd sérstaða sveitarfélaganna, sem þannig stendur á um, eins og ég hef áður rakið, að aðalumferðaræðin liggur í gegnum sveitarfélagið. Af þeim sökum vil ég flytja hér skrifl. brtt. við frv. til vegalaga, sem er borin fram af mér og hv. 10. landsk. þm., Geir Gunnarssyni. Hún hljóðar svo:

„Við 30. gr. bætist: 4. liður: Aðeins lítill hluti þjóðvegar skal tilheyra sveitarfélagi, þegar svo stendur á, að fjölfarinn þjóðvegur í kaupstað eða kauptúni er aðalumferðaræð í viðkomandi landshluta og liggur milli annarra byggðarlaga."

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það hefur komið mjög skýrt fram í þessum umr., að góð samvinna hefur verið um þetta mál í nefndum nú á skömmum tíma, og skal ég því ekki tefja um of umr. nú á þessu stigi málsins. En ég vil hins vegar, að það komi fram, að mér sýnist, að ýmislegt hafi verið bent á hér í ræðu síðasta hv. ræðumanns og eins 1. þm. Reykn., sem gefi tilefni til, að þessi mál þurfi nánar að athuga, sem fjallað hefur verið um og fram kom aðallega í 30., 32. og 34. gr. Nú skal ég hreinlega viðurkenna, að ég hef haft dálítið annan skilning á þessu máli en ég fæ nú við nánari athugun á þessu, sem eingöngu stafar af því, að maður hefur ekki gert sér nógu mikið far um að setja sig nægjanlega inn í málið, og það kann að vera, að á þessu fáist betri skýringar, og kannske, eins og nú er komið, eðlilegast, að málið gangi til 3. umr. og verði þá athugað í nefnd. En það hefur alltaf staðið þannig fyrir mér, að sú breyting, sem nú er gerð með því, að bæjarfélögin fái vissan hluta af vegafénu og sveitarfélögin fengju það, að þetta ætti að vera þeim til mikilla hagsbóta og hagræðis frá því, sem verið hefur, og þannig hefur alltaf verið talað um þetta mál í því, sem ég hef hlustað á. En ég er ekki alveg viss um, að svo sé, ef ekki eru gerðar breytingar á frv. frá því, sem nú er í sambandi við þessar greinar, sem ég vitnaði í áðan. Og það gæti svo farið, að sveitarfélög hefðu hugsanlega, finnst mér, fljótt á litið óhagræði, miðað við það, sem áður hefur verið, af þessum breytingum, en til þess hefur áreiðanlega ekki verið ætlazt af neinum og þetta kann að byggjast á misskilningi af minni hálfu. En um þetta vil ég hafa fyrirvara, án þess að ég vilji frekar fara út í það á þessu stigi málsins eða fara að óska frestunar á þessari 2. umr. málsins, því að það ætti að gefast nægjanlegt tóm, svo mikið samráð sem um þetta mál hefur verið haft, að athuga málið milli umr. eða til 3. umr.

Ég vil svo þakka samgmn. fyrir brtt. í sambandi við 46. gr., sem ég orðaði við nm. og þeir góðfúslega tóku upp, að vegagerðin skyldi aðstoða í sambandi við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárl. eða á annan hátt. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 141, þar sem beinlínis er tekið fram: „enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárl., samkv. vegáætlun eða á annan hátt." Ég skil það svo, að í þessu felist í raun og veru engin efnisbreyting frá því, sem er í greininni með brtt. frá samgmn., eftir þeim viðræðum, sem ég hef átt við nm., en hins vegar held ég, að það sé nauðsynlegt að taka þetta sérstaklega fram vegna þeirrar framkvæmdar, sem nú verður á þessum málum, að vegáætlun á að koma fyrir þingið síðar, og ef reiðvegir ættu að fá eitthvert framlag, eins og nú horfir á þessu ári, þá yrði það að koma einmitt inn í þessa vegáætlun. Ég veit, að nm. hafa álitið, að það gæti rúmazt í orðalaginu án þessarar breytingar, en þetta er aðeins til að kveða skýrar á um, og ég veit, að það muni ekki vera neinn ágreiningur um það.

Ég skal ekki lengja tímann, eins og nú er, með því að ræða frekar um þetta og geri ráð fyrir, að um það sé enginn ágreiningur. Þetta er líka sáralítið fjárhagsatriði miðað við þær miklu upphæðir, sem hér er um að ræða. Ég veit, að mönnum er ljóst, hversu mikilvægt málið hins vegar er nú að verða í kaupstöðum og kauptúnum landsins og reyndar víðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 143) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. samgmn. fyrir það, hversu fljótt hún hefur unnið að þessu máli og leitazt við að ná samkomulagi um meginatriðin. Og það er ljóst, að af þeim 30 brtt., sem fluttar eru af n., munu vera til bóta flestar af þeim og til nánari skýringa á frv., en aðrar veigaminni, sem vafasamt er talið að séu til bóta, munu a. m. k. ekki á neinn hátt vera til skemmda á málinu.

Það hefur komið hér fram í umr. tvenns konar skilningur á ýmsum atriðum í málinu

og það er e. t. v. eðlilegt, og ég verð að segja það, að sá skilningur, sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm. (RA) á 30. gr., var mér algerlega framandi. Í 32. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri."

Það er til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, en ekki til þjóðvega, sem liggja að kaupstöðum eða kauptúnum. Það er ekki ætlazt til, að það sé til vega innan lögsagnarumdæmis utan við þéttbýlið, heldur eingöngu til gatnagerðar í þéttbýlinu, og þess vegna er enginn vafi á því, að þessi hluti, 11%, sem hér er nefnt í frv., á að koma kaupstöðum og kauptúnum til gagns við gatnagerðir innan þéttbýlisins. En sjálfsagt er, að þessi grein verði athuguð nánar fyrir 3. umr. málsins. Sömuleiðis 34. gr., sem einnig er óútkljáð, og það er sú prósenta, sem ganga skal til kauptúna og kaupstaða af því heildarfjármagni, sem til gatna- og vegagerðar á að fara. Í framsöguræðu minni við 1. umr. málsins lýsti ég því, að það væri til nánari athugunar, og sú skipting, sem er á fskj. með frv., er samkv. lauslegri áætlun vegamálanefndar, eins og hún sjálf segir. Þetta atriði mun einnig koma til nánari athugunar hjá hv. samgmn. við 3. umr. málsins, sömuleiðis 34. gr. varðandi það, sem hv. 1. þm. Reykn. gerði hér að umtalsefni áðan.

Það má vel vera, að hv. Alþingi gangi ekki þannig frá vegalögum, að ekki komi fram, þegar til framkvæmda kemur, einhver ágalli á lagasmíðinni. Ég hygg þó, að með tilliti til þess, hversu þetta mál er vel undirbúið af vegamálanefnd, verði þessi lög í heildinni að segja megi nákvæm og byggist á reynslu undanfarinna ára, en í framkvæmdinni kemur þá í ljós, hvort fljótlega þarf að sníða einhverja ágalla af, og það er vitanlega á valdi Alþingis að gera það, þegar reynslan er farin að sýna sig.

Hv. 5. landsk. þm. fann að því, að það væri með þessu frv. ekki tryggt, að öll þau gjöld, sem talað er um að renni til vegamála, þ. e. benzíngjaldið, gúmgjaldið og þungaskatturinn, verði það í framtíðinni, vegna þess að ekki sé nákvæmlega tilskilið í frv., að framlag ríkissjóðs verði a. m. k. það, sem hér er lagt til að þessu sinni, 47.1 millj. kr. Ég hygg, að það væri ákaflega erfitt að tryggja slíkt með vegalögunum einum, ef meiri hl. Alþingis vildi síðar hætta að láta ríkissjóð greiða til veganna. Ég hygg, að úr því að þessu sinni er ákveðið, að framlag ríkissjóðs skuli vera 47 millj., þurfi varla að óttast það, að sú upphæð verði lækkuð. Ef miða á við reynslu undanfarinna ára, er miklu líklegra, að sú upphæð verði hækkuð, og hygg ég því, að ótti þessa hv. þm. sé ástæðulaus.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar að þessu sinni. Það eru, eins og fram hefur komið, 3 greinar frv., sem talið er að þurfi að taka sérstaklega til athugunar við 3. umr. Það veit ég, að hv. samgmn. vill gera, og ég vænti þess, að það megi nú takast að fá lögin afgreidd fyrir jól, enda þótt það sé rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að það er eiginlega meira en hægt var að búast við. En það hefur tekizt samstarf um þetta mál, ánægjulegt samstarf, hv. þm. vilja leitast við að fá það bezta út úr því og sníða þá ágalla af, sem komið hafa í ljós við nánari athugun málsins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist, að þrjú atriði í þessu frv. séu mikilvægust til breytinga frá því, sem verið hefur um þessi atriði fram til þessa. Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir því, að nokkur skipulagsbreyting verði gerð á framkvæmd vegamálanna, og það merkilegasta í þeim efnum, að gert er nú ráð fyrir því, að gerð verði sérstök framkvæmdaáætlun yfir vegaframkvæmdir til fjögurra ára í senn. Þetta er fyrsta atriðið. Annað atriðið og það, sem er langmikilvægast í þessu frv. að mínum dómi, er það, sem snýr að fjárhagshlið vegamálanna, en með þessu frv. er gert ráð fyrir því að afla allmikils fjár til viðbótar við það, sem verið hefur, og auka þannig fjárveitingar til vegaframkvæmda í landinu. Þetta er í rauninni aðalatriði þessa frv. að mínum dómi. Í þriðja lagi er svo það nýmæli í þessu frv., að gert er nú ráð fyrir, að nokkurt fé verði veitt til vegaframkvæmda í kaupstöðum og þorpum landsins, en það hefur ekki verið til þessa.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því að leggja á ný gjöld til vegaframkvæmdanna, sem nema 86.8 millj. kr. samkv. grg. frv., og þó mundi þar koma til viðbótar talsverð hækkun á gjöldum, sem leggja á á í sambandi við sýsluvegasjóði, svo að það mun ekki fara fjarri því, að hér sé gert ráð fyrir að afla nýrra tekna til vegaframkvæmda í landinu, sem nemur 90—100 millj. kr. á ári. Hér er því gert ráð fyrir nokkuð mikilli nýrri fjáröflun til vegagerðarmála, og það hefði sannarlega ekki verið óeðlilegt, að um þetta sérstaka atriði hefðu orðið hér nokkrar umr.

Ég hygg, að allir alþm. viðurkenni, að það sé brýn þörf á því, að hægt sé að gera meira en gert hefur verið á hverju ári í vegaframkvæmdum í landinu, og það þurfi því á meira framkvæmdafé í þessum efnum að halda. Og það er auðvitað á þessari samstöðu manna, sem það byggist, að það tekst hér allmikil og greið samstaða um það að greiða fyrir framgangi þessa máls, þó að um þetta mikla skattlagningu sé hér að ræða. Því er haldið fram í sambandi við þetta meginatriði frv., sem er ný tekjuöflun, að þessi nýja tekjuöflun eigi öll að fara til aukningar í framkvæmdum í vegamálum, allur hinn nýi skattur eigi að ganga sem aukning í vegaframkvæmdir. En mér sýnist, að eins og gengið er frá frv., sé engin trygging fyrir því, að þetta verði í framkvæmd, og það tel ég vera aðalatriði málsins. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi að vísu á næsta ári, árinu 1964, fram 47.1 millj.

kr. á fjárlögum til viðbótar við hina föstu tekjustofna, sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv., og með því framlagi er gert ráð fyrir, að ríkissjóður sem slíkur geri hvorki að vinna né tapa fjárhagslega frá því fyrirkomulagi, sem verið hefur. En hvernig á þetta svo að verða samkv. þessum vegalögum á næstu árum? Þá stendur í þessu frv., í 89. gr., að til vegagerðarmálsins skuli vera það fé, sem tekjustofnar þessa frv. gera ráð fyrir, en auk þess skuli svo koma til það, sem árlega er veitt til vegamála á fjárlögum. En það getur verið bæði mikið og lítið. Mér sýnist því engin trygging vera fyrir því, eins og þetta frv. liggur fyrir, að sá nýi skattur, sem nú er verið að leggja á, fari sem viðaukaframlag til vegagerðarmála í landinu, ef ekki er gengið betur frá þessari grein en þarna er gert. Og það er algert skilyrði frá minni hálfu að vera með því að leggja á þennan nýja skatt, jafnmikill og hann er, í þessu skyni, að það sé tryggt, að þessi nýi skattur komi sem viðaukaframlag til vegagerðarmála í landinu, en verði ekki á beinan eða óbeinan hátt notaður sem raunverulegur tekjustofn handa ríkissjóði, miðað við það ástand, sem verið hefur til þessa.

Ég hef því hugsað mér að flytja brtt. við þessa grein frv. Brtt. mín er, með leyfi forseta, á þessa leið, að við 89. gr. frv. bætist: „Og sé það eigi lægra en 1/4 hluti þess fjár, sem fæst samkv. ákvæðum 85.—87. gr.“ Ég vil binda það fast í l., að það framlag, sem tekið skal upp á fjárlög hverju sinni, skuli vera eftirleiðis í sömu hlutföllum við tekjustofnana, sem ákveðnir eru í frv., eins og framlag ríkisins á að vera á árinu 1964, sem lágmark. Það er sem sagt hægt að auka við það, ef þörfin virðist vera sú, að gert sé meira, en ég álít, að það eigi að binda sig við þetta sem lágmark, því að ef það er ekki gert, er ríkissjóður á óbeinan hátt að taka handa sér þann nýja tekjustofn, sem nú er gert ráð fyrir að lögleiða.

Sú aths., sem hæstv. samgmrh. gerði hér í sambandi við þetta, að það sé í rauninni ekki hægt að tryggja það, að þetta framlag verði veitt á fjárl., vegna þess að það sé í rauninni alltaf hægt að breyta því af Alþingi, er í rauninni alveg ófullnægjandi skýring hjá hæstv. ráðh. Auðvitað vitum við það, að Alþingi getur breytt öllu því, sem í lögum stendur. En um leið og Alþingi samþykkir nýjan tekjustofn á þeim forsendum, að hann skuli allur ganga sem viðaukafé til vegagerðarmála, þá er rétt, að hitt fylgi með, að sá hluti, sem ríkið hefur lagt fram á móti og á að leggja hér fram á móti samkv. því hlutfalli, sem ráðgert hefur verið, sé líka bundinn í l. um leið, að það skuli vera að lágmarki þetta. Ég tel, að þetta skipti alveg meginmáli.

Það er augljóst, að gerð er grundvallarskipulagsbreyting samkv. þessu frv. á fjárveitingum öllum til vegagerðarmála. Eins og málin standa nú, þarf, til þess að nýi skatturinn komi allur sem hreint viðaukafé, á árinu 1964 að leggja fram á fjárl. 47.1 millj. kr. En hvernig verður þetta svo í framkvæmd, t. d. á árinu 1965 eða næstu árum þar á eftir? Þá er í rauninni þetta hlutfall týnt og gleymt, og það er hægt að togast lengi á um það, hvað ríkissjóður á þá að leggja mikið fram til vegagerðarmála, til þess að það sé áfram tryggt, að sá nýi skattur, sem á er lagður, hafi farið sem viðaukafé til framkvæmdanna. Það er því í rauninni, ef menn vilja halda sig við það í framkvæmdinni, sem þeir lýsa yfir í þessum efnum, óhjákvæmilegt að binda nú fastmælum hlutfallið á milli þess, sem veitt er á fjárlögum, og tekjustofnanna.

Eins og ég sagði áður, mun ég verða með því, að þessi nýju gjöld verði á lögð, vegna þess að ég viðurkenni þörfina á því, að unnið sé meira en gert hefur verið að undanförnu að vegagerðarmálum í landinu. En ég get ekki verið með í því að leggja á svona háan skatt eins og hér um ræðir, ef það á að vera opið á eftir með lítils háttar framkvæmdatilhögun, að þessi skattur komi raunverulega fyrir það framlag, sem hingað til hefur verið frá hálfu ríkisins til vegagerðarmála, — ef hinn nýi skattur á að koma í staðinn fyrir það, sem hingað til hefur verið lagt til þessara mála af ríkinu.

Ég gat um það, að ég teldi þrjú atriði mikilvægust til breytinga í þessu frv., og hef nú vikið að tveimur, þ. e. a. s. vegagerðaráætlun og framkvæmd samkv. áætlun og í öðru lagi þeirri grundvallarbreytingu, sem hér er gerð á tekjuöflun til vegagerðarframkvæmda. En þriðja breytingin er svo varðandi það ákvæði, að nú er gert ráð fyrir því, að nokkurt fé verði veitt til kaupstaða og kauptúna í landinu til vegagerðarmála þar. Hér er um nýmæli að ræða. Samkv. þeim áætlunum, sem liggja fyrir í grg. frv., er gert ráð fyrir því, að á næsta ári geti á þennan hátt runnið um 27 millj. kr. til vegagerðarmála í kauptúnum og kaupstöðum landsins. Þetta framlag hrekkur auðvitað skammt til þeirra miklu framkvæmda, sem þarna er þörf, það vita menn. En óneitanlega mundi þarna samt sem áður verða um nokkra aðstoð að ræða í mörgum tilfellum og er ekki óeðlilegt, að þetta sé gert, þegar horfið er að því ráði að skattleggja umferðina í landinu á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., vegna þess að umferðin í landinu fer auðvitað að yfirgnæfandi meiri hl. fram einmitt í kaupstöðum og kauptúnum landsins. En ég verð að segja það, að mér sýnist, eins og hér hefur komið fram í þessum umr., að ákvæði bæði 30. gr. og 32. gr. séu með þeim hætti, að þessi hlutur, sem nú á að renna til kaupstaða og kauptúna í landinu, komi mjög misjafnlega stöðunum til góða. Mér sýnist t. d., að sá litli hluti, sem á að koma í hluta mins heimabyggðarlags, Neskaupstaðar, sá litli hluti kemur allur sem hreint umframfé fram yfir það, sem við höfum haft hingað til til okkar vegagerðarmála, — hvort sem sú upphæð verður heldur 250 eða 300 þús. kr., þá rennur sú upphæð til kaupstaðarins, til vegagerðarmála í kaupstaðnum, en hingað til hefur sá kaup-

staður ekki fengið einn einasta eyri til sinna vegagerðarmála frá öðrum en útsvarsgreiðendum í kaupstaðnum. Hins vegar verður framkvæmdin sýnilega sú, að aðrir staðir, t. d. eins og Kópavogur, sem hér hefur verið nefndur, geta mjög knapplega fengið nokkurn hluta af þessum skatti, sem sagt er að eigi að renna til vegagerðarmála í kaupstöðum og kauptúnum, til þeirra framkvæmda, sem hingað til hafa hvílt á kaupstaðnum, vegna þess að það er sýnilega gert ráð fyrir því, að þessi hluti verði um ófyrirsjáanlega framtíð öða langa framtíð a. m. k. að renna til þess að gera þann þjóðveg, sem liggur í gegnum kaupstaðinn. En kostnaður af þeim vegi hefur hingað til verið á herðum ríkisins, að ég ætla. Ég verð að segja það, að mér þykir það meira en lítið hugstæð túlkun á lagagrein að ætla að túlka 30. gr. þannig, að það megi ákveða samkvæmt 30. gr., að nokkur hluti af þjóðveginum, sem liggur nú í gegnum Kópavog, eigi að tilheyra kaupstaðnum, en meginhlutinn af honum eigi að tilheyra ríkinu, vegna þess að í 30. gr. segir, að fyrsta aðalskilyrðið, sem miðað skuli við í sambandi við ákvörðun á þjóðvegi, sem tilheyri kaupstað, sé, að eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið. Það er alveg greinilegt, að til þess er ætlazt, að þjóðvegur sá, sem tilheyrir kaupstaðnum, sé í eðlilegu samhengi við annað þjóðvegakerfi.

Mér sýnist, að þetta mundi fara nokkuð svipað um framkvæmdir í öðrum byggðarlögum. Þar mundi sá litli hluti, sem viðkomandi sveitarfélag á að fá af þessum benzínskatti, raunverulega fara til þess að gera þann þjóðveg, sem gengur í gegnum byggðarlagið, en hingað til hefur að litlu eða engu leyti tilheyrt viðkomandi byggðarlagi. Sá hluti benzínskattsins, sem ætlað er því að renna til þorpa og kaupstaða, mér sýnist, að samkv. ákvæðum þessa kafla mundi sá hluti koma mjög misjafnlega byggðarlögunum til góða. Ég er því á því, að það sé réttmætt að breyta orðalagi í þessum kafla til þess að fá þarna fram alveg merkingarmun.

Það eru auðvitað ýmis önnur ákvæði, sem ég hefði gjarnan viljað ræða um, í þessu frv., en ég skal nú hverfa frá því, því að ekki vil ég standa á neinn hátt í vegi fyrir því, að hægt sé að koma þessu máli í gegnum þingið á þeim skamma tíma, sem eftir er til starfa fyrir jól, þó að það sé hins vegar augljóst mál, að við höfum ýmsir haft allsendis ófullnægjandi tíma til þess að geta kynnt okkur málið og það sé í rauninni farið fram á mjög mikið af hæstv. ríkisstj. að fara fram á það, að málið fái slíka afgreiðslu eins og hér er farið fram á, svo seint sem það hefur komið fram hér í þinginu. En sem sagt, ég legg hér fram eina brtt. við 89. gr., og í mínum augum skiptir afgreiðsla þeirrar till. grundvallarmáli, því að það, hvort hún fæst samþykkt eða ekki, segir að mínum dómi alveg til um það, hvort Alþingi vill fastákveða, að þau nýju gjöld, sem hér er verið að leggja á, skuli verða lögð á í því skyni, að fyrir það fé allt skuli unnin viðbótarverk við það, sem hingað til hefur verið unnið að í vegagerðarmálum.

Ég vil svo óska, að forseti leiti afbrigða um þessa till., svo sem hún megi koma hér fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 145) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 113, n. 139, 140, 141, 143, 145).

ATKVGR.

Brtt. 140,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 140,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,3 (ný 10. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
— 140,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 140,5 samþ. með 29 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 140,6 (ný 14. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
— 140,7 (ný 15. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
— 140,8 (ný 16. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
— 140,9 samþ. með 28 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 140,10 samþ. með 31 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,11 samþ. með 27 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,12 samþ. með 31 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,13 samþ. með 32 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,14 samþ. með 30 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 140,15 samþ. með 33 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 140,16 samþ. með 32 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,17 samþ. með 33 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 143 tekin aftur til 3. umr.
30.—31. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 140,18 samþ. með 30 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
33.—36. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
37.—40. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
41.—43. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 140,19 samþ. með 34 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

45. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 140,20 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 141 samþ. með 24 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
47.—51. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
52.—54. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
55.—58. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 140,21 samþ. með 32 shlj. atkv.
59. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 140,22 samþ. með 35 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
61.—63. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
64.—67. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
68.—79. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,23 samþ. með 31 shlj. atkv.
80. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
81. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
82. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,24 samþ. með 31 shlj. atkv.
83. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 140,25 samþ. með 31 shlj. atkv.
84. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
85.—87. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 140,26 samþ. með 30 shlj. atkv.
88. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 145 tekin aftur til 3. umr.
89.—96. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
97.—98. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
99.—100. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 140,27 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 146, 143, 145, 152, 154).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgöngumálanefndir beggja þingdeilda hafa unnið saman að athugun á frv. því til vegalaga, sem hér liggur fyrir, milli 2. og 3. umr. Það hefur orðið samkomulag í n. um nokkrar brtt. við frv., sem nú hefur verið útbýtt hér á þskj. 154.

1. brtt. n. er við 12. gr. frv. og fjallar um það, að bætt skuli inn í upptalningu síðustu mgr. gr. orðinu „félagsheimili".

2. brtt. er við 17. gr. frv. um, að vegamálastjóri komi í stað vegagerðar ríkisins.

3. brtt. n. og sú veigamesta er við 32. gr. frv. Þar er lagt til, að árlegt framlag til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum skuli nema 12½% af heildartekjum vegamála í stað 11%, eins og gert er ráð fyrir í frv. upprunalega.

Í 4. brtt. er lagt til, að 2. mgr. 34. gr. frv. falli niður.

Þá er einnig lagt til, að sú breyting verði gerð á upphafi 30. gr., að hún orðist þannig, að á eftir orðunum „að fengnum till. vegamálastjóra" komi: „að svo miklu leyti sem vegáætlun mælir ekki fyrir um." Með þessu er það talið nægilega tryggt, að eðlileg mörk verði fundin milli þjóðvega innan kaupstaða og utan við þá.

Eins og hv. þm. muna, komu fram við 2. umr. málsins raddir um, að ákvæði 34. gr. væru sérstaklega óhagkvæm einum kaupstað, þ. e. a. s. Kópavogskaupstað. Um þetta flutti hv. 1. þm. Reykn., Axel Jónsson, ýtarlega ræðu, þar sem hann gerði grein fyrir sjónarmiðum ráðamanna kaupstaðarins. Enn fremur ritaði bæjarstjórn eða bæjarráð Kópavogskaupstaðar samgmn. ýtarlegt bréf um þetta. Loks hefur hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, sent samgmn. brtt., sem hann mæltist til þess við n. að hún flytti og miðaði að því að leysa þetta vandamál.

Ég vil aðeins af þessu tilefni segja það, að n. lagði sig mjög fram um að leysa þennan vanda, sem þarna er um að ræða, ræddi þetta við samgmrh., vegamálastjóra og fleiri aðila, og það er von n., að með þeim tveimur brtt., sem hún hefur flutt á þskj. 154, við 30. og 34. gr., hafi þetta tekizt. Ég tel rétt að lesa hér það bréf, sem n. barst frá bæjarstjórn að bæjarráði Kópavogskaupstaðar. Það er dags. hinn 12. des. s. l. og er á þessa leið:

„Bæjarráð Kópavogskaupstaðar hefur falið mér að rita yður vegna frv. þess til vegalaga, sem nú liggur fyrir hæstv. Alþingi, til þess að leggja áherzlu á sérstöðu kaupstaðarins.

Bæjarráð lítur svo á, að 2. mgr. 34. gr. frv. muni torvelda mjög lagningu þess hluta Reykjanesbrautar, sem liggur um Kópavog, nema aðrar ráðstafanir komi til. Eins og hæstv. samgmn. mun kunnugt, mun varanleg gerð Reykjanesbrautar um Kópavog kosta tugi milljóna. Óþarfi er að lýsa því í löngu máli, hve brýn þörf er á að hefja varanlega gatnagerð á þessum vegakafla, sem er langfjölfarnastur allra vega utan Reykjavíkur. Með þeim greiðslum, sem gert er ráð fyrir í frv. samkv. 32. gr. og 34. gr., mun ekki séð fyrir endann á byggingu vegarins um langa framtíð. Fyrir því er það ósk bæjarráðs Kópavogskaupstaðar, að 2. mgr. 34. gr. verði felld niður eða sett ákvæði í frv., er tryggi, að sérstaða Kópavogskaupstaðar verði tekin til greina. Með von um skilning yðar og fyrirgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Hjálmar Ólafsson."

Við þessari höfuðósk, sem fram kemur í þessu bréfi bæjarráðs Kópavogskaupstaðar, hefur n. sem sagt orðið.

Ég vil einnig leyfa mér að lesa brtt. þá, sem n. barst frá Jóni Skaftasyni, hv. 4. þm. Reykn. Þar var lagt til, að við 2. mgr. 32. gr. bættist:

„Nú er nauðsynlegt vegna umferðar á þjóðvegi innan kaupstaðar eða kauptúns að leggja fjórfalda akbraut með varanlegu slitlagi, hraðbraut A, og skal þá viðkomandi sveitarfélag aðeins kosta helming verksins af tekjum sínum samkv. 1. mgr. 32. gr., enda sé a. m. k. helmingur umferðarinnar vegna gegnumferðar um sveitarfélagið. Hinn helmingurinn telst til kostnaðar við gerð þjóðvega utan kaupstaða

og kauptúna. Með kostnaði við slíkan veg telst kostnaður við gerð brúa yfir veginn eða jarðgöng undir hann.“

Eins og ég sagði, vænti ég, að sú samkomulagsleið, sem samgmn. þingsins fundu á þessum vanda, sé fullnægjandi þessum hv. þm., sem að sjálfsögðu hafa mikinn áhuga á því að tryggja hagsmuni þessa kaupstaðar og leysa það sérstæða vandamál, sem þarna er um að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessar brtt. samgmn. N. stendur óskipt að þeim og mælir með því, að frv. verði samþykkt svo breytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði í hyggju að taka til máls við 2. umr. þessa máls, en með því að dagskrá var mjög ásett þann dag, sem málið var til umr., og áherzla lögð á að ljúka umr. þá, þá frestaði ég því að taka til máls um frv. um sinn, en vildi nú leyfa mér að segja um það nokkur orð hér við 3. umr., jafnframt því sem ég geri grein fyrir brtt. nokkrum, sem ég hef leyft mér að bera fram við frv. á þskj. 152.

Það er víst óhætt að segja, að á flestum þingum, síðan breyting var gerð á vegalögum síðast, 1955, hafi hv. alþm. borið fram till. um opnun vegalaganna. Síðan eru nú liðin 8 ár, og allan þennan tíma hafa vegalögin ekki verið opnuð, sem kallað er, enda þótt fyrir hafi legið fjöldi till. um að taka nýja vegi upp í tölu þjóðvega. Það eru því ekki alllítil tíðindi hér á Alþingi og í rauninni fyrir gjörvalla landsbyggðina, þegar sú stund er nú runnin upp, að ekki aðeins stendur til að opna vegalögin, heldur að setja algerlega ný vegalög, sem eru að ýmsu leyti mjög frábrugðin þeim vegalögum, sem í gildi hafa verið.

Vegamál eru og hafa löngum verið hér á Alþingi meðal þeirra mála, sem öll landsbyggðin hefur fylgzt með af mestum áhuga og einna erfiðust hafa verið í afgreiðslu fyrir þm. Nú, þegar það stendur til að gerbreyta þessari löggjöf, hefði það verið mjög æskilegt, að þingið hefði haft rúman tíma til þess að sinna henni og afgreiða hana. Svo margir eru það víðs vegar um land, sem láta sig varða ákvæði þessara laga, að það hefði verið æskilegt, að þm. hinna einstöku kjördæma hefðu haft aðstöðu og ráðrúm til þess að bera sig saman við ýmsa slíka aðila víðs vegar um landið og leita álits þeirra. Jafnvel má segja, að það hefði ekki verið óeðlileg meðferð á þessu máli, að það yrði látið bíða milli þinga, eins og stundum er um skipulagsbreytingar, þannig að þjóðinni gæfist kostur á að átta sig betur á málinu. Nú er það svo, að það er ekki liðinn nema hálfur mánuður eða víst tæplega það, síðan þetta frv. var fyrst lagt fram hér í hv. d., og mikill hluti dm. var, eins og tekið var fram við 1. umr., algerlega ókunnugur málinu, vegna þess að undirbúningur hafði verið á þá leið, að það var ekki kunnugt þm. almennt. Einmitt um það leyti, sem frv. er lagt fram, stendur svo á, að þingið er að byrja að fást við lokaafgreiðslu fjárl., og að sjálfsögðu hefur tími alþm. að mjög miklu leyti gengið til þess að fylgjast með og taka þátt í þeirri afgreiðslu, sem venja er að sé aðalmál þingsins þann tíma, sem hún stendur yfir. Þar að auki hefur samgöngum verið þannig háttað í landinu undanfarið af ástæðum, sem hér þarf ekki að greina, að nokkrir erfiðleikar hafa verið á því að ná sambandi milli landshluta fyrir þm., sem það vilja við hafa. En það þarf ekki að orðlengja um það, að ástæðan til þess, að málinu er nú svo mjög hraðað og að tekizt hefur samkomulag í hv. samgmn. um afgreiðslu málsins, er vitanlega sú mikla þörf, sem nú er fyrir hendi á því að auka fé til vegaframkvæmda, en það er einmitt eitt meginatriði þessa frv. að sjá fyrir tekjum á sérstakan hátt til þess að auka fé til vegagerðar. Þetta er að sjálfsögðu ástæðan til þess, að málið er nú afgreitt hér með þessum hraða og að þetta samkomulag hefur tekizt, þessi brýna og aðkallandi þörf vegna ástands vegakerfisins. Og það gerist nú á þann hátt, þessi fjáröflun, að henni fylgir þetta stóra bákn, frv. til vegalaga, sem hér liggur fyrir. Ég hefði talið, að það hefði verið æskilegra, að afgreiðsla þessa vegamáls hefði getað orðið á þá leið, að fjár hefði verið aflað til vegagerðar, en eitthvað meira ráðrúm hefði verið til þess að spjalla um hinar mörgu breytingar á vegalöggjöfinni og endurskoðun hennar í heild, sem hér er um að ræða.

Ég ætla engu að spá um það, hvernig það skipulag muni gefast, sem hér er gerð tilraun til að taka upp í vegamálum. Enda þótt það sé að sjálfsögðu æskilegt að gera áætlanir fram í tímann, bæði um þessar framkvæmdir og aðrar, bæði um kostnað, þannig að menn hafi einhverja hugmynd um eðli þeirra verkefna, sem fyrir liggja, og um annað í því sambandi, þá á það eftir að sýna sig, hvernig sú tegund áætlunar, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., gefst. Og það er ekki nema eðlilegt, enda veit ég, að það er svo, að landsbyggðin víðs vegar um land elur nokkurn ugg í brjósti um það, að hinar miklu og dýru vegaframkvæmdir, sem nú er farið að gera ráð fyrir hér á suðvesturhorni landsins, þar sem fólksfjöldinn er mestur, sogi til sín svo sem eins og ósjálfrátt bróðurpartinn og vel það af þeim sameiginlega sjóði, sem ætlaður er til vegamála. Og ég geri ráð fyrir því, að það þurfi að hafa í huga á komandi árum, hvort ekki séu ráð til þess að koma í veg fyrir, að hlutur fámennari byggða verði um of skertur eða um of á hann gengið, þegar nú verður farið að gera áætlun á nýjan hátt um úthlutun hins sameiginlega sjóðs.

Þetta vildi ég nú segja almennt um málið, og ég vil einnig segja, að það er ýmislegt í þessu frv. og þá sérstaklega í 12. gr. þess, sem fjallar um hina svokölluðu vegáætlun og skiptingu vega eftir vissum reglum, sem ég hugsa til með nokkrum kvíða, t. d. hvernig ég eigi að skýra ákvæði þessarar greinar fyrir þeim, sem um það spyrja, hvað hún merki. Mér er

t. d. ekki ljóst, hvað það merkir, að þjóðbraut skuli vera vegur, sem nær til 1000 íbúa svæðis. Mér er það ekki ljóst, hvernig það á að skýra. Og sumt í ákvæðunum um landsbraut er einnig þannig, að mér er ekki fyllilega ljóst, hvernig á að skýra það. Hvar á t. d. að kalla vegarenda á þeim vegi, sem ekki er til, ekki hefur verið lagður? Og hvað á að kalla vegarenda á vegi, sem liggur — við skulum segja fram eftir dal og svo sem fjallvegur og yfir í annan dal? Hvar er sá vegarendi? Ég býst við, að þeir, sem mest hafa fjallað um þetta mál, hafi á þessum hlutum sínar skýringar, og uppdrættirnir, sem fylgdu þessu frv. frá vegalaganefndinni, benda nokkuð í þá átt, hvernig þeir, sem að undirbúningi málsins unnu, eða a. m. k. þeir, sem þessa uppdrætti gerðu, hafi viljað hugsa sér þessa skiptingu veganna í flokka. En hvort sú skipan, sem vegakortið sýnir, á alltaf fulla stoð í þeim ákvæðum, sem hér standa í frv., það er annað mál. Ég hef samt ekki lagt út í það að bera fram brtt. við þessi ákvæði. Það er nú svo, að síðar á þessu þingi er eftir sú hin þyngri þrautin, að semja hina margnefndu vegáætlun. Þá mun þetta sjálfsagt skýrast frekar fyrir mönnum, og ekki kæmi mér alveg á óvart, þótt við teldum þörf á því, þegar farið verður að semja hina fyrstu vegáætlun til bráðabirgða, jafnvel þá þegar, að breyta einhverjum ákvæðum í þessu frv. En í sambandi við það vil ég strax koma að brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram og er sú 8. í röðinni á þskj. 152, en sú brtt. fjallar um, að fara skuli fram endurskoðun á þessum lögum innan skamms tíma, og um það, á hvern hátt sú endurskoðun skuli fara fram. Ég tel, að rétt sé að setja inn í lögin ákvæði um endurskoðun, sem fari fram áður en langt líður og á þann hátt, sem sú endurskoðun, sem nú er um að ræða, hefði átt að fara fram.

Ég verð að segja það eins og er, að á þessum tíma, sem liðinn er, síðan frv. kom fram, hefur mér ekki tekizt að gera mér fyllilega grein fyrir öllu, sem í því stendur, og ekki heldur að afla mér upplýsinga, t. d. í tölum, um ýmis atriði, sem ég hefði viljað afla mér upplýsinga um, áður en ég tæki afstöðu til þessa máls eða ætti um það að fjalla. Og ég get vel skilið, að þeim, sem að þessu máli hafa unnið í hv. samgmn., hafi einnig reynzt tíminn nokkuð stuttur til þess að afla sér slíkra upplýsinga. Eigi að síður hef ég gert tilraun til þess að orða nokkrar brtt. við frv., sem ég hef nú leyft mér að leggja fram. Ég lagði þær fram í gærkvöld og afhenti jafnframt eintak af þeim formanni hv. samgmn., og ég sé reyndar, að n. hefur nú tekið upp í hinar nýju till. sínar efni, sem er shlj. sumum þessara till., en veit þó ógerla, hvort hún hefur fjallað um þær til hlítar, enda var henni náttúrlega ekki skylt að gera það, þar sem þær voru ekki formlega fram komnar.

1. brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram, er við 1. gr. og er um það, að aukið sé inn í upptalningu þeirra mannvirkja, sem teljast til vega, þar sem talað er um brýr, jarðgöng, ferjubryggjur og vetrarvegi, þá verði bætt þar inn í hliðum og vegristum á vegum. Þetta eru algeng mannvirki. Vegristarnar eru mjög algengar, þar sem um girðingar er að ræða, og vegagerðin hefur oft gert hlið á girðingar, þar sem vegir hafa verið lagðir í gegn. Mér sýnist eðlilegt, þó að það skipti ekki mjög miklu máli, að þessi mannvirki séu tekin upp á þeim stað, þar sem verið er að telja nokkuð nákvæmlega mannvirki, sem séu hluti af vegagerð. Þess vegna er þessi till. fram komin, aðeins til þess að auka þessa upptalningu, auka inn í hana mannvirkjum, sem eru staðreynd á vegunum.

Við upphaf 12. gr. hef ég gert brtt., sem er nr. 2 á þskj., en þá brtt. ætla ég að nánar athuguðu máli að taka aftur og mun ekki gera hana að umræðuefni, þ. e. a. s. a-liðinn. En í b-lið brtt. hef ég gert ráð fyrir, að félagsheimilum verði bætt inn í upptalningu þeirra staða, sem ætlazt er til að landsbraut nái til. Þessa till. hefur n. tekið upp, og ég vil því einnig taka hana aftur. C-liður þessarar till. fjallar einnig um þessa upptalningu, sem hér er í 12. gr. um landsbraut. Í lok þeirrar greinar segir svo: „Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.“ Þetta er sem sé heimild fyrir vegamálastjórnina eða þá, sem fjalla um þessa áætlun, að telja landsbraut að innsta býli í byggð, þar sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð. Ég hef leyft mér að leggja til, að við þetta bætist: „og enn fremur að býli undir heiði, þar sem venja er að gangnamenn safnist saman til heiðasmölunar.“ Ég býst við, að í sumum héruðum landsins kunni mönnum að koma þetta dálítið ókunnuglega fyrir sjónir, þar sem afréttir eru stuttar, en þessi till. er byggð á staðarþekkingu í vissum landshlutum, ef svo mætti segja. Það hagar sums staðar svo til, að menn úr einum eða jafnvel fleiri hreppum safnast saman á einn stað til þess að smala mjög stóra afrétt, — afrétt, sem getur tekið eina 2—3 sólarhringa að smala og þar sem gangnamenn liggja í kofa, sem kallað er. Þessi fjöldi gangnamanna úr einum eða fleiri hreppum safnast saman á einn stað á því býli, sem er undir heiðinni. Þetta skapar að sjálfsögðu nokkra umferð, ekki aðeins þegar göngur eru, heldur einnig á öðrum tímum, þegar þarf að vinna að ýmsum framkvæmdum í sambandi við gangnakofa og þess háttar. Mér finnst, að landsbraut megi alveg eins ná að slíkum býlum og að innsta býli, þar sem fjallvegur liggur upp úr byggð, og hef þess vegna borið fram þessa till.

Þá er hér brtt. í tveim liðum við 17. gr. Í upphafi 17. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Vegagerð ríkisins semur í samráði við sýslunefndir framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi“ o. s. frv. Ég hef lagt til, að þarna komi orðið „vegamálastjóri“ í staðinn fyrir vegagerð ríkisins, og er það í samræmi við aðrar greinar í frv., eins og þær eru nú. Þessa till. hefur hæstv. samgmn. tekið upp, og tek ég hana því aftur.

Í síðari mgr. þessarar greinar segir svo, að sýsluvegaáætlun öðlist gildi, þegar sýslunefnd hefur samþykkt hana og samgmrh. staðfest hana. En í frv. er gert ráð fyrir, að í þessari sýsluvegaáætlun séu sýsluvegir taldir, þannig að það er gert ráð fyrir því, að það þurfi staðfestingu rn. til þess, að sýslunefnd geti gert vegi að sýsluvegum. Sömuleiðis er í 19. gr. talað um samþykktir fyrir sýsluvegasjóði og að þær öðlist gildi, þegar ráðh. hefur staðfest þær. Þetta eru í raun og veru tvö ákvæði um svipað efni, þ. e. a. s. um sýsluvegina, hverjir þeir skuli vera, og um áætlunina, þ. e. a. s. um, hvernig fjármunum skuli varið til þessara vega. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir því, að rn. þurfi að staðfesta ákvörðun sýslunefndar, þ. e. a. s. áætlunina og sýsluvegasjóðssamþykktina. Mér finnst, að um ákvörðun sýsluvega og um sýsluvegaáætlun eigi að gilda svipuð ákvæði og um þjóðvegi og þjóðvegaáætlunina, hliðstæð ákvæði. Það er gert ráð fyrir því, að tveir aðilar fjalli um þjóðvegaáætlun, þ. e. a. s. vegamálastjóri og Alþingi, og að því, er sýsluvegina varðar, virðist mér, að sýslunefndin eigi að vera hliðstæður aðili við Alþingi, þannig að það eigi að nægja, að sýslunefnd og vegamálastjóri fjalli um sýsluvegaáætlun og um sýsluvegasjóðssamþykkt, og að það sé óþarft að leggja slíkt undir ráðuneyti á hverjum tíma, þar sem það er ekki gert um þjóðvegina. Þetta er það efni, sem felst í brtt. við 17. gr., b-lið, og brtt. við 19. gr.

Þá hef ég leyft mér að flytja brtt. við 20. gr., þess efnis, að sýsluvegasjóðurinn, sem á að annast viðhald sýsluveganna, fái endurgreiddan úr ríkissjóði eða hinu almenna vegafé 1/3 af viðhaldskostnaði. Það er alkunna, að ástand sýsluvega er víða mjög bágborið, vegna þess að sýslurnar eða sýsluvegasjóðirnir hafa haft yfir litlum fjármunum að ráða til sinna framkvæmda. Þetta fé verður nú aukið samkv. þessu frv., og er það vel. Eigi að síður óttast ég, að svo fari nú sem fyrr í þeim héruðum, sem úr minnstu hafa að spila og þar sem verkefni eru mikil, að viðhaldið verði vanrækt. Og ég vildi gjarnan, að það kæmi inn í frv. nokkur hvatning til sýslunefndanna til þess að auka viðhaldið á þann hátt, að úr hinum almenna sjóði kæmi á móti nokkurt tillag, sem ég hef hér lagt til að yrði 1/3 á móti því, sem sýsluvegasjóðurinn leggur fram til viðhaldsins.

Þá hef ég gert brtt. við 45. gr. frv., en 45. gr. fjallar um kostnað við fjallvegi, að hann skuli greiðast úr ríkissjóði samkv. vegáætlun. Sums staðar á landinu, þar sem ég þekki til, hafa bændur gert nokkuð að því nú undanfarið að ryðja leiðir um afréttir. Þetta eru í raun inni ekki vegir í venjulegum skilningi, heldur eru þetta ruddar leiðir, sem færar eru dráttarvélum og jeppabifreiðum og öðrum slíkum farartækjum. Það er til mjög mikils hagræðis í fámenninu, sem sums staðar er í sveitunum, og reyndar víðar, að geta haft slík tæki til aðstoðar við smölun og rúningu í stórum afréttum, slík tæki eins og dráttarvélar eða jeppa. En þó að hér sé ekki um merkilega vegi að ræða, þá kosta þeir samt nokkurt fé, og mér finnst eðlilegt, að úr hinum almenna vegasjóði yrði lagt fram eitthvert fé, sem vegamálastjóri ætti þá að skipta til slíkra framkvæmda.

Ég veitti því athygli við 2. umr. málsins, að þá var samþ. hér í hv. deild till., sem ekki kom frá samgmn., heldur var borin fram af einstökum hv. þm., um að ætla á vegáætlun einhverja upphæð til þess að gera reiðvegi, hestavegi meðfram þjóðvegum. Ég er ekki að lasta þessa framkvæmd, síður en svo. Hún getur verið gagnleg. En ég álít þó, að ástæða sé engu síður til þess að styðja þessa framkvæmd, sem nú er hér nefnd. Ég vil skýra frá því í þessu sambandi, að á síðasta búnaðarþingi var þetta mál til umr. og þar var samþ. ályktun um þetta efni, að fara fram á það, að hið opinbera veitti eitthvert fé til þessara ruddu afréttarleiða. Ég hygg, að vegamálastjóri hafi gert eitthvað að því að styðja svona framkvæmdir, en nú er verið að setja ný lög, og ég vil leggja til, að þetta verði tekið inn í þau. Ég hygg, að það mundi víða mælast vel fyrir og verða til hvatningar, og hér er ekki um stórar fjárupphæðir að ræða.

Við 66. gr. frv., sem er ein af þeim greinum, sem fjalla um vegaviðhaldið, hef ég leyft mér að gera tvær brtt., sem báðar varða snjómokstur á vegum. Önnur brtt. er um það, að orðin „að vetrarlagi" falli niður. Svo háttar til á landi voru, að snjór fellur ekki eingöngu um vetur, heldur einnig um sumar. Ég sé, að hv. n. hefur tekið þetta efni upp í síðustu till. sínar, þess vegna get ég tekið a-liðinn aftur í brtt. við 66. gr. En b-liður brtt. skiptir meira máli, og um hann vil ég fara nokkrum orðum.

Í 66. gr. frv. er kveðið svo að orði, að ef ástæða þykir til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, skuli telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd að því er sýsluvegi snertir."

Þessum tveim málsl., sem ég nú hef lesið orðrétta, vil ég leggja til að breytt verði nokkuð. Snjómokstur á vegum er mikið vandamál. Það snjóar mikið á þessu landi og að vísu misjafnlega. Atvinnuhættir og þjóðlífshættir eru orðnir slíkir hér í landinu, að það hentar ekki, að alfaravegir, sem akfærir eru, séu lokaðir tímum saman, þannig að ekki verði um þá komizt. Þess vegna hefur ekki orðið hjá því komizt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að moka snjó af vegum. Svo óárennilegt sem mönnum kann að hafa virzt það í öndverðu að leggja út í slíkt, þá hefur það samt reynzt óhjákvæmilegt. En ég ætla, að ég geri engum rangt til, þó að ég leyfi mér að halda því fram, að snjómokstur sá, sem fram hefur far-

ið eða átt hefur sér stað á vegum ríkisins eða vegagerðarinnar, hafi einkum átt sér stað í þeim landshlutum, þar sem umferðin er allra mest. Og það er auðvitað ekki óeðlilegt, að mest þurfi til þeirra aðgerða að kosta, þar sem umferðin er mest og þar sem daglega þarf að fara um vegina. En einnig á öðrum stöðum víðs vegar um landið, þótt umferð sé ekki eins mikil, þá verður þess oft og tíðum mjög brýn þörf að halda opnum vegi. Þessi þörf verður alls staðar fyrir hendi og í ríkustum mæli þar, sem mjólkurframleiðsla er aðalatvinnugrein í sveitum eða bændur almennt stunda mjólkurframleiðslu. En einnig í öðrum byggðarlögum, þar sem ekki er mjólkurframleiðsla, getur undir ýmsum kringumstæðum verið mjög mikil þörf á því, að vegum sé haldið opnum, ekki endilega daglega, heldur á sérstökum tímum, þegar flutningaþörfin verður mest. En flutningaþörfin milli byggðanna og verzlunarstaða þeirra er nú mörgum sinnum meiri en hún áður var, og það veldur oft hreinum vandræðum, ef vegir teppast til lengdar, þó að ekki sé um daglega, brýna samgönguþörf að ræða í sambandi við mjólkurframleiðslu eða þess háttar. Og ég vil segja það, að ég lít svo á, að þjóðfélagið eigi að viðurkenna þessa þörf hvar sem er á landinu. En til þessa hafa ýmis þau byggðarlög, sem fjærst eru höfuðstöðvunum hér, átt mjög undir högg að sækja um að fá vegi sína opnaða, þó að um brýna nauðsyn hafi verið að ræða, og ýmsir eru þeirrar skoðunar, að í sumum tilfellum sæti slík byggðarlög verri kjörum en hér tíðkast, þar sem umferðin er mest. Slíkt er ekki eðlilegt, á meðan við viljum hafa landið allt byggt. Ég veit, að það er erfitt að setja nákvæm ákvæði um þetta efni, en ég vil leggja til, að um þetta verði sett leiðbeinandi ákvæði, sem kalla mætti, og hef því lagt til, að þessi hluti gr. orðist svo:

„Snjómokstur skal fyrst og fremst við það miðaður, að haldið sé opnum, þegar brýn þörf krefur, þjóðvegum milli byggðarlags og aðalverzlunarstaðar þess eða markaðsstaðar. Heimilt er að binda snjómokstur því skilyrði, að kostnaður sé að meira eða minna leyti endurgreiddur með framlagi úr héraði, en um endurgreiðslur skulu gilda sömu skilyrði um land allt, eftir því sem við verður komið. Um snjómokstur á sýsluvegi fer eftir ákvörðun sýslunefndar."

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram. Fjórar till. eða tillöguliði hef ég nú tekið aftur og óska ekki eftir, að þau komi til atkv., aðallega vegna þess, að n. hefur tekið upp sams konar ákvæði. Ég hafði gert mér í hugarlund, að hv. samgmn. mundi, ef till. kæmu fram í hv. d. nú við þessa umr., gefa sér tóm til þess að taka þær til einhverrar athugunar, þegar mælt hefði verið fyrir þeim og hún hefði heyrt þau rök, sem fram kæmu. Nú vil ég mega vænta þess, að hv. n. sjái sér fyrir aðstöðu til þess að geta gert sér grein fyrir áliti sínu á þessum till., og mun ég þá á eftir taka til athugunar, hvort ég vil falla frá þeim að einhverju leyti, t. d. ef efni þeirra verði að einhverju leyti tekið upp af nefndinni.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég tel mér skylt að færa hv. samgmn. þakkir fyrir það að hafa tekið undir erindi okkar bæjarráðsmanna í Kópavogi. Við gerðum okkur strax ljóst þar, að það væri mikil nauðsyn fyrir Kópavogskaupstað að fá viðurkennda að einhverju leyti þá algeru sérstöðu, sem við teljum að sá kaupstaður skipi varðandi samgöngumál, eins og ég drap hér lítillega á við 2. umr. þessa máls. Við gerðum okkur jafnframt grein fyrir því, að það eru vissir erfiðleikar á því að fá inn í heildarlöggjöf ákvæði, sem kveða fast á um vandamál einhvers sérstaks staðar á landinu. Því gerðum við okkur fulla grein fyrir. Við lögðum því áherzlu á, eins og fram kom hjá hv. frsm. samgmn., að fá niður fellda síðustu mgr. 34. gr., vegna þess að við lítum svo á, að væri það ákvæði í gildi, þá næði 34. gr. ekki tilgangi sínum varðandi þær framkvæmdir, sem í verður að ráðast varðandi Reykjanesbrautina í gegnum Kópavog, og ef flett er upp á aths. í frv. einmitt um 34. gr., verður þetta enn gleggra, að það var mikil nauðsyn á því að fá einmitt síðustu mgr. greinarinnar niður fellda, en í aths. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Um 34. gr. Tilgangur þessa ákvæðis er að opna leið til að hraða framkvæmdum, sem bráðnauðsynlegar eru, en ekki unnt að ljúka á nægilega skömmum tíma með eðlilegum hluta viðkomandi staðar, og einnig að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum með því að gera kleift að láta vinna í einu lagi fyrir meira en eins árs framlagshluta, einkum ef um fámennt byggðarlag er að ræða, sem fær lága upphæð árlega."

Við óttuðumst það, að þetta mundi verða til þess, eins og ég drap hér á við 2. umr. málsins, að hér yrði aðeins um að ræða að færa til fjármagn á hverju áætlunartímabili, þannig að hægt væri að vinna eitt ár fyrir væntanlegt framlag, sem kæmi síðan á næstu 4 árum, en í sambandi við þær framkvæmdir, sem í verður að ráðast á Reykjanesbraut gegnum Kópavog, er þetta algerlega ófullnægjandi. Við gerðum okkur ljósa grein fyrir því, eins og ég gat um í upphafi, að það væri erfitt að ná samkomulagi um að setja inn í heildarlöggjöf ákvæði, sem tryggðu beint sérstöðu ákveðinna staða, og þess vegna fórum við fram á, að síðasta mgr. 34. gr. yrði felld niður, eða eins og segir í bréfinu, annaðhvort það eða sérstaða Kópavogs yrði tryggð.

Við treystum á skilning samgmrh. og vegamálastjórnarinnar á því, að sú framkvæmd, sem þarna um getur, þ. e. a. s. að leggja tvöfalda akbraut í gegnum Kópavog með viðhlítandi ráðstöfunum til þess að tryggja eðlilega samgönguhætti innanbæjar yfir brautina, að þetta sé af öllum, sem til þekkja og yfirstjórn hafa á þessum málum, talið svo brýnt verkefni, að annað verði vart látið ganga fyrir

varðandi það fjármagn, sem hægt verður að deila niður til bráðnauðsynlegustu framkvæmda samkv. því, sem segir í 34. gr. Og ég vil segja það, að þær undirtektir alþm. hér og sá skilningur, sem þetta málefni á að mæta hér, þrátt fyrir það, þó að vissir erfiðleikar séu á því að fá beint ákvæði um þetta í lögum, treysti þá skoðun okkar, að þarna muni mjög bráðlega verða gengið til liðs við Kópavog um að knýja þetta nauðsynjamál fram. Og með hliðsjón af því, að við viðurkennum, að það er erfitt að ná samkomulagi um ákvæði, sem fyrst og fremst er staðbundið við einn eða örfáa staði, fá það inn í heildarlöggjöfina, og með tilvísun til þeirra undirtekta og þess ágæta skilnings, sem sérstaða okkar Kópavogsbúa hefur mætt hér á hv. Alþingi, og í fullu trausti þess, að samgmrh. muni beita sér fyrir því, að ríkisvaldið gangi til liðs við okkur um að hrinda þessu nauðsynjamáli fram, þá get ég fyrir mitt leyti og í áframhaldi af því, sem bæjarráð Kópavogs óskar eftir, fallizt á þessa lausn málsins.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi orðið ánægjuefni fyrir margan hv. alþm., að hæstv. ríkisstj. skyldi svo rumska í vegamálunum, að hún hefur nú lagt fram frv. til nýrra vegalaga. Hitt er svo annað mál, hversu aðfinnsluvert það er að gera það svo seint, að segja má, að stappi nærri kraftaverki, ef það tekst að afgreiða frv. frá Alþingi fyrir jól eða fyrir þann tíma, sem mjög miklu máli skiptir vegna fjáröflunarákvæða frv. Þegar á þetta er litið og að frv. er í ýmsum atriðum eða var fyrst og fremst í ýmsum atriðum meingallað, þá má telja það furðuvel gert af hv. samgmn. og öðrum þeim, sem utan þingnefndar hafa unnið að málinu, að það skuli þó hafa fengizt í gegn það mikilvægar leiðréttingar á frv., að ég geri ráð fyrir, að flestir telji eftir atvikum viðhlítandi, a. m. k. í bili. Ég vil ekki leyna því, að að mínum dómi eru enn ýmsir gallar á frv., sem ég hefði talið mjög nauðsynlegt og æskilegt að fá út úr því, og í sumum tilfellum kannske tæplega vansalaust af Alþingi að láta í þeim atriðum málið þannig frá sér fara eins og nú er ráðgert. En það þýðir sjálfsagt ekki heldur að leyna sig því, að vegna tímaskorts og annarra aðstæðna þarf varla að búast við því, að frekari leiðréttingar en orðið er fáist á frv., og þess vegna verði menn, hvort sem mönnum er það ljúft eða leitt, að horfast í augu við það að fylgja málinu eins og það er nú frá hendi hv. samgmn. eða leggja út í baráttu um einstök atriði, sem gætu kostað það, að málið tefðist svo, að það yrði ekki afgreitt fyrir jól.

En þótt ég segi þetta og gefi þar með í skyn, að ég fyrir mína parta muni ekki sérlega fús að fylgja brtt. við frv., öðrum en þeim, sem samgmn. hefur orðið ásátt um, þá vil ég þó minnast á eina brtt., sem ég tel fyrst og fremst mikla nauðsyn að samþykkja, þótt hún að mínum dómi gangi of skammt. Á ég þar við brtt. hv. 5. þm. Austf., þar sem hann leggur til, að lögbundið sé, að ríkissjóður leggi fram ákveðinn hundraðshluta á móti því fé, sem eftir öðrum leiðum kemur inn í þennan væntanlega vegasjóð. Ég skal ekki fara inn á það atriði, hvernig hugsað er að afla fjár til vegasjóðsins, en ég vil þó láta ánægju mína í ljós í sambandi við það, að hæstv. ríkisstj. virðist þó nú að lokum hafa talið eldri till. okkar framsóknarmanna um fjáröflun til nýbygginga og viðhalds vegakerfisins nýtilegar. Ég á þar við þær till., sem á sínum tíma voru fram bornar af Framsfl. um, að til vegagerðar skyldi beina verulegum hluta af því fé, sem ríkissjóður innheimtir og hefur innheimt af farartækjum eftir ýmsum leiðum. Og því nauðsynlegra var viðanlega að hverfa að þessari fjáröflunaraðferð til hagsbóta fyrir vegakerfi landsins, sem það er vitað mál, hversu átakanlega samgöngukerfið hefur drabbazt niður nú á undanförnum árum.

Í sambandi við till. hv. 5. þm. Austf. vil ég segja það sem mína skoðun, að eðlilegt er, að ríkissjóður leggi í vegasjóð ákveðinn hundraðshluta á móti þeim tekjum, sem í sjóðinn innheimtast eftir öðrum leiðum, og er í raun og veru skylt af ýmsum ástæðum og m. a. þar sem nú er um að ræða nýjar álögur í sambandi við benzínskatt o. fl., sem innheimtist eða leggst á farartækin, sem um veginn fara, og þá auðvitað um leið á þá aðila, sem farartækin nota. Ég geri ráð fyrir, eins og hæstv. samgmrh. vék að í framsöguræðu sinni um þetta mál, að sú skattheimta sé réttlætanleg með tilliti til þess, að fé á að nota til uppbyggingar og umbóta á því vegakerfi, sem bílaeigendur nota, og að þannig sparist viðhald á bílum vegna bættra vega og komi því eitthvað þannig á móti því, sem þessir aðilar þurfa að greiða í sambandi við hækkaða skatta af farartækjunum.

Ég geri ráð fyrir því, að ég muni fyrst og fremst greiða þessari till. hv. 5. þm. Austf. atkv. mitt, þótt ég hefði í raun og veru kosið, að till. hefði náð mun lengra, og hefði gjarnan viljað, að lögbundið væri, að 50% mótframlag kæmi frá ríkinu á móti því fé, sem innheimtist til sjóðsins eftir öðrum leiðum. Ég tel, að þó að þessi brtt. hv. þm. sé of lág, þá sé samt vinningur að hafa lögfest þessa leið, því að ég er sannfærður um, að það muni sýna sig og það gjarnan og mjög sennilega strax á þessum vetri, þegar á að fara að skipta vegafénu, að það verður langt frá því að hrökkva til þess að mæta eðlilegum og nauðsynlegum kröfum. Það er m. a. á það að líta, að gert er ráð fyrir verulegri aukningu þjóðveganna og miklu betri og meiri framtíðaruppbyggingu í sambandi við nýbyggingar og stóraukið viðhald. Þegar á þetta er litið og í raun og veru fleiri atriði, gefur auga leið, að við munum komast að því fullkeyptu í vetur að koma okkur saman um, að þessi vegasjóður hrökkvi til að fullnægja því lágmarki í byrjun, sem gert verður til hans um fjárfram-

lög. Og því frekar mun þetta atriði koma meir og betur í ljós, þegar farið verður að vinna meir að þessum málum.

Eins og ég gat um, hef ég ekki borið fram brtt., þó að ég sé óánægður með ýmis atriði frv. En ég get samt ekki stillt mig um að koma að nokkru inn á einstök atriði málsins, en skal vera stuttorður.

Ég vil þá fyrst nefna það, sem sumir kunna að telja meinlaust og vera má að sé ekki stórvægilegt, allra sízt ef það er borið saman við önnur atriði, sem liggja enn þá óbætt utan frv., að mér finnst skilgreining á þjóðvegum í 12. gr. frv. vera á ýmsa lund allt að því furðuleg. Það má vel vera, að það sé talið nauðsynlegt og heppilegt að skilgreina ýmsar þjóðvegagerðir, en mér finnst, að það hefði gjarnan mátt þá gerast á aðra lund. Ég kann t. d. ekki við orðið hraðbraut, og ég tel það í raun og veru nokkuð undarlega nafngift á þjóðvegi. Ég hef heyrt talað um hraðakstursbíla og hraðbáta og fleira þess háttar, m. ö. o. maður hefur skilið, að það væri farartæki, sem væri þannig úr garði gert, að það færi hraðara yfir á láði eða legi heldur en venja væri til um algeng farartæki. Ég hef eiginlega skilið það svo, að hraði tákni því óvenjulega stuttan tíma, t. d. vegfaranda á milli tveggja staða, en ekki kyrrstæða leið, eins og veginn, sem um er farið, og það sé ekki hann, sem fari hratt, heldur farartækið, sem fer um hann. Mér finnst líka svolitið undarlegt nafnið þjóðbraut. Það er gott orð, og það má vel vera, að það sé út af fyrir sig viðunandi, eins og það á að nota, en þegar sagt er, að þjóðbraut skuli vera vegur, sem liggur um hérað, sem minnst 1000 menn búa í, þá finnst mér það a. m. k. dálitið vafasamt. Ég hef vanizt því, að í þjóðbraut sé sá staður, sem er nálægt alfaraleið, hvort sem íbúarnir eru margir á bænum ellegar í næsta umhverfi. Mér finnst því, að þessar nafngiftir þjóðvega séu mjög vafasamar, eins og raunar fleiri orðtök og ýmislegt málfar í frv. Þetta segi ég ekki hv. samgmn. til lasts. Það er öllum vitanlegt, eins og ég vék að áðan, að hún hefur unnið mikið og á marga lund mjög gott starf á mjög fáum dögum, og það er engin von til þess, jafnvel þó að það væru atriði, sem hún gæti orðið sammála um, að allt sé upp tekið og til tínt. En mér finnst sem sagt, að það hafi verið ósköp frambærilegt í fyrrnefndu dæmi að nota bara gamla orðið þjóðvegur og ef þurfti að skilgreina þá eitthvað nánar, að gera það þá undir a, b o. s. frv.

Ég vil þó aðeins drepa á nokkur þau einstök atriði, sem ekki fæst samkomulag um og ég tel veigamikil, og þá fyrst og fremst, að ekki skyldi verða samkomulag um, að allir sýslu- og hreppavegir, sem nú eru, væru teknir í þjóðvegatölu. Það er vitað og viðurkennt, að stefna Alþingis fram að þessu hefur verið í þá átt, að smátt og smátt kæmu þessir vegir inn í þjóðvegatölu og þar með uppbygging þeirra og viðhald borið uppi af ríkissjóði. Ég er líka óánægður yfir því, að þorp með íbúatölu undir 300 njóti ekki sama réttar og kaupstaðir og stærri kauptún í sambandi við þann hluta vegasjóðsins, sem ætlað er að gangi til uppbyggingar vega innan umdæmis kauptúns og bæjar. Þessir aðilar leggja þó fram sinn hlut í þennan sjóð, alveg eins og oftast hlutfallslega ekki minna en þeir aðilar, sem í stærri kauptúnunum og kaupstöðunum búa. Ég tel því ranglæti, að hér skuli ekki einmitt fámennustu þorpin, sem í mörgum tilfellum eru kannske sízt megnug þess að bera uppi af eigin rammleik vegakerfi sitt, fái að njóta sama réttar og stærri kauptún og kaupstaðir. Og það spor, sem hv. samgmn. hefur, eftir því sem mér skilst, stigið í áttina, að vegur innan slíks kauptúns megi teljast sýsluvegur, þá er það að vísu til bóta, en nefndin átti ekki og þurfti ekki að vera neitt hikandi í því að stíga hér fullt spor til jafnréttis við aðra aðila.

Þá hefði ég talið æskilegt, að ákvæðin um fjallvegi hefðu verið öðruvísi orðuð, og á ég þar við, að þar gæti verið opin leið til þess, að vegamálastjóri gæti ákveðið eða fallizt á t. d. rudda jeppaleið upp á heiðar eða a. m. k. upp á heiðarbrúnir áleiðis til afrétta, en eins og menn vita, er það nú víðast orðið mikið vandamál að halda uppi fjallskilum og bjarga fé úr afréttum á haustin. Og þó að ekki væri hér kannske um stórvægilegt mál að ræða, þá mun það sýna sig, að það hlýtur að verða sótt á að fá viðurkennda einhverja leið, sem hjálpar mönnum í sveitunum til þess að hafa auðveldari aðstöðu í þessu efni en nú er. Ég vil ekki segja, að ég skilji hlutaðeigandi frvgr. þannig, að þetta sé vegamálastjóra óheimilt, að ákveða leiðir á þennan hátt, en ég tel, að það hefði verið æskilegra, að frv. á þessu sviði bæri það með sér, að til þess væri ætlazt, að ósk manna yrði að einhverju leyti mætt í þessu efni. Ég tel það líka mjög ósanngjarnt, að ekki skuli vera í frv., þar sem um er að ræða framlag til brúa á sýsluvegi, brúa, sem geta orðið allt að 10 m á lengd, að þar skuli ekki gilda það ákvæði, að ríkissjóði sé heimilt að leggja þar fram meir en helming á móti heimaframlagi. Ég veit það verður bent á, að með þessum ákvæðum eigi sýslusjóðirnir von á mun meiri fúlgu til vegaframkvæmda og þ. á m. til brúaframkvæmda heldur en verið hefur, en hver, sem þekkir til a. m. k. víða um sveitir, veit, að t. d. 10 m brú kostar nú svo mikið, að það er algerlega ofviða hlutaðeigandi sýsluvegasjóði að bera þann hluta af brúarkostnaðinum, sem frv. ætlast til, jafnhliða því að byggja upp sýsluvegakerfið og halda því sómasamlega við. Brúargerðirnar eru, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, orðnar svo ofboðslega dýrar, að það er of mikið af því góða að ætlast til þess, svo að viðunandi verði, að sýsluvegasjóðirnir taki svona mikinn hlut á sig af brúabyggingum.

Ég tel það einnig mjög misráðið og í raun og veru ósanngjarnt og óraunhæft, að enn skuli vera ráðgert, að haldist við í vegalögum það ákvæði, að heimilt sé að krefja sveitarfélögin um fulla greiðslu fyrir snjómokstur af

vegum að vetrarlagi. Ég segi m. a.: þetta er óraunhæft, — og er kannske ekki eins alvarlegt atriði og mætti ætla í fljótu bragði, vegna þess að ég veit ekki til, að það sé gengið lengra í þessu efni en að krefjast hálfs framlags af heimabyggð í slíku tilefni. En hvers vegna að halda gömlu ákvæði, sem verður ekki hægt að framkvæma? Hvers vegna ekki breyta þessari frvgr. þannig, að vegamálastjóra sé þó ekki heimilt að krefjast framlags að heiman meira en að hálfu?

Svo ætla ég ekki að fara að ræða það, hvernig snjómokstri yfirleitt er hagað, hvernig hlutföllin eru þar, að sumir fá snjó ruddan af sínum vegum án þess að þurfa að leggja nokkuð fram o. s. frv. Það getur verið í einstaka tilfelli eðlilegt, og ég skal ekki heldur tefja tímann með því að ræða um það meir.

Þetta eru nokkur dæmi af þeim atriðum, sem ég er óánægður með, og ég geri ráð fyrir og veit, að það eru fleiri, sem ekki una vel öllum þeim ákvæðum, sem lítur út fyrir að hljóti nú að verða að lögum í þessu frv. En ég spái því, að það hljóti að verða fyrr en seinna, sennilega ekki langt að bíða þess, að samtök verði um það og háværar raddir rísi hér innan hv. Alþingis um að fá m. a. þeim ákvæðum breytt, sem ég hef nefnt.

Ég vil svo aðeins að lokum minnast á eitt atriði í frv., sem vissulega er ekki ástæða til að óttast svo mjög í framkvæmd, en mér virðist það vera dálítið táknrænt dæmi um þá einræðishneigð, sem í raun og veru gekk sem rauður þráður gegnum allt vegalagafrv., þegar það var lagt fyrir hv. Alþingi. Það er sagt í 81. gr. frv., að óheimilt sé að tengja einkaveg við þjóðveg nema með leyfi vegamálastjóra. Það væri nú kannske ástæða til að fara dálítið út í það, að mér finnst, að ýmis ákvæði um skyldur þeirra einstaklinga, sem byggja upp, kosta þessa einkavegi, gangi nokkuð nærri þeim aðilum, sem þar um ræðir. En í sambandi við þetta atriði í nefndri frvgr. hefði ég haldið, að það hefði verið skemmtilegra orðalag, að sá, sem byggir einkaveg og þarf að tengja hann aðalvegaleiðinni á viðeigandi stað í sínu byggðarlagi, að það sé ekki gert ráð fyrir, að það sé hægt að neita manninum um að tengja hann, heldur að tengingin skuli fara fram eftir fyrirsögn vegamálastjóra.

Ég skal þá ekki orðlengja meira um þetta og ekki tefja meir þessar umr., en vildi þó hafa sagt þessi orð.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég brtt. við 89. gr. frv. Ég dró þessa till. til baka við atkvgr. um málið í von um það, að samgmn. vildi mæta því sjónarmiði, sem fram kemur í till., við nánari athugun á málinu. En það hefur nú ekki orðið, og vegna þess vil ég nú endurflytja þessa till. Ég hafði við 2. umr. málsins rætt efni till. og sé ég því ekki ástæðu til þess að fara um hana hér fleiri orðum, en ég tel miklu máli skipta, að atkvgr. fari fram um þetta mál, svo að skýrt komi í ljós, hver er hinn raunverulegi tilgangur í sambandi við fjárveitingar til vegamálanna almennt af hálfu ríkisins.

Ég vil svo óska eftir því, að forseti leiti eftir afbrigðum fyrir þessari till., svo að hún megi hér fyrir koma til umr. og atkvgr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur flutt hér nokkrar brtt. á þskj. 152. 7. till. hans er við 66. gr. frv., og er sú brtt. í tveim stafl., a og b. B-liðurinn hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Snjómokstur skal fyrst og fremst við það miðaður, að haldið sé opnum, þegar brýn þörf krefur, þjóðvegum milli byggðarlags og aðalverzlunarstaðar þess eða markaðsstaðar."

Ég vil taka undir þau orð hv. flm., að það er mikil þörf á því að halda þessum leiðum opnum. En þess er oft einnig þörf að moka snjó af vegum milli byggðarlaga, enda hefur það oft verið gert að undanförnu. Og mér finnst því þörf á því að setja þarna inn einnig ákvæði um það. Ég vil því leyfa mér að leggja fram brtt. við þennan 1. málsl. tillgr., sem ég las, og er till. mín um það, að við þennan 1. málsl. bætist: „og einnig milli byggðarlaga". Verði hún samþykkt, verður fyrsti málsl. till. þannig:

„Snjómokstur skal fyrst og fremst við það miðaður, að haldið sé opnum, þegar brýn þörf krefur, þjóðvegum milli byggðarlags og aðalverzlunarstaðar þess eða markaðsstaðar og einnig milli byggðarlaga."

Þá vil ég einnig leyfa mér að leggja fram brtt. við ákvæði til bráðabirgða í frv. Næstsíðasta mgr. í þessu bráðabirgðaákvæði er þannig: „Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1969 skulu gerðar fyrir 1. júlí 1965." Mér finnst þetta nokkuð seint, ef ekki á að ganga frá þessum framkvæmdaáætlunum fyrr en 1. júlí 1965, en áætlunin á að gilda m. a. fyrir það ár. Af þessu mundi leiða það, að ekki verður hægt að fara að vinna í sýsluvegum árið 1965 fyrr en í júlímánuði, ef ekki verður gengið frá þessum áætlunum fyrr en um mánaðamót júní—júlí. Ég hefði því talið rétt að breyta þessu og vil leyfa mér að leggja fram brtt. um það, að í stað 1. júlí í næstsíðustu mgr. komi 1. júní. Mér finnst það ekki mega síðar vera, að gerð sé áætlun fyrir framkvæmdir á þessu ári, 1965. Það getur verið óheppilegt, ef ekki er hægt að byrja vinnu við sýsluvegi fyrr en komið er fram í júlímánuð.

Þetta er stórt mál, sem hér er á ferð, og víst hefði verið ástæða til að ræða um ýmis atriði í frv., sem fyrir liggur, en ég ætla ekki að tefja fyrir framgangi málsins með því að fara út í þá sálma. En ég vil aðeins leyfa mér að leggja fram þessar tvær skrifl. brtt. og óska þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða, þannig að þær megi koma fyrir.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, hversu ákvæði hins nýja vegalagafrv. væru óhagkvæm Kópavogskaupstað og að frv., eins og það var lagt fram, mundi, ef að lögum yrði, verða til þess að koma í veg fyrir, að bætt yrði á nógu skömmum

tíma úr því umferðaröngþveiti, sem ríkir á Hafnarfjarðarvegi, þar sem hann liggur um Kópavog. Ég tel, að það megi alls ekki samþykkja á Alþingi nein þau lög, sem hafa að geyma ákvæði, sem geta dregið á langinn framkvæmdir í þessu mikilsverða máli og um leið aukið mjög á fjárhagsskyldur Kópavogsbæjar. Þetta mál, umferðaröngþveitið í Kópavogi og það, að hve miklu leyti vegurinn á því svæði er notaður af öðrum en Kópavogsbúum, hefur síðan verið rætt svo mikið og ýtarlega hér í þessari hv. d. og sameinuðu þingi, að ég tel ástæðulaust að bæta þar neinu við. Málið liggur alveg ljóst fyrir að því leyti. Ég var satt að segja farinn að gera mér vonir um, að lögin yrðu ekki samþykkt á þann hátt, að hlutur Kópavogs yrði gerður verri eftir samþykkt þeirra heldur en áður var, en ég fagna þó því, að ábendingar um sérstöðu Kópavogs skuli hafa orðið til þess, að frv. verði þó í nokkru lagfært að þessu leyti.

Ég tel brtt. þær, sem fram hafa komið frá hv. samvn. samgmn., vera til bóta, en engan veginn fullnægjandi, í þá átt að gera ráð fyrir þeirri algeru sérstöðu Kópavogskaupstaðar og e. t. v. nokkurra örfárra annarra sveitarfélaga, sem um er að ræða í þessu máli. Ég hef því ákveðið að flytja við þessa umr. tvær brtt. við 32. gr. Þetta er raunverulega ein till. í tveim greinum, svo hljóðandi:

„Við 32. gr. frv. bætist: Vegagerð ríkisins skal kosta og annast viðhald og nauðsynlegar endurbætur á þeim þjóðvegum í kauptúnum og kaupstöðum, sem teljast helzta umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, hafi hún gert það fram að gildistöku laga þessara."

Og við 2. mgr. 32. gr. bætist til samræmis við þetta: „sbr. þó síðasta málsl. þessarar greinar."

Þar er vísað til þess málsliðar, sem ég var að gera hér tillögu um. Þessar till. eru skriflegar og of seint fram komnar, og vænti ég þess, að hæstv. forseti leiti eftir afbrigðum, til þess að þær megi koma fyrir. Ég held, að till. skýri sig fullkomlega sjálfar og þurfi ekki að gera aðra grein fyrir þeim en þá, að gert er ráð fyrir að tryggja það, að hlutur engra sveitarfélaga verði með hinum nýju vegalögum verri en hann er nú. Og hitt er ekki síður mikilsvert atriði, að hér er um miklu meira en hagsmunamál Kópavogsbæjar og kröfur hans að ræða, hér er líka um að ræða kröfur allra þeirra, sem nota þennan veg, um, að ráðin verði sem allra fyrst bót á því umferðaröngþveiti, sem þar er um að ræða. En mér sýnist, að lögin, þrátt fyrir þær brtt., sem líklegt er að samþykktar verði, muni tefja framgang þess máls frá því, sem annars væri.

Við 2. umr. um þetta mál fluttum við hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég svo hljóðandi brtt., sem við tókum þá aftur til 3. umr., — hún var um það, að við 30. gr. bættist 4. liður: „Aðeins lítill hluti þjóðvegar skal tilheyra sveitarfélagi, þegar svo stendur á, að fjölfarinn þjóðvegur í kaupstað eða kauptúni er aðalumferðaræð í viðkomandi landshluta og liggur milli annarra byggðarlaga." Þessa till. endurflytjum við nú sem varatill. við þær till. minar, sem ég áðan lýsti, og óskum eftir því, að hún komi til atkv., ef þær till. verða felldar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins, áður en umr. lýkur, segja hér nokkur orð í tilefni af því, sem á góma hefur borið við þessa 3. umr., og ég vil þá einnig enn á ný nota tækifærið og þakka samvinnunefnd samgöngumála fyrir það, að hún hefur náð samstarfi og samstöðu í öllum meginatriðum um þetta mikilsverða mál, og það er út af fyrir sig ómetanlegt, því að án þess var vitanlega vonlaust að koma málinu í gegn fyrir jól, eins og vonir standa til að megi verða. Þetta tel ég dæmi um, að það má ná miklu með samstarfsvilja og góðri forustu, eins og samvn. samgm. hefur haft.

Hv. þm. hafa eðlilega ekki verið að öllu leyti sammála um frv., — og hvernig ætti það að geta verið? Þetta er stór lagabálkur, — og hvernig mætti það vera öðruvísi en sitt sýnist hverjum að einhverju leyti? En í megindráttum og því, sem mestu máli skiptir, eru menn sammála, og á þeim forsendum má ætla, að þetta frv. verði gert að lögum á mettíma.

Það er í sambandi við brtt., sem hér hafa verið fluttar. Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) gerir hér aths. við það, að vegáætlun um sýsluvegi eigi samkv. frv. að taka gildi 1. júlí 1965, og þykir það heldur seint. Ég get verið hv. þm. sammála um, að það er heppilegra, að vegáætlunin gæti verið tilbúin 1. júní, og ég held, að það verði ekkert til fyrirstöðu að samþykkja þessa till. Hitt er svo vitað mál, að það er mikið verk að undirbúa vegáætlanir og þá sýsluvegaáætlanir líka, og það er nú ætlazt til þess, að sýslunefndirnar undirbúi vegáætlanir, og stundum eru nú sýslufundir ekki haldnir fyrr en í maí, stundum jafnvel ekki fyrr en í júní. Það er náttúrlega undir þeim komið. Það mætti segja, að ef dagurinn væri færður fram, þá ýtti það undir sýslumennina að hafa sýslufundina fyrr, a. m. k. það ár. Ég geri ráð fyrir því, að það væri til bóta, að vegáætlun gæti verið tilbúin mánuði fyrr en gert hefur verið ráð fyrir, og tel, að það sé sjálfsagt að taka til athugunar, hvort nokkur mæli því í gegn að samþykkja þessa till.

En seinni till., um snjómoksturinn, er vitanlega allmiklu hæpnari. Það er vitanlega eðlilegt, að menn séu viðkvæmir fyrir því með snjómokstur, því að allir vilja komast sína leið, og það er alltaf vont, þegar snjórinn teppir leiðina. En ég vil taka það fram, að það var ekki rétt, sem haldið var fram hér í kvöld, að sveitarfélög hafi verið krafin um að greiða snjómokstur að fullu. Vegamálastjóri hefur sagt mér, að það hafi ekki komið fyrir, að það hafi verið krafið um meira en helming greiðslu af sveitarfélagi. En það hefur komið fyrir, að það hefur verið krafizt fullrar greiðslu af einstaklingum, sem hafa farið af fullkomnu fyrirhyggjuleysi upp á reginfjöll og skilið þar eftir bíla sína í ófærð og kallað síð-

an á vegagerðina til þess að sækja farartækið. Undir slíkum kringumstæðum hefur verið krafin full greiðsla, sem og sjálfsagt var. En um það, hvar eigi að moka og hvað eigi að láta mikið eftir af þeim sköflum, sem koma, það náttúrlega verður að vera hverju sinni eftir því, sem möguleikar eru til, og ég hygg, að meðalvegurinn hafi verið farinn í þessu efni, eftir því sem mögulegt hefur verið, og þegar féð er takmarkað til viðhalds vega og vegamála yfirleitt, þá náttúrlega eru takmörk fyrir því, hversu miklu fé má eyða í snjómokstur. Ég held, að hvað snjómokstrinum viðkemur, þar verði tæplega lengra gengið en vegalaganefnd hefur gert ráð fyrir, ekki a. m. k. að svo komnu máli, þangað til við erum orðnir efnaðri og höfum úr meira að spila.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) var að tala hér um fjallvegina og hefur flutt brtt. um þá. Þar er gert ráð fyrir því, að aðalfjallvegir verði teknir í vegáætlun, og það er einnig gert ráð fyrir því, að nokkurt fé verði áfram, eins og verið hefur, til þess að láta í aðra fjallvegi, eftir því sem efni og möguleikar eru til. Það hefur verið gert talsvert að því að ryðja vegi, jafnvel smalavegi til afrétta, en vitanlega í of litlum mæli, vegna þess að fjármunir hafa ekki verið fyrir hendi. Við skulum vona, að það geti nú orðið eitthvað meira en verið hefur við það, að fjárráðin verða nú meiri en áður var.

Hv. 10. landsk. þm. (GeirG) flutti hér tvær brtt. varðandi Kópavog, aðaltill. og varatill., eins og hann orðaði það. Hv. þm. viðurkennir, að brtt. samgmn. séu til bóta hvað Kópavog snertir, en nái ekki nógu langt, og telur, að sú till., sem hann flytur, tryggi hagsmuni Kópavogskaupstaðar betur. Ég satt að segja er í miklum vafa um það, og ég held, að samvn. samgm. hafi hitt naglann á höfuðið og tryggt Kópavogskaupstað mjög vel með því, sem hún leggur til í þeim till., sem hér eru fluttar á þskj. 154, og það er með því að fella 2. mgr. niður og gera þannig mögulegt, að Kópavogskaupstaður, sem allir telja nú að eigi nú eiginlega að ganga fyrir, fái framlag af 10% framlaginu án frádráttar á því framlagi, sem kaupstaðurinn ætti að fá samkv. höfðatölureglunni. Og ég held, að það verði tæplega betur fyrir málum Kópavogskaupstaðar séð að sinni heldur en með þessu, um leið og yfir er lýst, að Kópavogskaupstaður verði eiginlega að hafa að miklu leyti forgang að þessu fé, sem 10% gefa, en það eru rúmlega 3 millj. kr. á ári. Og ég hef engan hv. þm. talað við, sem viðurkenni ekki sérstöðu Kópavogs og þörfina á því að byrja á því sem allra fyrst að bægja hættunum frá, sem af umferðinni stafa, eins og nú er þarna, enda hafa þar orðið mjög alvarleg slys.

Hv. 5. þm. Austf. endurflytur till. sína um það, sem hann kallar að tryggja, að framlag á fjárl. úr ríkissjóði verði a. m. k. hlutfallslega jafnhátt eftirleiðis og ætlazt er til að það verði á árinu 1964. Það má segja, ef þessi till. væri samþ., fljótt á litið, að það væri einhver trygging í henni. En ef við förum að athuga reynslu undanfarinna ára og gerum okkur grein fyrir því, að það er meiri hl. Alþingis hverju sinni, sem ræður fjárframlögum til vegamála og annarra framkvæmda í landinu, þá er ekki nokkur trygging í þessu, þótt þetta væri samþykkt, því að þótt þetta ákvæði væri í vegalögum, þá gagnar það ekki, ef meiri hluti Alþingis vill ekki halda þessu hlutfalli og vill draga úr því framlagi, sem ríkissjóður á að greiða, því að þá getur meiri hl. Alþingis breytt þessu ákvæði í vegal., og kemur þess vegna ekkert að gagni, ef meiri hl. Alþingis vill ekki stuðla að því, að fjárframlög til vegamála haldist hlutfallslega jafnhá og nú er gert ráð fyrir að leggja til þeirra. Og ég held, að reynslan kenni hv. þm. þarfa lexíu um þetta allt saman, því að þótt allir hafi kvartað undan of litlu framlagi til vegamála á undanförnum árum, hafa framlögin þó alltaf stöðugt farið hækkandi, stöðugt hækkandi á öllum fjárl., og þess vegna er ég sannfærður um, að það verður ekki barátta um það, hvort þessi útgjaldaliður fjárl. eigi að lækka í framtíðinni, heldur snýst baráttan um það, hversu mikið hann eigi að hækka. Og það mætti vel segja mér það, að þótt hv. 5. þm. Austf. telji það nú vel í lagt að tryggja að 1/4 framlag úr ríkissjóði, þá mætti segja mér það, að eftir tiltölulega fá ár þætti 1/4 ekki ríflegt framlag, og ég mundi þess vegna segja, að þessi till. og þetta spor, sem þessari till. er ætlað að marka í vegal., gæti orðið miklu frekar til skaða heldur en gagns, vegna þess að með þessu er ætlazt til, að það sé ákveðið, að framlagið skuli vera a. m. k. 1/4, vegna þess að það þykir ríflegt. Ef svo kæmi í ljós eftir örfá ár, að þetta framlag væri of lítið, þá yrði vitnað til þess höfðingsskapar, sem sýndur var á Alþingi 1963 með því að ákveða með þessari till. framlagið, úr því að það hefði verið svona rausnarlegt 1963, þá hljóti þetta a. m. k. að vera nægilega mikið á árinu 1965. — Að öllu þessu athuguðu tel ég hyggilegast, að þessi till. verði dregin til baka, vegna þess að hún er óþörf, algerlega óþörf. Ég veit að hv. þm. meinar vel með því að flytja hana, hann meinar það að tryggja, að framlög til vegamála minnki ekki og þau gjöld, sem nú eru lögð á, benzín-, gúmmí- og þungaskattur, skuli raunverulega allt leggja til veganna. Þetta meinar hann. En þegar hann athugar málið niður í kjölinn, athugar, á hvaða forsendum þetta er allt saman byggt og reynslu undangenginna ára um framlög til vegamála, þá er ég sannfærður um, að hv. þm. áttar sig á því, að það er bezt, að till. komi ekki undir atkv., það er bezt fyrir vegamálin.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara nánar út í einstakar brtt., sem fluttar hafa verið, eða ræða um málið frekar. Það hefur verið allýtarlega rætt. Eins og ég áðan sagði, hafa hv. þm. sameinazt um kjarna málsins, og það er áreiðanlegt, að ef það tekst að gera þennan lagabálk að lögum á hálfsmánaðartíma og

menn sameinast um það að auka gjöldin um 100 millj. kr., þótt til þarfra hluta sé. þá er það alger nýlunda og ég vil segja til fyrirmyndar og ástæða til að fagna því.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 156, 157 og 158) og um brtt. 152, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Axel Jónsson: Herra forseti. Vegna þeirra ummæla áðan hjá hv. 10. landsk., að þetta frv. bæri að skoða jafnvel sem spor aftur á bak varðandi hagsmunamál okkar Kópavogsbúa, vil ég láta í ljós gagnstæða skoðun. Þrátt fyrir það, þó að sú till., sem hann flytur hér, næði fram að ganga, er ekki séð fyrir því, að Kópavogsbúum væri betur borgið. Í dag eigum við ekki nema siðferðislega kröfu á ríkissjóð til þess að leggja þennan veg þarna í gegn, og við teljum þá kröfu vissulega sterka. Hvort sem frv. verður samþ. með þeim till., sem hv. samgmn. leggur til, eða hvort samþykkt yrði till. hv. 10. landsk., þá yrði Kópavogur í þessum efnum áfram að sækja undir stjórn vegamála um það að fá þessu verki hrundið í framkvæmd. Við verðum ávallt að sækja undir skilning vegamálastjórnarinnar á nauðsyn þess að hrinda þessu máli fram, þannig að það er kjarni málsins, hver sem lagagreinin verður. Ég er þeirrar skoðunar, að hv. samgmn. hafi séð þarna vel fyrir lausn okkar vandamáls, og ég færði henni hér fyrr á fundinum þakkir fyrir það að hafa tekið undir erindi bæjarráðs Kópavogs varðandi þetta efni. Ég fagna að vísu hverri þeirri rödd, sem styður okkur í lausn þessa máls. En umfram allt og sérstaklega fagna ég því, þegar menn ganga til samstarfs um að leysa þennan vanda, og tel það meira virði en till., sem þegar er reynt á, að ekki næst samkomulag um.

Ég gat þess í upphafi, að við yrðum hér eftir sem hingað til að sækja undir stjórn vegamála um skilning á nauðsyn þessara framkvæmda. Þess vegna vil ég að endingu alveg sérstaklega þakka hæstv. samgmrh. fyrir þau orð, sem hann lét hér falla nú rétt áðan um algera sérstöðu Kópavogsbæjar varðandi umferð hér suður á Reykjanes.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við ummæli hæstv. samgmrh. um þá brtt., sem ég flyt.

Hæstv. ráðh. notar enn þau kynlegu rök, að það sé engin trygging fyrir því um það, sem nú yrði sett í þessi lög um lágmarksskyldur ríkisins til þess að greiða fé til vegamála, að ekki verði vikið frá því, sem nú verði ákveðið í lögum, og vegna þess að Alþingi hafi vald til þess að breyta því, sem nú yrði samþykkt, þá hafi þetta sáralítið gildi. Á nákvæmlega sama hátt mætti segja: Það hefur ekkert gildi að vera að samþykkja það að leggja á svona mikinn benzínskatt, næsta Alþingi getur breytt öllu saman. Til hvers er verið að gera áætlun um 4 ára framkvæmdir, byggðar á þeim tekjustofni, sem Alþingi getur breytt eftir eitt ár? Slíkt eru auðvitað engin rök. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að það, sem búið er að binda í lögum af framlögum til nauðsynlegra mála, er allajafna reynt að standa lengi við, en hins vegar gengur ekki eins vel að fá inn nýjar samþykktir og binda ríkinu skyldu, sem það hefur ekki verið bundið til þess að standa undir áður. Þetta eru því auðvitað engin rök og ekki sæmandi fyrir hæstv. ráðh. að vera að endurtaka annað eins og þetta.

Nákvæmlega sama er að segja um það, að reynslan hafi sýnt á undanförnum árum, meðan allar fjárveitingar til vegaframkvæmda í landinu voru ákveðnar gegnum fjárlög, þá hafi þessar fjárveitingar smám saman farið hækkandi, og vegna þeirrar reynslu muni verða sama reynsla á því nú, þegar tekur við allt annað kerfi, þegar búið er að byggja upp kerfi, þar sem vegaframkvæmdir í landinu eiga að hafa sjálfstæðan tekjustofn, en aðeins gert ráð fyrir því, að Alþingi bæti þar eitthvað við, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni. Vitanlega þurfa engar sérstakar líkur að benda til þess, að ríkið haldi áfram að hækka sitt framlag, t. d. á sama tíma sem þessir tekjustofnar fara vaxandi, sem ákveðnir hafa verið í frv. Nei, mér sýnist þvert á móti allt benda til þess, að sé þetta hlutfall ekki ákveðið nú, séu langmestar líkur til þess, að framlag ríkisins fari minnkandi, og ég skal færa að þessu nokkuð frekari rök.

Samkv. þessu frv. á að gera framkvæmdaáætlun um vegagerðir í landinu til fjögurra ára og þar á að leggja til grundvallar það fjármagn, sem úr er að spila til vegagerðarmálanna, og þá verður vitanlega fyrst og fremst áætlað: Hvað eiga þessir föstu tekjustofnar að gefa miklar tekjur, fyrst á árinu 1965, síðan á árinu 1966, svo á árinu 1967 og 1968. Vitanlega þarf að gera ráð fyrir þessu öllu saman á áætluninni, hvað miklar tekjur muni koma úr þessum tekjustofnum á þessu tímabili. Og síðan er auðvitað ákveðið á áætluninni jafnframt, í hvaða vegaframkvæmdir þetta fé eigi að fara. E. t. v. hafa menn sett á þessa áætlun eitthvert hugsanlegt framlag á fjárl., þó að fjárlög hafi auðvitað ekki verið ákveðin fyrir fjögurra ára tímabil. Við skulum samt sem áður gera ráð fyrir því, að í algeru heimildarleysi geri þeir, sem gera till. um vegáætlanir fram í tímann, þó ráð fyrir einhverju fé, sem muni koma í gegnum fjárlög, áður en fjárlög hafa verið samþykkt. En svo verður bara reynslan sú, eins og oft áður, að tekjustofnarnir af benzínskattinum og gúmmískattinum skila miklu meira fé. Áætlaðar tekjur fyrir fyrsta árið, 1965, fara kannske 10 millj. kr. fram úr áætlun, af þessum tekjustofni, og fyrir næsta ár þar á eftir fara tekjurnar e. t. v. 20 millj. fram úr áætlun. Þetta er í fullu samræmi við það, sem við þm. höfum horft á hér um áætlanir af hálfu ríkisins um ýmsa tekjustofna. Og hvað svo? Búið var að semja áætlun, þar sem gert hafði verið ráð fyrir tilteknum útgjöldum til tiltekinna

framkvæmda. Tekjustofnarnir, sem eiga að standa undir framkvæmdum, reynast miklu drýgri. Þá er nú rétt sem ég sjái þá fjmrh., sem ég hef kynnzt til þessa, segja á eftir: Ætli það sé nokkur þörf á því að fara að raska þeirri áætlun, sem gerð hefur verið, og fara að auka framlög ríkisins fram yfir það, sem þarf, til þess að hægt sé að framkvæma áætlunina, ef benzínskatturinn gefur meira fé en við höfðum áætlað til fjögurra ára? Þá er alveg ástæðulaust að vera að fara fram á það, að ríkið leggi hér fram meira fé. — Ætli það sé ekki af þessu, sem andstaðan kemur einmitt nú, að menn vilja hafa þennan enda lausan?

En eins og ég hef sagt hér áður í þessum umr., tel ég það vera svo stórt mál, ef á að leggja nú á landsmenn nýjan skatt, sem nemur um 100 millj. kr. á ári, með þeirri meginröksemd, að þessi nýi skattur skuli allur ganga til viðbótarframkvæmda í vegagerðarmálum fram yfir það, sem hingað til hefur verið gert í þessum efnum, þá á líka að tryggja það með lagasetningu um leið, að við þetta verði staðið, að ríkið haldi áfram að leggja beint af hinum almennu tekjum sínum til vegagerðarmálanna í svipuðu hlutfalli og það gerir nú, en að hlutfall ríkisins minnki ekki, en á sama tíma verði byggt meir og meir á þeim tekjustofnum, sem tilfærðir eru í þessu frv. Það á að slá þessu föstu fyrir fram. Og það er alveg augljóst mál, að það hlýtur að vera einhver ástæða til þess, að menn vilja ekki hafa það bundið í lögum, að það skuli gilda lágmarksákvæði í þessum efnum. Einhverjar ástæður hljóta að liggja til þess. Ég vil ekki gera það að mínum orðum, sem hæstv. samgmrh. hafði hér yfir áðan, að framlagið nú, þessar 47.1 millj., sem gert er ráð fyrir að komi til vegagerðarmála í gegnum fjárlög, að það sé sérstaklega ríflegt, höfðinglegt, rausnarlegt eða annað þess háttar, eins og hæstv. ráðh. sagði. Ég tel þetta framlag í rauninni ekkert af þessu, síður en svo. Hér er aðeins um að ræða, að það er verið að tryggja það með þessu framlagi, þessum 47.1 millj. kr., á árinu 1964, — það er verið að tryggja það með því að veita þetta fé til vegagerðarmála, að nýja gjaldið eða nýju gjöldin, sem nú er verið að leggja á, skuli að öllu leyti ganga til vegagerðarmála. Það er verið að tryggja það með þessari upphæð. Ef upphæðin væri minni en 47 millj., þá væri raunverulega nokkur hluti af þessu nýja gjaldi að ganga á óbeinan hátt til ríkissjóðs. Þetta veit hæstv. samgmrh. mætavel. Talan 47.1 millj. er einmitt fundin þannig, að hún á aðeins að tryggja þetta, að nýja gjaldið renni allt á árinu 1964 til viðbótarframkvæmda í vegagerðarmálum, en ef framlagið á fjárl. væri minna en 47 millj., mundi það ekki gera það.

Ég álít líka, að það sé í raun og sannleika óframkvæmanlegt að gera á nokkuð raunhæfan hátt áætlun 4 ár fram í tímann um vegagerðarframkvæmdir og fjármuni í því sambandi, ef ekkert hefði verið sagt um það, hvert á að vera lágmarksframlag ríkissjóðs. Á meðan málið stendur eins og það er uppsett nú í frv., er í rauninni ekki hægt að gera áætlun til fjögurra ára fram í tímann nema miða við þá tekjustofna, sem eru bundnir í lögum. Það er ekki hægt að gera áætlun 4 ár fram í tímann um einhverjar væntanlegar fjárveitingar gegnum fjárlög, sem enginn veit, hvað eiga að vera miklar. Það er því í rauninni alveg nauðsynlegt að ákveða fyrir fram, hvert eigi að vera framlag ríkisins sem lágmark. Og ef hlutfallið á milli þess, sem veitt er á fjárlögum, og þess, sem áætlað er að komi út úr tekjustofnunum, er orðið fast, þá vitanlega kemur af sjálfu sér að taka inn sem áætlað fjármagn komandi frá ríkissjóði beint 1/4 hluta, eins og ég hef lagt til í minni till., miðað við það, sem áætlað er að komi út úr tekjustofnunum.

Ég skal svo ekki eyða lengri tíma í umr. um þetta. Þegar atkv. hafa fallið um mína till., kemur alveg greinilega í ljós, hverjir það eru, sem vilja, um leið og þessi hái skattur er lagður á, slá því föstu í löggjöfinni, að nýi skatturinn skuli að öllu leyti fara sem viðbótarframlag til vegagerðarmála. Þeir, sem ekki vilja samþykkja þessa till. og láta 89. gr. frv. standa eins og hún stendur enn, vilja hafa allt á lausu með það, hvað þeir láta í þessi mál, þeir vilja hafa það allt á lausu. Og þá er engin trygging fyrir því, að þessi nýi skattur renni ekki á óbeinan hátt til ríkisins, því að það mundi hann auðvitað gera, ef ríkið kippir að sér hendinni með framlög í þessum efnum.

Ég vona svo, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja *mínar tillögur*.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. hefur flutt till., og það er mannlegt, að hann vilji ekki gefast upp við það að reyna að færa rök fyrir því, að það hafi verið nauðsynlegt að flytja þessa till. til þess að tryggja það, að vegamálin fái eftirleiðis a. m. k. ekki minna frá ríkissjóði en nú er ætlað. En ég hygg, að hv. þm., sem hlustuðu á ræðu hv. 5. þm. Austf. áðan, hafi fundið, að hv. ræðumaður stóð ekki föstum fótum, þegar hann var að reyna að draga sín rök fram. Hv. þm. virtist hafa mestar áhyggjur af því, að tekjustofnarnir mundu gefa meira en áætlað væri í byrjun áætlunartímabilsins og það mundi þá e. t. v. verða til þess, að það yrði minna, sem ríkissjóður væri látinn greiða. Ég held, að það vanti talsvert af heilbrigðri hugsun í þetta, því að það er enginn vafi á því, að nú, þegar framlag til vegamála er aukið, eins og nú verður gert, kallar það á miklu örari og meiri framkvæmdir en nokkru sinni áður. Og við getum þess vegna verið alveg sannfærðir um, að það verður ekki of mikið, sem tekjustofnarnir gefa, heldur miklu frekar of lítið, miðað við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið, og þótt áætlanirnar séu gerðar til 4 ára, ber að

endurskoða þær á tveggja ára fresti. Og það er enginn vafi á því, að eftir tvö árin kemur í ljós, að það er þörf á meira fé og það þykir nauðsynlegt að taka inn í áætlun eftir tvö ár það, sem ekki þótti fært að taka inn í byrjun tímabilsins. Þetta mun nú áreiðanlega verða þróunin. Og hv. þm. sagði hér áðan eina setningu, sem staðfestir einmitt það, sem ég var að segja áðan. Hann segir, að það sé ómögulegt að gera áætlun til 4 ára nema vita, með hverju eigi að reikna. Og við skulum samþykkja það, að ómögulegt sé að gera áætlun til 4 ára, nema við vitum, með hverju má reikna a. m. k. Í byrjun áætlunartímabilsins verður áreiðanlega reiknað með framlagi frá ríkissjóði a. m. k. jafnháu og því, sem byrjað er með. Og er það þá ekki staðfesting á því og trygging fyrir því, að vegamálin fái a. m. k. þá upphæð, þegar áætlunin í fyrstu er byggð á því, að ríkisframlagið verði a. m. k. þetta? Hv. þm. kannske vill endurtaka það, sem hann ætlaði að halda fram áðan, að tekjustofnarnir gefi meira en áætlað var og þess vegna þurfi ekki eins mikið ríkisframlag.

Það er enginn vafi á því, að þegar áætlunin verður gerð, verður hún vitanlega byggð á ákveðnu framlagi, þeim tekjustofnum, sem gjöldin gefa, annars vegar og hins vegar á því, sem ríkisframlagið veitir. Og einmitt vegna þess er engin hætta á því og alveg útilokað, að ríkisframlagið verði lækkað. Það er alveg útilokað. Og þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, gúmgjaldi og þungaskatti. Einmitt vegna þess, að meiri skriður kemur á framkvæmdir í hinum ýmsu byggðarlögum og það nálgast meira en áður að fá sæmilegar samgöngur, þá verður enn meira rekið á eftir en áður að fullgera það, sem vantar kannske tiltölulega lítið til þess að ljúka. Og það er vitanlega heilbrigð og eðlileg þróun. Mér þykir það einkennilegur spádómur hjá hv. þm. að láta sér detta í hug, að sú nægjusemi færist nú yfir þjóðina, að hv. þm. hætti að halda uppi kröfum til aukins fjármagns í samgöngumálin. Það er dálítið undarlegt. Og þegar ég fullyrði það, að jafnvel þótt till. hv. þm. væri samþykkt, þá tryggi hún ekki framlag frá ríkinu, ef meiri hl. þings vildi ekki láta það af hendi, þá er það náttúrlega ekkert sambærilegt við þá líkingu, sem hv. þm. nefndi hér í sambandi við þau gjöld, sem nú er verið að lögfesta, því að hann sagði, að það mætti þá alveg eins afnema þessi gjöld á næsta ári, ef meiri hl. þings vildi breyta vegalögunum og fella úr þann lið, sem gerir ráð fyrir greiðslu úr ríkissjóði til vegamálanna. Þetta er ólíkt, vegna þess að í öðru tilfellinu er um gjöld að ræða úr ríkissjóði, en hins vegar er um gjöld að ræða, sem ekki koma ríkissjóðnum við, og gjöld, sem allir hv. þm. virðast vera sammála um að sé nauðsynlegt að leggja á til þess að fá aukið fé til samgöngubóta. Þess vegna er það nokkuð, sem ekki gæti komið fyrir, að þessi gjöld, sem nú er verið að lögfesta, yrðu afnumin, hvorki á næsta ári né næstu árum. Ég er viss um, að það verður ekki gert, vegna þess að það verður — það er of mikið að segja eilífðarmál, en það verður mál málanna næstu áratugina að gera vegakerfið á Íslandi betra en það er og fullkomna það. Við erum svo skammt á veg komnir í þessum málum, að það má segja, að þótt við förum á ökutækjum um landið allt, þá eigum við eftir að leggja vegina um landið. Fjárþörfin verður þess vegna vaxandi, og þessi gjöld, sem við nú erum að lögfesta, eru undirstaðan undir því, sem við ætlum að gera. En ég er sannfærður um, að við höldum uppi kröfum um það, að ríkissjóður auki framlög sín úr þessum 47 millj. til mikilla muna, vegna þess að við verðum sammála um þessar miklu þarfir, sem bíða hvarvetna.

Ég hef svo ekki ætlað mér að fara að karpa við hv. þm. um þessa till. Hann hefur flutt hana og hann vill ekki draga hana til baka, og það má kannske segja, að það sé mannlegt. Ég er viss um, að í fyrstu, þegar hann skrifaði till., þá trúði hann því, að hann væri að gera gott með henni. En ég hafði búizt við, að þessi hv. þm. að athuguðu máli sannfærðist um, að það er ekki gagn að till., hún tryggir ekki fé til vegamálanna, hún miklu fremur markar spor, sem gæti verið erfitt að afmá, með því að till. gefur það í skyn, að þetta sé talsvert framlag, og ég vil ekki gera það að minni skoðun, að þetta sé nokkurt höfðinglegt framlag. Ég álykta sem svo, að hv. 5. þm. Austf. telji þetta ríflegt, úr því að hann hefur ekki gert till. um, að framlag ríkissjóðs verði hækkað. Ef hv. þm. hefði talið, að þetta væri ekki ríflegt til viðbótar þeim gjöldum, sem nú er verið að lögfesta, hefði hann gert till. um aukið framlag frá ríkissjóði. En ég skil það nú eftir þá ræðu, sem hv. þm. flutti hér áðan, af hverju hann taldi ekki þörf á því og taldi, að þetta væri gott í bili, og það geri ég líka. Þó að ég telji það ekkert sérstaklega ríflegt, þá tel ég það gott í bili, miðað við það, sem áður hefur verið. En hv. 5. þm. Austf. vildi halda því fram, að vegna þess að tekjustofnarnir, sem er verið að lögfesta, mundu gefa miklu meira en áætlað væri, þá mundi hv. Alþingi eða meiri hl. þess leiðast í freistni með að lækka þetta framlag ríkissjóðs eða jafnvel afnema það. En það er ég alveg sannfærður um, að verður ekki gert, vegna þess að þrátt fyrir það, þótt við aukum fjárframlög til vegamálanna nú á einu ári um 100 millj. kr., þá stöndum við frammi fyrir því eftir 1—2 ár, að við höfum of lítið til þessara mála og verðum að fá meira til þeirra með einhverjum hætti.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er auðvitað með öllu gagnslaust að vera að karpa hér við hæstv. ráðh. um málið á þessum grundvelli. Það vitanlega útskýrir ekkert í þessu máli, þó að hann sé að tala um það, að ég hafi sérstakar áhyggjur af því, að þessir tekjustofnar muni gefa

of mikla peninga, eða eins og hann sagði, að það verði of mikið fé til ráðstöfunar. Þetta eru auðvitað hreinir útúrsnúningar og ekkert annað. Hæstv. ráðh. skilur mætavel, hvað um er að tefla. Ég vil, að ríkissjóður leggi áfram jafnmikið úr sínum almenna sjóði til vegagerðarmála og hann hefur gert, og að nýi skatturinn, sem nú á að leggja á, komi allur til viðbótar til vegagerðarframkvæmda. Þetta vil ég tryggja. Um þetta snýst málið, ekki um neitt annað. Mér er það ljóst, að ef þetta er ekki tryggt í löggjöfinni, þá er veruleg hætta á því, að þetta hlutfall glatist fljótlega og það sé engin viðmiðun til og menn segi: Já, þessir tekjustofnar hafa nú gefið það drjúgan pening og meira en menn gerðu ráð fyrir í upphafi, að það er hægt að standa undir áætluninni með þessum tekjustofni. Og þannig kippir ríkið að sér hendinni, og þá hefur framkvæmdin ekki orðið sú, sem til var ætlazt, að nýi skattstofninn, sem nú er verið að búa til, komi allur sem viðbótarframlag við það, sem ríkið hefur lagt fram til þessara mála, og auki þannig við framkvæmdirnar. Um þetta snýst málið. Ég hef engar sérstakar áhyggjur af því, að það komi of mikið fé út úr þessum tekjustofnum. Mér er alveg ljóst, að það er mikil þörf á því að hafa mikið fé til umráða til vegagerðarmála.

Hæstv. ráðh. viðurkennir líka, enda ekki annað hægt að gera, að það er auðvitað ekki hægt að gera með nokkrum sanni framkvæmdaáætlun fjögur ár fram í tímann án þess að vita um það, hvað ríkissjóður á að leggja mikið fram til viðbótar við tekjustofnana. Þetta er í rauninni óvinnandi verk, nema þá að áætla upphæðina eitthvað út í bláinn. Þetta viðurkenndi hæstv. ráðh. En hann sagði: Það verður í byrjuninni reiknað með sömu upphæð. — Jú, það er búið að slá því föstu, það á að reikna með upphæðinni 47.1 millj. á árinu 1964, en það er ekki búið að slá neinu föstu um það, með hvaða upphæð á að reikna í næstu fjögurra ára áætlun. Ég vil slá hlutfallinu föstu, svo að það sé hægt að miða við eitthvað. Hæstv. ráðh. segir: Sláum engu föstu, höfum allt saman á lausu.

Þó að hægt sé að segja, að það sé mikil þörf á því að leggja fram mikið fé til vegamála, og það sjá allir, að það sé þörf á því, að ríkið leggi meira, en ekki minna, þá er það vitanlega engin trygging fyrir því, að féð verði lagt fram. Það hefur fyrr verið þörf á því að leggja meira til vegamálanna en gert hefur verið. Þörfin hefur verið fyrir hendi. Það hefur ekki verið gert, vegna þess að á það hefur verið bent, að ríkið þyrfti í fleiri staði að líta en bara til vegagerðarmála.

Mér kemur ekki heldur til hugar, að þm. hætti að halda uppi kröfunni um það, að fé verði lagt fram á fjárl. til vegagerðarmála. Það kemur mér ekki til hugar. Ég veit það líka, að þm. hafa allan þann tíma, sem ég hef verið á þingi, alltaf verið að leggja til, að það væri lagt meira til vegagerðarmála en ríkisstj. hefur samþykkt. Þó að alþm. haldi áfram að berjast fyrir því, þá er það ekki trygging fyrir því, að féð komi.

Og svo er þessi endurtekning enn einu sinni, að það sé engin trygging í því, þótt þetta sé sett í lög nú, þetta hlutfall, Alþingi geti breytt því síðar. Hafði hæstv. ráðh. þetta í huga, þegar hann var að tryggja stofnlánasjóðum landbúnaðarins ákveðið framlag í lögum og montaði mjög af því, með 14 eða 20 ára útreikningi, hvað sjóðurinn yrði stór í lok áætlunarinnar, að það þýddi auðvitað ekkert að vera að binda svona árlegt framlag í lögum, því að næsta Alþingi gæti alltaf breytt upphæðinni? Hafði hann þetta í huga, þegar hann var að tryggja framtíð stofnlánadeildar landbúnaðarins? Ég held ekki. Ég held, að hann hafi ekki haft þetta í huga. Ég held, að þetta eins og fleira sýni, að hæstv. ráðh. hefur borið upp á sker í þessum efnum. Þetta er vitanlega alveg vonlaust, að ætla að rökstyðja sitt mál á þennan hátt.

Mitt sjónarmið er ekki á neinn hátt byggt á því, að það, sem nú er gert ráð fyrir að leggja fram á fjárlögum fyrir árið 1964, þessar 47.1 millj., að það sé riflegt framlag, heldur aðeins hitt, að með því er því slegið föstu fyrir árið 1964, að allur nýi skatturinn skuli fara sem viðbótarframlag, og ég vil slá þessu föstu fyrir framtíðina líka sem lágmarki.

Ég skal svo ekki eyða lengri tíma í þetta, það er tilgangslaust. Ég hygg, að málið liggi alveg ljóst fyrir, það skilji allir hv. þm., um hvað er að tefla í þessum efnum, og þeir hafi líka áttað sig á því, hvernig á því stendur, að hæstv. ráðh. og ýmsir fleiri vilji ekki slá neinu föstu í þessum efnum, þeir vilji hafa þetta allt óákveðið. Til þess liggja auðvitað ákveðnar ástæður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 152,1 felld með 18:14 atkv.
— 152,2.a—b tekin aftur.
— 154,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 152,2.c felld með 20:13 atkv.
— 152,3.a tekin aftur.
— 152,3.b felld með 18:10 atkv.
— 154,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 152,4 felld með 19:12 atkv.
— 152,5 felld með 20:14 atkv.
— 143 tekin aftur.
— 156,1 tekin aftur.
— 154,3 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 154,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 154,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 156,2 felld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, LJós, RA, EOl, GeirG.

nei: IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, AJ, PS, SÁ, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, DÓ, EI, EmJ, EystJ, GuðlG, GunnG, GÞG, SB.

HÁ, HS, IG, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EÁ, GíslG greiddu ekki atkv.
3 þm. (HV, BP, EÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég tel, að með þeim brtt., sem þegar hafa verið samþykktar frá samgmn., hafi verið náð þeim tilgangi, sem að var stefnt með svipuðum till. og þessari og til umr. komu hér við 2. umr., og segi því nei.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Vegna þess að ég átti þátt í að semja um að haga þessu atriði eins og gert er ráð fyrir í till. samgmn. við frv., segi ég nei.

Brtt. 158 felld með 24:5 atkv.
— 152,6 felld með 21:6 atkv.
— 152,7.a tekin aftur.
— 154,6 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 157,1 felld með 19:12 atkv.
— 152,7.b felld með 19:14 atkv.
— 154,7 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 145 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, IS, JSk.

nei: JP, JR, MB, MÁM, AJ, PS, SÁ, SI, SvJ, JóhH, BGr, BF, BBen, DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, SB.

2 þm. (EÖS, HV) fjarstaddir.
Brtt. 152,8 felld með 17:14 atkv.
— 157,2 samþ. með 27:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 18. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 162).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var afgreitt í hv. Nd. í dag með shlj. atkv. Frv. hefur verið mikið rætt og talsvert um það skrifað, og ég geri ráð fyrir því, að hv. Ed.-þingmenn hafi kynnt sér það rækilega. Ég tel því ekki ástæðu til að þreyta hv. þd. á því að fara að rekja efni frv. í heild eða einstakar greinar þess. Ég tel ekki heldur ástæðu til þess að rekja söguna eða aðdragandann að því, að þetta frv. er orðið til, það er hv. dm. einnig kunnugt. En ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að samstarf hefur tekizt um það að gera frv. þetta að lögum. Undir meðferð málsins í Nd. var tekin upp samvinna beggja samgöngumálanefnda þingsins, og hefur því hv. samgmn. Ed. tekið þátt í afgreiðslu málsins, meðan það var fyrir Nd. Mun það að sjálfsögðu flýta fyrir afgreiðslu málsins í þessari hv. d., þar sem samgmn. þessarar hv. deildar hefur tekið þátt í störfum með hv. samgmn. Nd. og verið samþykk þeim brtt., sem gerðar voru við frv. í hv. Nd.

Samvn. samgm. — þannig má orða það — gerði allmiklar brtt. við frv., sumar að vísu ekki veigamiklar, aðrar veigameiri, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að margar af þessum till. voru til að bæta frv., en engar til þess að spilla því. Allar voru till. samgmn. samþ. í Nd. Einstakir hv. þm. fluttu brtt. eins og eðlilegt er um svo stóran lagabálk, en þær voru allar felldar nema ein lítil brtt. frá hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssyni, varðandi framkvæmd á sýsluvegaáætlun.

Þetta frv. gerir ráð fyrir, ef að lögum verður, allmikilli aukningu á vegafé. Það gerir ráð fyrir, að vegafé aukist á næsta ári, ef það verður að lögum nú fyrir áramót, um 105 millj. kr. frá því, sem er á gildandi fjárlögum. Þetta er vitanlega há upphæð miðað við það vegafé, sem hefur verið fyrir hendi fram að þessu. En það mun þó koma í ljós, áður en langt líður, að jafnvel þetta hrekkur ekki til þess að fullnægja eðlilegum kröfum og þörfum í sambandi við framkvæmd vegamála, eins og þarfirnar eru miklar.

Ég vænti þess, að hv. Ed. líti svipuðum augum á þetta frv. og hv. Nd. gerði, og sérstök ástæða er til að vænta þess, þar sem hv. samgmn. þessarar d. var sammála hv. samgmn. Nd. Það má segja, að það hefði verið æskilegt, að frv. þetta hefði verið lengur til athugunar í hv. Alþ., en það er bezt að segja söguna eins og hún er, að það gafst ekki tími til að koma því fyrr fram.

Hv. vegalaganefnd hefur unnið vel að þessu máli, og hún skilaði frv. til ríkisstj. haustið 1962. Það frv. var til athugunar hjá ríkisstj. um nokkurn tíma, og eftir það skrifaði ég vegalaganefnd og gerði nokkrar ábendingar til æskilegra breytinga á frv. Vegalaganefnd tók svo frv. aftur til athugunar og vann að nokkru leyti í samráði við ríkisstj. að lokaafgreiðslu málsins, t. d. um það, hversu benzíngjaldið ætti að vera hátt, gúmgjaldið og þungaskatturinn. Það var að lokum ákveðið í samráði við ríkisstj. Vitanlega má alltaf deila um það, hvort benzínskatturinn hefði átt að vera þetta hár eða hærri, það hlýtur vitanlega alltaf að vera matsatriði, og það hefur enginn hv. þm. fundið að því undir meðferð málsins, enda er það svo, að þótt benzínið hækki nú um 1.30 kr., þá verður það samt lægra en gerist í nágrannalöndunum. Og ég hygg, að þegar menn fara að athuga þessi mál niður í kjölinn og þær miklu þarfir, sem eru á endurbótum í okkar samgöngumálum, að flestir verði sammála um það, að við höfum ekki efni á því að vera að selja benzínið langt undir því, sem nágrannaþjóðirnar gera, sem eru búnar að koma öllu sínu vegakerfi í ágætt horf. En eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá tel ég, að það sé ekki ástæða til að vera að rekja efni frv., af því að ég veit, að hv. dm. hafa kynnt sér það rækilega og skapað sér skoðun um það.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að ef það gerist, að þetta frv. verður að lögum fyrir jól, þá

er það vegna þess, að hv. þm. tóku höndum saman um það, bæði stjórnarflokkar og stjórnarandstaða. Ef stjórnarandstaða hefði beitt sér gegn málinu og flutt við það víðtækar brtt., sem hefðu kostað miklar umræður, þá var vitanlega vonlaust að koma málinu í gegn á stuttum tíma. En þm. hafa sameinazt um frv., vegna þess að allir hafa talið mikla nauðsyn bera til að fá aukið vegafé og að athuguðu máli sannfærzt um, að vegalaganefnd hefur byggt frv. vel upp og að þeir tekjustofnar, sem hér um ræðir, hafa einnig að athuguðu máli þótt eðlilegir og sanngjarnir, þar sem engin athugasemd hefur komið fram um þá.

Ég vil að lokum vonast til þess, að hv. Ed. taki á þessu máli á svipaðan hátt og hv. Nd., aðeins með því móti er mögulegt, að frv. geti orðið að lögum. Ég hlustaði nú á það áðan, að hv. 3. þm. Norðurl. v. fann að því, að sumir hæstv. ráðh. legðu fram frv. nokkuð seint og ætluðu hv. alþm. lítinn tíma. En ég held, að aðfinnsla hv. 3. þm. Norðurl. hafi byggzt á því, að það var verið að sækja af miklu kappi mál, sem hann taldi vera lítilvægt, og þess vegna er það, að ég vonast til, að aðfinnsla frá þessum hv. þm. komi nú ekki um þetta mál, vegna þess að það verður aldrei um það deilt, að þetta mál er stórt og viðamikið og þýðingarmikið. Það verður ekki um það deilt, að það er mjög þýðingarmikið, hvort það verður að lögum fyrir áramótin eða eftir áramótin. Ef frv. verður ekki að lögum fyrir áramótin, þá nást ekki þær tekjur á næsta ári, sem gert er ráð fyrir, eins og frv. liggur fyrir. Þá hlýtur að tapast nokkur hluti af næsta ári, sem ætlað er að veita tekjur til vegamála það ár, og þess vegna er það mjög þýðingarmikið fyrir vegaframkvæmdir á næsta ári, að frv. bíði ekki. Um það verður ekki deilt, þótt menn gætu deilt um það frv., sem áðan var verið að ræða um, hvort það væri alveg nauðsynlegt, að það yrði að lögum fyrir eða eftir áramót. En þetta er nú óþarfasamlíking að sjálfsögðu og ástæðulaust að fara fleiri orðum um málið að svo komnu. En ef hv. þm. vildu bera fram einhverjar fyrirspurnir í sambandi við málið, þá er vitanlega sjálfsagt að leitast við að svara þeim og upplýsa þær í sambandi við umræðurnar.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. samgmn. og 2. umr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég get nú ekki varizt þess, að mér þótti framsöguræða hæstv. samgmrh. dálítið snubbótt, því að hér er vissulega um stórt og yfirgripsmikið mál að ræða. En hann mun ekki hafa talið þörf á langri ræðu, m. a. vegna þess, að í grg. með vegalagafrv. eru röksemdir mjög ýtarlega færðar fram fyrir því, og skal ég vissulega taka undir það, að það er gerð ýtarleg grein fyrir meginatriðum málsins. Og þó að ég standi nú hér upp við þessa 1. umr., er það ekki til þess að halda langa ræðu um málið eða fara að beita hér málþófi, en mér finnst þó rétt, að fram komi nú þegar við 1. umr. fáein atriði í sambandi við þetta stóra mál.

Vegamálin hafa um langan tíma verið meðal hinna stærri, jafnvel stærstu mála, sem Alþingi hefur haft til meðferðar hverju sinni, og þetta er vitanlega mjög eðlilegt, þar sem við búum í stóru landi og erum fámennir að berjast við það að koma á hjá okkur vegakerfi í þessu víðlenda landi. Það hefur oft verið bent á það af ýmsum, bæði innan þings og utan, á undanförnum árum og áratugum, að það væri eðlilegt og rétt, að öll þau opinberu gjöld, sem tekin eru beint af umferðinni, gjöld eins og benzínskattur, þungaskattur og gúmmígjald, ættu að renna til vegabóta, til þessara samgöngumála á landi einvörðungu. Þessu hefur engan veginn verið fylgt á umliðnum tíma. Þessir skattar hafa því miður að allverulegu leyti orðið almennur eyðslueyrir ríkissjóðs, þ. e. a. s. ríkissjóður hefur notað allmikinn hluta af þessum sköttum til annarra þarfa en þeirra að bæta samgöngur á landi. Það er auðsætt, að hér var og hefur nú nokkuð lengi verið mikil þörf á aðgerðum til þess að tryggja það, að vegakerfi okkar geti batnað verulega, að það bókstaflega sligist ekki undir þeirri stórvaxandi umferð, sem um það fer og hlýtur enn að vaxa mikið á komandi tímum. Það hefur þess vegna verið lengi ljóst, að þess hefur verið mikil þörf að taka vegamálin öll fastari tökum en gert hefur verið og afla aukins fjár til þess að byggja þau upp á myndarlegan hátt.

Það frv. til vegalaga, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú fyrir skömmu lagt fyrir Alþingi, er að mínum dómi að mörgu leyti til stórbóta í þessum efnum, og ég fagna því, að það er fram komið. Að vísu fylgir sá böggull skammrifi, að hér er um allverulega aukna almenna skatta að ræða á umferðina, og það má vitanlega segja og færa að því mörg rök, að í þessu mjög svo margskattaða ríki okkar sé nú ekki á slíka skatta bætandi. Og vissulega hefði verið æskilegast, að áður en til nýrrar skattlagningar kæmi í sambandi við umferðina, til þess að bæta vegakerfið, hefði ríkið látið af hendi til samgöngubóta þá tekjustofna alla, sem nú eru í gildi samkv. lögum, þá tekjustofna af umferðinni, sem nú renna að töluverðu leyti til annarra þarfa ríkisins. Sú leið hefur ekki verið farin, heldur skulu nú enn lagðir á nýir skattar. Þetta tel ég að vísu vera meginókost frv., en sú er þó bót í máli, að þessir nýju skattar á umferðina, skattarnir af benzíni, hjólbörðum og bifreiðaþunga, eiga samkv. hinu nýja frv. að renna allir og óskiptir til umbóta í vegamálum. Og þar sem þörfin er svo geysilega brýn á myndarlegu átaki og markvissu starfi við algera endurnýjun vegakerfisins, þá tel ég, að eftir atvikum sé hægt að fallast á þessa lausn í megindráttum a. m. k., sem lögð er til með því frv., sem hér liggur fyrir. Á einhvern hátt verður að afla verulegs fjár á komandi árum til þessara bráðnauðsynlegu framkvæmda. Það þolir áreiðanlega enga bið. Og þess er einnig að gæta, að

ef skynsamlega er á haldið og því marki náð, sem að er stefnt með þessu frv., á á tiltölulega skömmum tíma það fé að skila sér að verulegu leyti og að lokum fullkomlega aftur með greiðari umferð og stórminnkuðum viðhaldskostnaði bifreiða.

Enda þótt ég hafi nú lýst af þeim ástæðum, sem ég hef þegar greint frá í örstuttu máli, fylgi við frv. í meginatriðum og sé því meðmæltur, að það nái fram að ganga, vil ég þó ekki láta hjá líða að ítreka tvö atriði í sambandi við undirbúning þessa máls af hálfu hæstv. ríkisstj. Hið fyrra er það, að við skipun nefndar til að undirbúa þetta yfirgripsmikla mál skyldi ekki vera hafður á sá eðlilegi háttur, að fulltrúar allra þingflokka ættu sæti í þeirri nefnd. Það eitt var að mínum dómi eðlilegt og einnig mjög í samræmi við starfsaðferðir Alþingis og ríkisstj. í mörgum sambærilegum tilvikum á undanförnum áratugum. Í þess stað voru skipaðir í nefndina embættismenn og fulltrúar frá stjórnarflokkunum. Stjórnarandstaðan, sem hefur þó umboð frá nær öðrum hverjum kjósanda í landinu, fékk þar hvergi nærri að koma.

Það er síður en svo, að ég áfellist vegalaganefndina sjálfa fyrir störf hennar. Mér virðist, að hún hafi unnið gott verk, ágætt verk vil ég segja, þegar á heildina er litið, og hún á þakkir skyldar fyrir það. Um einstök atriði geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir, og í nokkrum efnum tel ég, að frv. þurfi enn endurbóta við, ef vel á að vera. En hér átti það vissulega við, að sjálfsagt var að sjá til þess af hálfu ríkisstj., að sem allra flest sjónarmið kæmu fram þegar við undirbúning málsins. Þá gátu stjórnarandstæðingar, ef þeir áttu fulltrúa í n., kynnt sér frv. til nokkurrar hlítar og lagt sitt af mörkum til þess, að það yrði sem bezt og ræki legast undirbúið og úr garði gert.

Hitt atriðið, sem ég tel einnig ástæðu til að ítreka hæstv. ríkisstj. fyrir eða a. m. k. að kvarta undan, er hinn allt of skammi tími, sem Alþingi er ætlaður til þess að afgreiða svo margþætt og veigamikið mál eins og þetta er. Hefðu hins vegar allir þingflokkar átt fulltrúa í mþn., sem undirbjó málið, hefði þetta horft töluvert öðruvísi við. Þá gátu alþm. raunar allir átt þess kost að fylgjast með framvindu þess, koma sjónarmiðum sínum á framfæri á undirbúningsstigi málsins og þá mátti með verulegum rétti segja, að ekki hefði verið sérstök þörf á mjög löngum tíma fyrir hv. Alþingi til þess að afgreiða þetta frv., þó að býsna yfirgripsmikið og margbrotið sé. En með hliðsjón af því, hvernig undirbúningnum var háttað að þessu leyti, þá tel ég óhjákvæmilegt að láta í ljós óánægju mína yfir því, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki hafa getað lagt frv. fram a. m. k. þegar í þingbyrjun, og satt að segja hefði ekki veitt af því, að það hefði verið sýnt þegar í vor eða áður en síðasta þingi lauk, til þess að menn hefðu haft nokkurn tíma, þeir sem komu tiltölulega ókunnugir að málinu, og í því eru vissulega mörg nýmæli, — til þess að þeir menn hefðu haft sómasamlegan tíma til þess að kynna sér þetta stóra mál gaumgæfilega. Því miður hefur þetta ekki tekizt, og er því sjálfsagt um að kenna, að undirbúningurinn hefur kostað þetta langan tíma. Þá kom það fram í framsöguræðu hæstv. samgmrh., að vegalaganefndin hefði skilað frv. til l. um vegalög þegar haustið 1962. Það var svo að sjálfsögðu eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. þyrfti nokkurn tíma til að athuga það frv., en ég hefði þó talið, að ef sæmilega eða vel hefði verið að unnið, hefði e. t. v. mátt koma frv. nokkru fyrr á framfæri en gert hefur verið, og vissulega hefði það verið mjög æskilegt.

Eins og hv. alþm. vita, er sennilega ekki nema röskur hálfur mánuður, síðan frv. var útbýtt hér á Alþingi, 1. umr. í hv. Nd. fór fram fyrir rúmri viku, og nú er ætlunin, að frv. verði afgreitt frá þessari hv. d. á svo sem tveim dögum. Það er að sjálfsögðu nokkur bót hér í máli, að samvinna hefur tekizt milli samgmn. beggja deilda, þannig að hv. samgmn. þessarar d. kemur ekki ókunnug að málinu, og ætti það að geta bætt þarna nokkuð úr.

En þó verð ég að leggja á þetta nokkra áherzlu, að það er illt, það er óþægilegt, þegar um stórmál eins og þetta er að ræða, sem hafa mörg nýmæli að geyma, að ekki skuli vera talið fært að gefa Alþingi sómasamlegt tóm til þess að kynna sér málin og fjalla um þau.

En hvað sem þessu líður, hvað sem kann að mega með nokkrum rétti setja út á vinnubrögð hæstv. ríkisstj. að því er varðar ákveðin atriði um undirbúning málsins, þá tel ég engan veginn rétt, úr því sem komið er, að tefja afgreiðslu þess um skör fram. Ég mun fyrir 2. umr. freista þess að bera fram brtt. við nokkur atriði frv., sem ég tel að umbóta þurfi við, en ég mun geyma mér til þeirrar umr. að fjalla um einstök atriði frv.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til þess að taka undir ýmis atriði í ræðu hv. 5. þm. Reykn. í sambandi við undirbúning þessa máls. Og enn fremur það, að það hefði verið mjög æskilegt, ef ríkisstj. hefði séð sér fært að sjá af stærri hluta þeirra tekna til vegamála, sem ríkissjóður hefur nú þegar af umferðinni. Það hefði einnig verið æskilegt, að þetta mál hefði verið undirbúið á breiðari grundvelli af mþn., sem skipuð væri fulltrúum fleiri flokka en þeirra, sem þar hafa að máli staðið, og enn fremur hefði verið mjög æskilegt fyrir Alþingi að hafa meiri tíma til þess að fjalla um þetta mál. Eigi að síður hefur okkur þm. Framsfl. virzt, að hér væri um svo mikilsvert mál að ræða og svo jákvætt og stórt skref í þá átt að leysa þau stórkostlegu vandamál og viðfangsefni, sem okkar bíða í vegamálunum, að okkur þótti einsýnt að vinna að því, að málið næði fram að ganga, eins og til var ætlazt.

Sjálfsagt er um mörg þau nýmæli, sem í

þessu frv. ræðir, svo, að eftir er að fá á þau reynslu, og sjálfsagt verður eðlilegt, að þessi lög verði athuguð og endurskoðuð á nýjan leik, áður en mjög langt um líður. Ég nefni t. d. það atriði í 12. gr. frv., hvernig þjóðvegum er skipt í vegáætlun í hraðbrautir A og B, þjóðbrautir o. s. frv. Ég hefði talið það æskilegt, að við hefðum getað sett markið nokkru hærra með gerð varanlegra vega en svo, að við þyrftum að setja það lágmark, að um vegina færu 1000 bifreiðar á dag. En um þetta er ástæðulaust að fjalla á þessu stigi málsins. Reynslan á eftir að skera úr því, hvort okkur verði fært að setja markið hærra. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi þess, að sjálfsagt verður að hafa vakandi auga með því, að reynslan af framkvæmd þessara laga verði eins og til er ætlazt og að við komumst sem lengst áleiðis með þau verkefni, sem því er ætlað að leysa.

Ég geri ráð fyrir því, þó að ýmsar breytingar hafi verið gerðar á frv. í Nd., flestar fyrir tilstilli samgmn. beggja deilda, sem höfðu samvinnu um þetta mál, og þm. Framsfl., sem höfðu í fyrsta skipti tækifæri til þess að athuga málið í sambandi við það, áttu hlut að því að gera, þá muni einhverjar brtt. enn koma fram við málið við 2. umr. hér í deild, og ég skal ekki fara frekar út í að ræða einstök atriði þess á þessu stigi, en vil aðeins lýsa samþykki mínu við frv. í aðalatriðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, n. 166, 167, 168).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er frv. það, sem hér um ræðir, samið af mþn., er hæstv. samgmrh. skipaði samkv. þáltill. frá 22. marz 1961. Hafði n. því þetta mál til meðferðar frá því vorið 1961 þar til í okt. 1962, að hún skilaði áliti til ríkisstj. og frv., sem í höfuðdráttum er uppistaðan í því frv., sem hér er til umr. Var frv. síðan til athugunar hjá ríkisstj. og Efnahagsstofnuninni þar til í febrúar 1963, að samgmrh. fól n. að taka málið til nýrrar athugunar með hliðsjón af ýmsum bendingum, sem ríkisstj. gaf n. og einnig Efnahagsstofnunin. Hafði n. það síðan til athugunar, þar til það var lagt fram sem stjfrv. snemma í þessum mánuði.

Það er mála sannast, að það er ekkert áhlaupaverk að semja frv. sem þetta, þar sem lagt er til að breyta mjög mikið skipulagi þeirra mála, sem frv. fjallar um, og benda um leið á aðferðir til tekjuöflunar, sem færar teljast og sem sanngjarnast komi niður á almenningi. Undirbúningur að öflun nauðsynlegra gagna, svo og úrvinnsla og útreikningar og myndagerð kom í hlut formanns n., Brynjólfs Ingólfssonar ráðuneytisstjóra og vegamálastjóra, Sigurðar Jóhannssonar, sem stýrðu vinnubrögðum n. í aðalatriðum af miklum dugnaði. Einnig naut n. ágætra starfa Snæbjarnar Jónassonar verkfræðings, sem sat alla fundi n., Björns Hermannssonar deildarstjóra í fjmrn. og Steingríms Ingólfssonar verkfræðinema, sem hafði mjög með útreikninga að gera og undirbúning að myndagerð.

Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir þau viðurkenningarorð, sem hann lét falla um störf n. hér í hv. d. í gærkvöld, og einnig vil ég þakka hv. 5. þm. Reykn. fyrir vinsamleg orð um störf n., einnig á fundi í gærkvöld. Og enn fremur vil ég ekki láta hjá líða að minna á þátt hinna ágætu starfsmanna, sem ég nefndi hér áðan á vegamálaskrifstofunni. Í glöggri grg. og umsögn um allar greinar frv., sem eru 100 að tölu, sem samin er af ráðuneytisstjóra, formanni n. og vegamálastjóra, er rakinn tilgangur þessa frv. og markmið. Þar er einnig nokkurt sögulegt yfirlit um þróun vegamála hér á landi, frá því að farið var að ryðja mestu tálmunum úr frumstæðustu fjárstígum og troðningum eftir hestafætur þar til nú, að billinn er kominn til sögunnar og kallar á akveg um allt þetta land þvert og endilangt, eins og í öllum öðrum löndum, þar sem nútímatækni hefur tekið að meira eða minna leyti við völdunum. Og þar sem ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi kynnt sér grg. og skýringar á greinum frv., tel ég ekki ástæðu til að endurtaka teljandi af því, sem þar er sagt.

Þær höfuðbreytingar, sem í frv. felast, verður að telja að séu þessar:

Gert er ráð fyrir vegáætlun, sem vegalaganefndin hugsaði sér til 5 ára í senn, en hefur nú verið breytt í 4 ár, til þess að hægt sé að vinna að samfelldari verkum og koma við skynsamlegri vinnunýtingu og þar með að fá lagða ódýrari vegi en verið hefur. Um þessa nýbreytni gerði n. sínar till., en bjóst alltaf við, að Alþingi mundi telja sér nauðsynlegt að hafa úrslitaúrskurð um frágang ákvæða um þetta til að tryggja vald sitt, og að því leyti var þetta atriði naumast fullfrágengið af n. hálfu. Brtt. um þetta stóra atriði kom því síður en svo nm. á óvart, og hefur orðið samkomulag um það í samgmn. beggja þingdeilda að breyta þessu ákvæði þannig, að nú er gert ráð fyrir 4 ára áætlun með endurskoðun á tveggja ára fresti, í stað þess að gert var áður ráð fyrir 5 ára áætlun, endurskoðun á 3 ára fresti. Um þetta atriði hefur, eins og ég sagði, orðið fullt samkomulag í samgmn., og veit ég ekki annað en það sé almennt meðal hv. alþm.

Þá er annað mjög stórt atriði, að nú er gert ráð fyrir, að flokka eigi vegi á nokkuð annan veg en áður hefur verið, og er það fyrst og fremst hugsað til leiðbeiningar vegamálastjórninni, þegar lagt er í framkvæmdir við nýja vegi, hve breiðir þeir skuli vera og hve

vandaðir að öðru leyti. Þá er það alveg nýtt form, sem tekið er upp að því er fjárveitingar snertir til þjóðvega í kaupstöðum, og er þar um mjög aukin fjárframlög að ræða frá því, sem áður hefur verið. Var enginn ágreiningur í n. um það, að nauðsynlegt væri að styðja af ríkisins hálfu þessar framkvæmdir að meira eða minna leyti, eins og nú er orðið afar dýrt að leggja þá fullkomnu vegi, sem á þarf að halda eftir nútíma umferðarhraða. Hugsaði n. sér ákveðinn hluta af öllu því fé, sem til vega gengur, sem færi í þessar framkvæmdir, og orðaði í till. sinni sem næst 11%. Í því orðalagi fólst það, að hún taldi, að ekki væri fyllilega frá þessu gengið og það mundi koma til kasta Alþingis að orða þetta eða ákveða nánar, og hefur nú tekizt samkomulag um það, sem komið er fram í brtt. og er búið að samþykkja í Nd.

Þá er lagt til, að sýsluvegir nái nú til allra býla í landinu, þeirra sem ekki ná til þjóðvega, og um leið, að aukin fjárráð sýsluvega verði allmikil, þ. e. a. s. að þau hækki um ca. 150% frá því, sem verið hefur, eða úr u. þ. b. 6 millj. í a. m. k. 15 millj., eftir því sem næst verður komizt eftir útreikningum, sem gerðir hafa verið samkv. þessu ákvæði.

Framlög úr héruðum eiga nokkuð að hækka frá því, sem verið hefur, og innheimtast með öðrum hætti, og er lagt til, að þar verði lögð til grundvallar fólkstala á hverjum stað, en áður hefur það verið fasteignamat á hverjum stað eða í hverri sýslu. Og á móti heimaframlögum komi tvöföld upphæð frá ríkissjóði samkv. vegalögum. Um leið og þetta er ákveðið, styttast sýsluvegir allverulega frá því, sem áður var, þ. e. a. s. það verður meira tekið inn á það, sem í frv. er kölluð landsbraut.

Það fer, held ég, ekki á milli mála, að það er mjög mikil þörf á þessari aukningu á framlögum til sýsluvega, því að engir vegir í landinu hafa verið jafnmikil olnbogabörn nú um a. m. k. heilan áratug og sýsluvegir, því að fjárframlög til þeirra hafa ekkert hækkað allan þann verðbólgutíma. N. gekk út frá því, þegar hún skilaði sínum till. um þetta atriði, að það yrðu naumast endanlegar till., því að hún taldi það mjög eðlilegt, að þingið í heild fjallaði um þetta atriði, þar sem það er svo mjög nákomið flestöllum þm., sem bera vegamál fyrir brjósti, en það eru a. m. k. allir þm. úr dreifbýlinu.

Þá er hér ein stór breyting frá því, sem áður hefur verið, og það er um fjáröflun til vegagerða, sem nú er lagt til að verði mjög aukin, þó að sá skuggi hvíli þar á að vísu, að þau auknu fjárráð verða tekin með nýjum sköttum, þ. e. a. s. 130 aura benzínskatti til viðbótar við 147 aura, sem áður var, nokkurri hækkun á þungaskatti bifreiða og hækkun á skatti af hjólbörðum. En um aðrar leiðir virtist ekki vera að ræða, sem sanngjarnari gætu talizt heldur en þær að láta umferðina styðja sjálfa sig eða þá, sem nota bílana, með auknum sköttum á þá, og talið, að það mundi fljótt koma inn með auknu vegakerfi og bættum vegum, sem minna slitu bílunum og krefðust minna benzíns. Þetta er nánar skýrt, hvernig þessir skattar koma niður, á fskj. á bls. 62, og vil ég vísa til þess.

Þá er enn nýmæli að ákveða í reglugerð, að innheimta megi sérstakt umferðargjald af þeim bílum, sem fara um fjölförnustu vegi. Það eru að sjálfsögðu vandaðir vegir og hafa orðið dýrir í byggingu og talið eðlilegt, að þeir verði látnir ná einhverju inn á þennan hátt upp í þann mikla stofnkostnað, sem þar hefur verið lagður fram. Enn má telja það nýtt, að gert er nú ráð fyrir, að um ½% af því fé, sem vegagerðin hefur til umráða, gangi til rannsókna og tilrauna undir stjórn vegamálastjóra, til þess að leita að nýjum leiðum til að gera betri og ódýrari vegi með meiri tækni.

Það er auðvitað, að í 100 gr. frv. koma fram mörg atriði önnur en ég hef hér nefnt, sem mega teljast ný og mjög breytt frá því, sem áður hefur verið, en ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta.

Ég hef þegar drepið á nokkur atriði, sem mþn. taldi eðlilegt að væru athuguð sérstaklega af Alþingi og það setti endanlega föst ákvæði um, en hún lagði ekki nema tiltölulega lauslega til. Má því segja, að sumt af því væri síður en svo óeðlilegt, sem fram hefur komið af brtt. við frv., og ekki annað en það, sem n. gerði alltaf ráð fyrir að kæmi við þennan mikla lagabálk. Auk aðalbreytinganna, sem ég nefndi, eru svo ýmsar smærri breytingar, sem stafa beint af þeim í orðalagi o. fl. Einnig hafa komið fram nokkrar aðrar breytingar, sem eru verulega efnislegar frá einstökum þm. og nm. í samgmn., og munu þær yfirleitt vera til bóta flestar. Þá er og nokkuð af orðalagsbreytingum, sem n. gekk frá og auðvitað má nokkuð um deila, því að það er nú svo, að flesta hluti má orða á óteljandi vegu. Og þó að þær breyt., sem samgmn. d. urðu sammála um að leggja til og Nd. hefur samþ., séu allmargar, þá er það ekkert annað en eðlilegt út frá þeim vinnubrögðum, sem bæði voru í mþn. og einnig samkomulagsatriðum í samvn. samgm. Hæstv. samgmrh. sagði hér í gærkvöld, að flestar þær breytingar væru til bóta, og ég vil taka undir það, og ég hygg, að þær, sem ég tel ekki til bóta, séu þá ekki til að skemma frv. að verulegu leyti, enda var fullt samkomulag um þær, eins og ég sagði, í þessari nefnd.

Það hefur verið bent á það í þessum umr., að frv. þetta hafi komið of seint fyrir augu hv. alþm., til þess að þeim ynnist nægur tími til þess að kynna sér það til hlítar, þar sem meiningin var að afgreiða það nú fyrir áramót. Þetta er hverju orði sannara, að þetta er það mikið mál, að allt of stuttur tími var til athugunar, en sannleikurinn er sá, að full samstaða um frv. náðist ekki fyrr en það var lagt fram, og þar af leiðandi er tíminn þetta naumur. En hv. þm. munu vera flestallir sammála um, að það sé mjög nauðsynlegt að afgreiða málið fyrir áramót, til þess að tekjuöflun

frv. taki að verka strax með næsta ári. Og til þess að bæta úr því, hversu þessi tími var stuttur, var það ráð tekið að athuga frv. á sameiginlegum fundum beggja samgmn. í deildunum.

Þessi stóra nefnd hélt marga fundi, og á þeim mætti einnig ráðneytisstjórinn, sem var formaður mþn., og vegamálastjórinn — og samgmrh., þegar á þurfti að halda, einnig formaður Framsfl., Eysteinn Jónsson, og fulltrúi frá Alþb., Ragnar Arnalds, en því var boðið að hafa fulltrúa á þessum sameiginlegu nefndarfundum, þar sem Alþb. á menn í hvorugri þingnefndinni, og var það gert til þess, að sá flokkur gæti fylgzt sem allra bezt með því, sem þessar nefndir höfðu til málanna að leggja á fundum sínum, og einnig leggja þar orð í belg.

Á þessum nefndarfundum ríkti mikill einhugur um að styðja frv. í aðalatriðum, og eins og ég hef þegar drepið á, samþykkti þessi sameiginlegi nefndarfundur margar brtt., sem nú hafa allar verið staðfestar í Nd. Að sjálfsögðu komu fram margar aðrar uppástungur um breytingar, bæði frá einstökum nm. og eins frá þm., sem komu sínum till. á framfæri við n., en engar þær till. voru það veigamiklar, að þær yllu verulegum ágreiningi. Og ég vil þakka þann samstarfsvilja, er þarna kom ótvírætt fram og lýsti því, að það var full alvara hv. nm. allra, að málið næði fram að ganga fyrir áramót. Og um leið er það staðfesting á því, að mjög auknar vegabætur í þessu landi eru eitt af allra brýnustu viðfangsefnum, sem bíða úrlausnar um allt land, að sjálfsögðu eitthvað mismunandi aðkallandi, en alls staðar mjög aðkallandi, og að sjálfsögðu líta menn nokkuð misjafnt á það, hvað mest kalli að. Og um leið og ég fagna þeim viðtökum, sem frv. hefur fengið í aðalatriðum þrátt fyrir nýja skattálagningu, gefa þær ástæðu til að halda, að rétt sé stefnt með frv. En úr því sker að sjálfsögðu reynslan nánar og það mjög fljótlega.

Legg ég svo til fyrir hönd samgmn., sbr. álit hennar á þskj. 166, sem hefur verið lagt fram, að frv. verði samþykkt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að ræða hér stuttlega þær brtt., sem ég hef leyft mér að flytja við frv. til vegalaga. Um málið í heild vísa ég til þess, sem ég sagði hér við 1. umr. í gærkvöld.

Það er enginn efi á því, að það er vilji þeirra, sem samið hafa þetta frv., að umbætur geti orðið sem fyrst og sem mestar á vegakerfi landsins, og það kemur einnig fram að ýmsu leyti, að þeir hafa haft skilning á því, að einna fyrst þurfi að gera verulegar umbætur á þeim vegum, þar sem umferðin er mest, þar sem hún er orðin svo mikil, að vegakerfið er algerlega ófullnægjandi til þess að sinna henni, eins og hún er orðin. Í frv. er m. a. á það bent í grg., að 30% af allri umferð fellur á einungis 1.7% af öllu vegakerfi landsins. Og það eru engar ýkjur, að sums staðar, þar sem umferðin er mest, er að komast á algert öngþveiti í þessum málum. Þess vegna tel ég, að hefði þurft að tryggja enn þá betur en gert er með frv. í þeirri mynd, sem það er nú, að nægilegt fjármagn eða eins mikið fjármagn og mögulegt er að afla fari fyrst og fremst til þessara staða, þar sem umferðin er þegar komin í algert öngþveiti. Þar með er ekki sagt, að allar aðrar umbætur eigi að bíða, en að verulegur hlutur af hinu aukna fjármagni til vegabóta fari til þess að bæta þarna úr hálfgeru og jafnvel algeru neyðarástandi. Þær umbætur, sem með þeim hætti eru gerðar, koma flestum sem fyrst að gagni.

Nokkur bæjar- og sveitarfélög hafa algera sérstöðu að því er það snertir, að þjóðvegir, fjölfarnir í sumum tilfellum, liggja bókstaflega um sjálf bæjar- og sveitarfélögin. Það má benda á staði eins og Kópavog, Selfoss og Blönduós. Á öllum þessum stöðum liggur þjóðvegur milli héraða um kaupstaðina og kauptúnin. Þetta veldur því, að þarna er um sérstöðu að ræða, og veldur þessum bæjar- og sveitarfélögum sérstökum erfiðleikum. Þeir eru vafalaust mestir í Kópavogi, þar sem umferðin er orðin gífurleg og verulegur hluti hennar er umferð til Hafnarfjarðar og Suðurnesja.

Þessi mál, sem þannig stendur á, og þó alveg sérstaklega vandamálið með umferðina í Kópavogi þarf vissulega að taka sérstökum og föstum tökum og það sem allra fyrst. Á þessum stöðum, sem þannig er ástatt um, eins og ég nú nefndi, sem eru fáir, að þjóðvegur milli byggðarlaga liggur um kaupstaðina eða kauptúnin, þá er mjög hætt við því, að sá hluti vegafjárins, sem ætlazt er til samkv. frv. að renni til bæjar- og sveitarfélaga til bættrar vegagerðar, fari í mjög ríkum mæli til þess að endurbæta þessa vegi og hrökkvi þó ekki til, a. m. k. fyrsta kastið, — þessa vegi, sem eru að eins miklu leyti til gagns fyrir önnur byggðarlög, jafnvel heila landshluta, eða fyrir samgöngur yfirleitt. Það virðist því sanngjarnt, að alveg sérstakt tillit sé tekið til þessarar sérstöðu, og að því beinast 1. og 2. brtt. mín á þskj. 168. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 32. gr. bætist. Vegagerð ríkisins skal kosta og annast viðhald og nauðsynlegar endurbætur á þeim þjóðvegum í kauptúnum og kaupstöðum, sem teljast helzta umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, hafi hún gert það fram að gildistöku laga þessara.“

Ég vænti þess, að á þetta verði litið af fullri sanngirni af hv. deild. Með hinu nýja frv. um vegalög er auðsjáanlega til þess ætlazt, að brotið sé blað í sögu vegamála, í sögu uppbyggingar vegakerfis landsins, það skuli nú gert samkv. fyrirframgerðri áætlun og með verulega auknum hraða. Og hér þyrfti einnig að verða nokkur breyting á að öðru leyti. Hér þyrfti vissulega að stefna markvisst að því,

að allir þeir skattar, sem lagðir hafa verið og lagðir kunna að verða á umferðina, fari til vegabóta, meðan svo er ástatt sem nú er, að þörfin er ákaflega brýn, og það er hætt við, að hún verði það lengi í okkar landi. Verulegt spor í þessa átt er vissulega stigið með því frv., sem hér liggur fyrir. Þó tel ég, að það sé tæpast nægilega tryggt og ekki eins vel tryggt og hægt væri, að þessu stefnumiði verði sem fyrst náð. Það er vitanlega hugsanlegt, að þær tilhneigingar komi upp, e. t. v. ekki á þessu þingi, en þá e. t. v. síðar, að draga úr þeim framlögum hins opinbera til vegamála, sem lögð eru fram með öðrum hætti en þeim, sem þessi lög koma til með að ákveða, þ. e. þeim framlögum, sem ákveðin eru í fjárlögum hverju sinni. Þetta frv., eins og það er nú, tryggir ekki að mínu viti nægilega, að þær fjárveitingar haldist. Til þess að reyna nokkru betur en gert er í frv., eins og það liggur fyrir, að koma í veg fyrir þá þróun, að úr þessum framlögum verði dregið, hef ég leyft mér að flytja á sama þskj., 168, brtt. við 89. gr. frv. Sú gr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til greiðslu kostnaðar samkv. lögum þessum skal auk þeirra gjalda, sem um getur í 85.—87. gr., veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum."

Við þessa grein legg ég til, að bætist: „og sé það eigi lægra en 1/4 hluti þess fjár, sem fæst samkv. ákvæðum 85.—87. gr.", en það er mjög nálægt þeirri upphæð, sem um er að ræða nú. Með frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður hagnist um rúmar 47 millj. á þeim ráðstöfunum, sem nú eru gerðar. Ríkissjóður missir að vísu nokkra tekjustofna, sem nema 92.2 millj., en sparar hins vegar útgjöld, sem nema 139.3 millj. kr. Mismunurinn, 47.1 millj., er hagnaður ríkissjóðs.

Nú er til þess ætlazt, sbr. þá gr. frv., sem ég vitnaði til, 89. gr., og aths. við hana, að þessi hagnaður af breytingunni komi sem sérstakt framlag á 13. gr. fjárl. En mér virðist, að það sé engan veginn tryggt svo vel sem hægt væri, að þessi fjárveiting haldist framvegis í fjárl. Þess vegna er þessi till. flutt, til þess að reyna að tryggja þetta betur en þegar er gert í frv.

Eins og ég lýsti í gærkvöld, tel ég, að svo mikið sé fengið með setningu þeirrar löggjafar, sem hér er á döfinni, að það sé alla vega æskilegt, að framgangur hennar sé tryggður, og er ánægjulegt, að gott samstarf hefur tekizt um þetta mál. Vissulega hefði verið æskilegt, eins og ég sagði þá, að hv. Alþingi hefði fengið betra tóm til þess að fjalla um svona stórt og vandasamt mál heldur en því hefur verið ætlað. En við þetta verður nú að sitja. Af þessu leiðir, að enn þá ríkari ástæða er vafalaust til þess heldur en ella að gera ráð fyrir því, að þessi mikli lagabálkur, sem hefur að geyma mörg nýmæli, þurfi endurskoðunar við, áður en langir tímar líða. Það er eðlilegt og þó sérstaklega þegar þarf að hraða afgreiðslu slíks máls eins og þetta er. Með hliðsjón af því og með hliðsjón af eðli málsins, er ég fylgjandi þeirri brtt. frá hv. 6. þm. Sunnl., sem hér hefur verið lögð fram um, að skipuð verði, áður en langir tímar líða, mþn. til þess að endurskoða þessa löggjöf.

Helgi Bergs: Herra forseti. Í þeim fáu orðum, sem ég sagði um þetta frv. hér við 1. umr. í gærkvöld, lýsti ég stuðningi mínum við það í grundvallaratriðum, og ég skal ekki eyða tíma í það nú að ræða um frv. almennt. En ég lét í ljós þá skoðun í gær, að trúlega mundi koma fram brtt. við frv. enn, og ég hef sjálfur lagt fram á þskj. 167 tvær brtt. við frv., sem ég vil fara hér um örfáum orðum.

Það kemur mér að vísu ekki nema að hálfu gagni að fá orðið nú, fyrst hæstv. samgmrh. getur ekki verið í d., vegna þess að í sambandi við fyrri brtt. mína hefði ég þurft að beina orðum mínum aðallega til hans. Það er því kannske rétt, að ég snúi mér fyrst að þeirri síðari í þeirri von, að hæstv. samgmrh. kunni að koma á fundinn fljótlega. (**Gripið fram í:** Það er verið að leita að honum.)

Síðari brtt. mín er shlj. brtt., sem hv. 3. þm. Norðurl. e. bar fram í Nd., á þá leið, að við bráðabirgðaákvæði frv. bætist þessi orð: „Alþingi kýs á árinu 1965 mþn. til þess að endurskoða þessi lög í samráði við vegamálastjóra." Ég fór um það nokkrum orðum í gær, að nauðsynlegt mundi að endurskoða þessa löggjöf fljótlega. Eftir slíka gerbreytingu hljóta að koma fram ýmisleg ófyrirséð tilvik, og ýmislegt af því nýja fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, er alveg eftir að fá reynslu af. Ég skal gjarnan segja það, að mér virðist undirbúningur þessa frv. í aðalatriðum vandaður, en athugunartími sá, sem hv. Alþingi hefur haft til meðferðar frv., hefur verið mjög skammur, og margvíslegar brtt., sem fram hafa komið, bera þess vott, að þm. eru ekki mjög öruggir um, að öll atriði frv. séu varanlega til bóta. Þess vegna virðist mér eðlilegt, að það hljóti að verða að gera ráð fyrir því, að lögin verði fljótlega endurskoðuð, og þá þykir mér einnig eðlilegt, að Alþingi, þegar það afgreiðir frv., láti strax í ljós þá skoðun sína, og þess vegna hef ég borið fram þessa brtt., sem er 2. liðurinn á þskj. 167.

Ég kem þá að því að ræða fyrri till. nokkuð, þó að hæstv. samgmrh. sé ekki á fundinum. Sú till. gerir ráð fyrir því, að 95. gr. frv. sé í burtu felld, en hún veitir ráðh. heimild til þess að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi og brýr. Þetta er, eins og menn sjá, ákvæði, sem veitir samgmrh. mjög víðtæka og mjög almenna heimild. Það hefur í sambandi við umr. um endurbætur á okkar vegamálum og umr., sem hafa átt sér stað í sambandi við undirbúning og aðdraganda þessa frv., verið mjög um það rætt, hvort bæri að byggja upp vegakerfið fyrst og fremst á framlögum úr ríkissjóði eða hliðstæðum framlögum, sem innheimt eru af þjóðfélagsþegnunum almennt, eða hvort ætti að hugsa sér það fyrirkomulag að taka að verulegu leyti

lán til a. m. k. varanlegrar vegagerðar og láta þá umferð, sem um þá vegi fer, greiða tolla eða skatta af hverju farartæki, sem fer um veginn. Þetta er auðvitað grundvallaratriðið, sem ástæða er til þess að íhuga mjög vandlega. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að eftir að Alþingi fjallar um vegáætlunina og veitir af alþjóðarfé fjárveitingar til vegagerðar, þá sé ráðh. heimilt að ákveða, að tekið skuli af umferðinni fé til þessa í annað sinn. Mér virðist, að spurningin um vegatoll sé svo mikið prinsipmál, að það sé full ástæða til þess, að Alþingi fjalli um það alveg sérstaklega, í stað þess að hér er í einni grein veitt mjög almenn og víðtæk heimild til ráðh. til þess að ákveða slíkt upp á eigin spýtur.

Ég hefði mjög gjarnan viljað spyrja hæstv. samgmrh., ef hann hefði verið hér, hvernig hann hyggst beita þeirri heimild, sem honum er fengin í þessari gr., ef samþykkt yrði. Það hefur heyrzt sagt, að með þessu ákvæði sé einkum haft í huga að innheimta gjöld af bílum, sem fara um hinn nýja Keflavíkurveg, sem nú hefur verið í byggingu um tveggja ára skeið. Ef það er fyrst og fremst þetta, sem fyrir mönnum vakir, þá virðist mér heimildin í 95. gr. vera óþarflega rúm. Í sambandi við Keflavíkurveginn vil ég gjarnan segja það, að það öngþveiti, sem orðið var í vegamálum Suðurnesja, átti að verulegu leyti rót sína að rekja til þess, að umferðarálagið á þennan veg hefur verið gífurlegt sökum dvalar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og viðskipta og samgangna við það. Það væri alls ekki óeðlilegt, að sú umferð greiddi verulegan hluta af kostnaði við byggingu vegarins, og sízt mundi ég mæla á móti till., sem lytu að því. En það verður að gá að því, að það fara fleiri um þennan veg en þeir einir, sem erindi eiga í sambandi við þetta. Vegurinn er einnig aðalsamgönguæð íbúanna í sjávarplássunum og kaupstöðunum á Suðurnesjum.

Nú mætti að vísu segja, að á meðan þeir hafa einir svo vandaðan veg að aka um, væri þeim kannske vorkunnarlaust að greiða eitthvað sérstakt fyrir það, en á hinn bóginn er nú í þessu frv., sem hér er til meðferðar, gert ráð fyrir því, að fleiri vegir verði vonandi innan mjög skamms tíma gerðir á sama vandaðan máta, og þá er auðvitað ekki eðlilegt, að íbúar nokkurra kaupstaða og þorpa á Suðurnesjum skuli einir þurfa að borga slíkt umferðargjald. Og ekki er ástæða til þess, að þeir gjaldi þess, að þannig hafi atvikazt, að þeir urðu rétt fyrstir í þessari þróun.

Nú vil ég taka það fram alveg skýrt, að með þessu er ég ekki að taka neina endanlega afstöðu til þess, hvort ég telji rétt í einstökum tilvikum að taka upp slíka umferðartolla. Ég er ekki að taka afstöðu til þess endanlega í „prinsipinu“, heldur er ég að láta í ljós þá skoðun, að heimildin, sem ráðherra er veitt með 95. gr., sé óeðlileg og allt of rúm og óskilgreind. Ég mundi telja eðlilegt, að ef farið væri inn á þessa braut, væri um það mál sérstaklega fjallað á Alþ., og þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þá brtt., sem fólgin er í fyrsta lið á þskj. 167, um það, að 95. gr. falli niður.

Ég hefði gjarnan, eins og ég sagði áðan, kosið, að hæstv. samgmrh. hefði verið hér í d. og getað gefið okkur yfirlýsingar um það, hvernig hann hygðist beita ákvæðum þessarar greinar, ef samþykkt yrði, og enn fremur hefði ég þá óskað þess, að hann hefði lýst því yfir, að hann mundi ekki beita henni án samráðs við þá aðila, sem sætzt hafa á að koma þessu stóra máli áfram með óvenjulega skjótum hætti. Ég hefði talið eðlilegt, að þar sem hefur orðið samkomulag um það að koma fram þessu merka máli á þann hátt, sem nú er verið að gera, yrði um slíkt stórmál eins og það, sem fólgið er hér í lítilli grein, einnig samráð og samkomulag, hvernig því yrði beitt, ef till. *mín* um að fella þessa heimild burt nær ekki fram að ganga. Ég geri mér það ljóst, að ýmsir, þótt þeir kynnu að vera þessari brtt. hlynntir, munu hafa nokkurn hug á að koma frv. gegnum þessa hv. d. án breytinga. En ég vildi samt ekki láta hjá liða að bera fram þessa brtt. til þess að vekja athygli á þessu máli og sérstaklega til þess að biðja um yfirlýsingu hæstv. samgmrh., sem því miður er ekki hérna núna, um það efni, sem ég var að gera grein fyrir áðan.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira.

Forseti (EggÞ): Í tilefni af ósk hv. síðasta ræðumanns um, að hæstv. samgmrh. yrði hér viðstaddur, vil ég taka fram, að ráðh. hefur sent þau boð, að hann sé á fundi hér á neðri hæð hússins með vegamálastjóra og ráðuneytisstjóra samgmrn. einmitt um þetta mál og geti af þeim ástæðum ekki verið mættur hér.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða almennt um frv. það til vegalaga, sem hér liggur fyrir, þó að það sé vissulega þess vert, að um það sé rætt, því að hér er um merkilegt mál að ræða. Höfuðatriði þess frv. er að mínum dómi það, að í því felst aukin fjáröflun til vegaframkvæmda, en auk þess geymir það svo að sjálfsögðu, eins og hér hefur verið rakið, ýmis nýmæli, sem ég hygg að mörg eða jafnvel flest horfi til bóta, þó að reynslan ein fái til fullnustu úr því skorið, hvernig þau reynast. En sem sagt, ég ætla ekki að fara að ræða almennt hér um þetta frv., heldur vildi ég aðeins leita skýringar á einu eða tveimur ákvæðum í þessu frv. og af því tilefni beina fsp. til frsm. hv. samgmn.

Þau ákvæði, sem ég vil gjarnan fá nánari skýringu á, eru í X. kafla frv., sem fjallar um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl. Mér er það ljóst, að þar er í sjálfu sér ekki um neinn sérstaklega veigamikinn þátt að ræða í þessum mikla lagabálki.

Í síðasta málsl. 60. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Kostnað við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann

hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.“

Ég held, að þetta ákvæði fái naumast staðizt samkv. stjórnarskránni. Ég held, að það leiði til þess, að landeigandi fái ekki fullar bætur, svo sem boðið er í 67. gr. stjórnarskrárinnar. Og ég skal taka einfalt dæmi máli mínu til skýringar. Við skulum segja, að landeigandi krefjist þess að fá 50 þús. kr. í bætur. Vegamálastjóri býður aftur á móti að greiða 35 þús. Mat fer fram, og niðurstaða matsmanna verður sú, að 40 þús. kr. skuli greiddar í skaðabætur vegna þess, sem þar er um að ræða, hvort sem það er jarðrask eða malarnám eða hvað sem það nú er. Kostnaður við þetta mat verður 2000 kr., sem ég hygg að sé ekki of í lagt. Þá verður niðurstaðan sú, að landeigandi samkv. þessu ákvæði, sem ég las hér upp áðan, á að greiða þennan kostnað við matið, 2000 kr. Þær dragast þess vegna frá þeim 40 þús. kr., sem honum hafa verið metnar og matsmenn hafa talið að skaði hans væri, þ. e. a. s. hann fær ekki nema 38 þús. kr., og þá hefur hann ekki fengið fullt verð fyrir eign sína, eins og 67. gr. stjórnarskrárinnar býður.

Ég vildi gjarnan fá skýringu á því hjá hv. frsm. n., hvernig n. lítur á þetta ákvæði, hvort hún er þeirrar skoðunar, að þetta geti samrýmzt stjórnarskránni. Og það er því meiri ástæða til þess að velta þessu fyrir sér, af því að hv. samgmn. hefur sýnt lofsverðan áhuga á því í sambandi einmitt við þetta ákvæði að girða fyrir það, að ákvæðið bryti í bág við stjórnarskrána, því að í upphaflega frv., eins og það var lagt fyrir Alþingi, stóð svo í niðurlagi 2. mgr. 60. gr.: „Kostnað við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en 10% af matsupphæð undirmatsins, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.“ Þetta ákvæði felldi samgmn. niður eða gerði till. um, að það væri fellt niður, og var það fellt niður í hv. Nd., af þeim ástæðum, að mér skilst, að hún taldi vafasamt, að þetta ákvæði um greiðslu kostnaðar við yfirmat stæðist samkv. stjórnarskránni. Nú er ég að vísu á annarri skoðun um það efni og tel, að niðurlagsákvæði 2. mgr. 60. gr., eins og það var upphaflega, hefði verið í góðu samræmi við stjórnarskrána, og hef mín rök fyrir því, en það er önnur saga, og ég fer ekki út í það hér að rekja þau. En einmitt af því, að hv. samgmn. hefur bersýnilega haft auga fyrir þessu, hefur þar af leiðandi hlotið að grandskoða þetta, þykir mér rétt að krefjast á þessu skýringar. En ég hef hingað til haldið, að það væri alveg ótvíræð grundvallarregla, að eignarnemi yrði að greiða kostnað við undirmat, hver svo sem niðurstaða þess annars væri, og ég veit ekki til þess, að öðru sé þar undan haldið neins staðar, þannig að ég held nú, að flestir, a. m. k. lögfræðingar, hljóti að vera sammála um það, að þetta niðurlagsákvæði 1. mgr. 60. gr. standist nú ekki samkv. stjórnarskránni. Og það er nú svona, að þó að þetta sé kannske í sjálfu sér smámál og þyki óþarfi að vera að fjölyrða um það, er það dálítið erfitt fyrir hv. alþm. að samþykkja það, sem bersýnilega er andstætt stjórnarskránni, af því að þeir hafa nú einu sinni unnið eið eða drengskaparheit að því að halda stjórnarskrána, svo að mér virðist nú þörf á því að athuga þetta ákvæði aðeins og staldra við, og sem sagt, ég vildi óska eftir því að fá skýringar á þessu ákvæði.

Raunar má kannske sama segja um 62. gr., að því er varðar þær lögákveðnu bætur til leigutaka, þar sem gert er ráð fyrir því, að landeigandi greiði honum 5% árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Þessar lögákveðnu bætur þurfa náttúrlega ekki alltaf og í öllum tilfellum að vera fullar bætur, og þess vegna mundi slíkt ákvæði sjálfsagt ekki standast. En það hefur verið áður í lögum að vísu, og skal ég ekki fjölyrða um það.

En aðra spurningu vildi ég einnig bera upp við hv. frsm. samgmn., og það er út af þessu, að niður hefur verið fellt niðurlagsákvæðið í 2. mgr. 60. gr., sem ákvað það, hvernig fara skyldi með greiðslu yfirmatskostnaðar. Nú eru í þessu lagafrv., eins og frá því er gengið, engin fyrirmæli um greiðslu yfirmatskostnaðar. Þess vegna vildi ég beina þeirri spurningu til hv. frsm., hvaða regla n. hefði hugsað sér að ætti við um greiðslu yfirmatskostnaðar. Getur það verið, að hún hafi hugsað sér, að um greiðslu yfirmatskostnaðar ætti að fara eftir niðurlagsákvæðinu í 1. mgr. 60. gr.? Það er fjarstætt að mínum dómi. En það lægi þó kannske einna beinast við eftir því, hvernig frá þessu er gengið. Eða ætlast hún til þess, að þetta sé skilið svo, að það sé farið um þetta efni eftir þeirri almennu reglu, sem um þetta er sett í l. um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 1917? Sú ályktun mundi náttúrlega vera eðlilegust og mundi auðvitað eiga við, ef ekkert væri um þetta mælt í l. og felldur væri niður síðasti málsl. 1. mgr. 60. gr. Þá mundi sjálfsagt verða ályktað sem svo, að um framkvæmd eignarnámsins og greiðslu kostnaðar við það ætti að fara eftir þessum almennu eignarnámslögum, nr. 61 frá 1917, enda er það eðlilegt og í sjálfu sér óþarfi, þegar einstök lög eru að taka upp reglur um framkvæmd eignarnáms, vegna þess að það eru settar í þessum lögum í eitt skipti fyrir öll almennar reglur um þetta efni.

Nú ætlast kannske n. til þess eða hefur hugsað sér, að það gilti um þetta sama regla og t. d. er sett í l. um náttúruvernd, sem við vorum að tala um hér í gærkvöld, þar sem svo er fyrir mælt, að yfirvirðingarnefndin sjálf ákveði það, hvernig greiðslu kostnaðar sé háttað eða skipt á milli aðila.

Eins og ég áðan sagði, finnst mönnum þetta kannske ekki stór atriði, og ég játa það, að þetta eru ekki í sjálfu sér stór atriði, borin saman við þetta mikla mál, sem hér liggur fyrir, en þau atriði eru þó þannig vaxin, að ég tel eðlilegt, að þm. geri sér grein fyrir því,

hvað þeir eru að samþykkja í þessu efni, og ég efast ekki um, að þessi mál hljóta að hafa verið rækilega könnuð hjá hv. samgmn. og að hv. frsm. hennar geti því gefið einhverjar skýringar á því.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 3. þm. Norðurl. v. í sambandi við 60. gr. hef ég ekki mikið að segja. Þar talar löglærður maður, en ég er ekki löglærður.

Viðvíkjandi síðari fyrirspurnarliðnum er það að segja, að þetta var rætt nokkuð í samgmn., að eðlilegast væri, að það atriði færi eftir almennum ákvæðum um eignarnám, og væri óþarft að hafa sérstakt ákvæði í þessum lögum um það. En að því er varðar fyrra atriðið, að það standist samkv. stjórnarskrá, sem þar segir um mat, er því aðeins til að svara, að þetta hefur staðið í vegalögum og að því er ég veit ekki valdið neinum árekstrum. Ég skal játa, að það hefur ekki verið sérstaklega rannsakað af þeim nefndum, sem hafa undirbúið þetta frv., hvort þetta fengi staðizt, en talið, að það mundi standast, þar sem það hefur ekki valdið árekstrum hingað til.

Hér hafa komið fram nokkrar brtt. frá hv. 5. þm. Reykn. Að því er varðar þær brtt., sem hann gerir á 32. gr., er það að segja, að sú grein var rædd allmikið á fundi n. Henni hafði borizt bréf frá bæjarráði Kópavogs, sem taldi, að þar væru sérstakar ástæður fyrir hendi og ákvæði þessarar gr. mundu koma illa við kaupstaðinn Kópavog, og tók n. till. bæjarráðs algerlega til greina.

Um 3. brtt. hv. 5. þm. Reykn. er það að segja, að það er að sjálfsögðu álitamál, hvort það á að binda það í þessum lögum, hversu mikið framlag á 13. gr. fjárl. eigi að vera til vegagerða fram yfir þær tekjur, sem vegagerðin fær gegnum sína ákveðna tekjuliði. Ég er alls ekkert viss um það, að frv. verði neitt betra með því að binda það, að það skuli vera 1/4 hluti á móti því, sem inn kemur samkv. 85. og 87. gr. Ég gæti alveg eins hugsað mér, að það þyrfti að vera meira. Vegaþörfin er mikil, og þrýstingurinn á það að fá fé til vegagerða er mikill. Ég get upplýst það, að það var að vísu um það talað, hvort eðlilegra væri og hvort það væri trygging fyrir vegagerðina að fá þetta ákveðið í einhverjum hlutföllum, og niðurstaðan varð sú, að það mundi vera skynsamlegast að láta þetta óbundið í því trausti, að hlutur vegagerðarinnar yrði ekki rýrður frá því, sem lagt er til á fjárlfrv. nú og búið er að eða í þann veginn er verið að ganga frá að þessu sinni. Hvoruga þessa till. tel ég því þörf á að samþykkja og sé mér ekki fært að styðja þær.

Þá var till. frá hv. 6. þm. Sunnl. um það að taka það inn í l. nú að ákveða um nýja endurskoðun. Ég held, að það sé of snemmt að ákveða það enn, meðan ekki er séð, hvernig ákvæði þessara laga verka, og það er alltaf opið að bera fram brtt., ef einhver atriði í frv. eða l., ef þetta verða lög, reynast þannig, að breyta þurfi. Þá tel ég einboðið, að það verði tekið fyrir, strax og það kemur fram, en að ákveða nú allsherjar endurskoðun á frv. finnst mér vera allt of snemmt og nálgast það að vera vantraust á þá, sem samið hafa frv., að ákveða það nú þegar, að á því skuli fara fram ný endurskoðun. Ég get af þessum ástæðum ekki heldur stutt þessa tillögu.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það var aðeins út af aths. við 60. gr. frá hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég vildi segja hér nokkur orð, vegna þess að ég kom þar sjálfur lítils háttar við sögu.

Eins og kunnugt er, unnu samgmn. saman að því að yfirfara þetta frv., meðan það var til meðferðar í Nd. Þegar farið var yfir 60. gr., benti ég á í sambandi við 2. mgr. þeirrar gr., að það hefði fyrir nokkrum árum fallið hæstaréttardómur, sem mig minnti að væri á þá leið, að slíkt ákvæði væri talið brjóta í bága við stjórnarskrána. Ráðuneytisstjóranum í samgmrn., sem starfaði með n., var falið að athuga þetta nánar, enda geri ég ráð fyrir því, að hann hafi fyrst og fremst séð um hina lögfræðilegu hlið á þessu frv. En hann sagði, að þessi 60. gr., 1. og 2. mgr., væri ýmist óbreytt frá eldri vegalögum eða það hefðu verið teknar upp reglur úr öðrum hliðstæðum lögum, og mig minnir, að hann vitnaði þar í hafnarbótalög. Honum var falið að taka þetta til athugunar. Ég vil taka það fram, að ég fletti þessum hæstaréttardómi ekkert upp núna í sambandi við þetta mál og kynnti mér það ekkert nánar, en hann gerði það hins vegar eftir þessari ábendingu, og þegar hann hafði athugað þetta, taldi hann rétt að fella 2. mgr. 60. gr. niður, og ég hygg þá, þori að vísu ekki að fullyrða það, að hann hafi verið þeirrar skoðunar, að kostnaður við yfirmatið lenti þá væntanlega á vegagerðinni í öllum tilfellum, eða það minnir mig, að hann segði. Þegar svo þessi niðurstaða var komin frá ráðuneytisstjóranum, þá samþykkti nefndin eftir hans athugun að fella þessa 2. mgr. niður.

Þá benti hv. 4. þm. Austf. á það á nefndarfundi, hvort niðurlagsákvæðið í 1. mgr. 60. gr., sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði hér að umtalsefni, mundi þá ekki einnig brjóta í bága við stjórnarskrána og það leiða af þessum dómi. Ég var honum alveg sammála um það, að þessi aths. hans væri réttmæt og það væri sjálfsagt eða ástæða til þess að fella þetta ákvæði einnig niður. En við umr. í n. skildist mér, að nm. hölluðust nú einna helzt að því, að þó að væri fyrir hendi ótvíræður hæstaréttardómur um 2. mgr., þá væri ekki fyrir hendi hæstaréttardómur varðandi þetta ákvæði, niðurlag 60. gr., og þess vegna væri eiginlega rétt að láta það standa, þó að þetta gæti verið álitamál.

Ég taldi aðeins rétt, af því að þessi fsp. kom fram, að rekja gang málsins, eins og hann kom mér fyrir sjónir í nefndarstörfunum. En ég tek

undir það, að ég tel þessa aths. frá hv. 3. þm. Norðurl. v. varðandi niðurlagsákvæði 60. gr. vera réttmæta.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta neitt að ráði. Ég vil þakka hv. frsm. fyrir hans greinargóðu svör við minni fsp. Hann játaði það, að niðurlagsákvæði 1. mgr. 60. gr. mundu kannske ekki hafa verið nægilega athuguð í n., en taldi hins vegar, að eftir brottfall síðasta málsl. í 2. mgr. 60. gr. mundu nm. hafa verið þeirrar skoðunar, að um greiðslu matskostnaðar færi eftir þeim almennu reglum, sem þar um gilda samkv. l. um framkvæmd eignarnáms frá 1917. Ég tel þessa skoðun eðlilega.

Hv. síðasti ræðumaður, 9. landsk. þm., var einnig alveg sammála, að mér skildist, þeirri aths., sem ég gerði varðandi síðasta málsl. í 1. mgr. 60. gr., að hann fengi ekki staðizt eftir stjórnarskránni. Hins vegar virtist mér, að hann hefði kannske nokkuð annan skilning en hv. frsm. á þýðingu þess, að síðasti málsl. 2. mgr. 60. gr. var felldur niður, en efnislega virtist mér hann þó fallast á mitt sjónarmið í þessu efni. Það er náttúrlega, eins og allir lögfræðingar vita, meginmunur á undirmati og yfirmati, að því er kostnaðargreiðsluna varðar. Eins og ég sagði áðan, held ég, að það séu ekkert deildar meiningar um það, að eignarnemi verður að greiða kostnað við undirmat, það mat, sem fram fer. Hins vegar eru aftur á móti ýmsir og ég vil segja margir þeirrar skoðunar, að löggjafinn þurfi ekki að fyrirskipa nema eitt mat, en ef hann heimilar yfirmat, þá geti hann sett aðra reglu um skiptingu kostnaðar af því. En mér sýnist við, sem um þetta höfum rætt, vera yfirleitt sammála í verulegum atriðum um efnið. Þess vegna mundi ég hafa tilhneigingu til þess að bera fram brtt. við þessa grein við 3. umr. málsins. Og mín brtt. mundi þá verða á þá lund, að síðasti málsl. 1. mgr. falli niður.

Það er að sjálfsögðu rétt, eins og kom fram, að þetta ákvæði hefur verið áður í lögum, en það réttlætir það náttúrlega ekki, að það sé látið standa áfram, þegar mönnum verður ljóst, að það er ekki í samræmi við stjórnarskrá. Og í öðru lagi mundi ég vilja leggja til, að við 60. gr. bættist ný mgr., svo hljóðandi:

„Um greiðslu kostnaðar við eignarmat samkv. þessum lögum fer eftir l. nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.“

Þá væri það sagt alveg berum orðum, sem hv. frsm. taldi hafa verið skoðun n. Ég vil þó taka það fram, að ef það þætti ekki fært vegna þess, hve naumur tími er orðinn, að láta málið ganga á milli deilda vegna slíkrar breytingar, þá mundi ég sætta mig við þá yfirlýsingu, sem fram kom frá hv. frsm., og ekki vilja tefja fyrir málinu með því að flytja brtt. En ég sé nú ekki, að það þyrfti að stefna þessu máli í neina tvísýnu, þó að svona einföld breyting væri gerð. En ég mun þá væntanlega, ef nokkur tími gefst til, prófa það við 3. umr., hvort menn vildu fallast á slíka brtt. eða ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
10.—18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
19.—28. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
29.—31. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 168,1—2 tekin aftur til 3. umr.
32.—36. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
37.—43. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
44.—51. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
52.—54. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
55.—58. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
59.—63. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
64.—67. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
68.—81. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
82.—84. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
85.—88. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 168,3 tekin aftur til 3. umr.
89.—94. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 167,1 tekin aftur til 3. umr.
95.—96. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
97.—98. gr. samþ. með 16 shlj atkv.
99.—100. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 167,2 tekin aftur til 3. umr.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Ed., 20. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 162, 167, 168, 170).

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það fór nú svo, að ég gat ekki verið við nema að litlu leyti, þegar 2. umr. fór hér fram, en þá var beint til mín fsp., m. a. í sambandi við 95. gr. Það er um heimild til að ákveða með reglugerð, að leyfa skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr. Í tilefni af þessu vil ég taka það fram, að þessi heimild var sett hér inn vegna þess, að til tals hefur komið að taka vegartoll af Keflavíkurvegi, þegar hann er fullgerður, helzt svo háan, að það gæti staðið undir vöxtum af því láni, sem til vegarins hefur verið og verður tekið. Ég vil þó upplýsa það, að ákvörðun hefur ekki verið tekin um þetta og þá vitanlega miklu síður, hversu hár þessi tollur verður, ef hann verður á lagður. En fyrirmyndina er að hafa frá ýmsum öðrum löndum, sem taka vegartolla og brúartolla, og víst er um það, að ef vegartollur yrði tekinn á þennan hátt, yrði hann aldrei hafður svo hár, að það þættu ekki stór hlunnindi að því að hafa fengið steyptan og góðan veg á móti

því að fara hina vondu og holóttu malarvegi. Ég vil taka það fram, að þetta ákvæði verður áreiðanlega notað mjög varlega, og ég vil enn fremur taka það fram, að áður en ákvörðun er tekin um það að innheimta slíkan toll, þá þarf að gera ýmsar athuganir, áður en slíkt getur átt sér stað, til þess að koma í veg fyrir, að það verði unnt að halda því fram, að níðzt sé á einu byggðarlagi frekar en öðru. En ég get vel látið mér til hugar koma, að þegar við höfum náð þeim áfanga að nota varanlega vegi, verði a. m. k. fjölförnustu vegirnir tollaðir á þennan hátt. En til þess að það borgi sig, þarf að vera mikil umferð um vegina, og erlendis er þetta tíðkað þannig, að það er tekið aðeins þar sem umferðin er mikil og þar sem það þykir borga sig, en ekki í þeim landshlutum, þar sem umferðin er minni. Áður en þetta kemur til framkvæmda, verður að fara miklu nánari athugun fram á þessu máli. Það þótti hins vegar rétt að hafa heimildina í lögunum, enda þótt það sé ekki, eins og nú standa sakir, mjög aðkallandi.

Ég vil enn á ný lýsa ánægju minni yfir því, að ný vegalög eru nú sem sagt að taka gildi. Við erum nú að ljúka sjöttu og síðustu umr. málsins. Það hefur komið fram við athugun þessa máls, að þegar áætlun var gerð í frv. til fjárl. í júlímánuði s. l., munu tekjur af benzíni, gúmgjaldi og þungaskatti hafa verið áætlaðar heldur háar. Þessi áætlun var endurskoðuð í okt. s. l., og þá sannfærðust þeir, sem höfðu gert áætlunina í júlí, um það, að þær tölur, sem eru í frv. til fjárl., eru of háar. En tölurnar, sem byggt er á í vegalagafrv., eru þær tölur, sem þóttu réttar við nánari athugun í októbermánuði, og miðað við þær tölur var gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi á næsta ári 47.1 millj. kr., en væri þó skaðlaus miðað við það frv., sem fyrir liggur til fjárlaga fyrir árið 1964. Og vegna þess að hér hefur verið svolítið um þetta rætt að gefnu tilefni, vil ég lýsa því yfir, að þrátt fyrir þennan mismun mun ríkissjóður greiða á næsta ári 47.1 millj., eins og um hefur verið talað, og það hefur alltaf verið talað um þessa upphæð í samningum um lausn þessa máls. Þess vegna er það að sjálfsögðu sú upphæð, sem ríkissjóður greiðir, hvað sem því líður, að ósamræmi er milli tekna í fjárlfrv. og þeirra tekna, sem reiknað er með í vegalagafrv. af gúmgjaldi, þungaskatti og benzíngjaldi. Ég vildi aðeins taka þetta fram til þess að taka af allan vafa um þetta og það geti legið algerlega hreint fyrir.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta mál að þessu sinni, en ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. samgmrh. hefur nú enn á ný staðfest það, að fjárveitingar á 13. gr. fjárl. muni nema 47.1 millj. eins og gert er ráð fyrir í grg. frv.

Á þskj. 167 lagði ég fram við 2. umr. tvær brtt., sem ég tók aftur til 3. umr. við atkvgr. í gær. Í sambandi við fyrri lið þeirrar till. beindi ég nokkrum fsp. til hæstv. samgmrh. og óskaði eftir því, að hann léti í ljós skoðun sína á því, hvernig hann hygðist beita ákvæðum 95. gr. og í hvaða tilgangi þau hefðu verið þar sett. Hæstv. samgmrh. fór um þetta nokkrum orðum í ræðu sinni hér áðan og upplýsti, að þessi heimild hefði verið sett þarna fyrst og fremst með tilliti til Keflavíkurvegarins. Ég ræddi að vísu um það nokkrum orðum í gær, að það kynni að vera vafasamt að gera einn slíkan veg, sem er aðalsamgönguæð allmargra landsmanna við höfuðborgina, að tollvegi, þegar aðrir þurfa ekki að greiða fyrir umferð um tilsvarandi vegi, sem við vonumst nú eftir að verði víðar innan fárra ára. Á hinn bóginn lét ég þess einnig getið í gær, að ég væri ekki með þessari brtt. að taka afstöðu í grundvallaratriðum gegn hugmyndinni um vegtolla yfirleitt. Ástæðan til þess, að ég bar fram þessa brtt., var öllu frekar sú, að ég vildi fá tækifæri til þess að vekja athygli á því, sem þarna er um að ræða, og fá umsögn hæstv. samgmrh. um þau atriði og skoðanir hans og skýringar, og með því að hann hefur nú gefið hóflegar og skynsamlegar skýringar á þessari grein og hvernig hann gerir ráð fyrir að henni verði beitt, mun ég eftir atvikum taka till. mína í fyrsta lið á þskj. 167 aftur.

Hins vegar liggur enn fyrir 2. liður till. minnar á þskj. 167, sem er um það, að bætt verði við ákvæði til bráðabirgða um það, að Alþingi kjósi á árinu 1965 mþn. til að endurskoða þessi lög í samráði við vegamálastjóra, en till. þessi var einnig flutt í Nd., af hv. 3. þm. Norðurl. e. Ég leiddi að því nokkur rök í gær, að ástæða væri til þess, að Alþingi gerði þegar í stað ráð fyrir því, að þessi lög yrðu fljótlega endurskoðuð. Í ræðu sinni hér í gær gerði hv. 8. landsk. þm. þetta nokkuð að umræðuefni og taldi ekki ástæðu til þess að samþykkja þessa till. og færði fram sem eina af sínum ástæðum fyrir því það, að í henni fælist vantraust á þá nefnd, sem hefði undirbúið þetta frv. Þetta var nú næsta einkennileg röksemdafærsla og alveg sérstaklega þegar þess er gætt, að ég hafði í ræðu minni farið lofsamlegum orðum um undirbúning málsins og frágang frv. Ég get ekki fallizt á að taka slíka röksemdafærslu til greina og finnst hún í hæsta máta einkennileg. Ég mundi vilja beina því til hv. 8. landsk. af því tilefni, hvort honum finnist það þá ekki líka vantraust á þá nefnd, sem undirbjó þetta frv., að Alþingi sé yfirleitt að rýna nokkuð í það í staðinn fyrir að renna því gegnum sex umr. án þess að skoða það. Auðvitað er það Alþingi, en ekki n., sem ber ábyrgð á þeim l., sem það er að afgreiða, og Alþ. verður að taka sjálft afstöðu til þeirra á eigin ábyrgð, en ekki á ábyrgð þeirra manna, sem málið hafa undirbúið.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en mæli með samþykkt brtt. minnar í 2. lið á þskj. 167 og samþykkt frv. að öðru leyti.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég gerði hér stuttlega grein fyrir mínum persónulegu viðhorfum til nokkurra brtt., sem komið hafa fram hjá einstökum hv. þdm., og skal ég ekki fara nánar út í það. En að afloknum fundi í gær kom samgmn. saman á fund og ræddi um þessar brtt., sem fyrir liggja, og það var niðurstaða af þeim fundi, að sem heild gat n. ekki stutt neinar þessar brtt., og var því ákveðið að leggja ekkert sérstakt til um þær, heldur hefðu nm. óbundnar hendur um afgreiðslu þeirra og atkvgr. En í sambandi við þessar umr. og út af mismunandi skilningi á einni grein frv. þykir rétt að taka það fram hér í sambandi við 91. gr., að í öllum útreikningum þeim, sem mþn. gerði í sambandi við tekjuöflun 1964, er gert ráð fyrir því, að benzínskattshækkunin komi til framkvæmda 1. jan. 1964, og til samræmis við það er og gert ráð fyrir því, að þungaskattur fyrir árið 1963, sem fellur í gjalddaga á árinu 1964, verði einnig innheimtur með þeirri hækkun, sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta er í samræmi við alla útreikninga, sem gerðir hafa verið, og er sagt til skýringar á þessari grein, til þess að það liggi ljóst fyrir, hvernig þetta var útreiknað af mþn.

ATKVGR.
Brtt. 168,1—2 felld með 11:2 atkv.
— 170 tekin aftur.
— 168,3 felld með 10:8 atkv.
— 167,1 tekin aftur.
— 167,2 felld með 10:7 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 184).

7. Náttúruvernd.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd [103. mál] (stjfrv., A. 149).

Á 32. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er mjög einfalt. Í gildandi lögum um náttúruvernd er svo fyrir mælt, að bæði formaður ráðsins og varaformaður skuli vera embættisgengir lögfræðingar. Nú stendur svo á, að sá, sem verið hefur formaður náttúruverndarráðs frá upphafi, Ásgeir Pétursson sýslumaður, hefur sagt af sér formennsku í ráðinu, vegna þess að hann hefur tekið við starfi utan Reykjavíkur, og þarf nú að skipa formann í hans stað. En þar sem ekki er talin þörf á, að bæði formaður og varaformaður séu embættisgengir lögfræðingar, þá er talið rétt, að í þessu sambandi sé gerð sú breyting á gildandi lögum, að annaðhvort formaður eða varaformaður skuli vera embættisgengur lögfræðingur. Og það er eina efni frv., sem hér er um að ræða.

Þar eð ég hafði hugsað mér að láta skipun nýs formanns í náttúruverndarráði taka gildi frá áramótum, frá 1. jan. n. k., vildi ég mjög mælast til þess, þar sem hér er um einfalt mál að ræða, að hið háa Alþingi sæi sér fært að afgreiða þessa litlu breytingu á gildandi náttúruverndarlögum, áður en þingið fer heim, tekur sér jólaleyfi nú í lok þessarar viku. Eru það því vinsamleg tilmæli mín til hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún miði afgreiðslu sína við, að það verði unnt, ef sú samstaða næst um þessa breytingu, sem ég vona að náist í hv. n. og síðan í hinni hv. deild.

Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 161).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Efni málsins er afar einfalt. Tillaga er um að breyta því, að nauðsynlegt sé, að bæði formaður og varaformaður náttúruverndarráðs séu embættisgengir lögfræðingar, í það, að aðeins annar hvor þeirra þurfi að vera það.
Menntmn. hefur komið saman og mælir einróma með frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er mjög einfalt. Í gildandi lögum um náttúruverndarráð er svo kveðið á,

að formaður og varaformaður ráðsins skuli vera embættisgengir lögfræðingar. Í þessu frv. felst sú ein breyting, að krafan um embættisgengan lögfræðing er aðeins látin ná til annaðhvort formanns eða varaformanns. Frá upphafi, þegar náttúruverndarráð var stofnað, var Ásgeir Pétursson, sem þá var deildarstjóri í menntmrn., skipaður formaður náttúruverndarráðs eftir þeim kröfum, sem gerðar voru í l. Nú hefur hann hins vegar sagt af sér formannsstörfum í náttúruverndarráði, vegna þess að hann hefur flutzt burt úr Reykjavík, og ég hef í hyggju að skipa nýjan formann í náttúruverndarráð frá og með 1. jan. n. k. En í raun og veru er ástæðulaust að gera þá kröfu til formanns ráðsins, að hann sé embættisgengur lögfræðingur, ef þeirri kröfu er fullnægt að því er varaformanninn snertir, en varaformaður í náttúruverndarráði er Logi Einarsson yfirsakadómari og fullnægir að sjálfsögðu þeim kröfum.

Frv. hefur verið afgreitt með einróma meðmælum hv. menntmn. í Nd. og samþ. með shlj. atkv. í hv. Nd. við 1. umr. í gær og tvær umr. í dag. Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. Ed. taki þessu einfalda máli með sama skilningi og velvilja og hv. Nd.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar nú til þess að fara aðeins örfáum orðum um þetta litla, en eiginlega skrýtna frv., sem hér liggur fyrir.

Hæstv. menntmrh. hefur nú gert grein fyrir efni þess með fáum orðum. Það er eins og hann sagði, að í l. um náttúruvernd, nr. 48 frá 1956, sem er mikill og vandaður lagabálkur og að mörgu leyti gagnleg löggjöf, sem á sínum tíma var samin af ágætum mönnum, þeim Ármanni Snævarr háskólarektor, Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi og Finni Guðmundssyni fuglafræðingi, var mælt fyrir um náttúruvernd eða sett upp mjög mikið kerfi, þar sem um er að tefla, að í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi eigi að vera svokallaðar náttúruverndarnefndir. Formaður í þessum náttúruverndarnefndum í hverju bæjarfélagi og sýslufélagi er sjálfkjörinn, sýslumaður, þ. e. a. s. þar er séð fyrir lagakunnáttu í n. Yfir þessum náttúruverndarnefndum er svo eitt ráð fyrir allt landið, náttúruverndarráð. Og það er mælt svo fyrir í 10. gr. þessara l. um náttúruvernd, að bæði formaður og varaformaður skuli vera embættisgengir lögfræðingar. Og í aths. við þessa 10. gr. frv. að l. um náttúruvernd er tekið fram sérstaklega, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að gera þá kröfu, að formaður sé lögfræðingur, embættisgengur lögfræðingur, eins og þar segir. Og í raun og veru er það ekki svo óeðlilegt, að þessi krafa sé gerð, því að þessum aðilum, náttúruverndarnefndum og náttúruverndarráði, er ætlað allviðamikið hlutverk eftir þessum lögum. Náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð geta ákveðið það eða tekið ákvörðun um það, sem kallað er náttúruvætti, enn fremur um það, sem kallað er fólkvangur og þjóðvangur og friðland. Allt þetta getur haft í sér fólgna mjög mikla takmörkun á eignarrétti einstakra manna. Og það er ýmislegt, sem er bannað í þessum lögum. Mönnum er bönnuð tiltekin meðferð eigna sinna, t. d. utan kaupstaðar bannað að setja upp auglýsingaspjöld, áróðursspjöld, áletranir á mannvirki, nema þá með leyfi náttúruverndarn. Og þessar nefndir og þetta náttúruverndarráð geta gefið út ýmiss konar bönn, og það hefur heimild til þess að fylgja þessum bönnum eftir með því að leggja dagsektir á.

Þegar alls þessa er gætt, er það náttúrlega ekki svo óeðlilegt, þó að sú krafa hafi verið gerð, að einn maður í þessu valdamikla ráði væri lögfræðingur. Og ef það hefur verið ástæða til þess 1956 að hafa þessa skipun á, þá er mér spurn, hvað hafi breytzt síðan. Það kemur nefnilega ekki fram í þessu frv. Eina ástæðan, sem sett er fram í grg. þessa frv. og kom fram hjá hæstv. menntmrh., var, að formaður þessa ráðs væri fluttur úr bænum upp í Borgarnes, að mér skildist. Nú segir það hvergi í l. um náttúruverndarráð, að náttúruverndarráðsmenn skuli vera Reykvíkingar, og vitaskuld geta menn utan Reykjavíkur haft áhuga á náttúruvernd, ekkert síður en Reykvíkingar. Í l. segir aðeins það í 10. gr., að náttúruverndarráð skuli hafa aðsetur í Reykjavík, en það er vitaskuld ekki það sama og að segja, að náttúruverndarráðsmenn skuli vera þar búsettir, heldur felst í því það eitt, að náttúruverndarráð skuli hafa þar sinn samkomustað, koma þar saman til fundar. Ég held þess vegna, að það felist alls ekki, og ég mótmæli því, að það sé lagður sá skilningur í þessi lög, að það séu Reykvíkingar einir, sem geti átt sæti í náttúruverndarráði, þannig að þessi ástæða, sem þarna er færð fram, er að mínum dómi hrein tylliástæða. Það, sem þarf að sýna fram á, ef rök eru til þessarar breytingar, er, að störf náttúruverndarráðs á undanförnum árum hafi þannig verið, að þau sýni, að það sé ekki þörf á neinni lagakunnáttu í starfi ráðsins. Nú er mér að vísu ekki kunnugt um, hvað þessar nefndir, náttúruverndarnefndir, í hverri sýslu og náttúruverndarráð fyrir landið allt hafa verið athafnamiklar, en ég geri ráð fyrir því, að þær hafi látið ýmis mál til sín taka á þessum árum, og væri fróðlegt að heyra skýrslur ráðh. um það, hvað þessar stofnanir hafa tekið ákvarðanir um á þessum árum. Þessir aðilar eiga að vera launaðir, nefndirnar í sýslunum úr sýslusjóði, ef ég man rétt, og ráðið hér, náttúruverndarráðið, úr ríkissjóði.

Auk þess, sem ég gat um áðan, er ég minntist aðeins á verkefni ráðsins og náttúruverndarnefndanna, þar sem þessir aðilar hafa heimild til þess að setja mönnum ýmsar lífsreglur og gefa út boð og bönn að viðlögðum dagsektum, er í þessum lögum gert ráð fyrir því, að mál fyrir þessum stofnunum, náttúruverndarnefndum og náttúruverndarráði, sæti alveg sér-

stakri meðferð, og það er talað um náttúruverndarmál, þ. e. a. s. það er gert ráð fyrir því, að málsmeðferð fyrir þessum stofnunum geti að nokkru leyti svipað til meðferðar dómsmála. Og út frá því sjónarmiði er náttúrlega ekki óeðlilegt, að lögfræðingur sitji í forsæti þessa ráðs, af því að það er naumast á færi annars en þess, sem hefur nokkra lagaþekkingu, að stjórna þeirri málsmeðferð, sem þar er gert ráð fyrir, svo að vel fari.

En það kann nú að vera, að það hafi ekki reynt svo mjög á þetta í framkvæmd, og ég skal út af fyrir sig ekkert halda fram hlut lögfræðinga í þessu sambandi, þó að mér sýnist, eins og ég hef þegar drepið á, að það væri eðlilegra, og það hafi a. m. k. ekki verið sýnt fram á það, hvorki í grg. né af hæstv. menntmrh., að ástæður hafi að nokkru leyti breytzt frá því 1956, að þetta ákvæði var sett inn í lögin. En samt sem áður má vel vera, að það álítist nú rétt vera, að það sé ekki þörf á því að hafa ákvæði í l., sem tryggja það, að lögfræðingur skipi þar forsæti. En þá vil ég bara segja það, að annaðhvort er nauðsynlegt að hafa lögfræðing fyrir formann og varaformann eða ekki, því að það er hrein lokleysa, endileysa, vil ég segja, að gera þá kröfu, að annar hvor þeirra skuli vera lögfræðingur. Ef það er hægt að afskrifa það ákvæði, þá á að ganga hreint til verks og alveg afnema þessa sérfræðikröfu og leggja það alveg á vald ráðh. að skipa þann, sem hann álítur þeim kostum búinn að geta gegnt þessu starfi. Ég álít í raun og veru óframbærilegt að setja svona ákvæði í löggjöf, og ég held, að þess séu engin dæmi, að það séu í löggjöf ákvæði eins og þetta, að annaðhvort formaður eða varaformaður skuli vera lögfræðingur, og ég álít, að það sé ekki stætt á því.

Ef n. kemst að þeirri niðurstöðu eftir athugun á þessu og eftir að hæstv. ráðh. hefur kannske lagt fyrir hana gleggri rök en komu fram í hans stuttu framsöguræðu áðan, þá álít ég, að hún eigi að ganga alveg hreint til verks og fella alveg niður þessa sérfræðikröfu. Og ég hef ekkert á móti því, ég skal alveg greiða atkv. með því, að það skuli alls ekki vera skilyrði, að það skuli vera lögfræðingur. En að hafa þetta eins og það er, það er ekki hægt. Það getur Alþingi varla sóma síns vegna afgreitt. En ef Alþingi breytir frv. í það horf og reyndar hvort sem er, ef það ætti að afgreiða í þessu formi, sem það er nú í, þá ætti að draga af því rökréttar afleiðingar og breyta skipun náttúruverndarnefndanna einnig. Ef það þarf ekki að vera lögfræðingur formaður í náttúruverndarráði, sem er æðra stjórnarstigið í þessu sambandi, er vitaskuld engin þörf á því að hafa lögfræðing í náttúruverndarnefnd og alveg óþarfi að ætla sýslumönnum að vera þar sjálfkjörnir. Þá á að skipa allar náttúruverndarnefndirnar á lýðræðislegan hátt að öllu leyti og láta sýslunefndirnar kjósa þær, þ. e. kjósa þrjá menn.

Ég verð að segja það, að í aths. við 10. gr. frv. var á sínum tíma tekið fram, eins og ég sagði áðan, að það væri eðlilegt, að það væri lögfræðingur, sem skipaði forsætið í þessum nefndum. En jafnframt var það líka tekið fram, að það væri eðlilegt, að í náttúruverndarráði ætti sæti verkfræðingur. Nú held ég, að það sé skemmtilegast að hafa samræmi í hlutunum, og ef á að fella niður, að formaðurinn þurfi að vera lögfræðingur, hví þá ekki að fella niður þessa kröfu um, að einn nm. þurfi að vera verkfræðingur. Við skulum bara leggja þetta allt á vald ráðh., þannig að hann geti skipað að sínum geðþótta hverja sem hann vill í þetta ráð.

Þetta er smámál í sjálfu sér. En það er eiginlega ekki hægt að taka samt við svona máli þegjandi og skýringalaust. Það er ástæðan til þess, að ég hef sagt þessi orð hér. Það er komið með þetta mál á síðustu dögum þingsins fyrir jólafrí, því er ætlað að fara í gegn athugunarlaust með afbrigðum á 2—3 dögum. Því er miður, að sá ósiður tíðkast nokkuð hjá sumum ráðh. hæstv. að leggja mál þannig fyrir á síðustu dögum þings, og manni er stundum ekki grunlaust um, að það sé gert í trausti þess, að þm. gefist þá ekki jafnmikið ráðrúm og endranær til þess að athuga málið. Þetta er tillitsleysi, ég vil segja: þetta er ókurteisi gagnvart Alþingi, að fara þannig að, og þó að hér sé ekki um stærra mál að ræða en þetta, þá taldi ég rétt að taka þetta fram, til þess að það komi fram, að ráðh. geta ekki treyst því, að það sé tekið við hverju sem er, ef það er ekki sérlega stórt í sniðum, sem þeir koma með, þegjandi og án skýringa. Ég vil a, m. k. ekki gera það.

Þetta er vissulega ekkert stórmál, það er rétt. En þá liggur því líka ekkert á. Og það er alveg ástæðulaust að vera að leggja svona áherzlu á mál, sem er þessa eðlis, að ætla að keyra það gegnum þingið, án þess að t. d. nefnd þeirri, sem fær þetta til meðferðar, gefist tóm til þess að setja sig inn í þann mikla lagabálk, sem þetta er breyting á. Ég hefði sait að segja haldið, að þó að það sé ekki lengri tími liðinn frá setningu þessa lagabálks en 7 ár, þá gæti nú komið til greina að taka þann lagabálk til gagngerðrar endurskoðunar. En það getur hæstv. ráðh. betur upplýst hér á eftir, hvernig framkvæmdin hefur verið í þeim efnum, og t. d. það, hvort þessi löggjöf kunni ekki að vera heldur þung í vöfum og hvort það væri ekki ástæða til þess að breyta henni eitthvað í það horf að gera hana einfaldari og þannig kannske, að hennar gætti þá eitthvað meira í framkvæmd en ég hygg að raun beri vitni. Þetta þyrfti sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, að geta athugað í góðu tómi.

Ég endurtek það, að ég er síður en svo að gera það að nokkru kappsmáli, að það haldist áfram í lögum um skipun þessa náttúruverndarráðs eða náttúruverndarnefnda, að það sitji lögfræðingar í þeim sem formenn. En ég vil gjarnan samt heyra einhver frambærileg rök fyrir því, að nú sé rétt að breyta til frá því, sem upphaflega var ákveðið, og ég vil, ef

á annað borð er farið að breyta þessu, hafa „system“ í hlutunum, þannig að þessu sé þá breytt í heild.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér finnst það bera vott um einstakan starfsáhuga af hálfu hv. 3. þm. Norðurl. v. að verja um það bil 20 mínútum af dýrmætum kvöldfundartíma hv. Ed. á síðustu dögum þingsins til þess að flytja 20 mínútna ræðu um jafneinfalt mál og það, sem hér er um að ræða, einkum og sér í lagi þegar hv. þm. tók það fram, bæði í upphafi og niðurlagi síns máls, að hann væri efni frv. algerlega sammála, þ. e. a. s. hann væri fús til að fallast á það fyrir sitt leyti, að ástæðulaust væri að gera til þess kröfu, að formaður, — og hann gekk enn þá lengra en gengið er í frv., — og varaformaður væru embættisgengir lögfræðingar. Þetta er auðvitað kjarni málsins. Það hefur reynzt vera ástæðulaust og óþarft að gera þessar kröfur. Reynslan, síðan lögin voru samþykkt, hefur leitt þetta í ljós. Af þessum sökum er frv. flutt, og það kemur í ljós, að hv. þm., sem er ein löglærðasti maður á Alþingi, er mér og ríkisstj. sammála um, að þetta sé meginatriði málsins. Það má gjarnan fella þessa kröfu niður að því er báða aðilana snertir meira að segja, og samt þarf að tala um málið í 20 mínútur eða liðlega það.

Ég get líka bætt því við, án þess að ég þurfi nokkuð að lengja mál mitt, að auðvitað þykir mér vænt um það traust, sem einnig kom tvívegis fram í ræðu hv. þm., það traust, sem hann lýsti á mér, þar eð hann taldi það vald betur komið í mínum höndum að ráða því algerlega, hver væri formaður og varaformaður og hver kæmi í stað lögfræðingsins nú að eiga sæti í ráðinu. Það er þá a. m. k. ekki af hans hálfu neinn ótti á ferðinni um, að ég muni misbeita því valdi, sem ég nú hef og er skylt að beita varðandi skipun formanns og varaformanns í ráðið, enda vona ég, að ekkert slíkt hendi mig.

Hv. þm. spurði, hvað hefði breytzt síðan lögin voru sett, hvers vegna í upphafi hafi verið gerð þessi krafa til formanns og varaformanns og hvers vegna nú væri unnt að fella hana niður. Ég skal gjarnan svara þeirri spurningu. Skýringin á því er afar augljós. Reynslan af starfi náttúruverndarráðs hefur leitt í ljós, að það er ástæðulaust að gera þessa kröfu til formannsins. Þetta er skoðun fráfarandi formanns ráðsins, og þetta er skoðun allra náttúruverndarráðsmanna. Ég hef fengið bréflega áskorun frá náttúruverndarráði í heild, undirskrifaða af öllum 7 meðlimum ráðsins, um að gera þessa breyt. á l., og það er rökstutt af hálfu náttúruverndarráðs með því, að reynslan hafi sýnt það, störf ráðsins hafi sýnt það, að þessi krafa sé ástæðulaus, það mundi ekki saka, að annar hver aðilinn hefði lögfræðimenntun, ekki ástæða til að ganga lengra en þarna er gert, en þó skildist mér, að þeir væru í rauninni alveg sammála hv. þm., að það mætti algerlega falla niður. Ég er því persónulega sammála, að það gæti vel komið til mála. Ég mun ekki setja mig gegn því, að þessi krafa verði yfirleitt felld niður, svo að einnig um það efni erum við hv. 3. þm. Norðurl. v. algerlega sammála. Hitt er annað mál, að það skiptir svo litlu máli, að ég tel ástæðulaust að vera að breyta frv. í þessu efni hér og senda það þess vegna aftur til Nd.

Hins vegar er það á misskilningi byggt hjá hv. þm., að frv. sé fram borið vegna þess, að ég eða náttúruverndarráð skilji lögin þannig, að náttúruverndarráðsmenn þurfi að eiga sæti í Reykjavík. Ég er honum alveg sammála um, að lögin ber ekki að skilja þannig. Formaður ráðsins mætti vera búsettur utan Reykjavíkur. Frv. er fram borið vegna þess, að mér ber að skipa nýjan formann, þar eð fyrrv. formaður hefur sagt af sér, af því að hann taldi sig ekki geta sinnt starfinu, eftir að hann er fluttur úr Reykjavík. Ég benti honum á, að lögin bæri ekki að skilja þannig, að honum væri skylt að segja af sér. Hann var því sammála. Ég hvatti hann til að halda áfram starfi sem formaður. Hann skoraðist eindregið undan því.

Þegar ég ræddi við náttúruverndarráð um skipun formanns í ráðið, — svo góð samvinna er á milli ráðsins og mín, að ég taldi mér það skylt og eðlilegt, að ég ræddi við ráðið um það, hvern ég skipaði formann, — þá kom sú skoðun fram strax af hálfu ráðsins, að það væri alveg ástæðulaust að gera þá kröfu, að hann skyldi vera embættisgengur lögfræðingur, og því ástæðulaust fyrir mig að leita að væntanlegum formanni í hópi lögfræðinga, að þeim í sjálfu sér algerlega ólöstuðum. Þess vegna hefur niðurstaðan orðið sú, að samkv. ósk náttúruverndarráðs alls, þeirra sem enn sitja í því, og fráfarandi formanns er þetta frv. flutt og í þeirri mynd, sem það hefur hér.

Þetta vona ég, að hv. þdm. taki sem nægilegar skýringar og það dugi hv. n. til þess, að hún taki þessu litla og einfalda máli með sömu velvild og hv. menntmn. í Nd. tók málinu. Ég vil fremur mælast undan því, að sú breyting verði gerð á frv., að skilyrðið um embættisgenga lögfræðinga verði algerlega fellt niður, ekki af því, að ég kysi það í sjálfu sér alveg eins og hv. 3. þm. Norðurl. v., heldur vegna þess, að það skiptir sáralitlu máli, hvort ákvæðið stendur eða stendur ekki, og það mundi þýða endursendingu frv. til hv. Nd. og verða til tafar á miklum annadögum í hv. Nd. á næstunni.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hneykslaðist nokkuð á því, að ég hefði gerzt langorður um of um þetta litla mál. Hann verður nú að virða mér það til vorkunnar, að ég er ekki eins gagnorður og hann og get ekki tjáð mig í jafnstuttu máli. Hann ætlaði að verða stuttorður, en ég tók nú ekki tímann, en mér er nú nær að halda, að það hafi teygzt dálítið úr mínútunum hjá hæstv. menntmrh., og er ég sízt að telja það eftir.

Ég held, að hæstv. menntmrh. hafi ekki alls kostar skilið ummæli mín rétt. Ég sagði, að

ég mundi að vísu ekki gera það að neinu kappsmáli, að þeir væru lögfræðingar, sem skipuðu forsæti í þessum nefndum og þessu ráði, en hins vegar held ég, að það hafi komið greinilega fram hjá mér, að ég teldi það heppilegra. Og ég spurði, hvað hefði breytzt frá því 1956, sem gerði það að verkum, að nú væri þess ekki lengur talin þörf. Því gat hæstv. menntmrh. litlu svarað, nema því einu, að það væri skoðun náttúruverndarráðs nú, að það væri ekki þörf á því, að formaður þess væri lögfræðingur. Það eru út af fyrir sig þýðingarmiklar upplýsingar, og það hefði auðvitað ekkert verið sjálfsagðara en að láta þær upplýsingar fylgja í grg. með slíku frv. Það hefði verið alveg sjálfsagt, það er atriði, sem skiptir máli. En það er ekki minnzt á það í grg. Það var ekki heldur minnzt á það af hæstv. menntmrh., þegar hann lagði málið hér fyrir. En hvers vegna ekki að flytja skýringar á þessu, hvers vegna þetta frv. er flutt? Hæstv. ráðh. verður að sætta sig við, að það séu hér þm., sem vilja ekki taka þegjandi við slíkum málum, sem eru flutt, kannske í trausti þess, eins og virtist koma fram hjá honum, að þau gangi umræðulaust í gegnum þingið á tveim dögum með afbrigðum. En það kom fram hjá honum óbeint, að hann heldur átaldi það, að ég hefði verið að eyða dýrmætum tíma í að ræða þetta lítilfjörlega og einfalda mál, sem hæstv. menntmrh. taldi vera. En þá spyr ég: Hvers vegna er hann að leggja þetta ofurkapp á að koma þessu máli í gegn endilega fyrir jól? Er einhver voði á ferðum, ef þetta litla mál er ekki afgreitt fyrir jól? Er einhver ofmetnaður hans í veði, ef þetta þarf að bíða fram yfir jól? Getur hann ekki sætt sig við það, hæstv. menntmrh., að þinginu gefist tóm til þess að athuga mál, sem er að vísu ekki stærra en þetta? Hvað veldur því, að hann þarf að keyra þetta í gegn með þessum hraða?

Hæstv. menntmrh. byrjaði á því að segja, að hann væri mér alveg sammála um, að það væri engin þörf á því heldur að hafa varaformanninn lögfræðing. En ég, eins og ég sagði áðan, tel það eðlilegra, að báðir séu lögfræðingar, formaður og varaformaður. En hann sagðist vera til með það, að frv. yrði breytt í það horf, hann hafði ekkert við það að athuga. En svo bara áður en hann lauk máli sínu, þá breytti hann alveg um og sagðist telja heppilegra, að það væri ekki gerð þessi breyting á því, því að þá kostaði það, að það þyrfti að fara aftur til Nd., og þá skildist mér, að málið væri komið í tvísýnu á þessum annatímum þingsins, að komast í gegn fyrir jól. Já, það væri voði, óskaplegt. Landið færi líklega um koll af því. Nei, það er engin ástæða til að sækja þetta með neinu ofurkappi á neina hlið. Þetta er ekkert stórmál. Það er eins og ég hef sagt, þetta er lítilfjörlegt mál í sjálfu sér, en það er bara aðferðin við það, sem er ámælisverð, og hæstv. ráðh. verður að skilja, að það verður ekki tekið alveg þegjandi við, hann verður að sætta sig við það.

Í grg. þessa frv. er engin ástæða færð fram fyrir flutningi þess önnur en sú, að formaður sé fluttur úr bænum og hafi sagt af sér. En úr því að hæstv. menntmrh. skilur lögin eins og ég, að það sé ekkert skilyrði, að hann sé búsettur í Reykjavík, þá ætti það ekki að vera til fyrirstöðu. En formaður hefur sagt af sér, segir hann. Þá hefði ég nú haldið, satt að segja, að það væri ekki hörgull á lögfræðingum hér í Reykjavík, svo að það hefðu ekki verið vandkvæði á því að finna embættisgengan lögfræðing til þess að skipa í staðinn. Og svo er nú varaformaður til. Ætli varaformaður sé ekki svoleiðis settur, að náttúruverndarráð sé starfhæft nú, þó að það dragist fram yfir hátíðar og nýár að ganga frá þessu frv.?

En sem sagt, ég vil skora á þá hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að kynna sér allan þennan lagabálk, sem þetta frv. er til breytingar á, og athuga, hvort slík breyting eins og hér er lögð til sé í samræmi við anda og uppbyggingu þeirra laga.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en endurtek þó það enn, að mér sýnist alveg sjálfsagt, ef þessu er breytt að því er varðar náttúruverndarráð, sem er æðri stofnun náttúruverndarnefndum og úrskurði náttúruverndarnefnda er skotið til, þá sé skipun náttúruverndarnefnda breytt líka, ef þar er ekki lengur þörf á því að hafa þessa skipun.

Hæstv. ráðh. svaraði nú ekki fyrirspurn minni um það, hver hefði verið starfsemi þessara stofnana á undanförnum árum. Hvað hafa þær t. d. tekið margar ákvarðanir um náttúruvætti, fólkvanga, þjóðvanga og friðlönd o. s. frv.? Hvað hafa þessar stofnanir gert á undanförnum árum? Það er náttúrlega fróðlegt að heyra skýrslu um þetta efni, um leið og fjallað er um breytingu á lögunum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ef hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur sérstakan áhuga á því að fá upplýsingar um störf náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefndar, t. d. um hvað marga þjóðvanga þau hafi ákveðið, þá er mér bæði ljúft og skylt að upplýsa hv. þm. um það. En þá vildi ég mjög gjarnan, að þær upplýsingar birtist öllum þingheimi á þann venjulega hátt, sem slíkum upplýsingum er komið á framfæri, þ. e. að fá að svara um það fyrirspurn í sameinuðu þingi frá hv. þm. Það er ekki venja við umræður um lagafrv. að nota þær umræður sem tilefni til þess að æskja skýrslna frá ráðherrum, jafnvel þó að um mikilvæg mál sé að ræða eins og þau, sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni. Þingsköp sjá fyrir því, að þm. hafi tækifæri til þess að æskja upplýsinga af ráðherrum, í kaflanum um þingsköp, og ég lýsi hér með yfir, að mér er sérstök ánægja að því að svara fyrirspurn frá hv. 3. þm. Norðurl. v. um þetta efni, ef hún er fram borin á tilskilinn hátt, og skal gera mér far um að veita sem ýtarlegastar upplýsingar.

Hv. þm. sagðist ekki skilja, hverja nauð ræki

til þess, eins og hann kallaði það, að knýja þetta frv. gegnum Alþ. á síðustu dögum þingsins. Hv. Nd. var afar fljót að gera sér grein fyrir eðli þessa máls, og hv. n. í Nd. var sömuleiðis mjög fljót að gera sér grein fyrir flóknu eðli þess. Hún afgr. málið á einum fundi. Hv. Nd. afgr. málið við þrjár umr. samhljóða á tveim dögum. Ég vil ekki trúa á menntmn. hv. Ed., að það þurfi að taka hana miklu lengri tíma að gera sér grein fyrir eðli þessa frv., og enn síður vil ég trúa því á hv. Ed., að það þurfi að taka hana mjög langan tíma að gera sér grein fyrir eðli málsins og taka afstöðu til þess, annaðhvort með því að samþykkja frv. eða með því að fella það. Ég ber fyllsta traust til hv. Ed. um það, að hún geti verið fljót að átta sig á eðli þessa máls og taka afstöðu til þess, jákvæða eða neikvæða.

Varðandi það eina, sem nýtt kom fram í seinni ræðu hv. þm., sem var það, hvaða nauð ræki til þess að afgreiða þetta mál fyrir jól, vil ég upplýsa nokkur atriði. Ég skal gjarnan játa, að ég hefði getað greint frá þeim fyrr, t. d. í framsögu, þó að það sé ef til vill ekki venja að geta slíkra atriða í framsögu. Fyrst ég gerði það ekki þá, skal ég með ánægju segja það nú, þó að þessi atriði eigi kannske frekar heima sem upplýsingar gagnvart nefnd. En ástæða þess, að það er nauðsynlegt að afgreiða þetta mál nú fyrir nýár, er sú, að fyrir náttúruverndarráði liggur einmitt nú eitt mál, sem nauðsynlegt er að taka afstöðu til strax. En ráðið hefur ekki, þ. e. hinir 6 nefndarmenn, sem nú starfa í ráðinu síðan formaður sagði af sér, hafa ekki viljað taka afstöðu til þessa máls, án þess að nýr formaður sé skipaður. Það er þetta, sem rekur á eftir skipun formannsins. Það mál, sem ég á hér við, er spurningin um það, hvort gera eigi Skaftafell í Öræfum að þjóðgarði. Erlendir aðilar, þ. e. a. s. alþjóðasamtök til náttúrufriðunar, hafa kynnt sér það mál og boðið fram fjárframlag í því skyni, að Skaftafell í Öræfum verði friðað. Þetta mál liggur nú fyrir náttúruverndarráði til athugunar, og frekari meðferð þess þar bíður eftir formannsskipuninni. Ég hef óskað eftir því, að náttúruverndarráð hraðaði meðferð þessa máls, og hér er um stórmál að ræða, þó að frv. sé lítilfjörlegt og einfalt mál. Það þarf að svara tilboði þessara alþjóðasamtaka, tilboði þeirra um fjárframlag til stuðnings þessari merku hugmynd, en það er ekki hægt að taka formlega afstöðu til tilboðs hinna erlendu alþjóðasamtaka, fyrr en náttúruverndarráð er fullskipað. (**Gripið fram í:** Hver er varaformaðurinn?) Logi Einarsson. En náttúruverndarráð hefur ekki óskað þess að fjalla um málið með varaformanni, heldur vill fá nýjan formann, þegar um málið er fjallað. Það finnst mér eðlileg afstaða af hálfu ráðsins.

Og nú vona ég, að mér hafi tekizt að skýra það fyrir hv. 3. þm. Norðurl. v., hvers vegna málið er flutt, þó að svo seint á þinginu sé, og hvers vegna ég hef óskað mjög eindregið eftir því, að hv. Ed. afgreiði málið nú fyrir jól. Ég hygg, að þessar upplýsingar hafi verið látnar í té hv. n. í hv. Nd. Slíkt hefði eflaust átt sér stað í n. hér í hv. Ed. Fyrst hv. 3. þm. Norðurl. v. er svo áhugasamur um málið yfirleitt, hef ég ekki á móti því að láta alla hv. Ed. fá þessar skýringar, sem aðeins n. í Nd. fékk. Er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að Ed. sé sýndur svolítill aukasómi umfram hv. Nd., sem einhvers konar uppbót á það, að þurft hefur því miður að ætlast til þess af hv. Ed., að hún fjallaði um þetta mál á kvöldfundi.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja það, að hæstv. menntmrh. hefur alls ekki með því, sem hann sagði áðan, sýnt fram á, að það sé nokkur sérstök nauðsyn til þess að afgreiða þetta frv. fyrir áramót, vegna þess að í náttúruverndarráði situr hæfur varaformaður, og hann getur auðvitað stýrt fundum þar og tekið ákvörðun um þetta málefni, sem fyrir liggur, þannig að þetta voru alls ekki nokkur rök. Og það er auðvitað alls ekki frambærilegt, að náttúruverndarráð eigi að segja til um það, hvort eða hvenær formaður er skipaður eða ekki og hvenær það vill starfa undir forsæti varaformanns, eins og líka náttúruverndarráð út af fyrir sig á ekki að segja til um það, hvort það sé þörf að hafa lögfræðing sem formann eða ekki. Það verður að meta eftir öllum aðstæðum, og þó að þeir séu náttúrlega kunnugir öllum aðstæðum og hafi vissa reynslu í þeim efnum, þá er þeirra álit í því efni ekki algilt. En aðeins þetta vildi ég láta koma fram, að hæstv. menntmrh. tókst ekki þrátt fyrir nokkuð langt mál að færa nein rök fyrir nauðsyn þess að afgreiða mál þetta með þessum óvenjulega hraða, sem hann fer fram á. Og auðvitað kemur það nú ekki til greina, að hv. Ed. fari að taka sér hv. Nd. sérstaklega til fyrirmyndar í því efni að afgreiða mál að lítt athuguðu máli.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. sagði, að það væri ástæðulaust að skipa nýjan formann vegna þeirra mála, sem fyrir liggja, þar eð ráðið hefði varaformann. En ég vona, að mér verði ekki láð það, þó að ég vilji sýna náttúruverndarráði, þeim 6 meðlimum, sem nú starfa í ráðinu sem fullgildir meðlimir, þá kurteisi að verða við ósk um það að skipa fullgildan aðalformann í ráðið, þegar hinir 6 ráðsmennirnir telja, að það gæti orðið betra fyrir afdrif þess máls, sem það er sérstaklega núna að fjalla um, að ráðið sé fullskipað 7 aðalmönnum.

Ég legg mikla áherzlu á og kappkosta að hafa góða samvinnu milli míns ráðuneytis og þeirra nefnda og ráða, sem undir ráðuneytið heyra, og það er fyrst og fremst til þess að tryggja slíka góða samvinnu og verða við óskum 6 ráðsmanna, sem ég féllst á að flytja þetta frv. og óska eftir því við hv. Alþ., að það gerði breytingu á lögunum í samræmi við óskir náttúruverndarráðs. Og ég vil fastlega treysta því, að hv. Alþ. sé ekki síður reiðubúið en

menntmrn. til þess að verða við óskum náttúruverndarráðs og tryggja góða samvinnu þess við stjórnarráðið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 169).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. Nm. voru sammála um það, að hlutverk náttúruverndarráðs væri ekki þess eðlis, að það væri nauðsynlegt, að þar sæti löglærður maður í forsæti eða löglærður maður ætti sæti í ráðinu. Reynslan virðist líka styðja þessa skoðun, að það sé svo tiltölulega lítill hluti af störfum ráðsins, sem sé lögfræðilegs eðlis, að það sé ástæðulaust að fenginni reynslu að halda í þessa kröfu, sem var í lögunum frá 1956, um það, að formaður ráðsins skuli vera embættisgengur lögfræðingur.

Í þessu frv. er sú breyting gerð, eins og kunnugt er, að í stað skilyrðis um það, að formaður og varaformaður, en ég vil taka fram, að varaformaðurinn á ekki sæti í ráðinu, — í stað þess skilyrðis, að þeir skuli vera lögfræðingar, þá er hér hvikað frá því á þann veg að kveða svo á um, að annar hvor þeirra skuli vera embættisgengur lögfræðingur. N. telur, að þetta sé ekki rökrétt, því að ef það er ekki ástæða til, að formaðurinn sé embættisgengur lögfræðingur, þá er auðvitað en síður ástæða til þess, að varaformaðurinn sé það. Aftur á móti ef formaðurinn væri lögfræðingur og þyrfti stöðu sinnar vegna að vera það, þá væri í sjálfu sér eðlilegt, að varaformaðurinn, sem þarf þá að hlaupa í skarðið og gegna formannsstöðunni við og við, uppfyllti sama skilyrði, enda mun það vera óþekkt í lögum, svo að vitað sé, að hliðstæð skilyrði séu sett, að annaðhvort formaður eða varaformaður tiltekins ráðs eða nefndar skuli uppfylla eitthvert tiltekið skilyrði, þegar þannig er háttað, að varamaðurinn á ekki sæti í sjálfu ráðinu eða nefndinni.

Menntmn. hefur því lagt til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem hér liggur fyrir á þskj. 169, þ. e. a. s. orðin „og skal annar hvor þeirra vera embættisgengur lögfræðingur" verði felld niður.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, og ég vil af því tilefni segja hér nokkur orð um þetta mál.

Það má segja, að það hafi fallið í minn hlut að eiga nokkurn þátt í því upphaflega, að lagasetning var gerð um náttúruvernd. Upphaf þess máls er það, að ég flutti till. í sameinuðu þingi fyrir allmörgum árum, ásamt Jóni Gíslasyni, þáv. þm. Vestur-Skaftfellinga, og sú till. var samþ. og afgr. sem ályktun Alþ. um að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um náttúruvernd og verndun sögustaða. Framhald málsins var svo það, að þáv. menntmrh., Björn Ólafsson, fól Ármanni Snævarr og Sigurði Þórarinssyni að semja frv. til laga um þetta efni, og Finnur Guðmundsson fuglafræðingur starfaði með þeim að undirbúningi málsins. Þegar frv.-gerðinni var lokið, höfðu orðið stjórnarskipti, og hæstv. núv. forsrh., Bjarni Benediktsson, tekið við forstöðu menntmrn. í ráðuneyti Ólafs Thors, sem sat frá 1953—1956. Það féll í hlut núv. forsrh. að fylgja þessu máli úr hlaði hér á hv. Alþ. Afgreiðslu málsins var háttað þannig, að á fyrsta þinginu, sem þetta frv. var lagt fram, var það afgr. með rökstuddri dagskrá, þar sem kveðið var svo á, að senda skyldi frv. öllum sýslunefndum í landinu til umsagnar, áður en það yrði lögleitt. Þetta var síðan gert, og þegar umsagnir sýslunefndanna höfðu borizt ráðuneyti og síðan menntmn. Alþ. til athugunar, þá var málið lögfest.

Þetta mál var því ekki afgr. í neinu fljótræði, heldur athugað mjög gaumgæfilega, bæði á tveim þingum og eins leitað umsagna um það út í öll lögsagnarumdæmi á milli þinga. Við þessa athugun, sem málið fékk þá, kom engin till. fram um það að fella niður þetta ákvæði um, að formaður náttúruverndarráðs væri embættisgengur lögfræðingur. En skipan náttúruverndarráðs var samt breytt að einu leyti í meðferð málsins. Í frv. upphaflega var gert ráð fyrir því, að Ferðafélag Íslands tilnefndi einn mann í stjórnina, en ekki Skógrækt ríkisins, en að till. menntmn. Nd. var þessu breytt, og þannig hefur skipan ráðsins verið öll þessi ár síðan.

Í aths. við frv. er það tekið fram, að það þyki nauðsyn bera til, að ráðið sé skipað einum lögfræðingi, þar eð oft reyni á lögfræðileg vandamál við úrlausnir þeirra mála, sem undir ráðið heyra. Er talið eðlilegt, að formaður ráðsins sé löglærður maður. Og í samræmi við þetta er það ákveðið í lögunum, að sýslumennirnir séu formenn náttúruverndarnefnda í sýslunum.

Í þessu frv. kemur fram alveg nýtt sjónarmið um þetta mál, að það sé eðlilegt að falla frá því skilyrði, sem í öndverðu var sett og fylgt hefur verið, um, að formaður náttúruverndarráðs sé löglærður maður. Vitanlega getur verið ástæða til þess um þetta mál eins og önnur að meta þetta að nýju og endurskoða það. En mér virðist, að þau rök, sem fram hafa verið færð í sambandi við þetta frv., séu mjög ófullnægjandi. Það er sagt, að formaður hafi sagt af sér. Það virðist nú ekki vera brýn þörf á því að fylla það sæti nú alveg á næstu dögum, það mætti gefa sér tóm til þess að athuga þetta mál dálítið betur, vegna þess að varaformaður er til staðar til að gegna starfi í forföllum aðalmanns. (**Gripið fram í:** Ósjúkur?) Heill og ósjúkur, að því er bezt er vitað.

Þá er sagt, að það liggi fyrir til úrlausnar

mál, sem náttúruverndarráð vilji ekki úrskurða, nema aðalmaður skipi formannssæti ráðsins. Þetta virðast mér haldlítil rök. Við gætum hér í hv. þd. kannske með sama rétti sagt, að við vildum ekki taka þátt í afgreiðslu vandasamra mála, ef varaforseti stjórnar fundi. Ég hef aldrei heyrt þess getið, að þm. settu það fyrir sig. Hann hefur forsetavald, þegar aðalforseti er fjarstaddur.

Þá vék hæstv. menntmrh. að því í ræðu sinni í gær, að þetta sérstaka mál, sem krefðist úrlausnar, snerti Skaftafell í Öræfum. Mér er það mál ekki alveg ókunnugt, en tel ástæðulaust að fara að fjölyrða um það hér úr þessum ræðustól. Það þarf þó ekki að vera neitt leyndarmál, að þetta mál hefur verið á döfinni í 2—3 ár, og það er ekki mál, sem hefur borið að núna síðustu dagana, og það er 1½ ár um það bil, síðan hæstv. menntmrh. ásamt nokkrum úr náttúruverndarráði skrapp austur að Skaftafelli einmitt í sambandi við þær umr., sem um þetta mál hafa orðið. Og það þarf ekki heldur að vera neitt leyndarmál, að bóndinn, sem á 2/3 hluta landareignarinnar í Skaftafelli, var hér í Reykjavík nokkrar vikur í febrúar og marz s. l. vetur til viðræðu um þetta mál. Og þá var það þegar komið á dagskrá hjá náttúruverndarráði, að það kynni að fást eitthvað af fé erlendis frá til að standa straum af kostnaði, þannig að þetta mál hefur ekki borið að núna alveg á síðustu dögum og þurfi að valda þessum hraða, sem nú virðist vera á þessu frv. Á hinn bóginn má benda á, að það er líka opið fyrir ráðh. að skipa nú þegar í formannssæti ráðsins, aðeins með því að fylgja skilyrðum laganna. Það er ekkert, sem hindrar það, og lögfræðingastéttin er afar fjölmenn, og þar eru margir góðir og gegnir menn. En að því er varðar Skaftafell og ef beita á því sem rökum í þessu máli, þá verður í sambandi við það að sýna fram á það, að úrlausn þess sérstaka máls verði betri en ella, ef lögfræðingur á ekki sæti í náttúruverndarráði. Og þetta leiðir einnig til þeirrar hugsunar, að það er ekki rétt að velja í formannssæti með tilliti til þessa sérstaka máls, heldur verður þá jafnframt að færa sönnur á það, að ekki verði síðar leyst verr úr neinu öðru máli vegna þess, að það vanti lögfræðing í náttúruverndarráð. Þetta hygg ég, að sé ákaflega erfitt að sanna. Þessar röksemdafærslur hæstv. ráðh. missa því gersamlega marks að mínum dómi.

Mér virðist, að það verði að meta þetta frv. eða málið eftir þeim verkefnum, sem náttúruverndarráði eru ætluð samkvæmt löggjöfinni í heild. Og þegar lögin voru sett, eins og ég hef bent á, var talið eðlilegt og sjálfsagt, að formaðurinn væri löglærður maður. Og vill nokkur halda því fram, að núv. háskólarektor, sem var aðalhöfundur frv., hafi misskilið svo gersamlega allt málið, að hann hafi ekki séð þetta rétt? Ef menn vilja ekki halda þessu fram, þá verður að benda á, að reynslan hafi sýnt annað, og sé svo, þá væri mjög vel farið, að frá því yrði skýrt í umræðunum. Ég fór því þess á leit í n., að afgreiðslu þessa máls yrði frestað nú um sinn og tóm gæfist til þess að athuga þetta mál nokkru betur en orðið er. En vitanlega geta komið til þær ástæður og sú reynsla, að það sé eðlilegt að meta þetta að nýju og þá alla löggjöfina í samhengi hvað við annað. En það er bara ekki hægt að gera á örstuttri stundu, og ég óttast það, að ákvæði, sem sett voru að mjög vel yfirveguðu ráði, athuguð gaumgæfilega á tveim þingum, — ég óttast það, ef þeim verður nú breytt í fljótræði að litt athuguðu máli, að það kunni að leiða af sér ýmis vandkvæði, sem við sjáum ekki fyrir núna á þessari stundu. En þessi till. mín um að fresta afgreiðslu málsins og nefndin athugaði þetta allt betur í rólegheitum, hún fékk engan hljómgrunn í n. Málið skyldi ganga til úrslita nú þegar. Og þá, þegar svo er komið, vil ég ekki beinlínis beita mér gegn því, að þetta mál verði samþykkt. Þess vegna hef ég skrifað undir nál. En ég tel eiginlega óhjákvæmilegt og vil láta það koma hér fram, og í því er minn fyrirvari fólginn fyrst og fremst, að fyrst sú ákvörðun er nú tekin að breyta þessu um formann náttúruverndarráðs, þá sé eðlilegt, að það sé samræmi í löggjöfinni og að skilyrðið um það, að sýslumennirnir, héraðsdómararnir úti í lögsagnarumdæmunum, séu formenn náttúruverndarnefndanna, verði þá einnig fellt niður og það lagt á vald sýslunefnda eftirleiðis að kjósa 3 menn í náttúruverndarnefndir, og þá út frá þeirri hugsun, að þarna eigi frekar að starfa áhugamenn heldur en menn með sérfræðiþekkingu á lögum. En í samræmi við þá breytingu sýnist mér ef til vill, að það þurfi að gera fleiri efnisbreytingar á lögunum, þannig að ýmis úrskurðaratriði, sem liggja nú undir vald náttúruverndarnefnda og náttúruverndarráðs, þurfi þá fremur beint að heyra undir dómstóla. Nú sé ég engin tök á því að flytja svo víðtækar brtt. við þetta mál núna á þessari stundu og tek því þann kost að skrifa undir nál. með fyrirvara, mun eftir atvikum þá fylgja þessu eins og það liggur fyrir, en vek eftirtekt á, að hér er um nokkurt fljótræðisverk að ræða og að það kunni að kalla á meiri breytingar á þessum lögum innan skamms heldur en nú er stefnt að.

ATKVGR.
Brtt. 169 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 175).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til einnar umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert smávægilega breytingu á þessu einfalda frv., sem hér liggur fyrir. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að formaður og varaformaður náttúruverndarráðs skuli vera embættisgengir lögfræðingar. Í frv. var lagt til, að einungis annaðhvort formaður eða varaformaður skyldi vera embættisgengur lögfræðingur, og var frv. samþ. þannig shlj. í þessari hv. d. með einróma meðmælum hv. menntmn. Í Ed. var skilyrðið um embættisgengan lögfræðing fellt algerlega niður. Menntmn. Ed. var á einu máli um, að óþarfi væri að setja slíkt skilyrði, og hv. Ed. féllst einum rómi á þá skoðun hv. menntmn. Hér er í raun og veru um mjög smávægileg atriði að ræða, og leyfi ég mér að vænta þess, að hv. Nd. geti fallizt á þessa einróma skoðun hv. Ed. og samþykki frv. eins og það kemur frá hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 186).

8. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 16. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um Lífeyrissjóð barnakennara** [69. mál] (stjfrv., A. 74).

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á miðju þessu ári fór stjórn Sambands ísl. barnakennara þess á leit, að fjmrh. hlutaðist til um, að lög um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra yrðu endurskoðuð í samráði við stjórn sambandsins og samræmd hinum nýju lögum frá síðasta Alþingi um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Var þar gert ráð fyrir, að frv. um þetta efni yrði lagt fyrir Alþ. á þessu hausti og að endurskoðuð lög fyrir sjóðinn gætu tekið gildi 1. jan. n. k. Fjmrn. varð að sjálfsögðu við þessum tilmælum og fól Guðmundi Guðmundssyni tryggingafræðingi að semja nýtt frv. um lífeyrissjóð barnakennara. Það frv. var svo sent til umsagnar stjórn Sambands ísl. barnakennara og stjórn lífeyrissjóðs barnakennara, og hafa þeir aðilar báðir lýst sig samþykka frv., eins og það nú liggur fyrir þessari hv. deild.

Með lögum frá síðasta þingi var sú breyting gerð á almannatryggingunum, að frá og með 1. jan. 1964 greiða sjóðfélagar lögboðinna lífeyrissjóða fullt persónugjald til almannatrygginganna, en njóta fullra lífeyrisréttinda frá sama tíma. Á síðasta þingi voru einnig, eins og ég gat um áðan, gerðar miklar breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og eru það nú lög nr. 29 frá 1963. Lög lífeyrissjóðs barnakennara og ekkna þeirra og lög lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins höfðu frá stofnun sjóðanna verið samhljóða, eftir því sem við gat átt. Með frv. því, sem hér er lagt fram, er þessari reglu fylgt, og með því eru gerðar sams konar breytingar á reglum um lífeyrissjóð barnakennara og urðu á lögunum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Tilgangur frv. er að tryggja sjóðfélögum viðhlítandi lífeyri, og má segja, að aðalbreytingarnar séu þessar: Í fyrsta lagi, barnakennarar fái fullan lífeyri hjá almannatryggingunum, sem þeir hafa ekki hlotið. Í öðru lagi: Niður er felld reglan um, að eftirlaun miðist við meðaltal launa síðustu 10 starfsárin. Í stað þess er ákveðið, að eftirlaun skuli miðast við þau laun, sem fylgdu því starfi, sem sjóðfélagi var í, þegar hann lét af því. Að sjálfsögðu er þetta til mikilla hagsbóta fyrir sjóðfélaga, a. m. k. ef gert er ráð fyrir því, að kaupgjald fari hækkandi ár frá ári hér á landi, að maður ekki tali um, ef kaupgjaldið tekur stökkbreytingum, eins og oft hefur verið á síðustu 20 árum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir í þessu frv., að verði almenn hækkun á launum barnakennara, þá skuli elli-, örorku- og makalífeyrir einnig hækka í sama hlutfalli og ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóðnum þá hækkun, sem þannig verður á lífeyrisgreiðslu, og segir um þetta í 23. gr. frv.

Eins og ég gat um, er eitt meginatriði frv. það, að barnakennarar fái hér eftir bæði lífeyri úr lífeyrissjóði og lífeyri úr almannatryggingunum. Hins vegar er það ekki einfalt mál að leysa þetta, þar sem hér er verið að fella saman tvö óskyld kerfi, annars vegar lífeyrissjóðs, sem byggður er á almennu tryggingakerfi, og hins vegar réttindi og skyldur gagnvart almannatryggingunum, þar sem um er að ræða fast persónugjald borgaranna til stofnunarinnar. Þetta mál er leyst á sama hátt og í lögunum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en það hefur óhjákvæmilega í för með sér, að iðgjöld til lífeyrissjóðsins verði nokkru margbrotnari en áður. Hingað til hafa barnakennarar greitt 4% af launum sínum í lífeyrissjóð, auk þess greiða þeir um það bil 1/3 af persónugjaldi til almannatrygginganna. Sú greiðsla er að sjálfsögðu nokkuð mismunandi prósentutala af launum eftir því, hve há þau eru, en algengast er um 0.75%. Eftir frv. verður sú breyting á, að kennarar greiða misjafna hundraðstölu af launum sínum, eins og segir í 8. gr. frv., frá 2¼% upp í 4¼% af launum sínum, og er það mismunandi eftir launaflokkum. En þessi breyting er sem sagt óhjákvæmileg til þess að samræma þessi bæði kerfi. Nú er það meginregla, að eftir 30 ára starfstíma verða lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum og almannatryggingum um 25% hærri en greiðslur lífeyrissjóðsins voru. Og ef við leggjum nú saman þessi 4%, sem kennarar hafa

greitt til sjóðsins, og 0.75%, sem er meðaltalsgreiðsla til almannatrygginganna, leggjum 25% ofan á hvort tveggja, þá kemur út rétt tæplega 6%, og niðurstaðan er því sú, að gert er ráð fyrir, að samanlögð iðgjöld barnakennara til sjóðsins og til almannatrygginga ættu að vera um 6% af launum. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Ellilífeyrir er nú að hámarki 60% samkvæmt gildandi lögum. samkv. frv. mundi ellilífeyrir úr sjóðnum og almannatryggingunum til samans verða 75% fyrir einhleypan mann, sem starfað hefur 30 ár í þjónustu ríkisins, hins vegar fyrir hjón, þar sem bæði hafa lífeyrisréttindi, þ. e. a. s. bæði komin á þann aldur, mundi ellilífeyririnn samanlagt verða 85—90% af launum manns, þegar hann lætur af störfum. Það er gert ráð fyrir, að meðaltalið mundi verða um 80%. Flestir mundu fá nokkru hærri heildarlífeyri eftir nýju reglunum samkv. þessu frv. heldur en þeim gömlu. Þó eru nokkrir aðilar, þ. e. a. s. þeir, sem hæstar uppbætur hafa fengið samkv. 18. gr. fjárlaga, sem mundu fá heldur hærri heildarlífeyri eftir gömlu reglunum en þeim nýju, og þess vegna er sett ákvæði í 22. gr. þessa frv. um, að þessir lífeyrisþegar skuli einskis í missa, heldur fá áfram sama heildarlífeyri og áður. Þar segir: „Þeim lífeyrisþegum, sem fengu greiddan lífeyri samkv. 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóði barnakennara mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, sem viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum."

Um örorkulífeyrinn er ákvæðið í 11. gr. frv. Þar eru nokkrar breytingar á gerðar, einkum er rétt að geta þess nýmælis, að örorkulífeyrir á samkv. frv. að verða fleiri hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri en örorkan er metin, ef hún er yfir 50%. Til skýringar er rétt að geta þess, að nú er fyrirkomulagið það, að þegar örorkan er metin í prósentum, þá greiðist öryrkja sama prósenta af hámarksörorkulífeyrinum og örorkan er metin. T. d. ef örorkan er metin 30%, fær maður 30% af hámarksörorkulífeyrinum, ef hún er metin 70%, fær maður 70% af hámarksörorkulífeyrinum. Hins vegar virðist reynsla bæði hér og erlendis benda til þess, að mönnum með mikla örorku gangi tiltölulega verr að nýta þá starfsorku, sem þeir eiga eftir, heldur en þeim, sem hafa lítið skerta starfsgetu. Til þess að bæta um í þessu efni er svo ákveðið í 11. gr. frv., að sé örorka sjóðsfélaga á milli 10 og 50%, þá skuli örorkulífeyrir hans vera sami hundraðshluti af hámarkslífeyri, en ef örorka manns er yfir 50%, þannig að hann hefur misst helming eða meira en helming af orku sinni, þá breytist þetta þannig, að fyrir hvert 1% örorkunnar yfir 50% greiðast 2% af hámarksörorkulífeyri. Ég skal skýra þetta með dæmi. Ef örorka manns er metin á 40%, mundi hann bæði samkv. núgildandi reglum og samkv. frv. fá 40% af hámarkslífeyri, en ef maður er 60% öryrki, þá fær hann nú 60% af hámarkslífeyri, en mundi eftir frv. fá 70%, vegna þess að út á 50% örorkuna fær hann fyrst 50% af hámarkslífeyri, en fyrir þessi 10% til viðbótar fær hann 20% af hámarkslífeyri. Sá, sem metinn er 75% öryrki eða meira, á samkv. frv. rétt á að fá hámarksörorkulífeyri.

Um makalífeyrinn er ákvæði í 12. gr. frv. Þar eru verulegar breytingar á gerðar, einkum á þá leið, að makalífeyrir er hækkaður og að makalífeyrir skal fylgja launum í því starfi, sem sjóðfélagi gegndi síðast, og 10 ára meðaltalsreglan er að sjálfsögðu einnig afnumin hér. Eftir 30 ára starfstíma verður makalífeyrir nú 50% af launum hins látna og fylgir svo þessari sömu prósenttölu af þeim launum, sem fylgja því starfi framvegis. Þetta er sama hundraðshlutahækkun og á ellilífeyrinum.

Ég vil nefna sérstaklega nýmæli í 6. mgr. 12. gr., þar sem segir svo: „Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir."

Þetta ákvæði, sem er nýmæli, er sett inn sumpart eftir fyrirmynd í norskum og dönskum lífeyrissjóðslögum og sumpart eftir eindreginni áskorun Kvenréttindafélags Íslands, en á 7. fulltrúafundi þess, sem haldinn var 20. og 21. júní 1962, ályktaði Kvenréttindafélagið, að réttur maka til lífeyris eftir fráfall sjóðfélaga eigi ekki að falla niður, þótt hjúskap sé slitið að lögum og sjóðfélagi hafi stofnað til nýs hjúskapar. Lífeyrissjóðsgreiðslur ættu að skiptast hlutfallslega milli eftirlifandi maka sjóðfélaga. Sams konar nýmæli og þetta var tekið inn í l. frá síðasta þingi um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Þá eru ákvæði í 14. gr. frv. um barnalífeyri. Þar segir, að „börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, þegar hann andast, og yngri eru en 18 ára, skuli fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þangað til þau eru fullra 18 ára að aldri" o. s. frv. Einnig er ákveðið, að ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sjái um framfærslu þess, þá skuli samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og lífeyrissjóðnum vera 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginganna. Nú er hins vegar árlegur barnalífeyrir 25% hærri en barnalífeyrir almannatrygginganna.

Í 3. mgr. 14. gr. er einnig nýmæli um það, að börn ellilífeyrisþega skuli fá barnalífeyri, m. ö. o., að barnalífeyri fái ekki aðeins börn,

þegar foreldri er látið, heldur einnig ef foreldri, sem verið hefur starfsmaður hjá ríkinu, er komið á elli- eða örorkulífeyri.

Ég hef gert grein fyrir helztu breytingum, sem gerðar eru samkv. þessu frv. frá eldri lögum og miða í þá átt að veita sjóðfélögum hærri og meiri lífeyri og réttindi en nú er. Um ýmsar aðrar breytingar skal ég ekki ræða hér nánar, en vísa til grg. frv., bæði almennt og um hinar einstöku greinar.

Varðandi heildarkostnaðinn af þessu frv. er þess fyrst að geta, að ætlazt er til þess, að sjóðfélagar í heild beri kostnaðinn að sínum hluta, eins og verið hefur, þ. e. 40% af lífeyrisgreiðslum. Ríkissjóður greiðir sinn hluta kostnaðarins, sem er 60%, auk hinna sérstöku uppbóta, sem hvað eftir annað hafa verið veittar vegna launahækkana, sem rætt er í 23. gr., eins og ég gat um áðan.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en vil aðeins undirstrika að nýju, að Samband ísl. barnakennara hefur fylgzt með samningu frv., og þær ábendingar, sem það hefur gert, hafa verið teknar inn í frv., og er sem sagt um frv., eins og það liggur nú fyrir, fullt samkomulag, bæði við stjórn Sambands ísl. barnakennara og stjórn þessa lífeyrissjóðs.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 96).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv. því, sem hér liggur fyrir, og í grg. frv., þá er aðalefni frv., ef að lögum verður, það að samræma ákvæði um lífeyrissjóð barnakennara þeirri löggjöf, sem sett var hér á hv. Alþ. á s. l. vori um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Í sambandi við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna geta vitanlega komið fram mörg álitamál, en hvað sem því líður, getur tæpast verið ágreiningur um það, að ákvæði laga um lífeyrissjóð barnakennara hljóti eðlilega að verða á hverjum tíma í samræmi við hin almennu lög um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Út frá þessu sjónarmiði fyrst og fremst hefur fjhn., eins og álit hennar á þskj. 96 ber með sér, orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Í tilefni af því, að vera má, að einhverjir hv. þdm., sem gefið hafa sér tíma til að lesa það frv., sem hér liggur fyrir, hafa ef til vill veitt því athygli, að allmikið af prentvillum er í þskj., þá tel ég rétt að gefa eftirfarandi upplýsingar:

Þegar málið var til meðferðar í fjhn., var nefndin, eins og ég lýsti við 2 umr., að vísu sammála um að mæla með, að frv. yrði samþ. óbreytt, en mér var um leið falið að lesa frv. saman við lögin um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og aðgæta, hvort um efnisbreytingar kynni að vera að ræða. Vegna annríkis hafði ég því miður ekki tíma til að framkvæma þennan samlestur fyrir 2. umr. málsins, en ég hef gert það, eins og mér hafði verið falið, milli 2. og 3. umr. og gerði það vandlegar en ég hefði nú annars gert, vegna þess að hv. 9. þm. Reykv., sem kunnur er að því að kynna sér þskj. samvizkusamlega, hafði vakið athygli mína á því milli funda, að allmikið væri af prentvillum í frv. Við samlesturinn kom það og í ljós, að það var ekki að ófyrirsynju, því að talsvert er af prentvillum í frv., eins og það liggur fyrir, og sumar þeirra meinlegar, eins og t. d. að í 12. gr. frv. stendur í 7. línu að ofan: „Ef starfstími sjóðfélaga hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greindum launum“ o. s. frv., á auðvitað að vera greiddum launum, en þetta breytir auðvitað merkingunni. Hins vegar er ekki um það að ræða, að neinar efnisbreytingar hafi verið gerðar frá lögunum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna.

Ég hef nú snúið mér til skrifstofu Alþ. vegna þessa, og var mér þar tjáð, að séð verði um það, að þessar prentvillur verði leiðréttar, annaðhvort með endurprentun eða þá í skjalaparti.

Fyrir utan þetta má vera, að málvöndunarmenn mundu vilja gagnrýna viss atriði í frv. M. a. stendur svo í 22. gr. frv. 3. línu að ofan: „Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.“ Mér virðist óþarft að nota danska orðið fært til íslenzkrar stafsetningar með tilliti til þess, að til er nothæft íslenzkt orð yfir þetta að mínu áliti: „reikningsskil“. En þetta stendur þannig í lögunum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, sem gengu gegnum þingið á s. l. vori án athugasemda. En um efnisbreytingu frá því, sem nú er í lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, er ekki að ræða.

Þetta taldi ég rétt að gefnu tilefni að upplýsa.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 10. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á s. l. þingi voru samþ. lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þau fólu í sér margvíslegar endurbætur á lífeyrismálum opinberra starfsmanna. Eftir að þessi lög höfðu verið samþ., fór Samband ísl. barnakennara þess á leit, að sams konar eða svipuð endurskoðun yrði hafin á lögum um lífeyrissjóð barnakennara. Í júnílok barst fjmrn. bréf frá Sambandi ísl. barnakennara um þetta efni. Rn. fól þá þegar Guðmundi Guðmundssyni tryggingafræðingi að endurskoða lögin um lífeyrissjóð barnakennara með hliðsjón af þeim breytingum, sem gerðar voru á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og til samræmis við þau lög. Þetta verk var síðan unnið og haft samráð við stjórn lífeyrissjóðs barnakennara og Samband ísl. barnakennara. Hafa þeir aðilar báðir tjáð sig samþykka frv., eins og það nú liggur fyrir.

Um efni frv. get ég látið nægja í meginatriðum að vísa til grg. og umr. um hið fyrra mál, sem lögfest var á síðasta þingi, og til ýtarlegrar grg., sem fylgir þessu frv.

Þess má geta, að tvær eru þær meginbreytingar, sem felast í þessu frv., frá því ástandi, sem nú er. Í fyrsta lagi, að barnakennarar njóti fullra bóta og lífeyris frá almannatryggingum, sem þeir hafa ekki notið nema að nokkru leyti hingað til. Í öðru lagi, að sú 10 ára viðmiðunarregla, sem lengi hefur verið í lögum, sé afnumin. Nú er það nefnilega svo, að þegar maður lætur af starfi, skal honum ákveðinn sem lífeyrir viss hundraðshluti af meðaltali þeirra launa, sem hann hefur haft undanfarin 10 ár. Á þeim tímum verðbreytinga og launabreytinga, sem hér hafa lengi verið, hefur þetta orðið til þess að draga verulega niður þann lífeyri, sem barnakennarar, eins og aðrir opinberir starfsmenn, hafa fengið. Með þessu frv. verður hér gerbreyting á. Lífeyrir á nú að miðast við þau laun, sem starfsmaðurinn hafði, þegar hann lét af starfi. Vitanlega miðar þetta hvort tveggja að því að skapa barnakennurunum viðhlítandi lífeyri.

Það eru margvíslegar aðrar breytingar til bóta í þessu frv., varðandi barnalífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri o. fl., sem ég skal ekki rekja hér.

Ég vil geta þess, að um þetta frv. var alger samstaða í hv. Ed. og þeirri nefnd, sem fjallaði um málið þar. Er frv. hingað komið óbreytt frá því, sem það var, þegar ríkisstj. lagði það fyrir. Ég vænti þess, að málið fái góðar undirtektir í þessari hv. d., og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 189).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 74 til l. um lífeyrissjóð barnakennara var lagt fyrir hv. Ed. af hæstv. fjmrh. Eins og segir í grg. og hæstv. fjmrh. gerði enn fremur grein fyrir, þegar málið var lagt fram hér í hv. d., þá miðar þetta frv. að því að samræma reglur þessa lífeyrissjóðs þeim reglum, sem gilda um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en lög þessara tveggja sjóða hafa verið samhljóða, frá því að þeir voru stofnaðir, eftir því sem við hefur getað átt. Þessu samræmi er haldið samkv. þessu frv. En eins og hv. þm. er kunnugt, var gerð breyting á l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á síðasta Alþingi. Um efni þessa frv. skal því ekki fjölyrt hér, þar sem fyrir því hefur verið gerð grein áður.

Nál. á þskj. 189 frá fjhn., sem hér liggur fyrir, er því miður nokkuð síðbúið, og vil ég mega biðja hv. þdm. velvirðingar á því, en efni málsins er, að brýn nauðsyn er á því, að frv. verði að lögum fyrir lok þessa árs, svo að það megi koma til framkvæmda með upphafi næsta árs. Ég færi samnm. mínum í fjhn. þakkir fyrir, hversu vel þeir brugðust við að afgreiða málið, þótt komið væri fram á tólftu stund, en eins og segir í nál., þá mælir n. einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þá vil ég leyfa mér að vona, að frv. fái nú skjóta og góða afgreiðslu hér í hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—24. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 191).

9. Fjárlög 1964.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1964 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Sþ., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. verður hagað þannig, að fyrst flytur fjmrh., Gunnar Thoroddsen, framsöguræðu um fjárlagafrv., og er ræðutími hans ekki takmarkaður, síðan hafa Alþb., Alþfl. og Framsfl. til umráða 30 mín. hver, og að endingu hefur fjmrh. rétt til stundarfjórðungs svarræðu. Ræðumenn, auk fjmrh., verða Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf., af hálfu Alþb., Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. af hálfu Alþfl. og Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., af hálfu Framsfl. — Nú tekur hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, til máls.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Afkoma ríkissjóðs á árinu 1962 varð í meginatriðum eins og nú skal greina:

Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar í fjárl. 1752 millj. Þær urðu 2062 millj. og fóru þannig 310 millj. fram úr áætlun. Valda þar mestu um aðflutningsgjöld af innfluttum vörum, en það eru verðtollur, vörumagnstollur, innflutningsgjald, innflutningssöluskattur og bifreiðagjald. Þessi aðflutningsgjöld urðu samtals 214 millj. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Stafar þetta af því, að innflutningur til landsins varð miklu meiri en reiknað var með, þegar fjárlög voru samin. Tekju- og eignarskattur varð 24 millj. umfram fjárlög og tekjur af ríkisstofnunum 11 millj. umfram. Útgjöld ríkissjóðs voru áætluð í fjárl. 1749 millj., þegar talin eru saman rekstrargjöld 7.—19. gr. fjárl. 1638 millj. og útgjöld 20. gr. 111 millj. Útgjöld reyndust samkv. þessum fjárlagaliðum 1871 millj. kr. eða 122 millj. hærri en fjárlög ráðgerðu. Rekstrargjöld urðu 1756 millj. og gjöld samkv. 20. gr. 115 millj.

Orsakir þess, að útgjöld urðu 122 millj. hærri en fjárlög ráðgerðu, eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi urðu niðurgreiðslur á vöruverði innanlands og uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur samtals 378 millj. eða 78 millj. umfram fjárlög. Þegar fjárl. voru samin, stóð yfir rækileg athugun fyrirkomulags á niðurgreiðslum, og gerðu menn sér vonir um, að unnt yrði að lækka þessi útgjöld verulega, en það reyndist ekki fært. Í öðru lagi var í fjárlögum reiknað með 4% launahækkun frá 1. júní 1962, eins og stéttarfélög höfðu þá samið um. En vegna frekari almennra kauphækkana fengu ríkisstarfsmenn 7% launahækkun til viðbótar. Kostnaður við þær launahækkanir, sem fjárl. höfðu ekki gert ráð fyrir, hefur numið yfir 20 millj. kr. Í þriðja lagi urðu framlög til samgöngumála, þ. e. vega, brúa, flugvalla og samgangna á sjó, rúmlega 20 millj. yfir áætlun. Nokkrir útgjaldaliðir urðu undir áætlun, svo sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs.

Lausaskuldir voru engar í árslok 1962 annað árið í röð.

Auk tekna og gjalda samkv. fjárlagaliðum eru ýmsar útborganir og innborganir hjá ríkissjóði, sem hafa áhrif á greiðslujöfnuðinn. Það eru hreyfingar á geymslufé, aukið rekstrarfé ríkisstofnana, veitt lán, fyrirframgreiðslur o. fl. Þegar öll þessi atriði voru uppgerð, varð greiðsluafgangur ríkissjóðs á árinu 1962 162 millj. kr.

Ég hef áður getið um það, að ríkisbókhaldið og Seðlabankinn hafa notað nokkuð mismunandi reglur við að reikna út greiðslujöfnuð ríkissjóðs. Að þessu sinni verður útkoman næstum sú sama, hvor aðferðin sem höfð er, munar aðeins 51 þús. Er greint frá þessu á bls. 34 í hinum prentaða ríkisreikningi, sem hv. þm. hafa fengið í hendur.

38.7 millj. kr. af greiðsluafganginum var varið til þess að greiða gamla skuld ríkissjóðs við Seðlabankann vegna smiði 10 togara. Eins og ástatt hefur verið í efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu ári, miklar framkvæmdir, blómlegt atvinnulíf, en skortur á vinnuafli, þótti ríkisstj. ekki rétt né fært að verja greiðsluafgangi ríkissjóðs til aukinna framkvæmda nú.

Fyrir rösklega 30 árum voru sett um jöfnunarsjóð ríkisins. Samkv. þeim lögum skal leggja í þann sjóð tekjuafgang ríkissjóðs, þegar hann fer fram úr tiltekinni upphæð. Fé úr þessum sjóði má aðeins nota til þess að lækka skuldir ríkisins, mæta tekjuhalla ríkissjóðs, ef svo ber undir, en fyrst og fremst skal nota fé sjóðsins til þess að auka atvinnu og framkvæmdir, þegar atvinnubrestur verður og afturkippur í framkvæmdum. Í rúm 30 ár höfðu lög þessi aldrei verið framkvæmd, en þau standa enn í góðu gildi, og þau rök, sem lágu til setningar þeirra, eru jafngild nú í dag og þá. Ríkisstj. taldi rétt að láta þessi merku lög koma til framkvæmda og ákvað því að leggja í jöfnunarsjóð ríkisins 100 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1962. Sá afgangur, sem eftir verður að gerðum þessum tveimur ráðstöfunum, stendur inni í ríkissjóði sem rekstrarfé.

Í sambandi við þetta yfirlit um meginatriði ríkisreiknings fyrir 1962 þykir rétt að víkja nokkuð að ríkisskuldunum. Skrá um skuldirnar í árslok 1962 er að finna á bls. 9 og 10 í ríkisreikningnum. Við þá skýrslu vil ég bæta upplýsingum um breytingar, sem orðið hafa á ríkisskuldunum á þessu ári fram til dagsins í dag. Öll innlend lán ríkissjóðs eru föst, umsamin lán, lausaskuldir eru engar og hafa ekki verið um tvenn undanfarin áramót. Hin föstu innlendu lán voru í árslok 1962 203.2 millj. kr. og lækkuðu um 3 millj. á árinu. Stærstu skuldaliðirnir eru þessir: 1) Skuld við Seðlabankann vegna gullframlags til Alþjóðabankans 54.8 millj. 2) Lán vegna kaupa á 10 togurum árin 1948—1949 38.7 millj. 3) Happdrættislán ríkis-

sjóðs frá 1948 27.8 millj. 4) Skuld vegna lánadeildar smáíbúða, sem ríkissjóður tók að sér gagnvart Seðlabankanum, 21.1 millj. 5) Lán til byggingar landsspítalans 11 millj. 6) Lán til byggingar kennaraskólans 7.9 millj. Þessir voru stærstu skuldaliðirnir um s. l. áramót. Á yfirstandandi ári hafa ný byggingarlán verið tekin vegna landsspítala, kennaraskóla og lögreglustöðvar í Reykjavík til þess að hraða þessum byggingum. En togaralánið, 38.7 millj., var borgað upp, og umsamdar afborganir hafa lækkað föstu lánin, og hafa því innlendar skuldir ríkissjóðs lækkað um 36 millj. frá áramótum.

Þetta voru innlendu skuldirnar. Erlendar skuldir voru um áramótin einnig aðeins fastar, umsamdar skuldir, þar sem erlendar lausaskuldir voru greiddar upp 1961. Hinar erlendu ríkisskuldir voru um síðustu áramót 691.6 millj. kr. Tekið var nýtt lán hjá Alþjóðabankanum til hitaveitufram kvæmda í Reykjavík, 86.1 millj. En þrátt fyrir þá lántöku hækkuðu erlendar ríkisskuldir aðeins um 49.5 millj., því að hinar föstu afborganir komu þar til frádráttar.

Þessi erlendu lán hafa gengið til eftirtalinna framkvæmda, — hér er ekki talin upphafleg lánsfjárhæð, heldur eftirstöðvar um síðustu áramót: Sogs- og Laxárvirkjanir 137 millj., raforkusjóður 116 millj., hitaveitan í Reykjavík 86 millj., fiskiðnaður 82 millj., togarakaup 1949—1950 70 millj., búnaðarsjóðirnir 59 millj., áburðarverksmiðja 57 millj., fiskveiðasjóður 39 millj., hafnir 32 millj., sementsverksmiðja 13 millj. Á árinu 1963 lækka ýmis þessara lána vegna umsaminna afborgana, en við bætist brezka framkvæmdalánið, 240 millj. kr. Af því láni var ráðstafað í samráði við fjvn. Alþ. til raforkumála 120 millj., til fiskiðnaðar 50 millj., til hafna 50 millj. og til iðnaðar 10 millj. Þessi erlendu ríkislán, sem eins og ég gat um voru um síðustu áramót 691.6 millj. kr. og hafa hækkað á þessu ári vegna brezka framkvæmdalánsins, eru ekki tekin vegna þarfa ríkissjóðsins sjálfs, heldur hefur hann endurlánað þau öll til annarra. Ríkissjóður þarf því ekki að standa straum af þessum erlendu lánum. Þess vegna er ekki heldur gert ráð fyrir vöxtum né afborgunum af þeim í fjárlfrv., eins og sjá má af grg. frv. við 7. gr. Þar eru sundurliðaðir vextir og afborganir af þeim innlendu lánum, sem ríkissjóður stendur straum af, en engin slík lán erlend hvíla nú á ríkissjóði.

Í opinberum skýrslum eru ríkisskuldirnar greindar sundur og flokkaðar með ýmsum hætti. Aðalflokkarnir eru oftast þessir: 1) Innlend lán, sem þá greinast í föst lán og laus lán. 2) Erlend lán, sem greinast einnig í föst og laus lán. 3) Geymt fé, sem greinist annars vegar í ónotaðar fjárveitingar samkv. fjárl., sem geymdar eru, og hins vegar annað fé, sem ríkissjóður innheimtir og afhendir sjóðum eða stofnunum til ráðstöfunar. Heildarupphæð ríkisskulda, talin með þessum hætti, var í árslok 1962 1061 millj. Flokkun ríkisskuldanna er nú í athugun í sambandi við undirbúning nýrrar löggjafar um bókhald ríkisins.

Geymt fé eða geymslufé á 20. gr. ríkisreiknings er tvenns konar, eins og ég gat um. Annars vegar ónotaðar fjárveitingar, sem hafa verið færðar til gjalda á ýmsum greinum rekstrarreiknings og eru því færðar sem inngreiðslur á eignahreyfingum á móti. Þegar þessar fjárveitingar eru notaðar, eru þær svo færðar meðal útgreiðslna á eignarhreyfingum, en ekki færðar til gjalda á rekstrarreikningi. Gjaldfærslan er m. ö. o. miðuð við fjárveitingarárið, en ekki notkunarárið. Notkun geymdra fjárveitinga og viðbót við geymdar fjárveitingar sést hins vegar á eignahreyfingum.

Hinn liður geymds fjár á eignahreyfingum er svo innborgað eða innheimt fé fyrir aðra aðila en ríkissjóð. Þetta fé er rekstrarreikningi óviðkomandi, en hefur áhrif á eignahreyfingar ríkissjóðs, þar sem hið innheimta fé fyrir aðra aðila er sjaldan sama upphæð árlega og það, sem ríkissjóður greiðir viðkomandi aðilum. Þannig eykst ýmist eða minnkar sjóður innheimts fjár fyrir aðra hjá ríkissjóði. Þessar geymdu fjárhæðir nema oft háum upphæðum. Til þess að eyða að mestu áhrifum þessa innheimtufjár á sjóðseignir ríkissjóðs og greiðslujöfnuð hefur á þessu ári verið tekin upp sú aðferð að leggja innheimtuféð inn á sérstakan reikning í Seðlabanka Íslands, sem ekki er talinn með sjóðseign ríkissjóðs. Meðal stærstu innheimtuliðanna, sem þannig er nú farið með, eru aflatryggingasjóður, útflutningsgjald, jöfnunarsjóður sveitarfélaga, vegasjóður, brúasjóður, byggingarsjóður, tollstöðvagjald o. fl.

Þegar Alþingi hefur í fjárlagaræðum verið gerð grein fyrir skuldum ríkissjóðs, hafa fjmrh. um áratugi tekið eingöngu þær skuldir, sem ríkissjóður stendur straum af, enda skipta þær meginmáli í sambandi við útgjöld ríkisins og afgreiðslu fjárl. Í því sambandi eru þó ekki talin ríkislán, sem eru endurlánuð öðrum, né geymslufé. Lán þau, sem ríkissjóður stendur straum af, þ. e. greiðir vexti og afborganir af, voru um síðustu áramót 183.2 millj. kr. Nú í dag eru þau 147.6 millj. og hafa því lækkað í ár um 36 millj.

Þegar ríkissjóður hefur milligöngu um lántökur erlendis, er það oft og tíðum hreint formsatriði, hvort ríkissjóður er sjálfur lántakandi eða ekki. Má nefna til skýringar hitaveitulánið hjá Alþjóðabankanum á s. l. ári. Við þá lántöku koma þrjár aðferðir til greina: 1) Að Reykjavíkurborg væri sjálf lántakandi gagnvart Alþjóðabankanum, en fengi ríkisábyrgð á láninu. 2) Að íslenzkur banki tæki lánið og endurlánaði það Reykjavíkurborg. 3) Að ríkissjóður væri lántakandi og endurlánaði féð til hitaveitunnar. Þar sem Alþjóðabankinn óskaði helzt eftir þriðju leiðinni, var hún farin. Það form er efnislega mjög skylt því, ef hinn raunverulegi lántakandi, þ. e. a. s. Reykjavík, hefði tekið lánið með ríkisábyrgð. En þar sem ríkissjóður er lántakandinn að formi til gagnvart lánveitanda, eru slík lán

talin til ríkisskulda, en hins vegar ekki þau lán, sem ríkisábyrgð er veitt á.

Það er sjálfsagt og eðlilegt, að ríkissjóður greiði fyrir skynsamlegum erlendum lántökum. Í þessu efni veltur á miklu, að hvort tveggja fari saman, að íslenzka ríkið hafi áunnið sér traust hjá erlendum fjármálastofnunum, og hins vegar, að sú stofnun, það fyrirtæki eða mannvirki, sem fjár skal aflað til, sé álitlegt og æskilegt í framfarasókn þjóðarinnar. En um leið kemur það til álita, hvort efnahagsástandið innanlands sé á hverjum tíma með þeim hætti, að rétt sé eða verjandi að taka veruleg erlend lán. Framkvæmdaáætlun Íslendinga gerir ráð fyrir stórum, erlendum lántökum, en vegna hinnar miklu þenslu, sem nú er hér á landi, og skorts á vinnuafli verður að fara mjög varlega í það að svo stöddu að taka erlend framkvæmdalán. Þá þarf að gæta þess vandlega, að greiðslubyrðin gagnvart útlöndum verði ekki of þung miðað við gjaldeyristekjur og framleiðslu þjóðarinnar. Þar getur það ráðið úrslitum, að lánstími sé langur og vöxtum í hóf stillt.

Þegar viðreisnin hófst, var eitt af vandamálunum það, hversu mikið hafði verið tekið af erlendum lánum til stutts tíma. Það var ljóst, að greiðslubyrði vaxta og afborgana til útlanda yrði þung og vaxandi á næstu árum. Er rétt að gefa hér yfirlit um greiðslubyrðina gagnvart útlöndum árin 1958—1963. Allar tölur eru þar reiknaðar með núv. gengi, til þess að samanburðurinn verði gleggri. Eru þá taldar greiðslur vaxta og afborgana af öllum erlendum lánum, bæði opinberum og einkaaðila, og enn fremur getið um hundraðshluta þeirra af gjaldeyristekjum þjóðarinnar á því ári. Árið í ár er áætlað af Seðlabankanum. Greiðslubyrði vaxta og afborgana gagnvart útlöndum er sem hér segir:

Árið 1958 222 millj., sem er 5.5% af gjaldeyristekjum þá. Árið 1959 358 millj., sem er 8.7% af gjaldeyristekjum. 1960 425 millj., sem er 9.9% af gjaldeyristekjum. 1961 504 millj., sem er 10.9% af gjaldeyristekjum. Árið 1962 571 millj., sem er 10.8% af gjaldeyristekjum. Og árið 1963 496 millj., sem er 9.1% af gjaldeyristekjum.

Eins og ég gat um, mátti gera ráð fyrir því, að greiðslubyrðin færi vaxandi á næstu árum eftir stjórnarskiptin, en greiðslubyrðin er nú byrjuð að minnka aftur á þessu ári frá því, sem var í fyrra. Varðandi horfur um afkomu ríkissjóðs í ár vil ég taka þetta fram:

Í fjárl. fyrir 1963 eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 2198 millj. kr. Þegar 9 mánuðir voru liðnir af árinu, 30. sept. s. l., voru tekjurnar orðnar 1689 millj. eða nær 77% af áætlun fjárl. Rekstrarútgjöld eru áætluð í fjárlögum 2052 millj., en voru 30. sept. orðin 1505 millj. eða um 73% áætlaðra rekstrargjalda. Það er venja, að bæði tekjur og gjöld séu hlutfallslega hærri 3 síðustu mánuði ársins en aðra mánuði. Það er því ljóst, að bæði tekjur og gjöld munu fara fram úr áætlun. Um tekjurnar stafar þetta einkum af því, að innflutningur hefur reynzt meiri það sem af er þessu ári en ráðgert var, þegar gengið var frá tekjuáætlun fjárlaga í fyrra. Verða því tekjur af aðflutningsgjöldum meiri en áætlað var. Einnig munu tekjur af tekjuskatti og eignarskatti svo og af ríkisstofnunum fara nokkuð fram úr áætlun. Umframgreiðslur á gjaldahlið verða einkum á launaliðum sökum kauphækkana þeirra, sem ríkisstarfsmenn fengu frá 1. júlí. Enn fremur hækka ýmsir rekstrarliðir vegna almennra launahækkana, sem orðið hafa á þessu ári. Greiðsluafgangur mun verða hjá ríkissjóði í ár, en um upphæð hans verður ekki hægt að fullyrða að svo stöddu.

Samkv. fjárlfrv. fyrir 1964, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., eru tekjur áætlaðar alls 2539.7 millj. kr. Sú áætlun er 341.6 millj. hærri en í gildandi fjárl. Rekstrarútgjöld samkv. frv. eru áætluð 2381.5 millj. eða 329.2 millj. hærri. Og önnur útgjöld, þ. e. samkv. 20. gr., afborganir lána og til eignaaukningar, eru áætluð 147.3 millj. og er það 10.2 millj. hærra en í ár. Greiðsluafgangur samkv. frv. er áætlaður 10.8 millj. á móti 8.7 í gildandi fjárlögum.

Sú tekjuhækkun, sem hér er gert ráð fyrir, byggist á óbreyttum öllum tolla- og skattastigum. Engar hækkanir á þeim né nýjar álögur eru hér að verki. Ástæðurnar til þessarar tekjuhækkunar eru meiri innflutningur en fjárl. 1963 reiknuðu með, meiri velta og hærri tekjur almennings á árinu 1963 en 1962. Tekju- og eignarskatturinn var í ár áætlaður 165 millj., en í frv. 210 millj., hækkar um 45 millj. Þessi hækkaða áætlun er gerð þrátt fyrir það, að fyrir þetta þing verður lagt frv. um lækkun á tekjuskattsstiganum. Sú lækkun felur það í sér, að hinar skattfrjálsu tekjur hækki um 30% til samræmis við breytingar á launum og verðlagi, sem orðið hafa síðan skattstiginn var ákveðinn 1960. Sú lækkun, sem þá var gerð á tekjuskattinum, var byggð á þeirri stefnu stjórnarinnar að gera almennar launatekjur skattfrjálsar. Skattfrjálsar fyrir einstakling eru nú 50 þús., en verða eftir hinu nýja frv. um 65 þús., fyrir hjón 70 þús. nú, verða um 90 þús., og fyrir hvert barn 10 þús., verða um 13 þús. Hjón með tvö börn hafa nú 70 þús. kr. skattfrjálsar. Þau mundu samkv. hinni væntanlegu breytingu hafa skattfrjálsar 115—120 þús. kr.

Aðflutningsgjöldin eiga að skila í ríkissjóð allmiklu hærri fjárhæð nú en fjárl. fyrir 1963 gera ráð fyrir, þrátt fyrir þær margvíslegu tollalækkanir, sem urðu samkv. nýju tollskránni frá síðasta þingi. Áætlað er í frv., að aðflutningsgjöldin skili 1366 millj., og er það byggt á innflutningi, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir, svo og reynslu þeirri, sem fengin er á þessu ári. Þessi upphæð er 176 millj. hærri en í fjárlögum nú.

Á s. l. vori tók gildi ný tollskrá. Hún kom í stað eldri tollskrár, sem var frá árinu 1939, og í stað þeirra miklu viðauka og breytinga, sem á tæpum aldarfjórðungi höfðu verið gerðar á henni. Breytingar á eldri tollskránni voru oft gerðar til þess að leysa brýn aðsteðjandi

fjárhagsvandamál, án þess að tekið væri tillit til áhrifa þeirra á tollakerfið í heild. Mikið misræmi skapaðist því oft við ákvörðun tolla af skyldum vörutegundum. Það leiddi til þess, að kerfið varð svo flókið og margbrotið, að útreikningur aðflutningsgjalda ýmissa vara var afar tímafrekur og aðeins á fárra manna færi.

Að formi til er nýja tollskráin sniðin eftir alþjóðlegri tollskrárfyrirmynd, Brüsselskránni svonefndu, sem öll lönd Vestur-Evrópu hafa nú tekið upp, auk margra annarra. Samræming við tollskrár svo margra viðskiptaþjóða okkar auðveldar mjög allt samstarf þjóða í þeim efnum. Af notkun Brüsselformsins leiðir, að tekin er upp ný vöruflokkun. Ýmis gjöld, sem fyrr voru reiknuð sérstaklega ásamt álögum, hafa nú verið sameinuð í einn verðtollstaxta. Útreikningur gjalda, sem runnu ekki í ríkissjóð, hefur verið gerður einfaldari og sum gjöld felld niður. Með hinni nýju tollskrá var stefnt að því að samræma, svo sem kostur var á, tolla á skyldum og sambærilegum vörum. Heildarlækkun aðflutningsgjalda, sem af breytingunni leiddi, er um 97 millj. kr. eða 8.3%, miðað við magn og samsetningu innflutnings á árinu 1962. Tollar lækkuðu á mörgum vörutegundum, og eru hæstu innflutningsgjöld nú 125%, en voru áður 344%. Á mörgum vörum námu heildaraðflutningsgjöldin 200—300%. Lækkun hinna óhóflegu gjalda lækkaði útsöluverð vörunnar, dró úr smygli og jók tekjur ríkissjóðs. Lækkaðir voru verulega ýmsir tollar á rekstrarvörum og tækjum til landbúnaðar og sjávarútvegs.

Nýja tollskráin er grundvöllur tollakerfis Íslands á komandi árum. Endurskoðun og umbótum þarf að halda áfram. Nákvæma athugun þarf að gera á tollun vara til íslenzks iðnaðar. Þar þarf að afnema oftollun hráefnis, en einnig að koma í veg fyrir of- eða vantollun á fullunnum innfluttum vörum. Það þarf að samræma, lækka og fella niður tolla á tækjum til útflutningsframleiðslunnar. Þessi eru þau markmið, sem að skal stefnt í framtíðinni.

3% söluskatturinn er áætlaður 262 millj., að frádregnum hluta jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 65 millj. Samtals er því ráðgert, að söluskatturinn gefi 327 millj., og er það um 74 millj. meira en samkv. fjárlögum í ár og byggist á aukinni viðskiptaveltu.

Snemma árs 1960 samþykkti Alþ. gagngerar breytingar á tekjustofnum ríkissjóðs og sveitarfélaganna. Síðan hafa engir álagsstigar verið hækkaðir, en fremur stefnt í þá átt að lækka álögur, eins og tollalækkunin í nóv. 1961 og tollskráin frá s. l. vori bera órækan vott um. Þetta er í fjórða sinn í röð, sem fjárlög eru lögð fyrir Alþ. án þess að hækka tolla eða skatta eða grípa til nýrra tekjustofna.

Af útgjaldahækkunum samkv. frv. er langstærsti liðurinn launahækkanir til ríkisstarfsmanna. Þær munu valda hækkun um 175 millj. fyrir ríkissjóðinn sjálfan, en auk þess eru launahækkanir um 50 millj. hjá ríkisstofnunum, sem munu sjálfar standa undir þeim auknu gjöldum með tekjum sínum.

Aðrar hækkanir, sem verulegu máli skipta, eru þessar: Almannatryggingar hækka um 72.3 millj., framlag til lífeyristrygginganna um 53.6 millj., og stafar sú hækkun að meiri hluta af nýjum lögum um almannatryggingar, sem samþ. voru á síðasta þingi og ganga í gildi 1. jan. n. k., en að nokkru stafar hækkunin af fjölgun bótaþega og fleiri ástæðum. Framlag til sjúkratrygginga hækkar um 13.3 millj., og stafar það að rúmum helmingi af hækkun daggjalda á sjúkrahúsum og hælum, en að öðru leyti af breytingum á lögum um almannatryggingar og af fjölgun hinna tryggðu. Framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 5.4 millj.

Ég vil bæta því við, að í meðförum Alþ. þarf að ætla fjárhæð til viðbótar til þess að hækka ellilaun gamla fólksins og gera nokkrar aðrar umbætur í sambandi við tryggingamálin.

Kostnaður við kennslumál, annar en launahækkanir, hækkar um 27 millj. Dómgæzla og lögreglustjórn um 20 millj. Framlög til lífeyrissjóða og uppbót á lífeyri um 15.5 millj. Framlög til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis 14.4 millj. Til framfærslu sjúkra manna og örkumla 8.6 millj. Nema þessir liðir, sem ég nú taldi, aðrir en launahækkanir, um 158 millj. kr. Á hinn bóginn lækkar liðurinn framlög til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir um 37 millj., og hið sérstaka framlag til aflatryggingasjóðs vegna aflabrests togaranna, 15 millj., var miðað við eitt ár og fellur því niður.

Í aprílmánuði 1962 voru samþykkt á Alþ. einróma lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þau lög voru byggð á samkomulagi við bandalag opinberra starfsmanna og hlutu stuðning þingflokka og þingmanna ágreiningslaust. Með þeim lögum var gerð breyting á skipan launamála ríkisstarfsmanna. Í stað launalaga var hinum opinberu starfsmönnum veittur samningsréttur, en að því leyti sem samningar næðust ekki, skyldi kjaradómur skera úr og kveða á um laun og önnur kjör. Kjaradómur er skipaður fimm dómendum. Eru þrír þeirra skipaðir af hæstarétti, en einn af hvorum aðila, ríkisstj. og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Samningar tókust milli ríkis og starfsmanna um flokkun þeirra í 28 launaflokkum, en kjaradómur ákvað laun í hverjum flokki, setti reglur um yfirvinnu og fleira og ákvað greiðslu fyrir hana. Hin nýju ákvæði um launaflokkun og launagreiðslur gengu í gildi 1. júlí s. l. En þótt samkomulag yrði um flokkun starfsmanna í fyrrgreinda 28 launaflokka, var eftir að skipa einstökum ríkisstarfsmönnum í þá flokka og kveða nánar á um framkvæmd ýmissa ákvæða kjaradóms, aldurshækkanir og margt fleira. Samningar um þetta hafa staðið yfir milli samninganefndar ríkisins og kjararáðs bandalagsins undanfarna mánuði. Það er mikið verk og tafsamt, og á það enn langt í land, að endanleg

skipan sé komin á um þetta efni. Því var ákveðið, að útborgun launa hæfist eftir bráðabirgðatill., sem samninganefnd ríkisins um launamál hafði gert, og síðan skyldi unnið áfram að lausn ágreiningsatriða. Ef ekki gengur saman, fellir kjaranefnd loka úrskurð í þeim málum, en hún er einnig að meiri hluta skipuð af hæstarétti.

Þessar miklu breytingar á launakerfinu torvelduðu að sjálfsögðu undirbúning fjárlagafrv., þar sem óvíst var þá um fjölmarga starfsmenn, hvar þeim yrði að lokum skipað í launaflokk. Var horfið að því ráði, enda ekki annars kostur, að áætla launaliði í frv. í samræmi við þessa bráðabirgðaflokkun. Ef í ljós kemur, að þar skeikar einhverju, sem umtalsvert er, mætti lagfæra þá liði í meðförum þingsins. En þar eð svo er ástatt sem nú er rakið, þótti rétt í þetta sinn að fella niður þá starfsmannaskrá, sem undanfarið hefur fylgt fjárlagafrv., vegna þess að ekki eru nú fyrir hendi lokaniðurstöður um launaflokkun starfsfólks hjá einstökum stofnunum.

Vil ég nú víkja að nokkrum liðum fjárlagafrv., en vísa að öðru leyti til grg. þess um einstaka liði.

7. gr. fjallar um vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir, að þær nemi 10.6 millj. kr., en í frv. fyrir 1964 eru þær áætlaðar helmingi lægri eða 5.3 millj. Þessi lækkun stafar af ýmsum ástæðum. Hún stafar af því, að nú er lokið vaxtagreiðslum vegna happdrættislána ríkissjóðs, og nemur það 1.5 millj., að vaxtagreiðslur ríkissjóðs af láni vegna kaupa á Borgartúni 7, 1.2 millj., falla niður, vegna þess að húseignin á sjálf að standa undir þeirri greiðslu, og að vextir, 2.7 millj., af togaraláninu hjá Seðlabankanum frá 1949 falla niður, en það lán var, eins og fyrr er getið, greitt upp í byrjun þessa árs af greiðsluafgangi síðasta árs.

Til þess að fá rétta mynd af vaxtabyrði ríkissjóðs á hverjum tíma er gleggst að athuga saman 4. gr. fjárlaga, sem fjallar um vaxtatekjur, og 7. gr., sem fjallar um vaxtaútgjöld ríkissjóðs. Við þennan samanburð sleppi ég þó einum lið 4. gr., sem er arður af hlutabréfaeign. Þegar reiknaður er út mismunur á vaxtatekjum og vaxtagjöldum ríkissjóðs frá og með árinu 1950, kemur í ljós, að flest árin hafa útgjöldin numið meiru en tekjurnar eða allt upp í 4 millj. á ári. Tvö ár, 1955 og 1960, urðu vaxtatekjurnar þó nokkru hærri en gjöldin, fyrra árið tæpar 85 þús., síðara árið rúmar 3 millj. Á árinu 1962 varð hins vegar mismunurinn rúmar 5 millj. kr. ríkissjóði í hag. Vaxtatekjurnar urðu þessari upphæð hærri en vaxtagreiðslurnar.

Tekjur og gjöld ríkissjóðs eru árstíðabundin og sveiflum háð. Yfirleitt koma tekjurnar inn síðar en útgjöldin falla til. Verður því á vissum árstímum að gera ráð fyrir skuld við Seðlabankann. Sú skuld hefur orðið allhá á stundum, þegar tekjur hafa brugðizt eða komið seint inn af sérstökum ástæðum, t. d. vegna vinnustöðvunar og þar með stöðvunar á tollafgreiðslu vara. Meginreglan ætti að vera sú, að ríkissjóður sé skuldlaus um áramót á aðalviðskiptareikningi sínum við Seðlabankann. Það er eðli þessara viðskipta. Þessu markmiði hefur þó ekki verið náð fyrr en á síðustu árum. Tókst það fyrst í árslok 1961 að hafa ríkissjóð skuldlausan.

Á yfirstandandi ári hefur afstaða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum verið óvenju hagstæð. Undanfarið hefur ríkissjóður verið í yfirdrætti, sem kallað er, milli 250 og 270 daga ársins, en átt inneign 30—50 daga. Það sem af er þessu ári hefur yfirdráttur hins vegar verið í 83 daga, en inneign í 160 daga. Mun þetta að sjálfsögðu segja til sín við vaxtareikning og vaxtajöfnuð, þegar upp verður gert fyrir þetta ár, en væntanlega einnig hafa hagstæð áhrif fyrir ríkissjóð fram á næsta ár.

Í 10. gr. frv. vil ég sérstaklega nefna 3 liði, sem snerta Sameinuðu þjóðirnar.

Hið fasta framlag til Sameinuðu þjóðanna hækkar um 205 þús. og verður nú 1.5 millj. Þá er nýr liður framlag til starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Kongó 1 032 000 kr. Og loks er gert ráð fyrir því, að tillögu utanrrn., að Ísland gangi í Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, Unesco. Eru teknar í því skyni 393 þús. kr. Ég efa það ekki, að allri íslenzku þjóðinni virðist það sjálfsagt og rétt, að Ísland leggi til Sameinuðu þjóðanna og starfsemi þeirra það, sem með eðlilegum hætti má ætlast til af okkar þjóð, og telji því ekki eftir þau framlög, sem hér voru rakin.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um lögreglumenn. Með þeim lögum var gengið mjög til móts við gamlar og nýjar óskir sveitarfélaganna um, að ríkissjóður taki meiri þátt í lögreglukostnaði en áður var. Hækkun ríkisútgjalda vegna þessara laga er áætluð í frv. fyrir 1964 nærri 7 millj. kr. Í lok síðasta árs var sett ný löggjöf um almannavarnir, og hækkar fjárveiting til þeirra úr 1 í 4 millj. kr. Kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 4.5 millj. kr. Stuðningur við bindindisstarfsemi er aukinn. Styrkurinn til áfengisvarnaráðs hækkar um 100 þús. kr., upp í 950 þús., styrkurinn til Stórstúku Íslands um 100 þús., upp í 390 þús. Kostnaður við skattamál hækkar um 7 millj. kr. Stafar það bæði af launahækkunum, ýmiss konar stofnkostnaði o. fl.

Undanfarið hefur verið unnið að endurskipulagningu á framkvæmd skattamála í samræmi við ákvæði nýju skattalaganna frá 1962. Margt er það í hinu nýja fyrirkomulagi, sem horfir mjög til bóta og er þegar farið að bera árangur. Nú er unnið að því að koma á fót sérstakri eftirlits- og rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra til þess að hafa strangt og víðtækt eftirlit með framtölum og framkvæmd laga um tekju- og eignarskatt, útsvör, aðstöðugjöld og söluskatt.

12. gr. frv. fjallar um heilbrigðismál. Rekstrarhalli ríkisspítalanna hækkar um rúmar 42 millj. kr. Stafar sú hækkun af launahækkun-

um að miklu leyti og auknum kostnaði við aukavinnu, en enn fremur af þörf fyrir aukið starfsmannahald við spítalana.

13. gr. A fjallar um vegamál. Fjárveiting til þjóðvega hækkar um 16.5 millj., upp í 107 millj. kr., auk 7.1 millj., sem er vegagjald af benzíni til millibyggðavega. Vegaviðhaldið hækkar um 7 millj., og er nú áætlað, að það kosti 70 millj. kr. á næsta ári. Auk þess eru ætlaðar til greiðslu af vegalánum 10.4 millj. Hér er um að ræða greiðslur af föstum lánum vegna Reykjanesbrautar, Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar), Múlavegar og Hellissandsvegar um Ólafsvíkurenni. Lán voru tekin á þessu ári til að hraða þessum vegaframkvæmdum. Lánin eru flest til 15 ára og vextir 8½—9½% á ári.

13. gr. B fjallar um samgöngur á sjó. Rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins hækkar um 5 millj. kr.

13. gr. C er um vitamál og hafnargerðir. Þar er nýr liður: Til greiðslu af hafnarlánum 9.9 millj. kr. Hér er um að ræða greiðslur af framkvæmdalánum, sem tekin hafa verið til landshafna í Keflavík—Njarðvík og í Rifi og til hafnargerðar í Þorlákshöfn.

14. gr. fjallar um kennslumál. Þar er mesta hækkunin til barnafræðslunnar eða 58 millj. rúmar. Meginhluti þess er vegna launahækkunar kennara og vegna fjölgunar kennara til þess að fullnægja fræðsluskyldunni. Framlag til byggingar barnaskóla, sem í smíðum eru, hækkar um 8.6 millj., upp í 36.2. Auk þess eru ætlaðar 8.5 millj. kr. til byggingar nýrra skóla. Framlög til gagnfræðamenntunar hækka samtals um 35.3 millj. Meginhlutinn er þar einnig launahækkun og kennarafjölgun, en þeim þarf að fjölga um 36. Framlag til byggingar gagnfræðaskóla hækkar um 4.7 millj., upp í 22 millj. Á síðasta þingi voru sett ný lög um almenningsbókasöfn, og hækka framlög til þeirra um 2.5 millj. frá gildandi fjárlögum.

15. gr. fjallar um kirkjumál. Þar eru 3 liðir, sem snerta Skálholt: Í fyrsta lagi kostnaður við Skálholtshátíðina 725 þús. kr. Í öðru lagi eftirstöðvar af byggingarkostnaði Skálholtskirkju, sá liður hækkar um 700 þús. í 1.5 millj. Loks er í þriðja lagi einnar millj. kr. framlag til Skálholtsstaðar samkv. ákvæðum laga um afhendingu Skálholts þjóðkirkjunni til handa.

Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir hækkar verulega, vegna þess að fyrir dyrum standa fjárskipti í Dölum. Eru áætlaðar bætur og styrkir í sambandi við fjárskiptin í frv. 8650 þús. kr. Þarna er um að ræða 18 þús. fjár. Síðan fjárlagafrv. var samið og prentað, hafa fulltrúar bænda í Dölum borið fram óskir í sambandi við fjárskiptin, óskir, sem þurfa sérstakrar athugunar við. Vil ég beina því til hv. fjvn., að hún taki það mál sérstaklega til meðferðar í samráði við ríkisstj.

Með lögum frá í fyrra var breytt ákvæðum um framlög ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Áður var hámarksupphæð í lögum um framlag ríkissjóðs 4 millj. á ári. Þetta hámark var nú afnumið, og hækkar fjárveitingin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis um 14.4 millj. kr.

Á 20. gr. eru nokkrar breytingar, m. a. er framlag til byggingar menntaskóla í Reykjavík hækkað um 1 millj. kr. og til byggingar Kennaraskóla Íslands um 1 millj. Þá er nýr liður: Til byggingar handritahúss, að upphæð 3 millj. kr., sem er byrjunarframlag, en auk þess eru í 14. gr. veittar 2 millj. kr. til starfsemi hinnar nýju Handritastofnunar Íslands.

Í febrúar 1960, réttum 2 mánuðum eftir að núv. stjórn tók til starfa, voru lögfestar víðtækar efnahagsaðgerðir. Þær miðuðu að því að koma þjóðarbúinu á réttan kjöl eftir stórfelldan hallarekstur undangenginna ára, hafta- og uppbótakerfi og hvers konar skekkjur og aflögun í athafna- og viðskiptalífi. Tilgangurinn var sá að koma á jafnvægi í sem flestum þáttum efnahagslífsins og tryggja örugga og næga atvinnu handa öllum landsins börnum. Hvernig hefur þessi viðreisn tekizt? Þegar litið er á 3 fyrstu árin, árin 1960, 1961 og 1962, er það ljóst, að í öllum meginatriðum tókst viðreisnin vel, þeim árangri var náð, sem að var stefnt. Skulu nefnd hér nokkur dæmi til sönnunar.

Hallarekstur þjóðarbúsins gagnvart útlöndum var stöðvaður. Þegar á árinu 1961 tókst að jafna þann halla og ná hagstæðum greiðslujöfnuði við útlönd. Sami árangur náðist á árinu 1962. Í staðinn fyrir sífellt gjaldeyrishungur tókst á þessum árum að safna álitlegum gjaldeyrisforða. Í febrúarlok 1960 var gjaldeyrisskuld bankanna 216 millj. kr., en um síðustu áramót, eftir tæplega 3 ára viðreisn, var gjaldeyrisforði 1150 millj. kr. Með honum var lagður grunnur að lánstrausti Íslands erlendis, eins og verkin sýna, og skapaður varasjóður til þess að mæta örðugleikum af náttúrunnar völdum, markaðstregðu, verðfalli eða öðru óláni, sem við getum ekki við ráðið. Sparifjársöfnun er undirstaða allra framfara. Á henni byggist það, hversu bankar og lánsstofnanir geta lánað mikið út til framkvæmda og fjárfestingar. Sparifjársöfnunin hefur aukizt frá febr. 1960 til síðustu áramóta úr 1825 millj. upp í 3531 millj. eða nær tvöfaldazt. Full atvinna hefur verið yfirleitt um allt land allan þennan tíma. Öll árin voru afgreidd og framkvæmd hallalaus fjárlög. Greiðsluafgangur hefur orðið á hverju ári hjá ríkissjóði, sem var eitt af grundvallarskilyrðum þess, að viðreisnin tækist. Viðskiptafrelsi var stóraukið í landinu, og hagur þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, bættur með meiri umbótum á almannatryggingum en dæmi eru til áður í sögu landsins. Í öllum þessum undirstöðuatriðum hefur viðreisnin vel tekizt. En á þessu ári, sem nú er að líða, hefur margt gengið úr skorðum og stefnir nú á annan veg en undanfarin 3 ár. Um orsakir þess skal ég ekki ræða hér. En á þessu ári er orðinn ískyggilegur halli á viðskiptunum við útlönd. Innflutningur hefur aukizt gífurlega, gjaldeyrissjóðurinn hefur ekki vaxið frá áramótum, sparifjáraukning er tregari en áður, eftirspurn eftir vinnuafli er

í mörgum greinum svo mikill, að enginn vegur er að fullnægja henni, og yfirborganir og undandráttur sigla í kjölfarið. Fiskvinnslustöðvarnar telja sig trauðlega geta risið undir þeirri hækkun kaups og annars kostnaðar, sem orðinn er. Allir þessir örðugleikar eru heimatilbúnir, og eins og íslenzku þjóðinni hefur tekizt að búa þá til, eins er ég viss um, að hún getur ráðið við þá. En til þess þarf rétt vinnubrögð og snör og djarfleg handtök. Verðbólgan má ekki gleypa hina álitlegu ávexti viðreisnarinnar. Ríkisstj. undirbýr nú lausn vandans. Tillögur sínar mun hún leggja fyrir þing og þjóð innan skamms. Þær munu hvorki fela í sér gengislækkun né uppbótakerfi, heldur heilbrigða lausn til framhalds og verndar viðreisninni.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um fjárlagafrv. verði frestað og því vísað til hv. fjvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er það fimmta í röðinni, sem viðreisnarríkisstjórnin leggur fyrir Alþingi.

Fyrsta fjárlagafrv. núv. ríkisstj. var fyrir árið 1960. Það frv. var sérstaklega samið með tilliti til hinnar nýju efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. tók upp á árinu 1960.

Árið 1960 voru öll útgjöld ríkisins samkv. fjárl. ákveðin 1500 millj. kr. Frv. fyrir 1964, sem hér liggur fyrir til 1. umr., gerir ráð fyrir, að heildarútgjöld ríkisins verði 2539 millj. kr. Hækkunin frá 1960 nemur því 1039 millj. kr. eða rúmum milljarð. Þessi hækkun er um 70%.

Þessi samanburður er miðaður við fyrsta fjárlagaár viðreisnarinnar eða við þann tíma, þegar ríkisstj. taldi sig hafa gert nauðsynlegar leiðréttingar á skráningu krónunnar og aðrar fjármálalegar ráðstafanir til jafnvægis í þjóðarbúskapnum, til þess, eins og stjórnin sagði þá, að tryggja stöðugt verðlag og öruggt verðgildi peninganna.

Með fjárlagafrv. 1960 var tekið stórfellt hækkunarstökk frá því, sem verið hafði árið áður, 1959. Sé miðað við ríkisútgjöldin árið 1959, áður en viðreisnarstefnan kom til, og þau borin saman við fjárlagafrv. fyrir 1964, kemur í ljós, að heildarhækkunin á sambærilegum grundvelli nemur 1450 millj. kr. eða útgjöldin hafa hækkað um 140%.

Nú er það svo, að hverjum þeim, sem lítur á frv. það, sem hér er til umr., hlýtur að vera það ljóst, að útgjöld þess eiga eftir að hækka í meðförum Alþingis um marga milljónatugi. Þannig er augljóst, að útgjöld til tryggingamála hljóta að hækka mikið, og óhugsandi er annað en ellilaun og örorkulaun og ýmsar aðrar bætur almannatrygginganna verði hækkaðar til samræmis við launahækkun opinberra starfsmanna og annarra launþega, eins og jafnan hefur verið gert áður. Þær hækkanir hljóta að nema tugum milljóna. Hið sama er að segja um eftirlaun og lífeyrisgreiðslur ríkisins, þær verða að sjálfsögðu hækkaðar líka, enda ráð fyrir því gert í grg. frv. Hækkanir á heildarútgjöldum ríkissjóðs á árinu 1964 frá því, sem var á fyrsta ári viðreisnarinnar, 1960, munu því verða enn þá meiri en hér hefur verið tilgreint af mér í tölum.

Þessar gífurlegu hækkanir á útgjöldum ríkissjóðs á viðreisnartímabilinu segja sína sögu. Þær sýna, að á þessu tímabili hefur ekki ríkt stöðugt verðlag eða öruggt verðgildi peninganna. Þær sýna þvert á móti, að ráðstafanir viðreisnarinnar í efnahagsmálum hafa leitt til meiri stökkbreytinga í verðlagsmálum en áður hefur þekkzt.

Hinar miklu útgjaldahækkanir á fjárlögum á viðreisnartímanum eru aðeins augljóst dæmi um þá þróun verðlags- og fjármála, sem yfir hefur gengið í landinu á síðustu árum. Ríkissjóður er ekki einn um það að hafa orðið að hækka útgjöld sín á þennan hátt. Flest fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar hafa sömu sögu að segja. Tökum eina af stærstu ríkisstofnunum sem dæmi, póst og síma. Árið 1960 voru öll útgjöld þeirrar stofnunar áætluð 147 millj., en nú, 1964, eru öll útgjöld pósts og síma áætluð 314 millj. kr., eða útgjöldin hafa hækkað um meira en 100%. Þannig hefur þróunin í verðlags- og fjármálum verið. Þessi hefur orðið niðurstaðan af loforðum viðreisnarstefnunnar um stöðugt verðlag og öruggt verðgildi peninganna.

Fjárlög ríkisins verða ekki afgreidd nema í nánu samræmi við ríkjandi ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt. Eftir fjögurra ára viðreisn hafa ný, stórfelld efnahagsvandamál komið til sögunnar í íslenzkum þjóðarbúskap, — vandamál, sem nú í dag virðast vera meiri og erfiðari en áður hefur verið við að glíma um langan tíma. Ég mun því ekki ræða nánar í þessum umr. fyrirliggjandi fjárlagafrv. sérstaklega, heldur nota tíma minn til þess að víkja nokkuð að ástandi efnahagsmálanna almennt.

Þeir munu fáir vera, sem ekki viðurkenna, að staðan í efnahagsmálum þjóðarinnar nú á þessu hausti sé erfiðari viðfangs og vandamálin torleystari en oftast áður. Mest beinist athygli manna að þróun verðlags- og launamála. Við skulum athuga þessa tvo veigamiklu þætti efnahagsmálanna nokkru nánar.

Samkv. nýjustu upplýsingum Hagstofu Íslands er vísitala matvöru komin upp í 175 stig, en það þýðir, að matvörur þær, sem reiknað er með í vísitölunni, hafa hækkað að meðaltali um 75% í tíð núv. ríkisstj. Samkv. sömu upplýsingum hagstofunnar kemur í ljós, að allar vörur og öll þjónusta, sem reiknað er með í útgjöldum vísitöluheimilisins, hafa hækkað um 63% að meðaltali í tíð viðreisnarstj. Útreikningar hagstofunnar sýna, að hinn 1. okt. s. l. var svo komið, að útgjöld vísitöluheimilisins fyrir vörur og þjónustu námu orðið 80 þús. kr. Sé við þau útgjöld bætt húsaleigu, 2 þús. kr. á mánuði, eða 24 þús. kr. á ári, og opinberum gjöldum, eins og reiknað er með í vísitölunni, 12 400 kr., og þó fullt tillit tekið til fjölskyldubóta og niðurgreiðslna, þá eru heildarútgjöld vísitöluheimilisins orðin 109 500 kr. Verka-

mannakaup fyrir 8 stunda vinnudag alla virka daga ársins á núgildandi kaupi nemur hins vegar aðeins 67 200 kr. Miðað við þessi heildarútgjöld vantar því á 42 300 kr. á ári, til þess að tekjur fyrir 8 stunda vinnudag á gildandi dagvinnukaupi hrökkvi fyrir útgjöldum meðalfjölskyldunnar.

Árið 1959, eftir að kaupið hafði þó verið fært niður með lögum, voru heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar á sama hátt reiknuð 66 181 kr., en dagkaup fyrir 8 stunda vinnudag allt árið 49 608 kr. Þá vantaði verkamann 16 573 kr. á ári, til þess að dagvinnukaupið hrykki fyrir meðaltalsútgjöldum, en nú vantar sem sagt ekki 16 þús., heldur 42300 kr., reiknað á sama hátt, eða 25 727 kr. meira nú en þá. Þannig hefur sífellt hækkandi verðlag raunverulega minnkað kaupmátt tímakaupsins.

Sú geigvænlega dýrtíð, sem nú er orðin, er þó ekki allur vandinn í verðlagsmálunum, sem við er að fást í dag. Fyrirsjáanlegt er, að miklar hækkanir eru á næstu grösum í flestum greinum. Hið háa verðlag nú er þannig í upphafi stórfelldra launahækkana, sem enn eru ekki farnar að segja til sín í verðlaginu. Á næstunni koma hækkanir á rafmagni, hita, strætisvagnagjöldum, sjúkrasamlagsgjöldum og margs konar þjónustu, og enn eru ókomnar inn í verðlagið ýmsar afleiðingar af hækkun landbúnaðarvaranna frá í haust. Og enn eiga eftir að segja til sín í verðlaginu áhrifin af kauphækkun opinberra starfsmanna, kauphækkun bæjarstarfsmanna, væntanlegri kauphækkun verzlunarfólks og óhjákvæmilegri hækkun á kaupi iðnverkafólks og verkamanna. Þá hefur ríkisstj. tilkynnt í fjárlagafrv., að hún hafi ákveðið að minnka niðurgreiðslur á vörum innanlands á næsta ári um 92 millj. kr., en það jafngildir stórfelldri verðhækkun á fiski, smjöri, smjörlíki, kaffi og fleiri vörum.

Vandinn, sem við er að glíma í verðlagsmálunum, er ekkert smásmíði. En hverjar eru orsakirnar til þessarar gífurlegu dýrtíðar, til þessarar þróunar í verðlagsmálum í landinu? Orsakir þessarar óheillaþróunar er að rekja beint til efnahagsmálastefnu ríkisstj. sjálfrar.

Á tímabili viðreisnarinnar hafa verið framkvæmdar tvær gengislækkanir, auðvitað með afleiðingum hækkandi verðlags. Á tímabili viðreisnarinnar hefur verið haldið uppi hreinu vaxtaokri, sem auðvitað hefur leitt af sér aukinn kostnað í ýmsum greinum, m. a. stóraukinn húsnæðiskostnað. Á tímabili viðreisnarinnar hefur álagning verzlunar- og þjónustufyrirtækja verið hækkuð eða gefin frjáls, sem skiljanlega hefur leitt til hækkandi verðlags. Nú fyrir skemmstu voru öll flutningsgjöld skipafélaga gefin frjáls, sem auðvitað leiðir af sér tugmilljóna hækkun á vöruverði.

Stefna ríkisstj. hefur verið frjáls verðmyndun, þ. e. a. s. frjáls álagning, frjálsræði fyrirtækja og stofnana til þess að hagnast eftir getu. Verðlagseftirlit hefur raunverulega verið að engu gert. Það er þessi stefna frelsisins, hinna frjálsu gróðasjónarmiða og gengislækkunarráðstafanirnar, sem magnað hafa dýrtíðina og skapað hafa þann vanda, sem nú er við að glíma í verðlagsmálunum. Það er alger misskilningur að halda, að hin mikla dýrtíð nú eigi rætur sínar að rekja til of mikilla kauphækkana. Hitt er augljóst mál, sem allir verða að skilja, að með öllu er útilokað, að kaupgjald hækki ekki á eftir miklum verðlagshækkunum. Auðvitað hefur reynslan líka orðið sú hér á landi á undanförnum árum.

Staðreyndir kaupbreytinganna á undanförnum árum eru þessar í aðalatriðum: Allt árið 1959 bjó verkalýðshreyfingin í landinu við skert kaup frá því, sem hún hafði löglega samið um við atvinnurekendur. Það voru núv. stjórnarflokkar, sem þá færðu kaupið niður með lögum. Og enn tóku launþegar á sig kaupskerðingu með gengislækkunarlögunum í febr. 1960, og þeir biðu með óbreytt kaup fram á mitt ár 1961. Á þessu tímabili hafði kaupmáttur tímakaups farið úr 109 stigum í ársbyrjun 1959 í 84 stig í apríl 1961. Kaupmáttur hafði þannig stórlækkað, og stjórnarflokkarnir höfðu fengið biðtíma til þess að reyna efnahagsmálatill. sínar í 2½ ár án nokkurra kauphækkana.

Á miðju ári 1961 var samið um 10—12% kauphækkun verkafólks. Sú kauphækkun náði ekki að jafna þá kjaraskerðingu, sem orðið hafði á tíma viðreisnarinnar. Þessari kauphækkun svaraði ríkisstj. strax með nýrri gengislækkun, sem á skömmum tíma tók allar kauphækkanir til baka og ríflega það. Síðan hafa kauphækkanir verkafólks verið litlar og aðeins gerðar til þess að víkja af herðum verkafólks sárasta þunga sívaxandi dýrtíðar. Og nú í dag er þannig ástatt, að kaupmáttur tímakaups verkamanna er aðeins 82 stig og hefur aldrei orðið lægri um margra ára skeið.

Þannig eru staðreyndir kaupgjaldsbreytinganna alveg augljósar. Kaupið hefur dregizt langt aftur úr, en dýrtíðin rokið fram úr. Nauðvörn verkamanna og allra hinna lægst launuðu í þessu ójafna kapphlaupi hefur orðið sú að bæta við sig vinnustundum á hverjum degi og vinna fleiri og fleiri helgidaga ásamt með stóraukinni vinnu barna og kvenna og jafnvel gamalmenna. Þannig hefur tekizt að halda í horfinu á móti síhækkandi verðlagi.

Eins og nú er ástatt í íslenzkum efnahagsmálum, er óhjákvæmileg nauðsyn, að stjórnarvöld landsins viðurkenni þær staðreyndir, sem hér hafa verið raktar, ef nokkur von á að vera til þess, að hægt verði að ráða fram úr þeim vanda, sem við er að fást. Ríkisstj. verður að viðurkenna, að það eru afleiðingar af viðreisnarstefnu hennar, sem skapað hafa vandann, en ekki óeðlilegar kauphækkanir. Orsakir vandans liggja í endurteknum gengisfellingum, vaxtaokri og í hinni frjálsu verðmyndun, þ. e. a. s. orsakirnar liggja í því, að sjónarmið gróðahyggjunnar hefur fengið að ráða. Launahækkanirnar hafa komið á eftir og eru núna að koma í ríkara mæli en nokkru sinni áður vegna þessarar þróunar.

S. l. sumar kvað opinber dómstóll, kjaradómur, upp úrskurð um launakjör opinberra starfsmanna. Niðurstaða dómsins er talin hafa orðið

sú, að meðaltalshækkun á kaupi opinberra starfsmanna hafi orðið um 45%. Ýmsir embættismenn hafa þó fengið miklu meiri hækkun eða 70—90%. Samkv. fjárlfrv. fyrir næsta ár telur fjmrh., að laun starfsmanna ríkisins muni hækka eftir dómnum um 225 millj. kr. og e. t. v. meir. Orsaka þessara miklu hækkana er að leita til mjög mikillar og almennrar þánægju, sem orðin var meðal embættismanna með launakjörin. Þannig höfðu verkfræðingar staðið í verkföllum út af sínum launakjörum, læknar sagt upp störfum og kennarar hótað að leggja niður sín störf. Auðvitað var hér að verki hin almenna þróun efnahagsmálanna í landinu. Næst á eftir kjaradómi komu blaðamenn og kröfðust kauphækkunar til jafns við opinbera starfsmenn, og nú brá svo við, að jafnvel blaðamenn Morgunblaðsins, sem alltaf höfðu, eins og hugsunarlausar vélar, skammazt út í allar launaleiðréttingar verkamanna og dásamað viðreisnarstefnuna, nú fóru þeir í verkfall og kröfðust 40—50% kauphækkunar sér til handa, auðvitað ekki af illgirni og fjandskap út í stjórnarstefnuna, heldur vegna þarfar á hækkuðu kaupi. Á eftir blaðamönnum komu svo starfsmenn Reykjavíkurborgar og bankanna, og þeir heimtuðu einnig stórfelldar kauphækkanir og fengu þær a. m. k. til jafns við opinbera starfsmenn. Og nú hafa samtök verzlunar- og skrifstofufólks gert sínar launakröfur um 40—50% kauphækkun eða til jafns við aðrar hliðstæðar vinnustéttir. Og síðast eru svo komnar fram kröfur almennu verkalýðsfélaganna, og þar er farið fram á 40% kauphækkun.

Allar þessar kauphækkanir, sem ýmist eru þegar samþykktar eða hljóta að ná fram að ganga að meira eða minna leyti, eiga orsakir sínar að rekja til efnahagsmálastefnu ríkisstj. Það er aðalatriði málsins, sem stjórnarvöldin verða að átta sig á. Auðvitað eru þessar kaupbreytingar og kaupkröfur misjafnlega réttlátar og eðlilegar. Sumar eiga eflaust fullan rétt á sér, aðrar eru vafasamar. Það er ekki aðalatriði málsins. Hitt skiptir mestu máli, að þessar almennu og miklu kaupbreytingar, sem m. a. sumt af tryggasta stuðningsliði stjórnarflokkanna stendur að, eru ekki komnar fram að ástæðulausu. Þær eru ekki komnar fram af fjandskap við ríkisstj. Ástæðurnar eru þær, að launastéttir landsins þola ekki lengur hina skilningslausu, neikvæðu kauplækkunar- og kjaraskerðingarstefnu viðreisnarinnar.

Ríkisstj. hefur allt of lengi blekkt sjálfa sig og aðra um hið rétta ástand efnahagsmálanna. Hún hefur hamrað á því, að viðreisnarstefna hennar hafi unnið afrek í efnahagsmálum þjóðarinnar. Viðreisninni var þakkaður mikill sjávarafli og auknar þjóðartekjur. Viðreisninni var þökkuð mikil atvinna. Viðreisnin var sögð hafa leitt til þess, að þjóðin ætti nú yfir 1 milljarð í gjaldeyrissjóði, og því var jafnvel haldið fram, að viðreisnin hefði fært launastéttunum í landinu hækkað raunverulegt kaup. Með slíkum blekkingum sem þessum smokraði ríkisstj. sér í gegnum síðustu alþingiskosningar. Henni tókst að blekkja þjóðina, og ekki er fjarri að álykta, að ýmsir af framámönnum stjórnarliðsins hafi ekki heldur gert sér fulla grein fyrir ástandi málanna. Viðreisnarstefnan átti auðvitað engan þátt í hinum gífurlega miklu síldarafla. Hitt var annað mál, að hinn mikli afli breiddi nokkuð yfir eða dró úr ágöllum viðreisnarstefnunnar. Hugsið ykkur, hvernig farið hefði, ef síldarafli hefði ekki orðið meiri s. l. 2 ár en hann var t. d. á dögum vinstri stjórnarinnar. Hvað hefði þá gerzt? Nú ætlar allt um þveran hrygg að brotna í efnahagsmálum þjóðarinnar, þó að um metaflaár sé að ræða. Hinn mikli gjaldeyrissjóður viðreisnarinnar var mestmegnis blekking. Í lok septembermánaðar s. l. var gjaldeyriseign bankanna talin 1082 millj. kr. Á sama tíma voru stutt vörukaupalán verzlunarinnar við útlönd talin af bönkunum 550 millj. kr. Sé sú upphæð dregin frá, eins og auðvitað ber að gera, þá hefur nettógjaldeyriseignin numið 532 millj. kr. í septemberlok. Þess ber svo að gæta, að sú gjaldeyriseign er til komin m. a. á þann hátt, að tekin hafa verið erlendis lán á þessu og s. l. ári, sem nema mun hærri upphæð, og hefðu þau lán ekki verið tekin, hefði enginn gjaldeyrissjóður verið til. Þannig tók t. d. ríkissjóður um 240 millj. kr. lán í Bretlandi, og lán hafa verið tekin út á fiskafurðir frystihúsanna í Bandaríkjunum, sem nema rúmum 200 millj. kr. Þessi og önnur lán hafa auðvitað bætt gjaldeyrisstöðu bankanna, en ekki þjóðarheildarinnar.

Eitt af grundvallarstefnumiðum viðreisnarinnar var, að hér skyldi byggt upp frjálst hagkerfi, eins og það var orðað. Hið frjálsa hagkerfi var fólgið í því, að innflutningsverzlunin skyldi gefin frjáls. Innflytjendur áttu að fá gjaldeyri eftir vild og geta keypt inn það, sem þeir vildu og þar sem þeir vildu. Síðan átti að aflétta sem fyrst öllu verðlagseftirliti og frjáls verðmyndun átti að ráða. Í fjárfestingarmálum og peningamálum átti einnig allt að vera frjálst, engar hömlur, engin ríkisafskipti. Þessa stefnu hefur ríkisstj. burðazt við að framkvæma, þó með nokkrum undanþágum, þar sem gróðamönnum hefur þótt annað hentugra. Þessi stjórnleysisstefna í viðskipta- og fjárfestingarmálum hefur þegar beðið gjörsamlegt skipbrot. Viðskmrh. hefur nýlega viðurkennt í ræðu, að á yfirstandandi ári hafi innflutningur til landsins orðið allt of mikill og neyzla og fjárfesting hafi farið langt fram úr öllum áætlunum. Nú hafa þó verið í gildi öll þau sjálfvirku ráð, sem stjórnin telur að stjórnað geti þessum málum. Vextir hafa verið feiknaháir til þess að draga úr útlánum. Sparifjárbinding hefur verið framkvæmd í stórum stíl. Bönkunum hefur verið refsað með 18% vöxtum, ef þeir lánuðu út of mikið fé, og mikið vöruúrval hefur átt að tryggja lágmarkssamkeppnisverð á innanlandsmarkaði.

Viðskmrh. viðurkennir, að illa hafi farið, en hvað vill hann gera? Jú, afstaða hans er sú, að sama stjórnleysiskerfið skuli gilda áfram. Ráðið er, segir hann, samræmdar aðgerðir í

peningamálum, fjármálum og launamálum. M. ö. o.: leiðin virðist vera þessi, að hækka vexti enn og auka enn á sparifjárbindingu til þess að draga úr útlánum bankanna, og svo þarf enn að minnka kaupið, til þess að eyðslan og fjárfestingin minnki. Hvílík skammsýni, að sjá ekki betur, hvað gera þarf. Hinn skipulagslausi innflutningur hefur leitt til þess, að þjóðin hefur sóað hundruðum millj. í bílakaup fram yfir það, sem hóflegt hefði verið á þessu ári. Skipulagsleysið í fjárfestingarmálunum hefur leitt til þess, að íbúðarhúsabyggingar hafa dregizt saman á undanförnum árum, á sama tíma og verzlunarhúsnæði, bankabyggingar og hótel hafa stóraukizt samkvæmt opinberum skýrslum. Þjóð, sem stendur í mikilli uppbyggingu, verður blátt áfram að gera sér fyrir fram allnákvæma grein fyrir því, hve miklu hún getur eytt í fjárfestingu og hvaða fjárfesting þarf að ganga fyrir. Handahóf gróðasjónarmiðsins má ekki ráða í slíkum tilfellum.

Reynslan hefur áþreifanlega sannað, að stjórnleysistefna ríkisstj., þ. e. a. s. sú stefna að gefa gróðaöflunum lausan tauminn í verðlags-, viðskipta- og fjárfestingarmálum, fær ekki staðizt. Viðreisnarstefnan er hrunin. Þeirri efnahagsstefnu verður ekki haldið lengur áfram nema með vaxandi erfiðleikum og tjóni fyrir þjóðarheildina. Þetta er nú viðurkennt af mönnum úr öllum flokkum og öllum stéttum. Þessa staðreynd verður ríkisstj. líka að viðurkenna. Frá viðreisnarstefnunni verður að hverfa. Nýja stefnu verður að taka upp í efnahagsmálum þjóðarinnar, — stefnu, sem byggir á sanngirni og samkomulagi við launþega og setur hagsmuni útflutningsframleiðslunnar ofar hagsmunum milliliða og kaupsýslumanna.

Það, sem skiptir mestu máli í dag í íslenzkri pólitík, er að viðurkenna þá staðreynd, að landinu verður ekki stjórnað, svo að vel sé og til heilla fyrir þjóðarheildina, nema í vinsamlegu samstarfi við launþegasamtökin í landinu, við undirstöðuafl þjóðfélagsins, sterkustu skipulagsheildina í landinu. Grundvöllur viðreisnarstefnunnar var sá, að landinu skyldi stjórnað í andstöðu við launþegasamtökin og ráðið skyldi fram úr vandamálum þjóðfélagsins í fullri andstöðu við hagsmuni launþega, en eftir hagsmunum milliliða og gróðamanna. Það var jafnvel talið sem dæmi um óþingræðisleg vinnubrögð að ræða um lausn efnahagsvandamálanna við aðila utan Alþingis, eins og launþegasamtökin.

Þó að vandi efnahagsmálanna sé mikill í dag vegna langvarandi rangrar stefnu í grundvallaratriðum, þá eru þó möguleikar þjóðarinnar til þess að ráða fram úr vandanum á ýmsan hátt góðir. Framleiðslutæki þjóðarinnar eru meiri og betri nú en nokkru sinni fyrr. Möguleikar til enn stóraukinnar framleiðslu eru vissulega fyrir hendi. Markaðir eru nægir, ef viðskiptamálum þjóðarinnar er beitt á hagkvæmasta hátt. Enginn vafi er á, að hægt er að stórauka þjóðartekjurnar á næstu árum með aukinni tækni, betri nýtingu þess, sem aflað er, og meiri hagkvæmni í rekstri.

En skilyrði þess, að hægt sé að komast út úr vandanum nú, er, að skipt sé um stefnu í grundvallaratriðum. Við Alþb.-menn höfum frá byrjun barizt gegn kjaraskerðingarstefnu núv. stjórnarflokka. Við börðumst gegn lögþvingaðri lækkun á kaupi verkamanna, sjómanna og bænda árið 1959, sem þessir flokkar þá knúðu fram. Þá brást Framsfl. og aðstoðaði við þá kjaraskerðingu. Við börðumst gegn því, að vísitölutrygging á kaupi yrði afnumin, en slík trygging var nauðvörn verkamanna og bænda gegn hækkandi dýrtíð. Í því máli brást Framsfl. einnig.

Við Alþb.-menn höfum allan tímann barizt fyrir því, að mynduð yrði sem sterkust samstaða vinstri aflanna í landinu gegn hægri stefnu viðreisnarinnar. Í alþingiskosningunum s. l. sumar brást Framsfl. vonum vinstri manna með því að neita með öllu að lýsa yfir, að meirihlutaaðstaða vinstri manna yrði að kosningum loknum notuð til sameiginlegrar stjórnarstefnu. Þá varð ljós afstaða framsóknarforingjanna, að þeirra keppikefli var að fá aðstöðu til samninga við stjórnarflokkana, annan eða báða, en ekki að knýja fram sigur vinstri manna í landinu og breytta stefnu í grundvallaratriðum. Afstaða foringja Framsfl. er enn sú sama. Þeir miða allt við að fá samningsaðstöðu fyrir sig, en hafna öllu samstarfi við okkur Alþb.-menn. Þeir vita þó fullvel, að enginn flokkur í landinu er eins sterkur í röðum verkalýðshreyfingarinnar og Alþb. né getur í jafnríkum mæli og það talizt flokkur verkalýðsins í landinu. Þessi afstaða foringja Framsfl. hefur glögglega komið fram á þessu þingi. Þeir hafa lagt áherzlu á, að við Alþb.-menn fengjum hvergi fulltrúa í þingnefndum, og hafa neitað öllu samstarfi við okkur, jafnvel í nefndum eins og kjörbréfanefnd og þingfararkaupsnefnd hefur Framsókn þótt nauðsynlegt að fá tvo flokksmenn sína kosna, til þess að enginn Alþb.-maður skyldi eiga þar sæti. Það er ljóst, að hverju ráðamenn Framsóknar stefna. Við Alþb.-menn munum vissulega draga okkar lærdóma af reynslunni.

Í dag stendur verkalýðshreyfingin frammi fyrir miklum vanda, sennilega stórfelldum verkfallsátökum, ef að venju lætur. Kjaraskerðingarstefna viðreisnarinnar hefur bitnað þyngst á verkafólki og bændum. Barátta verkalýðssamtakanna fyrir kaupleiðréttingu verkafólki til handa er jafnframt barátta fyrir bættum launum bænda, því að kjör þessara stétta eru bundin saman með lögum.

Í komandi baráttu verður verkalýðsstéttin að treysta á sig sjálfa. Hér á Alþingi er ekki nægilegur liðsstyrkur, til þess að málin verði leiðrétt þar. Aðstaða verkamanna í komandi kaupátökum er sterk. Enginn getur neitað því, að hið almenna verkamannakaup hefur hækkað miklu minna en dýrtíðin. Hin raunverulegu kjör hafa því versnað þrátt fyrir eindæma góðæri. Og enn þá síður verður því neitað, að hið almenna verkamannakaup hefur stórlega

dregizt aftur úr kaupi annarra starfsstétta. Samanburður á kaupi nokkurra starfsgreina ber m. a. þetta með sér: Frá 1. okt. 1958 til 1. okt. 1963 hefur kaup ráðh. t. d. hækkað um 141%, kaup ráðuneytisstjóra um 140%, kaup borgarstjórans í Reykjavík um 137%, borgarverkfræðings í Reykjavík um 134%, skólastjóra barnaskóla með 11—18 kennara um 136%, fulltrúa I. flokks í stjórnarráðinu um 110%, lögregluþjóna ríkisins um 81%, bílstjóra stjórnarráðsins um 81%, ritara I. flokks í stjórnarráðinu um 132%, en almennur dagvinnutaxti verkamanna hefur á þessum tíma hækkað um aðeins 28%.

Sá vandi, sem útflutningsframleiðslan nú stendur frammi fyrir vegna þróunar verðlagsmálanna innanlands og þeirra stórfelldu kauphækkana, sem nú ganga yfir, er vissulega mikill. Sá vandi verður ekki leystur með því að grafa hausinn í sandinn og látast ekki sjá eða skilja hið rétta samhengi málanna, að vilja ekki viðurkenna orsakir þess, að svo er komið sem komið er. Sumir hæstv. ráðh. og stjórnarblöðin hafa nú síðustu dagana sagt, að nú verði að stinga við fótum og hindra frekari kauphækkanir. Sem sagt, eftir að ritstjórar stjórnarblaðanna hafa fengið 40—50% kauphækkun og ráðh. 90—100% kauphækkun, þá á að hindra frekari kauphækkanir. Dettur ríkisstj. virkilega í hug, að eftir það, sem hún hefur gert í verðlagsmálunum og stefna hennar hefur leitt til, og eftir þær kauphækkanir, sem hún hefur samþykkt, sé hægt að hindra kauphækkun verkafólks? Hefur ríkisstj. ekki gert sér ljóst, að það þarf að ráðast gegn orsök vandans, en ekki neita afleiðingunum? Öll sanngirni mælir með kröfum verkalýðsfélaganna um kauphækkun, og því verður ekki trúað að óreyndu, að almenn viðurkenning fáist ekki á nauðsynlegri leiðréttingu á kjörum hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu.

Sanngjörn kauphækkun er auðvitað mikilvæg fyrir verkalýðssamtökin. En rétt er þó að gera sér fulla grein fyrir því, að slíkur vinningur, sem felst í kauphækkun, nær skammt, ef ekki fylgir á eftir breytt stjórnarstefna, breytt viðhorf stjórnarvaldanna til kjaramála launastéttanna. Af þeim ástæðum er mikilvægasta verkefni launastéttanna nú í dag að knýja fram breytta stjórnarstefnu, — nýja stefnu, sem tryggi launþegum landsins réttlátan hluta af vaxandi þjóðartekjum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, hefur gert svo glögga grein fyrir fjárlagafrv. og fjármálum ríkissjóðs, að ég tel ekki ástæðu til að gera þau mál frekar að umræðuefni í þeim orðum, sem ég segi hér. Ég ætla ekki heldur að fara að karpa við stjórnarandstöðuna í tilefni af málflutningi hennar hér í þessum umr. eða í dagblöðunum. Mér finnst tíma mínum hér í kvöld vera betur varið til þess að ræða við ykkur, hlustendur góðir, nokkur mikilvæg grundvallaratriði í stjórnmálum og efnahagsmálum okkar Íslendinga, — grundvallaratriði, sem mér virðast allt of oft gleymast í daglegu argaþrasi.

Íslendingar eru fámennust þeirra þjóða í heiminum, sem komið hafa á fót sjálfstæðu ríki. Íslenzka ríkið er í tölu yngstu fullvalda ríkja í veröldinni. Margs konar erfiðleikar eru því samfara að vera fámenn þjóð í stóru og harðbýlu landi. Og tíminn, sem Íslendingar hafa haft til að koma á fót menningarþjóðfélagi með góðum lífskjörum, hefur verið stuttur. Okkur gleymist það of oft, að um aldamótin síðustu voru Íslendingar fátæk þjóð bænda og fiskimanna, sem erjaði landið og sótti sjóinn með frumstæðum aðferðum. En eftir að stjórnin fluttist inn í landið í byrjun aldarinnar, botnvörpungar og vélskip ollu byltingu í atvinnuháttum og ný skipan komst á peninga- og bankamál þjóðarinnar með stofnun seðlabanka, hófst tímabil örra framfara. Á aðeins 60 árum hefur fámennustu þjóð veraldar tekizt að koma á fót iðnvæddu þjóðfélagi, þar sem borgararnir búa við lífskjör, sem eru hliðstæð því, sem gerist í nálægum Evrópulöndum, en meiri jöfnuður ríkir í afkomu og eignaskiptingu en dæmi munu til annars staðar. En þessi þróun hefur ekki orðið með jöfnum hætti. Hún hefur þvert á móti gerzt í stökkum, en stöðvazt á milli. Fram að heimsstyrjöldinni fyrri var framþróunin ör. Styrjaldarárin voru þjóðinni hins vegar óhagstæð. Áratuginn frá lokum fyrri heimsstyrjaldar og fram til heimskreppunnar miklu um 1930 var nýtt framfaratímabil. Heimskreppan varð Íslendingum aftur á móti mikið áfall og áratugurinn 1930—1940 erfiður.

Þegar heimsstyrjöldin síðari skall á, voru lífskjör á Íslandi meðal þeirra, sem lökust voru í Vestur-Evrópu. En í heimsstyrjöldinni síðari gerbreyttist efnahagur þjóðarinnar. Lífskjörin bötnuðu stórlega og Íslendingar eignuðust meiri sjóði erlendis en þeir höfðu nokkurn tíma átt fyrr. Um leið fór efnahagskerfi þjóðarinnar úr skorðum, eins og raunar efnahagskerfi annarra Evrópuþjóða, hvort sem þær voru beinir þátttakendur í styrjöldinni eða ekki. Flestar Evrópuþjóðanna voru þó búnar að koma efnahagsmálum sínum í eðlilegt horf um eða upp úr 1950. Hér á landi hafði röskunin hins vegar orðið svo róttæk, að erfitt reyndist að koma á aftur eðlilegum búskaparháttum hliðstæðum þeim, sem tíðkast í þeim lýðræðisríkjum, sem lengst eru á veg komin í iðnþróun og þar sem lífskjör eru bezt. Íslendingar eiga því enn við að etja margs konar efnahagsvandamál, sem beint eða óbeint má rekja til styrjaldaráranna og þeirrar röskunar, sem þá varð á efnahagslífinu öllu.

Þegar núv. stjórnarflokkar tóku við stjórnartaumunum í árslok 1959, var Ísland eina landið í Vestur-Evrópu, sem hafði alrangt gengi á gjaldmiðli sínum og reyndi að draga úr misræminu, sem af því leiddi, með víðtæku kerfi útflutningsbóta og innflutningsgjalda. Ísland var þá eina landið í Vestur-Evrópu,

sem bjó við ströng höft í utanríkisverzlun og gjaldeyrisviðskiptum. Ísland var eina landið í Vestur-Evrópu, þar sem allsherjareftirlit var með fjárfestingu og verðlagi. Ísland var eina landið í Vestur-Evrópu, sem hafði ekki dregið úr niðurgreiðslum úr ríkissjóði til lækkunar á verðlagi síðan á styrjaldarárunum. Í engu öðru landi Vestur-Evrópu voru eins náin tengsl og hér á milli kaupgjalds og vísitölu framfærslukostnaðar og á milli landbúnaðarverðs og atvinnutekna launastétta.

Um áramótin 1959—1960 bar íslenzkt efnahagslíf enn í grundvallaratriðum þann svip, sem það hafði hlotið í heimsstyrjöldinni síðari, þegar utanaðkomandi breytingar urðu svo snöggar og gagngerar, að grundvöllur framleiðslu- og viðskiptalífsins raskaðist og ríkið varð að láta til sín taka á fjölmörgum sviðum, til þess að allt færi ekki úr böndunum. Á fyrsta áratugnum eftir styrjöldina höfðu allar aðrar nálægar þjóðir leiðrétt þá röskun, sem komst á efnahagsmál þeirra á styrjaldarárunum. En 15 árum eftir lok stríðsins sátu Íslendingar enn uppi með efnahagskerfi, sem hafði mótazt af sérstökum vandamálum styrjaldaráranna, en hlaut að verða heilbrigðri framþróun fjötur um fót á friðartímum. Reynslan varð líka sú, að á þessum 15 árum eftir lok stríðsins urðu efnahagsframfarir hér á landi hægari og minni en í flestum nálægum löndum. Hins vegar höfðu lífskjörin hér batnað mikið á stríðsárunum, samtímis því sem þau höfðu versnað með flestum nágrannaþjóðanna. Ísland var því komið á undan flestum þjóðum Vestur-Evrópu í lífskjörum í styrjaldarlokin. Þess vegna voru lífskjörin hér við upphaf sjöunda áratugsins svipuð því, sem þau gerast yfirleitt í Vestur-Evrópu, þótt framþróunin þar hefði frá styrjaldarlokum verið örari en hér.

Það, sem gert var 1960, var mikið átak til þess að þurrka svipmót efnahagskerfis styrjaldaráranna af íslenzku atvinnu- og viðskiptalífi. Gengið hefur verið skráð rétt, frjálsræði hefur verið aukið mjög í viðskiptalífinu. Þetta hefur stuðlað að því, að framleiðsla hefur aukizt meira og meiri hagkvæmni hefur gætt í framleiðslu og viðskiptum en ella hefði verið. Um leið hefur þetta stuðlað að bættum lífskjörum. Samhliða hefur mikið átak verið gert í félagsmálum og menningarmálum, til þess að gera þjóðfélagið réttlátara og betra.

En á 4 árum hefur ekki tekizt að bæta úr öllu, sem aflaga fór á 5 styrjaldarárum og ekki tókst að lagfæra á 15 árum eftir styrjöldina. Það er skipun launamála og verðlagsmála landbúnaðarins, sem nú er fyrst og fremst áfátt í íslenzkum efnahagsmálum. Afleiðing þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið á þessum sviðum, hefur verið síendurtekin röskun á almennu verðlagi í landinu. Ég held, að sjálft skipulag samtaka launþega og vinnuveitenda eigi verulegan þátt í því ástandi, sem ríkir í þessum efnum.

Það sæti sízt á Alþfl.-manni að bera brigður á þá þýðingu, sem verkalýðshreyfingin hefur haft fyrir þróun nútímaþjóðfélags, eða gera lítið úr því mikilvæga hlutverki, sem hún hefur gegnt og getur gegnt framvegis. Ekki er heldur hægt að draga í efa nauðsyn þess, að vinnuveitendur bindist samtökum sín í milli, eins og launþegar gera. En skynsamlegt skipulag er nauðsynlegt á samtökum launþega og atvinnurekenda eins og öllum öðrum samtökum. Heildarárangur af starfsemi þeirra verður einnig því aðeins hagkvæmur, að um samræmda heildarstefnu sé að ræða.

Íslenzkir launþegar greinast í fjölmörg félög, flest þeirra smá. Hvert félag gerir samning um kaup og kjör fyrir félaga sína. Af þessu leiðir, að við sama fyrirtæki, jafnvel á sama vinnustað, geta unnið menn úr mörgum verkalýðsfélögum, sem semja hvert á sínum tíma um kaup og kjör og hafa ekki samráð innbyrðis um afstöðu sína, reyna jafnvel hvert um sig að ná hagkvæmari samningum en hin félögin. Vinnuveitendur greinast einnig í mörg samtök, og eru þeir þó að sjálfsögðu miklu færri en launþegarnir. Af þessu hvoru tveggja leiðir, að sífelld hreyfing er á launamarkaðinum. Sérhver lítill hópur hugsar fyrst og fremst um sjálfan sig, en ekki um heildina. Sérhver lítill hópur álítur, að vel sé hægt að greiða honum verulega hærra kaup en hann fær. En honum vill þá gleymast, að fái allir aðrir hópar launþega ásamt bændum einnig miklu hærra kaup, þá getur það ekki orðið án almennrar hækkunar á verðlagi, sem gerir kauphækkunina gagnslitla eða gagnslausa. Honum vill einnig gleymast, að því aðeins er mikil kauphækkun honum til handa framkvæmanleg, að sú vara eða þjónusta, sem hann framleiðir, sé ekki háð erlendri samkeppni. Að öðrum kosti leiðir kauphækkun langt umfram kauphækkanir í öðrum löndum til samdráttar framleiðslu eða gengisfellingar.

Það er útilokað, að skynsamir menn geri sér ekki grein fyrir, að allir launþegar í landinu að bændum meðtöldum geta ekki á einu ári orðið aðnjótandi raunverulegra kauphækkana, sem eru langt umfram það, sem þjóðartekjur hafa vaxið eða geta með nokkru móti vaxið á einu ári. Ef allir fá slíka kauphækkun, getur afleiðingin ekki orðið önnur en almenn hækkun verðlags. Þetta er það, sem hér hefur verið að gerast svo að segja árlega allar götur síðan á stríðsárunum. Kaupgjald hefur hækkað meir en nemur aukningu þjóðartekna. Þess vegna hefur verðlag hækkað. Það hefur síðan verið talið tilefni nýrra kauphækkana, sem enn hafa leitt til nýrra verðhækkana og þannig koll af kolli.

Ákveðinn hópur manna getur hins vegar orðið mikilla raunverulegra kauphækkana aðnjótandi, án þess að það valdi almennri verðhækkun eða framleiðslustöðvun, ef hópurinn er fámennur og þarf ekki að standast samkeppni erlendis frá. En hætt er við, að svo mikil kauphækkun til ákveðins hóps raski réttlátum hlutföllum í launakjörum launþega. Þó getur slíkt misræmi skapazt á löngum tíma í launamálum, að slík kauphækkun sé talin

nauðsynleg. Þannig komst óháður kjaradómur að þeirri niðurstöðu nú á þessu ári, að kaup opinberra starfsmanna hefði dregizt svo mjög aftur úr kaupgreiðslum fyrir hliðstæð störf í atvinnu- og viðskiptalífinu, að mjög mikil hækkun væri nauðsynleg. En opinberir starfsmenn eru svo fjölmennur hópur, að þessi mikla kauphækkun hlýtur að hafa áhrif á verðlag í landinu, bæði vegna aukinnar tekjuöflunar ríkisins til að standa straum af auknum kostnaði og vegna hækkunar á verði þeirrar þjónustu, sem ríkisstofnanir inna af hendi.

Það er nú eitt helzta deiluefnið í íslenzkum stjórnmálum og hefur raunar verið það undanfarin ár, hvort lífskjör launþega hafi farið batnandi eða versnandi, hvort hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum hafi aukizt eða minnkað og hvort þær miklu kauphækkanir, sem átt hafa sér stað undanfarin ár, séu orsök hinna miklu verðlagshækkana, sem átt hafa sér stað, eða hvort verðlagshækkanirnar séu orsök kauphækkananna. Það ætti í raun og veru að vera óþarfi að nefna nokkrar tölur því til sönnunar, að lífskjör þjóðarinnar hafi batnað undanfarin ár. Allir menn, sem hafa opin augu og vilja dæma af sanngirni, hljóta að sjá, að lífskjör hafa farið batnandi. Allar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á þessum efnum, leiða og til sömu niðurstöðu. Samanburður á aukningu raunverulegra tekna launþega og vexti þjóðarteknanna sýnir einnig, að hlutdeild launþega í þjóðartekjunum hefur haldizt að mestu óbreytt um langt skeið, en þó farið lítið vaxandi. Hitt er svo annað mál, að tekjur allra launþega hafa ekki vaxið jafnt. Sumir hafa fengið hlutfallslega meira í sinn hlut af aukningu þjóðarframleiðslunnar en aðrir. Yfirleitt hafa tekjur hinna tekjuhærri launþegahópa aukizt meir en tekjur hinna tekjulægri. Launajöfnuður hefur með öðrum orðum minnkað nokkuð. Sumir telja þetta án efa hafa stefnt í rétta átt, þar eð launajöfnuður hafi hér verið orðinn of mikill. Aðrir telja þessa þróun aftur á móti hafa orðið mjög til hins verra. Ég er þeirrar skoðunar, að hinir lægst launuðu í þjóðfélaginu, verkamenn og verkakonur, hafi undanfarið dregizt meira aftur úr í kauphækkunarkapphlaupinu en réttmætt geti talizt. Úr því verður hins vegar ekki bætt með kauphækkun þeim til handa, nema sú kauphækkun sé bundin við þessar stéttir einar. En margendurtekin reynsla er fyrir því, að þetta getur ekki tekizt að óbreyttu skipulagi launa- og verðlagsmála. Lögum samkvæmt eiga bændur rétt á hliðstæðri kauphækkun, og þá hækkar landbúnaðarverðið. Aðrar stéttir, iðnaðarmenn, sjómenn, verzlunarmenn, hafa ávallt siglt fljótlega í kjölfarið og meira að segja fengið meiri kauphækkun en kauphækkun verkamanna og verkakvenna nam. Loks eiga opinberir starfsmenn samkv. lögum rétt til að verða aðnjótandi almennra kauphækkana.

Þetta veldur því, að ógerningur er að bæta raunverulega kjör verkamanna og verkakvenna með hækkun á kauptöxtum þeirra. Ef það á að gerast að óbreyttu skipulagi í launa- og verðlagsmálum, verður það að gerast með öðrum hætti.

Það er í raun og veru ekki vansalaust, að um það skuli vera stórdeilur hér á landi, hvort lífskjör þjóðarinnar hafi verið að batna eða versna undanfarin ár, svo augljóst sem það ætti að vera öllum mönnum, að þau hafa verið að batna, og svo óyggjandi skýrslur sem til eru um þessi efni. Hitt má segja að sé skiljanlegra, að menn deili um, hvort kauphækkanirnar séu orsök verðhækkananna eða verðhækkanirnar orsök kauphækkananna, þar eð hér er um flókin orsakatengsl að ræða. Augljóst var, að í kjölfar gengislækkunarinnar 1960 hlaut að sigla nokkur hækkun á verðlagi erlends varnings. Sú hækkun var beinlínis nauðsynleg, þar eð hin ranga gengisskráning hafði valdið því, að erlendar vörur voru tiltölulega ódýrari en innlendar, en það var hins vegar orsök langvarandi greiðsluhalla gagnvart útlöndum. Dregið var úr áhrifum þessara verðhækkana á lífskjör almennings með aukningu tryggingabóta og lækkun skatta, þannig að hækkun framfærslukostnaðar varð ekki veruleg. En hún hlaut samt að verða nokkur. Ríkisstj. sagði það skýrum stöfum, er hún kom til valda, að nokkur skerðing lífskjara í bili væri nauðsynleg til þess að jafna greiðsluhallann við útlönd og safna nauðsynlegum gjaldeyrisvarasjóði. Hér var ekki farið aftan að neinum. Markmiðið náðist. Það tókst að eyða greiðsluhallanum við útlönd, og þjóðin á nú meira en 1000 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð erlendis.

Þegar verðhækkunaráhrifum gengislækkunarinnar var lokið síðast á árinu 1960, var verðlagið orðið stöðugt. Ríkisstj. vonaði, að sá grundvöllur, sem þá hafði verið lagður, fengi að haldast. Þá hefði framleiðsla getað vaxið og viðskipti blómgazt á grundvelli stöðugs verðlags. En hálfu ári síðar eða á miðju árinu 1961 kom til mikilla almennra kauphækkana í landinu. Kaupgjald allra stétta hækkaði um 13—19%. Gjaldeyrisstaða landsins var þá enn veik, enda skammt síðan breytt hafði verið um stefnu. Verðlag hafði árið áður fallið á mjög mikilvægum útflutningsafurðum, og ekki treystandi á verðhækkanir eða aflaaukningu. Undir þessum kringumstæðum var gengisbreyting óhjákvæmilegt úrræði til þess að koma í veg fyrir stöðvun útflutningsframleiðslunnar og til þess að hindra það, að greiðsluafgangur sá, sem verið hafði að myndast í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd, breyttist aftur í greiðsluhalla. Í kjölfar kauphækkananna og hinnar nýju gengisbreytingar sigldu að sjálfsögðu aftur verðlagshækkanir. Þær komu fljótlega fram, og aftur var verðlagið stöðugt um skeið. En á miðju ári 1962 urðu enn almennar kauphækkanir, sem haldið hafa áfram á þessu ári. Jafnframt hefur verðlag farið síhækkandi. Allar þær almennu kauphækkanir, sem hér hafa orðið undanfarin ár, eins og raunar allar almennar kauphækkanir, síðan styrjöldinni lauk, hafa verið hlutfallslega meiri en nemur

aukningu þjóðartekna á því ári, sem þær urðu. Allt frá 1947 til 1952 fóru þjóðartekjur á mann minnkandi. Síðan hefur meðalvöxtur þjóðartekna á mann verið um 3% á ári. Þegar almennar kauphækkanir hafa orðið, hafa þær ávallt numið margfaldri þessari upphæð, og þótt þær hafi ekki orðið á hverju einasta ári, þá hefur kauphækkunin í krónum talið alltaf farið fram úr þeirri aukningu á þjóðartekjum, sem orðin var. Þess vegna hefur verðlagið ekki haldizt stöðugt, heldur sífellt verið að hækka. Það er af þessum sökum, sem telja verður hinar almennu kauphækkanir umfram aukningu þjóðarteknanna orsök þeirrar almennu hækkunar á verðlagi, sem hér hefur átt sér stað allar götur frá styrjaldarlokum.

Í þessu sambandi er þess einnig að geta, að kaupgjald hækkar ekki aðeins í kjölfar hækkaðra kauptaxta, sem samið er um með launasamningum, það hækkar einnig vegna flutnings launþega milli launaflokka og vegna breyttrar vinnutilhögunar, t. d. í sambandi við ákvæðisvinnu og vegna hlutaskipta í kjölfar aukins afla eða verðhækkunar. Sú aukning raunverulegra tekna, sem hér hefur átt sér stað undanfarin ár, hefur fyrst og fremst átt sér stað í þessari mynd. Sannleikurinn er sá, — það er bitur staðreynd, en óhagganleg, — að taxtahækkanir þær, sem félög launþega hafa samið um allar götur síðan í stríðslok, hafa í raun og veru ekki fært þeim neina raunverulega kjarabót, því að aukni krónufjöldinn, sem launþegar í heild hafa fengið í laun, hefur farið til þess að greiða hækkað verðlag. Raunverulega kjarabótin hefur fyrst og fremst verið fólgin í margvíslegum flutningi milli launaflokka, auknum ákvæðisvinnutekjum, auknum hlutaskiptatekjum, auk þess sem miklar bætur úr tryggingakerfinu hafa bætt kjör alls almennings verulega. Af þessu verður aðeins ein rökrétt ályktun dregin. Viðleitni launþegasamtakanna til þess að bæta raunveruleg kjör félaga sinna ber ekki árangur, ef hún er fólgin í almennum hækkunum á öllum kauptöxtum. Launþegasamtökin geta því aðeins bætt kjör ákveðinna hópa launþega með því að fá laun þeirra hækkuð, ef kauphækkunin breiðist ekki út og verður almenn og ef hún snertir ekki greinar, sem standa í beinni samkeppni við erlenda framleiðslu. Þau geta einnig bætt kjör launþega yfirleitt með því að stuðla að ákvæðisvinnu og fylgjast með framkvæmd hennar. Og þau geta stuðlað að auknu samræmi og réttlæti í launagreiðslum með því að hafa hönd í bagga með flutningi manna og hópa milli launaflokka og með greiðslum umfram samningsbundið kaup, en slíkar greiðslur eru nú, eins og kunnugt er, algengar í mörgum starfsgreinum.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minnast á reglur þær, sem nú eru í gildi og verið hafa í gildi s. l. 20 ár varðandi verðlagningu innlendra landbúnaðarafurða. Þegar rofin voru tengslin milli breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar og kaupgjalds 1960, hefði að mínu viti einnig átt að afnema það fyrirkomulag, að kaupgjald bóndans og þá um leið verðlag landbúnaðarafurða breyttist sjálfkrafa í samræmi við breytingar á atvinnutekjum launastétta í bæjum. Það er í sjálfu sér heilbrigð og réttlát hugsun, að samræmi sé í tekjum bænda og vinnustétta við sjávarsíðuna. Ef t. d. verður aukning á þjóðartekjum, vegna þess að verðlag á útflutningsvörum hækkar mjög verulega, þá eiga ekki aðeins þeir, sem við útflutningsframleiðsluna vinna, að njóta góðs af, heldur þjóðin öll og þ. á m. bændur. Ef launþegar við sjávarsíðuna hækka kauptaxta sína miklu meir en svarar til aukningar þjóðartekna, er ekki réttlátt, að afurðaverð bænda haldist óbreytt, því að þá minnkaði hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum. Hins vegar geta atvinnutekjur launastétta við sjávarsíðuna aukizt af ástæðum, sem alls ekki réttlæta hækkun á tekjum bænda og verði innlendra landbúnaðarafurða. Þótt síldarafli aukist eitt sumar og tekjur sjómanna hækki af þeim sökum, ættu bændur ekki að eiga rétt á hækkuðu kaupi og hækkuðu afurðaverði. Þótt tekjur iðnaðarmanna vaxi vegna þess, að tekin hefur verið upp ákvæðisvinna, á kaup bóndans ekki að hækka. Og þótt meiri afli berist á land og verkafólk vinni lengur á dag við verkun hans og fái þess vegna meiri tekjur, þá réttlætir það ekki kauphækkun hjá bóndanum. En nú er það svo samkv. þeim reglum, sem fylgt hefur verið, að aukinn síldarafli, auknar ákvæðisvinnutekjur og aukin atvinna við sjávarsíðuna færa bóndanum sjálfkrafa auknar tekjur og valda hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða. Hér er um augljósa rökleysu að ræða, augljóst ranglæti í garð þeirra launastétta, sem fá tekjuauka, sem að réttu lagi ætti að verða raunveruleg kjarabót, en verður það ekki, vegna þess að landbúnaðarafurðirnar hækka í kjölfar hans og nokkur hluti tekjuaukans rennur þess vegna til bænda. Þetta ranglæti kom greinilega í ljós við verðlagningu landbúnaðarafurða nú í haust, þar eð sú tekjuaukning launþega, sem kaup bóndans og hið nýja landbúnaðarverð var miðað við, var sumpart þess konar tekjuaukning, sem að réttu lagi alls ekki á að gefa tilefni til neinar hækkunar á kaupi bóndans né hækkunar á verði afurða hans.

Að síðustu langar mig til þess að fara nokkrum orðum um þróunina í efnahagsmálum þjóðarinnar undanfarna mánuði og vandann, sem við er að etja af hennar sökum.

Ráðstafanir þær, sem gerðar voru í efnahagsmálum 1960, gerbreyttu aðstöðu þjóðarinnar út á við. Á árunum 1961 og 1962 varð í fyrsta skipti síðan á styrjaldarárunum greiðsluafgangur í viðskiptum við aðrar þjóðir. Samtímis eignaðist þjóðin gilda gjaldeyrisvarasjóði erlendis, og lánstraust hennar var endurvakið. Á þessu ári hefur hins vegar aftur sigið á ógæfuhliðina, einkum á síðustu mánuðum. Á fyrra árshelmingi jókst innflutningur um 25%, en útflutningur ekki nema um 6%. Það er fyrirsjáanlegt, að á þessu ári verður

ekki greiðsluafgangur í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd eins og tvö undanfarin ár, heldur nokkur greiðsluhalli. Jafnframt mun gjaldeyrisforðinn minnka nokkuð í stað þess að vaxa. Hvers vegna hefur þessi breyting orðið? Ástæðan er sú, að á þessu ári hefur aukning neyzlu og þó einkum og sér í lagi aukning framkvæmda orðið mun meiri en undanfarin ár og jafnframt mun meiri en svarar til aukningar þjóðartekna. Á árunum 1961—1962 notuðum við ekki allar tekjur okkar að viðbættum þeim erlendu lánum, sem tekin voru til langs tíma, heldur lögðum hluta af þeim fyrir í gjaldeyrisvarasjóð. Nú í ár notum við til framkvæmda og neyzlu upphæð, sem er hærri en þjóðartekjurnar að viðbættum erlendum lántökum til langs tíma. Þess vegna er halli á greiðsluviðskiptunum. Þess vegna minnkar gjaldeyrisvarasjóðurinn.

En þá er eðlilegt, að menn spyrji: Hvers vegna hafa framkvæmdir aukizt svona mikið? Hvers vegna hefur neyzla aukizt svona mikið? Svarið er fólgið í því, að vegna hinna miklu breytinga, sem undanfarið hafa orðið á kaupgjaldi og verðlagi, hafa ýmsir farið að óttast, að ekki yrði unnt að halda gengi krónunnar óbreyttu, en ef til gengisfellingar og áframhaldandi verðhækkunar í kjölfar hennar kæmi, þá væri um að gera að vera búinn að ljúka öllum fyrirhuguðum framkvæmdum, um að gera að festa fé í fasteignum eða vörum og um að gera að kaupa sem fyrst erlenda vöru, áður en hún hækkaði. Þetta er undirrót ofþenslunnar í framkvæmdum og innflutningi undanfarna mánuði.

Það hefur oft áður reynzt hagkvæmt og góður gróðavegur að leggja í miklar framkvæmdir og flýta sér að kaupa erlenda vöru, þegar menn fór að gruna, að gengisbreyting væri í aðsigi. Það er sannarlega mál til þess komið, að slík spákaupmennska hætti að vera gróðalind. Og það er enn þá ekki um seinan að koma í veg fyrir, að hún verði það í þetta skipti. Haldi eðlileg framleiðsluaukning áfram og sú hagstæða verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað á útflutningsmörkuðum Íslendinga undanfarið, tel ég útflutningsatvinnuvegina þrátt fyrir tímabundna örðugleika geta greitt það kaupgjald, sem nú er ákveðið í samningum, þótt mér sé að vísu kunnugt um, að málsvarar útflutningsatvinnuveganna telja ekki, að svo sé. Verði hins vegar hækkun á kauptöxtum, þannig að framleiðslukostnaður útflutningsatvinnuveganna vaxi, þá mun annað tveggja gerast, að útflutningsframleiðsla stöðvist eða gengið falli.

En það er ekki nóg, að útflutningsframleiðslan geti haldið áfram. Það verður einnig að breyta þeim greiðsluhalla gagnvart útlöndum, sem verður á þessu ári, í greiðsluafgang á næstu tveimur árum. Gjaldeyrisvarasjóður verður einnig, þegar frá líður, að geta haldið áfram að vaxa í samræmi við vaxandi þjóðarframleiðslu og utanríkisviðskipti. Ef gripið er í taumana nú, þarf ekki að beita gengisfellingu til þess að ná þessu markmiði. Gengislækkunin 1960 var nauðsynleg, til þess að unnt væri að afnema uppbótakerfið og auka frjálsræði í innflutningsverzlun og gjaldeyrisviðskiptum. Þar var um að ræða leiðréttingu á grundvallarmisræmi í verðkerfi þjóðarbúskaparins. Sú leiðrétting var gerð þá. Hana þarf ekki að endurtaka nú. Gengislækkunin í ágúst 1961 fylgdi í kjölfar hinna miklu kauphækkana um sumarið, vegna þess að gjaldeyrisstaða var þá enn veik og útflutningsatvinnuvegirnir þoldu ekki kostnaðarauka vegna undangengins verðfalls og óvissu um framtíðina. Nú er gjaldeyrisstaðan hins vegar sterk. Framleiðsla hefur farið vaxandi og verðlag hækkandi, og vonir standa til þess, að svo verði áfram. Þess vegna er nú ekki þörf á jafnróttækri ráðstöfun og gengisbreytingu til þess að vinna gegn greiðsluhallanum og efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Markmiðinu má ná með samræmdum aðgerðum á sviði peningamála og fjármála. Nokkrar ráðstafanir í þessum efnum hafa þegar verið gerðar. Aðrar eru í undirbúningi. En aðgerðir á sviði peningamála og fjármála einar sér nægja ekki til þess að breyta greiðsluhallanum í hagnað og efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Við verðum öll að staldra við, draga úr framkvæmdum og láta aukningu neyzlu á næsta ári ekki verða jafnmikla og hún var á þessu ári. Þetta getur ekki orðið með skynsamlegri stefnu í peningamálum og fjármálum einni saman. Hér verður einnig að koma til skynsamleg og ábyrg stefna í launamálum, — stefna, sem miðast við það, að launahækkanir séu, þegar á langan tíma er litið, ekki meiri en svarar til aukningar þjóðarteknanna. Við verðum að hafa þann kjark, sem nauðsynlegur er til þess að skipa málum okkar þannig, að við höldum jafnvægi í viðskiptum við aðrar þjóðir og gengi krónunnar sé stöðugt. Þetta er hvort tveggja forsenda þess, að framleiðsla haldi áfram að vaxa og viðskipti að blómgast. Þetta er hvort tveggja forsenda þess, að lífskjörin geti haldið áfram að batna. Þetta er hvort tveggja forsenda þess, að við njótum trausts annarra þjóða og getum sjálfir borið höfuðið hátt.

Herra forseti. Ég hóf mál mitt með því að minnast á, að Ísland er eitt hið minnsta sjálfstæðra ríkja í víðri veröld. Ýmsir drógu það áður í efa, að jafnfámenn þjóð og Íslendingar gæti haldið uppi sjálfstæðu ríki. Þeir menn eru enn til með öðrum þjóðum, sem hrista höfuðið yfir tilvist lítils sjálfstæðs menningarþjóðfélags hér norður undir heimskautsbaugi. Rökin fyrir réttmæti þess og nauðsyn, að Íslendingar séu og verði sjálfstæð þjóð, eru ekki aðeins þjóðerni þeirra og tunga, menning og saga, heldur verða Íslendingar jafnframt að finna það með sjálfum sér og sýna það heiminum öllum, að þeir kunni fótum sínum forráð í efnahagsmálum. En sú þjóð ein verður talin kunna fótum sínum forráð, sem eyðir ekki meiru en hún aflar og getur haldið gengi gjaldmiðils síns stöðugu. Það er því miklu meira en venjulegt viðfangsefni í

efnahagsmálum að lagfæra það misræmi, sem á undanförnum mánuðum hefur orðið í utanríkisviðskiptum þjóðarinnar, án þess að beita í því skyni gengisfellingu eða höftum. Það er beinlínis þáttur í eilífri sjálfstæðisbaráttu íslenzkrar þjóðar að leysa sérhvern efnahagsvanda á þann hátt, er styrki sjálfsvirðingu hennar og auki traust hennar meðal annarra þjóða. Við skulum sýna sjálfum okkur og heiminum öllum, að við eigum það skilið að vera sjálfstæð þjóð, með því að hafa kjark til þess að fylgja fram þeirri stefnu, sem tryggir vaxandi framleiðslu, heilbrigð utanríkisviðskipti, réttláta skiptingu þjóðarteknanna og stöðugt gengi gjaldmiðilsins.

Eysteinn Jónsson: Gott kvöld. Lúðvík Jósefsson kvartaði yfir því, að Framsfl. vildi ekki gefa kommúnistum annað sætið, sem þeir eiga með réttu í fimm manna nefndum, og af þessu ætti að draga einhverjar merkar ályktanir. Tarna var skrýtið. Hvernig dettur mönnum í hug, að það væri leyfilegt gagnvart þeim kjósendum, sem styrktu Framsfl. í síðustu alþingiskosningum svo myndarlega, að hann á nú rétt á að fá 2 af 5 mönnum í nefndir og ráð, að það væri leyfilegt gagnvart því fólki að gefa öðrum flokki annað sætið, sem unnizt hefur með harðri baráttu og vaxandi gengi?

Þá vil ég, áður en ég kem að fjárlfrv., vekja athygli á því, að það er svo sem auðheyrt á yfirlýsingum Gylfa Þ. Gíslasonar viðskmrh. um landbúnaðarverðlagið og aðferðina við að verðleggja landbúnaðarafurðir, hvað þeir eru að brugga landbúnaðinum um þessar mundir.

Þetta er fimmta fjárlfrv. þeirra viðreisnarmanna og þeirra miklu mest, því að nú eru þeir búnir að koma útgjöldunum upp í rúmlega hálfan þriðja milljarð og álögum á þjóðina jafnhátt og þó vafalaust mun hærra en áætlað er í frv. Og þetta á eftir að hækka mikið í meðförum Alþingis sem fyrr. Hækka nú fjárl. enn frá því, sem þau voru í ár, um 340 millj., en frv. þetta er 415 millj. kr. hærra en fjárlfrv. var í fyrra.

Eru þá þeir, sem kenna sig við lækkun skatta, búnir að hækka álögurnar á þjóðina um nálega 1700 millj. síðan 1958, og er þá um alveg sambærilegar tölur að ræða, því að þá er bætt við fjárlagatöluna 1958 því fé, sem gekk utan fjárlaga til niðurgreiðslu á vöruverði. Þeir segja, að þetta, nær 1700 millj., sé nú ekki eins mikið og það sýnist, því að krónan hafi minnkað svo mikið, og er þess þá að minnast, að til valda brutust þessir menn undir því herópi, að þeir hétu að stöðva dýrtíðina án nýrra skatta og vernda verðgildi krónunnar og sparifjárins. En hvernig hafa þessi býsn getað skeð, að álögur á landsmenn til ríkisins hafi hækkað mikið á annað þús. millj. á örfáum árum og þannig framkvæmd þessi loforð?

Við tvennar stórfelldar gengislækkanir hefur verðtollsprósentan verið látin halda sér og þar með hækkaður gífurlega verðtollurinn. Ofan á það var lögleiddur nýr allsherjarsöluskattur, 3%, jafnvel á innlendar matvörur, hvað þá annað. Ýmsar álögur, sem gengu áður í útflutningsuppbætur, svo sem benzíngjald og fleira, voru látnar halda sér, þótt uppbæturnar væru afnumdar og settar inn í ríkissjóðinn. Nýr söluskattur var lögleiddur á innfluttar vörur, sem nam hundruðum millj., og lofað að afnema hann eftir árið. En í stað þess var hann felldur inn í nýju tollskrána og lögleiddur til frambúðar með henni ásamt allri aðflutningsgjaldasúpunni. Sagðist fjmrh. þá hafa gefið eftir 98 millj. af þessu öllu saman og gefið það til baka upp í viðskipti sín við almenning á kjörtímabilinu síðasta. En sú lækkun reyndist þannig úti látin, að dýrtíðarvogin, þ. e. a. s. vísitöluvogin, tók hana ekki, sem kunnugt er. Hún hafði ekki slík áhrif á afkomu meðalheimilis í landinu, að það yrði mælt né vegið á þá vog, en jafnvel þessi lækkun er nú hengd á menn að nýju í einum böggli, sem fylgir þessu frv., því að nú á að minnka niðurgreiðslur á vöruverði sem næst nákvæmlega um sömu fjárhæð og þessi tollalækkun nam. Menn fá tollalækkunina frá því fyrir kosningarnar því á sig aftur núna í hækkuðu verði matvæla, og kemst því nú enginn undan.

Fer því fjarri, að með þessu sé þó tíundað allt álagaflóð ríkisstj. Gjöld ríkisstofnana fyrir þjónustu hafa verið hækkuð gífurlega, t. d. símagjöld, póstgjöld og flutningsgjöld með ströndum fram. Sérstakur launaskattur hefur verið lagður á bændur, því að ekki voru sagðir peningar fáanlegir með öðru móti til að lána þeim sjálfum til framkvæmda. Útflutningsgjöld á sjávarafurðir hafa verið hækkuð, þangað til þau eru komin upp í 7.4%. Í frv., sem hér voru flutt af stjórninni á Alþingi í fyrra, úði svo enn og grúði af nýjum sérsköttum, því að sagt var, að ekki væru peningar til af álögunum til að kosta þá þjónustu, sem þar var ráðgerð, þ. á m. margar merkustu rannsóknir, sem þjóðin þarf að láta gera. Þar voru t. d. till. um sérskatt á sement, á innflutt timbur og járn, á launaútborganir iðnfyrirtækja, svo að dæmi séu nefnd, nýir skattar og nýir tollar í hinum fáránlegustu myndum ofan á súpuna, sem fyrir var.

Innan um þetta birtast svo ræður og greinar um það, hvað þeir, sem fyrir þessu standa og hafa staðið, væru önnum kafnir. Við hvað? Við að lækka tollana og skattana, var sagt. Og þetta er sagt enn. Fjmrh. var óþreytandi að lýsa því sérstaklega, að höfuðáherzlan væri þó lögð á að lækka beinu skattana, og aðvífandi menn ókunnugir hefðu hlotið að halda, að það væru ekki neinir beinir skattar lengur til á Íslandi. Og satt er það, að skattstigarnir voru lækkaðir. En allar aðfarir ríkisstj. í fjármálum hafa orðið þannig, að meðalfjölskylda á Íslandi borgar miklu meira, líka í beina skatta, en áður af þeim tekjum, sem þarf til að draga fram lífið, og fjmrh., sem alltaf er að lækka skattana, hefur orðið að horfa upp á, að vísitala beinna skatta hefur farið sí-hækkandi og framfærsluvísitalan hækkaði

bara á einum mánuði í sumar um 2.6 stig af þeim ástæðum einum saman, að vísitala beinna skatta hafði hækkað, og hafði hún þó stórhækkað áður, en þessi eins mánaðar hækkun vegna hækkunarinnar á beinu sköttunum einum jafngildir 5.2 vísitölustigum fyrir viðreisn, og hefði slík hækkun ein út af fyrir sig þá þótt ærið vandamál. En nú er þetta eins og dropi í dýrtíðarsjónum.

Þessi saga um stjórnina, sem alltaf segist hafa verið að lækka tolla og skatta, er ófögur, en sönn. Með þessum aðförum eru álögur á landsmenn og þar með fjárl. komin upp í hálfan þriðja milljarð og þó drjúgum betur í reynd.

En hvað er þá um þjónustuna við landsmenn? Hefur hún ekki aukizt og batnað og framlögin til verklegra framkvæmda? En af því er þá sorglegu sögu að segja, að stöðugt rennur minni og minni hluti ríkisteknanna, álaganna, til opinberra framkvæmda og uppbyggingar í landinu og aldrei minna tiltölulega en á þessu fjárlfrv. Ríkisbáknið sjálft þenst út með ofsahraða, enda er hæstv. ráðh. hættur að tala um hagsýslu, hann nefndi hana ekki á nafn áðan, og beinn kostnaður við starfræksluna fer sívaxandi, og eru það efndirnar á um það bil 59 sparnaðar- og ráðdeildarfyrirheitum fjmrh. og hans manna, sem gefin voru við upphaf ferðar.

Nýjar rándýrar stofnanir þjóta upp, þ. á m. ein, sem á að hjálpa til að halda jafnvæginu, Efnahagsstofnunin. Sparnaður við skattaálagningu er þannig framkvæmdur, að kostnaðurinn hækkar stórkostlega, og er þó minnst fram komið enn þá. En hvað um það, upp úr því hafðist allténd sums staðar, að úrvals dugnaðarmenn voru hraktir úr störfum með ruddaskap, bara af því að þeir voru ekki á sömu skoðun og ráðh.

Loforðið um fækkun nefnda er þannig framkvæmt, að nefndir heita ekki nefndir lengur á ríkisreikningnum nema fáeinar. Nefndanöfnum hefur fækkað, en ekki nefndunum, og er það gott sýnishorn um hagsýslu hæstv. stjórnar, en framlögin til verklegra framkvæmda verða að víkja í vaxandi mæli. Það er til marks um, hve óðfluga sigið hefur á ógæfuhlið varðandi hlut verklegra framkvæmda úr þeim tollum og sköttum, sem lagðir eru á þjóðina, að miðað við fjárlög ársins 1958 annars vegar ættu framlög til nokkurra verklegra framkvæmda núna á þessu fjárlagafrv. að vera sem hér segir, ef halda ætti í horfinu um framlög af skatta- og tolltekjunum:

Til nýrra raforkuframkvæmda ætti að vera á frv. 71 millj., en er 41 millj. Til vega, þar með viðhalds, ættu að vera 142 millj., en eru 107. Og til brúa ættu að vera nálega 32 millj., en eru tæplega 15 millj. Þetta eru bara dæmi, örfá. Svona er þróunin.

Öngþveiti ríkir í vegamálum landsins þrátt fyrir hinar gífurlegu nýju álögur. Vegunum er ekki haldið við. Sums staðar er ekki hægt að hefla vegina lengur, því að ofaníburðurinn er farinn, og sagt, að ríkissjóður hafi ekki ráð á að skaffa ofaníburð. Farartæki manna liggja á vorin á kafi í leðjunni víðs vegar um landið, því að eldri vegir viðhaldssveltir þola ekki aukna umferð þyngri bíla, en atvinnurekstur landsmanna byggist í æ ríkara mæli á þungaflutningum á landi. Af 2500 millj. er ekki hægt að sjá af nema 25 millj. og 800 þús. til að leggja nýja vegi og ekki sagt mögulegt að halda þeim eldri við, hvað þá leggja vegina að nýju og bæta af viðhaldsfé, eins og síður var, meðan fjárl. í heild voru ekki nema 17 millj., enda er ástandið þannig, að víða er búið að vinna fyrir fram fyrir allar fjárveitingar næsta ár og heimamenn draga á eftir sér skuldaslóðann vegna ríkisveganna. Þetta eru staðreyndir, sem ekki breytast, þótt ráðh. nefni hærri tölur en áður til vegamála.

Strandferðirnar eru þannig sveltar að fé, að Skipaútgerðin getur alls ekki og hefur ekki getað flutt lífsnauðsynlegan varning út um landið, til stórtjóns fyrir allan atvinnurekstur um allt land, og á þessu fjárlfrv. er ekki einu sinni gert ráð fyrir nándar nærri því framlagi, sem þarf til að halda uppi núv. strandferðum, hvað þá meiru, enda er allt löðrandi í ráðagerðum um að minnka enn strandferðaþjónustuna.

Í skólamálum er ástandið þannig, eftir því sem eitt stjórnarblaðið segir frá, að hundruðum unglinga hefur verið synjað um vist í skólum vegna plássleysis, og þrátt fyrir hækkaða fjárveitingu í krónutölu til þeirra mála og það verulega hækkaða, hefur ekki einu sinni tekizt að halda í horfinu miðað við þörfina á skólabyggingum. Það breytir ekki heldur þessum staðreyndum um ástandið, þótt lesnar séu tölur um fleiri krónur en áður til þessara mála.

Framlög til stuðnings uppbyggingu í sjávarplássum hafa verið skorin svo niður, að nær eru orðin að engu, og urðu þó áður fyrr einhver hin drýgstu framlög til að efla uppbyggingu skipastóls og annarra framkvæmda við sjávarsíðuna á vegum dugmikilla fiskimanna, sem vildu geta haft sjálfstæðan atvinnurekstur. Framlög til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins hafa dregizt stórkostlega saman. Framlög til raforkumála hafa verið minnkuð meira að segja í krónutölu. Og svona mætti lengi telja. Ástandið í húsnæðismálum fer síversnandi.

Þetta eru aðeins dæmi um hinar geigvænlegu afleiðingar stjórnarstefnunnar í þessum greinum.

Framlög til lífsnauðsynlegustu undirstöðurannsókna í þágu framleiðslunnar eru skorin svo við nögl, að stórtjóni veldur og óhugsandi er, að geti staðizt, ef framleiðni og framleiðsla á að geta vaxið svo sem brýna nauðsyn ber til. Ekki peningar til, er sagt.

Ofan á þetta bætist svo, að þrátt fyrir þessar gífurlegu álögur er vaxandi hluti af því, sem gengur til framkvæmda af hálfu ríkisins, tekinn að láni, eins og menn heyrðu á ræðu hæstv. ráðh., og velt yfir á framtíðina, og eru nú á þessu fjárlfrv. í fyrsta sinn stórir

útgjaldaliðir til að standa undir þessum skuldum, sem hefur verið safnað á góðu árunum, og þessir liðir hækka gífurlega á næstu árum.

Sumar af þessum ríkisskuldum virðast ekki einu sinni taldar á ríkisreikningnum fyrir 1962 t. d. og ekki milljónatuga útgjöld, sem greidd eru með lántöku, en ráðh. segist hafa haft afgang af álögum sínum 1962 og muni hafa einnig í ár, og þykir engum það mikið, sem sér innflutninginn núna og verzlunarjöfnuðinn við útlönd.

Segist ráðh. leggja eitthvað talsvert á bók til að styrkja jafnvægi í efnahagsmálum, sem þeir kalla, og er það tilkynnt með viðhöfn á sérstökum tyllidögum ríkisstj. En hversdagslega eru engir peningar til til þess að halda uppi lífsnauðsynlegum samgöngum í landinu t. d., hvað þá til að halda í horfinu um skólamál, húsnæðismál og önnur þvílík mál í mesta góðæri, sem þjóðin hefur lengi lifað.

Allar till. framsóknarmanna til að tryggja, að hæfilegur hluti ríkisteknanna renni sem áður til slíkra framkvæmda, hafa verið felldar og ýmist sagt, að ekki væru peningar til eða ef peningar voru til, þá að það mætti ekki nota peningana, því að það skapaði ofþenslu.

Áunnizt hefur þó, að ríkisstj. er orðin meira en lítið óróleg undir þungri pressu vegna öngþveitisins í vegamálum, enda verður ekki þar á línað né í fleiri slíkum málum, fyrr en undan verður látið.

Hæstv. fjmrh. er nú búinn að skrumskæla þannig ríkisreikninginn, að enginn fær af honum séð, hver afkoma ríkissjóðs raunverulega er. Ríkislánum og stórum útgjaldapóstum, eins og t. d. ríkisábyrgðatöpum, er haldið alveg utan við reikninginn. Þykjumst við þó sjá, að greiðsluafgangur sé raunverulega 1962, þótt ekkert sé að sjálfsögðu, þegar svona er komið, að marka tölur hæstv. ráðh., og þá hlýtur einnig að verða verulegur afgangur á þessu ári, enda dýru verði keyptur af almenningi, eins og sést á álögunum.

Munum við nú, framsóknarmenn, hefja harða sókn fyrir því, að einhverju verulegu, sem um munar, af því, sem með þessum gegndarlausu álögum hefur verið tekið af almenningi umfram þarfir ríkisins, verði varið til þess að styðja framgang sumra hinna brýnustu nauðsynjamála, sem setið hafa á hakanum undanfarið, svo sem samgöngumála, íbúðamála og ýmissa fleiri mála. Við erum ekki í miklum vafa um, hverju till. okkar um þetta eiga að mæta frá stjórnarliðinu, því miður. En betur væri þó, að rangt væri til getið um það. Það verður vafalaust sagt: Þessa peninga má ekki nota, það veldur ofþenslu. Það verður að leggja þessa peninga inn í bankakerfið. — En sú viðureign, sem um þetta verður, ætti að geta orðið mörgum lærdómsrík.

Það er sem sé ofþensla að veita meira fjármagn í íbúðabyggingar, svo að forðað verði frá neyðarástandi í húsnæðismálum, og það þótt féð væri tekið með beinum álögum á þjóðina, eða t. d. í auknar framkvæmdir til þess að taka á móti síld. Sama er að segja um að verja skattafé í vegi, brýr, framkvæmdir í sveitum eða við sjó og hvað eina, sem lífsnauðsynlegt er að koma í framkvæmd almennings vegna. Þessar framkvæmdir verða að bíða, segja þeir, og það fé, sem tekið er af mönnum með álögum, megi ekki nota í þessar framfarir, sem almenningur hefur mesta þörf fyrir, það skapi ofþenslu.

Hvers vegna eiga þessar framkvæmdir að bíða og peningarnir að leggjast til jafnvægis í kerfið? Jú, til þess að þeir, sem fyrir fjármagni ráða í landinu og hafa aðgang að fjármagni handa sér fyrir náð ríkisstj., komist að með sínar framkvæmdir og sína eyðslu. Þeirra framkvæmdir og þeirra eyðsla valda ekki ofþenslu, þær eru ekki ábyrgðarleysi, eins og till. framsóknarmanna um að leggja fjármagn til lífsnauðsynlegustu framkvæmda í þágu almennings og framleiðslunnar. Íbúðabyggingar, raforkulínur, vegagerðir og aðrar slíkar eiga samkv. stjórnarstefnunni að víkja fyrir því, sem þeir peningasterku vilja koma í framkvæmd og sjá sér mestan hag í að gera. Það er þeirra stefna. En við segjum: Það verður að beina fjármagninu til þeirra framkvæmda í landinu, sem lífsnauðsynlegar eru, og þeirra, sem mest auka framleiðnina. Þær eiga að sitja fyrir, og því á hiklaust að nota fé ríkisins í því skyni. Og fyrir því verður barizt.

Allir vita, að fullkomið öngþveiti og stjórnleysi ríkir í fjárfestingarmálum eins og öðrum efnum. En í öllu kaosinu er þó einn fastur punktur, sem er kjarni stjórnarstefnunnar. Þeir, sem fyrir fjármagninu ráða og stjórnin vill hlaða undir, stórkapitalið, það á að fá að rótfesta sig með sínum framkvæmdum óáreitt í sem flestum greinum, en almannaframkvæmdir eiga að víkja og þær framkvæmdir almennings, sem stuðdar hafa verið af almannafé. Með þessum aðförum verður sjálfum grundvelli þjóðarbúskaparins breytt óðfluga, enda hefur það alltaf verið höfuðtilgangur stjórnarstefnunnar, en allt annað ýmist bara umbúðir eða aukaatriði. Um þessar stefnur tvær verður tekizt á við afgreiðslu fjárlaga sem fyrr nú undanfarið og þau mörgu þingmál önnur, sem um þetta fjalla.

Þeir, sem vilja láta framkvæmdir í almannaþágu og framkvæmdir einstaklinga til að auka framleiðni og framleiðslu sitja fyrir með því að veita skipulega og hiklaust fé til þeirra, þeir verða með okkur. En þeir, sem vilja gera þessar framkvæmdir að hornreku og láta þær víkja, svo að stórkapitalið geti leikið lausum hala með sínar framkvæmdir, hversu fjarri sem þær kunna að vera því að leysa úr brýnustu þörf þjóðarinnar og hversu gífurlega sóun sem þær kunna að hafa í för með sér, þeir sem þessa stefnu vilja styðja, þeir verða með hinum.

En það er til marks um átökin, sem fram undan eru um það, hvað eigi að víkja og hvað eigi að sitja fyrir, að stórkapitalið er farið að

heimta stóran greiðsluafgang hjá ríkissjóði, sem lagður sé inn í peningakerfið til jafnvægis. Og stjórnin tekur undir. Og máske eigum við eftir að sjá framan í tillögur um aukna neyzluskatta í þessu skyni á lagða, þrengja að neyzlu og framkvæmdum almennings og leggja peningana inn, svo að hinir, þeir sem fjármagninu ráða mest, geti komið sínu í framkvæmd. En baráttulaust mun þetta ekki gerast og ekki ólíklegt, að þetta skýri nokkuð stefnur í þjóðmálum.

Við þessa umr. er skylt að reyna að bregða upp ofur lítilli mynd af efnahagsmálaástandinu, þótt hæstv. fjmrh. gerði ekki mikið að því, því að ríkisbúskapurinn verður ekki slitinn úr sambandi við annað starfslíf í landinu.

Það blasir nú við þjóðinni, svo að ekki verður um deilt né um villzt, að stefna ríkisstj., viðreisnin, sællar minningar eða hitt þó heldur, hefur beðið algert skipbrot. Reynt var með hvers kyns ljótum brögðum að leyna þessu nokkuð í vor fyrir þjóðinni og þá vantaði ekki glæsilegar lýsingar á því, sem kallað var „árangur viðreisnarinnar". Meira að segja var kosningum flýtt um nokkrar vikur, til þess að ekki skyldi koma fram, hvað kjaradómsmenn, hlutlausir menn, teldu opinbera starfsmenn þurfa að hafa í kaup í viðreisnarríkinu. Stjórnarflokkarnir náðu meiri hluta við illan leik í vor með blekkingum um ástandið, sem nú liggur alveg ljóst fyrir.

Bjarni Benediktsson lýsti því yfir á Varðarfundi fyrir nokkrum dögum, að öngþveiti blasti nú við í launamálum, — öngþveiti í launamálum, — enda víst ekki gott að komast hjá því að játa það lengur, hvernig komið er, þegar búið er að afskræma þannig efnahagskerfið, að verkamaður vinnur sér inn rétt ríflega vexti og annan kostnað af lítilli íbúð með viðreisnarverðinu með því að vinna 8 stundir hvern virkan dag ársins. Og með landbúnaðarverðinu, sem nýbúið er að setja, getur bóndinn ekki staðið til fulls undir afskriftum af einni dráttarvél með viðreisnarverðinu, hvað þá öðrum vélakosti. Er það nokkur furða, þó að þeir, sem fyrir þessu standa, neyðist til að játa öngþveitið, sem búið er að stofna til við hagstæðustu ytri skilyrði, sem þekkzt hafa hér á landi?

Viðskmrh. orðaði játningu sína þannig í áróðursræðu, sem hann lét tvílesa í hlutlausa útvarpið okkar um daginn og haldin var hjá verzlunarráðinu, að í einu atriði ríkti ringulreið, það væri í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Atriðin virtust því í raun og veru tvö. En sumir voru að tala um, að hann hefði átt að segja, að í „einu" atriði ríkti ringulreið, þ. e. í verðlagsmálum, kaupgjaldsmálum, húsnæðismálum, fjárfestingarmálum yfirleitt og málefnum framleiðslunnar t. d., því að ekki hefði að heldur verið allt talið, sem í játningunni átti að vera með réttu.

Væri nú ekki rétt fyrir þessa menn að gera þjóðinni grein fyrir því, hvers vegna viðreisnin hefur farið svo gersamlega út um þúfur og hvað þeir hafa af þessu lært? Og kem ég ofur lítið síðar að hinni sérkennilegu grg. hæstv. fjmrh. um þetta efni, því að ekkert þýðir lengur fyrir hæstv. ráðh. að halda því fram, að viðreisnin hafi farið út um þúfur af því, að kaupgjald til verkamanna hafi hækkað 50—60 kr. of mikið á viku árið 1961. En þá lækkuðu þeir gengi ísl. kr. um 13% út af kaupgjaldságreiningi, sem svaraði til 1—2% breytinga á útflutningsverði, og sú gengislækkun var gerð þrátt fyrir stóraukna framleiðslu og hækkandi verð á útflutningsafurðum.

Um það segir stjórn Seðlabankans í ársskýrslu sinni fyrir árið 1961 orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar á heildina er litið, hefur verð á útflutningsafurðum batnað verulega á árinu" — þ. e. á árinu 1961. Samt lækkuðu þeir gengið, og þrátt fyrir þessa staðreynd lét hæstv. viðskmrh. sér sæma í þeirri óvönduðu áróðursræðu, sem ég minntist á áðan, að halda því fram, að þeir hefðu lækkað gengið vegna verðlækkana á afurðum, og meira að segja hér áðan var hann að endurtaka þetta sama: vegna verðlækkana á afurðum 1961. En það er staðreynd, að verðið fór batnandi verulega, eins og seðlabankaskýrslan segir.

Allir vita nú, að gengislækkunin 1961 var ástæðulaust frumhlaup, gert í bræði og átti að kenna mönnum að gera það eitt, sem stjórnin vildi. Gengislækkun þeirra þá reyndist eins og benzín á dýrtíðarbálið, og síðan hefur stjórnin ekki ráðið við neitt. Þeir hafa nú viðurkennt þetta hreinlega og þar með ómerkt öll sín ljótu svívirðingarorð um þá, sem leystu kjaramálin 1961 og björguðu þjóðarframleiðslunni það ár.

Bjarni Benediktsson talar nú um gengislækkunarleik, sem ekki megi endurtaka og verði að ljúka, krónan sé ekki fallin núna og eigi því ekki að fella hana. Þetta eru játningar, sem segja sex, dómur um þeirra eigin verk og málflutning og hvers trausts hann er verður, sem ekki mun fara fram hjá neinum. Það er gott, ef nú á að standa við það að fella ekki krónuna enn þá einu sinni, og þeim mun verða haldið að þeim loforðum sínum. En þjóðin spyr: Hvað réttlætti gengislækkun 1961? Hvað réttlætti þann þokkalega leik, þegar nú er játað af þeim seku frá 1961, að ekkert réttlæti gengislækkun nú, þrátt fyrir stórfelldar hækkanir, sem orðið hafa inn á við?

Viðreisnin átti að skapa jafnvægi og stöðugt verðlag, en hefur sprengt efnahagskerfið og valdið meinlegri dýrtíðarólgu en dæmi eru áður til í landinu, umturnað öllu efnahagskerfi landsins. Í stað þess að tryggja verðgildi sparifjár hefur orðið heiftarlegri rýrnun á verðgildi sparifjár en áður eru dæmi til. Í stað jafnvægis í lánamálum stórfelldari lánsfjárkreppa og harðhentari lánsfjárskömmtun en áður hefur þekkzt í landinu. Og svo er þetta kallað frelsi. Í stað skattalækkana meiri álögur en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar. Og svo átti þetta allt að vera gert til að lækka skuldirnar við útlönd og búin til þjóðsagan

um hallann út á við á þjóðarbúinu, sem þyrfti að rétta, sem hæstv. viðskmrh. var að segja þjóðinni hér, í hundraðasta skipti, býst ég við. En nú er útkoman sú, að skuldir við útlönd að frádregnum innstæðum eru hærri en nokkru sinni fyrr.

Fjmrh. hæstv. viðurkenndi hér líka áðan, að allir veigamestu þættir efnahagsmálanna væru á ringulreið. En þegar hann hafði játað þetta, kastaði hann því framan í menn, að þjóðin hefði skapað erfiðleikana, eins og hann orðaði það svo smekklega hér áðan — eða hitt þó heldur. Þegar vel gengur, þá er það þeirra verk, stjórnarherranna, en þegar flest gengur úrskeiðis vegna rangrar stjórnarstefnu og óviturlegra ráðstafana ríkisstj., þá er það þjóðinni að kenna.

Hvað hefur þjóðin gert undanfarið stjórninni til miska? Þjóðin hefur framleitt meira en nokkru sinni fyrr. Þjóðin hefur lagt meira að sér með eftirvinnu og næturvinnu en nálega nokkru sinni áður. Þjóðin hefur ekki sparað sig í neinu, því að menn hafa blátt áfram verið neyddir til, ef þeir áttu að hafa minnstu möguleika til að hafa í sig og á. Vegna þessara átaka þjóðarinnar hefur stjórn landsins haft betri skilyrði til þess að stjórna, svo að vel færi, en nokkur önnur stjórn á Íslandi hefur nokkru sinni haft. En allir vita, hvernig farið hefur. Er það nú ekki heldur þykkt smurt að koma eftir þessar aðfarir og þessa frammistöðu og kasta því í andlit þjóðarinnar, að það sé henni að kenna, hvernig komið er.

Sannleikurinn er sá, að þannig var í pottinn búið strax 1960, að svona hlaut að fara, og stjórnarandstaðan gerði þá skyldu sína strax og varaði við. Þeir byrjuðu með ráðstöfunum, sem fyrirsjáanlega hlutu að valda verðhækkunaráhrifum upp á a. m. k. 1100 millj. í þjóðarbúskap, þar sem allar þjóðartekjurnar voru áætlaðar 5—6 milljarðar, og ætluðu kaupi og afurðaverði að standa í stað. Um þessar fyrirætlanir allar sagði ég m. a. við umr. á Alþingi 1960, með leyfi hæstv. forseta: „Svona ráðstafanir er blátt áfram ekki hægt að gera. Það er með öllu gersamlega óeðlilegt, hvernig nokkrum manni dettur í hug að koma fram með svona áætlanir eða svona fyrirætlanir. Hefur þetta alls ekki verið athugað — eða hvað? Hafa þessir hæstv. ráðh. ekki gert sér grein fyrir því, hvað þeir eru raunverulega að fara? Hvernig halda menn, að áhrifin af þessu verði í þjóðarbúskapnum? Og dettur mönnum í hug, að þetta sé í raun og veru framkvæmanlegt?“ Og enn fremur sagði ég þá, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vil í fullri alvöru og einlægni biðja hæstv. ríkisstj. að endurskoða þessar fyrirætlanir og endurskoða þessar áætlanir, því að vitanlega er ekkert til hættulegra í efnahagsmálum landsins en það að gera einhverjar panikráðstafanir, sem enga stoð eiga í raunveruleikanum og enga möguleika hafa til að heppnast. Menn hafa ekki leyfi til þess að gera slíkar ráðstafanir, vegna þess að slíkt hlýtur að stórauka vandann frá því, sem hann er eða hefur verið.“

Þessum aðvörunum, sem bornar voru fram af mér og félögum mínum þá af þeirri einföldu ástæðu, að við vorum blátt áfram hræddir við fyrirsjáanlegar afleiðingar þess, sem verið var að gera, var svarað með hroka og botnlausum skömmum og háðsyrðum um þá kenningu framsóknarmanna að leysa vandann í áföngum. Þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson sögðu ýmist, að það yrði að horfast í augu við allan vandann í einu eða að þessar ráðstafanir mundu koma í veg fyrir hinir stöðugu, síendurteknu ráðstafanir ár frá ári. Þeir fundu upp *það spakmæli til að forherða sig* í þessu og auka sér kjark til að leggja út í þetta, að það væri ekki hægt að stökkva yfir gjána í áföngum, sögðu þeir. Sem sagt, hér var fundin lausn í eitt skipti fyrir öll. Þeir voru gagnteknir þeirri skoðun, að með viðreisninni væri komið sjálfvirkt kerfi, allur vandi leystur í eitt skipti fyrir öll. En öllum þeim, sem höfðu minnstu nasasjón af íslenzku efnahags- og atvinnulífi, átti að geta verið ljóst, að þetta bar dauðann í sér. Afleiðingin hlaut að verða sú, að hver dýrtíðaraldan risi af annarri sem afleiðing þeirrar holskeflu, sem steypt var yfir þjóðina með viðreisnarráðstöfununum sjálfum 1960. Reynslan er nú orðin ólygnust um þetta, en dýr er hún orðin og þó minnst enn fram komið, því að alls fjarri fer því, að afleiðingar viðreisnarinnar séu t. d. komnar inn í kaupgjaldið og verðlagið og inn í efnahagslífið til fulls. Það sést t. d. á því, að þegar Gylfi Þ. Gíslason er að reikna kaupmátt tekna fyrir *heimilin til að finna það út*, að jafnvel kaupmáttur launatekna hefði aukizt, þá reiknar hann með 922 kr. húsnæðiskostnaði á mánuði. Hvað segir unga fólkið um þá fræðilegu fyrirlestra um ástandið, sem á slíkum fjarstæðum eru byggðir, fólkið, sem býr við viðreisnarhúsaleiguna? Ég sagði 922 kr. á mánuði, það er það, sem reiknað er inn í dæmið hjá ráðherranum. Eru það ekki raunsæir fyrirlestrar og raunsæjar ályktanir um efnahagsástandið, sem byggðar eru á öðru eins og þessu?

Hverjum dettur svo í hug, að almennt kaup og verzlunarmannakaup t. d., svo að dæmi séu nefnd, geti staðizt stundinni lengur, eins og það er í dag, eða afurðaverð til bænda geti lengi staðizt, eins og það er núna, samanborið við framleiðslukostnað og stofnkostnað.

Nú spyrja menn hver annan, hvort ríkisstj. muni hafa lært eitthvað af þessum ófórum, og sumir telja svardagana um að lækka ekki gengið núna vott þess, að ríkisstj. hafi mikið lært. Betur, að svo væri. En því miður bendir margt til, að svo sé ekki, þrátt fyrir þessa svardaga. Megingrundvöllur viðreisnarinnar var að ná því, sem þeir kalla jafnvægi í þjóðarbúskapnum, með því að láta verðlagið hækka, gera lánsfé dýrara og takmarka lánsfé, en kaupgjald og afurðaverð stæði í stað. Um þetta verður ekki deilt. Þetta var meginkjarninn, og því miður er þetta prédikað enn, og allt, sem frá stjórninni kemur enn, gengur í þessa sömu átt, nú síðast að hækka verðlagið með t. d. stórfelldum hækkunum á póst-

og símagjöldum og minnka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum til að hækka verð til neytenda, þrátt fyrir mikinn afgang af tolla- og skattatekjum.

Sýnilegt er, að þeir hafa brennt sig á gengislækkuninni 1961 út af fyrir sig og sverja nú fyrir gengislækkun. En menn spyrja, og það er aðalatriðið: Er sú meginstefna breytt að leita jafnvægis með því fyrst og fremst að láta verðlag hækka og kostnað við lánsfé, en halda niðri kaupgjaldi og afurðaverði til bænda? Er sú stefna breytt? Það er helzt að sjá af stjórnarblöðunum og ræðum ráðamanna, sbr. fyrirlestur hæstv. viðskmrh. hér áðan, að þeim finnist það eitt hafa mistekizt að halda niðri kaupinu og afurðaverðinu til bænda og meginstefnan sé óbreytt þrátt fyrir ófarirnar.

Þrálátur orðrómur gengur um, að nýju úrræðin, sem ekki eru nefnd opinberlega, en farið er í kringum eins og köttur fer í kringum heitt soð, séu þau að halda niðri kaupgjaldi og afurðaverði með lagaboðum. Meginstefnan eigi sem sé að vera óbreytt, en leita „sterkari" ráða, eins og það mun kallað í þessum herbúðum, til að framkvæma þann þáttinn, sem þeir telja hafa bilað. Ég vildi, að þessi orðrómur væri rangur, því að ef hann reyndist réttur, hafa þeir ekkert lært, og þá er bara efnt til nýrrar styrjaldar við almenning í landinu á rústum viðreisnarinnar, og við því má þjóðin allra sízt.

Enginn mun fúsari að játa það en ég, að úr vöndu er að ráða, eins og nú er komið. Í því sambandi bendi ég á nokkur aðalatriði, sem þýðingarmikil eru að mínum dómi. Menn verða að gera sér grein fyrir því, bæði stjórnarvöldin og allur almenningur í landinu, að út úr þessu verður ekki komizt í einu stökki. Skekkjur þær, sem orðnar eru, verður að leiðrétta í áföngum. Sporin hræða, menn hafa fyrir augum sér, hvernig fer, ef öðruvísi er að farið.

Fyrsta boðorðið verður að vera að reyna að komast út úr vandanum jákvæðu leiðina, mæta nauðsynlegri hækkun kaupgjalds og afurðaverðs til bænda með skipulegri allsherjarsókn í landinu undir merki vísinda og tækni til að auka framleiðni og þjóðarframleiðslu. Taka verður þau mál með margvíslegu móti nýjum tökum, sem of langt yrði hér upp að telja, og bjóða út öllum hinum beztu kröftum og samstilla þá. Þetta er sú aðalleið, sem ein er sæmandi þeirri þjóð, sem þrátt fyrir allt hefur á fáum áratugum sótt fram úr fátækt til bjargálna. Með aukinni vélvæðingu, bættum vinnuaðferðum, aukinni tækni verður að gera íslenzku atvinnuvegunum fært að borga á ný mannsæmandi kaup og losa sig úr viðreisnarviðjunum. En allir verða að hafa í huga, að í einu stökki verður ekki komizt í land né æskilegum árangri náð.

Það verður að lækka vextina, því að íslenzkum framleiðslugreinum er gersamlega um megn að keppa á erlendum mörkuðum með því að borga slíka okurvexti sem nú gilda, og atvinnuvegunum verður einnig um megn að borga það kaup, sem unga fólkið þarf að hafa til að standa undir vaxtabyrðinni, og bændur fá ekki það verð fyrir afurðir sínar, að þeir geti staðið undir slíkum vöxtum.

Útflutningsgjöld þurfa að lækka, en þau eru nú 7.4%, eftir því sem ég bezt veit, af verði afurðanna og jafngilda tugum þúsunda af kaupgjaldinu við framleiðsluna. Sama er um tollana. Og yfir höfuð verður að gera allt, sem unnt er, til þess að gera framleiðslunni mögulegt að standa undir því kaupgjaldi, sem viðreisnardýrtíðin gerir óhjákvæmilegt að borga.

Þá verður að gera skipulagðar ráðstafanir til, að því fjármagni, sem þjóðin hefur yfir að ráða, verði beint til þeirra framkvæmda, sem mest auka framleiðni og þjóðartekjur, og þeirra almannaframkvæmda, sem mestu máli skipta, og það fé, sem fæst með álögum á almenning, og sparifjáraukningin sé hiklaust notað í þessu skyni, í stað þess að halda því fé föstu að verulegu leyti og láta þar með þessar framkvæmdir víkja fyrir því, sem þeim þóknast að framkvæma, sem af einhverjum ástæðum hafa fullar hendur fjár, hversu fjarri sem það kann að vera því að leysa úr brýnustu þörfum þjóðarinnar.

Allir sjá nú, hvílík ringulreið í fjárfestingarmálum fylgir viðreisninni. Og svo er talað um áætlunarbúskap og framkvæmdaáætlanir. Í stað upplausnar og ringulreiðar í fjárfestingarmálum og tæknimálum þarf markvissa stjórn til að beina fjármagninu í rétta farvegi og margvíslegar aðrar ráðstafanir í sömu átt. Það verður í sem flestum greinum að koma til móts við og létta undir með unga fólkinu, sem erfiðasta baggann ber nú, því að að öðrum kosti skapast hér á næstunni öreigalið, sem allt verður að sækja undir þá, sem yfir fjármagninu ráða, í stað þess að fram að þessu hefur það verið aðalsmerki íslenzks búskaparlags, að hér hafa menn ekki átt allt að sækja til fárra og sterkra auðfélaga, eins og á sér stað í öðrum löndum mörgum, og margir orðið hér efnalega sjálfstæðir.

Umfram allt verður að breyta um stefnu og sýna, að horfið sé frá því að reyna að lækna allar meinsemdir með því að hækka verð á nauðsynjum, en halda tekjum almennings niðri. Fyrstu skrefin þarf að stíga þannig, að þau veki traust og hjálpi til að losa þjóðina við þá panik, sem gjaldþrot stjórnarstefnunnar því miður hefur valdið. En allir verða að muna, að aðeins í áföngum er hægt að koma á samræmi í stað þeirrar ringulreiðar, sem orðin er.

Núv. ríkisstj. hefur yfirleitt ekki traust, og bætist það ofan á annan vanda, að mönnum varð það á að sleppa henni með meiri hl. gegnum kosningarnar. Að vísu byggðist það á röngum upplýsingum, eins og nú má heyra á þeim játningum, sem ráðamenn flytja á torgunum. Í lengstu lög skulum við þó vona, að stjórnin hafi eitthvað lært af þessu öllu. Fram hjá því verður ekki komizt, að hún hefur enn glatað trausti og hefur veikan meiri hl. og illa fenginn. Samt er það svo, að meiri hl.

mörðu stjórnarflokkarnir í vor, og því er það ríkisstjórnarinnar að koma fram með úrræði sín. Bíða menn nú og sjá, hvort stjórnin vill draga skynsamlegar ályktanir af reynslunni eða ekki. En Framsfl. mun ótrauður halda áfram baráttunni fyrir sinni stefnu. — Góða nótt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það fer einkar vel á því, að báðir andmælendur og gagnrýnendur ríkisstj. í þessum umr. eru fyrrv. ráðh. úr vinstri stjórninni, þeirri, sem einna frægust hefur orðið að endemum hér á landi. Þeir stóðu í desembermánuði 1958 frammi fyrir nokkrum vanda í efnahagsmálum. Ég ætla ekki að bera saman vandann þá og vandann í efnahagsmálum nú, en þessir hv. þm. hafa báðir látið það í ljós, að vandinn 1958 hafi ekki verið svo ákaflega mikill, og hv. 1. þm. Austf. stundum jafnvel haft orð á því, að hann hafi í rauninni ekki verið annað en ósamkomulag þessara hæstv. ráðh. En staðreyndin var sú, að þegar þeir stóðu frammi fyrir þessum vanda í efnahagsmálum, þá reyndust þeir ekki vandanum vaxnir, gáfust upp og hlupust undan merkinu. En þótt þessir tveir hv. þm., Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson, hlypust frá vandanum þá, vanda, sem að þeirra eigin dómi var minni en vandinn í dag, þá mun núv. ríkisstj. ekki hlaupast frá vandamálunum, heldur flytja og bera fram til sigurs úrræði, lausn, sem stöðvar þá þenslu og verðbólgu, sem nú herjar þjóðina.

Hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, sagði, að við þökkuðum viðreisninni góðæríð og mikinn sjávarafla. Ekki er þetta alls kostar rétt hermt, því að við höfum yfirleitt jafnan tekið það fram, að velgengnin á undanförnum árum sé hvoru tveggja að þakka, mjög miklu góðæri og sjávarafla annars vegar og hyggilegri stjórnarstefnu hins vegar. En þetta gefur tilefni til þess að minna á það, að fyrr hefur verið góðæri í landi hér heldur en síðustu 1½ eða 2 ár, því að árið 1958 var alveg sérstakt góðæri. En það var ekki meira pólitískt góðæri fyrir þessa hv. þm. en svo, að í lok þessa ágæta árferðis gáfust þeir upp.

Hv. 5. þm. Austf. sagði, að gjaldeyrissjóðurinn og allt tal um hann væri hrein blekking, það væri sagt, að gjaldeyrissjóðurinn væri nú rúmar 1000 millj., en þetta væri villandi, því að frá þessu ætti að draga hin stuttu vörukaupalán, sem voru um s. l. mánaðamót um 550 millj. kr. Nú vil ég fyrst taka það fram, að gjaldeyrisstaða bankanna er af hendi Seðlabankans reiknuð eftir nákvæmlega sömu reglum nú og áður fyrr, í þeirra stjórnartíð. Mér vitanlega hefur engin breyting orðið þar á. En ef á að draga vörukaupalánin hin stuttu frá gjaldeyrisforðanum, ætli ætti þá ekki einnig að bæta við gjaldeyrisforðann öllum þeim miklu birgðum útflutningsvara, sem eru til í landinu. 1. okt. voru þessi stuttu vörukaupalán, sem hv. þm. vill draga frá gjaldeyrisforðanum, 550 millj., en birgðir útflutningsvara voru 1388 millj. og höfðu aukizt um 654 millj. frá áramótum. Þessi kenning er því á miklum misskilningi byggð.

Sami hv. þm. sagði, að stefna okkar hefði jafnan verið sú frá stjórnarmyndun að stjórna í andstöðu við verkalýðssamtökin. Ekki er þetta heldur alls kostar rétt, því að ríkisstj. hefur gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá Alþýðusamband Íslands til skynsamlegs samstarfs. Ríkisstj. hefur hvað eftir annað einkum reynt að fá samstarf við Alþýðusambandið eða stjórn þess og forustumenn til þess að tryggja vissar kjarabætur handa hinum lægst launuðu, án þess að allir aðrir gripu til sín jafnmikið eða meira og gerðu launabætur hinna lægst launuðu þar með að engu. En fyrir þessu hefur verið lítill áhugi hjá forustumönnum Alþýðusambandsins, og m. a. þess vegna hefur svo farið undanfarin ár, að þegar hinir lægst launuðu verkamenn hafa með ærinni fyrirhöfn og jafnvel löngum verkföllum náð nokkrum kjarabótum, hafa aðrar stéttir, sem eru hærra launaðar, skömmu síðar fengið hlutfallslega meiri launahækkanir, og þar með hefur bilið milli hinna lægst launuðu og annarra aukizt. Mér finnst því harla undarlegt, að hér skuli því vera haldið fram eftir það, sem fyrir liggur um þessar tilraunir ríkisstj., að hún hafi frá öndverðu kostað kapps um það og stefnt að því að stjórna í fullri andstöðu við verkalýðssamtökin. Ég ætla, að ef forustumenn Alþýðusambandsins hefðu sýnt meiri samvinnuvilja við ríkisstj. í þessum efnum, þá hefði hlutur hinna lægst launuðu verið betri í dag en hann er.

Sami hv. þm. las hér upp allmargar hundraðstölur um það, hve hinir hærra launuðu í þjóðfélaginu hefðu hækkað miklu meira í prósentum undanfarið heldur en verkamenn, og hann býsnaðist mjög yfir þessari þróun. Manni skildist helzt, að þetta væri allt saman ríkisstj. að kenna. Nú er þess fyrst að gæta, að opinberir starfsmenn hafa á starfstíma núv. stjórnar fengið viðurkenndan samningsrétt, sem þeim hafði ekki tekizt að fá þrátt fyrir langa baráttu árum saman, og m. a. höfðu þessir tveir hv. þm., þegar þeir voru í ríkisstj., þeir Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson, ekki viljað verða við óskum opinberra starfsmanna um að veita þeim samningsrétt. Það kemst fyrst skriður á það mál 1959, þegar þáv. utanrrh. og fjmrh. skipaði nefnd manna til þess að undirbúa löggjöf um þetta efni, og samningsréttinn fengu svo hinir opinberu starfsmenn með l. um kjarasamninga frá í fyrra. Þetta er nú ferill þessara hv. þm. í þeim efnum.

En þegar hv. 5. þm. Austf. vill nú saka ríkisstj. um það, að hún beri ábyrgð á þeirri þróun, að hinir hærra launuðu hafi fengið hlutfallslega miklu meiri hækkun en hinir lægst launuðu, þá er rétt að minna hér á eitt atriði. Kjararáð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja bar fram á sínum tíma ákveðnar kröfur um laun til handa opinberum starfsmönnum, lagði fram till. um launastiga og hvaða laun skyldu falla hverjum starfsmannahópi í skaut, og blöð stjórnarandstæðinga hafa

hvað eftir annað stært sig af því, að í þessu bandalagi og kjararáði þess hafi nú að undanförnu vinstri menn meiri hl., enda hafa verið þar í meiri hl. menn, sem eru mjög framarlega bæði í Alþb. og Framsfl. Og hverjar voru till. þessara manna? Þeir lögðu til í fyrstu, að meðallaun verkamanna væru 6300 kr. á mánuði, en að laun manna í hæsta launaflokki, eins og sendiherra og ráðuneytisstjóra, væru tæpar 33 þús., m. ö. o. um það bil 380% hærri eða nærri 5 sinnum hærri skyldu vera laun þeirra í hæsta launaflokki en verkamannanna. Niðurstaða kjaradómsins var hins vegar sú, að þetta bil eftir till. kjararáðs bandalagsins var stórlega minnkað, þannig að starfsmenn í hæsta launaflokki fá rúmlega þrem sinnum hærra kaup en verkamannahópurinn. Og ef við lítum á málið frá öðru sjónarmiði, þá var krafa kjararáðsins, þar sem vinstri mennirnir höfðu alla forustu, eins og blöðin tóku fram, að meðallaun verkamanna hækkuðu um 25%, en sendiherranna og ráðuneytisstjóranna um leið um 210%. Þetta var sú yfirlýsta stefna.

Ég vil taka það fram, að það hefur verið um áratugi nauðsyn að bæta verulega kjör hinna opinberu starfsmanna og ekki sízt þeirra, sem lagt hafa mikið í kostnað og varið löngum tíma til náms. En hins vegar er það harla undarlegt og ég vil segja ósanngjarnt, þegar menn úr flokkum stjórnarandstæðinga ásaka ríkisstj. fyrir það, að dregið hafi nokkuð sundur milli hinna lægst launuðu og hinna hæst launuðu, þegar það er bert, að þeirra opinbera stefna, sem þeir höfðu barizt fyrir, stjórnarandstæðingar og þeirra trúnaðarmenn, var um miklu meiri mismun en þó hefur orðið niðurstaðan um.

Hv. 1. þm. Austf. komst svo að orði, að ég væri búinn að skrumskæla svo ríkisreikningana, að það væri varla nokkur leið að botna í þeim. Mér finnst þessi ummæli hans um skrumskælingu ríkisreikninganna ákaflega ósmekkleg ádeila á ríkisbókhaldið. Ég veit ekki til þess, að ég hafi verið að umturna og breyta ríkisreikningum. Þeir eru í öllum meginatriðum settir nákvæmlega upp eins og þeir hafa verið fjölmörg undanfarin ár af ríkisbókhaldinu. Hitt er annað mál, að ég hef hlutazt til um að undirbúa nýja löggjöf, þar sem gert er ráð fyrir miklum breytingum. Og hv. þm. kemst svo að orði, að það sé varla hægt að sjá, hver sé raunverulega útkoman á ríkisbúskapnum. Það er varla hægt að snúa staðreyndunum og sannleikanum öllu kirfilegar við en með þessu, því að til skamms tíma var aldrei í ríkisreikningunum minnzt á greiðslujöfnuð ríkisins, og var hvergi hægt að finna í þeim, m. a. alla fjmrh.-tíð hv. þm., hvort væri greiðsluhalli eða greiðslujöfnuður. Það var einmitt fyrir mitt tilstilli, — og það er nú eitt af því fáa, sem ég hef hlutazt til um að breyta eða bæta við ríkisreikninginn, — það var fyrir mitt tilstilli, að tekin var upp sérstök síða í ríkisreikningnum nú fyrir 2—3 árum, þar sem greinilega er tekið fram, hver er greiðslujöfnuðurinn, og m. a. má sjá það í þeim ríkisreikningi, sem nú hefur nýlega verið útbýtt hér meðal hv. þm.

Hv. 1. þm. Austf. talaði mjög um það, hvernig skattalækkunarmennirnir hafi nú framkvæmt lækkun hinna beinu skatta, því að Hagtíðindin sýni, að vísitala beinu skattanna hafi nú alveg nýskeð hækkað svo mikið, að við það hafi vísitalan hækkað um 2.6 stig. Það munu nú eiga að vera 2.76 stig. Þetta segir hv. þm., um leið og hann er að ræða fjárlögin, og vitanlega er með þessu verið að gefa í skyn, að svona hafi nú hækkunin orðið mikil á tekjuskattinum í staðinn fyrir lækkun. En þessi vísitöluliður, sem hv. þm. talar um að hafi hækkað upp undir 3 stig, er nú samsettur ekki aðeins af tekjuskatti, heldur útsvari, gjaldi til almannatrygginga, kirkjugarðsgjaldi, námsbókagjaldi, sóknargjaldi. Það varðar hv. þm. náttúrlega ekkert um, þegar hann vill gefa mönnum ranga hugmynd hér um, og af þeim tæpum 3 stigum, sem þetta til samans hefur hækkað, þá nemur tekjuskatturinn 0.26 stigum. Þessi hækkun í vísitölu af tekjuskatti þrátt fyrir óbreytta tekjuskattsstiga stafar eingöngu af því, að kauplagsnefnd reiknar nú með hærri tekjum vísitölufjölskyldunnar, áætlar vísitölufjölskyldunni hærri tekjur, sem þýðir, að hún kemur í hærri skala en áður. Og einmitt í sambandi við það stendur það, sem ég gat um hér í minni framsöguræðu, að ríkisstj. hefur ákveðið að breyta hinni skattfrjálsu upphæð til samræmis við þá hækkun, sem orðið hefur á verðlagi og kaupgjaldi.

Hv. 1. þm. Austf. lýsir bæði hér og enn fremur í ræðu mikilli, sem málgagn hans hefur skýrt frá fyrir fáum dögum, hinum geysilega samdrætti í verklegum framkvæmdum, þannig að manni skilst, að horfi til ekki aðeins vandræða með bifreiðar og tæki, sem sitja föst á vegum úti, heldur horfi jafnvel til landauðnar víða um land vegna þess, hve samdrátturinn í verklegum framkvæmdum er mikill. Ég veit eiginlega ekki, hvað að hv. þm. gengur, þegar hann þarf að ganga svo langt í ádeilunum á ríkisstj. að gera sjálfan sig að viðundri frammi fyrir öllum landslýð, því að hver einasti maður veit, að eitt af því, sem skapar okkur mestan vanda í dag, er það, hvað verklegar framkvæmdir og fjárfesting um land allt eru miklar. En hv. þm. lætur það ekki á sig fá. Hann krefst stóraukinna framlaga á fjárlögum til verklegra framkvæmda. Og ekki aðeins það, hann gerði nýlega, ég heyrði ekki, að hann gerði það í ræðunni hér, en hann gerði nýlega þá kröfu í nafni flokks síns, að greiðsluafganginum frá síðasta ári, sem lagður var í jöfnunarsjóð, ásamt væntanlegum greiðsluafgangi nú í ár yrði þegar í stað varið til aukinna framkvæmda í landinu. Ég segi: þetta er harla undarleg pólitík, þegar maður gætir þess, að þessi hv. þm. talaði og skrifaði, meðan hann var fjmrh. og var í góðum félagsskap, oft mjög skynsamlega einmitt um efnahagsmálin og hættu á verðbólgu og þenslu,

samband milli útlána og sparifjáraukningar o. s. frv. Ég minnist þess t. d., að í einni fjárlagaræðu hans, það mun hafa verið varðandi fjárlögin fyrir 1955, þá talaði hann á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki síður ánægjulegt og þýðingarmikið, ef ríkissjóður gæti í slíku góðæri sem nú er eignazt einhverja fjármuni, sem hægt væri að leggja til hliðar og nota til nauðsynlegra framkvæmda síðar, þegar þörf væri á ráðstöfunum af hendi hins opinbera til þess að halda uppi nægilegri atvinnu í landinu. Verður áreiðanlega seint metinn til fulls sá hagur, sem þjóðinni gæti af því orðið, ef ríkissjóður gæti haft greiðsluafgang í góðærum, sem nota mætti, þegar á móti blési, til þess að koma þá í veg fyrir samdrátt verklegra framkvæmda og til þess beinlínis að auka þá verklegar framkvæmdir ríkisins og tryggja sem jafnasta atvinnu fyrir landsmenn."

Þetta var ákaflega skynsamlega mælt og ber þess vitni, að a. m. k. á þeirri tíð skildi hv. þm. töluvert í lögmálum efnahagslífsins. Að vísu er rétt að geta þess, að sem fjmrh. bar hann aldrei gæfu til þess að framkvæma þessa hugsjón sína, sem hann lýsti svo fagurlega í þessari fjárlagaræðu, og kannske það sé ástæðan til þess, að hann hneykslast nú á því og býsnast yfir því, þegar aðrir verða til þess að framkvæma þetta, sem hann var að lýsa, og leggja til hliðar í góðærum til erfiðu áranna síðar.

Hv. sami þm., 1. þm. Austf., býsnast mjög yfir því, hve há séu fjárlögin og hafi hækkað mikið á hinum síðustu árum. Hver eru þá úrræði hans gegn þessum geysiháu fjárlögum, sem séu að sliga allan landsins lýð og atvinnuvegina? Úrræði hans eru þau, að það á að stórhækka framlög til verklegra framkvæmda. Það má alls ekki lækka neinar niðurgreiðslur, hann bendir á engar till. um lækkun. Ég verð að segja: er hægt að taka svona málflutning alvarlega, þegar samtímis er haldið fram, að fjárl. séu allt of há, ekki bent á neina liði, sem megi draga úr, en hins vegar krafizt stórhækkaðra framlaga á ýmsum sviðum?

Hv. 1. þm. Austf. þóttist nú hafa himin höndum tekið út af þeim ummælum mínum, að efnahagserfiðleikar okkar nú væru heimatilbúnir og að íslenzka þjóðin gæti vel ráðið við þá. Hann leggur svo út og túlkar þessi ummæli, að með þessu sé stjórnin að kenna þjóðinni um erfiðleikana. Þess er nú fyrst að geta, að ég hefði haldið, að við, sem sitjum í ríkisstj. og tilheyrum þingflokkum Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksins, værum líka þjóðfélagsborgarar og tilheyrðum íslenzku þjóðinni. Og ég hefði talið, að við ekki aðeins værum íslenzkir þjóðfélagsborgarar og tilheyrðum þjóðinni, heldur hefðum í sumar fengið traustsyfirlýsingu frá meiri hl. þjóðarinnar eða 56% af kjósendum. En hvernig þessi hv. þm., jafnvel þótt hann telji vini sína í Alþb. með, sem hafa fengið 44% þjóðarinnar eða tæplega það með sér í sumar, — hvernig hann telur sig hafa verið þess umkominn að tala fremur í nafni þjóðarinnar heldur en þeir stjórnarflokkar, sem fengu mikinn meiri hluta og traustsyfirlýsingu, það verður dálítið erfitt að skilja.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Tími minn er á þrotum, og skal ég því láta máli mínu lokið. En það hefur lengi verið skoðun í ýmsum löndum, að jafnvægi væri hægt að halda í efnahagslífinu með aðgerðum í fjármálum og peningamálum, sem það er kallað, þ. e. a. s. með ráðstöfunum í sambandi við skattamál og fjármál ríkisins annars vegar og hins vegar með aðgerðum í bankamálum eða peningamálum og lánamálum. En reynslan víða, ekki aðeins hér, heldur einnig í mörgum öðrum löndum, hefur sýnt, að þetta tvennt er ekki nægilegt. Þriðja atriðið kemur til, sem er launa- eða tekjusjónarmiðið. Og þess vegna er það nú orðið almennt viðurkennt og ég held óhjákvæmilegt, að menn viðurkenni það einnig hér, að til þess að tryggja efnahagslegt jafnvægi og þar með efnahagslegar framfarir og bætt lífskjör í landinu þarf allt þetta þrennt að fara saman: samræmdar aðgerðir í fjármálum ríkisins, peningamálum banka og lánsstofnana og í launamálum. Og ég ætla, að það séu fleiri og fleiri, sem skilja, að launahækkanir í krónutölu eru ekki eina leiðin til bættra lífskjara. Margar aðrar leiðir koma til greina: aukin ákvæðisvinna, betri nýting hráefnis, bætt skipulag og hagræðing hjá atvinnufyrirtækjum. Allt færir þetta bæði starfsfólki og atvinnuvegum bættan hag og afkomu. Og ekki sízt verður að hafa það í huga, að tæknilegar nýjungar og umbætur eiga að koma öllum almenningi til góða, t. d. í lækkun byggingarkostnaðar, sem er mjög stór kostnaðarliður hjá öllum almenningi, og með lækkun hans mætti stíga stórt skref í þá átt að bæta lífskjörin. Við verðum að hafa það í huga, Íslendingar, á næstu árum í sókn okkar til bættra lífskjara, að allt þetta þrennt: aðgerðir í fjármálum, peningamálum og launamálum, verður að haldast í hendur.

Þökk þeim, er hlýddu. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 23. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 14. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (BF): Í samræmi við venju allmörg undanfarin ár hefur orðið samkomulag um það milli þingflokkanna að fresta þar til síðar á þinginu hinum svokölluðu eldhúsdagsumr., sem skv. þingsköpum eiga að fara fram við frh. 1. umr. Ég mun nú leita afbrigða frá þingsköpum um þessa frestun eldhúsumr.

ATKVGR.
Afbrigði um frestun útvarpsumr. leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Við þessa umr. sér fjvn. ekki ástæðu til þess að gera aths. við frv., en leggur til, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 134, 135 og 137, 131, 132, 133, 136, 144, 148).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1964 var útbýtt hér á hæstv. Alþ. 14. okt. s. l. sem 1. máli þingsins. Hefur sá háttur verið á hafður nú síðustu árin og er vel til fallinn, þar sem afgreiðsla þess er án efa þýðingarmesta viðfangsefni Alþ. hverju sinni. Segja má, að niðurstaða fjárlaganna lýsi betur en nokkuð annað þjóðarbúskapnum, þegar á heildina er litið, enda varða ákvæði fjárlaganna alla þætti atvinnulífsins að meira eða minna leyti til sjávar og sveita, menningar- og mannúðarmálin öll. Þá má ekki gleyma því, að með fjárlögunum er farið ofan í pyngju skattgreiðenda í landinu, en þeim ber lögum samkvæmt að standa undir útgjöldum landssjóðsins. Því má segja, að fyrirmæli fjárlaganna hafi þýðingu fyrir landsmenn alla, hvar í stétt sem þeir standa, en þó misjafnlega mikla. Ég nefni sem dæmi: fyrir íbúa afskekktra sveita getur það ráðið úrslitum, hvort þeir haldi þar áfram búsetu, að fé fáist til að koma þeim í samband við umheiminn, eins og það er svo oft orðað á fundum og í blöðum. Í mörgum sveitum getur mjólkurframleiðsla ekki hafizt að nokkru ráði, fyrr en vegir hafa verið svo lagðir, að um þá megi fara með stærri ökutækjum svo til allt árið um kring. Sveitarfélag, sem byggir afkomu sína á sjávarafla, verður að hafa viðhlítandi höfn. Hún er grundvöllurinn, sem allt byggist raunverulega á. Í strjálbýlinu óskar fólkið eðlilega eftir því að fá sem allra fyrst að njóta raforkunnar, og án hennar getur þar aldrei orðið um neinn iðnað að ræða, sem nokkru máli skiptir. Í öllum þessum tilfellum veltur á framkvæmdum, sem að öllu eða nokkru leyti eru kostaðar af ríkisfé. Hins vegar má segja, að afgreiðsla fjárlaganna snerti ekki eins áþreifanlega allan almenning í þéttbýlustu landshlutum. Þar eru það aðrir straumar, sem fremur ráða, — straumar, sem að sjálfsögðu varða þjóðina alla, en eru ekki beinlínis háðir ákvörðunum sjálfs Alþ. eins og fjárlögin.

1. umr. um fjárlagafrv. fór hér fram á hæstv. Alþ. 22. okt. s. l. Hæstv. fjmrh. gerði þá ýtarlega grein fyrir efni þess og þeim ástæðum, sem leitt hafa til breytinga frá gildandi fjárlögum. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka rekstrarútgjöld samkvæmt frv. um 329.2 millj. kr. Hækkun launa samkvæmt kjaradómi veldur þar mestu um og svo almennar kauphækkanir í landinu, sem munu nema á milli 12 og 13%, og þá einnig stórkostlega aukið framlag til tryggingamála.

Með tilvísun til framsöguræðu hæstv. fjmrh. mun ég fyrst takmarka mál mitt við þær brtt., sem öll fjvn. leggur til að gerðar verði á útgjaldaliðum frv. Frv. var vísað til nefndarinnar 23. okt., en hún hafði áður byrjað athugun sína á því. Til þessa hefur nefndin haldið 40 fundi og tekið til athugunar og afgreiðslu 435 erindi varðandi fjárlagafrv., og enn bíða fjöldamörg erindi afgreiðslu.

Ég vil leyfa mér að þakka öllum nefndarmönnum fyrir gott samstarf og drengileg vinnubrögð. Innan nefndarinnar hefur að sjálfsögðu oft risið ágreiningur og hverjum sýnzt sitt, bæði um tillögugerð og samþykktir. Það mun jafnan fylgja okkar ágæta lýðræðisfyrirkomulagi..

Fjvn. var ekki sammála um endanlega afgreiðslu frv., eins og fram kemur á þskj. frá 1. og 2. minni hl. n. Hins vegar stendur n. óskipt að þeim brtt. við frv., sem tilgreindar eru á þskj. 131, en fulltrúar Alþb. og Framsfl. í nefndinni hafa áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. við þær og aðrar, sem fram kunna að koma við frv.

Fjvn. hóf starf sitt með því að fara yfir fjárlagafrv. og bera það saman við gildandi fjárlög og ríkisreikning 1962. Nefndin boðaði til sín forstöðumenn ríkisstofnana og átti við þá ýtarlegar viðræður. Þá tók n. til athugunar álitsgerðir og till. um fjárveitingar frá hinum ýmsu ráðuneytum og las yfir, ræddi og afgreiddi fjöldamörg erindi frá einstaklingum og félagssamtökum.

Ég vil taka fram, að æskilegt væri, að fjvn. hefði tök á að verja meiri tíma en raun er á til viðræðna við forstöðumenn ríkisstofnana og til kynnisferða, þar sem sjón er oftast nær sögu ríkari.

Ég hef getið þess, að ég muni takmarka mál mitt við brtt. á þskj. 131. Ég mun aðeins gera grein fyrir þeim helztu og í sem fæstum orðum.

Þá vík ég fyrst að útgjaldaliðum frv. og mun síðar koma að tekjugreinum þess og heildarniðurstöðunni, eins og hún liggur fyrir við þessa umr.

Till. er gerð um eftirfarandi breytingar á gjaldabálkinum:

Við 7. gr. frv. Vextir af innlendum lánum hækki um 321 þús. kr. vegna nýrra lána, sem tekin hafa verið vegna ríkisspítalanna, eftir að frv. til fjárlaga var samið.

Við 8. og 9. gr. frv. eru engar brtt. fluttar við þessa umr.

Við 10. gr. frv. eru fluttar brtt., sem leiða af sér hækkun á greininni, sem nemur samtals 282672 kr. Hækkunin stafar að mestu leyti af nýjum lið: Tillag til World Food Program á vegum FAO, 215 þús. kr. Með framlagi þessu á víst Ísland að bætast í hóp þeirra

fjöldamörgu ríkja, sem veita matvælahjálp til þurfandi þjóða. Í erindi er lagt til, að upphæð þessari verði varið hér heima til kaupa á skreið, sem síðar yrði þá send til þeirra þjóða, sem hjálpa á. — Þá er í greinina tekinn upp nýr liður, 16 þús. kr., til Alþjóðarauðakrossins, en 0.04% af heildarútgjöldum hans nema þeirri upphæð í íslenzkum krónum. Rauði kross Íslands mun í mörg ár hafa lagt af mörkum nokkra upphæð til hinnar alþjóðlegu starfsemi hans.

N. leggur til nokkrar hækkanir á 11. gr. frv., samtals að fjárhæð 2 739 040 kr. Þessi hækkun stafar að verulegu leyti af breytingum á launaliðum. Lagt er m. a. til að hækka annan kostnað við sakadómaraembættið um 1300 þús. kr. vegna flutnings embættisins í annað húsnæði, sem þegar hefur leitt þann kostnað af sér. — Framlag til sumar- og vetrarlöggæzlu á nokkrum stöðum hækkar samtals um 70 þús. kr. — Þá þótti óhjákvæmilegt að leggja fram aukið fé til rekstrar vinnuhælisins að Kvíabryggju og til útgáfu hæstaréttardóma, en prentkostnaður hefur mikið hækkað að undanförnu, eins og kunnugt er.

Þá leyfi ég mér að víkja að 12. gr. frv., sem fjallar um heilbrigðismálin. Launagreiðslur á gr. hækka samtals um 1 067 150 kr. vegna of lágrar áætlunar, sem fram hefur komið, eftir að frv. var samið. Yfirleitt hækka laun á 12. gr. mikið frá fjárlögum vegna niðurstöðu kjaradóms. Nú eru daggjöld á spítölum og heilsuhælum 210 kr. og 150 kr. Þar sem ákveðið hefur verið, að daggjöld skuli hækka í 300 kr. á spítölunum og 200 kr. á heilsuhælunum, þá hækka tekjuliðir sjúkrahúsanna verulega eða samtals á gr. um 18 millj. og 50 þús. kr. Hækkun þessi leiðir svo af sér hækkanir á 17. gr., sem ég vík að síðar.

Varðandi þessa gr. leggur nefndin m. a. til, að annar kostnaður heilsuhælisins að Vífilsstöðum hækki um 250 þús. kr. til endurnýjunar á nauðsynlegustu húsgögnum og til þess að setja handlaugar í nokkrar stofur. — N. fór að Kleppi til að kynna sér útbúnað stofnunarinnar, og er leitt að þurfa að skýra frá því, að mikill skortur er þar á húsgögnum og yfirleitt vöntun á sómasamlegum skilyrðum, bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk. N. leggur því til, að tekinn verði upp nýr liður varðandi rekstur Kleppsspítala: til húsgagna- og áhaldakaupa 1 millj. Má þá bæta ástandið að verulegu leyti. Óhjákvæmilegt verður að gera sem allra fyrst róttækar ráðstafanir til að auka húsrými fyrir geðsjúklinga í landinu. Það mál er í athugun hjá ríkisstj., og fást vonandi úrbætur, áður en langt um líður, á þessu sviði.

Ég vil geta þess, að Kristneshæli sótti til n. um 350 þús. kr. til kaupa á flutningabíl. Bíllinn, sem nú er í notkun, er 15 ára gamall og endurnýjun því óhjákvæmileg. N. ætlast til þess, að nýr bíll verði keyptur fyrir hælið fyrir fé úr fyrningarsjóði ríkisbifreiða, sbr. 20. gr. fjárlaga, en þar eru ætlaðar 4 millj. kr. í þennan fyrningarsjóð.

Georg Lúðvíksson forstöðumaður ríkisspítalanna og Sigurður Sigurðsson landlæknir mættu báðir á fundum n. og gáfu henni margvíslegar upplýsingar um rekstur ríkisspítalanna og annarra sjúkrahúsa, sem eru á vegum bæjar- og sveitarfélaganna. Það er alls kostar ljóst, að rekstrarafkoman hefur stórkostlega versnað að undanförnu og þá m. a. fyrst og fremst vegna kjaradóms. Nefna má sem dæmi, að á árinu 1962 námu launagreiðslur landsspítalans 16.3 millj. kr., en þær eru áætlaðar á næsta ári 39.4 millj. Að sjálfsögðu stafar þessi hækkun að nokkru af fjölgun starfsfólks vegna opnunar nýrrar deildar við spítalann, en þó að mestu leyti af beinum launahækkunum. Meðaltalskostnaður stærri sjúkrahúsa úti á landi á legudag mun á árinu 1962 hafa numið frá 280—290 kr., en er áætlaður á næsta ári ekki undir 420 kr. Upp í þennan kostnað fá sjúkrahúsin greidd daggjöldin frá sjúkrasamlögunum, sem verða á næsta ári 300 kr., svo og að auki nokkurn rekstrarstyrk á legudag beint úr ríkissjóði, sbr. 12. gr. VI. Að öðru leyti verða sveitarfélögin sjálf að standa undir rekstrinum. Ég vil til fróðleiks geta þess, að árið 1953 stóð daggjaldið undir 61% af kostnaði landsspítalans, en í ár mun það ekki ná meira en um 30% af kostnaði. Kostnaður á legudag á landsspítalanum er áætlaður á næsta ári um 800 kr., en mun sennilega í ár verða eitthvað í kringum 650 kr.

Lögin um sjúkrahús eru nú í endurskoðun, og má búast við því, að frv. til nýrra laga um sjúkrahús verði lagt fram nú á þessu þingi.

Landlæknir gerði n. ýtarlega grein fyrir fjárþörfinni vegna byggingarframkvæmda ríkisspítalanna og vegna sjúkrahúsabygginga sveitarfélaganna. Á fjárlagafrv. er eins og í fjárlögum í ár gert ráð fyrir 7 millj. kr. byggingarstyrk til sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða. Vegna þessara framkvæmda mun ríkið nú vera á eftir með sinn hluta, vegna Borgarsjúkrahússins um ca. 15 millj. kr. og til annarra sjúkrahúsa úti á landsbyggðinni milli 15 og 20 millj. kr. Ríkisstj. mun hafa þetta vandamál til heildarathugunar, og má vænta tillagna frá henni á næstunni. Ég vil vona, að framlagið, 7 millj. kr., sem er á frv., geti að mestu leyti gengið til nýrra framkvæmda á næsta ári.

Um málefni ríkisspítalanna og framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á þeirra vegum á næstu árum, væri unnt að flytja langt mál, en það verður þó ekki gert að þessu sinni. Stækkun landsspítalans hefur verið mikið átak, sem að sjálfsögðu kostar stórfé. Heildaráætlun hefur nú verið gerð um skipulag á landsspítalalóðinni, sem mjög fróðlegt er að kynna sér. Úti á landi er fyrirhuguð aukning við sjúkrahús og nýbyggingar, t. d. á Akureyri, Húsavík, Akranesi og í Vestmannaeyjum.

Þá er samkv. till. n. tekinn upp nýr liður á 12. gr.: byggingarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, 200 þús. kr. Sá liður þarfnast ekki nánari skýr-

inga, þar sem flestum mun vera kunnugt um þátt félagsins í heilsugæzlunni.

12. gr. lækkar og er eina grein frv., sem lækkar. Hún lækkar um 15 532 900 kr. vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum og heilsuhælum, sem ég áður hef lýst og nemur um 18 millj. kr., sem svo aftur kemur til útgjalda á 17. gr. frv.

13. gr. A fjallar um vegamál. Till. n. varðandi þá grein verða ekki fluttar fyrr en við 3. umr. Innan n. náðist um það samkomulag, þar sem frv. til vegamála liggur fyrir þinginu, en afgreiðsla þess mun væntanlega hafa í för með sér stórvægilegar breytingar á tekjuöflun og framlögum til samgöngumálanna í landinu.

Lagt er til, að styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn hækki um 60 þús. kr., en forða verður frá því, að byggð falli alveg niður á langleiðum. Teknir eru upp á greinina tveir nýir liðir, sem ekki þarfnast skýringa: til Guðmundar Jónassonar til rekstrar snjóbíla 20 þús. kr. og til rekstrar snjóbils á Fljótsdalshéraði 30 þús. kr., en sá bíll er og verður m. a. notaður til sjúkraflutninga. — Við þessa umr. hækkar 13. gr. A þannig ekki nema um 110 þús. kr.

13. gr. B fjallar um samgöngur á sjó. Fyrsti liðurinn er um Skipaútgerð ríkisins. Forstjóri Skipaútgerðarinnar, Guðjón Teitsson, mætti hjá n. og afhenti henni ýtarlega grg., dagsetta í nóv. 1963, um fjárhagsafkomu útgerðarinnar. Í nefndri grg. kemst framkvæmdastjórinn að þeirri niðurstöðu, að Skipaútgerðin muni á næsta ári ekki komast af með minna en 25 millj. kr. ríkisstyrk, en á frv. eru henni ætlaðar 15 millj. kr. Með bréfi skömmu síðar bætti framkvæmdastjórinn svo við þessa áætlun sína um 2.9 millj. kr., en þannig, að hallinn verði áætlaður tæpar 28 millj. kr. Í skýrslum sínum bendir framkvæmdastjórinn á, að í sambandi við fjárhagsáætlun fyrir árið 1964 verði að taka tillit til þess, að þá eigi að fara fram flokkunarviðgerðir á 4 eða 5 skipum og óhjákvæmileg sé viðgerð á öllum strokkbullum aðalvéla m/s Esju. Þessi viðgerð ein virðist vera áætluð kosta um 2.9 millj. kr. Rekstur Skipaútgerðar ríkisins og framtíð hennar hefur nú alllengi verið í athugun og vonandi, að niðurstaða, sem leiði af sér sparnað, fáist, áður en langt um líður. Fjvn. gerir það að till. sinni, að Skipaútgerð ríkisins hækki um 3 millj. og liðurinn verði samtals 18 millj. Er á það treyst og ég vil undirstrika það, að raunverulegar sparnaðarráðstafanir verði framkvæmdar hjá Skipaútgerðinni á næsta ári.

Við 3. umr. frv. verður gerð grein fyrir skiptingu á fé til flóabáta og vöruflutninga, sem nú er áætlað 4.8 millj. kr. Samgöngumálanefndir þingsins munu gera till. um skiptinguna.

Samkv. till. n. hækkar 13. gr. B þannig um 3 millj. kr.

Varðandi 13. gr. C leggur n. til, að framlag vegna rekstrar vitaskips hækki um 250 þús., og er það gert með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þegar er fengin. Vitamálastjóri taldi erfitt að áætla með nokkurri vissu tekjur skipsins á næsta ári, en þær munu þó örugglega verða allverulegar. — Liðurinn til áhaldakaupa hækkar um 500 þús. kr., en vitamálastjóri fór fram á mun meiri hækkun, þar sem á næsta ári þyrfti að greiða afborganir og vexti af láni, sem fengið var hjá sölunefnd varnarliðseigna. Vitamálaskrifstofuna vantar sem áður — það er ekkert nýtt — ýmis tæki, og nefni ég sem dæmi kranabíl, bortæki og sanddælu, sem sennilega mun kosta um 10 millj., ef keypt yrði. Ef mæta ætti þessum þörfum að einhverju leyti, er ljóst, að lántaka verður óhjákvæmileg.

Vitamálastjóri lét n. í té upplýsingar um byggingarkostnað hafnanna á yfirstandandi ári, sem er áætlaður um 87 millj. kr., og kostnaður við landshafnir um 13 millj. kr. Þorlákshöfn er talin í fyrri upphæðinni, en þar var unnið fyrir um 15 millj. kr. Samkv. áætlun á að vinna við hafnargerðir á næsta ári fyrir um 104 millj. kr. Landshafnir eru þar fyrir utan, en vitamálastjóri taldi, að ekki yrði unnið nema fyrir 70 millj. Vegna framkvæmda á næsta ári, miðað við þá upphæð, þarf því ríkið að greiða um 30 millj. Vangreidd framlög ríkisins nema við árslok 1963 um 41 millj. kr. Fjvn. hækkar hafnarféð um 550 þús. kr., og nemur það þannig í ár 17 millj. 550 þús., auk hafnarbótasjóðs, sem er upp á 8 millj. Til þess að tryggja nauðsynlegar framkvæmdir við hafnirnar á næsta ári hefur ríkisstj. leiðir til athugunar, þ. á m. lántökur og úrræði til þess að greiða eitthvað af halanum, þ. e. a. s. gömlu skuldunum.

13. gr. C hækkar um 1 millj. 300 þús. kr.

13. gr. D fjallar um flugmál. N. leiðréttir launalið við stjórn flugmála, það er hækkun upp á rúmlega 101 þús. kr., en laun flugráðs féllu niður af vangá. — Viðhald og varðveizla mannvirkja hækkar um 400 þús. — Þá þarf að hækka til leiðréttingar 10. lið gr., alþjóðaflugþjónustuna, um 189723 kr., en það er liður upp á hvorki meira né minna en 60 millj. kr., og langsamlega mestur hlutinn af þessum kostnaði er greiddur með alþjóðatillagi. — Þá leggur n. til, að tekjur af Keflavíkurflugvelli verði áætlaðar 3 millj. kr. lægri en þær eru í frv., og er í því efni stuðzt við fengna reynslu, bæði frá því í fyrra og þá reynslu, sem komin er á nú í ár. Útgjaldahækkun 13. gr. D nemur þannig samtals 3 740 835 kr. Fjárveiting til flugvallagerðar og öryggistækja er á 20. gr., og verður síðar að henni vikið.

Ég vil aðeins geta þess, að flugmálastjóri, Agnar Kofoed Hansen, mætti á fundi n. og ræddi þar ýtarlega fjármálin og allar brýnustu þarfir flugþjónustunnar. Mun mjög mikið á skorta til að fullnægja þeim verkefnum, sem fram undan eru á því sviði. Að undanförnu hafa átt sér stað umr. um það, hvað gera skyldi í flugvallarmálum höfuðstaðarins og hvernig innan- og utanlandsflug verði tryggt í framtíðinni með sem hagstæðustu móti. Í því sambandi hefur m. a. til greina komið, að

starfsemi við millilandaflugið yrði alveg flutt á Keflavíkurflugvöll. Einnig hefur farið fram athugun á því, hvað kosta mundi að gera millilandaflugvöll á Álftanesi. Það mun vera til áætlun í sambandi við Álftanes í kringum 420 millj., í Garðahrauni áætlun upp á 320 millj., og svo hefur athugun farið fram varðandi væntanlega flugvallargerð í Kapelluhrauni. Allt þetta vandamál er í athugun hjá flugmrh., flugráði og borgaryfirvöldunum hér í Reykjavík. En flugmálastjóri kveðst áætla, að það mundi kosta í kringum 60 millj. að koma Reykjavíkurflugvelli, eins og nú stæði, í viðunandi horf fyrir framtíðina. Ég tel, að ekki megi dragast mjög lengi úr þessu að taka fullnaðarákvarðanir um það, hvaða stefnu eigi að fylgja í flugvallarmálum Reykjavíkurborgar og nágrennis. Flugið mun stöðugt færa út kvíarnar og verða æ ríkari þáttur í atvinnulífi okkar Íslendinga. Þegar hefur margvíslegra gagna verið aflað í málinu og upplýsingar fengizt, en úr þessu öllu þarf að vinna, og það má ekki dragast mjög lengi.

Samkv. till. fjvn. kemur 13. gr. E, sem fjallar um veðurþjónustuna, til með að hækka um 515 þús. Hækkunin er að mestu leyti vegna launa, eins og brtt. bera með sér, og vegna hækkunar á símakostnaði, 258 þús. kr., sem láðist að taka tillit til, þegar gengið var frá frv. — Þá verður á greininni samkv. till. n. nýr liður: Til veðurathugana á hálendi Íslands 70 þús. kr., og þarfnast hann ekki nánari skýringa, en slíkar athuganir munu hafa farið fram í sumar og taldar mjög gagnlegar og nauðsynlegar í framtíðinni.

13. gr. F, sem fjallar um ýmis mál, hækkar samtals um 454 960 kr., og þar af eru launahækkanir 264 þús. kr. Stýrimannaskólinn þarf nauðsynlega að kaupa nýjan radar, sem greiða má á 2 árum, og verður liðurinn: Til áhaldakaupa því að hækka um 100 þús. kr. — Þá er á greininni nýr liður: Til Flugbjörgunarsveitar Akureyrar 500 þús. kr. Flugbjörgunarsveitin þarf á þessum styrk að halda til endurbóta á flutningatækjum og til talstöðvakaupa. Sveitin hefur áður fengið framlag á fjárlögum í sama skyni, en hún hefur starfað í mörg ár við góðan orðstír. Komi til slysa, er sveitin jafnan reiðubúin til aðstoðar og leitar. Allt, sem hún gerir, er unnið í sjálfboðavinnu, og fjöldamargir einstaklingar hafa lagt henni fé til kaupa á nauðsynlegum búnaði og tækjum.

14. gr. A fjallar um kennslumál og nokkur önnur menningarmál. Í meðförum n. hefur greinin hækkað samtals um 15 024 803 kr. Ég mun aðeins geta um helztu breytingarnar á greininni, þar sem of langt mál yrði að fara út í hvern einstakan lið og skýra hann. Þá mun ég með örfáum orðum gera grein fyrir nýjum framlögum, sem n. leggur til, að tekin verði upp á greinina.

Útgjöld vegna Háskóla Íslands hækka nokkuð og þá sérstaklega 21. liðurinn, til sérlestrarherbergja stúdenta, sem hækkar um 200 þús. kr. Sú upphæð mun ganga í kaup á húsinu Aragötu 9 í því skyni að innrétta það sem sérlestrarherbergi stúdenta, en húsakostur háskólabókasafnsins er nú orðinn með öllu ófullnægjandi. Laun og stundakennsla hækka samtals um 201 920 kr. Viðhald menntaskólans á Akureyri hækkar um 200 þús. kr., en þar er um gamalt timburhús að ræða, sem þarfnast stöðugra aðgerða, ef vel á að vera. Annar kostnaður við menntaskólann í Reykjavík hækkar um 50 þús. kr.

Þá eru á frv. nýir liðir, sem ekki þarfnast skýringa: Til bókasafns nemenda á Laugarvatni 5 þús. kr. og við vélskólann nýr liður, námsferðir 3 þús. kr. Liðurinn til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 500 þús. kr., og mun því miður tvísýnt, hvort sú hækkun muni duga, en úr því verður reynslan að skera.

Á fjárlagafrv. eru ætlaðar 36 205 416 kr. til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra, sem nú eru í smíðum. Aðalsteinn Eiríksson fjármálaeftirlitsmaður skóla mætti hjá n. og lagði fyrir hana ýtarlega skýrslu um fjárþörf barnaskólanna, en samkv. l. er nú gert ráð fyrir því, að ríkið greiði sinn hluta stofnkostnaðar á 5 árum. Samkv. skýrslunni munu eftirstöðvar áætlaðs framlags ríkissjóðs nema um 99 millj. kr., og er upphæðin á frv. miðuð við þá tölu og fyrrnefnda 5 ára framlagsskyldu. En þar sem hækkanir hafa átt sér stað hjá skólabyggjendum frá upphaflegri áætlunargerð, m. a. vegna frávika frá uppdráttum og svo vegna almennra kauphækkana í landinu, þá leggur fjvn. til, að útgjöld til barnaskólanna, sem nú eru í smíðum, hækki um 5 850 058 kr. Á þskj. 131 er gerð till. um skiptingu fjárins, og fjölyrði ég ekki um hana, en við hana mun að mestu leyti hafa verið farið eftir till. Aðalsteins Eirikssonar. Á fjárlagafrv. eru ætlaðar 8.5 millj. kr. til nýrra barnaskólabygginga og skólastjórabústaða. Helgi Elíasson fræðslumálastjóri mætti hjá n. og lagði fram ýtarlega grg. um þörfina fyrir nýjar skólabyggingar. N. hefur orðið sammála um, að framlag til nýrra barnaskólabygginga lækki að þessu sinni um 485 þús. kr. frá því, sem ráð er fyrir gert í frv. — Þá leggur n. til, að rekstrarliðir nokkurra skóla verði samtals hækkaðir um 1 781 750 kr., sem nánast mun vera leiðrétting. Samkv. till. n. hækka þannig fjárveitingar til barnaskólanna um 5 119 642 kr. frá því, sem ráð er fyrir gert í frv.

N. leggur til, að framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla í smíðum hækki um 1 124 825 kr. og til nýrra skólahúsa um 2 millj. kr. — N. hefur orðið að taka upp allháa upphæð vegna vanreiknaðra tryggingagjalda á frv., þ. e. a. s. XII, 27. tölul., XIII, 37. tölul., en samtals nemur þetta 950 þús. kr. — Þá taldi n. rétt samkv. tilmælum fræðslumálastjóra að hækka framlag til unglingafræðslu um 100 þús. kr. og liðinn annan kostnað við Hjúkrunarskóla Íslands um 200 þús. kr. Samkv. tilmælum menntmrn. var liðurinn til listkynningar í skólum hækkaður um 100 þús. kr.

Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi mætti á

fundi n. og gerði grein fyrir afkomu íþróttasjóðs og möguleikum til þess að inna greiðslur af hendi á næstu árum. Hann upplýsti, að sjóðsstjórnin hefði sett sér þær reglur að greiða 40% af stofnkostnaði sundlauga, íþróttahúsa og íþróttavalla, 20% af skíðamannvirkjum og 30% af stærri íþróttatækjum. Miðað við þessar reglur hefði sjóðurinn að lokinni úthlutun 1963 átt vangreiddar vegna áætlaðrar þátttöku yfir 22 millj. kr. Öllum mun nú vera ljóst, að breyta verði um stefnu í málefnum íþróttasjóðs, og er raunverulega um tvennt að velja, annaðhvort að gera ráðstafanir til þess að stórauka tekjur hans eða þá í öðru lagi að setja sjóðnum nýjar og miklu þrengri reglur um þátttöku í framkvæmdum. Í fjárlagafrv. eru sjóðnum ætlaðar 3 millj. kr., en n. leggur til, að framlag til sjóðsins hækki um 1 millj. kr. Miðað við aðstæður hrekkur þessi hækkun skammt, og vil ég því undirstrika nauðsynina á, að málið verði hið fyrsta tekið til rækilegrar endurskoðunar.

Teknir eru upp á greinina nýir liðir til Handknattleikssambands Íslands vegna Norðurlandamóts í útihandknattleik kvenna, 50 þús. kr., sem fram á að fara hér á landi næsta sumar, en það mun vera fyrsta Norðurlandamótið í íþróttum, sem haldið hefur verið hér á Íslandi. — Þá er og Skáksambandi Íslands ætluð sama upphæð vegna alþjóðlegs skákmóts hér á landi, 50 þús. kr. — Veittar eru 250 þús. kr. til kaupa á rafstöð til Dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga, en sú var ónýt, sem fyrir var. Einnig er samkv. till. viðkomandi rn. annar kostnaður dvalarheimilisins hækkaður um 345 þús. kr. þar að auki. — Erlendum námsmönnum í íslenzkum skólum er ætluð hækkun á styrkveitingu, sem nemur 100 þús. kr.

Fyrir n. lágu fjöldamörg erindi varðandi 14. gr. B, eins og jafnan hefur verið. Samkv. tilmælum þjóðminjavarðar féllst n. á, að auka þyrfti fjárveitingu til viðhalds hússins um 100 þús. kr., en vatn kemur inn með gluggum og veldur skemmdum. Einnig hækkar liðurinn til þjóðhátíðardeildar um 150 þús. kr., en með þeirri hækkun er ætlazt til, að Lúðvík Kristjánssyni gefist færi á að verja starfskröftum sínum til þess að skrá ýtarlega sögu um íslenzka sjávarhætti, en til þess er hann talinn allra manna hæfastur. Hann hefur um langan tíma unnið að því að draga saman frumheimildir um þetta efni. Þá hækkar launaliður við þjóðminjasafnið um 139 920 kr.

Kostnaður við útgáfu myndaskrár, fyrsta greiðsla af premur, 50 þús. kr., er samkv. tilmælum menntmrn. færður frá náttúrugripasafninu yfir á Listasafn ríkisins. Annar kostnaður listasafnsins hækkar um 100 þús. kr., en hann er of lágt áætlaður í frv. miðað við þau verkefni, sem fram undan eru. M. a. þarf að senda málverk til útlanda til innrömmunar, og mun það vera allkostnaðarsamt.

Kostnaður við fræðslumyndasafn ríkisins hækkar samkv. eindregnum tilmælum ráðuneytisins um 153 080 kr. Og nú er liðnum skipt, það eru laun 256 080 kr., kvikmyndagerð 250 þús., húsaleiga o. fl. 102 þús., annar kostnaður 100 þús., en samtals er allur liðurinn 708 080 krónur.

Eftirfarandi nýir liðir eru samkv. till. n. teknir inn á greinina: Til norræns móts laganema og lögfræðinga sumarið 1964 100 þús. kr., en það er á vegum lagadeildar. Til Sambands ísl. stúdenta erlendis 50 þús. kr., en það annast margvíslega fyrirgreiðslu fyrir stúdenta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Með l. var ætlunin að koma föstu skipulagi á styrkveitingar úr ríkissjóði til tónlistarskólanna, en þeir eru orðnir allmargir, eins og kunnugt er. Á fjárlögum hefur hver skóli haft ákveðna upphæð, en með nýju lögunum er gert ráð fyrir því, að ríkisstyrkurinn fari ekki fram úr 1/3 hluta rekstrarkostnaðar viðkomandi skóla. Ber þeim, sem styrks ætla að njóta, að senda menntmrn. árlega endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir s. l. ár ásamt skýrslum um starfsemina. Í samræmi við lög þessi leggur fjvn. til, að tekinn verði upp á fjárlfrv. nýr liður: Til tónlistarskóla 1 900 000 kr., en sérstyrkirnir til skólanna, sem nú eru á frv., verði þá jafnframt allir saman felldir niður. Styrkir þessir nema nú samtals röskri 1 millj. kr. Af breyt. leiðir því yfir 800 þús. kr. útgjaldahækkun fyrir ríkissjóðinn.

Hækkunartill. n. við 14. gr. B á frv. nema samtals 2 022 720 kr., en eins og ég gat um áðan hef ég ekki séð ástæðu til þess að gera grein fyrir öllum brtt við. greinina, sem er ein fjölþættasta grein fjárlfrv.

N. mun fyrir 3. umr. skila till. um hækkun styrks til skálda, rithöfunda og listamanna, en sá liður var látinn bíða. Ég teldi því eðlilegt, að brtt., sem nú hafa komið fram við þann lið, verði teknar aftur til 3. umr.

Biskupinn mætti á fundi hjá n. og ræddi við hana um kirkjumálin, sem 15. gr. fjallar um. Áður hafði n. kynnt sér erindi biskupsembættisins og kirkjumrn. N. mælir með því, að liðurinn til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum verði hækkaður um 1 millj. Vegna fjárskorts hefur viðhaldinu verið mjög ábótavant, en það hlýtur fyrr eða síðar að leiða til vandræða. Það hefur ekki verið talið búmannlegt að láta fasteignir niðast niður.

Þá leggur n. til, að teknir verði upp á greinina eftirfarandi nýir liðir: Til eftirlitsmanns með prestssetrum, kostnaður samtals 162 920 kr., og er ætlazt til, að hann hafi samvinnu við húsameistara ríkisins í starfi sínu. Af hálfu kirkjustjórnarinnar var lögð mjög mikil áherzla á nauðsyn þessa starfs. — Til sjúkrahúsaprests 30 þús. kr., en honum er ætlað að starfa í sjúkrahúsum borgarinnar. Hefur áður verið leitað eftir fjárveitingu í þessu skyni, en ekki fengizt. Þá var að lokum tekinn upp nýr liður: Til æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar á Suðurlandi

vegna framkvæmda við sumarbúðir í Skálholti, 100 þús. kr., en þar eru hafnar byggingarframkvæmdir á vegum nefndra samtaka, eins og Norðlendingar hafa gert við Vestmannavatn í Suður-Þingeyjarsýslu. — Samtals hækkar 15. gr. þannig um 1 373 920 kr.

16. gr fjárl. fjallar um framlög ríkisins til atvinnuveganna, og hefst hún á landbúnaði. Búnaðarmálastjóri, Halldór Pálsson, Pálmi Einarsson landnámsstjóri, stjórn vélasjóðs, framkvæmdastjóri vélasjóðs, Haraldur Árnason, skógræktarstjóri, Hákon Bjarnason, og sandgræðslustjóri, Páll Sveinsson, mættu allir á fundum nefndarinnar og báru þar fram óskir sínar og till.

Búnaðarmálastjóri skýrði í stórum dráttum frá starfsemi Búnaðarfélagsins og lagði áherzlu á, að aukið fé fengist á fjárlögum til hennar. Sérstaklega benti hann á, að félagið þyrfti að fá ráðunauta í mjólkurvinnslu og mjólkurmeðferð, í garðrækt og búnaðarhagfræði. Yrðu þessir menn ráðnir, mundu laun þeirra nema samtals 442 800 kr. N. gerir það að till. sinni að hækka framlag til Búnaðarfélags Íslands um 1/2 millj. kr. til að mæta að nokkru leyti óskum forráðamanna þess.

Á frv. höfðu af vangá fallið niður laun veiðistjóra, 122 040 kr., og leiðréttir n. það. — N. leggur til, að tekin verði upp fjárveiting, fyrri greiðsla, 750 þús. kr., til kaupa á holræsaplóg. Plógurinn er keyptur frá Finnlandi og kostar með dráttarvél 1½ millj. kr. Notkun hans á að geta leitt af sér mikinn sparnað við gerð djúpra skurða, sem styrkt er af ríkisfé. — Liðurinn til kaupa á jarðræktarvélum hækkar um 250 þús. kr., en í því sambandi vil ég vísa til þeirrar lántökuheimildar, sem vélasjóður fær á 22. gr. samkv. till. n. — N. leggur til sem fyrr nokkrar nýjar fjárveitingar varðandi landþurrkanir og fyrirhleðslur, sem ég tel ekki ástæðu til þess að gera sérstaka grein fyrir. — Skipting á fjárveitingu, rösklega 1½ millj., til sjóvarnargarða er framkvæmd samkv. till. vitamálastjóra. — Framlög til sandgræðslunnar hækka samkv. till. n. um 600 þús. kr., en hjá henni eru geysimikil verkefni fram undan, m. a. á Haukadalsheiði og við Þeistarreyki í Suður-Þingeyjarsýslu, en framkvæmdir sandgræðslunnar á Hólssandi munu hafa gefið mjög góða raun, og er það sannarlega gleðilegt. — Skógræktin hækkar um 227 þús. kr., en hún hefur auk fjárlfrv. tekjur af sölu vindlinga, sem á þessu ári gætu numið um 2 millj. kr. Af þessum vindlingaskatti renna 10% í landgræðslusjóð, en hann lánar skógræktarfélögum til starfsemi sinnar. Sjóðurinn mun nú nema um 4 millj. kr. Í landinu munu vera starfandi 29 skógræktarfélög með eina 10 þús. meðlimi. — N. hækkaði útgjöld til bændaskólans á Hvanneyri um 236 þús. kr., en þar af eru vanreiknuð laun 116 þús. kr. — Veiðimálaskrifstofan, annar kostnaður, hækkar um 100 þús. kr. vegna styrkveitinga til laxastiga samkv. lögum. — Framlag til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða hækkar um tæpa 1½ millj., og er þessu framlagi skipt af n. — 16. gr. A hækkar þannig samtals um 5 446 450 krónur.

Þá er það 16. gr. B, sem fjallar um sjávarútvegsmál. Davíð Ólafsson fiskimálastjóri mætti á fundi hjá n. og gaf henni margvíslegar upplýsingar. N. kynnti sér skýrslu Þórðar Þorbjarnarsonar varðandi rannsóknir á vegum Fiskifélagsins. Hann telur, að á því sviði séu svo mörg verkefni óleyst, að nauðsyn beri til að stórauka framlög til rannsóknarstofunnar. N. leggur til 700 þús. kr. hækkun til Fiskifélagsins og gengur þá út frá því, að verulegur hluti fjárins renni til rannsóknarstarfsemi á vegum þess. 16. gr. B hækkar samtals um 777 400 kr.

16. gr. C fjallar um iðnaðarmál. N. leggur til eftirfarandi hækkanir: Vegna byggingar iðnskólans í Reykjavík 1 millj., hækkun til iðnskólans á Akureyri, 200 þús. kr., og hækkun til iðnskólans á Selfossi, 43 250 kr.. Hækkun á iðnskólunum er þannig samtals 1 243 250 kr. — Þá hækkar framlag til iðnfræðsluráðs samkv. beiðni rn. um 150 þús. kr. Hækkunin á 16. gr. C er þannig 1 393 250 kr.

16. gr. D fjallar um framlög til raforkumála o. fl. N. leggur til, að framlög til jarðhitasjóðs verði hækkuð um 1 millj. til þess að standa straum af kostnaði við vatnsleit í Vestmannaeyjum. Alkunnugt er það óhagræði, sem íbúar Vestmannaeyja hafa af vatnsleysi. Ber því nauðsyn til að leita allra ráða til þess að bæta úr því. — Till. varðandi framlög til nýrra raforkuframkvæmda munu bíða 3. umr. — 16. gr. D hækkar um 1 millj. við þessa umr. samkv. till. nefndarinnar.

16. gr. E fjallar um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. N. mælir með hækkun til Atvinnudeildar háskólans vegna launa og annars kostnaðar, 360 760 kr. Þá tekur hún upp nýjan lið til endurbóta á efnagreiningarsal, 1 millj. kr., og til rannsókna á aðferðum við bætta nýtingu á íslenzku ullinni, 1/2 millj. kr. — Það getur ekki dregizt lengur að framkvæma umbætur á húsakynnum rannsóknarstofu atvinnudeildarinnar, þar sem fyrir liggur bréf borgarlæknis í Reykjavík, að henni verður lokað í vetur, ef ekki fáist úrbætur. Sérstaklega er það gólfið, sem er illa farið og beinlínis talið heilsuspillandi fyrir starfsfólk stofnunarinnar. — Iðnmrn. leggur til, að nefnd fjárveiting, 500 þús. kr., verði tekin upp til þess að greiða kostnað af tilraunum, sem fram eiga að fara á því, hvort takast megi að aðskilja hina ólíku þræði ullarinnar, þel og tog, en þessi athugun mun verða framkvæmd í samvinnu við Norðmenn, en beri hún góðan árangur, má gera ráð fyrir stórhækkuðu ullarverði. — Þá er og tekinn upp nýr liður: Til uppgræðslutilrauna á hálendinu, 100 þús. kr., en með því er m. a. að því stefnt að auka beitarþol afréttarlanda, og mun ekki af veita. — 16. gr. E hækkar samtals um 2 110 760 kr.

Á 17. gr., grein félagsmálanna, eru eftirfarandi breytingar helztar: Vatnsveiturnar hækki um 50 þús. kr., en mörg sveitarfélög standa í kostnaðarsömum vatnsveitufram kvæmdum,

sem ríkið styrkir samkv. lögum að nokkru leyti. — Til greiðslu kostnaðar við skipulag miðsvæðis Kópavogs eru veittar 100 þús. kr., en aðrir bæir hafa í því sambandi fengið svipaða fyrirgreiðslu, eins og t. d. Akureyri. — Styrkur til Rauða kross Íslands hækkar um 155 þús. kr., en hann þarf nauðsynlega á auknu fé að halda vegna starfsemi sinnar, sem stöðugt fer vaxandi. Mun standa til að ráða fastan starfsmann, sem hafi framkvæmdir með höndum. — Teknir eru upp byggingarstyrkir til dagheimila fyrir börn í kaupstöðum, samtals 250 þús., en slíkir styrkir hafa oft verið veittir áður. — Þá er framlag til Egilsstaðakauptúns vegna skolpveitufram kvæmda hækkað um 200 þús. kr., en það byggist á l. nr. 59 frá 1957, en þau skylda ríkið til að standa straum af kostnaði við veiturnar. Þar sem vinna á verkið á næsta sumri, var upphæðin á frv. of lágt áætluð. — Styrkur til Æskulýðsráðs Íslands er hækkaður um 35 þús. kr. — Tekinn er upp nýr liður, byggingarstyrkur til Blindrafélagsins, 150 þús. kr. — Þá voru teknir upp nokkrir styrkir til vatnsöflunar, svo sem áður hefur verið gert. — Styrkur til orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækkar um 525 þús. kr., verður 1 millj., og ætlast n. til að orlofsheimili A. S. Í., sem byrjað er á, fái eigi minna en 750 þús. kr. af þeirri upphæð.

Vegna hækkunar daggjalda úr 150 kr. og 210 kr. í 200 kr. og 300 kr. á sjúkrahúsum og heilsuhælum hækka framlög til sjúkratrygginga samkv. 55. gr. l. nr. 40 1963 um 15 millj., styrkur til berklasjúklinga um 2 378 000 kr. og styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga um 18 370 407 kr. Samtals nema þessar hækkanir 35 738 407 kr. Þar kemur svo á móti, að tekjur ríkisspítalanna hækka um röskar 18 millj.

Vegna 15% hækkunar á bótum almannatrygginga, nema fjölskyldubóta, frá 1. júlí 1963 til 31. des. 1964 hækkar framlag ríkissjóðs samkv. 23. gr. l. nr. 40 1963 um 32 700 000 krónur.

Samtals hækkar 17. gr. þannig um hvorki meira né minna en 70 643 407 kr.

Á 18. gr. frv. er tekinn upp nýr liður: Uppbætur á lífeyri samkv. 18. gr. frá 1. júlí 1963 til ársloka 1964, svo og uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum frá 1. júlí til 31. des. 1963, 3 millj. 870 þús. kr. Er það gert samkv. tilmælum fjmrn. og leiðir beint af þeim launahækkunum, sem orðið hafa. — Að öðru leyti, eins og fram kemur í nál., bíða brtt. við 18. gr. 3. umr.

Þá er lagt til, að eftirfarandi hækkanir verði samþykktar varðandi 20. gr.: 1) Afborganir lána ríkissjóðs hækki um 518 þús. kr. vegna nýrra lána til ríkisspítalanna, sem tekin hafa verið, eftir að frv. var samið. — 2) Framlag til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana hækkar samkv. till. n. um 3 millj. Mikið fé vantar til þess að halda áfram framkvæmdum á þeirra vegum. Er það mál allt til athugunar hjá hæstv. ríkisstj. — Til endurbóta á heilsuhælinu Kristnesi 200 þús. kr., en þar er nú unnið að viðbyggingu við leguskála, og þar á að koma upp tveimur íbúðarhúsum fyrir starfsfólk. — 3) Til flugvallagerða og flugöryggistækja hækki um 2½ millj. kr., en ekki mun af veita, þar sem í ár hefur verið unnið fyrir 7—8 millj. kr. fyrir fram. — 4) Til byggingar garðyrkjuskólans á Reykjum 150 þús. — 5) Til byggingar Íþróttakennaraskóla Íslands 200 þús. kr., en á fjárl. í ár var fyrst tekin upp fjárveiting til byggingar skólans, sem getur ekki dregizt öllu lengur. — 6) Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara hækki um 300 þús. — 7) Til byggingar embættisbústaða dýralækna hækki um 400 þús. kr. — 8) Til byggingar sjómannaskólans hækki um 200 þús. kr., en leggja þarf í sérstakan kostnað vegna hitaveitunnar, þ. e. a. s. það þarf að greiða heimtaugargjald svonefnt.

Þá er á 20. gr. lagt til að taka upp eftirfarandi nýja liði: Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri 500 þús. kr., en hún er nú í smíðum. Hækkunin er samkv. tilmælum dómsmrn. En ég vil vekja athygli á því, að til byggingar fangahúsa er sérstakur liður á 12. gr., að fjárhæð 475 þús. kr. — Til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri. Fjárveiting þessi er tekin upp samkv. tilmælum veðurstofunnar, en hún hefur fengið að gjöf jarðskjálftamæla frá Bandaríkjunum gegn því skilyrði, að veðurstofan sæi um rekstur og uppsetningu þeirra og léti þeim í té afrit af jarðskjálftamælingum. Eftir athugun var Akureyri talin hentugasti staðurinn fyrir staðsetningu þessara jarðskjálftamæla, og náðst hefur um það samkomulag, að veðurstofan fái til eignar hluta í fyrirhuguðu húsi lögreglustöðvarinnar þar í bænum. — Þá er nýr liður: Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði. Við samningu frv. féll sá liður niður, en framkvæmdir eru þar byrjaðar fyrir alllöngu. — Og svo er að lokum nýr liður: Til kaupa á eignum Ræktunarfélags Norðurlands 1½ millj., en fyrir skömmu var gengið frá þessum kaupum. Ríkið hefur haft stöðina á leigu í 17 ár. Ræktunarfélag Norðurlands mun nota, eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, um 500 þús. kr. af söluverðinu til stofnunar efnarannsóknarstofu á Norðurlandi, og að öðru leyti mun Ræktunarfélagið verja söluverðinu til ýmiss konar rannsóknarstarfa í þágu landbúnaðarins.

20. gr. Út hækkar þannig samtals um 12 millj. 98 þús. kr.

Þá er að lokum komið að 22. gr. frv., þ. e. a. s. heimildagr., og þar er lagt til að taka upp nokkra nýja liði: 1) Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu. — 2) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til Hveragerðishrepps vegna hitaveitufram kvæmda, gegn tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. — 3) Að ábyrgjast allt að 3 millj.

kr. lán til byggingarframkvæmda og umbóta á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. — 4) Að gefa eftir aðflutningsgjöld af jarðskjálftamælingatækjum fyrir Veðurstofu Íslands. — 5) Að greiða 15% uppbót á greiðslur samkv. 18. gr. fjárl. frá 1. júlí 1963. — 6) Að lána til Reykjanesbrautar jafnvirði 300 þús. dollara af mótvirðisfé. — 7) Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán fyrir Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands vegna byggingar Bændahallarinnar, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. — 8) Að ábyrgjast allt að 70% af byggingarkostnaði nýs flóabáts fyrir farsvæði Breiðafjarðarbáts, Stykkishólmsbáts, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. — 9) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna byggingar Domus Medica, gegn tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar — 10) Að leyfa vélasjóði að taka allt að 3 millj. kr. lán til vélakaupa og ábyrgist ríkissjóður lánið.

Samkv. till. n., ef þær verða samþykktar, munu útgjaldaliðir fjárl. hækka samtals um 112 691 217 kr.

Þá vík ég með örfáum orðum að tekjuhlið frv.

Meiri hl. n. leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar varðandi tekjuhlið frv. með hliðsjón af fenginni reynslu: Að tekju- og eignarskattur hækki um 35 millj. kr., aðflutningsgjöld hækki um 25 millj. kr., söluskattar hækki um 15 millj. kr., gjald af bifreiðum og bifhjólum hækki um 20 millj. kr., og hagnaður af áfengi og tóbaki hækki um 25 millj. kr. Þá nemur hækkun tekjuáætlunar samtals 120 millj. kr.

Verði allar hinar sameiginlegu till. n. samþ. og enn fremur till. meiri hl. um tekjuhlið frv., mun niðurstaða á sjóðsyfirliti verða þessi: Hækkun gjalda 128 224 217 kr. mínus lækkun gjalda 15 532 900 kr., hækkun gjalda samtals 112 691 317 kr. Hækkun tekna 120 millj. plús greiðsluafgangur, eins og hann er áætlaður í fjárlfrv., 10 813 186, tekjuauki alls þannig 130 813 186 kr. Og niðurstöðutölurnar koma þá til með að verða samkv. till. n. við þessa umr.: Inn komi 2 659 675 000 kr. og út 2 641 - 553 131 kr., greiðsluafgangur 18 121 869 kr.

Eins og ég hef tekið fram, bíða enn nokkur mál óafgreidd hjá n., og þau atriði, sem sennilega mestu máli skipta og enn eru í athugun, eru ákvæði 13. gr. A, sem fjallar um vegamálin, og eins væntanleg brtt. varðandi framlag til nýrra raforkuframkvæmda, og þá bíður endurskoðun 18. gr. frv. 3. umr., eins og verið hefur undanfarandi ár.

Samvn. samgm. mun svo gera till. um skiptingu á styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Mér er sérstaklega ljúft að byrja mál mitt með því að þakka samstarfið í fjvn. að þessu sinni. Mæli ég þar fyrir munn okkar allra fulltrúa Framsfl. í n., er ég þakka samstarfið, og sérstaklega þó vil ég þakka formanni fyrir góða og röggsama stjórn, skipulögð vinnubrögð, góðan vilja til samstarfs og lipurð. Það er því ekki við formann að saka, þó að tími sá, sem hér er til afgreiðslu fjárlfrv., sé skammur.

Það verður að segjast eins og er, að það er mjög takmarkaður tími að ætla sér að afgreiða 2. og 3. umr. fjárlaga á einni viku. Hitt er jafnvíst, að nauðsyn ber til að halda þeirri reglu, að fjárlög verði afgreidd fyrir áramót. Hins vegar verður að gera sér grein fyrir því í upphafi þinghalds, hvort sá tími er nógu langur til fjárlagaafgreiðslu að hefja þing ekki fyrr en 10. okt. ár hvert. En því skulu þm. gæta vel að, að Alþingi þarf að halda reglu sinni og virðingu gagnvart fjárlagaafgreiðslu, sem er eitt af stærstu málum, sem reglulegt Alþingi afgreiðir á hverjum tíma.

Enda þótt samstarf okkar í fjvn. hafi að þessu sinni verið með bezta móti, fór það svo sem fyrr, að leiðir skildu, er til afgreiðslu kom á hinum stærri málum. Ber það að sjálfsögðu til, að fjárlög hvers tíma eru mörkuð af þeirri stjórnarstefnu, sem ríkjandi er í landinu, og þess vegna skilja leiðir með stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum, og er það ekki nema eðlilég afgreiðsla málsins. Hins vegar er það svo, eins og frsm. meiri hl. tók fram hér, hv. formaður n., að n. flytur sameiginlega allmikið af till. á sérstöku þskj., sem er nr. 131. Formaður hefur nú gert grein fyrir þessum till., og þarf ég við það litlu að bæta, en afstaða okkar til þeirra er mörkuð í nál. okkar. En í sambandi við þær vil ég þó segja það, að þeim má í raun og veru skipta í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er þar um að ræða till. frá ráðuneytunum, sem eru nánast leiðrétting á því, sem fram þurfti að koma við fjárlagaafgreiðsluna, en eftir lá, er fjárlagafrv. var samið. Í öðru lagi eru svo till., sem við sumir hverjir nm. hefðum kosið að meiri fjárveiting hefði fengizt til en samkomulag varð um í n. Sumar af þessum till. höfum við gert brtt. við, en aðrar ekki, og mun ég síðar gera grein fyrir þeim, sem við gerum brtt. við. Í þriðja málaflokknum eru svo þau mál, sem við stöndum algerlega sameinaðir að. Í þeim málaflokki vil ég sérstaklega taka fram um skólamálin:

Að þessu sinni var fylgt þeirri reglu, sem fylgt hefur verið undanfarin þing, að unnið var að því í sameiningu að fá sameiginlega niðurstöðu um afgreiðslu skólamálanna. Mikil vinna var lögð í þá afgreiðslu af hálfu n. sem í aðra málaflokka. Í því sambandi lá fyrir n. grg. frá embættismönnum skólamála. Í fyrsta lagi lá fyrir n. grg. frá fjármálaeftirlitsmanni skóla. Í þeirri grg. var gerð glögg skýrsla um alla þá skóla, sem unnið er að nú í landinu. Það var gerð grein fyrir því, á hvaða stigi framkvæmdir stæðu, hvað ríkið væri búið að veita til framkvæmdarinnar og hvað gert hafði verið ráð fyrir í upphafi áætlunarinnar að ríkið þyrfti að veita til þessarar framkvæmdar. Í sambandi við þá grg. og í framhaldi af henni gerði fjármálaeftirlitsmaðurinn sérstaka

grein fyrir þeim skólabyggingum, sem þyrftu leiðréttingar við, vegna þess að áætlun þeirra væri fjarri lagi. Skýrði hann í n. í sinni grg., hvaða stofnanir þetta væru og hvað leiðréttingin næmi miklu. Sú varð niðurstaða n. að taka þessar leiðréttingar algerlega óbreyttar frá hendi fjármálaeftirlitsmannsins, og námu þær í heild um 8.7 millj. kr. Um framkvæmd nýbygginga var svo farið eftir grg. og skýrslu, sem lögð var fram af fræðslumálastjóra. Í þeirri skýrslu lágu fyrir allar þær umsóknir um nýjar skólabyggingar, sem fræðslumálastjóraembættinu höfðu borizt, enn fremur grg. fræðslumálastjóra um þörf þessara bygginga og í hvaða röð hann teldi að nauðsyn bæri til að samþykktar yrðu. Það fór svo sem fyrr, að ekki var hægt að taka allar þær umsóknir, sem fyrir lágu. En í sambandi við val umsókna var fylgt þeirri meginreglu, að þær umsóknir, sem næst voru því að verða samþykktar á síðasta þingi, urðu nú í fremsta flokki, og var um val umsóknanna stuðzt við álit þessara forráðamanna, sem ég hef hér greint, og hinar glöggu grg., sem fyrir lágu frá hendi fræðslumálastjóra. Var reynt að meta þetta að verðleikum, og treysti ég því, að hv. Alþingi sjái, að hér hefur verið farið að eftir fyllstu reglum og samvizkusemi og leitazt við að leysa málin á sem heilbrigðastan hátt. Enda þótt mikið sé að gera í skólabyggingum og hafi sérstaklega áunnizt nú tvö síðustu árin, og mér telst svo til, að fjárveitingar til framkvæmda í skólum á fjárlfrv. því, sem hér liggur fyrir, séu 82.1 millj. kr., þá bíða mörg verkefni framtíðarinnar, og á næstu árum verður að gera stórt átak í héraðs- og gagnfræðaskólum. Nú er svo komið, að mörgu fólki þarf að vísa frá, vegna þess að ekki er húsnæði til þess að taka á móti því í þessar stofnanir og sérstaklega héraðsskólana. Slíkt getur ekki átt sér stað um langa framtíð. Þess vegna þarf að hefja þarna nýja sókn með því að stækka eldri héraðsskólana og stofna nýja og sömuleiðis gagnfræðaskólana.

Þetta stutta yfirlit mun ég láta nægja um þær sameiginlegu tillögur okkar og að bæta því við, að ég tel, að samstaða sé af okkar hendi um skólamálin.

Eins og ég gat um hér áðan, er afgreiðsla fjárlaga hverju sinni spegilmynd af þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt er á hverjum tíma. Þess vegna ætla ég að víkja nokkuð að fjárl. frá þeim bæjardyrum séð og þeim áhrifum, sem núv. stjórnarstefna hefur á fjárlagaafgreiðsluna og þjóðlífið í heild. En áður en að því er vikið, þykir mér rétt að vitna til fyrri ummæla forustumanna núv. hæstv. ríkisstj. til afgreiðslu fjárlaga og vil þá — með leyfi hæstv. forseta — vitna fyrst í ræðu, sem hæstv. félmrh., formaður Alþfl., flutti 20. okt. 1958, en þá lýsti hann afstöðu sinni til afgreiðslu fjárlaga m. a. með þessum orðum:

„Fjárlög hvers árs hafa sífellt verið hærri en ársins á undan. Þessi þróun er uggvænleg og stefnir greinilega í fullkomið óefni."

Og þessu til viðbótar vil ég vitna hér í ræðu, sem hæstv. núv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, flutti hinn 24. okt. 1960. Með leyfi hæstv. forseta, fórust honum orð á þessa leið m. a.:

„Undanfarna áratugi hafa útgjöld fjárlaga hækkað ár frá ári, svo að það hafa þótt litlar fréttir, þótt lögð væru fram á hverju þingi hæstu fjárlög í sögu þjóðarinnar. Við undirbúning fjárlfrv. fyrir árið 1961 var reynt að snúa inn á aðra braut og freista þess að færa útgjöldin niður. — 14 eru útgjaldagreinar fjárlaga. Þessi viðleitni hefur borið þann ávöxt, að 10 af 14 útgjaldagreinum fjárlaga lækka frá gildandi fjárlögum. Þótt ekki sé hér um stórar fúlgur að ræða miðað við heildarupphæð fjárl., er það stefnubreyting, sem máli skiptir. Risabygging ríkisins verður ekki endurskoðuð og endurskipulögð á nokkrum mánuðum, en mestu varðar, að starfið sé hafið með hentugum vinnubrögðum og réttu hugarfari."

Varðandi fyrri ummælin, eftir hæstv. félmrh., höfð eftir honum úr ræðu frá 20. okt. 1958, er rétt að gera sér grein fyrir því, hvað gerzt hefur hér á Alþingi síðan. Að tveimur mánuðum liðnum, frá því að þessi ræða var flutt, gerðist þessi hæstv. núv. félmrh. forsrh. í nýrri ríkisstj. Verkefni þeirrar ríkisstj. var að stöðva dýrtíðina í landinu, og að tæpum fjórum mánuðum liðnum lýsti hæstv. menntmrh. og viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, því yfir í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur, að þeim hefði tekizt að leysa verkefnið og tvö önnur að auki á þessum stutta tíma. Og Morgunblaðið sagði frá frásögn fundarins eftir Alþýðublaðinu hinn 1. maí 1959 og bætti þá við: „Ja, miklir menn erum við Hrólfur minn." En þó að svo hafi til tekizt, að hv. formaður Alþfl. hafi getað ráðið mikið um stjórnarstefnuna, sem honum fannst uggvænleg, þegar fjárlög voru innan við 900 millj. kr., og þó að hann hafi sjálfur myndað ríkisstj. og stöðvað dýrtíðina, eins og menntmrh. hæstv. komst að orði, þá hafa fjárlög samt hækkað á þessu tímabili um 1700 millj. kr. eða um 200%. Hv. formaður Alþfl. hefur ekki lýst því yfir nú, að það stefndi í fullkomið óefni og uggvænleg væri þróun þessi. Hann hefur setið í ráðherrastól síðan og virðist una sér þar vel, þótt fjárlögin hækki, heldur sér bara í brík stólsins.

Og síðan hæstv. fjmrh. núv. flutti ræðuna á haustmánuðum 1960 og lýsti yfir, að stefnubreyting hefði átt sér stað í þá átt að lækka fjárl., að nú væri verið að endurskipuleggja risabákn ríkisins með hentugum vinnubrögðum og réttu hugarfari, eru liðnir 36 mánuðir, svo að hæstv. ráðh. hefur haft tíma til þess að koma að hentugum vinnubrögðum og réttu hugarfari. Og hvað hefur gerzt? Frá þessu fjárlfrv., sem lagt var fram í okt. 1960, hefur fjárlfrv., sem er til afgreiðslu nú, hækkað um 1100 millj. kr. Hæstv. núv. fjmrh. hefur stjórnað fjármálum ríkisins síðan og notað til þess hentug vinnubrögð og rétt hugarfar. Fjárlög

hækka nú ára á milli eins og heildarniðurstaða þeirra var fyrir 10 árum. Þetta eru hentugu vinnubrögðin og rétta hugarfarið.

En hver er ástæðan fyrir því, að fjárlög hækka svo ár frá ári, eins og raun ber vitni? Ástæðan er stefnubreytingin, sem búið var að gera, þegar hæstv. fjmrh. flutti ræðu sína 1960. Ástæðan er stefnubreytingin, sem upp var tekin með þeirri stefnu, sem höfundar hennar kölluðu viðreisn. Og hvað fólst í þessari stefnu? Þetta var álögustefna. Það eru búnar að eiga sér stað í tíð núverandi stjórnarflokka gengisfellingar tvisvar sinnum. Það er búið að leggja almennan söluskatt á allar neyzluvörur almennings og flesta þjónustu í landinu. Það er búið að hækka söluskatt í innflutningi, það er búið að meira en tvöfalda hann. Og þó að hann ætti upphaflega að gilda til bráðabirgða, er hann orðinn nú fastur í tollakerfi ríkisins. Innflutningsskattur, sem álagður var vegna starfsemi útflutningssjóðs, gerði ríkisstj. að tekjustofni ríkisins og hefur fest hann einnig í tollakerfinu. Benzínskattur var hækkaður 1960, ekki til þess að hann gengi í vegina, heldur til þess að gera hann að tekjustofni fyrir ríkið. Og ríkisstj. hefur farið margar aðrar leiðir til að auka álögur á þjóðina. Hún hefur sett upp útibú eins og ríkisábyrgðasjóð og tekið þangað sinn skatt. Auk þess hafa svo verið á fólkið í landinu og framleiðsluna lagðir margs konar aðrir skattar, þó að þeir hafi ekki verið beinir skattar til ríkissjóðs. Í því sambandi má minna á útflutningsgjaldið á sjávarafurðunum, það má minna á bændaskattinn, það má minna á hækkunina á skemmtanaskattinum, svo að nú er svo komið, að það er ekki hægt að fara inn á veitingahús að kvöldlagi án þess að greiða stórgjöld fyrir að geyma þar hattinn sinn. — Gengishagnaðinn 1961 tók hæstv. ríkisstj. til sín og ráðstafaði honum síðan í ríkisábyrgðasjóð. Ofan á þetta kemur svo almenn vaxtahækkun og styttri lánstími. Viðhaldið er öllum eldri tekjustofnum, að mestu óbreyttum, því að dýrtíðin hefur lagað það til, sem ríkisstj. hefur skort á. Og auðvitað hefur þetta allt leitt til þess, að fjárl. eru svo risavaxin sem nú ber raun vitni um.

Ef hæstv. ríkisstj. hefði ætlað sér að lækka fjárl., hefði hún ekki farið þannig að, að leggja álögur ofan á álögur. Þess vegna hefur það farið svo, að allar þessar álögur hafa orðið til þess að hækka útgjöld ríkisins svo gífurlega sem raun ber vitni um.

Það er ekki allt talið með þessu, því að við hliðarráðstafanir, sem gerðar hafa verið á þessu tímabili, þar koma álögurnar einnig fram. Á þessum árum núv. hæstv. ríkisstj. hafa þjónustugjöld ýmissa ríkisstofnana, svo sem pósts og síma, Skipaútgerðar ríkisins, ríkisspítala og ríkisrafveitna, hækkað frá 80—100%. Þrátt fyrir þetta er rekstur ýmissa þekktra ríkisstofnana, eins og t. d. ríkisrafveitnanna, verri nú en nokkru sinni fyrr. Á Alþingi 1959 lagði hæstv. þáv. ríkisstj. fyrir fjvn. grg. raforkumálastjóra um rekstrarhorfur ríkisrafveitnanna á næstu árum. Í þeirri grg. var gert ráð fyrir því, að ríkisrafveiturnar yrðu rekstrarhallalausar árin 1962, 1963 og 1964. Með þeirri stefnu, sem þá var tekin upp og kölluð var breytt stefna, átti að tryggja það, að rekstur ríkisrafveitnanna yrði greiðsluhallalaus. Fram til ársloka 1958 var rekstrarhalli þeirra 5.3 millj. kr. En hvað hefur gerzt síðan? Samansafnaður rekstrarhalli rafmagnsveitna ríkisins er nú í árslok orðinn yfir 120 millj. kr., og á yfirstandandi ári, þrátt fyrir hækkun á tekjum þeirra, verður hann um 35 millj. kr. Og ekkert er enn að gert til þess að leiðrétta þennan rekstrarhalla.

En ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið svo til sín í álögum sem raun ber vitni um, er fyrst og fremst einn þáttur í stefnu hennar. Það er liður í þeirri keðju, sem hún kallar stjórn á peningamálum. Til þess að það sé hægt að stjórna peningamálunum í landinu, þarf hún að taka peningana til sín. Hæstv. ríkisstj. hefur þess vegna ekki látið sér nægja að afla sér tekna fyrir þeim gjöldum, sem greidd eru skv. fjárl., og eðlilegum greiðsluafgangi, heldur hefur hún nú síðustu árin haft í greiðsluafgang svo að hundruðum millj. skiptir.

Skv. ríkisreikningi 1962 fóru tekjur ríkissjóðs um 300 millj. kr. fram úr tekjuáætlun. Og ef gert er ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs verði hlutfallslega svipaðar nú tvo síðustu mánuði þessa árs og þær voru tvo síðustu mánuði s. l. árs, þó fara tekjur ríkissjóðs á árinu 1963 350—400 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Þetta sýnir, að hæstv. ríkisstj. hefur heimt til sín miklu meira fjármagn en hún þurfti vegna útgjalda fjárl. Þessi þáttur er af sama stofni og frv. hennar nú um að innheimta til Seðlabankans megnið af sparifé landsmanna, það er þessi þáttur um stjórn peningamálanna og stjórn í efnahagskerfinu. En ekki þarf orðum að því að eyða, hversu farið hefur um stjórnina á efnahagsmálum þjóðarinnar, það nálgast nú mest stjórnleysi.

Enda þótt útgjaldahlið fjárlaganna hafi ekki hækkað svo sem tekjuhliðin, sem ég hef hér bent á, hafa útgjöld samt hækkað gífurlega á þessu tímabili, svo sem fjárlögin sýna.

Í sambandi við útgjöld fjárlaganna þykir mér rétt að minna á nokkrar fyrri yfirlýsingar um sparnað í ríkisrekstrinum og hvernig að því mætti fara að draga saman ríkiskerfið. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna hér til forustumanna ríkisstjórnarflokkanna frá eldri tímum. Í ræðu, sem hæstv. utanrrh. flutti sem fjmrh. hinn 24. apríl 1959, komst hann m. a. svo að orði: „En af þeirri reynslu og þeim kynnum, sem ég hef haft af þessum hlutum, þá er það sannfæring mín, að mikið megi spara í ríkisbákninu.“ Við 1. umr. fjárl. fyrir árið 1959 talaði hv. þm. Magnús Jónsson af hálfu Sjálfstfl. Hann komst þá m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum, en það þarf í senn réttsýni og kjark til þess að

gera slíkar ráðstafanir á viðunandi hátt. Án einbeittrar forustu fjmrh. á hverjum tíma er þess ekki að vænta, að andi sparnaðar og hagsýni ráði í ríkisstj." Og í fyrstu fjárlagaræðu núv. hæstv. fjmrh. komst hann m. a. svo að orði í sambandi við sparnaðarfyrirheit, með leyfi hæstv. forseta: „Og það ætla ég, að allir góðir Íslendingar séu sammála um, að nauðsynlegt sé að hafa sívökult auga á öllu í rekstri ríkisins, er til sparnaðar má horfa, bættra vinnubragða og aukinnar hagsýni."

Við virðum nú fyrir okkur fyrirheitin, því að auk þess sem svo er kveðið að með almennum orðum, eins og ég hef hér lýst, þá hefur hæstv. núv. fjmrh. og meiri hl. fjvn. á Alþingi, síðan þessi ríkisstj. var mynduð, gefið út um 59 tölusett sparnaðarfyrirheit. Og nú er það langt um liðið, frá því að byrjað var að gefa þessi fyrirheit, að nokkur ástæða er til þess að spyrja um árangurinn af sparnaðinum í framkvæmd. Og nú ætla ég mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvernig honum hefur gengið að koma í framkvæmd nokkrum af þessum atriðum, sem áður hefur verið yfirlýst að athuguð yrðu.

1) Hafa verið lögð niður sendiráð á Norðurlöndum, og er gert ráð fyrir því, að það verði gert?

2) Hefur sérstaklega verið dregið úr opinberum veizlum?

3) Hefur verið dregið úr tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnum og fjölda slíkra ferða, tölu fulltrúa í viðskiptanefndum? Kostnaður við slíkar sendinefndir er orðinn 5.5 millj. skv. ríkisreikningi 1962, en var um 2 millj. 1958.

4) Hefur verið fækkað bifreiðum ríkisins og ríkisstofnana? Mér sýnist kostnaðurinn hafa hækkað um 4 millj. kr.

5) Hefur öryggiseftirlit og skipaskoðun verið sameinuð?

6) Hefur verið sameinað bifreiðaeftirlit og lögreglustjórn?

7) Hefur verið dregið úr framlögum til ýmissa sérþinga?

8) Hafa verið endurskoðuð gildandi lagaákvæði um embættisbústaði?

9) Hver er árangurinn af hagsýslugerðinni?

10) Hefur verið dregið úr kostnaði við að eyða refum og minkum? Hefur t. d. verið komið í framkvæmd minkabúi, sem hæstv. fjmrh. talaði um í annarri fjárlagaræðunni að ætti að bera uppi þennan kostnað?

11) Hefur framkvæmd skattamálanna orðið til sparnaðar?

12) Hefur verið dregið úr rekstrarkostnaði Skipaútgerðar ríkisins?

13) Kostnaður við skylduspamað, hefur hann verið minnkaður?

14) Hefur verið minnkaður kostnaður við framkvæmd orlofslaga?

15) Hafa verið lagðar niður margar launaðar nefndir? Mér sýnist á ríkisreikningi 1962, að þá sé kostnaður við launaðar nefndir og það, sem kallað er þar að athuga ýmis mál, sem áður hétu nefndir, hann er orðinn 4.3 millj. kr., en var 2.1 1958. Þessi kostnaður virðist því ekki hafa dregizt saman.

16) Er innheimtustofnun ríkisins til sparnaðar?

17) Hefur orðið mikill árangur af endurskoðun á starfskerfi ríkisins?

18) Er strangara eftirlit með starfsmönnum ríkisins nú en áður var?

19) Hvernig var hallinn á póstsjóði lækkaður?

20) Með hvaða hætti hætti ríkið að greiða landssímanum framlag?

Ef við virðum nú fyrir okkur sum af þessum sparnaðarfyrirheitum, kemur í ljós, að þau hafa verið framkvæmd í fyrsta lagi með því að hækka tekjustofna þeirra sjálfra, eins og gert hefur verið með póstinn og símann. Með því að láta póst- og símagjöld hækka um 100% er hægt að láta þessar stofnanir standa undir sér sjálfar. Áður lagði ríkið þeim til, en þá var gjöldunum haldið niðri. Þannig er sá sparnaðurinn framkvæmdur. Um Skipaútgerð ríkisins er það að segja, að þar er geymdur rekstrarhalli upp á 3.2 millj., eftir að búið er að greiða rúmar 7 millj. kr. umfram fjárveitinguna.

Um kostnað við eyðingu refa og minka er það einnig að segja, að lögin eru óbreytt. Kostnaðurinn var á þriðju milljón, að mér er tjáð, á s. l. ári og verður auðvitað greiddur samkvæmt lögunum eða þá geymdur eins og hjá Skipaútgerð ríkisins.

Sumar af þessum sparnaðartillögum hæstv. ráðherra eru svo að verða stórfelldur útgjaldabálkur.

Ekki orkar það tvímælis, að skattakerfið, sem nú er verið að setja upp, muni verða verulegt útgjaldabákn hjá ríkinu. Og það er fjarstæða að halda því fram, að það sé til sparnaðar, þegar sennilega ein skattstofa úti í hverju kjördæmi mun fara að kosta eins mikið og skattakerfið allt kostaði áður fyrr. Það sýnir sig fyrr eða seinna, að þessi ráðstöfun verður ekki til sparnaðar. Um hitt má svo aftur deila, hvort af henni hlýzt annað gagn. Ætla ég ekki að dæma um það að þessu sinni, því að til þess er of lítil reynsla.

Efnahagsstofnunin verður engin sparnaðarstofnun. Hún er að verða eitt geysilega mikið fyrirtæki. Ríkið sjálft ætlar að leggja henni eina milljón samkvæmt fjárlagafrv., og það er einn þriðji kostnaðar.

Innheimtustofnuninni er áætlað á fjórðu millj. kr., og það verður eins, það verður ekki heldur nein sparnaðarstofnun.

Og svo er það með nefndirnar, sem átti að leggja niður. Kostnaður við þessi störf, sem nefndirnar voru látnar vinna, heldur áfram að verða til, þó að það sé nú kallað að athuga þetta og hitt mál, í staðinn fyrir að þetta sé kostnaður við nefnd, eins og áður var. Auðvitað er það nefnd í framkvæmd, sem gerir þessa athugun, hvort sem við köllum hana nefnd eða nefnd ekki.

Árangurinn, sem hefur orðið af þessu sparn-

aðartali öllu, er ekki sá, sem um var rætt í fyrstu, heldur hinn, að það er hætt nú að tala um sparnað, og það er komið svo langt, að í síðustu fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. ræddi hann ekki einu sinni um hagsýslu, hvað þá, að hann gæfi út nokkurt sparnaðarloforð. Út af fyrir sig er þetta virðingarverður árangur og ber að meta hann, er menn hafa áttað sig á staðreyndunum.

Við skulum bara vera hreinskilnir og viðurkenna það, að þetta tal um sparnað var meira og minna gaspur. Við skulum líka viðurkenna það, að hið sívökula auga hæstv. fjmrh. reyndist ekki eins vökult og hann vildi vera láta. Og við skulum líka gera okkur grein fyrir því, þó að menn komi hér og telji upp lið fyrir lið um sparnað, sem þeir þykjast ætla að framkvæma og framkvæma aldrei, þá verður ekki komið við verulegum samdrætti í útgjöldum ríkisins nema með breyttu skipulagi, sem við mundum deila um. En við eigum að hætta þeirri aðferð að þylja hér langan lista um væntanlegan sparnað, sem við ætlum að koma í framkvæmd, og út úr því kemur svo ekkert annað en útfærsla á sjálfu ríkisbákninu. Það, sem hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar gert, komið í framkvæmd, það er veruleg útfærsla á ríkisbákninu. Og það er mikill munur á, hvort við höldum, að það sé hægt að draga mikið saman, eða hvort við útfærum ríkiskerfið út verulega mikið. Þar þurfum við að vera vel á verði. Og nú ætla ég þessu næst að nefna nokkrar stofnanir og embætti, sem hafa orðið til í stjórnartíð núverandi hæstv. ríkisstj.

Ég hef áður nefnt Efnahagsstofnunina, sem er að verða álitleg stofnun. Almannavörnum, sem voru með einnar millj. kr. fjárveitingu fyrir, eru ætlaðar 4 millj. kr. á þessu fjárlagafrv. Hvað haldið þið, að verði næst? Saksóknaraembættið er komið með 2 millj. kr. fjárveitingu. Borgardómari, saksóknari og borgarfógeti, þessum embættum hefur öllum verið skipt í 4 eða 5 embætti. Fjárveiting til þessara embætta samanlagt núna er 10 millj. kr. hærri en hún var 1958. Og hækkun á húsaleigu, ljósi og hita til eins af þessum embættum frá árinu í ár til 1964 er 2.5 millj. kr. Þetta er útfærsla á ríkisbákninu, en ekki sparnaður.

Fjölgun bankastjóra, bankaráðsmanna og fjölgun í ýmsum stjórnum hefur átt sér stað í tíð núv. ríkisstj., eins og húsnæðismálastjórn, úthlutunarnefnd listamannalauna o. fl., fjölgun á prófessoraembættum. Innheimtustofnun hefur verið sett á stofn og svo skattakerfið, sem á eftir að verða risamikið fyrirtæki. Fjölgað hefur verið í síldarútvegsnefnd. Ráðunautur sérstakur hefur verið skipaður í viðskiptamálum. Útfærsla er í kvikmyndasafni ríkisins, nýtt gisti- og veitingahúsaeftirlit og fleira mætti telja. Þannig er það staðreynd, að sparnaður hæstv. ríkisstj. hefur enginn orðið. Hitt er líka staðreynd, að útfærsla á ríkiskerfinu er mikil ár frá ári.

Þegar fjárlög hækka svo risaskrefum sem nú á sér stað frá ári til árs, þá skiptir það mestu, til hvers fjármunirnir fara. Eins og hv. formaður fjvn. vék að í upphafi ræðu sinnar, þá getur það skipt framtíð eins byggðarlags miklu, hvort fjárveiting er til þess eða ekki. Hin smærri byggðarlög, það getur skipt þau sköpum, hvort fé er veitt úr ríkissjóði þangað eða eigi. Þess vegna er það höfuðáhugamál okkar, að uppbyggingin í landinu fái sinn hluta og aukinn hluta af útgjöldum fjárlaga. En því er ekki að heilsa með þeirri stefnu, sem núverandi ríkisstj. hefur fylgt.

Aukinn rekstrarkostnaður og aukin framlög vegna dýrtíðarinnar eru höfuðeinkenni þessa fjárlagafrv. Ef hlutfallslega sama hluta fjárlaganna væri varið til nýrra raforkuframkvæmda nú á árinu 1964 og var 1958, þá ætti fjárveiting til raforkuframkvæmda að vera 71.2 millj. kr. Ef sama hlutfallsfjárveiting væri til jarðræktarframkvæmda í landinu, þá ætti hún að vera 65 millj. kr., en hún er 26 millj. Og til raforkuframkvæmdanna er hún 24.2 millj. eða heldur lægri en hún var á fjárlögunum 1958. Til þjóðvega og brúa ættu að vera 172 millj. kr. í staðinn fyrir 124 millj. kr., sem er á fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir. Til atvinnubótasjóðs ættu eftir sömu reglu að vera 45 millj. kr., en eru 10 millj.

Þessi fáu dæmi sanna, að það er ekki uppbyggingin í landinu, sem veldur hækkun fjárlaganna, heldur stefna ríkisstj., sem hefur leitt til aukins rekstrarkostnaðar og aukinnar dýrtíðar. Það er því greinilegt eins og vera má, sem ég sýndi fram á hér áðan, að sparnaður fyrirfinnst ekki í sambandi við þetta fjárlagafrv., heldur útfærsla á ríkiskerfinu og hlutfallslega minna til uppbyggingar í landinu. En staðreynd er hitt, að álögur samkvæmt fjárlagafrv. hafa þó hækkað um 200% frá 1958, og hitt er líka staðreynd, að ýmsar stofnanir ríkisins hafa orðið að hækka sín þjónustugjöld um 80—100%.

Hæstv. núv. ríkisstj. eða núgildandi valdasamsteypa hefur þó haft ýmis betri skilyrði til að koma við sinni stefnu í þjóðmálum heldur en undanfarnar ríkisstjórnir. Hún sat hér samfleytt í 2½ ár með algeran vinnufrið í landinu. Á þeim tíma lækkaði hún þó kaupgjaldið í landinu. Á þeim tíma lækkaði hún gengi krónunnar. Á þeim tíma lagði hún stórfellda skatta á þjóðina. Samt var vinnufriður í 2½ ár, svo að stjórnin hafði nægan tíma til þess að koma vel fyrir sinni stefnu. Og þegar svo gerður var nýr kaupgjaldssamningur, þá var hann gerður til tveggja ára og ríkisstj. þannig tryggður vinnufriður, ef hún sjálf vildi una því, út allt s. l. kjörtímabil. Það var hins vegar hennar mat, að því skyldi ekki una, og þess vegna var gengið fellt á nýjan leik, og þar með var sá samningur brostinn.

Á sama tíma sem álögur hafa hækkað um 200%, eins og ég hef hér greint, hefur kaupgjald í almennri verkamannavinnu hækkað um 30% frá því, sem var í okt. 1958, til þess, sem það er nú. Er ástæða til, að það hafi gert það að verkum, að ástandið í efnahags-

málunum er slíkt sem raun ber vitni um? Nei, það eru álögur af hendi hæstv. ríkisstj. á fólkið í landinu, sem hafa skapað það ástand dýrtíðar og verðbólgu, sem nú er ríkjandi hér á landi. Það er vegna þessarar álögustefnu, sem niðurstaða kjaradóms var nú í sumar sem raun ber vitni um. Það er vegna þessarar innheimtu- og álögustefnu, sem nú verða endurtekin verkföll eða vinnustöðvanir með nokkurra mánaða fresti. Það er vegna þessarar stefnu núverandi ríkisstj., sem er algert getuleysi atvinnuveganna að þeirra sögn eftir sérstök góðæri, sem nú hafa gengið yfir. Þrátt fyrir það að á þessum árum hafi verið aukið framlag til þess að greiða niður vöruverð í landinu, svo að hundruðum milljóna skiptir, þá hefur samt vísitala vöru og þjónustu hækkað um 63%. Og hvernig hefur svo fólkið, sem hefur fengið 30% hækkun, orðið að mæta þessu? Þess eina leið hefur verið sú að lengja vinnudaginn. Það hefur ekki verið um annað að ræða en að lengja hann. Og nú er svo komið, að þessi langi vinnudagur er farinn að hafa alvarlegar afleiðingar í atvinnulífi þjóðarinnar, það er ég sannfærður um. Og niðurstaðan af þessu öllu saman er svo sú, að nú eru málefni þjóðarinnar a. m. k. í tvísýnu, þótt ekki sé minnzt á hitt.

Þetta almenna yfirlit yfir stefnu hæstv. ríkisstj. og árangur hennar eða afleiðingar hennar mun ég láta nægja að sinni, en snúa mér nokkuð að þeim till., sem við flytjum sérstaklega á þskj. 133. Eins og við gerum grein fyrir í nál. okkar og ég hef stuttlega gert grein fyrir hér, þá er stefna hæstv. ríkisstj. sú að taka til sín miklu meira í tekjur skv. fjárlögunum en hún gerir ráð fyrir að nota þurfi vegna útgjaldanna. Við höfum sýnt fram á þetta undanfarin ár hér á hv. Alþ. og bent á það, að tekjurnar mundu fara verulega fram úr áætlun. Það hefur hins vegar verið álitið gáleysi af okkar hendi og talið nálgast ábyrgðarleysi. Staðreyndin er hins vegar sú, að tekjurnar hafa farið um 300 millj. kr. fram úr áætlun og sennilega meira á þessu ári. Þess vegna gerum við enn á ný tilraun til þess, að Alþ. skipti meira af þessum tekjum, sem fjárlagafrv. kemur til með að skila hæstv. ríkisstj., og því gerum við till. um að hækka tekjuliðina um 100 millj. kr. Þessi stefna hæstv. ríkisstj. að heimta til sín fé til þess að hafa á því ofstjórn, eins og bezt sýnir sig í sambandi við bankakerfið, hún er nú að verða undirstaðan að því stjórnleysi, sem nú er að verða ríkjandi í landinu.

Þessar tekjur, sem við gerum ráð fyrir að fjárlagafrv. skili, — og náttúrlega skilar það mun meira en við gerum ráð fyrir, því að gera má ráð fyrir því, að tekjuáætlun fjárlagafrv. sé byggð upp með sama hætti og verið hefur undanfarin ár og henni ætlað að skila 200—400 millj. kr. umfram áætlun, — við gerum ráð fyrir að skipta þessu aftur niður til nokkurra málaflokka, sem við gerum sérstaka till. um.

Það er í fyrsta lagi, að við gerum ráð fyrir því að hækka fjárveitingu til sjúkrahúsanna í landinu um 8 millj. kr. Hv. frsm. meiri hl. fjvn., form. nefndarinnar, gerði grein fyrir því áðan, hversu þörfin væri mikil þar. Enda þótt við vonumst til, að hægt verði eftir öðrum leiðum að veita fé til þess að mæta þeim skuldum, sem nú eru áhvílandi, þá er þörf fyrir þessa fjárveitingu vegna framkvæmda á næsta ári. Hv. form. n. gat þess, að skuldir vegna sjúkrahússins í Reykjavík væru nú um 15 millj. kr., og gert er ráð fyrir því að halda áfram við þá framkvæmd, svo að mikið fé þarf til. Og mörg sjúkrahús eru úti um landsbyggðina og læknisbústaðir, sem eru fyrirhuguð á næsta ári og mikla fjárveitingu þarf til. Þess vegna er hér um að ræða algert lágmark og reyndar vonazt til, að fé komi eftir öðrum leiðum til þess að mæta því, sem áfallið er.

Þá gerum við till. um að hækka fjárveitingu til hafnargerða upp í 26 millj. kr. Þessi till. okkar er miðuð við það að mæta að nokkru því, sem vitamálastjórinn taldi að þyrfti til framkvæmdanna á þessu ári. Þó gerði hann ráð fyrir, að fjárveiting þyrfti að vera allt að 28 millj. kr., ef ætti að vera hægt að greiða hluta ríkissjóðs af framkvæmdunum 1964. En við gengum ekki lengra í tillögugerð okkar, vegna þess að þar var þó komið nokkuð á móti þörfinni, í von um það, að eldri fjárveitingum yrði mætt á annan hátt.

Þá gerum við till. um það, að á 14. gr. fjárlaganna verði hækkað framlagið til íþróttasjóðs um 2 millj. frá frv. eða 1 millj. meira en hv. fjvn. gerir till. um. Það skal viðurkennt, að það er spor í rétta átt, sú hækkun, sem þar er lögð til, en eins og hv. form. n. gerði hér grein fyrir áðan, þá hrekkur það skammt til þess að mæta fjárþörf sjóðsins. Þess vegna þarf að ganga lengra í því, og okkar till. er nánast lítið spor, því að miklum mun meira þarf til, en vonlaust er að ná þangað í einum áfanga.

Við 16. gr. fjárlagafrv. höfum við flutt nokkrar brtt. Í fyrsta lagi leggjum við til, að hækkuð verði fjárveiting til þess að styrkja vélakaup jarðræktarsambandanna upp í 4 millj. kr. Við höfum þar tekið upp þá till., sem stjórn vélasjóðs lagði til að tekin yrði inn á fjárlögin. Hér er um hið mesta nauðsynjamál að ræða, því að eins og nú er komið getur sjóðurinn ekki sinnt því hlutverki, sem honum var ætlað, að styðja ræktunarsamböndin til vélakaupanna, nema hann fái til þess aukið fé. Þess vegna treystum við því, að það verði komið til móts við okkur í þessu og fjárveitingin verði hækkuð frá því, sem nú er í till. nefndarinnar.

Einnig leggjum við til, að lítils háttar verði hækkað framlagið til mjólkursamlaga. Það er verið að byggja nokkur mjólkursamlög nú og bæri þess vegna nauðsyn til að hækka þetta framlag. Hér er um lága till. að ræða af okkar hendi, sem ég treysti því að nái samþykki hér á hv. Alþingi.

Þá höfum við tekið upp aftur till. þá, sem

við fluttum hér á síðasta þingi, um að hækka framlögin til haf- og fiskirannsókna um 1 millj. kr.

Við gerum einnig till. um það, að aukið verði framlag til iðnlánasjóðs um 1 millj. kr. Hér er að vísu um litla fjárhæð að ræða, en kunnugt er, að fjárþörf sjóðsins er mikil, og nánast er þessi till. okkar ekki nema viðurkenning á því, að þörf sé að hækka framlag til sjóðsins og svo að Alþ. sýni skilning sinn á starfsemi hans.

Sú till. okkar, sem er um hæsta fjárveitingu, er um tillag til raforkuframkvæmdanna. Eins og ég gat um áðan, er fjárveiting til nýrra raforkuframkvæmda svo fjarri öllu lagi, að enginn einn liður fjárlagafrv. er svo fráleitur sem sá. Fjárveiting til nýrra raforkuframkvæmda er lægri nú í krónutölu heldur en hún var á fjárlögum 1958, þó að fjárlög hafi síðan hækkað um 200%. Ekki þarf heldur orðum að því að eyða, hvað framkvæmdakostnaður hefur aukizt, síðan þessi fjárveiting var samþykkt. Þess vegna verður ekki hjá því komizt að mæta þörf raforkusjóðs fyrir aukna fjárveitingu. Og þessi till. okkar er þar nánast algert lágmark. Því treysti ég og hef þar fyrir mér orð frsm. meiri hl., að þetta mál verði tekið til athugunar, áður en fjárlög verða afgreidd. Hitt er svo annað mál, hvernig mæta á rekstrarhalla rafveitnanna, en það virðist nú tími til kominn að fara að skoða það mál niður í kjölinn, þar sem hann er nú orðinn á 2. hundrað millj. kr. Við verðum á næstu árum að gera stórt átak í að koma rafmagninu áfram, því að það er skilyrðislaus krafa, að rafmagn komi inn á hvert heimili á landinu, og því fyrr, því betra.

Þá leggjum við til að hækka fjárveitingu til jarðhitasjóðs um 10 millj. kr. Jarðhitasjóður var stofnaður með lögum árið 1961, og hefur hann mikið verk að vinna. Á síðasta Alþ. komu hér fram margar tillögur um rannsókn á jarðhitasvæðum og jarðhitaleit. Jarðhitinn er eitt af meiri háttar náttúruauðæfum okkar, og það er ekki vansalaust, fyrir utan það tjón, sem það veldur, hvað lítið er gert enn þá til þess að vita, hve mikil auðæfi eru þarna ónotuð, og koma því í framkvæmd að nota þau. Ég hef áður hér á hv. Alþ. sýnt fram á, að í sambandi við gróðurhúsastarfsemina er jarðhitinn orðinn undirstaða undir verulegri atvinnugrein. Og hitt er þó mest um vert, hvað hann er mikils virði til upphitunar húsa. En almennt verður þetta ekki, nema við gerum meira að því að rannsaka jarðhitasvæðin og leita að jarðhita, og þessi fjárveitingartill. okkar er borin fram í því skyni að leita eftir jarðhitanum og rannsaka hann miklu meira en gert hefur verið. Og við erum sannfærðir um það, að þessi fjárveiting mun skila sér aftur í þjóðarbúið með vöxtum og vaxtavöxtum.

Við gerum till. um það, að á 17. gr. fjárlaga verði hækkað framlag til vatnsveitna. Samþ. var í nefndinni að hækka þá fjárveitingu upp í 2 millj. kr., en hefði að sjálfsögðu þurft að vera miklu meira, því að ógreiddur kostnaður ríkisins vegna vatnsveitnanna mun nú vera um eða yfir 2 millj. kr., og eru þá framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að framkvæma á næsta ári, þar alveg fyrir utan. Kunnugt er það, að áður fyrr voru vatnsveitur kauptúna og þorpa hinar frumstæðustu. Með vaxandi hreinlæti, auknum iðnaði og fólksfjölgun eru þessar vatnsveitur algerlega ófullnægjandi, svo að ýmis byggðarlög standa nú í stórum framkvæmdum til þess að koma á nýjum vatnsveitum. Framkvæmdir þessar eru yfirleitt mjög kostnaðarsamar, og einnig er erfitt að draga framkvæmdina og næstum því ómögulegt að gera hana í áföngum. Þess vegna ber mikla nauðsyn til þess að hækka fjárveitinguna, svo að stutt verði við bakið á þeim byggðarlögum, sem standa í slíkum framkvæmdum.

Þá höfum við nokkrir þm. Framsfl. flutt hér á hv. Alþ. frv. til l. til breyt. á l. um vatnsveitur, þar sem gert er ráð fyrir aukinni aðstoð við framkvæmd vatnsveitna. Við treystum því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og þess vegna er nauðsynlegt, að fjárveitingin verði hækkuð.

Einnig höfum við lagt til, að á 17. gr. fjárlaga verði tekinn inn nýr liður, sem er fjárveiting til félagsheimilasjóðs. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lögin um félagsheimilasjóð eru að verða að litlu liði vegna fjárskorts sjóðsins. Stór og glæsileg félagsheimili, sem kostað hafa milljónir, standa nú uppbyggð af sveitarfélögum og félögum í sveitunum, en ríkishlutinn liggur að mestu eða öllu leyti niðri. Það þarf ekki að skýra það fyrir hv. alþm., hversu erfitt það er fyrir fámenn og fjárlítil sveitarfélög að standa undir svo dýrri framkvæmd sem þau hafa gert í trausti þess, að framlag félagsheimilasjóðs kæmi jafnharðan eins og þeirra framlag. En það að þurfa að standa einnig undir framlagi sjóðsins verður til þess, að það verður að litlu meira gagni en það eitt að greiða vexti af vangoldnu framlagi hans. Þess vegna leggjum við á það mikla áherzlu, að þessi 10 millj. kr. fjárveiting verði tekin upp.

Á 20. gr. fjárlaga leggjum við til að gerðar verði nokkrar breyt. Er þar í fyrsta lagi, að aukin verði fjárveiting til þess að byggja á jörðum ríkisins. Þessi till. okkar er um lága fjárhæð, en gæti þó bætt nokkuð úr þeim skorti, sem er af hendi ríkissjóðs til þess að standa að sínum hluta fyrir þessum fjárframlögum. Það er kunnugt þeim, sem til þekkja, að framkvæmdir á jörðum ríkisins hafa dregizt aftur úr, m. a. vegna þess, hvað lítið fé hefur verið ætlað til þess á fjárlögum hverju sinni að standa undir þessum framkvæmdum, og venjulega hefur það verið svo, að fjárveitingunni hefur allri verið eytt fyrir fram. Þess vegna treystum við því, að hv. Alþ. sameinist um það að samþykkja þessa till., og værum við tilbúnir til þess að standa að hærri till.,

ef meiri hluti Alþ. treystir sér til þess. En minna en þetta getur hækkunin á þessum lið ekki verið.

Þá leggjum við einnig til að hækka nokkuð framlag til flugvallagerða og sjúkraflugvalla. Hér er um mikið brennandi fjárhagsmál að ræða, en venjulega er það svo með flugvallagerðina, að hún eyðir fjárveitingunni að mestu fyrir sig fram. Þess vegna þarf að hækka þetta nokkuð verulega ár frá ári, til þess að á árabili væri hægt að leiðrétta eða komast til móts við þörfina að nokkru leyti. Það er tiltölulega stutt síðan flugið var tekið upp sem þáttur í samgöngumálum okkar, en með hverju ári sem líður er það veigameiri og áhrifaríkari þáttur í þeirri starfsemi, og mundi að sjálfsögðu verða enn þá meira, ef við gætum lagt meira fé til flugvallagerða. Þessari till. okkar er sem öðrum till. okkar stillt mjög í hóf, og við treystum því, að það náist um hana samkomulag fyrir lokaafgreiðslu fjárlaganna.

Ég vék að því fyrr í ræðu minni, að ef atvinnubótasjóðurinn ætti að hafa svipaða fjárveitingu nú, miðað við heildartölu fjárlaganna, eins og hann hafði 1958, þá ætti fjárveitingin að vera 45 millj. kr. Honum er nú ákvörðuð samkv. sérstökum lögum 10 millj. kr. fjárveiting af hendi ríkisins, og er fjárlagafrv. miðað við þá fjárveitingu. Á yfirstandandi ári var stjórn atvinnubótasjóðs neydd til vegna þeirra verkefna, sem hún hefur að sinna, að ráðstafa meira en hálfum tekjum sjóðsins 1964, svo að raunverulega hefur hún nú innan við 5 millj. kr. til þeirra verka, sem hún á að sinna á næsta ári. Með breyt., sem gerð var á starfsemi sjóðsins nú fyrir nokkrum árum, var starfsemi hans færð mjög út, svo að hann var látinn styðja öll skipakaup í landinu. Þetta kostaði hann að sjálfsögðu mikið fé. Og nú er vitanlegt, að á næsta ári verður mjög mikið um umsóknir vegna nýrra skipakaupa. Nú er það sannast að segja, að fjárhæð sú, sem sjóðurinn hefur lánað til skipakaupa, er orðin brosleg. Þegar um er að ræða skip, sem kostar 10—15 millj. kr., þá er það í raun og veru brosleg fjárhæð að lána 200 þús., en það hefur verið hámark þeirra lána, sem sjóðurinn hefur veitt. Þó að hámark væri ekki hækkað, mundu þessar 10 millj. kr., sem við leggjum til að hækka fjárveitingu til sjóðsins, ekki hrökkva nema til þess að mæta þeim verkefnum með svipuðum hætti og verið hefur undanfarið, sem sjóðurinn þarf að sinna á næsta ári. Ef þessi sjóður á að verða að þeim notum, sem hugsað er með lagasetningunni og starfseminni frá upphafi, þá verður hann að fá aukið fé. Og það er ekki nema eðlilegt, að ríkið styðji meira að þeirri uppbyggingu, sem þar á sér stað. Og það er í fyllsta samræmi við upphafsorð form. fjvn., þegar hann benti á það, að fjárveiting gæti skipt sköpum fyrir hin smáu byggðarlög. Og það getur alveg skipt sköpum fyrir hin einstöku byggðarlög úti um landið, hvort þessi sjóður getur stutt þar að uppbyggingu eða eigi. En það er alveg vonlaust, að hann geti þar nokkuð á árinu 1964, sem heitið geti, með þeirri fjárhæð, sem hann hefur þá til ráðstöfunar, ef ekkert verður meira að gert. Þess vegna verður ekki hægt að komast hjá því að auka möguleika sjóðsins til útlánastarfsemi, og við treystum því fastlega, að þessi till. okkar nái fram að ganga.

Síðasta till. okkar er um að veita 10 millj. kr. í fiskirannsóknaskip. Þetta er eitt af þeim verkefnum, sem íslenzka þjóðin getur ekki látið dragast úr hömlu öllu lengur. Hér er um framkvæmd að ræða, sem kosta mun nokkra tugi millj. kr., og það er vonlaust að koma málinu áfram nema veita verulega fjárhæð, til þess að það dragist ekki lengi, því að m. a. þeir möguleikar, sem nú eru um tekjur vegna þessara framkvæmda, rýrna ár frá ári með vaxandi dýrtíð. Þess vegna verður að horfast í augu við þá staðreynd, að ef þetta mál á að ná fram að ganga, þá verður að koma til fjárveiting samkv. fjárlögum, og þess vegna gerum við till. um það.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni hér að framan lýst viðhorfi okkar til till. nefndarinnar, til starfs nefndarinnar og lýst till. okkar. Ég hef einnig lýst stjórnarstefnunni og áhrifum hennar á þjóðlífið. Þetta fjárlagafrv. er eins og önnur fjárlagafrv. spegilmynd af þeirri stjórnarstefnu, sem ríkjandi er á hverjum tíma. En einkenni þessa fjárlagafrv. er aukinn rekstrarkostnaður ríkissjóðs, hlutfallslega minni framlög til uppbyggingar í landinu, aukin útfærsla á ríkiskerfinu, fleiri krónur í skattheimtu af þegnunum til ríkissjóðs, vaxandi dýrtíð, hærri fjárlög. Fjárlagafrv. fyrir árið 1964 er því í fullu samræmi við stefnu hæstv. ríkisstj.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Eins og formaður fjvn. lýsti í ræðu sinni, hefur n. haft frv. til fjárlaga til athugunar á mjög mörgum fundum undanfarið. Þótt þrjú nál. komi fram og ágreiningur sé um afgreiðslu frv., er það öðru nær en deilur hafi staðið í n. allan þann tíma, sem málið hefur verið til afgreiðslu þar. Það er ekki fyrr en í lokin, að leiðir skilur milli nefndarhlutanna vegna þess grundvallarágreinings um þjóðmálin, sem fyrir hendi er milli flokkanna. Ég vil við þetta tækifæri flytja samnm. mínum þakkir fyrir ánægjulegt og prýðilegt samstarf og þó sérstaklega formanninum fyrir eindæma lipurð og samstarfsvilja.

N. flytur sameiginlega fjölmargar till. um leiðréttingar og breytingar á frv. Um þær er það að segja, að Alþb. er sammála þeim flestum, en hefði gjarnan viljað, að ríflegri fjárframlög hefðu fengizt til ýmissa nytjamála. Alþb. er óbundið af afstöðu til einstakra till. og brtt. við þær. Sumum till. er ég í rauninni andvígur, en taldi ekki ástæðu til að gera sérstakan ágreining um þær, þar sem áskilinn er réttur til að flytja brtt. við þær eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Af þeim till. get ég nefnt t. d. hækkun til sendiráðs í

París og hækkun á liðnum „annar kostnaður" við sakadómaraembættið, sem samkv. brtt. á að nema hvorki meira né minna en 2 millj. 545 þús. kr. eða nærri jafnmiklu og allur kostnaður af embættinu var áætlaður fyrir árið 1961.

Þegar fjárlagafrv. er til afgreiðslu nú, blasa afleiðingar viðreisnarstefnunnar hvarvetna við í ömurlegri mynd. Í stað fasts verðlags, sem átti að vera eitt aðalmarkmið þessarar stefnu í efnahagsmálum, geisar nú stórfelldari verðbólga en þekkzt hefur hér á landi og finnast mundi, þótt víða væri leitað í heiminum. Í stað þess, að þessi stefna átti að gera undirstöðuatvinnuvegunum kleift að standa á eigin fótum án styrkja og uppbóta, er hag sjávarútvegsins svo komið, að forráðamenn hans telja, að hann geti ekki af eigin rammleik greitt kaup, sem væri eyri hærra en í dag, og hefur þó 20% lægri kaupmátt en það hafði, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Svo er þrengt að bændum, að fjöldi jarða í búsældarlegustu sveitum landsins leggst í eyði á ári hverju. Þessi stefna hefur á hinn bóginn reynzt fær um að tryggja ýmsum öðrum aðilum, ýmsum milliliðum, svo mikinn gróða, svo stóran hlut af þeim verðmætum, sem launþegar skapa, að þeir hafa naumast haft undan að koma honum fyrir í byggingum, stórhýsum um alla Reykjavík. Þessari stefnu, viðreisnarstefnunni, hefur verið sérstaklega beitt til þess að létta skattabyrðinni af þessum gróðafyrirtækjum, svo að ágóðinn yrði ekki hirtur af þeim aftur, yrði ekki ráðstafað í almannaþarfir. Viðreisnarstefnan hefur gert þeim, sem innangengt eiga í lánastofnanir, kleift að gera húsnæðisskort almennings að gróðalind fyrir sig, enda eru allir þessir aðilar ánægðir með viðreisnarstefnuna og óttast ekkert frekar en það, að snúið verði við af verðbólgubrautinni. En þessi stefna, sem svo vel hefur reynzt gróðaöflunum í landinu, hefur ekki reynzt fær um að tryggja það, að þeir þjóðfélagsþegnar, sem vinna framleiðslustörfin, erfiðustu störfin við verstu aðstæðurnar, geti framfleytt sér og fjölskyldum sínum fyrir laun 8 stunda vinnudags, enda hefur þeirri stefnu aldrei verið ætlað það. Hún er miðuð við hagsmuni annarra aðila í þjóðfélaginu. Félagsmenn verkalýðssamtakanna, þeir þjóðfélagsþegnar, sem færa grundvallarverðmætin í þjóðarbúið, eru nú því orðnir úrkula vonar um, að þessi stefna geti fært þeim annað en áframhaldandi rýrnun lífskjara og aukinn vinnuþrældóm. Þeirra þolinmæði er því þrotin, og meginhlutinn af allri verkalýðsstétt landsins hefur því lagt niður vinnu, ekki til þess að heimta að fá að raka saman gróða, eins og stórfyrirtækin og verðbólgubraskararnir hafa gert undanfarin ár, heldur til þess eins að fá að þokast nær því að geta unnið fyrir brýnustu lífsnauðsynjum með því að vinna 8 klst. á dag allt árið um kring. Jafnvel þótt allar kröfur væru greiddar, dygði 8 klst. vinnudagur ekki að fullu til í öllu dýrtíðarflóðinu. Það eru ekki undur, þótt verkafólkið spyrji: Er ekki eitthvað bogið við þá stjórnarstefnu, sem færir framleiðslustéttunum rýrnandi lífskjör, samtímis því sem þessar stéttir framleiða meira en þær hafa nokkru sinni áður gert?

Ef hér hefði verið óáran, aflabrestur, minnkandi framleiðsla, verðfall á afurðum eða einhverjar gildar ástæður, þá stæði vissulega ekki á launþegum að taka þær til greina. En eins og ég áður gat, er öðru nær en að svo hafi verið, og verkamenn í Reykjavík ganga þess ekki duldir, hvert arðurinn hefur runnið. Þeim hafa nefnilega sjálfum verið greiddar 29 kr. eða sumum meira á tímann við að koma nokkrum hluta hans í lóg í bankahöllum og stórhýsum innflutningsfyrirtækja hér upp með allri Suðurlandsbrautinni og víðar í bænum. Þeir hafa, verkamennirnir, fengið að kynnast því, hvert arðurinn af vinnu þeirra hefur farið, þegar vinnuafl þeirra hefur verið notað til þess að koma upp íbúðablokkum. Þeim hefur svo verið boðið að kaupa aftur vinnuafl sitt til baka á margföldu verði, og það hafa þeir margir orðið að gera og verða síðan að þræla enn lengri vinnudag og skapa enn fleiri aðilum gróða af enn fleiri byggingum til þess að geta staðið undir því að búa í þeim húsum, sem þeir hafa sjálfir byggt.

Í eyrum verkafólks hefur jafnan klingt: Hækkað kaup, aukinn kaupmátt er aðeins hægt að veita af aukinni framleiðslu. Allt annað er óraunhæft tal. Bíðið með kröfur ykkar, þar til framleiðslan hefur vaxið. — En nú hafa þeir, sem framleiðslustörfin vinna, lifað það einmitt undir viðreisnarstjórn, að stóraukinn afli og bætt tækni hefur stóraukið framleiðsluverðmætin. Þau síldarsumur, sem menn biðu eftir í hálfan annan áratug, hafa nú komið eitt af öðru, stærri og meiri en þekkzt hefur áður í sögu landsins. Og nú er ekki aðeins talað um síldarsumur, jafnframt mikilli sumarsíldveiði hefur bætzt við nýr framleiðsluþáttur, vetrarsíldveiði sunnanlands, sem er alger viðbót við framleiðsluna, eins og hún var fyrir nokkrum árum. Það hefði því átt að vera komið að því, að eitthvað af þessum auknu verðmætum færi að koma til skipta og verkalýðsstéttin hlyti nú viðbót við þann hlut, sem hún hafði fyrir. Það hlaut nú að vera kominn sá tími, að hún hlyti meira raunverulegt kaup fyrir hverja vinnustund en áður var vegna þessarar aukningar á framleiðslunni. Eftir þessu hafði henni verið sagt að bíða. En niðurstaðan varð allt önnur. Eftir að viðreisnarstjórnin hefur nú verið við völd í 4 ár, hefur verkafólk ekki aðeins verið svikið um allan sinn hlut af aukinni þjóðarframleiðslu, sem stóraukinn afli hefur gefið, heldur hafa launin að auki verið rýrð svo, að kaupmáttur tímakaupsins er nú 20% lægri en hann var, þegar viðreisnarstjórnin tók við, en þá hafði verið algert aflaleysi á síldveiðum í samfellt 15 ár. Hver skyldu lífskjörin vera, ef aflaleysi norðanlands hefði haldizt og vetrarsíldveiðin ekki komið til?

Hvernig hefur reynzt unnt að koma í veg fyrir bætt lífskjör almennings undir þessum kringumstæðum? Hvernig hefur verið hægt að

koma í veg fyrir, að kjörin séu betri í dag, eftir að þau síldarsumur, sem beðið var eftir, hafa komið á hverju ári? Hvernig hefur verið unnt að koma í veg fyrir, að lífskjör almennings séu betri í dag en eftir hálfs annars áratugs aflaleysi á síldveiðum? Til þess hefur þurft sérstaka stjórnarstefnu, viðreisnarstefnu. Þeir, sem fyrir henni hafa staðið, hafa fyrst og fremst stuðzt við það, sem þeir kalla sjálfir „gengislækkunarleik". Með stórfelldum gengislækkunum hefur verð á innfluttri vöru verið hækkað gífurlega í íslenzkum krónum. Ofan á þá hækkun hefur verið bætt svo til jafnháu tollaálagi og áður var í prósentum talið og þannig sópað óhemju fjármagni til ríkissjóðs, og síðan til að fullkomna verkið verið bætt við söluskatti á allar neyzluvörur, sem sumar hverjar og þær algengustu í neyzlu almennings eru þannig skattlagðar í fyrsta sinn í sögunni. Með öllu þessu hefur innheimta tolla og skatta til ríkisins verið aukin gífurlega, sem bezt sést á því, að á fjárlfrv. fyrir næsta ár eru þeir ráðgerðir um 1450 millj. kr. hærri en þeir voru á fjárl. 1959, eða sem svarar 8 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Svo langt er gengið í skattheimtunni, að seilzt er eftir því að ná inn tekjum langt umfram það, sem ráðstafað er til útgjalda á fjárlögum, og mynda þannig greiðsluafgang til þess að draga með því fé úr umferð. Með þessum aðgerðum viðreisnarstjórnarinnar hefur ekki aðeins verið sópað gífurlegum fjárhæðum frá almenningi í ríkissjóð, með þeim hefur einnig í grundvallaratriðum verið breytt sjálfri tilhöguninni á tekjuöflun ríkisins, þannig að sérstaklega og skipulega hefur verið unnið að því, að þeim, sem njóta þeirrar gróðamyndunar í þjóðfélaginu, sem viðreisnarstjórnin hefur búið í haginn fyrir með stefnu sinni, sé sem mest hlíft við því að greiða af þeim gróða skatta til ríkisins eða af þeim eignum, sem gróðinn myndar. Þess vegna hefur verið minnkaður hlutfallslega sá hluti ríkisteknanna, sem fenginn er með sköttum, sem lagðir eru á stighækkandi eftir tekjum og eignum. Á hinn bóginn hefur hlutfallslega verið aukinn sá hluti ríkisteknanna, sem fenginn er með tollaálagningu, innflutningsgjöldum og söluskatti og er greiddur af öllum almennum neyzluvörum, þannig að stærstu heimilin borga hæstu upphæðirnar. Þessar álögur hafa verið lagðar ofan á það vöruverð, sem endurteknar gengislækkanir hafa stórkostlega hækkað. Þetta eru þær álögur, sem almenningur er að sligast undir. Samkv. fjárlfrv. og brtt. meiri hl. fjvn. við það er tekju- og eignarskattur áætlaður á næsta ári 245 millj. kr., en allur söluskattur, innflutningsgjöld og aðflutningsgjöld samtals um 1930 millj. kr. Ef borið er saman innbyrðis hlutfall milli þeirra skatta, sem lagðir eru á stighækkandi og með hækkuðum tekjum og eignum, og hinna, sem lagðir eru á almennar neyzluvörur, nú og á næsta ári áður en viðreisnarstjórnin kom til valda, kemur í ljós, að fyrir hverja eina krónu, sem 1958 var greidd í tekju- og eignarskatt, námu neyzluskattar 3.50 kr., en nú hefur sú breyting á orðið, að fyrir hverja krónu, sem áætlað er að á næsta ári verði greidd í tekju- og eignarskatt, munu neyzluskattarnir nema 7.90 kr. Það fer ekkert á milli mála, hverjir hafa notið góðs af þessum breytingum, sem gerðar hafa verið á innheimtuaðferð ríkissjóðs, og hverjir hafa goldið þeirra. Þeir tekjuhæstu, sem greiddu háa tekjuskatta, hafa losnað við miklar upphæðir, sem þeir hefðu að óbreyttu þurft að greiða, en þeir, sem lágar tekjur höfðu, greiddu lítinn sem engan tekjuskatt fyrir og njóta því í litlu eða engu lækkunarinnar á tekjuskattsstiganum.

Ég hef áður í öðru máli sýnt fram á það með raunhæfum tölum beint úr skattskrám, að á sama tíma og tekjuskattar á ákveðnum hópi hátekjumanna voru lækkaðir samtals um 60 þús. kr. á einu ári, lækkaði tekjuskattur á jafnmörgum mönnum með verkamannatekjur um 4000 kr. samtals eða 15 sinnum lægri upphæð.

En er þá e. t. v. á þennan hátt verið að breyta skattakerfinu til samræmis við það, sem gerist í nágrannalöndum okkar? Það er öðru nær en að svo sé. Af hverjum 100 kr., sem Danir greiða í samanlagða tekju-, eignar- og neyzluskatta, eru tekju- og eignarskattarnir 41 kr., en hér á landi 12 kr. Danir virðast þess vegna ekki hafa uppgötvað viðreisnarréttlætið enn þá.

Þannig hefur hinum margvíslegustu aðferðum verið beitt til þess að auka álögur á almenning, jafnframt því sem gróðafélögum hafa verið gefnar sem frjálsastar hendur til gróðamyndunar og þau samtímis losuð sem mest við að þurfa að skila nokkru af þessum gróða til ríkisins. Afleiðingarnar hafa svo verið sívaxandi verðbólga og stöðugt rýrari kaupmáttur tímakaups. Fyrst eftir að þessar ráðstafanir voru gerðar, naut ríkissjóður aðeins góðs af þeim. Hann sópaði til sín tekjum, en það tók að sjálfsögðu nokkurn tíma, að áhrifin bærust til baka og stjórnin stæði við afgreiðslu fjárlaga frammi fyrir því að kljást við þau áhrif, og það var engu líkara en að stjórnarherrarnir héldu, að það kæmi ekki til þess, að þeir þyrftu nokkurn tíma að kljást við afleiðingar stefnu sinnar og aðgerða. Þeir voru furðulega djarfir við að gera enn frekari ráðstafanir, sem hlutu að auka á vöxt verðbólgunnar, svo sem með stórfelldri hækkun vaxta, sem hefur t. d. ofan á allar aðrar hækkanir á byggingarkostnaði hækkað húsnæðiskostnaðinn stórlega og orðið veigamikil ástæða til krafna almennings um launahækkun. Afleiðingarnar af þessari þenslustefnu allri hlutu að sjálfsögðu að koma fram, og hver hækkunin rak aðra í öllu efnahagslífinu. En stjórnarflokkarnir uggðu ekki að sér við afgreiðslu fjárlaga tæpu ári eftir að gengislækkunin mikla var framkvæmd, heldur töldu sjálfum sér trú um, að komið væri á fast verðlag, árleg aukning útgjalda ríkisins væri úr sögunni, og svo furðu-

legt sem það var, töldu þeir sér trú um, að með beinum verðbólguráðstöfunum hefðu þeir komið í veg fyrir árlega aukningu ríkisútgjalda.

Við afgreiðslu þess fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, þarf þó enginn að efast um, hvaða afleiðingar þær ráðstafanir, sem viðreisnarstjórnin hefur staðið fyrir, hafa haft á ríkisbúskapinn. Frv., sem mótast af árangri þeirrar stefnu, sem átti að koma í veg fyrir árlega útgjaldaaukningu ríkissjóðs, er 1100 millj. kr. hærra en það fjárlfrv. var, sem verið var að afgreiða, þegar stuðningsmenn ríkisstj. kepptust mest við að lýsa yfir þeim árangri, sem stefnan mundi hafa og kæmi fram á næstu árum í föstu verðlagi og lítilli breytingu á upphæð ríkistekna, þ. e. a. s. sköttum og tollum. Það var helzt að heyra, að það yrði helzt fólksfjölgunin í landinu, 1—2%, sem mundi hreyfa fjárl. til hækkunar. En þessir tollar og skattar munu samkv. brtt. meiri hl. fjvn. verða á þeim fjárl., sem nú er verið að afgreiða, um 960 millj. kr. hærri en á fjárlögum 1961, en það er um 76% hækkun á þremur árum. Stefna ríkisstj. hefur valdið slíkri óðaverðbólgu, að hækkunin á fjárlögum frá 1962—1963 og frá 1963—1964 er í hvort skiptið fyrir sig meiri en hækkunin var, þegar sjálf höfuðaðgerðin í efnahagsmálum var framkvæmd 1960, með hinni stórfelldu gengislækkun. Hið „normala" ástand undir viðreisnarstjórn, þegar engar slíkar stóraðgerðir eru gerðar, sem raska öllum upphæðum í þjóðfélaginu, veldur þannig meiri skrúfu, meiri þenslu en jafnvel sjálf grundvallarbreytingin á genginu olli á sínum tíma og öllum þótti nóg um.

Þetta segir sína sögu um það, hve sú verðbólgustefna, sem ríkisstj. hefur rekið, er stóreyðileggjandi fyrir efnahagslífið í landinu. En hún þjónar hins vegar vel þeim tilgangi að færa verðbólgugróðann á hendur skjólstæðinga ríkisstj. Í þeim tilgangi er líka til hennar stofnað, og þess vegna vilja þessir skjólstæðingar viðreisnarstjórnarinnar, verðbólgubraskararnir í landinu, fyrir engan mun missa hana. Það er sýnilega ekki heldur ætlun stjórnarflokkanna að gera neinar þær ráðstafanir, sem orðið gætu til þess að draga úr þessari óheillaþróun fyrir alþýðu manna. Skattpíningarstefnunni á að halda miskunnarlaust áfram, og allt er gert, sem unnt er, til þess að sópa sem mestum fjárhæðum í ríkissjóð og seilast eftir óhóflegum greiðsluafgangi, sem fæst samtímis greiðsluhalla við útlönd. Hann á svo að jafna með erlendum lántökum.

Hins vegar er engin viðleitni höfð í frammi til sparnaðar á nokkrum rekstrarútgjöldum. Oftast hefur þess þó verið gætt að sýna a. m. k. í orði, að stjórnarflokkarnir gætu jafnvel hugsað sér, að orðið „sparnaður" væri til afnota fyrir fleiri en alþýðuheimilin í landinu, jafnvel við samningu fjárlaga ríkisins verði menn að muna eftir því, að það orð er til. A. m. k. hafa alloft verið höfð í frammi loforð og fyrirheit um, að í framtíðinni skuli reynt að spara á einhverjum liðum. En nú er ekki einu sinni minnzt á sparnað. Það er engu líkara en að sá dýrtíðarflaumur, sem nú byltist fram, dragi úr stjórnarliðinu allan mátt til að reyna að hamla á móti þeim ósköpum með svo áhrifalitlum aðgerðum, sem það sýnist vera að reyna að spara á einhverjum liðum fjárlaga. Ég held, að því sé ekki einu sinni borið við í þetta skiptið að lofa því að spara einhvern tíma seinna, enda er þess naumast að vænta, að stjórnarflokkarnir herði sig upp til þess, þegar höfð eru í huga afdrif fyrri sparnaðarloforða.

Það er ekki ýkja langt síðan stjórnarflokkarnir samþykktu breytingar á tilhögun við álagningu tekjuskatta og eignarskatta. Þannig fengu þeir tækifærið til þess að ráða skjólstæðinga sína í ný störf, kjördæmaskattstjóra um allt land. Og þeim varð það á að lofa sparnaði um leið. Kostnaður við skattaálagningu er á núgildandi fjárl. áætlaður 8 millj. 479 þús. kr. og mun mörgum þykja ærið fé. En nýja kerfið, sem átti að spara kostnaðinn, er nú farið að verka. Og nú er áætlað, að kostnaður á næsta ári hækki um 78% eða rúmlega um 7 millj. kr. á einu ári og verði 15½ millj. kr. Allslæmt er nú með ýmsa liði á fjárlögum, sem engum sparnaði var lofað á, en það er þó yfirleitt hrein hátíð í samanburði við þá liði, sem lofað var að lækka.

Þá var heitið úrræðum til sparnaðar á bifreiðakostnaði ríkisins. Það virðist líka hafa haft sín áhrif, sá liður hækkar úr 1 millj. kr. í 4 millj. kr. á næsta ári. Það er líklega eftirsóknarverðast, að stjórnarflokkarnir láti það sem minnst henda sig að tala um sparnað á einstökum liðum. Þeir þjóta bara þeim mun hærra upp á fjárlögum.

Það er því ekki aðeins, að einkenni fjárlagafrv. sé hin óhemjulega skattheimta, heldur er útþenslustefnan á rekstrarliðum annað einkenni. Hið þriðja er svo það, að einasta aðgátin, sem á er höfð, er sú, að framlögum til nauðsynlegustu framkvæmda er haldið niðri. Ríkisbáknið hefur þanizt út í stjórnartíð viðreisnarstjórnarinnar. T. d. sést, ef borin eru saman fjárlög 1958 og frv. fyrir næsta ár, að kostnaður við 3 embætti ríkisins, borgardómara-, borgarfógeta- og sakadómaraembættið, hefur á þeim tíma hækkað úr 2.9 millj. kr. í 13 millj. kr. eða um 10.1 millj. kr. Það er 348% hækkun. Það væri líklega ekki talið gott, ef þær stofnanir, sem heimili eru kölluð, hefðu á sama tíma gert jafnmiklar kröfur um aukið rekstrarfé. Það er ekki einleikið, hve það hefur haft öfug áhrif, ef lofað hefur verið sparnaði á einstökum liðum. Það rætist á sama hátt og loforðið um fast verðlag, sem rætzt hefur með óðaverðbólgu.

Eitt af sparnaðarloforðunum varðaði ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli. Það fyrirheit hefur verið efnt á þann hátt, að sá kostnaður hefur aukizt um 2 millj. kr. síðan 1960 eða um 50%. Þannig helzt útþenslan á rekstrarliðunum í hendur við stöðugt auknar álögur.

Áður en ég kem að því að gera grein fyrir þeim till., sem ég flyt til breyt. á fjárlagafrv., vil ég geta þess, að ýmis mál eru óafgreidd hjá n. og bíða 3. umr., svo sem byggingarmál

sjúkrahúsa, framlög til nýrra raforkuframkvæmda, vegamál og niðurgreiðsla á vöruverði. Um þau mál hef ég því ekki gert brtt. að þessu sinni né heldur við tekjuáætlun frv., fyrr en sýnt er, hverja afgreiðslu þær brtt. fá, sem ég hef lagt fram, og í ljós kemur, hvort samkomulag fæst í n. um þau mál, sem óafgreidd eru þar.

Varðandi tekjuáætlunina hefur það komið fram, að ætlunin sé að hækka persónufrádrátt við álagningu tekjuskatts, og það er látið líta út sem eitthvert fyrirheit ríkisstj. um kjarabætur. Það er auðvitað hin mesta fjarstæða að líta þannig á, þegar tekið er tillit til hinnar feikilegu verðbólgu, síðan tekjuskattsstiginn var samþykktur. Það hefur ekki til þessa verið talið til sérstakra kjarabóta frá hendi stjórnarvalda, að tekjuskattsstigar hafi verið leiðréttir til samræmis við hækkað verðlag í landinu. Meðan launþegar fengu hækkað verðlag bætt með vísitöluálagi á laun, sáu skattstofurnar einfaldlega um að færa skattstigana til í samræmi við breytingar á vísitölunni, svo að tekjur, sem voru hliðstæðar frá ári til árs, þótt hærri væru að krónutölu, lentu ekki í hlutfallslega hærri skattstiga en áður. Þetta var sjálfsagt framkvæmdaatriði, sem enginn maður minntist sérstaklega á, hvað þá að það væri auglýst sem einhverjar kjarabætur. En svo litlu telur hæstv. núv. ríkisstj. sig hafa af að státa í sambandi við hagsmuni launþega í landinu, að hún er nú að burðast við að auglýsa þessi framkvæmdaatriði við skattálagningu, sem jafnan hafa verið talin sjálfsögð, sem einhverja jólagjöf frá sér. Það má segja, að lítið dregur vesælan.

Þá kem ég að brtt. þeim, er nál. mínu fylgja. Fyrstu fjórum brtt. er rétt að gera grein fyrir í einu lagi, þar sem þær miða allar að því sama marki, að Íslendingar sameini sendiráð sín á Norðurlöndum í eitt. Íslendingar eru örsmá þjóð, og taka verður tillit til þess, þegar ráðstafað er sameiginlega fé landsmanna. Litlum þjóðum hættir stundum til þess, líklega af einhvers konar dulinni minnimáttarkennd, að ganga lengra fram í því en góðu hófi gegnir að keppa við stórþjóðirnar um að láta á sér bera, og ráðast þó í að halda uppi starfsemi, sem í rauninni er fjárhagsgetu þeirra ofviða með tilliti til takmarkaðrar nauðsynjar og gagnsemi þess, sem í er ráðizt. Þannig er það með þá þrákelkni okkar að stritast við að eiga ambassadora í öllum löndunum þrem, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, þegar almenn skynsemi segir okkur, að fyrir verkefni þessara sendiráða ætti að vera unnt að sjá með einu sameiginlegu sendiráði á Norðurlöndum. Það er ekki einu sinni svo, að við höfum til þessa gert vinaþjóðum okkar á Norðurlöndum jafnt undir höfði með því að hafa ambassadora hjá þeim öllum og getum ekki hnikað málunum til þess vegna. Í Finnlandi er þarlendur ræðismaður, og ber ekki á öðru en það sé fullkomlega nægilegt til að annast fyrirgreiðslur fyrir Íslendinga og til að halda uppi heiðri Íslands, en það er hann, sem verið er að slægjast eftir með ambassadorastritinu annars staðar á Norðurlöndum. Áður voru á þessum stöðum sendiherrar, nú eru þeir orðnir ambassadorar. Ekki hefur það dregið úr útgjöldunum. Ég minnist þess úr menntaskóla, að sögukennarinn þar hélt því fram við nemendur, að ef erlend þjóð vildi ná sér niðri á Íslendingum á prúðan hátt, þá þyrfti hún ekki annað en gera sendiherra sinn að ambassador, þá neyddust Íslendingar til þess að gera slíkt hið sama, en smáþjóð sem Íslendingar ætti nóg með að halda úti sendiherrum sínum, þótt henni væri ekki gerður sá óleikur að breyta þeim í ambassadora, og var á honum að heyra, að slíkar auknar mannvirðingar krefðust aukinna útgjalda.

Þessi krafa og till. um, að Íslendingar láti skynsemina ráða og viðurkenni af hógværð og hjartans lítillæti, að það sé ekki skynsemi í því að hafa þrjá ambassadora á Norðurlöndum, þegar einn dugir, hefur verið borin fram í mörg ár. Slíkan hljómgrunn á þessi till., að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, sem ár eftir ár hafa fellt till., hafa þó sjálfir í ræðum boðað þann sparnað, að af þessu verði, en jafnan rétt síðan upp hönd gegn því, að sparnaðurinn verði framkvæmdur. Er jafnan látið líta svo út, sem viljinn sé fyrir hendi, en svo seint hafi verið farið að hugsa fyrir þessu, að ekki sé hægt að láta verða af framkvæmdum á næstu fjárl., og svo endurtekur sagan sig næst. Ég hef lagt til, að á næsta ári verði veitt allverulegt fé til eins sendiráðs á Norðurlöndum, jafnmikið og á frv. er samtals ætlað til sendiráðanna í Kaupmannahöfn og Osló, þannig að gert er ráð fyrir því, að nokkur kostnaður verði af ríkjandi tilhögun á næsta ári, en á því tímabili verði þó gengið frá skipulagsbreytingunni. Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að sendiráðin á Norðurlöndum kosti samanlagt um 6.2 millj. kr. Með till. minni er gert ráð fyrir að spara um 1.6 millj. kr. á næsta ári, en sá sparnaður ætti að geta allt að því tvöfaldazt, þegar skipulagsbreytingin væri komin á og gilti allt árið. Ég held, að það sé meira en kominn tími til, að við látum verða af þessu. Allir flokkar eða a. m. k. þrír þeirra hafa látið þá skoðun uppi, að þessa breytingu beri að gera, og ég fæ ekki séð, að það sé eftir neinu að bíða.

Þá hef ég gert till. um, að lækkaður verði kostnaður við sendiráðið í París, en það ásamt svokallaðri skrifstofu fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC, sem ekkert hefur þar að gera, kostar íslenzku þjóðina 3.7 millj. kr. á ári og miklu meira en nokkurt annað sendiráð Íslands, jafnmikið og sendiráðin í Stokkhólmi og Osló samanlagt. Lagt er til, að lagt verði fyrir þessa aðila úti í París að halda uppi starfsemi sinni innan þeirra takmarka, sem 3 millj. kr. fjárveiting leyfir, og virðist það þó allnokkuð.

Þá legg ég til, að felldur verði niður liðurinn „kostnaður vegna Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins". Ekkert er jafnfráleitt og að þjóð sem Íslendingar, sem aldrei hafa borið vopn og í hjarta sínu fyrirlíta alla hermennsku, gerist þátttakandi í hernaðarsam-

lögum stórþjóða og hervelda, og þó svo að við höfum látið ginna okkur til að gera slíka hluti og látum land okkar undir herbækistöð, þá fer auðvitað bezt á því, að við látum ekki sjá okkur á ráðstefnum aðildarríkjanna. Meðal slíkra höfum við ekkert til mála að leggja, enda virðast þeir fylgismenn hernaðarbandalagsins, sem sæti eiga hér á hv. Alþingi, helzt kjósa að líta á slíkar sendiferðir sem aðhlátursefni, hvað þá heldur almenningur í landinu, en skemmtanaskatturinn, sem þjóðin borgar, 185 þús. kr. á ári, er nokkuð mikill og væri betur varið til þarflegri hluta.

Við 11. gr. flyt ég brtt. við liðinn: ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli, í því skyni, að lækkuð verði þau óhemju útgjöld, sem við Íslendingar höfum af því að kosta löggæzlu á svæði hinna svokölluðu „verndara" okkar suður á Keflavíkurflugvelli. En kostnaður við þá starfsemi hefur hækkað ár frá ári og um 2 millj. kr. síðan 1960 eða um 50% og er áætlaður á næsta ári tæpar 6 millj. kr. Samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli kosti þjóðina, auk rúml. millj. kr. kostnaðar við embætti lögreglustjóra þar, meira fé en rekstur búnaðarskólanna og garðyrkjuskólans samanlagt og meira fé en varið er á fjárlögum, hvort heldur er til skógræktarinnar í landinu eða sandgræðslunnar. Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli kostar okkur 50% meira fé en ríkisstjórnarflokkarnir telja þjóðina hafa efni á að ráðstafa úr ríkissjóði til að byggja íþróttamannvirki í landinu. Svona geta þær krónur, sem píndar eru út úr skattþegnum í landinu, komið þjóðinni að misjafnlega miklu gagni. Við afgreiðslu fjárlaga er á ári hverju bitizt og togazt á um 10—100 þús. kr. framlag til að halda uppi nauðsynlegri löggæzlu úti á landi, aðallega á vertíðum. En á sama tíma er eytt um 6 millj. kr. til að halda uppi löggæzlu meðal erlendra dáta, sem ættu ekki að vera til í landinu. Ég hef ekki trú á, að það ylli neinum vandræðum suður á Miðnesheiði, þótt þessi kostnaður væri skorinn niður í 3.9 millj. kr. og lækkaður um þær nál. 2 millj., sem hann hefur hækkað um síðan 1960.

Á fjárlagafrv. er ráðgert, að 4 millj. kr. verði varið til almannavarna. Fyrir því hafa verið færð margvísleg rök, að aðalástæðan til þess, að gera mætti ráð fyrir þörf á almannavörnum, ef þær annars hafa nokkurt gildi, er sú einfalda staðreynd, að herstöðvarnar eru skotmörk í hernaðarátökum. Þær leiða því hættuna yfir landsbúa og því meiri sem herstöðvarnar eru taldar mikilvægari. Til þess að forðast afleiðingar hernaðarátaka um Ísland er því starfræksla almannavarna ekki lausnarorðið, heldur er hitt vitið meira að losa sig við hættuvaldinn, skotmörkin, herstöðina, og bægja þannig hættunni frá, en ríghalda sér ekki við það að kljást aðeins við afleiðingarnar af því að leyfa herveldi að búa um sig hér á landi. Það er hæpin framkoma gagnvart landsbúum, svo að ekki sé meira sagt, að stofna þeim fyrst í stórfelldan lífsháska með því að leyfa útlendingum að setja upp skotmörk í landinu og heimta svo milljónir króna út úr skattpíndum almenningi til þess að hafa uppi einhverja tilburði um varnir, sem eins líklegt er að séu tilgangslausar gagnvart þeim lífsháska, sem landsmönnum hefur með þessum tiltektum verið stofnað í. Um það eru skiptar skoðanir, hvort nokkrum vörnum verði við komið í kjarnorkustyrjöld, þegar andrúmsloft, vatn og allir hlutir aðrir verða geislavirkir, og hvort til nokkurs sé að eyða fé til þeirra. Framlag til almannavarna er á frv. áætlað 3 millj. kr. hærra en á núgildandi fjárlögum. Um fyrirhugaðar framkvæmdir er nokkuð getið í aths. með frv., en frekari upplýsingar fengust ekki í n. og þótt óskað væri eftir, að forstöðumaður almannavarna mætti hjá n., þá varð ekki af því, að hann gerði það, hann virtist aldrei fyrirfinnast á yfirborði jarðar. Er fjarvist hans eitt af því örfáa, sem ég hef yfir að kvarta varðandi störf fjvn.

Ætla verður, að fjórföldun framlags til almannavarna, samtímis því sem kalda stríðinu virðist vera að slota í heiminum og hugmyndir og ótti um heitt stríð fjarlægari en um langt árabil, sé ákveðin með hliðsjón af fyrirhuguðum framkvæmdum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði, og er það að því leyti til rökrétt ályktun stjórnarvaldanna um stóraukna styrjaldarhættu og stóraukna lífshættu fyrir Íslendinga, sem af því mundi leiða. Íslendingar, sem fagnað hafa bættum friðarhorfum í heiminum, munu þó flestir álykta sem svo, að skynsamlegra væri að stuðla að því að koma í veg fyrir, að á almannavörnum þurfi að halda, með því að hverfa frá öllum fyrirætlunum um aukningu hernaðarmannvirkja í landinu og afnema þau, sem fyrir eru. Ég hef því lagt til í samræmi við þetta, að liðurinn til almannavarna verði ákveðinn ekki 4 millj. kr., heldur ½ millj. kr., og hef þá í huga, að eitt af hlutverkum almannavarna er að gera ráðstafanir til að reyna að forða tjóni af völdum náttúruhamfara, en á þeim megum við Íslendingar jafnan eiga von, eins og reynslan sýnir.

Við 11. gr. hef ég einnig gert till. um breyt. á liðnum: kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur. Núv. ríkisstj. hefur með lagasetningu gerbreytt því kerfi, sem beitt var áður við álagningu beinna skatta. Hæstv. núv. fjmrh. boðaði þessa breytingu við 1. umr. um fjárlög fyrir árið 1961 og sagði, að með þessu ætti m. a. að vinnast lækkun útgjalda. Þegar frv. um lagabreytinguna sá dagsins ljós, leyfðu margir sér að draga í efa, að af breytingunni hlytist sparnaður, hvað sem um annað væri að segja, þar sem bætt var inn í kerfið nýjum kjördæmaskattstjórum, en skattanefndir hins vegar lagðar niður. Það liggur nú fyrir, hver hefur orðið sparnaðurinn af þessum breytingum. Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við álagningu beinna skatta hækki frá fjárl. þessa árs um ríflega 7 millj. kr. Svona fór um sjóferð þá. Þegar svona fer um þær ráðstafanir, sem auglýstar eru sem sérstakar sparnaðarráðstafanir, er naumast við öðru að

búast en aðrir liðir bólgni út, þeir sem engu hefur verið sérstaklega lofað um sparnað á, enda er ekki laust við, að svo sé. Landsmenn mundu þó eflaust sætta sig betur við svo verulegan kostnað við álagningu skatta, ef a. m. k. hluta þess kostnaðar væri varið til þess að stemma stigu við þeirri ósvinnu, sem allir virðast sammála um að viðgangist, að fjöldi gjaldenda, sem sérstaka aðstöðu hefur, telji ekki fram nema hluta af tekjum sínum og kemst upp með það alla tíð. Aðstaða annarra er sú, að þeir hafa engin tök á að draga nokkrar tekjur undan skatti og eru skattlagðir fyrir hverja krónu, sem þeim er greidd, og verða þannig að greiða hærri skatta og útsvör en ella, ef allar tekjur kæmu fram og væru skattlagðar. Hver einasti maður getur tilnefnt fólk, sem sýnir með öllum lifnaðarháttum sínum, að það hefur miklum mun meiri tekjur en aðrir þeir, sem hærri skatta greiða, og við fjölmörg fyrirtæki í landinu munu finnast dæmi þess, að starfsmenn, sem hafa ekki nema til hnífs og skeiðar, greiða hærri skatta en forstöðumennirnir, sem hafa mörg járn í eldinum og búa við þá lifnaðarhætti, sem þarf margföld laun hvers starfsmanns til þess að standa undir. Slíkt ástand er uppeldislega séð ekki hollt og hvetur ekki til þegnskapar. Aðrar þjóðir virðast ekki vera í vandræðum með að halda uppi svo ströngum aðferðum og svo miklu aðhaldi í þessu efni, að skattsvik hætta menn naumast á þar. Ég tel, að ekki væri ósanngjarnt að ætlast til þess, að tæpum helmingi þeirrar hækkunar, sem ráðgerð er til að greiða kostnað af skattaálagningu á næsta ári, verði varið til sérstaks skatteftirlits, sem tryggi með öllum tiltækum ráðum, að komið verði í veg fyrir þau skattsvik, sem árum saman hafa viðgengizt í landinu og bitna síðan í hærri sköttum á þeim launþegum, sem fá allar tekjur sínar taldar fram. Þess vegna hef ég lagt til, að við greinartextann: kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur — bætist: af fé þessu skal eigi minna en 3 millj. kr. varið til sérstaks eftirlits með skattframtölum. — Þetta ákvæði er þó aðeins hugsað til bráðabirgða. Þessa starfsemi skattstofunnar þarf að ákveða með lögum og reglugerðum, sem ekki má dragast að verði sett.

Við 12. gr. fjárlfrv. hef ég gert brtt. þess efnis, að veittar verði 250 þús. kr. sem byrjunarframlag til að kaupa og setja upp lyftu í Vífilsstaðahælið. Vífilsstaðahæli er þriggja hæða bygging auk kjallara, en þar er engin lyfta. Gerir það að sjálfsögðu bæði sjúklingum og starfsfólki mjög erfitt fyrir. Sú breyting hefur orðið á Vífilsstöðum undanfarin ár, að jafnhliða því sem berklasjúklingum hefur fækkað, hefur þar fjölgað mjög eldra fólki, sem er þar af öðrum orsökum en berklaveiki. Það eykur enn á þörfina, að komið verði fyrir lyftu í húsinu. Mjög erfitt er yfirleitt fyrir sjúkrahúsin að fá starfsfólk og því erfiðara sem aðbúnaður til starfa er lakari. Vífilsstaðahæli stendur að því leyti mjög illa að vígi, þar sem það er lyftulaust, og eru miklir erfiðleikar á að halda þar starfsfólki, ef ekki verður úr bætt.

Við 13. gr. A hef ég gert eina brtt. Eins og ég áður hef tekið fram, geri ég ekki við þessa umr. brtt. um framlög til vegamála, þar sem þau eru órædd í n. og bíða 3. umr. Þá kemur það og til, að til afgreiðslu er hið nýja vegalagafrv. og ekki enn þá séð, hvaða breytingar verða gerðar á því í meðförum þingsins, en það tengist að sjálfsögðu ákvörðunum um framlög til vegamála. Eitt mál er það þó í sambandi við vegamálin, sem ég tel að hafi svo mikla sérstöðu, að þar komist ekkert annað nærri. Það er hið algera umferðaröngþveiti, sem nú ríkir að staðaldri á fjölförnustu umferðarleið landsins, Hafnarfjarðarveginum, þar sem hann liggur um Kópavog, og ég lýsti við 1. umr. um vegalagafrv. og einnig var rætt við 2. umr. Ég hef því viljað leggja sérstaka áherzlu á sérstöðu þessa vandamáls með því að flytja þá till. eina um vegamál við þessa umr., því að hvað sem öðru líður og hvernig sem vegalög verða afgreidd, verður ekki hjá því komizt, að ríkissjóður leggi fram fé til úrbóta í þessu efni, og það má alls ekki dragast. Um Fossvogsbrú fara nú um 15 þús. farartæki á dag, þ. e. a. s. rúmlega 10 á hverri mínútu að meðaltali allan sólarhringinn og að sjálfsögðu miklum mun meira, þegar umferðin er mest. Þá rofnar ekki bílalestin í báðar áttir tímum saman. Ég veit ekki nákvæmlega, á hve mörgum stöðum hliðargötur liggja út á aðalakbrautina á svæðinu milli Fossvogslækjar og Kópavogslækjar, en mér er nær að halda, að það sé á um það bil 15 stöðum. Þarna, þar sem mikill fjöldi skólabarna fer daglega um, vofa slysin yfir á hverjum degi þrátt fyrir allar varúðarráðstafanir, auk þess sem umferð getur ekki gengið svo greitt sem nauðsynlegt er. Fram til þessa hafa kröfur um úrbætur í þessu efni beinzt að vegamálastjórninni, en samkv. því frv. til vegalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því, að Kópavogskaupstaður taki við þessu verkefni og fái til þess rúma 1 millj. kr. á ári, en heimilt er þó samkv. frv. að veita til sérstaklega nauðsynlegra framkvæmda af sérstöku framlagi, sem nemur alls um 2.7 millj. kr. á ári. Þau bæjarfélög, sem fá af aukaframlaginu, geta þó ekki fengið af því næstu 5 ár á eftir. Þetta þýðir, að Kópavogskaupstaður gæti í hæsta lagi fengið tæpar 4 millj. kr. fyrsta árið, þó að hann fengi allt aukaframlagið, og síðan ekki nema rúma milljón á ári næstu 5 ár. Eins og frv. er úr garði gert að þessu leyti og ef ekkert kemur annað til, er komið í veg fyrir, að í náinni framtíð verði bætt úr því vandamáli, sem alvarlegast er í umferðarmálum á Íslandi í dag. Hér þarf því að koma til kasta ríkisins nú þegar. Fram hjá því verður ekki heldur litið, að a. m. k. helmingur þeirrar umferðar, sem um þetta svæði fer, er umferð annarra aðila en þeirra, sem erindi eiga sérstaklega í Kópavog. Þar liggur þjóðbraut til Hafnarfjarðar og Suðurnesja. Hvert einasta farartæki, sem þangað fer, verður að fara

um þennan veg. Á Kópavogskaupstað verður því ekki lögð sú skylda að leysa úr því umferðaröngþveiti, sem á þessum vegi er. Úrbætur á þessum vegakafla eru verkefni ríkisins. Ýmsar leiðir koma að sjálfsögðu til greina, aðalatriðið er, að verkefninu verði sinnt án tafar. En ég hef lagt til, að veittar verði á fjárlögum næsta árs 6 millj. kr. í þessu skyni. Sú upphæð dugir eðlilega ekki til fullnaðarframkvæmda og yrði byrjunarframlag, sem tryggði, að ekki drægist lengur, að í framkvæmdir yrði ráðizt.

Við 13. gr. C hef ég gert till. um hækkun á framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta úr 17 millj. kr. í 25 millj. kr. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir sömu upphæð og er á núgildandi fjárl., en sú tala hefur hækkað um 550 þús. kr. í meðförum fjvn. Kostnaður við hafnarframkvæmdir mun hafa hækkað um 15% á árinu, og ætti þá upphæðin, til þess að hún eigi ekki að teljast beinlínis lægri en í fyrra, að hækka af þeim sökum einum um 2½ millj. kr., og má þó þar til viðbótar telja víst, að kostnaður hækki á næsta ári vegna fyrirsjáanlegra launahækkana, og einnig má búast við, að vegna afnáms verðlagseftirlits á farmgjöldum verði þau hærri á næsta ári en þegar núgildandi fjárlög voru samin, og eru þó fremur orðin það nú þegar. Víðast hvar á landinu eru hafnarmálin brýnustu vandamál sveitarstjórnanna, ekki sízt eftir að meðalstærð báta hefur aukizt verulega hin síðari ár samhliða fjölgun skipanna. Ríkissjóður er í verulegum vanskilum með greiðslur til sveitarfélaga vegna hafnarframkvæmda þeirra. Um n. k. áramót munu þessar skuldir að líkindum nema um 30 millj. kr. Nauðsynlegt er að lækka þennan skuldahala og gera sveitarfélögunum kleift að halda áfram hafnarframkvæmdum, sem víða eru það hagsmunamál, sem mest er brennandi. Enn mun ástandið í hafnarmálum í heild ekki vera betra en svo, að meiri hl. þeirra skemmda, sem á skipastólnum verða, á sér stað í höfnunum. Meðan svo er, má framlag ríkisins ekki fara hlutfallslega lækkandi, eins og verða mundi samkvæmt fjárlagafrv., og hef ég því lagt til, að það hækki um 25 millj. kr.

Um ráðstöfun eða skiptingu á þeirri hækkun, sem ég legg til að samþykkt verði, á milli einstakra hafna mun ég ekki fjalla fyrr en ljóst er, hvort hún fæst samþykkt. En þó vil ég geta einnar hafnar sérstaklega, sem ég tel mjög afskipta og ekki fékkst nægileg leiðrétting á innan nefndarinnar. Þar á ég við Kópavogshöfn, sem of oft hefur verið afskipt áður. Fyrir n. voru lagðar þær upplýsingar, sem eru rangar og ég mótmælti, að ekki væri ætlun Kópavogskaupstaðar að vinna að hafnarframkvæmdum á næsta ári. N. var gert mjög erfitt um vik við ákvörðun um skiptingu hafnafjár, þar sem till. um það og nauðsynlegar upplýsingar bárust ekki fyrr en á síðustu stundu, og er það algerlega óviðunandi í svo viðamiklu máli, en upplýsingar og till. bárust þeirri undirnefnd fjvn., sem um hafnarmálin fjallaði, ekki fyrr en að morgni 10. des., og að morgni næsta dags voru þessi mál afgreidd úr fjvn. Ég hef síðan fengið í hendur bréf bæjarstjóra Kópavogskaupstaðar, þar sem hann sækir fyrir hönd bæjarins hinn 2. febr. 1963 um hluta af enska framkvæmdaláninu til hafnarframkvæmda, sem bærinn hyggst ráðast í. Því bréfi fylgdi lýsing og kostnaðaráætlun frá vitamálastjóra frá 19. jan. s. l. um þessar framkvæmdir, svo að það hefði ekki átt að þurfa að fara neitt á milli mála um fyrirætlanir bæjaryfirvalda Kópavogskaupstaðar. Kaupstaðurinn gat ekki fengið fyrirgreiðslu vitamálaskrifstofunnar til tæknilegs undirbúnings framkvæmdanna vegna skorts á verkfræðingum, en hjá stofnuninni munu nú starfa aðeins tveir verkfræðingar, en þyrftu að vera 8, ef vel ætti að vera. Kópavogsbær leitaði þá aðstoðar annarra aðila í þessu máli. En ég tel varhugavert að haga svo skiptingu hafnafjár, að óhjákvæmilega lítur svo út, að þeir, sem hafa þann hátt á til að hraða tæknilegum undirbúningi framkvæmda að leita aðstoðar annarra en þeirrar opinberu stofnunar, sem vegna verkfræðingaskorts getur ekki annað því, verði látnir gjalda þessa áhuga síns, þegar úthlutað er fé til hafnarframkvæmda. Kópavogskaupstaður er að því leyti verr staddur en aðrir kaupstaðir, að hann er miklu skemmra á veg kominn en þeir að byggja sína höfn. En framlag til Kópavogshafnar sker sig algerlega úr í till. þeim, sem gerðar hafa verið um fjárveitingar til kaupstaðanna. Tveir kaupstaðir fá 700 þús. kr. hvor, þrír fá 600 þús. kr. hver, einn fær 500 þús., fjórir fá 450 þús., einn fær 300 þús., en talið var, að hann ætti fé til ráðstöfunar til hafnarframkvæmda, framlag, sem honum hafði áður verið veitt í annars konar mannvirki, sem hætt væri við að byggja, svo að upphæðir kaupstaðanna eru þá 700 þús., 600 þús., 500 þús. og 450 þús. kr. Svo kemur Kópavogskaupstaður, sem er að verða þriðji stærsti bær landsins, með 250 þús. kr. fjárveitingu, og það er ekki í fyrsta sinn, sem hans hlutur er smærri en efni standa til. Vandamál fiskvinnslustöðvanna í dag er ekki sízt það að fá starfsfólk. Margir hafa sótt um aðstöðu við Kópavogshöfn, vegna þess að þar eru möguleikar á að fá vinnuafl, sem til þessa hefur ekki verið nýtt, a. m. k. ekki við útflutningsframleiðsluna. Þess vegna er því fé vel varið, sem veitt er til þess að bæta aðstöðu í Kópavogshöfn, og lágmarkskrafa, að hlutur Kópavogsbæjar sé ekki hlutfallslega miklu minni en annarra og að ekki sé byggt á röngum upplýsingum við úthlutunina.

Þá hef ég flutt aðra brtt. við 13. gr., á þá lund, að stýrimannaskólanum verði veittar 25 þús. kr. til útgáfu kennslubóka, sem stofnunina skortir. Má varla minna vera en skólinn hafi þær kennslubækur, sem nauðsynlegar eru, til þess að starfsemi hans komi að gagni.

Við 14. gr. hef ég flutt brtt. þess efnis, að framlag til íþróttasjóðs hækki úr 2 millj. kr. í 5½ millj. kr. Hag íþróttasjóðs er svo illa komið,

að algert óefni má teljast. Í lögum er kveðið á um skyldu ríkisins til að greiða hluta af byggingarkostnaði íþróttamannvirkja í landinu, en fjárveitingar á fjárlögum hafa verið af svo skornum skammti og í svo miklu ósamræmi við þá greiðsluskyldu, sem myndast á ári hverju vegna framkvæmda ýmissa aðila í þessum málum, að skuldir sjóðsins við þá, sem byggja íþróttamannvirki, aukast ár frá ári. Er því naumast um annað að ræða en hækka bein framlög til íþróttasjóðs eða finna honum fleiri tekjustofna. Einnig þarf að koma meira skipulagi á framkvæmdir í íþróttamannvirkjagerð, þannig að ekki sé svo á málum haldið, að í einu og sama sveitarfélagi sé t. d. byrjað á byggingu jafnvel nokkurra mannvirkja, sem síðan eru öll í byggingu árum saman og ekkert þeirra kemur að notum. Í stað þess þarf að beina fjármagninu hverju sinni í nauðsynlegustu framkvæmdina og ljúka henni á sem skemmstum tíma. Til þess að íþróttasjóður geti fullnægt skyldum sínum á næsta ári, þyrfti framlagið að vera um 30 millj. kr. vegna samansafnaðra skulda, og verður sýnilega ekki hjá því komizt að hækka framlagið meir en í 3 millj. kr., og hef ég, eins og áður greindi, lagt til, að það verði ákveðið 5½ millj.

Menn skyldu ætla, að svo áhugasamir sem Íslendingar eru um fortíð sína og sögu, væri eitt af meiri háttar verkefnum þjóðminjasafnsins það að annast fornleifarannsóknir og þær væru skipulega og að staðaldri stundaðar. En því er ekki að heilsa. Til rannsókna og ferðakostnaðar eru stofnuninni ætlaðar 40 þús. kr. á ári. Þegar greiddur hefur verið rekstrarkostnaður bifreiðar, er, svo sem hver maður getur séð, lítið eða ekkert eftir til að sinna fornleifarannsóknum. Ég hef því lagt til, að liður þessi verði hækkaður í 100 þús. kr., sem að vísu er of lágt, en sýndi þó vilja Alþingis, að þessu þjóðlega verkefni verði sinnt meira en unnt hefur verið til þessa og kunnáttumönnum okkar á þessu sviði fengin aukin verkefni til að spreyta sig á.

Við 14. gr. hef ég enn fremur flutt þá brtt., að framlag til skálda, rithöfunda og listamanna verði hækkað úr 2 134 456 kr. í 3.1 millj. kr., og er þá miðað við sem næst 45% hækkun, til jafns við þá meðalhækkun, sem orðið hefur á launum opinberra starfsmanna á þessu ári. Hafi launahækkun til opinberra starfsmanna verið miðuð við það, að þeir hafi dregizt aftur úr undanfarin ár, á það ekki síður við um rithöfunda, skáld og listamenn. Í síhækkandi verðlagi hefur hlutur þeirra rýrnað ár frá ári. Og með því að áætla framlagið á fjárlfrv. ekki hærra en í fyrra, þrátt fyrir allar verðhækkanir, er sýnilega til þess ætlazt, að þeirra hlutur rýrni enn í þetta skipti. Þótt við séum allir áhugasamir um efnahagslega og tæknilega uppbyggingu í landinu, megum við ekki láta það verða til þess að loka augunum fyrir öðrum verðmætum. Hlutfallslega mjög litlu af tíma Alþingis er varið til umr. um menningarmál, en við afgreiðslu fjárlaga ætti ekki að koma fram slíkt vanmat á starfi skapandi listamanna sem upphæðin á fjárlagafrv. til skálda, rithöfunda og listamanna ber vitni um. Við tryggðum ekki rétt okkar til að teljast sérstök þjóð með innflutningi á verkfærum og byggingu verksmiðja, þótt allt sé það nauðsynlegt. Tunga okkar og sjálfstæð lifandi menningarstörf er þar grundvöllurinn. Í þeirri baráttu, sem þjóðin þarf að staðaldri að heyja fyrir sjálfstæðri tilveru sinni og aldrei má niður falla, hlýtur hún ekki síst að treysta á rithöfunda sína, skáld og listamenn. Við megum því ekki láta framlög til þeirra dragast sífellt aftur úr, eins og við metum störf þeirra einskis.

Við 16. gr. geri ég till. um, að framlag til búreikningaskrifstofu Búnaðarfélags Íslands verði hækkað úr 100 þús. kr. í 300 þús. kr. Um gildi landbúnaðar á Íslandi og stöðu hans í efnahagslífinu og allan tilverurétt hafa löngum staðið miklar deilur, og margir eru þar kallaðir, sem koma fram sem sérfræðingar í umr. og fella dóma um þessa hluti. Sannleikurinn er þó sá, að verulega skortir á um viðunandi gögn í þessum málum og þá ekki síst reglulega og nákvæmlega færða búreikninga. Til þessa hefur skort nægjanlega fjárveitingu í þessu skyni, til þess að þessara grundvallargagna yrði aflað sem þyrfti, og ég hef því gert till. um, að úr þessu yrði bætt að nokkru leyti með því að hækka fjárveitinguna til búreikningaskrifstofunnar í 300 þús. kr.

Þá hef ég á 16. gr. einnig gert till. um hækkun á framlagi til fiskileitar og síldarrannsókna og veiðitilrauna úr 9 millj. 50 þús. kr. í 15 millj. kr. Næstum allur útflutningur okkar er fiskur og fiskafurðir. Öll okkar afkoma er því háð þeim afla, sem dreginn er úr sjó. Á meðan við höfum ekki lagt meiri áherzlu en nú á fullvinnslu fisks og höfum því ekki þær verksmiðjur og tæki, sem þarf til þess að margfalda verðmæti aflamagnsins, en leggjum í staðinn alla áherzluna á aukningu fiskiskipaflotans, verðum við enn um skeið að treysta á aflamagnið nær eingöngu, og byggjum við í rauninni, meðan svo er, allar okkar vonir um aukna þjóðarframleiðslu á síauknu aflamagni. Þetta er hættuleg stefna, sem þarf að breytast í þá átt, að við hættum að keppa fyrst og fremst eftir sífellt meira aflamagni, því að þar getur hámarkið legið skemmra undan en okkur grunar. En í dag er staðreyndin sú, fram hjá henni verður ekki gengið, að það er aflamagnið, sem ræður mestu um afkomuna. Þess vegna verðum við í samræmi við það að gera skipulegar ráðstafanir til þess að auðvelda fiskiskipum okkar að ná hámarksafköstum jafnt með fiskileit og tilraunum með nýja veiðitækni. Einkum er orðið knýjandi, að togaraflotanum verði sinnt að þessu leyti. Afkoma togaranna hefur um nokkuð langt árabil verið svo léleg, að jafnan liggur við stöðvun. Samt hefur á þessum tíma verið svo stórlega dregið úr því, að sinnt sé fiskileit fyrir þá, að segja má, að sú þjónusta sé úr sögunni. Vegna þess, hversu útbúnaði togaranna er áfátt um geymslu aflans, miðað við skip margra annarra þjóða,

sem útbúa sín skip frystivélum og vinna aflann um borð, þá er þeim mjög erfitt um vik að sækja á fjarlæg mið án þess að hafa upplýsingar um veiðihorfur á einstökum svæðum. Nýjustu togararnir okkar eru þó upphaflega byggðir að stærðinni til sérstaklega til þess að sækja langt til fanga. En þegar langt er sótt og geymslumöguleikar litlir, er sá tími, sem togararnir geta verið að veiðum á miðunum, mjög takmarkaður og því alveg undir hælinn lagt, hvort þeir hitta á þau svæði á víðáttumiklum miðum, eins og Nýfundnalandsmiðunum, þar sem helzt er afla að fá, en hann getur að sjálfsögðu verið mjög mismunandi á einstökum stöðum á miðunum. Til þess að auka aflavon togaranna þurfa þeir að hafa stuðning af skipi, sem fyrst og fremst fer um veiðisvæðin og leitar að fiski, en of mikið hefur verið um það, að hafi fiskileitarskip verið send af stað, hafa þau um of leitazt við að fá sjálf afla, en farið þeim mun minna um svæðin. Erlendar þjóðir, sem stunda að staðaldri veiðar við Nýfundnaland, hafa a. m. k. sumar hverjar leitarskip, sem einungis leita að fiski og færa sig af svæðunum og á önnur, þegar fiskiskipin koma á staðinn eftir tilvísun þeirra. Ég hef orðið var við, að togarasjómönnum finnst þessu máli allt of lítið sinnt og þykir mikill munur vera á þjónustunni við vélbátaflotann að þessu leyti, t. d. á síldveiðum á sumrin, þegar bæði skipum og flugvélum er beitt við síldarleit. Togarasjómenn kvarta jafnvel yfir því, að þeir fái ekki svo mikið sem upplýsingar um legu hafíssins á þeim svæðum, sem þeir þurfa að fara um. Þessum málum þarf að sinna betur, og til þess þarf að veita fé. Það má vera, að sumum þyki slík starfsemi dýr. En það er líka dýrt að láta hvern togara með fullri áhöfn þjálfaðri til veiða og öll veiðitæki þurfa að eyða mestum tíma sínum í leit að upplýsingum, sem sérstakt leitarskip gæti veitt öllum flotanum. Það segir líka lítið um veiðimöguleikana á Nýfundnalandsmiðum t. d., þótt einhver togari fari þangað og leiti að fiski á þeim víðáttumiklu miðum þá örfáu daga, sem hann hefur til þess, og fái svo e. t. v. lítinn afla og verði að snúa heim. En árangurinn af þessari för eru einu upplýsingarnar og verða jafnvel dómur hjá öllum flotanum um veiðihorfur á þessum fjarlægu miðum.

Vandamál togaraútgerðarinnar eru mjög alvarleg, og það er á því fullkomin nauðsyn, að aukin verði framlög til fiskileitar, ef það mætti verða til þess að bæta hag hennar.

Í sambandi við mál togaraútgerðarinnar vil ég geta þess, að mig undrar nokkuð, að út af fjárlagafrv. skuli hafa verið tekið framlag til togaranna, 15 millj. kr., sem er á núgildandi fjárlögum. Að vísu var þá miðað við, að um bætur fyrir liðinn tíma væri að ræða. En útgerðina skiptir ekki mestu, fyrir hvað látið er heita, að stuðningur sé veittur. Aðalatriðið er, að hann sé veittur, og það er ekki síður þörf á honum nú en í fyrra. Ég hef ekki gert till. um, að liðurinn verði tekinn upp á fjárlög aftur, þar sem þetta mál hefur enn ekki komið til umr. í fjvn. og engar upplýsingar liggja fyrir um það, hvað ríkisstj. hyggst fyrir um stuðning við togaraútgerðina. Og ég vildi leyfa mér að óska eftir því, að hæstv. sjútvmrh. skýrði þingheimi frá því nú við 2. umr. um fjárlögin, hvers er að vænta í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti tel, að hjá fjárhagsaðstoð í einhverri mynd til togaraflotans verði ekki komizt.

Síðasta brtt. mín við 16. gr. er um byggingu iðnskóla í Hafnarfirði. Iðnskólinn í Hafnarfirði er gömul og gegn stofnun, sem lengi var til húsa í Flensborgarskólanum, en hefur nú um skeið verið í leiguhúsnæði hjá Bæjar- og héraðsbókasafninu í Hafnarfirði. Iðnskólinn þrengir að rekstri bókasafnsins og hamlar ýmsum þáttum í rekstri þess. Auk þess er húsnæði það, sem hann hefur til afnota, svo lítið fyrir skólann, að til vandræða horfir. Fjórar bekkjardeildir eru þar í tveimur stofum, svo að kenna verður frá kl. 8 á morgnana og langt fram á kvöld. Það er því ætlun forráðamanna bæjarins að hefja byggingu nýs iðnskóla og hafa sótt um fjárstyrk til þess til fjvn., en einhverra hluta vegna sýnist það hafa farizt fyrir að senda tilskilin gögn til fræðslumálastjóra á réttum tíma, og virðist sem það atriði eigi að koma í veg fyrir, að Hafnfirðingar hljóti þá fyrirgreiðslu í þessu efni, sem lagt er til í till. fjvn. að veita Reykvíkingum, Selfyssingum og Akureyringum. Ég held, og það vita allir aðrir nm. fjvn., að þess finnast dæmi við afgreiðslu þessa fjárlagafrv., að erindi, sem send hafa verið fjvn., hafa verið þannig úr garði gerð, að þau hafa ekki beinlínis verið meðmæli með því, að þeim yrði sinnt, þrátt fyrir að það hafi verið gert, einmitt vegna þess að nm. hafa ekki viljað láta góð málefni gjalda þess, hvernig á málum kann að vera haldið og umsóknum er hagað frá þeim, sem sótt hafa. Þess vegna er það einnig ástæðulaust í sambandi við iðnskóla Hafnarfjarðar.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að afsaka það, að gögn hafa ekki verið send réttum aðilum á réttum tíma, svo að hægt er að túlka þau vinnubrögð sem takmarkaðan áhuga á málinu. En þó svo að núverandi ráðamönnum Hafnarfjarðar hafi orðið það á að sinna ekki þessu máli sem skyldi, þá þykir mér ástæðulaust fyrir hv. Alþingi að láta iðnskólann í Hafnarfirði og Hafnfirðinga almennt gjalda þess, og mér þykir sérstaklega sitja illa á stjórnarflokkunum að ætla að láta Hafnfirðinga gjalda þess frekar en þeir gera nú þegar að hafa Sjálfstæðisflokksmenn við forustu í bæjarmálum. Á það er ekki bætandi. Ég hef því lagt til, að við till. fjvn. um styrk til byggingar iðnskóla í Reykjavík, á Akureyri og Selfossi verði bætt styrk til iðnskóla Hafnarfjarðar, 500 þús. kr.

Hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum og víðast hvar í heiminum er lítið á húsnæðisþörf manna sem eina af frumþörfum þeirra, sem ríkinu ber að sjá um að þeir geti fullnægt án þess að þurfa að greiða einhverjum aðilum í þjóðfélaginu stórgróða um leið. Hér er ófullnægð húsnæðisþörf vísasti gróðavegur þeirra, sem yfir fjármagni ráða. Vegna látlausra verð-

hækkana á byggingarefni í kjölfar gengislækkana og vegna vaxtaokurs og álags til þeirra, sem gera sér húsbyggingar að gróðalind, ríkir nú geigvænlegur húsnæðisskortur í Reykjavík og nágrenni og víðar á landinu. Verðlag á húsnæði miðað við launakjör er orðið svo óskaplegt, að 3/4 af árstekjum fyrir 8 stunda vinnu verkamanns fara til greiðslu aðeins á vaxtakostnaði meðalíbúðar. Í rauninni er ekkert það lánakerfi til íbúðabygginga til í landinu, sem geri mönnum kleift að eignast íbúð án þess að bæta á sig margra ára stanzlausum þrældómi ofan á venjulegan vinnudag, og er þó jafnan tvísýnt um, að hún dugi til. Af þeim íbúðum, sem byggðar eru, eru verkamannabústaðir viðráðanlegastir alþýðu manna, og eru þau kjör, sem mönnum eru nú boðin, þó stórum lakari en þegar stofnað var til þeirrar starfsemi. Hvað sem því líður, er það þó svo, að enn rennir margur verkamaðurinn vonaraugum til þessara bygginga og telur sér helzt fært að eignast þar húsnæði fyrir tilstyrk byggingarsjóðs verkamanna. Þessar byggingarframkvæmdir þarf að auka til að reyna að hamla á móti húsnæðisskortinum, sem ævinlega bitnar mest á hinum efnaminnstu og stærstu barnafjölskyldum. Ég hef því lagt til, að framlag til byggingarsjóðs verði hækkað úr 7 millj. kr. í 12 millj. kr.

Á 17. gr. fjárlfrv. eru veittar 15 þús. kr. til Iðnnemasambands Íslands, og er það ærið lág upphæð til svo fjölmennra, en fjárvana félagssamtaka, miðað við þær upphæðir, sem öðrum aðilum eru veittar. Landssamband ísl. iðnaðarmanna, sem eru rík samtök, fá t. d. úr ríkissjóði eigi minna en milljónarfjórðung. Þykir mér lágmark, að Iðnnemasambandinu verði veittar 50 þús. kr., og legg til á þskj. 136, að svo verði gert.

Alþýðusamband Íslands hefur af miklum stórhug ráðizt í að reisa orlofsheimili verkamanna í landi samtakanna austur í Hveragerði. Þar er gert ráð fyrir litlum húsum, sem einstök verkalýðsfélög geta keypt, svo og nauðsynlegum, sameiginlegum byggingum. Það var mikill mannréttinda- og menningarsigur, sem vannst, þegar verkamönnum var tryggður orlofsréttur með lögum. Þegar unninn er að staðaldri jafnlangur vinnudagur og meginhluti verkafólks gerir nú, er gildi þeirrar hvíldar, sem orlofslögin eiga að tryggja, þessu fólki meira virði en nokkru sinni fyrr. En á það hefur frá upphafi skort, að félagsmönnum verkalýðsfélaganna væri búin aðstaða til þess að njóta sumarleyfisins á þann hátt, sem flestir kjósa, að hverfa úr hinu daglega umhverfi, sem menn snúast í, komast með fjölskylduna í skemmtilegt umhverfi og þægilegar aðstæður. Slíkar aðstæður er Alþýðusamband Íslands nú að búa verkafólki, og þá framkvæmd, sem er sómi þjóðarinnar allrar, ber Alþingi að styðja og það myndarlega. Á meðan ríkisstj. vinveitt verkalýðssamtökunum fór með völd, var veitt ein millj. kr. á fjárlögum til þessara framkvæmda, og var milljón þó meira virði þá en nú. Síðan hefur þessi upphæð verið lækkuð og getur deilzt á fleiri aðila. Ég hef gert till. um, að liðurinn til orlofsheimila verkalýðssamtakanna verði orðaður svo: Til orlofsheimila verkalýðssamtaka 1 millj. 475 þús. kr., þar af til Alþýðusambands Íslands eigi minna en 1 millj. kr.

Víðast munu það hafa verið samtök kvenna, sem hafa beitt sér fyrir því, að komið væri upp dagheimilum í bæjum. Ýmist hafa það verið almenn kvenfélög eða verkakvennafélög. Þeim hefur verið ljós hin brýna þörf á slíkum stofnunum fyrir þau heimili, sem einhverra hluta vegna þurfa þess með, að konan vinni úti eða létti störfin á heimilinu með því að koma einu eða fleiri börnum á dagheimili. Rekstur slíkra dagheimila og vistheimila fyrir börn verður dýrari með ári hverju, og þótt ekki fjölgi slíkum stofnunum svo sem þörf væri á, deilist sú upphæð, sem ríkið veitir til styrktar þeim, þó í sífellt fleiri staði. Svo oft fer það saman, að efnahagur þeirra, sem mesta þörf hafa á þjónustu slíkra heimila, er bágari en hinna, sem frekar geta án hennar verið, að ekki má byggja þessa starfsemi á því, að vistgjöld geti staðið undir kostnaði. Vaxandi dýrtíð gerir þá stefnu sífellt erfiðari í framkvæmd, að þeir, sem mesta hafa þörfina, geti notið starfseminnar, og því er brýn nauðsyn á, að ríkið auki nú sinn hlut, sem hefur verið miklum mun lægri en þetta málefni á skilið að hann væri. Ég hef lagt til, að framlagið til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila verði hækkað úr 300 þús. kr. í 600 þús.

Þá kem ég að þeim till., sem ég flyt um breyt. á 20. gr., eignahreyfingum. Fyrsta till. er um 4 millj. kr. framlag til byrjunarframkvæmda við byggingu nýs geðveikrahælis. Á undanförnum árum höfum við Íslendingar unnið margvísleg stórvirki í byggingarmálum. Auk alls þess fjölda, sem byggður hefur verið af dýrum og íburðarmiklum íbúðum, má hvarvetna sjá glæsilegar stórbyggingar, ekki aðeins þeirra gróðafyrirtækja, bankastofnana og annarra, sem hirt hafa drjúgan skerf af þeim arði, sem vinna almennings hefur skapað á undanförnum árum, heldur ný skólahús, félagsheimili og samkomuhús, kirkjur og íþróttamannvirki. Þess vegna er það svo, að flestum, sem kynntu sér þær aðstæður, sem við búum geðsjúklingum varðandi húsnæði og húsbúnað, hlyti að hnykkja við að horfast í augu við þær staðreyndir, sem við blasa í því efni. Það er engu líkara en við höfum gleymt þessu fólki og það búi enn við aðstæður, sem tilheyra allt öðrum tíma en þeim, sem við lifum á.

Á Kleppi er talið, að ef tekinn væri úr notkun sá hluti húsnæðisins, sem er algerlega óhæfur, en er þó notaður nú, mætti telja, að rúm væri fyrir 100 sjúklinga, og væri þá aðbúnaður á nokkurn veginn lægsta stigi, því að húsakynni eru slík, að þau geta aldrei orðið nema á lægsta stigi, þótt sjúklingum fækkaði. En nú eru í þessu húsnæði um 280 sjúklingar, og er þó talið, að eðlileg þörf til jafns við það, sem gerist með öðrum þjóðum, ætti að vera miðuð við 500 rúm. Þess gerist ekki þörf að

lýsa því ástandi, sem ríkir á sjúkrahúsi, sem er í eldgömlum, raunar óhæfum húsakynnum með 280 sjúklinga, þar sem í rauninni komast ekki nema 100 fyrir, enda verður því naumast lýst með þeim orðum, sem hæfa. Það er í rauninni hvort tveggja jafnfurðulegt, að það skuli fást starfsfólk til þess að vinna við þesar aðstæður, og hitt, að þar skuli nokkur sjúklingur geta fengið bata. Ég tek það fram, að þegar ég minnist á þetta mál og flyt um það till., þá er ég ekki að deila á hæstv. núv. ríkisstj. fyrir vanrækslu í þessu efni. Vanrækslan er miklu eldri en svo og verður engum sérstökum kennd. En ég hef þá trú, að menn muni gera sér grein fyrir því, að á meðan við bætum ekki fyrir þá vanrækslu, sem við höfum sýnt þeim sjúklingum, sem eru e. t. v. ólánssamastir af öllu fólki, og gerum það á þann eina hátt, sem um er að ræða, að byggja nýtt geðveikrahæli, þá getum við ekki verið stoltir af neinum þeim glæsilegu skólum, félagsheimilum, kirkjum og samkomusölum, sem við höfum byggt á undanförnum árum. Þegar sá skilningur er fenginn, mun ekki á löngu líða, þar til Kleppsspítalinn heyrir fortíðinni til.

Önnur till., sem ég flyt við 20. gr., er um hækkun á framlagi til byggingarsjóðs Listasafns ríkisins úr 500 þús. í 1 millj. kr. í byggingarsjóð. En vegna síaukinnar dýrtíðar má segja, að þau framlög þoki byggingarmálum þess ekkert áleiðis og þessi upphæð sé í rauninni ekki hærri en svo, að hún geri ekki meira en jafna upp þá rýrnun, sem árlega verður á sjóðnum vegna aukins byggingarkostnaðar ár frá ári. Er því lagt til, að upphæðin verði að þessu sinni höfð tvöföld við það, sem hún hefur verið.

Liðurinn til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða er á fjárlagafrv. 3 millj. kr. hærri en sambærilegur liður á fjárl. frá í fyrra, á núgildandi fjárlögum, hann var í fyrra 1 millj. kr., en er nú áætlaður 4 millj., án þess að séð verði, að til þess liggi nein rök eða gild ástæða. Þessi hækkun, fjórföldun á útgjöldum á einu ári, kemur þvert ofan í sérstök fyrirheit um sparnað á bifreiðakostnaði ríkisins. Er lagt til, að liðurinn verði áætlaður 1½ millj. kr., og virðist ærið nóg að hækka liðinn um 50% frá því í fyrra.

Síðasta brtt., sem ég flyt, er þess efnis, að veittar verði 3 millj. kr. til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips. Framkvæmdir í því máli hafa dregizt ótrúlega á langinn miðað við þá miklu þörf, sem er á því, að Íslendingar, sem allt eiga undir þeim afla, sem hafið gefur, eignist fullkomið haf- og fiskirannsóknarskip til afnota fyrir það mannval sérfræðinga, sem við eigum til þess að annast störf á slíku skipi. Því lengur sem dregst, að hafizt verið handa, því lengur sem máli þessu verður velt og raunhæfar framkvæmdir dregnar á langinn, því meir rýrnar sá byggingarsjóður, sem safnað hefur verið í þessu skyni og mun nú nema líklega um 10 millj. kr. Virðist einsætt, að ríkissjóður taki upp beinar, árlegar fjárveitingar, sem hægt verði að miða við, þegar samið verður um smíði skipsins, og er því gerð till. um, að á næsta ári verði veittar 3 millj. kr. til þess að ýta undir, að framkvæmdir geti hafizt sem fyrst.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns, eru fjárlög nú afgreidd við þær sérstæðu aðstæður, að afleiðingarnar af verðbólgustefnu ríkisstj., skattpíningu hennar og kjaraskerðingu allri hafa náð því hámarki, að verkalýðsstéttin í landinu hefur orðið að hefja víðtækustu verkföll, sem orðið hafa á Íslandi, til þess að freista þess að fá bætta að einhverju leyti a. m. k. þá kjararýrnun, sem þessi stefna ríkisstj. hefur valdið. Þessar afleiðingar blasa við í ljósi þeirrar staðreyndar, að viðreisnarstefnan hefur á tímum uppgripaafla og eindæma góðæra ekki megnað að viðhalda þeim kaupmætti tímakaups verkafólks, sem það bjó við eftir 15 síldarleysissumur, áður en viðreisnarstefnan var tekin upp. Sú stefna hefur ekki aðeins haldið fyrir verkafólki þeim hlut, sem það með réttu á af aukinni framleiðslu, heldur hefur þar á ofan rifið af þeim hlut, sem verkafólk áður hafði. Það er ekki til neins að ætla að kenna kauphækkunum verkafólks um ófarir viðreisnarstefnunar, sem nú er að komast í þrot. Verkafólk býr nú við 20% lægri kaupmátt tímakaups en þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum. Verkafólk hefur ekki aukið sinn hlut, heldur hið gagnstæða. Viðreisnarstefnan hefur, eins og Alþb. sagði fyrir í upphafi, valdið meiri verðbólgu og dýrtíð en landsmenn hafa nokkru sinni áður búið við. Það stríðir því gegn hagsmunum meginþorra þjóðarinnar, að haldið sé áfram á sömu braut. Það eru ekki aðrir en verðbólgubraskararnir og stuðningsmenn þeirra, sem geta óskað eftir sömu stefnu.

Þau fjárlög, sem hér er verið að afgreiða, 1100 millj. kr. hærri en árið 1961, bera í sér verðbólgusýklana og sýna, að ríkisstj. ætlar að halda áfram sömu óheillastefnunni, hvað sem afleiðingunum líður. Það hefur sannazt, að það var full ástæða til að vara við því í upphafi, að haldið yrði út á þessa braut, þegar lögin um efnahagsmál, viðreisnina, voru samþykkt árið 1960. Það er enn meiri ástæða til að vara við áframhaldi þeirrar stefnu. Hæstv. ríkisstj. ætti að vera það raunsæ að sjá af því öngþveiti, sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, hvert sem litið er, að hún hefur stefnt í ófæru. Út í hve mikið öngþveiti telur hæstv. ríkisstj. sig þurfa að komast, til þess að hún sjái sig knúna til að taka tillit til afleiðinga stefnu sinnar? Hún ætti ekki að velja þann kostinn að gera ástandið enn verra, til þess að verða þá óhjákvæmilega knúin af sínum eigin verkum til að hætta þessari fráleitu efnahagsstefnu. Áframhaldandi viðreisn gerir slæmt ástand hálfu verra. Þess vegna er meir en kominn tími til að snúa við.

Þessi markvissa stefna hæstv. ríkisstj. inn í ófæruna minnir mig á skipstjóra á mótorbát, sem ég var á um alllangt skeið. Hann var mjög veðurglöggur. En ég minnist þess, að honum brást bogalistin og lagði í róður í góðri trú á veðrið. En ekki höfðum við lengi siglt, þegar byrjaði að hræla og versnaði, er á leið.

En alltaf var áfram haldið á miðin. Þar kom, að sýnilegt var, að hann var að ganga í foráttuveður, og enn var þrákelknin nóg til að stefnunni var haldið á haf út. Að lokum hraut einum hásetanum af munni: „Að þú skulir vera að strekkja þetta.“ Þá sagði formaðurinn með venjulegri hægð: „Ja, þú segir alveg satt, það væri ekki nema fyrir olíufélögin að halda áfram.“ Og vegna þess að hann hafði enga ástæðu til að láta sér annt um olíufélögin, beið hann ekki boðanna, en sneri við til sama lands og var nú reynslunni ríkari um það, að jafnvel glöggskyggnustu mönnum getur brugðizt spádómsgáfan.

Það er ekki alveg ósvipað um siglingu hæstv. ríkisstj. á þjóðarskútunni á þeirri úfnu leið dýrtíðarinnar, sem hún hefur valið. Hún stefnir þjóðarfleyinu inn í sífellt stærri dýrtíðarholskeflur. En hún fæst ekki til að snúa við. Hún vill sigla áfram lengra á ólgusjó dýrtíðarinnar, þótt engin von sé um hlut úr róðrinum og sífellt verði útlitið verra. Þau græða nefnilega á þessu, olíufélögin, þeir græða á því verðbólgubraskararnir, þess vegna er siglingunni haldið áfram. Þar skilur með hæstv. ríkisstj. og formanninum mínum, hann vildi ekki sigla lengur, þegar honum var ljóst, að það gátu ekki aðrir en olíufélögin grætt á áframhaldandi siglingu. Ríkisstj. gerir sér líka ljóst, hverjir það eru, sem græða á hennar siglingu á þjóðarskútunni. Þess vegna heldur hún áfram siglingunni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 144 og 148, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef lagt fram 5 brtt. við frv. til fjárl. fyrir árið 1964. Allar snerta þessar till. Norðurlandskjördæmi vestra, og ég vil leyfa mér að rökstyðja þær eilítið nánar.

Ég vil þá fyrst nefna þrjár till. um hækkun á framlagi til hafnarframkvæmda og lendingarbóta. Það eru breyt. við 13. gr. C, VII, hafnarmannvirki.

Ég hef lagt til, að 41. liður, Siglufjörður, hækki í 2 millj. Þessi till. er fram borin að ósk bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem hefur beint þeirri áskorun til þm. kjördæmisins, að þeir beiti sér fyrir því, að fjárframlag ríkisins til hafnarframkvæmda á Siglufirði á fjárl. ársins 1964 verði ekki undir 2 millj. kr. Í bréfi þessu eru áréttaðar kröfur bæjarstjórnarinnar, sem áður hafa verið bornar fram fyrir þessari till., og bent á, að áframhaldandi uppbygging hafnarinnar sé mjög mikið nauðsynjamál fyrir kaupstaðinn og mjög mikið velti á, að þessu verði komið í framkvæmd. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þetta bréf, en vil vísa til fyrri blaðaskrifa og umr. um þetta mál og hef sem sagt lagt til, að þessi liður verði hækkaður í 2 millj.

Nú er það svo, að í till. meiri hl. fjvn. er ekki gert ráð fyrir, að neinn staður fái meira en 700 þús. Þar sem mjög líklegt má telja, að meiri hl. telji sér ekki fært að veita einum stað svo háa upphæð, hef ég komið með varatill. um, að staðurinn fái eina millj., enda tel ég, að í rauninni sé sjálfsagt, að stærstu staðirnir, þar sem þörfin er brýnust, fái minnst 1 millj., — að upphæð eins og 600—700 þús. sé helzt til lítil, þegar um slíkar stórframkvæmdir er að ræða. Ég vil geta þess, að í till. þeim, sem 10. landsk. þm., Geir Gunnarsson, hefur lagt fram af hálfu 2. minni hl. fjvn., er gert ráð fyrir, að framlög til hafnarframkvæmda og lendingarbóta hækki um 8 millj. kr. Í þessum samanlögðu þrem till., sem ég vík að hér, er hins vegar gert ráð fyrir hækkun, sem nemur 2 millj. 200 þús., og þar af hef ég nefnt þá fyrstu, sem er 1400 þús.

Í öðru lagi legg ég til, að við 23. lið komi nýr liður, er snertir Hofsós, og þar sé gert ráð fyrir 400 þús. kr. framlagi. Það kom mér nokkuð á óvænt að sjá það, að Hofsós er einn af þeim fáu stöðum á landinu, sem ekki er ætlað neitt fé til hafnarframkvæmda eða lendingarbóta. Ég held, að ég megi áreiðanlega fullyrða það, að óvíða á landinu sé meiri þörf fyrir nokkurt framlag, þar sem svo má heita nú, að höfnin í Hofsósi sé nær ónothæf fyrir stærri báta vegna þess, hversu mikill leir hefur safnazt í höfnina. Þarna er sem sagt aðallega um það að ræða, að staðnum verði veitt nokkurt fé til að dýpka höfnina, og í sambandi við þetta mál, sem ég held að sé vissulega stórmál fyrir þetta byggðarlag, enda hefur mikið um það verið ritað í blöðum, — í sambandi við þetta mál sé ég sérstaka ástæðu til þess að lesa bréf, sem þm. kjördæmisins barst á síðasta ári varðandi hafnarframkvæmdir á Hofsósi, en í þessu bréfi leitaði sveitarstjórnin eftir framlagi úr hinu svokallaða enska láni til sömu framkvæmda og ég hef nú nefnt. Ég held, að þetta sé slíkt stórmál, að ég geti leyft mér að eyða dýrmætum tíma þingsins til að lesa kafla úr því og geri það hér með, með leyfi forseta:

„Allt fram á síðustu ár hefur hér eingöngu verið um að ræða útgerð opinna vélbáta, og getur það ekki skapað stöðuga atvinnu meira en 4—5 mánuði á ári. Má þó ekki mikið út af bera um aflabrögð eða tíðarfar á þessum stutta tíma til að stefna afkomu fólks í hrein vandræði. Það er því öllum augljóst, að athafnalíf og afkomumöguleika er ekki hægt að byggja á slíkri útgerð eingöngu. Verður fólk því í stórum stíl að leita sér atvinnu til annarra byggðarlaga. Blasir því við sú þróun, að fólkið flytji burt fyrir fullt og allt. Unga fólkið myndar heimili sín annars staðar og aðrir keppast að því að komast burtu, jafnvel þó að þeir þurfi að fara frá húsum sínum og eignum verðlausum. Hefur þessi hætta reyndar aldrei verið augljósari en einmitt nú. Það fyrsta, sem af opinberri hálfu þarf að gera til að stöðva þessa þróun, er að gera höfnina þannig úr garði, að skilyrði skapist til útgerðar stærri báta, sem hefðu hér öruggt lægi allt árið. Hin síðari ár hefur nokkuð verið reynt hér með útgerð lítilla þilfarsbáta, en aðstaðan er mjög

erfið og áhættusöm, eins og dæmin sanna, þó að ekki verði hér nefnt, auk þess sem geyma verður þessa báta í öruggari höfnum hluta úr árinu. Til þess að skapa útgerðinni þá þróunarmöguleika, sem nauðsynlegir eru, og gera kleift að gera héðan út fiskibáta af þeirri stærð, sem nú er algengust, þarf að gera lokaða bátahöfn með sæmilegu öryggi í öllum áttum. Vil ég í sambandi við þetta benda á 10 ára áætlun hafnarmálastjórnarinnar, sem einmitt gerir ráð fyrir slíkri lokaðri höfn með þeim tveimur framkvæmdum, sem þar eru áætlaðar."

Ég tel ástæðulaust að lesa meira úr þessu bréfi, sem er alllangt, en vil ítreka það, að ég efast um, að margir staðir á landinu séu jafnilla stæðir hvað þetta snertir eins og þarna kemur fram, því að útgerð stærri báta er nær ómöguleg vegna slæmra hafnarskilyrða og mjög stór hluti af vinnandi mönnum á staðnum verður að leita til annarra byggðarlaga mjög verulegan hluta af árinu til þess að afla sér vinnu, vegna þess að hana er ekki að fá við þau skilyrði, sem nú eru. Ég held sem sagt, að það væri ekki mikil ofrausn af hálfu hv. Alþingis að veita þessu byggðarlagi 400 þús. kr. framlag í stað einskis, eins og meiri hl. fjvn. gerir ráð fyrir, til þess að geta dýpkað höfnina eins og þörf er á.

Þriðji liðurinn, sem ég hef lagt til að hækki að framlögum til hafnarframkvæmda, er á Skagaströnd. Skagstrendingar munu hafa sótt um fjárveitingu eins og Hofsósbúar af hinu enska láni, og þeir eru að því leyti betur stæðir en Hofsósbúar, að þeir hafa fengið ½ millj. og þá fyrst og fremst í því skyni að dýpka höfnina. Helzta verkefni, sem nú er talið liggja fyrir, er að lengja skúffugarð á staðnum um 70 metra, og er höfuðtakmarkið að varna því, að sandur berist inn í höfnina, en ástandið hefur verið þannig að sögn þeirra, sem kunnugir eru, að þessi sandburður inn í höfnina hefur kostað, að þurft hefur að dýpka höfnina þriðja hvert ár. Áætlaður kostnaður við þessa sérframkvæmd er reyndar nokkuð hár, það eru 4—5 millj., en ég held, að enda þótt ekki væri hægt að fá það framlag allt í einu, kannske ekki ástæða til að ætla það, þá væri full ástæða til að hækka þetta framlag um 250 þús., þannig að það yrði 500 þús. kr.

Á undanförnum árum hefur skólanefnd í Blönduósskólahverfi farið fram á að fá fjárveitingu úr ríkissjóði til að stækka barna- og miðskólann á Blönduósi, en þessum till. hefur enn ekki verið sinnt. Skólanefndin á Blönduósi hefur nú enn ítrekað þessar kröfur sínar og bendir á, að það sé mikil þörf á þessu framlagi, og ég hef lagt til, að barna- og miðskólinn á Blönduósi fái 400 þús. kr. hækkun, en í till. meiri hl. fjvn. er reyndar ekki gert ráð fyrir neinu framlagi til þessa verks.

Fimmta till., sem ég flyt við þessa umr., varðar sjúkrahúsið á Sauðárkrók. Eins og mönnum mun í fersku minni, riðu yfir landið miklir jarðskjálftar fyrir tæpu ári, og að vísu ullu þeir ekki miklum skaða, ekki verulegu tjóni. En þó kom í ljós, eftir að þau ósköp höfðu dunið yfir, að sjúkrahúsið á Sauðárkróki hafði orðið fyrir verulegum skemmdum. Stjórn sjúkrahúss Skagfirðinga leitaði til Sigurðar Thoroddsens verkfræðings um að skoða og meta þessar skemmdir, og gerði hann það, og telur hann, að skemmdirnar séu mjög miklar og kosti verulegt fé að bæta skaðann, enda þótt hann nefndi ekki neina fastákveðna tölu í því sambandi.

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður á Sauðárkróki, formaður sjúkrahússtjórnar, hefur ritað þm. kjördæmisins bréf og farið þess eindregið á leit við þá, að þeir sjái svo um, að úr ríkissjóði fáist fé til greiðslu á þeim mikla kostnaði, sem hér um ræðir. Ég hef leitað álits Jóhanns Salbergs um það, um hversu mikinn kostnað er þarna að ræða. Hann styður áætlunina upplýsingum, sem hann hefur fengið frá iðnaðarmönnum, sem skoðað hafa skemmdirnar, og telur hann, að áætlaður kostnaður sé ekki undir 100 þús. kr. og sennilega töluvert hærri eða jafnvel 150 þús. kr. Ég hef því að sinni, meðan ekki er enn ljóst, hversu miklar skemmdirnar reynast, lagt það til, að neðri upphæðin verði valin, enda tel ég þá meiri von, að hv. Alþingi sýni örlæti sitt og bæti þetta tjón.

Ég vænti þess að lokum, að hv. Alþingi líti með velvild og skilningi á þessar till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér nokkrar till. á þskj. 148, einkum við 14. og 17. gr., sem ég vil leyfa mér að gera grein fyrir.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við 14. gr., til styrktar íslenzkum námsmönnum, að það sé hækkað ofur lítið, úr 9.6 millj. upp í 11 millj., og er það þó það minnsta, sem hugsanlegt er. Ég býst nú kannske við, að hv. fjvn. taki þetta til betri athugunar undir 3. umr., og mundi þá reiðubúinn að taka mína till. til baka, ef það ætti að vera nokkur möguleiki á því að fá þarna verulega hækkun.

Þá legg ég til, að á 14. gr. sé bætt inn nýjum lið, það er til Íslendings, sem taki að sér samkv. samningi við menntmrn. að læra tungu Grænlendinga. Það mun vera svo, að mér er a. m. k. ekki kunnugt um neinn Íslending, sem kann tungu okkar næstu nágrannaþjóðar til fullnustu. Ég býst við, að það séu nokkrir menn, sem kunna ofur lítið í henni, sumir fá orð, sumir nokkuð af því að hafa verið þar í leiðangrum, en það er enginn maður, sem mér er kunnugt um, sem hefur lagt stund á hana. Og það er ekki vansalaust fyrir okkur, vegna þess að þessi þjóð hefur að geyma enn þá ákaflega mikið af sögusögnum. Þótt nokkuð hafi verið að þeim unnið, bæði af dönskum og þýzkum fræðimönnum o. fl., þá er það samt svo, að við Íslendingar ættum þarna að hafa betri aðstöðu en nokkrir aðrir til þess að skilja og til þess að meta, hvað kunni að verða dýrmætt af þeim þjóðsögum og öðru, sem þessi þjóð geymir. Og við skulum aðgæta það, að

það er hver síðastur að fara að gera eitthvað í þessum málum. Við vitum, að með þeirri stjórn, sem er hjá Dönum í Grænlandi, er smátt og smátt verið að eyða þessari þjóð og verið að uppræta svo og svo mikið af hennar þjóðháttum og að hennar tunga er líka í hættu. Og ef okkur hefur fundizt það gott, þegar okkar tunga var í hættu og þeir útlendingar, sem mest hjálpuðu okkur þá til þess að reyna að varðveita okkar tungu, t. d. eins og Rasmus Kristján Rask, og óttuðust sjálfir um, að það mundi ekki líða langur tími samt, áður en íslenzk tunga dæi út, — ef okkur þótti það einhvers virði, að útlendingar þá sýndu okkur áhuga fyrir íslenzku máli, þá ættum við að muna eftir því, þegar smærri þjóð en við og hjálparlausari og frumstæðari er í næsta nágrenni við okkur, að sýna einhvern áhuga fyrir því að vilja læra hennar tungu og vilja síðan kynna sér hennar þjóðsögur og það, sem lifir á vörum þjóðarinnar enn þá. Ég veit, að við hefðum ágæta menn til slíks, einmitt meðal þeirra ungu manna, sem eru að læra tungumál. Við eigum á meðal þeirra fleiri en einn, sem eru afburðasnillingar í tungumálum. Við eigum stúdenta, sem kunna flestöll tungumál Evrópu, bæði forn og ný, og jafnvel tungumál ýmissa Asíuþjóða líka, allt til japönsku. En ég veit ekki af neinum, sem hafi fengizt enn sem komið er til að leggja stund á tungu Grænlendinga, sem eru næstu nágrannar við okkur. Og ég held, að það væri rétt, að við fælum það menntmrn. Það er áreiðanlega varla ársverk fyrir ungan, duglegan mann, sem er vel hæfur til tungumálanáms, að læra þeirra mál, þótt það sé afskaplega fjarskylt okkar tungu. En við vitum, að það er nokkurn veginn sama mál, sem talað er af Eskimóum í Grænlandi, eins og talað er af vissum Eskimóakynþáttum í Norður-Kanada og í Norður-Síbiríu. Og það er rétt af okkur, m. a. til þess að geta haft einhverja verulega hugmynd um okkar eigin sögu, sögu þess íslenzka kynstofns, og hluti af honum hefur byggt þessi lönd, þá er það rétt af okkur og nauðsynlegt, að einhverjir af okkar fræðimönnum kunni þessa tungu. Ég býst ekki við, að menn þori að hugsa það hátt í dag að fara að setja hér upp t. d. lektor eða eitthvað slíkt við háskólann í þeim málum, við ættum þá a. m. k. að hugsa um Færeyingana fyrst, en það er allt í lagi að sjá til þess, að menn, sem eiga svona auðvelt með að læra mál, kynni sér tungu Grænlendinga, þannig að þeir læri hana alveg til fullnustu. Og ég býst við, að menntmrn. mundi þá nota tækifærið um leið, þegar þeir færu hvort sem er þangað, — þótt að nokkru leyti sé hægt að læra hana í Danmörku, við háskólann þar, þá býst ég við, að fyrst og fremst vildu menn læra hana af því að vera með þessum mönnum, — þá býst ég við, að menntmrn. mundi nota tækifærið um leið til þess að biðja þá um að safna þar þjóðsögum og öðru slíku. Og mætti þetta verða til þess, að seinna meir yrði farið að iðka þessi menningarviðskipti meira. Og ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, að við megum ekki mikinn tíma missa í þessum efnum. Grænlenzka þjóðin er að breytast með hverju árinu sem líður.

Þá er ég í þriðja lagi á þessu þskj. með till. um að bæta nokkuð aðstöðu landsbókasafnsins og þjóðminjasafnsins. Það er í fyrsta lagi nr. 3, till. um landsbókasafn, í staðinn fyrir 600 þús. til bókakaupa, tímaritakaupa, bókbands og slíks komi 1 millj., og er það þó í minnsta lagi. Sannleikurinn er, að það hefur farið svo í öllum þeim miklu breytingum, sem orðið hafa á okkar fjármálum, að þessi menningaratriði hjá okkur hafa yfirleitt orðið útundan. Við erum enn þá kallaðir af gamalli hefð t. d. bókaþjóð og jafnvel söguþjóð, og erum þó svo að segja hættir að skrifa nokkuð, sem gæti heitið sögur, lengur. Það eru aðrar þjóðir, sem taka að sér að skrifa sögur Íslendinga núna, en ekki Íslendingar sögur annarra þjóða. Við gerum okkur þetta ekki ljóst, hvað við erum þarna afskaplega mikið að dragast aftur úr. Ég var að gamni mínu að glugga í fjárlög frá 1936 áðan, sjá, hvernig ýmsir slíkir hlutir hefðu verið þá. Það var á krepputímum, eins og menn vita. Og bókakaupin til landsbókasafnsins, sem núna eru 500 þús., voru þá 13 þús. kr. Síðan 1936 hafa fjárlögin 175-faldazt. Þau voru eitthvað 16 millj. 1936, þau eru núna, ef ég veit rétt, í kringum 2600 millj., 2500—2600 millj. Þjóðartekjurnar voru 1934, þegar tölur eru til yfir þær, 97 millj. eða í kringum 100 millj. Ég þori ekki að segja fyrir víst, hvað þær eru reiknaðar núna, en þær eru ekki reiknaðar undir 10 þús. millj. Þjóðartekjurnar hafa í peningum séð, ég tek það greinilega fram, peningarnir hafa hins vegar verið falsaðir mjög ríflega á þessum tíma, í peningum hafa þær hundraðfaldazt. Ef bókakaupin í landsbókasafninu væru hundraðföld, mundi það vera 1 millj. 300 þús., sem til þeirra væri varið og veitti sannarlega ekki af. Ég hef nú ekki farið svo hátt, ég hef farið í 1 millj. þarna.

Sama máli gegnir um þorrann af öllum þessum hlutum, sem við erum að tala um. Okkur hrakar þannig. Allt, sem var til skammar áður, verður til heiðurs þeim, sem síðan hafa verið rægðir í 50 ár fyrir að hafa verið smásálir. Mér datt það í hug, þegar hv. 10. landsk. var að tala hér áðan einmitt um skáldin og listamennina og leggja til að auka nokkuð til þeirra, og ég vil taka mjög undir það. En taki maður bara heiðurslaunin, sem við köllum, sem þá voru, og heiðurslaunin, sem nú eru. Þegar Þorsteinn Erlingsson fékk sínar alræmdu 600 kr., sem er búið að vera að skamma Alþingi fyrir í kveðskap síðan og reisa því svo að segja níðstöng, þá voru 600 kr. tímakaup verkamanns í 2400 klst., sem sé með 8 tíma vinnu árstekjur, það var 25 aura kaup þá, þannig að þótt þetta væri lítið og smánarlegt, þá var það þó árskaup verkamanns með 25 aura tímakaupi. 1936 voru á fjárl., 18. gr., 3 menn, sem fengu sérstök heiðurslaun, 5000 kr. hver, það voru Indriði Einarsson, Einar H. Kvaran og Halldór Laxness. Þeir fengu sínar 5 þús. kr. hver, og 5 þús. kr. voru 1936 með

því Dagsbrúnarkaupi, sem þá var, 1.45 kr., ef ég man rétt, þá samsvaraði það árskaupi verkamanns plús 50%. Núna eru heiðurslaunin 33 þús. kr., þ. e. helmingurinn af samsvarandi árskaupi verkamanns, sem mundi vera 67 þús. kr., ættu eftir sama hlutfalli frá 1936 að vera 100 þús. Svona hefur þessu hrakað hjá okkur. Samanborið við það fátæka Ísland, það Ísland kreppuástandsins 1936 eða það fátæka Ísland 1906 og þar í kring, þá gerum við skammarlega á öllum þessum sviðum í því ríka Íslandi dagsins í dag.

Þá hef ég enn fremur lagt til í sambandi við 14. gr., um þjóðminjasafnið, að þar sé aukið nokkuð það, sem er nr. 2, til aðstoðar, tímavinnu, til þess að útvega gripi, til áhalda og aðgerða safngripa, bóka og ritfanga, það nemur 300 þús. kr., en sé aukið í 600 þús. Það er vitanlegt, að með hverju árinu sem líður núna eru í sambandi við byltinguna í landbúnaðinum að týnast verkfæri, sem hafa verið notuð í þúsund ár á Íslandi, þannig að það hefur ekki verið hægt að fá nein gömul verkfæri og það hefur orðið að smíða þessi verkfæri eftir fyrirsögnum manna, sem enn þá þekktu þessi verkfæri, svo að það væri eitthvað til, sem líktist því, sem menn hefðu notað. Svona er hröð þróunin og breytingin í þessu öllu saman núna, að við gerum okkur það ekki ljóst, að þegar kynslóð gömlu mannanna fer núna smátt og smátt að deyja út, deyr út þekking á hlutum, sem menn hafa notað í þúsund ár á Íslandi og menn vita ekki lengur, hvernig voru, og þeir eiga kannske bágt með að búa til. Við höfum stundum minnzt á það áður í sambandi við þessa hluti, að við þyrftum að reyna að láta hlaða og láta einhverja menn kunna að hlaða bæina okkar, þannig að týndist ekki alveg niður, hvernig þetta var gert. Og ég held, að það væri nauðsynlegt fyrir okkur, að það væri aukið, sem lagt væri fram í þessum efnum.

Þá legg ég þarna enn fremur til, að hljómplötusafn þjóðminjasafnsins sé aukið úr 5 þús. kr. upp í 25 þús. Ég veit, að það er önnur grein á fjárl., ekki beint undir þjóðminjasafninu, þar sem nokkuð hefur verið tekið tillit til þessa, en ég er samt hræddur um, að það líði svo ár eftir ár, að það glatist hjá okkur meira eða minna af því, sem við gjarnan hefðum viljað varðveita. Ég hef rætt hérna áður um það í sambandi við t. d. raddir okkar skálda, ekki sízt skálda eins og Davíðs Stefánssonar, sem hefur og sérstaklega hafði ljómandi rödd til upplestrar. Ég hef áður lagt það til hérna, það var fellt. Framtakssamur, áhugasamur kaupsýslumaður hefur gert þetta nú, of seint. Það er ekki sama röddin og Davíð hafði, sem nú er til á hljómplötu. Og svona er það að fara með hvert af öðru, það sem er að glatast hjá okkur af slíku og aldrei verður aftur tekið og okkar afkomendur munu tvímælalaust álasa okkur fyrir og hafa meiri ástæðu til að álasa okkur fyrir heldur en við okkar forfeður, þegar þeir voru að nota handrit í skóbætur, því að við höfum alla möguleika og nógan auð og allt saman til þess að gera þetta, en við erum svo sinnulausir, að við látum þetta glatast.

Þá legg ég enn fremur til í sambandi við þjóðminjasafnið nýjan lið, nr. 12, til kvikmyndagerðar, dokumentmynda og mynda af sögulegum minjum. Það er að vísu komið fræðslukvikmyndasafn ríkisins, en ég vil engan veginn treysta á, að það safn vinni að þessum hlutum. Við þurfum á slíkri kvikmyndagerð að halda, og við eigum ekki að treysta á það, að einstakir áhugasamir menn, sem hafa meiri áhuga á menningu Íslendinga heldur en Alþingi Íslendinga hefur, bjargi þessum hlutum. Við skulum segja, þegar við sjáum myndir eins og Ósvaldur Knudsen hefur gert, bæði t. d. af Halldóri Kiljan og af Þórbergi Þórðarsyni og af slóðum Fjalla-Eyvindar og slíku, þá sjáum við ósköp vel, hve mikið hefði verið hægt að gera af þessum hlutum, ef eitthvað dálítið hefði verið um þetta hugsað. Það er að fara úr byggð hver kotbærinn á fætur öðrum eða rifinn niður. Ég var einu sinni að leggja hér til, ég hef ekki reynt það aftur, af því að það virtist svo vonlaust, að við reyndum að láta taka mynd af lífi á íslenzkum kotbæ. Líklega er nú svo komið, að það yrði næstum því að leika það. Kannske væri þó hægt að finna enn þá fólk, sem byggi í slíkum kotum, að það mundi gefa þessu rétta mynd. Við höldum við nokkrum af okkar gömlu höfðingjabæjum, fallegum bæjum, en við höldum engu við af kotbæjum. Og sveitabændurnir eru sjálfir oft fljótastir til þess að rífa kotin, eins og eðlilegt er, sumir kannske skammast sín fyrir þau, við aðra eru tengdar endurminningar um fátækt og hvers konar neyð og basl og lítið við þau að gera. En fyrir þjóðinni er það að glatast, aðstæðurnar, sem yfirgnæfandi þorri þjóðarinnar bjó við í þúsund ár. Það var gert hér á Reykjavíkursýningunni góðu heilli að búa til smáeldhús, og ég sá ósköp vel, hve börnin í Reykjavík voru áhugasöm að sjá, hvernig hlóðaeldhúsin gömlu voru. Og það er engum efa bundið, að það mundi gera miklu, miklu auðveldara fyrir okkur að vinna það verkefni, sem er einna erfiðast andlega hjá þessari kynslóð, það er að viðhalda samhenginu í okkar þjóðmenningu, ef við gætum látið okkar ungu kynslóð kynnast ofur lítið þessu. En ef ekki er nú hægt að komast svo langt að varðveita eitthvað af þessum gömlu kotum, þá ætti þó a. m. k. að vera hægt að láta gera þannig kvikmyndir af þeim og lífinu, eins og það hefur verið þar, að það væri hægt að geyma þær og sýna þær seinna, svo að maður gæti fengið nokkra hugmynd um, hvernig menn lifðu hér.

Sama gildir um mennina, sem enn þá lifa. Við vitum allir, hvað við mundum gefa fyrir það, ef við ættum kvikmynd — og voru þá möguleikar til að taka slíkar kvikmyndir — t. d. af mönnum eins og Stephani G. Stephanssyni eða slíkum. En við eigum það ekki. Og það eru óðum að hverfa nú menn frá öllum mögulegum sviðum í okkar þjóðmenningu, sem

við gjarnan hefðum viljað eiga slíkar myndir af, og við eigum að gera ráðstafanir til þess, að slíkt sé gert. Það er oft eins og það sé slíkt feimnismál, að það er ekki lagt út í það, fyrr en menn allt í einu átta sig á því, að þessir menn eru dánir og það hefði nú verið gaman að því að eiga myndir af þeim.

Skyldi vera til kvikmynd af nokkrum af aðalprófessorum, sem hafa verið við Háskóla Íslands og helzt hafa gert garðinn frægan þar, mönnum eins og Ólafi Lárussyni, Sigurði Nordal eða öðrum slíkum, meðan þeir eru enn þá í kennslustólnum þar? Úr sögu háskólans, t. d. á 100 ára afmæli hans, yrði skemmtilegt að eiga eitthvað slíkt. Það yrði vafalaust þá farið að taka mikið af myndum. En ég er hræddur um, að við séum svo sparsamir með alla þessa hluti, að af hálfu þess opinbera sé varla um þetta hugsað.

Og svo er eitt, sem við skulum athuga í sambandi við þetta. Bókstaflega jörðin sjálf, landið eins og það er, við skulum segja, enn sem komið er hefur kannske landið, þar sem t. d. Örlygsstaðabardagi hefur verið háður eða ýmsir slíkir atburðir gerzt hér og hvar á landinu, — enn sem komið er er sums staðar landið eins og það var, alveg eins og það var í þúsund ár, sömu þúfurnar, sömu sandarnir. En við skulum gera okkur ljóst, að sú bylting, sem við stöndum frammi fyrir, gerbyltir öllu þessu landi. Við leyfum okkur máske slíkan lúxus eins og að keyra niður klausturrústirnar á Reynistað eða annað slíkt, og förum vafalaust víðar að jafna ýmsum slíkum gömlum hlutum við jörðu, en við ættum að geta á ýmsum sögustöðum tekið nokkrar myndir til þess að varðveita það. Við vitum, að eitt af því, sem okkur þykir að mörgu leyti vænst um núna, eru myndirnar, sem útlendingar hafa gert af Íslandi, t. d. teikningar, sem þeir gerðu af Íslandi, þegar þeir komu hingað. Og þessi kynslóð hefur samt enn þá möguleika til þess að kvikmynda ýmislegt af landinu, áður en verður búið að þaulrækta það allt saman. Það er ekki nema nokkurra áratuga spursmál. Þó að við séum að kvarta, að bæir séu að fara í eyði núna, þá vitum við ósköp vel, að með þeirri þörf, sem er í veröldinni, þá er ekki langt að bíða þess, að allt þetta land verði þaulræktað milli fjalls og fjöru. Og sjálft landið, sjálf jörðin verður allt, allt öðruvísi en hún hefur verið í þúsund ár. Og við eigum að láta búa til dokumentmyndir af þessu. Smám saman eru dokumentmyndir að verða alveg sérstök listgrein í kvikmyndaiðnaðinum og að mörgu leyti ein merkilegasta kvikmyndagreinin.

Ég vil enn fremur segja það, þegar við erum að tala um kvikmyndagerð og tala um þjóðminjasafnið, að við eigum ekki að takmarka þetta við Ísland. Við eigum að taka slíkar dokumentmyndir líka t. d. í Grænlandi og líka af byggðum Íslendinga vestan hafs. Ég býst við, að það standi enn þá þau hús, sem Stephan G. Stephansson byggði og bjó í. Við eigum að taka myndir af þessu. Því miður var ekki hugsað um það, þótt á það væri bent, að reyna að varðveita t. d. hornið hans og fá það hingað, eiga það í þjóðminjasafninu. En nokkrir Vestur-Íslendingar hafa þó tekið sig saman um að bjarga nokkru af þeim munum og munu hafa það í Winnipeg. Og fleira er það úr sögu Íslendinga í Vesturheimi, sem við hefðum möguleika á enn þá að búa til slíkar dokumentmyndir af. Ég held þess vegna, að 200 þús. kr. væri ekki stórt til þess að veita þjóðminjasafninu til slíkrar kvikmyndagerðar, og við eigum, Íslendingar, sjálfir orðið menn, sem eru lærðir í þessum hlutum. Ég veit af mönnum, sem eru útlærðir frá einhverjum beztu kvikmyndaskólum veraldarinnar, kvikmyndaháskólum, sem þykja einhverjir þeir beztu í veröldinni, og þessir menn eru sendir af hálfu þeirrar þjóðar, sem þeir hafa lært hjá, suður til Egyptalands núna til þess að taka myndir og Grikklands. En á Íslandi, ég gæti bezt trúað, að við látum þessa menn bara vera erlendis, þessa Íslendinga ganga í þjónustu annarra, en hagnýtum ekki þeirra þekkingu að neinu leyti sjálfir. Svona er sinnuleysið.

Þá er ég með tillögur í sambandi við styrki til bókaútgáfu, styrkir til Fornleifafélagsins, Fornritaútgáfunnar og Vísindafélagsins séu hækkaðir ofur lítið. Sannleikurinn er, að það er eins og allir þessir styrkir hafi frosið fastir. Styrkir til Fornritaútgáfunnar 1936 voru 4 þús. kr. og eru núna 75 þús., og þetta gengur ósköp seint hjá okkur með fornritaútgáfuna. Við erum að heimta handritin, sýnum samt ekki neitt svipaðan áhuga á að verja fé einu sinni til þess að sjá um handritin og koma þeim fyrir. Ég held, að það séu 2 millj., — er það ekki eitthvað slíkt? — sem ætlað er til þess á fjárl., en 4 millj. erum við með bara til almannavarna. Og við höfum verið smásálarlegir fram úr hófi í sambandi við byggingarhugmyndir um þetta. Vonandi fylgjast ekki Danir vel með því, sem við gerum í þessu, en ef þeir gerðu það, þá væru það óþægilega skemmtileg rök fyrir þá menn, sem eru enn þá á móti afhendingu handritanna í Danmörk. Hvað Fornleifafélagið snertir, lagði ég til, að það yrði hækkað úr 25 upp í 60 þús. Það er viðkunnanlegra að reyna þó að styðja einhverja í þessu efni, á meðan við ekki einu sinni vinnum svo að segja neitt sjálfir að því að grafa hér fornleifarnar. Landið er að heita má órannsakað enn þá í þessum efnum, enda er svo lítið, sem veitt er til þess, að það er eins gott að láta þá geyma það og láta vera óhreyft til seinni tíma, ef við ekki bara í millibilinu tökum upp á því að fara að byggja gífurleg stórhýsi á þeim stöðum, þar sem fornminjarnar kunna að vera undir. Það er dálítið slæmt, ef okkar afkomendur þyrftu endilega að fara að rífa margra hæða hús til þess að finna hitt og þetta, sem þeir hefðu áhuga á frá fornum tímum. En ég býst ekki við, að þeir mundu horfa í það, ef í það fer. M. ö. o.: það gengur svo grátlega seint með allar þessar

rannsóknir, allar þessar útgáfur hjá okkur, að mér fannst nauðsynlegt að reyna ofur lítið að ýta á þetta.

Svo er ég hér með tvær till. í sambandi við 17. gr. Annað er að auka dálítið styrkinn til rekstrar dagheimilis Styrktarfélags vangefinna. Það er nú svo, að við eigum smátt og smátt að fara að stefna að því, að við sjáum sjálfir, þ. e. ríkið sjálft, um þessi svokölluðu félagslegu útgjöld, að við látum það ekki fyrst og fremst vera undir áhugafélagsskap borgaranna komið, hvernig þetta gengur. Og ég held það sé rétt, að við reynum að sýna þarna ofur lítinn lit á því. Það er fjárhæð, sem vissulega munar ekki miklu, heldur aðeins til þess að sýna eitthvað dálítið.

Svo legg ég til í sambandi við 17. gr., að það sé bætt nýjum lið við, svo hljóðandi: „Til þess að kosta mann samkv. vali félmrn. til þess að ferðast um byggðir Grænlendinga, kynna sér lifskjör þeirra og rita bók um þau og félagslegan aðbúnað þjóðarinnar, og sé bókin síðan gefin út, 250 þús. kr.“ Það hefur hjá öllum Norðurlandaþjóðum verið talað mjög mikið um það á undanförnum árum og hjá ýmsum þeirra sýnd allmikil ræktarsemi í því sambandi, að þær ættu að gera nokkuð fyrir þær þjóðir, sem kallaðar hafa verið byggja þróunarlöndin, eða fyrir þær þjóðir, sem hafa verið að losa sig úr nýlendufjötrum, eru á ýmsan hátt mjög frumstæðar, ekki sízt í félagslegum efnum, og þarfnast á ýmsan hátt aðstoðar og vilja gjarnan taka við slíkri aðstoð, einmitt sérstaklega frá þjóðum eins og t. d. Norðurlandaþjóðunum, sem þær gruna ekki um græsku í slíku sambandi. Nú er það svo, að næsti nágranni okkar er frumstæð þjóð, sem hefur verið frumstæð fram á okkar daga og er að byrja að breytast, en lifir enn þá við eins frumstæð kjör, partur af henni. Þarf ekki annað en tala við t. d. flugmennina eða þá, sem heimsækja byggðir, sem Grænlendingar búa í, til þess að sjá, hve frumstæð kjör það eru, sem þessi þjóð lifir við.

Við ættum að fara að skipta okkur meira af, hvernig Grænlendingum líður. Það er gott, að við Íslendingar höfum getað lagt til menn til þess að kenna t. d. frumstæðum þjóðum í Indlandi og víðar. Það er líka kannske heppilegt, að við sendum trúboða suður til Afríku og menn kynni sér, hvernig þjóðirnar lifa þar. En ég held þó, að við ættum fyrst af öllu að senda menn til Grænlands að kynna sér, hvernig sú þjóð lifir, og sá maður, sem ég hef í hyggju að félmrn. sendi þangað, það væri maður, sem ætti að kynna sér lifskjör þjóðarinnar, eins og þau eru í dag, og lýsa þeim og draga ekkert undan, hvorki gott né illt. Það er ekkert spursmál um, að Danir hafa gert ýmislegt gott í Grænlandi, en það er líka óskaplega mikið vangert þar, og það þarf að draga hvort tveggja fram í dagsins ljós. Danir hafa sjálfir, ýmsir danskir menn, verið mjög hiklausir í þessum efnum, og ég álít, að okkur Íslendingum beri alveg sérstök skylda til þess að kynna okkur, hvernig Grænlendingar lifa, og lýsa því, fyrst og fremst fyrir okkur sjálfum. E. t. v. yrði slík bók líka þýdd á aðrar tungur. En ég held, að við ættum að skoða sem skyldu að fara slíka för. Það fór Íslendingur slíka för og skrifaði um hana fyrir tæpum 70 árum. Helgi Pétursson ferðaðist þarna um 1897 í dönskum leiðangri, skrifaði um sína Grænlandsför mjög merkilega bók, sem fljótt var gefin út þá á íslenzku, og ég álít, að það væri með þeirri aðstöðu, sem menn hafa nú til þess að gera slíka ferð alveg ljóslifandi fyrir aðra, þá væri það mjög gott að fá mann, sem væri mjög hæfur til slíks, til þess að ferðast þarna og skrifa um það. Auðvitað mundi sá maður hafa bæði myndavél og kvikmyndavél með og geta sýnt myndir af því, hvernig fólkið lifir þarna.

Danir hafa lýst því yfir, að Grænland væri hluti af Danmörku. Vér Íslendingar höfum aldrei fallizt á þá yfirlýsingu og aldrei samþykkt hana. Það var fallið frá því að samþykkja hana hér á Alþingi, þegar mælzt var til þess, að af hálfu Alþingis yrði lögð blessun yfir það, að Danir hættu að gefa skýrslur um Grænland sem nýlendu til Sameinuðu þjóðanna, og Danir tóku upp sama hátt og Portúgalar og aðrir hafa haft að innlima það, sem áður var talið vera nýlenda, í landið sjálft og telja Grænland nú fylki úr Danmörku. Hins vegar er það vitanlegt, að um Grænland gilda allt önnur lög og allt aðrar reglur af Dana hálfu heldur en um eitt amt í Danmörku og enn þá þarf að sækja um ýmis leyfi og annað slíkt til þess að fara til Grænlands, sem er í raun og veru alveg óþolandi að haldið skuli uppi, á sama tíma sem menn lýsa því yfir, að þetta sé einn hluti af Danmörk. Og það er engum efa bundið, að það er reynt að dylja ýmislegt af því, sem þarna gerist, og það er nauðsynlegt, að það komi fram, hvernig þessi þjóð lifir, og okkur Íslendingum ber framar öllum öðrum, bæði vegna fornra sögulegra tengsla og vegna þess að þetta eru okkar næstu nágrannar, skylda til þess að rannsaka það og sjá, hvernig þessi þjóð lifir, ferðast um allar hennar byggðir, ræða við menn þar, taka myndir af því og lýsa því, sem þarna er. Ég er ekki að meina að draga neitt undan, hvorki af því góða, sem Danir hafa gert þar, né af því slæma, sem þeir láta þar enn viðgangast.

Ég efast ekki um, að ef maður yrði sendur til Grænlands í slíkan leiðangur og ferðaðist, og ég efast ekki um, að félmrn. mundi velja til þess hentugan mann, þá mundi það verða mjög merkileg bók, sem sá maður skrifaði. Ég efast ekki um, að það mundu mörg bókaútgáfufyrirtæki hér á Íslandi vera reiðubúin til þess að gefa slíka bók út. Það þyrfti ekki endilega að vera á ríkisins vegum, þótt að því sé kannske óbeint látið liggja þarna. Ég býst líka við, að menningarsjóður hefði áhuga á slíku. En ég held, að það sé rétt af okkur að setja okkur í spor þeirra manna, sem þarna byggja. Við fengum heimsókn í sumar af ýmsum þessum mönnum, og ég held, að öllum þeim, sem

hafa kynnzt þeim að einhverju leyti, hafi þótt vænt um þá heimsókn, og ég efast ekki um, að Grænlendingum hafi sérstaklega þótt vænt um það að heimsækja okkur hérna. Það er engum efa bundið, að þorranum af Grænlendingum finnst vænt um að geta komizt í meira samband við Ísland en þeir hafa verið í. Og með tilliti til þess, hvað okkur þótti vænt um, að útlendir menn ynnu fyrir Ísland og kynntu Ísland erlendis, þegar við stóðum í okkar sjálfstæðisbaráttu, ættum við að geta skilið hug og þrár Grænlendinga í því sambandi. Við vitum enn þá, hvernig þeir menn, sem unnu þannig fyrir Ísland, til þess að kynna það og þess sjálfstæðiskröfur, menn eins og Konrad Maurer eða William Morris eða aðrir slíkir, svo að ég ekki tali um ýmsa Skandinava, — við vitum, hve okkur þykir enn þá vænt um, hvað þessir menn unnu fyrir okkur. Og þá eigum við líka að hugsa til þess, hvort Grænlendingum muni ekki seinna meir þykja vænt um það, ef Íslendingar gera eitthvað til þess beint eða óbeint að vekja athygli á þeirra aðstöðu allri. Ég verð að segja það, eins margt og er til fyrirmyndar í félagslegri löggjöf Dana fyrir Dani sjálfa, þá vantar ákaflega mikið á, að það sé framkvæmt fyrir þá menn, sem í Grænlandi búa. Og það þarf að koma fram í dagsins ljós, launakjörin, sem menn búa þar við, kofarnir, sem menn búa þar í, aðstæðurnar, sem fólkið lifir við, draga þetta allt saman fram í dagsins ljós og líka um leið stóra og góða hluti, sem hafa verið gerðir þarna. Og annað býst ég við, að hver sá maður, sem heimsækti þessa þjóð, mundi taka með, ef hann væri að lýsa henni, og það er hennar listfengi, ekki bara í hennar búningum, sem eru sem stendur ein fallegasta tízkufyrirmyndin, sem til er í Evrópu, setur mark sitt á meginið á öllum þeim peysum, sem unga fólkið á okkar tímum nú klæðist í, heldur líka þau listaverk, sem þeir skera úr ýmsum beinategundum, þannig að líka það, sem þessi þjóð geymir af slíkri listfengi, mundi vafalaust koma fram í slíkri bók. Og við vitum, hver hætta er alltaf á, að þegar vélamenningin heldur sína innreið í slík lönd, þá hverfi þessir gripir. Ég man alltaf eftir kvikmynd, sem ég sá einu sinni, þegar dönsku konungshjónin heimsóttu Grænland, þegar konungurinn var að gefa börnunum bíla, eins og venjulegar véla- og blikksamsetningar úr verksmiðjunum, og þegar var svo verið að gefa konungshjónunum þessa dásamlega fögru hluti, sem Grænlendingarnir hafa skorið út úr beinum. Þá sá maður bezt, hve óskaplega mikið þessar þjóðir, sem kunna sitt handverk, eru í listrænum smekk hafnar upp yfir okkar vélaöld. Og hættan er alltaf, að svo og svo mikið af þessu týnist og er að glatast hjá þorranum af öllum af þessum þjóðum, sem nú lifa í heiminum. Við vitum, að alls staðar í veröldinni er fullt af þessum frumstæðu þjóðum með dásamlega og furðulega list í þessum efnum, sem er að glatast hjá okkar kynslóð. Og við eigum að gera ráðstafanir til þess að okkar leyti að hjálpa til að varðveita, hjálpa til að vekja eftirtekt á þessu, alveg sérstaklega til að kynna okkar eigin þjóð, hvað þarna er að gerast. Og það kann líka ýmislegt að lifa þarna, þó að við höfum ekki hugmynd um það núna, því að við þekkjum þessa nágranna okkar svo lítið, af því, sem einu sinni lifði hjá okkur og kann að vera dautt hjá okkur eða lifði þá kannske hjá okkar forfeðrum á þeim stöðum, þar sem þeir þá bjuggu, en nú er týnt og við erum jafnvel algerlega búnir að gleyma sjálfir.

Þetta allt, sem ég hef lagt þarna til, eru ekki háar upphæðir. Það þarf oft og tíðum ekki mikið til þess að vinna eitthvað í menningarmálum. En það þarf hugsun og ræktarsemi til þess. Og ég fer fram á, að hv. Alþingi sýni það, og þess vegna hef ég flutt þessar fáu till., sem að undantekinni þeirri fyrstu eru til samans einu sinni varla upp á eina millj. af þeim 2500 millj., sem þessi fjárlög hljóða upp á. Ég vona þess vegna, að þessar litlu till. megi finna náð fyrir augum meiri hl. í hv. Alþingi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt fjárlagafrv. fyrir árið 1964 gefi vissulega ærin tilefni til þess, að rætt sé um efnahagsmálastefnu hæstv. núv. ríkisstj. almennt, mun ég ekki fara út í þá sálma að þessu sinni. Ég ætla aðeins í stuttu máli að gera grein fyrir fáeinum brtt., sem ég flyt á þskj. 144. Þessar till. mínar eru allar við 14. gr. fjárl., þá greinina, sem fjallar um menningarmál.

Fyrsta till. mín er um allverulega hækkun á framlagi til stuðnings íslenzkum námsmönnum. Ég legg til, að heildarupphæðin hækki úr 9.6 millj. kr. rúmum í 12 millj. Hér er að mestum hluta um að ræða fé, sem námsmönnum er lánað með hagstæðum kjörum til nokkuð langs tíma, en þeir endurgreiða síðan, eftir að þeir hafa lokið námi. Um 2/3 hlutar þessarar fjárveitingar fara til íslenzkra námsmanna erlendis, en þriðjungurinn eða þar um bil til stúdenta við Háskóla Íslands.

Það eru einkum tvær meginástæður til þess, að þessi fjárveiting þarf nú að hækka og það allverulega. Hin fyrri er sú, að dvalarkostnaður eða uppihald námsmanna og yfirleitt allur námskostnaður hefur hækkað verulega, ekki einungis hér innanlands, heldur einnig allvíða erlendis, t. d. held ég, að það láti nokkuð nærri, að í Danmörku, þar sem íslenzkir námsmenn eru hvað flestir utan síns heimalands, hafi dvalarkostnaðurinn hækkað um 25% s. l. 1½—2 ár. Hin meginástæðan er sú, að námsmönnum fer stöðugt fjölgandi. Ég hef ekki handbærar tölur um fjölgun stúdenta við Háskóla Íslands, en ég veit, að sú fjölgun hefur verið veruleg. Hins vegar get ég upplýst, að fjölgun þeirra íslenzkra námsmanna erlendis, sem sótt hafa um lán og styrki til menntamálaráðs, hefur síðustu árin verið sem hér segir: Skólaárið 1961—1962 varð 5% fjölgun, skólaárið 1962—1963 varð rúml. 7% fjölgun, og að þessu sinni, skólaárið 1963—1964, bendir allt til þess, að fjölgunin verði hvorki meiri né minni en 11—12%. Þessi síðustu ár hefur

fjölgunin á íslenzkum námsmönnum við nám erlendis orðið langmest við ýmiss konar tæknifræðinám. Þetta er vissulega æskileg þróun, því að okkur skortir mjög menn með góða og hagnýta menntun á þessu sviði. Hér er í flestum tilfellum um að ræða efnilega menn, sem hafa lokið iðnskólaprófi og sveinsprófi hér heima, en halda síðan utan til þess að bæta við sig 3—4 ára námi við erlenda tækniskóla. Nú er að vísu að rísa hér upp vísir að tækniskóla, og menn geta þegar lokið hér undirbúningsnámi, sem styttir framhaldsnámið erlendis um einn vetur. Væntanlega á þessi vísir að tækniskóla hér fyrir sér að vaxa, en það tekur sinn tíma, og á meðan er okkur brýn þörf á, að tiltölulega margir álitlegir menn sæki þessa menntun til annarra landa.

Með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, er það mjög brýnt að hækka allverulega framlag til námslána og námsstyrkja. Að öðrum kosti hlýtur að rýrna verulega sá stuðningur, sem komið hefur í hlut hvers einstaks námsmanns.

Ég vil í þessu sambandi, þar sem mér er úthlutun lána til námsmanna allvel kunn, gera tilraun til að eyða nokkuð almennum misskilningi, sem oft verður vart við. Ýmsir lítt kunnugir þessum málum virðast halda, að lánum þessum og styrkjum sé dreift af mjög miklu örlæti til allra, sem skreppa út fyrir pollinn og innritast þar í einhvern skóla. En þetta er engan veginn svo. Hér er reynt eftir fremsta megni að fylgja allströngum reglum um þessa úthlutun. Skemmra nám en það, sem tekur tvö ár erlendis, er yfirleitt ekki styrkt eða lán veitt til þess. Fyrstu tvö árin erlendis eru eingöngu veitt lán, en síðan koma styrkir að nokkrum hluta og lán að nokkrum hluta á 3. og 4. námsári, og þó því aðeins að viðkomandi hafi gert fullnægjandi grein fyrir því, að námið hafi borið árangur og gengið með eðlilegum hætti. Loks eru ekki veitt lán eða styrkir til náms í þeim greinum erlendis, sem hægt er með svipuðum árangri að leggja stund á og læra hér á landi.

Greinilegur vottur þess, að hér gilda býsna strangar úthlutunarreglur, er það, að veturinn 1962—1963 voru um 750 Íslendingar skráðir til einhvers náms við skóla erlendis, en aðeins rúmur helmingur þeirra, tæplega 400, uppfyllti sett skilyrði til að hljóta lán eða styrki af opinberu fé. Það er einnig misskilningur, að lán þessi og styrkir hafi verið svo háir á hvern einstakling, að þeir sjálfir og vandamenn þeirra, þ. e. a. s. námsmenn sjálfir og vandamenn þeirra, þurfi lítið fram að leggja til þess að kljúfa námskostnað. Það mun láta nærri, að námslánin og námsstyrkirnir nemi að meðaltali röskum þriðjungi námskostnaðar, í sumum tilfellum nokkru meira, en í öðrum tilfellum heldur minna. Ég held, að það megi því ótvírætt líta svo á og halda því fram, að þeim fjármunum, sem fara til þess að styrkja ungt fólk á menntabraut, sé yfirleitt vel varið og að þeir fjármunir muni koma þjóðfélaginu í góðar þarfir.

Önnur till. min fjallar um aukna fjárveitingu til handa landsbókasafninu til bókakaupa. Þessu höfuðbókasafni þjóðarinnar eru einungis ætlaðar 600 þús. kr. til bóka-, tímarita- og handritakaupa og til bókbands. Þessi upphæð er vitanlega allt of lítil, og upphæð, sem til þessa hefur verið varið á fjárlögum mörg undanfarin ár, hefur verið of lítil. Meginhluti hennar fer til bókbandsins og safnið verður því að langsamlega mestu leyti að búa að þeim bókakauka, sem það fær með afhendingu skyldueintaka hér innanlands og í bókaskiptum eða með bókagjöfum erlendis frá. Þetta er óviðunandi, enda skortir eðlilega mjög á, að landsbókasafnið hafi á liðnum tímum getað aflað sér allra þeirra handbóka og undirstöðurita í mörgum greinum, sem verða að teljast allsendis nauðsynleg.

Ég legg til, að þessi upphæð verði tvöfölduð, hún hækki í 1.2 millj. kr.

Þriðja till. mín er um hækkun á framlagi til þjóðskjalasafns til bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala. Til alls þessa eru einungis ætlaðar á fjárl. nú 50 þús. kr. Ég legg til, að liðurinn verði 200 þús. kr.

Fjórða till. mín er um hækkun á framlagi til þjóðskjalasafns til mikrófilmunar á skjölum. Þetta er mikið nauðsynjaverk. Þeir, sem hafa notað þjóðskjalasafnið á undanförnum árum, vita, að stöðug handfjötlun og notkun mikilvægra frumrita slítur þeim um skör fram á löngum tíma. Með nútímatækni er hægt án tilfinnanlegs kostnaðar að draga mjög úr þessari notkun frumheimilda og bjarga þeim þannig frá skemmdum eða eyðileggingu. Jafnframt er hægt fyrir tiltölulega lítla fjármuni að útvega söfnum utan Reykjavíkur jafngildi ýmissa frumheimilda með því að gera af þeim mikrófilmur, og væri það verulegur stuðningur við þá menn, sem stunda fræðistörf úti um byggðir landsins. Ég legg til, að þessi liður hækki úr 10 þús. kr. í 100 þús. kr.

Þá er till. um lítið eitt aukna fjárveitingu til hinnar stóru vísindalegu orðabókar yfir íslenzkt mál, sem unnið er að á vegum Háskóla Íslands. Hér er um að ræða einhverja þá mikilvægustu starfsemi, sem nú er unnið að í þágu íslenzkra fræða. En verkefnið er afar mikið og það sækist eðlilega seint. Nú starfa að orðabókinni þrír vísindamenn. Ég legg til, að hv. Alþ. hækki fjárveitingu til þessa menningarstarfs úr 325 þús. kr. í 500 þús. kr. Þá væri hægt að bæta við einum föstum starfsmanni, og mun ekki af veita.

Þá er lítil brtt. Hún fjallar um einn hinn minnsta lið þessara stóru fjárlaga. Í allmörg ár hefur staðið þar smápóstur, algerlega óbreyttur bæði að orðalagi og krónutölu. Ég hef ekki hirt um að gá að því, hve mörg árin eru orðin. Þar stendur: „Til rithöfundasjóðs Kelvins Lindemanns, enda verði fénu varið til dvalarkostnaðar fyrir skandinavískan rithöfund hér á landi.“ Þessi sjóður, sem danski rithöfundurinn Kelvin Lindemann stofnaði skömmu eftir stríðslok, ef ég man rétt, mun vera í vörzlu norrænna rithöfundasamtaka, og

hann veitir rithöfundum dvalarstyrki á Norðurlöndum til skiptis. Nokkrir íslenzkir rithöfundar hafa hlotið styrki úr þessum sjóði. Hin litla fjárveiting til þessa sjóðs, sem á sínum tíma var tekin hér upp í fjárlög, mun hafa verið gerð til þess að greiða fyrir því, að norrænir rithöfundar ættu þess kost að koma hingað til lands, dveljast hér um stundarsakir, flytja hér ef til vill fyrirlestra um bókmenntir eða lesa úr verkum sínum. Upphæðin var frá upphafi mjög lítil, einar 2500 ísl. kr., og nú er hún orðin beinlínis brosleg, en hún hefur haldizt óbreytt í fjárlögum, eins og ég sagði, í allmörg ár. Mér finnst ekki vera nema um tvennt að gera: fella þessa óveru alveg niður eða hækka fjárveitinguna. Ég legg til, að í þessu skyni verða veittar 25 þús. kr.

Þá er brtt. um hækkun á styrk til vísinda- og fræðimanna. Þessi styrkur hefur staðið á fjárlögum lengi, og allmargir hafa notið hans á mörgum undanförnum árum, en styrkurinn hefur mjög lítið hækkað að krónutölu nú allmörg undanfarin ár. Það má geta nærri, að fjárhæð, sem gat talizt nokkur stuðningur fyrir allmörgum árum, er allsendis ófullnægjandi í dag og kemur vísinda- og fræðimönnum að tiltölulega litlu gagni. Upphæðin er satt að segja svo lítil, að sá aðili, sem hefur fengið það verkefni að úthluta henni, menntamálaráð, er á hverju ári í stökustu vandræðum með að deila þessum aurum milli tiltölulega nokkuð margra manna. Það var svo lengi, að nokkurn veginn föst hlutföll héldust milli fræðimannastyrkja annars vegar og styrkja til skálda og listamanna hins vegar. Það var yfirleitt þannig, að þegar hækkun varð á listamannastyrkjum, þá var talið eðlilegt, að fræðimannastyrkirnir hækkuðu í svipuðu eða sama hlutfalli. Fyrir 9 árum voru hlutföllin 1 á móti 5, þ. e. a. s. að fræðimenn fengu þá 1 kr. á móti hverjum 5, sem skáld og listamenn fengu á fjárlögum, og fannst þó mörgum, að hlutur fræðimanna væri þá sízt gerður betri en efni stóðu til. Síðan hefur fjárveiting til listamanna hækkað öðru hvoru að krónutölu, en fræðimannastyrkirnir sáralítið, enda er svo komið nú, að samkv. gildandi fjárlögum eru umrædd hlutföll nokkurn veginn 1 á móti 10, þ. e. a. s. veittar eru 215 þús. kr. til vísinda- og fræðimanna, en 2 millj. 134 þús. til skálda og listamanna. Og nú hefur hv. formaður fjvn. skýrt frá því, að von væri á fyrir 3. umr. till. frá nefndinni um hækkun á listamannalaunum. Ég fagna því, að von skuli vera á þeirri till., því að það er full þörf á að hækka þau laun. En ég vil jafnframt leggja á það áherzlu, að styrkurinn til vísinda- og fræðimanna fáist einnig hækkaður verulega. Ef hv. form. fjvn. gefur kost á því, að n. athugi þetta mál milli umræðna, þá er ég að sjálfsögðu fús til að draga mína till. til baka til 3. umr.

Síðasta brtt. mín er nýr liður: Til kynningar íslenzkrar myndlistar, tónlistar og bókmennta innanlands, samkv. ákvörðun menntamálaráðs. Fyrir 2 árum eða þar um bil var gerð nokkur tilraun með slíka starfsemi. Að þeirri tilraun stóðu menntamálaráð og ríkisútvarpið í sameiningu. Ég held, að ég megi fullyrða, að þessi tilraun hafi að mörgu leyti tekizt vel. Á um það bil 50 stöðum víðs vegar um land var á vegum þessara tveggja stofnana flutt íslenzk list, og að þeirri kynningu stóðu ýmsir af fremstu listamönnum þjóðarinnar, einkum tónlistarmenn og rithöfundar. Lítið eitt var myndlist einnig kynnt bæði með fyrirlestrum, skuggamyndasýningum og listsýningum á einum, tveimur eða þremur stöðum. Almenningur tók þessari viðleitni vel, og ég tel skaða, að þar hefur ekki orðið framhald á. Stafar það eingöngu af skorti á fjárframlögum í þessu skyni. Enda þótt aðgangseyrir væri seldur að þessum listkynningum, varð af þeim nokkur fjárhagslegur halli, og það voru fyrrgreindar stofnanir, sem tóku hann á sínar herðar. Samkvæmt þeirri reynslu, sem af þessari tilraun fékkst, þykist ég mega fullyrða, að með 200 þús. kr. fjárveitingu, eins og ég legg hér til, megi skipuleggja fjölbreytta listkynningu, vinna umtalsvert menningarstarf, ekki sízt í þágu hinna dreifðu byggða landsins. Hin mörgu og myndarlegu félagsheimili, sem upp hafa risið víðs vegar um land á síðari árum, eru mörg hver tilvalin til þess að hýsa slíka gesti, sem koma með lifandi list, beztu listamenn þjóðarinnar, vildi ég vænta að þar gætu orðið, sem kæmu til fólksins með lifandi list. Þá má líka segja, að félagsheimilin séu tekin að rækja raunverulegt menningarhlutverk, en slíkt hlýtur að vera tilgangurinn með byggingu þeirra, þótt þeir möguleikar, sem þannig hafa skapazt, hafi engan veginn verið hagnýttir sem skyldi enn sem komið er. Ég vil eindregið æskja þess, að hv. fjvn. taki til athugunar milli umræðna efni þessarar síðustu till. minnar. Í trausti þess, að það verði gert, mun ég taka till. aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 150, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það væri að sjálfsögðu ærin ástæða til þess að ræða hér nokkuð um þá fjármálastefnu, sem þetta frv. ber vitni um, en ég mun þó sleppa því að þessu sinni, enda síður þörf vegna þess, að þetta var mjög rækilega gert af hv. frsm. 1. minni hl. fyrr við þessa umr. Ég mun þess vegna láta nægja að þessu sinni að mæla stuttlega fyrir tveimur brtt., sem ég hef lagt fram við frv.

Fyrri brtt. er á þskj. 144, og eru flm. að henni ásamt mér 3 þm. aðrir. Þessi till. fjallar um það að hækka framlagið til skálda, rithöfunda og listamanna úr 2.1 millj. kr. í 3.5 millj. kr. Samhljóða till. þessari fluttum við sömu þm. á seinasta þingi, en þá náði hún ekki fram að ganga, þ. e. a. s. um þessa sömu upphæð. Síðan þá hefur orðið mikil hækkun á framfærslukostnaði í landinu, og einnig, eins og þessi fjárlög bera merki um, mikil hækkun á framlögum ríkisins til flestra mála, og þess vegna ekki óeðlilegt, að veruleg hækkun verði á

þessu framlagi, og það því frekar sem það hefur mjög dregizt aftur úr öðrum framlögum á undanförnum árum. Nauðsyn þess að búa sem bezt að skáldum og listamönnum þjóðarinnar tel ég ekki þörf að ræða, vegna þess að hún er áreiðanlega öllum þm. ljós. Ég tel þetta svo augljóst mál, að ég mun ekki ræða það frekar að sinni.

Ég kem þá að annarri brtt., sem ég flyt og er á þskj. 150. Þessi till. fjallar um það að hækka styrkinn til Þjóðvinafélagsins úr 10 þús. kr. í 250 þús. kr., og vil ég fara um það nokkrum orðum.

Hér í þessum sal er mynd af manni, þeim manni, sem Alþ. virðir tvímælalaust mest allra þeirra, sem hér hafa átt sæti. En það má líka í því sambandi rifja það upp, að þessi maður, Jón Sigurðsson, bar mikið traust til Alþ. og sýndi það á margan hátt. Ef til vill hefur hann kannske sýnt það einna ljósast á þann hátt, að þegar hann var kominn á efri ár, þá beitti hann sér fyrir stofnun félagsskapar, Þjóðvinafélagsins, sem hann ætlaði að vinna að ýmsum merkum þjóðnytjamálum og ekki sízt á þann hátt að gefa út ýmsar bækur, alþýðlegar fræðslubækur, sem mættu vera þjóðinni til upplýsingar og stuðnings á mörgum sviðum. Og Jón Sigurðsson taldi, að þessi félagsskapur, sem hann hafði svo mikinn áhuga á, yrði bezt tryggður á þann hátt, að í stað þess að hann yrði starfræktur eins og önnur félög í landinu, þá yrði Alþ. sjálfu falið að vera þetta félag, og þess vegna kom hann því þannig fyrir, að Þjóðvinafélagið varð Alþingi, þ. e. a. s. Alþ. tók það að sér fyrir hans forustu að vera Þjóðvinafélagið. Og þar með taldi hann tryggt, að þetta félag gæti starfað þannig í framtíðinni eins og hann hafði ætlað því. En hvernig hefur nú Alþ. brugðizt við þessu trausti, sem Jón Sigurðsson sýndi því? Jú, það er að vísu haldinn hér öðru hverju þingfundur, sem er kallaður aðalfundur Þjóðvinafélagsins, en sá fundur er eingöngu fólginn í því, að form. félagsins gefur hér skýrslu um störf þess, sem eru nánast sagt engin, eins og nú er komið. Og það er líka ekki óeðlilegt, þegar litið er á þá fjárveitingu, sem Alþ. veitir til þessa félagsskapar, því að eins og fjárlögin bera með sér, þá eru það 10 þús. kr., sem Alþ. veitir nú árlega til starfsemi Þjóðvinafélagsins. Og það þarf ekki að rekja það, að fyrir þetta fjármagn er ekki hægt að leysa mikið starf af höndum.

Ég tel, að það sé skylda Alþ. við Jón Sigurðsson og til þess að það sýni sig verðugt því trausti, sem hann sýndi því á sínum tíma, þegar hann fól því að vera Þjóðvinafélagið, að það geri betur við þetta félag en átt hefur sér stað á undanförnum áratug, enda er það líka víst, að þetta félag getur enn átt mörg merk og nauðsynleg verk að vinna, ekki síður en á þeim tíma, þegar það var stofnað af Jóni Sigurðssyni, og þó sérstaklega ef það héldi áfram að starfa í þeim anda, sem hann ætlaði því á sínum tíma.

Það er í samræmi við það, sem ég hef nú sagt, að ég hef lagt til, að þessi fjárveiting til Þjóðvinafélagsins verði hækkuð úr 10 þús. kr. í 250 þús. kr., og ég tel það hreina lágmarksupphæð, til þess að Alþ. ræki þá skyldu, sem á því hvílir í þessum efnum við þann mann, sem hefur verið þess merkasti foringi.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég hef flutt hér eina litla brtt. við 22. gr. fjárlaganna, sem er heimildagreinin. Það er, að í viðbót við þrjár lánsheimildir til samgöngumála á landi komi 3 millj. kr. lánsheimild til byggingar Hofsárbrúar í Vopnafirði. Með tilkomu mjólkurstöðvar og aukinnar mjólkurframleiðslu í Vopnafirði er orðin mikil nauðsyn, að þessi brú verði byggð og það á komandi sumri. En með því að flytja þessa brtt. og æskja þessarar lánsheimildar vildi ég leitast við að tryggja það, að svo geti orðið. En ef fé kynni að verða fyrir hendi til þessarar framkvæmdar með samþykkt vegalagafrv., án þess að skerða fé í aðrar mögulegar samgöngubætur á Austurlandi, verður væntanlega ekki þörf á að nota lánsheimild. En ég tel ekki fært að fara fram á lánsheimildir nema til slíkra varanlegra samgöngumannvirkja, eins og t. d. brýr eru, en á hinn bóginn gildir það ekki um venjulega malarvegi. Sem sagt, aðaltilgangur minn með því að flytja þessa brtt. er að leitast við að tryggja það, að auðið verði að byggja þessa brú á komandi sumri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 17. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 134, 135 og 137, 131, 132, 133, 136, 144, 148, 150).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 133,1 felld með 27:18 atkv.
— 132,1.a samþ. með 31 shlj. atkv.
— 133,2 felld með 27:20 atkv.
— 132,1.b samþ. með 35 shlj. atkv.
— 133,3 felld með 26:19 atkv.
— 132,1.c samþ. með 32 shlj. atkv.
— 133,4—6 felld með 27:18 atkv.
— 132,1.d samþ. með 32 shlj. atkv.
— 133,7 felld með 28:18 atkv.
— 132,1.e samþ. með 34 shlj. atkv.
— 133,8 felld með 29:18 atkv.
— 132,1.f samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 133,9.a felld með 28:18 atkv.
— 132,2.a samþ. með 34 shlj. atkv.
— 133,9.b felld með 29:20 atkv.
— 132,2.b samþ. með 37 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 131,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 136,1—3 felld með 28:8 atkv.
— 136,4 felld með 30:8 atkv.
— 131,2 samþ. með 31:1 atkv.

Brtt. 136,5 felld með 27:8 atkv.
— 131,3 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 136,6 felld með 34:8 atkv.
— 131,4 samþ. með 44 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 131,5—8 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 136,7 felld með 29:8 atkv.
— 131,9 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 148,I tekin aftur.
— 131,10 samþ. með 33:1 atkv.
— 136,8 felld með 32:8 atkv.
— 131,11 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 136,9 felld með 29:9 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 131,12—14 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 136,10 felld með 24:20 atkv.
— 131,15—18 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 133,10 felld með 27:22 atkv.
— 144,I.1 felld með 27:12 atkv.
— 131,19 samþ. með 39 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 136,11 tekin aftur.
— 131,20—24 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 133,11 felld með 29:26 atkv.
— 136,12 felld með 28:22 atkv.
— 131,25.1—23 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 144,I.2.a felld með 29:14 atkv.
— 131,25.24—40 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 144,I.2.b felld með 30:9 atkv.
— 144,I.2.b varatill. felld með 31:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HV, HB, HermJ, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA.
nei: SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, SvG, AJ, PS, BF.
SE, HÁ, HS, IG greiddu ekki atkv.
2 þm. (BBen, EðS) fjarstaddir.
Brtt. 131,25.41 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 144,I.2.c felld með 28:15 atkv.
— 131,25.42—52 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 131,26—39 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 136,13 felld með 24:17 atkv.
— 131,40—41 samþ. með 36 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 131,42 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 144,II felld með 27:19 atkv.
— 148,II.1 felld með 23:19 atkv.
— 131,43—53 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 144,III tekin aftur.
— 131,54—71 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 136,14 felld með 28:19 atkv.
— 133,12 felld með 24:22 atkv.
— 131,72—75 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 148,II.2 felld með 25:19 atkv.
— 131,76—78 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 144,IV.1 felld með 29:18 atkv.
— 148,II.3 felld með 24:18 atkv.
— 144,IV.2 felld með 30:18 atkv.
— 131,79—80 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 136,15 felld með 24:22 atkv.
— 148,II.4 felld með 28:17 atkv.
Brtt. 131,81—84 samþ. með 43 shlj atkv.
— 150,I tekin aftur.
— 148,II.5.a—b felld með 28:18 atkv.
— 131,85—86 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 148,II.5.c felld með 29:19 atkv.
— 144,IV.3 felld með 28:20 atkv.
— 131,87—91 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 144,V tekin aftur.
— 136,16 tekin aftur.
— 144,VI.1—2 felld með 29:14 atkv.
— 131,92—100 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 144,VI.3 tekin aftur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 131,101—106 samþ. með 38 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 131,107—108 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 136,17 felld með 29:17 atkv.
— 133,13 felld með 26:19 atkv.
— 131,109—116.a samþ. með 41 shlj. atkv.
— 133,14 felld með 30:23 atkv.
— 131,116.b samþ. með 46 shlj. atkv.
— 133,15 felld með 29:21 atkv.
— 131,116.c—117 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 133,16 felld með 28:21 atkv.
— 131,118—120.d.1 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 131,120.d.2 tekin aftur.
— 131,121—123 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 133,17 felld með 29:21 atkv.
— 136,18 felld með 27:20 atkv.
— 131,124—125 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 136,19 felld með 28:17 atkv.
— 133,18 felld með 29:22 atkv.
— 131,126—129 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 133,19 felld með 28:22 atkv.
— 131,130 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 133,20 felld með 28:24 atkv.
— 131,131—134 samþ. með 42 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 133,21 tekin aftur.
— 131,135—139 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 136,20 felld með 28:22 atkv.
— 136,21 felld með 26:19 atkv.
— 136,22 felld með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE.
nei: SvJ, ÞK, AuA, BGr, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, SvG, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, BF.
BP greiddi ekki atkv.
3 þm. (AG, BBen, EðS) fjarstaddir.
Brtt. 131,140—142 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 133,22 felld með 27:20 atkv.
— 131,143 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 136,23 felld með 27:16 atkv.
— 131,144 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 148,II.6 tekin aftur.
— 131,145—151 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 148,II.7 felld með 27:16 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 131,152 samþ. með 43 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv.

19. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 131,153 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 133,23 tekin aftur.
— 131,154—155 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 136,24 felld með 28:19 atkv.
— 133,24 felld með 27:21 atkv.
— 131,156 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 133,25 tekin aftur.
— 131,157—161 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 133,26—27 felld með 28:21 atkv.
— 136,25 felld með 28:23 atkv.
— 131,162 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 136,26 felld með 25:11 atkv.
— 133,28 felld með 29:22 atkv.
— 136,27 felld með 27:22 atkv.
— 131,163 samþ. með 33 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 150,II tekin aftur.
— 131,164.a samþ. með 41:1 atkv.
— 131,164.b—j samþ. með 41 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 153, n. 163, 173, 177, 178, 179, 181, 183).

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Síðan 2. umr. fór fram um fjárlagafrv. hér á hv. Alþingi, hefur fjvn. tekið allmörg erindi til athugunar og afgreiðslu auk þeirra, er bíða áttu 3. umr. N. hefur orðið ásátt um að flytja þær brtt. við fjárlfrv., sem tilgreindar eru á þskj. 173, en fulltrúar Framsfl. og Alþb. hafa áskilið sér í því sambandi sama fyrirvara og þeir gerðu við 2. umr. Eins og fyrir 2. umr. stendur meiri hl. n. að tillögugerð um hækkun tekjuliða á frv. samkv. þskj. 177.

Ég mun nú með örfáum orðum víkja að helztu brtt. nefndarinnar.

Við 10. gr. Samkv. ábendingu hagstofustjóra leggur n. til að lækka liðinn „annar kostnaður" við þjóðskrána um tæpl. 143 þús. kr.

Samkv. erindi utanrrn. leggur n. til nokkrar hækkanir varðandi kostnað við sendiráðin í London, Osló og Moskvu, en við 2. umr. hafði verið samþ. nokkur hækkun fyrir sendiráðið í París.

Þá er liðurinn tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna hækkaður um helming eða 345 þús. kr. Íslendingar munu sjálfir njóta góðs af þessari fyrirgreiðslu, sem veitt er á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Við 11. gr. eru aðeins fluttar tvær brtt. Launagreiðslur hjá vinnuhælinu á Litla-Hrauni hækki um 200 þús. kr. Með þeirri hækkun er þó ekki um neina fjölgun á starfsfólki að ræða, þar sem lagt er til að taka upp á fjárlög laun tveggja starfsmanna, sem þar hafa unnið um langan tíma. Er því raunverulega aðeins um leiðréttingu að ræða.

Til sumarlöggæzlu á Þórshöfn hækki um 10 þús. kr.

Við 12. gr. Lagt er til að hækka rekstrarstyrki til sjúkrahúsa sveitarfélaga um samtals 2.8 millj. kr., verði liðurinn 8 millj., og að hækka styrkinn til sjúkrahúsa kaþólskra um 800 þús. kr. Frv. til nýrra sjúkrahúsalaga verður væntanlega lagt fram á þessu þingi og þá settar reglur um styrkveitinguna, form hennar og upphæð.

Teknir eru upp tveir nýir liðir: Til St. Franciskussjúkrahússins í Stykkishólmi til kaupa á röntgentækjum 200 þús. kr. Það sjúkrahús nýtur ekki styrks til tækjakaupa samkv. sjúkrahúsalögum, nr. 93 frá 1953. Með þessari tillögugerð er sjúkrahúsinu veitt viðurkenning fyrir hina löngu og merku starfsemi sína. — Þá er og á greininni nýr liður, 100 þús. kr. styrkur samkv. ákvörðun landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Vitað er um ýmsa efnalitla einstaklinga, sem geta ekki fengið bót meina sinna hér heima, og er með þessari till. ætlazt til að hlaupa undir bagga með þeim vegna ferða til útlanda, auk þeirrar aðstoðar, sem heimiluð er á 12. gr. með stuðningi Tryggingastofnunar ríkisins, en það hrekkur ekki til í einstaka tilfellum.

Við 13. gr. C er lagt til að hækka framlag til ferjubryggna um 300 þús. kr., og er ætlazt til, að hækkunin gangi til ferjubryggna í Ögri og á Stað á Reykjanesi.

Lagt er til, að styrkir til íslenzkra námsmanna hækki um 1 millj. og að öll hækkunin gangi til lánasjóðs námsmanna.

Þá verður að hækka liðinn til framkvæmdar sundskyldu í skólum, þ. e. XII. tölul. 22, um ½ millj. kr., og verður þá liðurinn 3.8 millj. Framlag þetta leiðir af beinum lagaákvæðum og var of lágt áætlað.

Þá eru teknir upp tveir nýir liðir: Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna kostnaðar við landskeppni á árinu 1963 50 þús. kr., en halli á mótunum mun nema hátt á annað hundrað þús. kr. Sambandið eitt hefur ekki getu til að greiða þennan halla. — Þá er styrkur til byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta við Háskóla Íslands, 500 þús. kr., en það mál er núna í undirbúningi.

Við 14. gr. B er tekinn upp nýr liður við þjóðskjalasafnið: Til kaupa á tækjum til viðgerða á handritum og skjalaskápum 200 þús. kr. Þessi kaup eru talin nauðsynleg fyrir starfsemi safnsins.

Lagt er til að hækka styrk til byggingar bókasafna um 150 þús. kr., en lög um almenningsbókasöfn voru sett á þessu ári. Ráðizt hefur verið í slíkar framkvæmdir á nokkrum stöðum.

Lagt er til, að styrkur til Bókmenntafélagsins hækki um 35 þús. kr., til Þjóðvinafélagsins um 40 þús. kr., og á greinina verði tekinn upp

nýr liður í stað útgáfu íslenzkra nýyrða: Til málnefndar 65 þús. kr., og er liðnum skipt eins og fram kemur í brtt. n.

Lagt er til, að styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna hækki um 865 544 kr., verði 3 millj. og þar af hljóti skáldin Halldór Kiljan Laxness og Gunnar Gunnarsson hvor um sig 50 þús. kr.

Tekinn er upp nýr liður: Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á sjávargróðri við strendur Íslands 50 þús. kr., en hann hefur unnið að vísindastörfum við Sorbonne-háskólann í París og er talinn mjög fær í sinni grein. Það er gert ráð fyrir því, að hann komi hingað til landsins næsta sumar og sinni þá þessu starfi.

Til vísindamanna og fræðimanna hækki um 100 þús. kr., en það má segja, að liðurinn hafi staðið svo til óbreyttur síðan 1960, en þá voru veittar inn á þennan lið 180 þús. kr.

Við 15. gr. er tekinn upp nýr liður, 1 millj. til byggingar Hallgrímskirkju hér í höfuðborginni. Eins og menn vita, hefur sú kirkja nú verið í smíðum í mörg ár, og það er gersamlega vonlaust, að söfnuðurinn einn geti staðið undir svo kostnaðarsamri byggingu. Ég þori að segja, að Reykjavíkurborg hafi til þessa lagt af mörkum um 1½ millj. til þessarar kirkjubyggingar, að safnazt hafi eitthvað svipuð upphæð frá einstaklingum og félagssamtökum og að söfnuðurinn sjálfur hafi lagt af mörkum í kringum 2 millj. kr., en að sjálfsögðu veit enginn, hver byggingarkostnaðurinn verður endanlega, enda mun það vafalaust taka mörg ár að koma kirkjunni upp, og þarf það engan mann að undra.

Þá eru breytingar við 16. gr. A. Styrkur til búreikningaskrifstofu á vegum Búnaðarfélags Íslands hækki um 200 þús. kr., liðurinn verði 300 þús., en hækkunin er gersamlega óhjákvæmileg, ef þessi stofnun á að geta gegnt sínu hlutverki.

Þá eru fluttar, eins og við 2. umr., nokkrar nýjar till. um fyrirhleðslur og landþurrkanir og framlag til sjóvarnargarðs við Búðardal, 50 þús. kr. — Þá eru styrkir í sambandi við dýralækningar nokkuð hækkaðir. — Tekinn er upp nýr liður vegna garðyrkjuskólans á Reykjum, til verknáms og stundakennslu 150 þús. kr., en það mun hafa láðst að taka upp þennan kostnað, þegar frv. var samið. — Og þá fær Kvenfélagasamband Íslands nokkra hækkun á sínum styrk.

Við 16. gr. C er tekinn upp nýr liður: Til norræns yrkisskólaþings, sem ætlunin er að halda í Helsingfors sumarið 1964, næsta sumar, 70 þús. kr.

Við 16. gr. E. Það er talið nauðsynlegt að hækka styrkinn til Verzlunarskóla Íslands um 1 millj. 384 þús. Þá verður styrkurinn röskar 2½ millj. Og lagt er til að hækka styrk til Samvinnuskólans um 200 þús. kr., þannig að hann njóti þá alls 670 þús. frá ríkinu á fjárlögum.

Við 16. gr. D, sem fjallar um raforkumál og raunar fleira, er hækkað framlag til nýrra raforkuframkvæmda um 17 millj. kr. Að öðru leyti verða nokkrar tilfærslur á liðnum samkv. eindregnum tilmælum raforkumálastjóra og viðkomandi ráðuneytis, sem nefndin hefur að sjálfsögðu tekið upp.

Á 17. gr. er tekinn upp nýr liður: Til heildarskipulags Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaga 1 millj. kr. Liðurinn fellur undir I á gr. *Á undanförnum árum hafa tekjur af skipulagsgjaldi farið allmikið, ég vil segja nokkuð mjög mikið fram úr áætlun, og það er unnt að hækka tekjurnar sem þessari upphæð nemur og einnig vegna þeirra 100 þús. kr., sem fara til skipulags Kópavogs.*

Liðurinn til aðstoðar ríkisins við landakaup kaupstaða og kauptúna hækkar um 1 millj. og verður þannig 4 millj. Veitir sannarlega ekki af þessari hækkun, þar sem mörg sveitarfélög standa nú í landakaupum og önnur munu einnig þurfa að leggja út í slík kaup á næstu árum. Samkv. till. félmrn., sem sendi n. mjög ýtarlega grg., er lagt til að taka upp nýjan lið: Til kennslu í vinnuhagræðingu 2.2 millj. En ég vil taka það fram, að bæði svokölluð vinnutímanefnd og Iðnaðarmálastofnunin leggja mjög ríka áherzlu á, að þessi starfsemi geti hafizt.

Sumardvalarheimilin hækka um 100 þús. kr. — Styrkur til Sjálfsbjargar, félags fatlaðra, hækkar um 25 þús. — Til mæðrastyrksnefndar hækkar um 30 þús. — Teknir eru upp nýir liðir: Til dagheimilis fyrir börn í Neskaupstað 75 þús. kr. — Byggingarstyrkur til kvennaheimilisins Hallveigarstaða hér í Reykjavíkurborg 100 þús. kr. — Og svo að lokum til hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði 50 þús. kr. Hjálparsveitin hefur merku hlutverki að gegna. En jafnframt er í sambandi við þá fjárveitingu felldur niður 25 þús. kr. styrkur til skátafélagsins Hraunbúa í Hafnarfirði.

Elliheimilunum er veittur styrkur á greininni, styrkur hækkar um 250 þús. kr., en upphæðin mun hafa staðið óbreytt alllengi, meðan allur kostnaður hefur að sjálfsögðu stórkostlega aukizt, eins og kunnugt er.

Við 18. gr. eru fluttar af n. brtt., sem leiða af sér hækkun gr. um 654 281 kr. En varðandi þá grein leyfi ég mér að vísa til umsagnar í aths. við fjárlfrv., sem skýrir þá breyt., sem nú er orðin á tilhögun 18. gr.

Við 20. gr. er aðeins ein brtt., en þar er lagt til, að liðirnir til bygginga og til ræktunar á jörðum ríkisins hækki um 700 þús. kr., og mun sannarlega ekki veita af, miðað við fengna reynslu.

Varðandi 22. gr., heimildagr., eru teknar upp nokkrar till., sem ég leyfi mér að lesa upp, en sé ekki ástæðu til þess að fara að skýra, þær skýra sig nokkuð sjálfar.

1) Að ábyrgjast allt að 20 millj. kr. af erlendu láni Landsbanka Íslands vegna véla- og tækjakaupa í 6 fiskiskip, sem samið er um smíði á í Austur-Þýzkalandi. Ábyrgðin fellur niður, jafnóðum og skipin eru afhent kaupendum. Í framhaldi af þessari ábyrgð heimilast ríkisstj. að ábyrgjast erlenda lántöku

handa fiskveiðasjóði vegna þessara skipa, allt að 13 millj. kr., sem endurgreiðist með venjulegum skilyrðum fiskveiðasjóðs á 7 árum.

2) Að ábyrgjast lán allt að 1 millj. kr. fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri til greiðslu kostnaðar við síldarflutninga, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar.

3) Að ábyrgjast lán að upphæð allt að 1½ millj. kr. fyrir Búðaós h/f vegna fiskræktar, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar.

4) Að ábyrgjast lán allt að 50 millj. kr. til byggingar og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum.

5) Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna orlofsheimilis A. S. Í., með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar.

6) Að lána eigendum vélbátsins Flosa ÍS 42 allt að 300 þús. kr. til viðgerðar á bátnum vegna skemmda af völdum trémaðks.

7) Að verja 90 þús. kr. til þess að reisa skýli í Vatnsfirði á Barðaströnd fyrir teinæringinn Egil í Hvallátrum.

8) Að greiða úr ríkissjóði kostnað Þjóðleikhússins árið 1963 og 1964 vegna launahækkana samkv. úrskurði kjaradóms, að svo miklu leyti sem tekjuliðir leikhússins hrökkva ekki til.

9) Að greiða til sjúkrahússins á Sauðárkróki allt að 150 þús. kr. vegna skemmda, sem urðu á sjúkrahúsinu í jarðskjálfta árið 1963.

10) Að verja fé því, sem varnarliðið hefur greitt fyrir afnot Keflavíkurvegar frá 1. júlí 1962 til 30. júní 1964, alls kr. 659 282.50 kr., til lagningar steinsteypts vegar til Keflavíkur (Reykjanesbrautar).

Eftir 2. umr. hækkar gjaldabálkur frv. samkv. till. fjvn. um 34 679 682 kr., og þar við bætist svo hækkunartill. samvn. samgm. varðandi styrk til flóabáta og vöruflutninga á þskj. 163 að fjárhæð 1.2 millj. kr. Útgjaldahækkunin nemur þannig samtals eftir 2. umr. 35 879 682 kr. samkv. till. fjvn. og samvn. samgm. Til þess að mæta þessari útgjaldaaukningu leggur meiri hl. n. til, að eftirfarandi tekjuliðir verði hækkaðir frá því, sem þeir voru áætlaðir við 2. umr., sem hér segir:

Í fyrsta lagi: Tekju- og eignarskattur hækki um 10 millj. og verði þá 255 millj. Aðflutningsgjöld hækki um 14½ millj. og verði 1337 millj. 500 þús., þ. e. a. s. ríkissjóðshlutinn. Það er utan striks á fjárlagafrv. Í þriðja lagi: Aukatekjurnar hækki um 2 millj. kr. og verði þá 38 millj. kr. Þannig verður tekjuauki ríkissjóðs samkv. till. meiri hl. n. frá 2. umr. 26 millj. 500 þús. kr. Til viðbótar kemur tekjuafgangur í frv. eftir 2. umr., 19 731 869 kr. Samtals verður þetta 46 231 869 kr. Eftir 2. umr. hækkuðu útgjöldin, eins og ég tilgreindi, og það dregst þá frá þeirri upphæð, sem ég nefndi áðan. Útgjöldin hækka um 35 879 682 kr., og þá verður greiðslujöfnuður á frv. 10 352 187 kr. Verði allar till. n. samþykktar, hækka áætluð útgjöld ríkisins þannig frá því, sem ráð er fyrir gert í fjárlfrv., um 147 370 999 kr. Tekjur eru hækkaðar þannig, að greiðslujöfnuður verði áætlaður, eins og ég sagði, 10 352 187 kr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. gerði ég grein fyrir afstöðu Framsfl. til fjárlfrv. og fjárlagaafgreiðslunnar í heild. Að þessu sinni mun ég ekki endurtaka neitt af því, sem ég þá sagði, heldur gera grein fyrir till., sem við höfum flutt hér á sérstöku þskj., 1. minni hl. fjvn., þeim sem meginmáli skipta.

Í fyrsta lagi vil ég víkja þar að þeirri uppsetningu, sem við höfum gert á 13. gr. fjárlagafrv., sem stafar af þeim vegalögum, sem var verið að samþykkja í hv. Ed. nú fyrir örfáum mínútum. Gert var ráð fyrir því í fjvn., að fjárlagafrv. yrði breytt til samræmis við þessi nýju vegalög, en af ástæðum, sem ég kann ekki að skýra hér, var ekki horfið að því ráði af hálfu meiri hl. fjvn. Er með öllu óeðlilegt að afgreiða fjárlög, eftir að vegalög hafa verið samþykkt, sem mikil áherzla hefur verið lögð á og greitt var fyrir gegnum báðar deildir þingsins, að gæti farið fram, áður en fjárlagaafgreiðslu yrði lokið, til þess að hægt væri að samræma fjárlagaafgreiðsluna hinum nýju vegalögum. Ef fjárlög verða afgr. eins og þau liggja nú fyrir til 3. umr. af hálfu fjvn. eða meiri hl., verða ekki taldar til tekna allar þær tekjur. sem gert er ráð fyrir að til veganna gangi af benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi, heldur nokkur hluti þessara tekna, eins og verið hefur. Hins vegar verður þá ekki heldur rétt mynd af því, sem ætlazt er til að ríkissjóður sjálfur greiði til vegamála samkvæmt fjárlögum, eins og gert er ráð fyrir í 89. gr. hinna nýafgreiddu vegalaga að sé ákveðið á fjárlögum hverju sinni, heldur verður þar sú mynd, sem sett var upp, þegar frv. til fjárlaga var samið s. l. haust. Þetta er með öllu óviðunandi og gerum við till. um það, að þessu verði breytt til samræmis við hin nýafgreiddu vegalög. Það var alltaf gert ráð fyrir því, að þannig yrði uppsetningin í fjárl. nú, og geta ekki nein annarleg sjónarmið ráðið því, að hinni fyrri skipan sé haldið, þrátt fyrir þessa lagabreytingu, enda er þessi afgreiðsla fjárl. algerlega í ósamræmi við vegalögin og algerlega röng mynd af því, sem framkvæma á með hinum nýju vegalögum. Þess vegna höfum við á þskj. 181 gert till. um uppsetningu á 13. gr. fjárlfrv., eins og alltaf hefur verið gert ráð fyrir að hún yrði að hinum nýju vegalögum afgreiddum, og við treystum því fastlega, að samkomulag geti orðið enn innan fjvn. um, að þess háttar afgreiðsla verði á 13. gr. fjárlfrv., og eru engin frambærileg rök fyrir því að afgreiða málið á annan hátt en þennan.

Þá er hin megintill. okkar til breyt. á fjárlfrv. sú, að þegar fjárlfrv. var lagt fyrir hér á hv. Alþingi á s. l. hausti, er skýrt frá því í grg. frv., að 92 millj. kr. minna sé ætlað til niðurgreiðslna á vöruverði heldur en er framkvæmt á yfirstandandi ári. Vitað var, að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að koma í framkvæmd

breytingu á niðurgreiðslum á vöruverði á s. l. hausti, og var sú breyting algerlega undirbúin, en það er líka vitað, að á síðustu stundu, þegar átti að fara að framkvæma þessa breytingu, gaf hæstv. ríkisstj. út fyrirskipun um að hætta við að framkvæma hana. Þess vegna hefur niðurgreiðsla farið fram með sama hætti og áður var. Nú liggur ekkert fyrir um það, hvað verður. Því vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Ætlar hæstv. ríkisstj. að fella niður eða minnka niðurgreiðslur frá því, sem verið hefur? Það hefur ekki komið fram í umr. í fjvn. eða hér á hv. Alþingi, að hæstv. ríkisstj. ætli að gera þetta. En ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér að framkvæma sömu niðurgreiðslur á vöruverði eins og var á yfirstandandi ári, þarf fjárveitingin til niðurgreiðslna á fjárlfrv. að hækka um 92 millj. kr. Við gerum ráð fyrir því, að þessi hækkun eigi sér stað, og gerum till. um það.

Till. okkar á tekjugreinum fjárlfrv. eru miðaðar við þá útgjaldaliði, sem við leggjum til og ég hef hér skýrt og smærri liði tvo, sem við tókum aftur frá 2. umr. málsins. Við 2. umr. fjárlfrv. gerði ég grein fyrir afstöðu okkar til tekjugreina frv. og þarf ekki að bæta þar neinu við.

Þá leggjum við til á 22. gr. fjárl., að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að ráðstafa af greiðsluafgangi áranna 1962 og 1963 þeirri fjárhæð, er þar greinir. Vitað er, að greiðsluafgangur ársins 1962 var um 160 millj. kr., og í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. hér á s. l. hausti, eða í okt. s. l., gerði hann grein fyrir því, að verulegur greiðsluafgangur mundi verða á þessu ári. Samkvæmt því yfirliti, sem lá fyrir fjvn. um tekjur til loka októbermánaðar, má gera ráð fyrir því, að tekjur fari fram úr áætlun á yfirstandandi ári um 300—400 millj. kr., eins og ég gerði grein fyrir við 2. umr. Við leggjum til, að 150 millj. kr. verði ráðstafað af þessum greiðsluafgangi á þann hátt, sem hér greinir: að 60 millj. kr. verði lánaðar til byggingarsjóðs ríkisins, að 30 millj. kr. verði lánaðar til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og að 15 millj. kr. verði lánaðar til iðnlánasjóðs, og að varið verði upp í ríkissjóðshluta af kostnaði við hafnargerðir 30 millj. kr. og í ríkissjóðshluta af kostnaði við byggingu sjúkrahúsa og læknisbústaða 15 millj. kr. Alls leggjum við til að ráðstafa á þennan hátt 150 millj. kr. Það þarf ekki að gera grein fyrir fjárþörf þeirra stofnana, sem við leggjum til að fé verði lánað til, eða þeirra framkvæmda, sem við leggjum til að fé verði veitt til. Kunnugt er það öllum hv. þm., hve fjárþörf er þarna mikil, og fyrir hv. fjvn. lá grg. um það, að hlutur ríkissjóðs í þeim framkvæmdum, sem þar greinir, lægi eftir, sem þessum upphæðum nemur og meira þó í sjúkrahúsunum. Þess vegna er hér sízt um ofrausn að ræða.

Ég mun ekki fara að halda hér langa ræðu um þetta mál, heldur gera þessa grein fyrir okkar till. og treysti því, að um 1. liðinn, vegamálatill., náist fullt samkomulag um eðlilega og rétta afgreiðslu þingsins á þessu máli.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlfrv. gerði ég grein fyrir afstöðu Alþb. til þess og þeirrar stefnu, álaga- og verðbólgustefnu, sem mótar það og markar. Það er þó enn ljósara nú en var við 2. umr., hversu gegndarlaus hæstv. ríkisstj. ætlar að vera í skattpíningunni og hve langt hún ætlar að ganga í þá áttina að herða að kjörum almennings í landinu. Þegar 2. umr. fór fram, munu flestir hafa talið, að við 3. umr. yrði bætt inn í fjárlfrv. þeirri upphæð, sem þar vantar, til þess að framlag ríkissjóðs til niðurgreiðslna á vöruverði yrði jafnhátt og það er á fjárl. yfirstandandi árs. Nú er sýnt, að svo verður ekki. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa neitað að gera ráð fyrir jafnháum niðurgreiðslum á fjárl. næsta árs og þær eru á fjárl. ársins 1963. Þar munar 92 millj. kr., sem kemur á næsta ári fram sem hækkað vöruverð á algengustu neyzluvörum almennings, nema ríkisstj. hugsi sér, eins og allar líkur benda til, að ná þessari fjárhæð inn með hækkun á söluskatti eftir áramót. Sú hækkun kæmi þó sjálfsagt til með að nema miklu meiri upphæð en þessum 92 millj. kr., enda væri það ekki nema í fullu samræmi við alla stefnu hæstv. ríkisstj. til þessa og sannaði aðeins, að sízt var ofsagt um álaga- og skattheimtustefnu hennar við 2. umr. um fjárlögin. Til niðurgreiðslnanna hafa verið áætlaðir ákveðnir tekjustofnar, og það að stórlækka þær, en halda þeim tekjustofnum, svo sem ríkisstj. stefnir nú að, jafngildir nýrri skattaálagningu af versta tagi. Með því er viðreisnarstjórnin sem fyrr trú þeirri grundvallarreglu sinni, að gróðinn skuli vera friðhelgur, en daglaunafólkið geti alltaf bætt á sig sköttum.

Ég rakti það við 2. umr., hversu afar óhagkvæm skattheimta með söluskatti væri alþýðu manna og hvernig ríkisstj. hefur markvisst aukið neyzluskattana, sem bitna mest á stærstu fjölskyldunum, en lækkað hlutfallslega þá skatta, sem fara stighækkandi eftir eignum og tekjum. Lækkun niðurgreiðslna kemur ekki síður langsamlega verst niður á láglaunafólki, því fólki, sem notar tiltölulega stærstan hluta af tekjum sínum til þess að kaupa brýnustu matvörur, — þær vörur, sem greiddar hafa verið niður, en tiltölulega minna af öðrum vörum, því að til þess hefur það minna fé en aðrir, þeir sem tekjuhærri eru. Lækkun niðurgreiðslna bitnar jafnframt af mestum þunga á stærstu fjölskyldunum, sem þurfa mest af algengustu matvörum. Þannig kórónar ríkisstj. hina markvissu skattpíningu sína á almenningi og þó mest stærstu fjölskyldunum með því að ætla nú að lækka niðurgreiðslurnar um 92 millj. kr. á einu ári. Og geri hún á næsta ári ráðstafanir til þess að halda þeim í sama horfi, eftir að ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim á fjárlögum af þeim tekjustofnum, sem til þess voru ætlaðir, þá verður það án efa gert með nýjum söluskatti, sérstakri hækkun á söluskatti ofan á þá nær 410 millj. kr. hækkun á tollum og sköttum, sem gert er ráð fyrir með fjárlögum næsta árs.

Eins og ég tók fram við 2. umr., höfðu stjórnarflokkarnir þá hvergi, ekki í einu einasta atriði, gert ráð fyrir sparnaði í ríkisbúkkinu við setningu fjárl. Nú hefur hæstv. ríkisstj. hins vegar fundið lið í fjárl., sem mætti lækka og það ekki lítið. Það er sá liðurinn, sem ætlaður var til þess að halda í skefjum verðlagi á brýnustu lífsnauðsynjum almennings, sá liðurinn, sem varið var til þess að létta hinum efnaminnstu lífsbaráttuna, og sá liðurinn, sem stuðlaði að því að draga úr verðbólgunni í landinu. Á þessum lið einum mátti spara, og það þótti ríkisstj. hæfa að gera hraustlega. Við setningu fjárl. var að dómi stjórnarflokkanna til nægilegt fé til þess að hækka fjárveitingu til að framkvæma álagningu skatta í landinu til ríkisskattanefndar og skattstofa á einu ári úr 8.5 millj. kr. í 15.5 millj. eða um 7 millj. kr. Það vantaði ekki heldur fé í ríkissjóðinn, þegar stjórnarflokkarnir samþykktu till. um að henda 1 millj. kr. í kirkjubáknið á Skólavörðuholti. Og það var nóg fé í ríkissjóði til þess að greiða hækkun á kostnaði við eitt einasta embætti í Reykjavík úr 3 millj. kr. í 5.8 millj. kr., eða um 2.8 millj. eða 93% á einu ári. En á sama tíma og allt þetta er gert verður að skera niður um 25% það fé, sem áður var veitt til þess að greiða niður verð á nauðsynlegustu og brýnustu matvörum almennings, það fé, sem beinlínis þjónar þeim tilgangi að draga úr dýrtíð í landinu og hafa hemil á verðbólgunni. En enn þá eru til svo minnugir og sögufróðir menn í landinu, að þeir halda því fram mitt í allri óðaverðbólgunni, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi í öndverðu lofað því að stöðva verðbólguna og talið það vera aðalmarkmið sitt.

Á þskj. 179 hef ég lagt til, að 1. liðurinn á 19. gr., til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, hækki um 92 millj. kr. og gert verði ráð fyrir jafnháum niðurgreiðslum í krónutölu og á núgildandi fjárl., og þyrfti þó talan fremur að vera hærri til jafns við rýrnandi verðgildi peninganna. Á því er enginn vafi, að ríkissjóður mun hafa mikinn greiðsluafgang á þessu ári, og tekjuáætlun fjárlfrv. er einnig á þann veg gerð nú, að gert er ráð fyrir, að sama gildi á næsta ári. En samtímis því, að þannig hafa verið og verða lagðir á skattar samkv. fjárl. langt umfram það, sem ráðstafað er til gjalda, eykur ríkissjóður skattpíningu sína með því að draga stórlega úr niðurgreiðslum á vöruverði algerlega að þarflausu, og stjórnarflokkarnir bíða nú með öndina í hálsinum eftir því, að lokið verði afgreiðslu fjárl., til þess að þeir geti komið fram með ný lög um aukningu á söluskatti, til þess að fá enn meira fé umfram það, sem ráðstafað er á fjárl. Það er engu líkara en hæstv. ráðh. fái greitt fyrir frammistöðuna í skattaálagningunni samkv. uppmælingartaxta.

Þessi ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna um að lækka stórlega niðurgreiðslu á vöruverði samtímis því, sem hótanir fylgja um, að söluskattur verði þá hækkaður, ef niðurgreiðslurnar eigi að hækka, kemur sem hnefahögg í andlit framleiðslustéttanna, sem nú standa í erfiðri baráttu til þess að reyna að fá bætta að einhverju leyti a. m. k. þá kjararýrnun, sem þær hafa orðið að þola í tíð núv. ríkisstj., en kaupmáttur tímakaups er nú 20% lægri en hann var, þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum, þrátt fyrir stóraukna þjóðarframleiðslu sökum aflaaukningar og góðæris. Þessi ákvörðun ríkisstj., sem rýrir enn kjör almennings, hlýtur að torvelda stórum lausn vinnudeilnanna, sem nú standa yfir, í stað þess að ríkisstj. ber skylda til að leggja þar eitthvað jákvætt til málanna, eitthvað, sem miðað gæti að því að bæta kjör almennings og gæti jafngilt beinni launahækkun. Í stað þess gripur hæstv. núv. ríkisstj. til þess að gera sérstakar ráðstafanir, sem hljóta að stuðla að því að hækka kaupkröfur verkalýðsfélaganna, því að launþegar mega nú búa sig undir að mæta þessum nýju kjaraskerðingaráformum ríkisstj., sem hún er nú að upplýsa.

Þessi ákvörðun ríkisstj. hlýtur a. m. k. að valda því, að samningar, sem takast kynnu á milli atvinnurekenda og verkamanna, hljóta að standa skemmri tíma en ella. Þessi ákvörðun ríkisstj. á viðkvæmum tíma getur því haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar og valdið þjóðinni stórkostlegum erfiðleikum og tjóni. Hin neikvæðu afskipti ríkisstj. af samningaumleitununum milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa verið nógu slæm til þessa, þótt ekki bættist þetta við.

Í umr. um vegalagafrv. nýja var ekki sízt rætt um það, hvert það framlag, sem ríkið ætti samkv. 89. gr. þeirra laga, sem nú er verið endanlega að setja, að leggja fram á fjárl. til viðbótar þeim tekjum, sem vegagerð ríkisins fengi af innflutningsgjöldum af benzíni, gúmmígjaldi og þungaskatti, sem hér eftir yrðu ekki teknaliðir á fjárl., heldur yrðu tekjustofnar vegagerðarinnar og rynnu beint til hennar. Í aths. við vegalagafrv. og í öllum umr. um það var því haldið fram, að á næsta ári yrði framlagið 47.1 millj. kr., en ljóst var, að í raun-inni var algerlega óákveðið, hvert það yrði á næstu árum, þegar síðasta ár gamla kerfisins rynni út í fortíðina og yrði fjarlægara og óraunhæfara til viðmiðunar.

Felld var till. frá Alþb. um, að þetta framlag á fjárlögum yrði jafnan reiknað sem ákveðið hlutfall af öðrum tekjum vegagerðarinnar, þannig að tryggt yrði, að ríkisvaldið gæti ekki dregið úr beinni þátttöku sinni við framkvæmd vegamála í landinu. Nú er hins vegar komið í ljós, að ágreiningur um þessa upphæð bíður ekki næstu ára, heldur hefur þegar séð dagsins ljós í sambandi við ákvörðun framlags ríkisins í fyrsta sinn, sem það er ákveðið samkvæmt nýju lögunum, þótt sú upphæð, 47.1 millj. kr., hafi verið margnefnd í öllum umr. um vegalagafrv. og samkomulag milli flokkanna um afgreiðslu frv. hafi m. a. verið byggt á þeirri staðreynd. Nú ætla ríkisstjórnarflokkarnir nefnilega að haga þannig afgreiðslu fjár-

laga, að framlagið til vegagerðarinnar verði ekki 47.1 millj. kr., eins og þeir hafa sjálfir staðhæft að yrði við allar umr. um vegalagafrv., heldur skuli það verða tæplega 35.4 millj. kr. og eigi það rætur að rekja til tölulegs ósamræmis milli vegalagafrv. og fjárlagafrv., sem hæstv. ríkisstj. hlýtur ein að bera ábyrgð á. Það væri í sjálfu sér nógu slæmt, að stjórnarflokkarnir gengju nú á bak orða sinna og ákvæðu framlagið til vegagerðarinnar um 12 millj. kr. lægra en lofað hefur verið til þessa, þótt það væri þá gert á þann hátt að fella niður 3. og 6. lið 2. gr. fjárlfrv., þ. e. a. s. tekjuliðina innflutningsgjald af benzíni og bifreiðaskatt, sem nú eiga ótvírætt að ganga til vegagerðarinnar, og fella samtímis niður á 13. gr. öll framlög til vegamála nema þessar 35.4 millj., sem þeir vilja nú skammta úr ríkissjóði í stað þeirra 47.1 millj. kr., sem lofað var. Það væri nógu slæmt, ef þannig væri gengið á bak loforða um 47.1 millj. kr. á næsta ári, þótt þessi sjálfsagða aðferð væri þá viðhöfð um þær 35.4 millj. kr., sem ríkisstj. ætlar að skammta, og sú eina löglega aðferð. Hitt er hálfu verra, að ætla að gera þetta á þann hátt að láta fjárlfrv. standa óbreytt og í ósamræmi við nýju vegalögin, að ætla að láta alla útgjaldaliðina standa óhreyfða á 13. gr. til þess að geta haldið tekjuliðunum innflutningsgjaldi á benzíni og bifreiðaskatti áfram á tekjuhlið ríkissjóðs, sem ekkert á um þessar tekjur að fjalla, eftir að vegalagafrv. hefur verið samþykkt.

Þetta getur í rauninni ekki staðizt og stríðir gegn hinum nýju vegalögum, að ríkissjóður telji á sínum fjárlögum tekjustofna, sem búið er með lögum að afhenda til vegagerðarinnar. Ef þetta verður haft svo, að þessir tekjustofnar verði hafðir tekjumegin á fjárl. ríkisins, gefur það tilefni til að álíta, að verði um umframtekjur að ræða á þessum liðum fram yfir áætlunarupphæðina, en við hana er miðað í aths. við vegalagafrv., hvað tekjur vegagerðarinnar geti orðið á næsta ári, þá sé ætlunin, að ríkissjóður hirði mismuninn, sem vegagerðin skilyrðislaust á að fá samkv. hinum nýju vegalögum. Vera má, að einhver hæstv. ráðh. gefi yfirlýsingu um, að svo verði ekki gert. En eftir það, sem á undan er gengið um efndir á því, að áætlaðar verði 47.1 millj. kr. á fjárlögum til vegagerðarinnar, og ef yfirleitt eru hafðar í huga efndir hæstv. ríkisstj. á loforðum sínum, er varla við því að búast, að menn treysti þeirri yfirlýsingu. Ég fyrir mitt leyti mundi treysta því betur, ef slík yfirlýsing kæmi frá hv. formanni fjvn. Þótt hann hafi ekki vald, sem ráðh. hafa, þá held ég, að það sé meira mark á honum takandi.

Ég hef í samræmi við hin nýju vegalög og þau loforð, sem fram hafa komið í umr. um vegalagafrv., lagt til á þskj. 179, að framlag ríkissjóðs á 13. gr. til vegagerðarinnar verði á næsta ári 47.1 millj. kr., en önnur gjöld falli niður, svo og tekjuliðirnir nr. 3 og 6 á 2. gr., þ. e. a. s. innflutningsgjald af benzíni og bifreiðaskattur.

Fyrir réttum hálfum mánuði voru hér á hv. Alþingi samþykkt lög um, að bótaþegar almannatrygginganna skyldu hljóta 15% hækkun á bótum frá og með 1. júlí s. l. Sams konar ákvæði eru í fjárlfrv. varðandi það fólk, sem uppbætur hlýtur á 18. gr. Allt það fólk, sem hér er um að ræða, hefur eins og aðrir orðið að taka á sig verðlagshækkanir, jafnóðum og þær hafa skollið á, og getur ekki undan þeim vikizt á neinn hátt. Fjárhagsaðstaða þess og geta til að mæta hækkunum er lakari en flestra annarra, sem þar að auki fá einhverjar úrbætur í kjaramálum fyrr en þetta fólk. Þannig hefur verið aðstaða þessara bótaþega, þeir hafa fengið hækkanir vöruverðs jafnsnemma öðru fólki, þó að þeir eigi erfiðara með að bera þær, en verða síðan að bíða lengst allra eftir einhverri leiðréttingu varðandi tekjur. Jafnvel þótt leiðréttingin komi seint og um síðir og sé miðuð við sömu prósentutölu og aðrir hafa þá fengið, — en jafnvel ekki alltaf um það að ræða, að þessir bótaþegar fái sömu prósentutölu, — þá hefur sú tekjuhækkun oft að meira eða minna leyti verið horfin inn í nýjar verðhækkanir, þegar lagfæringarnar hafa loks fengizt. Þetta fólk hefur því orðið flestum öðrum verr fyrir barðinu á óðaverðbólgunni, sem nú geisar í landinu.

Nú er þegar fyrirsjáanlegt, að margar og fjölmennar stéttir launþega hljóta að fá einhverja leiðréttingu mála sinna innan skamms. En enginn veit, hve lengi bótaþegum er ætlað að bíða, þegar þeir nú loks fyrir hálfum mánuði eru að fá hækkun, sem miðuð var við fyrri launabætur til þeirra, sem nú eru í verkfalli. Þess vegna hef ég á þskj. 179 lagt til, að á fjárlögum verði gert ráð fyrir heimild handa ríkisstj. til að ráðstafa af greiðsluafgangi ársins 1963 til hækkunar bóta til samræmis við launahækkanir, sem orðið hafa og fram kunna að koma, frá því að lög um hækkun bóta almannatrygginga voru sett hinn 6. des. s. l., til þess að þetta fólk, sem við einna bágust kjör býr, geti loks fengið bætur samtímis því, sem aðrir fá launahækkanir.

Tveim öðrum brtt., sem ég flyt við 3. umr. á þskj. 139, hef ég áður gert grein fyrir og hef þar engu við að bæta.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og jafnan undanfarin ár unnið að undirbúningi till. um fjárveitingar ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur nefndin einnig samkvæmt venju haft nána samvinnu um þetta starf við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Guðjón Teitsson, sem látið hefur nefndinni í té mjög ýtarlega skýrslu um rekstur og afkomu þessara samgöngutækja. Sá háttur hefur vanalega verið á hafður að prenta þessa skýrslu með nál. samvn., en vegna prentaraverkfallsins, sem nú stendur yfir, og erfiðleika við fjölritun þskj. taldi n. sér ekki fært að láta skýrsluna fylgja með áliti sínu að þessu sinni.

Á þessu ári hefur orðið mjög veruleg hækkun rekstrarkostnaðar hjá flóabátunum. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa verulegar kauphækkanir orðið á árinu, ýmsar rekstrarvörur bátanna hafa einnig hækkað og þá fyrst og fremst olíur, þannig að n. taldi, að ekki yrði hjá því komizt að leggja til, að framlög til flóabáta og vöruflutninga á landi í nokkur héruð yrðu hækkuð allverulega. Niðurstaða n. hefur orðið sú, að hún leggur til, að styrkirnir verði hækkaðir úr 4.8 millj., sem þeir eru samkv. fjárlögum yfirstandandi árs, í 6 millj. kr. Um það hefur verið rætt og var sérstaklega á síðastliðnu ári í samvn. samgm., að nauðsyn bæri til þess að endurskoða rekstur flóabátanna með tilliti til þess, að verulegar breytingar hafa orðið á flutningum vegna aukins og bætts vegakerfis, aukinna flugsamgangna o. s. frv. Var svo komið á s. l. ári, að samvn. hafði ákveðið að flytja um þetta till. Þetta bar einnig á góma í n. nú, ekki sízt vegna þeirrar hækkunar, sem nauðsynlegt var talið að gera á flutningastyrkjunum. Var þá á það bent, að fyrir 5 eða 6 árum fór einmitt fram mjög ýtarleg rannsókn og endurskoðun á þessum rekstri. Fyrir liggur skýrsla um þá endurskoðun. Ég vil engan veginn halda því fram, að óþarft sé að láta að nýju fara fram endurskoðun á rekstri flóabátanna, en ég tel, að mögulegt sé að fá ýmiss konar upplýsingar og leiðbeiningar um þennan rekstur úr þeirri skýrslu og eftir þá endurskoðun, sem framkvæmd var á þessum málum fyrir tiltölulega fáum árum.

Um rekstur hinna einstöku flóabáta tel ég ástæðu til þess að taka þetta fram:

Lagt er til varðandi Norðurlandssamgöngur, að styrkur til Norðurlandsbátsins Drangs hækki úr 800 þús. kr. í 900 þús. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir, að framlag til Strandabáts verði óbreytt, 160 þús. kr., og er þá miðað við, að báturinn haldi upp ferðum um farsvæði sitt, sem er frá nyrzta hreppi Strandasýslu suður til Hólmavíkur og staðanna þar á milli, eigi skemur en 6 mán. á árinu. Gert er ráð fyrir því, að 20 þús. kr. af þessari 160 þús. kr. fjárveitingu renni til þess að styrkja flugferðir að Gjögri í Árneshreppi. Þessar ferðir hafa fyrir nokkru verið teknar upp og hefur orðið að þeim stórmikil samgöngubót fyrir þetta eitt afskekktasta og einangraðasta byggðarlag landsins.

Þá er lagt til, að framlag til Haganesvíkurbáts verði óbreytt, framlag til Hríseyjarbáts hækki um 5000 kr. og stuðningur við flugferðir til Grímseyjar verði aukinn um 5000 kr.

Þá er lagt til, að styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði hækkaður um 15 þús. kr.

Að því er snertir Austfjarðasamgöngur, þá eru þær breytingar helztar, að n. leggur til, að heildarstyrkur til Mjóafjarðarbáts verði 150 þús. kr., þar af 50 þús. kr. vegna vélakaupa. Þá er lagt til, að styrkur haldist 50 þús. kr. til rekstrar snjóbifreiðar, sem heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Á Suðurlandi er lagt til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hækki um 30 þús. kr., upp í 300 þús. kr. Vestur-Skaftfellingar eiga eina lengstu leið til aðdrátta, og þess vegna hefur áratugum saman verið veitt nokkur fjárveiting til þess að borga niður flutningskostnað á nokkrum vörutegundum. Vegna hækkunar flutningskostnaðar var talið eðlilegt, að styrkur til þessara vöruflutninga yrði hækkaður, eins og ég sagði, um 30 þús. kr. Enn fremur er lagt til, að framlag til vöruflutninga til Öræfa hækki um 10 þús. kr., upp í 140 þús. kr.

Um Faxaflóasamgöngur vil ég segja það, að forráðamenn Skallagríms h/f, sem rekur vélskipið Akraborg, hafa óskað allverulega aukins stuðnings vegna mikils hallarekstrar skipsins. N. taldi, að ekki yrði hjá því komizt að koma nokkuð til móts við þessar óskir, og leggur nefndin því til, að styrkur til h/f Skallagríms verði hækkaður um 300 þús. kr., þannig að heildarfjárveitingin til þessa flóabáts verður nú samkvæmt till. n. 1250 þús. kr. Framlag til Mýrabáts verður hins vegar óbreytt.

Um Breiðafjarðarsamgöngur er það að segja, að n. taldi óhjákvæmilegt að hækka framlag til Flateyjarbáts á Breiðafirði um 20 þús. kr. vegna mjög erfiðrar rekstrarafkomu þessa báts. Farsvæði hans er, eins og hv. þm. vita, milli eyjanna á norðanverðum Breiðafirði og upp að landi til miðhluta og vesturhluta Barðastrandarsýslu. Þessi héruð búa við mjög erfiðar samgöngur, sérstaklega að vetrarlagi. Aðeins fjórar af Breiðafjarðareyjum eru nú í byggð. Það er Flatey, Hvallátur, Svefneyjar og Skáleyjar, og flóabátaferðirnar eru að sjálfsögðu meginsamgönguæð þessara byggðarlaga. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að halda þessum ferðum uppi, enda þótt fólki hafi fækkað þarna allverulega, en þörf þess fólks, sem enn lifir og starfar á þessum stöðum, verður ekki minni fyrir það, nema síður sé, að íbúum byggðarlaganna hefur fækkað. Það er gert ráð fyrir því, að af þeirri upphæð, sem veitt er til Flateyjarbáts á Breiðafirði, þ. e. a. s. 310 þús. kr., verði varið 20 þús. kr. til að styrkja vetrarferðir, sem Bjarni Hákonarson bóndi í Haga annast af Barðaströnd yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar. Hann hefur fengið beltadráttarvél til þess að annast þessar ferðir með í stað snjóbíls, sem áður var á förum um Barðaströnd, en hefur nú verið seldur burt. N. taldi eðlilegt, að sá styrkur, sem áður var ætlaður til rekstrar snjóbílnum, yrði nú veittur til fyrrgreindra vetrarferða.

Þá er lagt til, að framlag til Stykkishólmsbáts hækki um 175 þús. kr., þar sem stjórn flóabátsins hefur sýnt fram á, að afkoma hans hafi verið mjög erfið á þessu ári. Þetta fyrirtæki á nú nýjan bát í smíðum, og má búast við, að ný viðhorf skapist til þessa rekstrar, þegar hann hefur verið tekinn í ferðirnar. Þá er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 20 þús. kr., úr 40 þús. upp í 60 þús.

Um Vestfjarðasamgöngur er það að segja, að h/f Djúpbáturinn hefur nú eignazt nýtt og myndarlegt 140 tonna járnskip, sem það notar til ferða sinna um Ísafjarðardjúp til Ísafjarð-

arkaupstaðar og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. En allþung skuldabyrði hvílir fyrst í stað á Djúpbátnum h/f, sem rekur þetta skip, og það hefur því sótt um mjög mikla hækkun á rekstrarstyrknum. N. féllst einróma á það að hækka framlagið til Djúpbátsins mjög verulega, þ. e. a. s. um 450 þús. kr., en þó ekki nærri eins mikið og sótt var um. N. taldi nauðsynlegt, að reynsla fengist af rekstri hins nýja flóabáts, og ætti vitneskja um hana að liggja fyrir á næsta ári, þegar skipið hefur verið rekið í um það bil eitt ár.

Þá er lagt til, að framlög til Patreksfjarðarbáts, Dýrafjarðarbáts og Skötufjarðarbáts verði óbreytt.

Samkv. framansögðu leggur samvn. samgm. til, að heildarfjárveiting til flóabátanna á næsta ári verði 6 millj. kr., þ. e. a. s. 1200 þús. kr. hærra en á yfirstandandi ári. Fylgir áliti n. sundurliðuð skipting á styrkjunum til hinna einstöku flóabáta og flutningafyrirtækja.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 178, 179, 181 og 183, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu hennar á fjárl. í tæka tíð, svo að málinu yrði lokið á réttum tíma, og ég vil sérstaklega þakka formanni hv. fjvn. fyrir hans ágætu forustu og ötula starf.

Hv. frsm. 1. minni hl., hv. 3. þm. Vesturl., tók það fram í framsöguræðu sinni hér við 2. umr., að það væri nauðsynlegt að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Ég vænti þess, að allir hv. þm. séu sammála um þá nauðsyn, því að það skapar margvísleg vandræði, ef afgreiðsla fjárlaga er dregin fram á næsta ár, eða sama árið og þau gilda. En því miður hefur oft orðið sú raunin á, að Alþ. hefur ekki afgr. fjárl. fyrir áramót. Ef fjárl. fyrir 1964 verða afgreidd nú í dag eða á morgun, þá er það fjórða árið í röð, sem slíkt gerist. Hins vegar fjárl. fyrir árin 1959 og 1960 var af eðlilegum ástæðum útilokað að afgreiða fyrir áramót, vegna þess að í báðum tilfellum voru stjórnarmyndanir skömmu fyrir áramót, annað skiptið 23. des., hitt skipið 20. nóv., og auðvitað útilokað, að hinar nýju ríkisstj. gætu á svo skömmum tíma undirbúið og fengið afgreidd fjárlög. En næstu 10 árin þar á undan var það svo, að fjárlög voru afgreidd fyrir áramót fyrir 5 þessara ára, en eftir áramót fyrir 5. Við sjáum á þessu, að ef við lítum yfir síðasta áratuginn, þá er það síður en svo, að skilningur hafi verið á þeirri nauðsyn að afgreiða fjárlög fyrir áramót, sem hv. frsm. 1. minni hl. leggur nú áherzlu á, þar sem fjárlög fyrir árin 1949—1958 voru annað hvert ár afgreidd ekki fyrr en eftir áramót. En við skulum vænta þess, að sú venja, sem nú er komin á í 4 ár í röð, haldist sem allra lengst.

Hv. frsm. 1. minni hl. og raunar 2. minni hl. líka gerðu sér mjög tíðrætt um það, bæði í framsöguræðum sínum og nál., hversu gífurlega fjárl. hefðu hækkað, frá því að núv. stjórn tók til starfa, og miða þá einkum við árið góða, 1958, sem þeir telja að hafi verið til fyrirmyndar, þó að það hafi fyrir þeirra flokka endað heldur sorglega. Út af þeim samanburði, sem sífellt er verið að gera á hinni gífurlegu hækkun gjalda og tekna ríkissjóðs á þessum árum, þykir mér rétt að víkja að því nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi er þess að geta, eins og ég hef margsinnis tekið fram við fjárlagaumr., að þó að verðlag og kaupgjald væri stöðugt í landinu, þá væri það eðlilegt, að fjárframlög hækkuðu nokkuð ár frá ári vegna fólksfjölgunar og aukinnar þjónustu við landslýðinn. Um leið vil ég benda á það, að af málsvörum vinstri stjórnarinnar er jafnan sleppt einu þýðingarmiklu atriði, þegar þeir eru að ræða um tekjur og gjöld ársins 1958, og gefið í skyn jafnvel, að á þeirri braut hefði mátt halda áfram og ekki þurft verulegar hækkanir. Í sambandi við efnahagsráðstafanirnar í febr. 1960 og oft síðar hafa fulltrúar þessara flokka og alveg sérstaklega Framsfl. undirstrikað það, að þeir hafi viljað leysa efnahagsmálin, ekki með gengislækkun, heldur með því að hækka skatta og gjöld á landslýðnum, fyrst og fremst með því að hækka verulega yfirfærslugjöldin, svo að með þeim mætti ná nægu fé til að bæta útgerðinni og atvinnuvegunum upp það, sem þurfti. M. ö. o.: það er játað af þeirra hálfu, að hefðu þeir ráðið áfram, þá hefðu þeir beitt sér fyrir áframhaldandi stórfelldri hækkun gjalda og skatta á landslýðnum. Í öðru lagi er þess að geta, að þær tölur, sem hv. þm. nota um útgjöldin 1958, eru villandi, sumpart vegna þess, að fjárlögin voru þá í tvennu lagi, eins og kunnugt er: annars vegar þessi venjulegu fjárlög og hins vegar útflutningssjóður. Og þegar þeir segjast taka einhver af gjöldum útflutningssjóðs og bæta þeim við fjárlagagjöldin, þá taka þeir ekki nema hluta af þeim, sem eðlilegt er að taka. Enn fremur ber þess að gæta, að á árinu 1958 fóru útgjöld töluvert fram úr áætlun. Ef við tökum það, hvernig raunveruleg útgjöld ríkissjóðsins urðu á árinu 1958, þá er í fyrsta lagi nauðsynlegt að bæta við útgjöld ríkissjóðs niðurgreiðslum á vöruverði úr útflutningssjóði, sem voru 89.6 millj., og útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðir, sem voru 58 millj. Þegar þessum greiðslum er bætt við raunveruleg útgjöld ríkisins 1958 samkvæmt ríkisreikningi, voru útgjöldin á því ári 1084 millj. Þá er að sjálfsögðu sleppt öllum útflutningsuppbótunum, sem fengnar voru með yfirfærslugjöldum og öðru. Og ég ætla, að enginn geti rengt það, að þetta er sanngjarn oog réttur samanburður við útgjöldin nú í dag, að taka útgjöld vegna niðurgreiðslna innanlands og útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir með inn í þetta dæmi. Útgjöldin, sem skapa þá grundvöll fyrir réttum samanburði, voru 1084 millj. rúmlega árið 1958.

Þegar við tökum svo útgjöldin, eins og þau nú eru ætluð á næsta ári, þ. e. a. s. samkv. fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, að við-

bættum till. fjvn. eða meiri hl. hennar, þá eru þau 2672 millj. og hækkunin 1588 millj.

Þegar við nú tökum þessa hækkun frá 1958 um 1588 millj., þá er fróðlegt að aðgæta, ekki aðeins að hrópa upp um stórfelldar hækkanir, heldur að athuga, í hvað þetta fé fer. Þá liggur dæmið þannig fyrir í fyrsta lagi, að framlög ríkisins til félagsmála, þar með almannatrygginga, hafa á þessu tímabili hækkað úr 109 millj. upp í 679 millj. Félagsmálaútgjöldin hafa sem sé hækkað um 570 millj. Niðurgreiðslur og uppbætur á útflutningsafurðir hafa hækkað á sama tímabili um 246 millj. Skólamálin, sem eru stór liður, hafa hækkað um 279 millj. Ef við tökum svo framlög til atvinnuveganna, sjávarútvegs, landbúnaðar og til samgangna, þá hafa þessi framlög hækkað um 175 millj. Af þessum 1588 millj., sem útgjöldin hafa hækkað, nema því þessir 4 liðir, félagsmálin, niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur, skólamál og stuðningur við atvinnuvegi og samgöngur, samtals 1270 millj. Allt annað í fjárlögunum hefur þá hækkað um 318 millj. eða nálægt 60%. Nú er ekki fjarri lagi að spyrja þá, sem gagnrýna hástöfum þessar miklu hækkanir, en dettur aldrei í hug að greina það sundur eða gera því nokkur skil, af hverju þessar hækkanir stafa eða í hvað þær fara, hvað það er af þessum liðum, sem þeir eru andvígir og telja að of miklu fé sé varið til, og hvað þurfi að lækka. Telja þeir, að það sé of vel gert við almannatryggingar og félagsmálin, að þessi hækkun um 570 millj. sé ofrausn? Að vísu má vera, að þessir hv. þm. telji það, þegar þess er gætt, að þegar þeir voru við völd, þá námu þessi framlög ekki nema rúmum 100 millj. í staðinn fyrir hátt í 700 millj. nú. En þótt þeir kannske í hjarta sínu meini það, að núv. stjórnarflokkar hafi hækkað framlög til félagsmála allt of mikið, þá munu þeir vafalaust ekki viðurkenna það. Nú halda þessir menn því fram, að niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur séu of miklar. Harla einkennilegt er það, ef þeir telja niðurgreiðslurnar of miklar eftir þær ræður, sem haldnar hafa verið hér nú í dag um nytsemi niðurgreiðslna og hvað hver lækkun á þeim sé mikil árás á alþýðu manna. Eða skyldi Framsfl. telja, að of miklu fé sé varið úr ríkissjóði til útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir? Ef við tökum þriðja liðinn: Skólamálunum hefur á marga lund fleygt fram á þessum árum. Það hefur verið byggt mikið af skólum, laun kennara hafa verið bætt verulega. Í þetta allt saman hefur farið hvorki meira né minna en 279 millj. kr. umfram það, sem var 1958. Nú er mér spurn: Telja málsvarar Framsfl. og Alþb., að hér sé of vel gert við skóla og fræðslumál í landinu. Og tökum svo fjórða liðinn, sem eru samgöngur á sjó og landi, hafnargerðir og stuðningur við landbúnað og sjávarútveg. Telja þessir þm., að of vel sé gert í þessu efni, og hvað er það þá, sem þeir vilja láta skera niður? Ef þeir benda ekki á eða bera fram neina lækkunartill. um þessa liði, þá sést það, að allt þeirra tal um geysilegar hækkanir, sukk og eyðslu er fleipur eitt og gaspur.

Hv. frsm. 1. minni hl. endurtekur það nú, sem hann hefur gert stundum áður við fjárlagaumr. og hans flokkur og hans málgögn, að í rauninni eigi öll framlög í fjárl. alltaf að hækka hlutfallslega, þannig að ef einhver framlög, t. d. til félagsmála, eru hækkuð verulega, eigi t. d. framlög til allra verklegra framkvæmda að hækka um sömu hundraðstölu, annað sé spor aftur á bak. Og þennan furðulega útreikning leggur hv. þm. enn einu sinni á borð í nafni síns flokks fyrir Alþingi og landslýðinn nú. Hann reiknar út, hvað fjárl. hafa hækkað síðan 1958 um mörg prósent, og þá segir hann: Auðvitað eiga framlög til raforku, til vega, til skólabygginga, til hafna, yfirleitt öll önnur framlög að hækka um nákvæmlega sömu prósentu. Í rauninni er svona málflutningur og málfærsla tæplega svaraverð. Við skulum skýra þetta nánar með dæmi.

Við skulum segja, að við Íslendingar, sem sjaldan hefur nú gerzt, en við skulum taka það dæmi, að við byggjum við stöðugt verðlag og kaupgjald í landinu og svo verði stjórn í landinu, sem vildi gera betur en áður við fræðslumálin, við heilbrigðis- og sjúkramálin og við félagsmálin og hækka framlög til þessa, t. d. um 50%, skulum við segja. Eftir kenningu framsóknarmanna mætti það því í rauninni ekki gerast nema með því að hækka alla aðra liði fjárl. um það sama. Slíkur samanburður er auðvitað gersamlega út í hött. Ef menn vilja fá samanburð á því, hvað raunverulega fer til verklegra framkvæmda, sem jafnan er alþm. mjög ríkt í huga, þá á auðvitað að bera það saman, hvað fæst fyrir peningana nú og hvað fékkst á því ári, sem borið er saman við, til þess að finna, hvað raunverulega fæst fyrir það fé, sem varið er til þessara hluta.

Nú er það þannig, að í rauninni er engin vísitala til, sem sýnir kostnað við verklegar framkvæmdir almennt, það er engin slík almenn vísitala til. En það er til vísitala byggingarkostnaðar, og það eru til vissar vísitölur, sem vegagerð ríkisins notar í sambandi við vega- og brúargerð. Og hvernig lita nú þessar tölur út? Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað síðan 1. nóv. 1958 og til 1. nóv. s. l. um 47%, sem sagt eftir þeirri vísitölu hefur byggingarkostnaður hækkað um 47% á þessu tímabili. Hjá vegagerðinni mun vera talið, að 50—60% sé hækkunin, sem verður á ýmsum liðum þar. Ef við notum töluna 50%, sem er þó aðeins hærri en vísitala byggingarkostnaðar, ættu framlög til verklegra framkvæmda nú í fjárlögum að vera 50% hærri en þau voru 1958, til þess að það sama fengist fyrir féð, þó með þeirri athugasemd, að á marga lund er nýting fjárins betri nú vegna breyttra vinnubragða, t. d. með stærri fjárveitingum í hvern stað og fækkun vinnustöðva og með miklu betri vélakost, sem efldur hefur verið mjög hin síðustu árin, heldur en áður var. En með þessum fyrirvörum skulum við nota þessar tölur, 50%, og hvernig lítur þá dæmið út? Ef

við tökum framlög til hafna, eru þau 1958 14.7 millj., í fjárl. nú 45.3 millj. eða hafa þrefaldazt. Þegar þess er gætt, eins og ég kem að síðar, að auk þess er ætlað að veita 15 millj. í viðbót í sambandi við hafnarmannvirki, er hér um að ræða 60.5 millj., þannig að í stað þess, að til þess að ná sömu vinnu, sama verki, sömu afköstum og 1958, hefðu þessar 14.7 millj. átt að hækka um ca. 50%, en hafa í stað þess þrefaldazt eða fjórfaldazt, ef við tökum síðari töluna með líka. Ef við lítum á vegamálin, var á árinu 1958 varið 83.3 millj. kr. Samkv. hinum nýju vegalögum, sem afgr. voru hér í dag, er gert ráð fyrir að verja nær 245 millj. kr. á næsta ári eða þrefaldri upphæð. Ef við lítum á sjúkrahúsin, var 1958 varið 8.2 millj. í því skyni, samkv. fjárl. nú 17.8 millj., meira en tvöföldun, og ef við bætum þar við 15 millj., sem eiga að koma til viðbótar, eins og með hafnirnar, verða það 32.8 millj., m. ö. o.: það er í fyrra tilfellinu tvöföldun frá 1958, í síðara tilfellinu fjórföldun. Ef við athugum framlög til byggingar skóla, voru þau á árinu 1958 16.3 millj., en verða samkv. fjárl. nú yfir 80 millj., m. ö. o. fimmföld. Framlög til flugvalla voru 6.6 millj. árið 1958, eru áætluð nú 15.7 millj., meira en tvöföld.

Þegar við lítum þannig yfir fjárframlög fyrr og síðar til þessara helztu liða verklegra framkvæmda, vega og brúa, hafna, skólabygginga, flugvalla, sjúkrahúsa, þá sjáum við því, að miðað við 1958 er það aldrei svo, að framlögin hækki aðeins um 50%, sem svarar hækkuðum tilkostnaði, heldur tvöfaldast, þrefaldast, fjórfaldast og fimmfaldast. Það er í sannleika sagt kannske ekkert undrunarefni, þó að manni blöskri sá málflutningur, sem jafnkunnugir menn þessum málum leyfa sér, eins og báðir hv. frsm. minni hl., að staðhæfa það hér í nál. og framsöguræðum, að raunverulega sé um stórkostlegan samdrátt að ræða í fjárframlögum til verklegra framkvæmda í landinu, þó að það sé sannanlegt, að þessi framlög ekki aðeins hækka um það, sem svarar auknum tilkostnaði, heldur margfaldast.

Ég minntist á það áðan, að ætlunin væri, auk þess sem getur í fjárl., að 15 millj. gengju til hafna og 15 millj. til sjúkrahúsa. Ég vil skýra það nokkru nánar. Vangreidd eða vangoldin framlög af hluta ríkissjóðs til sjúkrahúsa og hafna nema varðandi hafnirnar væntanlega um 30 millj. um næstu áramót og varðandi sjúkrahúsin væntanlega um 26 millj. Svo er þessu farið, að samkv. lögum skal ríkissjóður greiða vissan hluta af kostnaði við þessar framkvæmdir, en hann er ekki skyldur að inna það af hendi, fyrr en fé er veitt til þess á fjárl. Um langan aldur hafa safnazt þarna upp vangoldin framlög vegna áfallins kostnaðar, sem ríkið á að greiða, en ekki er gjaldkræft að lögum. Þetta veldur auðvitað hinum mestu vandkvæðum, bæði þeim sveitarfélögum og aðilum, sem að þessum framkvæmdum standa, að þurfa að eiga inni eða ógoldnar svo stórar fjárhæðir, og auk þess er það óviðunandi til lengdar fyrir ríkissjóð að vera þannig á eftir og geta ekki fylgzt eftir föngum með um framlög af sinni hálfu. Það hefur verið til athugunar í ríkisstj., á hvern hátt mætti úr þessu bæta. Og vitanlega er ekki hægt að kippa þessu í lag í einu vetfangi. En ýmiss konar leiðir og m. a. undirbúningur löggjafar á sér stað til þess annars vegar að koma í veg fyrir, að þetta haldi áfram, og hins vegar að greiða upp þann svokallaða hala, sem vangoldinn er. Og það, sem ríkisstj. hefur ákveðið nú, er, að varið verði 30 millj. af greiðsluafgangi ársins í ár í því skyni að greiða þessar skuldir, 15 millj. af hafnarskuldunum og 15 millj. af sjúkrahúsaskuldunum.

Nú hefur það að sjálfsögðu verið og er stefna ríkisstj. að forðast það í þeirri þenslu, sem nú er í efnahagslífinu, að auka á þá þenslu með því að setja greiðsluafgang ríkissjóðs út í nýjar, verklegar framkvæmdir. Þetta kom m. a. fram í ráðstöfun hennar á greiðsluafgangi fyrir árið 1962, sem var 162 millj. kr. Það var ákveðið að leggja 100 millj. til hliðar í jöfnunarsjóð samkv. l. frá 1932, sem hér þarf ekki frekar að útskýra, en það var gert í fjárlagaræðunni. Enn fremur voru tæpar 40 millj. notaðar til þess að greiða skuld við Seðlabankann. Stefna ríkisstj. er söm nú og þá, að hún telur ekki fært og ekki verjandi að taka hluta af þeim greiðsluafgangi, sem væntanlega verður á árinu 1963, til þess að auka framkvæmdir á næsta ári. Hins vegar vill hún verja þessum 30 millj. kr. til þess að greiða umræddar skuldir, og þá er að sjálfsögðu til þess ætlazt og verður tjáð viðkomandi aðilum, að til þess er ætlazt, að þessar greiðslur af hendi ríkissjóðs gangi til þess, að sveitarfélögin eða þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, noti það til skuldagreiðslu, því að vitanlega hafa sveitarfélögin safnað skuldum, oft til skamms tíma, vegna þessara framkvæmda, og þessi framlög af greiðsluafgangi eiga að ganga til þess, en ekki til þess að auka framkvæmdir á næsta ári frá því, sem ella hefði orðið. Þetta vil ég, að komi alveg skýrt fram.

Að því leyti er hér um aðra stefnu að ræða en þá, sem birtist í brtt., sem hér liggja fyrir frá 1. og 2. minni hl. fjvn. um svipað efni, og þó nokkuð annað frá hv. 2. minni hl., því að það er ljóst, a. m. k. af till. hv. 2. minni hl., að hann hefur ekki þau sjónarmið, sem ég hér lýsti. En ég vil enn undirstrika það, að þegar svo er ástatt í landinu, að miklu meiri eftirspurn er eftir vinnuafli heldur en framboð, og það er ein meginástæða þeirrar þenslu, sem nú er hér í landi, þá er það ekki verjandi af ríkisvaldinu að taka greiðsluafganginn og nota hann til þess að auka enn á þensluna með nýjum framkvæmdum.

Þegar við lítum yfir þennan samanburð um fjárframlög 1958 og samkv. því, sem fyrirhugað er á næsta ári, fer því náttúrlega fjarri, að nokkrar ásakanir af hendi stjórnarandstöðunnar standist um að verið sé að draga saman. Hins vegar mætti ásaka ríkisstj. og þingmeirihluta fyrir, að það eigi að verja of miklu fé

til verklegra framkvæmda á næsta ári, og miðað við okkar efnahagsástand má auðvitað færa sterk rök fyrir því, að hér sé e. t. v. fulllangt gengið. En að fá svo yfir sig ákúrur og ásakanir fyrir það annars vegar, að stjórnin beri ábyrgð á allri þenslunni, og hins vegar, að hún verji allt of litlu fé til verklegra framkvæmda, þetta eru náttúrlega mótsagnir, sem ekki geta staðizt.

Framsóknarmenn deila hart á ríkisstj. fyrir þessa miklu hækkun fjárlaga. Ég hef nú rakið, í hverju hún er fólgin. En eftir öllum málflutningi þeirra mætti nú ætla, að þeir legðu fram till. um það að lækka útgjöldin og spara. En hver er afstaða hv. framsóknarmanna? Í fyrsta lagi: þeir stóðu í fjvn. að öllum útgjalda- og hækkunartill. fjvn. Í öðru lagi: þeir fluttu sjálfir hækkunartill. um yfir 100 millj. kr. Í þriðja lagi greiddu þeir flestir atkv. með flestum útgjaldatill. Alþb. við 2. umr. Og í fjórða lagi hefur ekki orðið vart við neinar lækkunareða sparnaðartill. frá þeirra hendi. Mér finnst þessir hv. þm. varpa grjóti úr glerhúsi.

Báðir hv. frsm. komu inn á það við 2. umr., að harla lítið hefði orðið úr sparnaðarfyrirheitum, sem ríkisstj. hefði gefið. Hv. frsm. 1. minni hl. komst svo að orði, að núv. fjmrh. hefði gefið mörg sparnaðarfyrirheit 1960. Við skulum nú virða fyrir okkur fyrirheitin. Síðan þessi ríkisstj. var mynduð, hefur hún gefið út um 59 tölusett sparnaðarfyrirheit. M. ö. o.: því er slegið föstu, að fjöldi sparnaðarfyrirheita, 59 tölusett eða þar um kring, hafi verið gefinn. Hann vitnar bæði í fjárlagaræðu mína 1960, en þó einkum í nál. meiri hl. fjvn. um fjárl. 1961, en það er dags. 2. des. 1960, og þar eru taldir upp 23 liðir, sem n. óskar að teknir séu til athugunar og rannsóknar. Nú vil ég með því að rifja upp þetta mál athuga, hvort það er sanngjarn og sannorður málflutningur, að þetta hafi verið loforð um 23 liði hjá fjvn., loforð um sparnað. N. tekur fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hl. n. gerir ekki neinar ákveðnar till. um niðurskurð útgjalda ríkissjóðs umfram þær lækkanir, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Reynslan hefur ætíð sýnt, að niðurskurður útgjalda er óraunhæfur, nema samtímis séu gerðar nauðsynlegar skipulagsbreytingar, og slíkum breytingum verður sjaldnast við komið án rækilegra athugana og undirbúnings.“

N. bendir á nokkur atriði. Hún beinir þeim tilmælum til ríkisstj., að hún láti rannsaka, hvort ekki sé hægt að gera eftirtaldar ráðstafanir til að draga úr ríkisútgjöldum. Á svipaða leið talaði ég í fjárlagaræðunni að efni til. Þegar nú er varpað fram í Alþingi ýmist af ríkisstj. eða fjvn. ýmsum atriðum, sem óskað er eftir athugun á og rannsókn, hvort hægt sé að spara á eða breyta skipulagi, þá gera hv. frsm. minni hl. sér lítið fyrir og segja: Þetta eru allt saman loforð og fyrirheit og hvert einasta atriði, sem ekki er komið í framkvæmd, er svik. — Náttúrlega ber allur þessi málflutningur vott um ákaflega takmarkaðan skilning á þeim nýju vinnubrögðum, hagsýsluvinnubrögðum, sem tekin hafa verið upp hér í samræmi við það, sem gerist í flestum okkar nágrannalöndum. Ég gerði ýtarlega grein fyrir því í fjárlagaræðu 1960, um haustið, að við yrðum hér að breyta gersamlega um vinnubrögð. Hingað til hefði sú aðferð verið notuð, að flestar ríkisstj. hefðu skipað sparnaðarnefndir, þar sem nm. ynnu að því í hjáverkum og venjulega fyrir einhverja þóknun að gera till. um sparnað í ríkisrekstrinum. Stundum eru þessi verkefni svo viðtæk, eins og t. d. hjá sparnaðarnefnd vinstri stjórnarinnar, að hún átti að rannsaka og gera till. um allt ríkisbáknið, allan ríkisreksturinn og ríkisstofnanir. Þessar nefndir hafa svo skilað, venjulega eftir hæfilegan tíma, stundum skilað áliti og stundum ekki, — skilað till. til ríkisstj., sem stundum hefur framkvæmt eitthvað af þeim, oftast sáralítið og stundum ekkert.

Nú er þetta ekkert sérstakt íslenzkt fyrirbæri, því að þannig var þetta áratugum saman hjá flestum þjóðum. Sparnaðarnefndir voru skipaðar með brauki og bramli, og nú skyldi allt bruðl úr sögunni og sukkið stöðvað og spillingin upprætt og bitlingar skornir niður. Það átti að spara og spara. En því miður varð reynslan sú af eðlilegum ástæðum, þegar farið er að skoða málið niður í kjölinn, að árangurinn varð sorglega lítill og ferðin gekk grátlega seint. Og það var vegna þess, að hér voru menn, sem yfirleitt höfðu þessar athuganir og rannsóknir í hjáverkum, gátu ekki lagt sig fram um það eins og vera þyrfti. Og þess vegna hefur verið farið inn á nýjar brautir hin síðari ár til að mynda til þess að ná raunhæfum árangri um sparnað, aukna hagkvæmni og bætt skipulag. Og sú nýja aðferð er, að unnið sé að staðaldri af mönnum, sem hafa þetta að aðalstarfi og eru ýmist sjálfir fyrir kunnáttumenn eða hafa sér við hlið sérfræðinga í ýmsum greinum.

Það land, sem við höfum sótt einna mest til í þessu efni og ég held að eigi að verða okkur til mestrar fyrirmyndar, er Noregur. Og þar hefur verið um margra ára skeið starfrækt hagsýsluskrifstofa á vegum norska fjmrn., önnur stór hagsýsluskrifstofa á vegum höfuðborgarinnar, auk þess sem margar einkahagsýsluskrifstofur starfa, sem vinna fyrir bæði opinbera aðila og einkaaðila. Og að þessum málum starfa þar verkfræðingar, hagfræðingar, viðskiptafræðingar, lögfræðingar, hvers konar sérfræðingar á ýmsum sviðum. Og þegar ákveðið er að athuga og rannsaka eitthvert mál, er þetta unnið — ekki með einhverjum ofsahraða til þess að slá málunum upp, heldur yfirleitt unnið í ró og næði og í kyrrþey, en að staðaldri, til þess að finna alveg á hlutlausan hátt, hvort hægt er að breyta vinnubrögðum til sparnaðar eða bættrar þjónustu eða ekki, og ef það er hægt, þá með hverjum hætti. Í þessu sambandi kemur ákaflega margt til greina. Það er t. d. eitt af boðorðum Norðmanna í þessum efnum, að ef á að athuga

og rannsaka einhverja stofnun og hvort bæta megi hennar vinnubrögð og þjónustu, þá sé ekki meginatriðið það, að fá ekki aðeins forstjóra og yfirmenn slíkrar stofnunar, heldur allt starfsfólkið til að sýna þessu velvilja. Þá fyrst fáist þær nauðsynlegu upplýsingar og á sínum tíma þau nauðsynlegu vinnubrögð og breytingar á vinnubrögðum, sem við þurfum. Og eitt af því, sem sumir þeir, sem mest hafa fjallað um þessi mál í Noregi, skýrðu mér frá á sínum tíma, var m. a. þetta: Þegar einhver stofnun eða starfsgrein er tekin til slíkrar hagsýslumeðferðar, verður starfsfólkið að vera fullvíst um það, að það muni ekki missa atvinnu sína, þó að breytingar séu gerðar á skipulagi. Og þetta hefur verið framkvæmt þar eftir föngum, m. a. þannig, að ef þarf að fækka starfsfólki, þá er tryggt, að því er séð fyrir öðrum störfum, sem kunna að losna, eða á annan hátt tryggt, að atvinnu missi það ekki. Þetta er auðvitað sálrænt atriði, sem þeir telja alveg brýna nauðsyn bera til að ekki sé horft fram hjá.

Þessi nýju vinnubrögð hagsýslunnar hafa verið tekin hér upp að nokkru leyti. Ríkisendurskoðanda var falið á sínum tíma að verja nokkru af starfstíma sínum til þess að skipuleggja slíkt starf eða taka visst atriði til meðferðar. Eftir þá reynslu, sem fengizt hefur, er það ætlunin að leggja fyrir þetta Alþingi, sem nú situr, frv. um fasta frambúðarskipun hagsýslunnar.

Nú er það eðli hagsýslunnar, að hún er seinunnin, vegna þess að það eru svo mörg atriði, sem þarf að grafa til botns í, og það er ekki rétt og ekki til hagsbóta neinum að fara að neinu óðslega. Þess vegna taka mörg þessi störf og undirbúningsstörf langan tíma, sérstaklega þegar það kemur fyrir, eins og því miður eru dæmi um hér á landi, að geysileg vinna hefur verið lögð í endurbætur á fyrirtækjum, sem rekin eru með verulegum tilkostnaði fyrir ríkissjóð. Þar hefur ekki orðið nægilegs skilnings vart hjá helztu forráðamönnum. Ég vil taka það fram, að það eru undantekningar, ef slíkrar tregðu verður vart, en hún veldur því líka, að ákaflega er örðugt að koma fram umbótum, ef yfirmenn eða forráðamenn hafa ekki skilning á því, að þeirra sé þörf, og ganga með velvilja til verks. Sem betur fer hefur yfirgnæfandi meiri hluti ríkisstarfsmanna ekki aðeins tekið vel öllum slíkum athugunum, heldur lýst áhuga sínum á þeim skilningi og vilja til þess að aðstoða við þau. Og það er áberandi sú breyting, sem orðið hefur nú á síðustu 2—3 árum um hinn stóraukna skilning opinberra starfsmanna í þessum efnum.

Vegna þess að mér finnst kenna nokkurs skilningsskorts á þessum málum í ræðum frsm. beggja minni hl., hef ég viljað gera þetta að umtalsefni, um leið og ég undirstrika það, að ég vænti þess að heyra hér ekki aftur frá þessum hv. þm. þær fullyrðingar, að þau atriði t. d., sem fjvn. bendir á og biður ríkisstj. að láta athuga, séu túlkuð sem fyrirheit og loforð um sparnað. Slíkt er ekki sæmilegur málflutningur.

Að sjálfsögðu komust svo báðir frsm. að þeirri niðurstöðu, að þessi svokölluðu sparnaðarfyrirheit ríkisstj. og fjvn. hefðu öll verið svikin með tölu og engin viðleitni til sparnaðar eða aukinnar hagkvæmni og hætt að minnast á það. Ég skal fullvissa þessa hv. þm. um, að öll þessi atriði, — ég vil ekki fara nákvæmlega í það, hvort þau eru 59, þessi tölusettu, sem hv. þm. nefndi, enda virðist þetta ekki vera af fullkominni nákvæmni, því að hann talar um, að þau séu u. þ. b. 59, en hvað sem því líður, ég hef ekki talið þau saman, — ég vil fullvissa hann og hv. frsm. 2. minni hl. um það, að öll þessi atriði hafa verið tekin til athugunar og rannsóknar. Um sum þeirra er sjálfsagt að viðurkenna, að við rannsókn hefur það reynzt ekki framkvæmanlegt að spara á þeim eða breyta um vinnubrögð af ýmsum ástæðum.

Um sum þessara atriða er það að segja, að þau eru þegar komin í framkvæmd, og um sum þessara atriða er það að segja, að þau eru enn á undirbúningsstigi. Af þeim, sem þegar eru komin í framkvæmd, má nefna tvö atriði, sem ég hef oft getið hér um áður.

Það er gjaldheimtan, hin sameiginlega gjaldheimta fyrir ríki og Reykjavíkurborg. Hún er þegar tekin til starfa, og ef óskað er eftir upplýsingum um, hvort hún hafi leitt til sparnaðar eins og um var talað, þá má benda á það, að útgjöld ríkisins miðað við þær launabreytingar, sem orðnar eru, mundu að óbreyttu skipulagi verða á næsta ári 6½ millj. vegna þessara mála. En það er gert ráð fyrir nú, að þau verði 3.2 millj. Hér er sem sagt þegar komið fram og er að vænta mjög verulegs sparnaðar á þessum eina lið. Ég vil taka það fram, að vitanlega hefur hér orðið vart vissra byrjunar- eða barnasjúkdóma, eins og gengur og gerist. Þær nýju ágætu vélar, sem fengnar voru, reyndust í byrjun ekki eins vel og gert hafði verið ráð fyrir, og urðu nokkrar tafir og truflanir af þeim ástæðum. En þetta er eins og gengur og gerist með umbætur og breytingar, og vænti ég, að þetta sé komið á góðan rekspöl allt nú.

Í þessu efni er haldið áfram. Það er bæði varðandi tollstjóraskrifstofu um þau verkefni, sem hún hefur áfram, varðandi skattstofuna í Reykjavík og fjölmörg önnur fyrirtæki, sem ýtarlegar rannsóknir fara fram, sem taka yfirleitt meira en eitt ár, nokkur ár, hvernig megi bæta og breyta vinnubrögðum til sparnaðar og bættrar þjónustu.

Í öðru lagi hefur hér oft verið nefnt um sameiningu tóbaks- og áfengisverzlunar, sem er auðvitað sjálfsögð ráðstöfun, þó að það væri að veltast fyrir Framsfl. í heilan áratug að koma því í framkvæmd, eins og þó hafði verið gert ráð fyrir strax 1950, en horfið frá af sérstökum ástæðum, sem honum er sjálfum kunnugast um. Það hefur þegar orðið til verulegs sparnaðar. Og ég vil einnig vekja athygli á því, að þegar farið er að bera sam-

an, hvað þetta kostaði áður, hver var rekstrarkostnaðurinn áður og hver er hann nú, þá er það auðvitað ekki frambærilegur samanburður að taka tölur úr fjárl. eða ríkisreikningi frá því áður en þetta kom til framkvæmda og bera það saman við fjárlög fyrir 1964. Menn verða auðvitað, til að fá réttan samanburð, að færa hvort tveggja til sama verðlags.

Í þriðja lagi get ég nefnt hér, að húsnæðismál ríkisstofnana og skrifstofa hafa lengi verið mjög mikið vandamál. Ríkið hefur verið með sínar stofnanir í svo margvíslegu leiguhúsnæði, að það hefur þurft að greiða stórkostlegt fé til þeirra hluta. Að sjálfsögðu er ætlunin á sínum tíma að byggja stjórnarráðshús, eins og fyrirhugað hefur verið, sem mun bæta hér úr nokkurri þörf, en þó ekki allra. En meðal þess, sem gert hefur verið í þessu efni, er það, að ríkissjóður festi kaup fyrir 2 árum á stórhýsi við Borgartún, sem þegar er búið að flytja í margar stofnanir og skrifstofur, sem áður voru í leiguhúsnæði, og auk þess möguleikar á sínum tíma að stækka þetta hús verulega, og á því er enginn vafi, að þegar frá líður, verður á þessu verulegur sparnaður, og má í rauninni segja, að það sé þegar orðið.

Það má nefna í fjórða lagi, að vegamálin voru með þeim hætti, eins og kunnugt er, að fjárveitingar voru oft svo smáar til vinnustöðva, fóru niður í kannske 10 þús. kr. á árunum 1958—1959 á hvern stað, þannig að mikill hluti af þessu fé fór til þess að flytja vinnuvélar og mannskapinn fram og aftur. Það var tekin strax á fyrsta þingi þessarar ríkisstj. upp sú stefna að gerbreyta þessu skipulagi og stefna að því að hafa stærri fjárveitingar í hvert sinn til hvers staðar, en vinnustaðina færri. Og ef við lítum yfir árangur 3 ára, hefur hann orðið verulegur. Um leið og vegafé hefur hækkað, hefur vinnustöðvum fækkað verulega, og vegamálastjóri hefur gert ráð fyrir, að til jafnaðar megi áætla, að sparist um 8 þús. kr. við fækkun hverrar af þessum vinnustöðvum, sem lítið fé hefur verið varið til. Það getur verið, að þetta séu ekki ákaflega háar upphæðir, sem eftir þessum útreikningi hafa sparazt. Ég geri þó ráð fyrir, að það verði hátt upp í 1 millj. kr. Það má segja, að það sé ekki stór upphæð. En safnast þegar saman kemur, og ef unnið er af viti og fyrirhyggju að öllum þessum málum á sem flestum sviðum, verður auðvitað árangurinn í heild nokkurs virði.

Ég skal nefna enn eitt dæmi. Á þessu ári hefur verið gengið í það að endurnýja miklu meira en áður ýmsar bifreiðar, sem ríkisstarfsmenn þurfa óhjákvæmilega á að halda vegna sinna starfa. Viðhaldskostnaður þessara bifreiða, sem oft voru mjög gamlar og þurftarfrekar, var gífurlegur, og þegar á fyrsta ári hefur orðið verulegur sparnaður í viðgerðar- og rekstrarkostnaði þessara bifreiða. Þannig höfum við þarna eitt dæmi af mörgum um það, að með því að leggja fram nokkurt stofnfé til þess að endurnýja tæki, skilar það sér margfaldlega á stuttum tíma. Í því sambandi skal ég einnig geta um vinnuvélakost ríkisins. En fyrir nokkru voru fengnir sérfræðingar til þess að kanna það, hversu mætti bæta þar um. Og skýrsla þeirra gerir ráð fyrir, að vélaeign ríkissjóðs eða þeirra stofnana, sem þar eiga hlut að máli, sé núna um 300 millj. kr. virði, þ. e. a. s. miðað við endurnýjunarverð, ef ætti að endurnýja þessar vélar, séu þær um 300 millj. kr. virði. En við athugun kemur það í ljós, að aldur tækjanna er ótrúlega hár. Þannig eru 31% af þesum vinnuvélum yfir 20 ára gamlar, 53% þeirra eru yfir 15 ára gamlar, 78% þeirra eru yfir 10 ára. Vitanlega er það ljóst, að viðhaldskostnaður og rekstrarkostnaður allur verður gífurlegur af svona gömlum vélaflota, þegar þar við bætist, að tegundirnar eru svo margar, að varahlutabirgðir þurfa að vera margfalt meiri en ella, ef færri væru tegundir og vélarnar tiltölulega nýjar. Þannig voru t. d. á lager nýlega varahlutir í yfir 70 tegundir véla og bíla og jafnvel margar gerðir frá hverjum framleiðanda. En auk þess beina kostnaðar, sem leiðir af því að hafa svo gamlar og úreltar vélar, er ótalinn sá óbeini kostnaður, sem erfitt er að meta til peninga, því að vegna sífelldra bilana tefjast framkvæmdir, heilir vinnuflokkar verða að bíða eftir annarri vél eða viðgerðarmanni. Af þessu leiðir svo síaukna fjárfestingarþörf í viðgerðarvélum, verkstæðisbyggingum o. s. frv. og ekki síst, að nýting tækjanna stórminnkar.

Þetta er eitt af þýðingarmiklum málum, sem hagsýslan hefur nú til athugunar. Þetta hefur auðvitað kostað mikla vinnu, og það kostar mikið stofnfé að kippa þessu í lag, en það skilar sér mjög fljótlega í margra millj. sparnaði á hverju ári í minnkuðum rekstrar- og viðhaldskostnaði.

Ég vil undirstrika það, að hagsýslustörfin eru seinunnin, taka langan tíma, ef þau eiga að vera vel undirbúin og skila árangri, og þau atriði, sem nefnd hafa verið, bæði í nál. fjvn. og í minni fjárlagaræðu, bæði þau og fjölmörg önnur hafa verið og eru til athugunar, og ég vil endurtaka: sum þeirra eru komin í framkvæmd og að sjálfsögðu miklu fleiri en þessi fáu dæmi, sem ég nefndi. Sum þeirra hafa reynzt með þeim hætti, að ekki er möguleiki að koma í framkvæmd bættum vinnubrögðum eða sparnaði að svo stöddu, og fjöldi þeirra er enn í athugun.

Til viðbótar því, sem ekki snertir beint hagsýsluna, en af því að hv. frsm. minni hl. hafa rætt um sparnað almennt, þá má geta þess, að annað sendiherraembættið í París var lagt niður og innflutningsskrifstofan var lögð niður, sem þýddi mikinn sparnað á opinberu fé.

Ég stend því fyllilega við það, sem ég sagði í fjárlagaræðu 1960 og hv. frsm. 1. minni hl. var svo elskulegur að rifja hér upp og jafnvel birta í sínu nál., en það var á þessa leið:

„Það ætla ég, að allir góðir Íslendingar séu sammála um, að nauðsynlegt sé að hafa sí-

vökult auga á öllu því í rekstri ríkisins, er til sparnaðar má horfa, bættra vinnubragða og aukinnar hagsýni."

Og það gleður mig, að hv. frsm. hefur haft svo mikið við mig að þessu leyti að prenta þessar setningar upp í sínu nál., og vænti þess þá, að hann sé þeim einnig sammála.

Hér bar á góma áðan vegalögin, og liggja fyrir till. um það að breyta uppsetningu á 13. gr. A fjárl., vegna þess að vegalögin hafa verið afgreidd í dag. Ég vil taka það fyrst fram, að vitanlega er engin nauðsyn eða þörf á því og kannske varla eðlilegt að ætlast til þess, að þegar fjárlög eru til síðustu umr., sé farið að breyta stórum kafla þeirra til samræmis við ný lög, sem eru samþykkt frá Alþingi sama dag. En að öðru leyti vil ég taka það fram, að hér er eingöngu um formsatriði að ræða. Og ummæli í þá átt, að ekki verði staðið við þau fyrirheit, sem gefin eru í grg. vegalagafrv. og af hæstv. samgmrh. í umr. hér á þingi, að úr ríkissjóði verði lagðar fram 47.1 millj., eru gersamlega tilhæfulaus. Það hefur ekki komið til orða að breyta frá því. En ég vil undirstrika þá yfirlýsingu, sem hæstv. samgmrh. gaf við 3. umr. um vegalögin í Ed. í dag í þá átt. Ég tel hér vera um hreint formsatriði að ræða. Að sjálfsögðu verður við undirbúning fjárl. fyrir árið 1965 breytt uppsetningu 13. gr. fjárl. í samræmi við hin nýju vegalög.

Í sambandi við eina af brtt., sem hér hafa komið fram, um hert skattaeftirlit, vil ég skýra frá því, sem ég raunar hef gert hér áður á Alþingi, að í undirbúningi hefur verið nú sérstakt skattaeftirlit eða skattaeftirlitsdeild hjá ríkisskattstjóra, sem á að hafa með höndum þetta verkefni, sem hér um ræðir, og ætlunin er að sjálfsögðu að herða, eftir því sem tök eru á, eftirlit með réttum framtölum og réttri skattálagningu. Í því sambandi má geta þess, að öllum kunnugum mönnum ber saman um, að sú lagfæring, sem gerð var á sköttum og útsvörum á Alþingi 1960, bar þegar þann árangur m. a., að framtöl manna gerbreyttust. Ekki aðeins skattstjórum, heldur löggiltum endurskoðendum og öðrum kunnugum mönnum ber saman um það, að næstu 2 árin á eftir hafi þar orðið gerbreyting á til batnaðar og einnig orðið mjög vart við þann vilja hjá fólki að telja rétt fram og lagfæra það, sem áður kynni að hafa misfarið í þeim efnum. Því er ekki að neita, að síðasta ár hefur nokkuð gengið úr skorðum í þessu efni, og er það að sjálfsögðu alltaf einn af fylgifiskum þenslu og verðbólgu, að tilhneiging til rangra framtala og skattsvika eykst stórum og um leið erfiðleikarnir á því að fylgja því fram. En þetta mál er hjá ríkisskattstjóra í undirbúningi, og vænti ég þess, að hin nýja skipan geti komizt á hið allra fyrsta í þessu efni.

Þá eru niðurgreiðslur gerðar hér að umtalsefni og að fjárveiting sú, sem ætluð er í fjárl., nægi ekki til þess að halda áfram óbreyttum niðurgreiðslum, og er það rétt. Það var gert ráð fyrir því, þegar fjárl. voru samin, að draga úr niðurgreiðslum á næsta ári. Nú vil ég í sambandi við hinn mikla lofsöng um niðurgreiðslurnar taka það fram í fyrsta lagi, að ég tel, að ýmsar niðurgreiðslur á vöruverði eigi rétt á sér. Sem dæmi má nefna, að niðurgreiðsla á mjólk, slíkri nauðsynjavöru, sérstaklega til handa barnafólkinu, er eðlileg og sjálfsögð og sanngjörn. Ég nefni hana sem dæmi, og í því felst ekki, að ég telji ekki niðurgreiðslur á fleiri vörum mjög koma til greina.

En hinu verðum við líka að gera okkur grein fyrir, að það má ekki gera þessar niðurgreiðslur, eins og þær eru eða hafa verið undanfarið, að einhverju trúaratriði eða líta á þær eins og trúarjátninguna, þannig að hvergi megi við þeim hrófla. Hv. alþm. verða að gera sér grein fyrir, að niðurgreiðslurnar hafa margvíslega annmarka og vankanta í för með sér. Ég skal nefna það í fyrsta lagi, að niðurgreiðslur í ýmsum greinum leiða til þess að skekkja verðlag óeðlilega, þannig að neyzla á einhverri vörutegund, ef hún er mikið greidd niður, verður óeðlilega og kannske óþarflega mikil. Má þar til nefna miklar niðurgreiðslur á sumum erlendum vörum.

Í öðru lagi er rétt að taka það fram, að stundum er eftirlit með niðurgreiðslum svo erfitt, að í rauninni er varla nokkur möguleiki að koma því við, þannig að það nái tilgangi, og ég vil nefna í því sambandi niðurgreiðslur á kartöflum. Þær höfðu verið hér um alllangt skeið, en voru felldar niður fyrir nokkru, m. a. og kannske fyrst og fremst vegna þess, að nokkur misnotkun hafði komið í ljós. Og það var álit þeirra manna, sem mest höfðu um þetta fjallað, að það væri ómögulegt að koma á eða framkvæma fullkomið eftirlit eða eftirlit, sem gæti komið í veg fyrir misnotkun. Þetta eru annmarkar auk ýmissa fleiri, sem rétt er að gera sér grein fyrir og ekki líta á niðurgreiðslurnar sem einhverja heilaga kú, sem ekki má snerta.

En í þriðja lagi vil ég benda á annað. Það er hér talað um það af frsm. Alþb., að niðurgreiðslurnar séu mál alþýðufólksins, fátæka fólksins og barnafólksins. En er hv. frsm. ekki ljóst, að með niðurgreiðslunum er verið að moka millj. og tugum millj. úr ríkissjóði í hina ríku, vegna þess að allir, jafnt háir sem lágir, ríkir sem snauðir, fá sömu niðurgreiðslu á hverja einingu? Og er það nú endilega einhver trúarjátning í íslenzku þjóðfélagi, að endilega þurfi að greiða niður, borga úr ríkissjóði handa mestu hátekju- og eignamönnum þjóðarinnar með ýmsum vörutegundum? Geta þeir ekki keypt ýmsar þessar nauðsynjavörur og borgað fullt fyrir þær? Ég er þeirrar skoðunar, að a. m. k. nokkru af því fé, sem varið hefur verið og er til niðurgreiðslna nú, væri miklu betur varið á annan hátt, þannig að það kæmi einmitt láglaunafólkinu og barnafjölskyldunum að miklu meiri notum. Ég tel, að það þurfi sérstakrar athugunar við, hvort ekki einmitt á að vinna að því skipulagi að breyta niðurgreiðslunum og auka þá hins vegar almannatryggingarnar, eins og fjölskyldubætur og hjálp til láglaunafólks og fjölskyldumanna

í einu og öðru formi. Ég tel, að töluverðu af því fé, sem nú er varið til niðurgreiðslna, væri betur varið á annan hátt, einmitt í þágu alþýðunnar og láglaunafólksins. Þessar aths. vil ég setja hér fram til athugunar og umhugsunar í sambandi við niðurgreiðslur, um leið og ég undirstrika það, að ég tel niðurgreiðslur eðlilegar og sanngjarnar og sjálfsagðar varðandi ýmsar nauðsynjavörur, þó að ég telji, að eins og þær hafa verið að undanförnu, séu ýmsir annmarkar og ágallar á þeim.

Nú er það auðvitað öllum hv. alþm. ljóst, að þeir atburðir, sem hafa verið að gerast og eru að gerast í okkar þjóðfélagi í dag, og á ég þar við kauphækkanir, almennar kauphækkanir í landinu, hafa auðvitað veruleg áhrif á efnahagslífið allt og m. a. á tekjur og gjöld ríkisins. En þar sem almennir samningar eru ekki á komnir og fjárlög á síðasta stigi, er auðvitað ógerningur að taka inn í fjárl. ráðstafanir, sem kunna að verða nauðsynlegar í sambandi við hinar almennu kauphækkanir. En nú þegar hafa nokkur launþegafélög samið um 14—15% kauphækkun, og ef sú prósenta, 14—15%, verður almenn kauphækkun í landinu, liggur málið þannig fyrir, að stórir hópar launþega hafa á einu og sama ári fengið 30% launahækkun, 5% fyrst, síðan 7½, síðan 14—15%, sem að sjálfsögðu leggst ofan á það, sem fyrir er komið, þannig að um 30% verður kauphækkunin á einu ári. Sumir aðilar fá meiri kauphækkun, aðrir e. t. v. eitthvað minni. Ég held, að engum hugsandi manni geti dottið í hug, að nokkurt þjóðfélag geti tekið á sig slíkar kauphækkanir, án þess að einhverjar ráðstafanir þurfi að gera í því sambandi. Þær ráðstafanir, sem kann að þurfa að gera í sambandi við þessar miklu launahækkanir, standa vafalaust fyrst og fremst í sambandi við útflutningsatvinnuvegina, hvort þeir þoli þessar hækkanir eða hvort í einu eða öðru formi þurfi að hlaupa undir bagga með þeim. Þessar kauphækkanir hafa að sjálfsögðu víðar áhrif og m. a. á afkomu ríkissjóðs og allra sveitarsjóða í landinu. Þetta er auðvitað ekki hægt að meta í dag og auðvitað ekki hægt að gera heldur ráð fyrir slíku í fjárl., auk þess sem það liggur ekki fyrir enn þá, hver áhrif þessar hækkanir kunna að hafa á launaútgjöld ríkissjóðs. Það verður að sjálfsögðu eitt af verkefnum ríkisstj. að meta þetta nýja viðhorf sem fyrst og leggja fyrir Alþingi till. þær, sem nauðsynlegar kunna að reynast. Og í sambandi við þær till. varðandi efnahagsmálin og hin nýju viðhorf, sem ríkisstj. mun undirbúa, kemur auðvitað niðurgreiðslumálið inn sem einn liður.

Ég hef borið hér fram tvær brtt., og þó að það hafi verið venja, að hv. fjvn. hefur verið beðin um að flytja till., sem fjmrh. eða ríkisstj. hefur óskað eftir að fluttar yrðu við 2. eða 3. umr., þá var ekki talið rétt að óska eftir, að n. yrði kölluð saman að nýju, þar sem hún hafði lokið störfum. En við athugun á tekju- og gjaldahliðinni þótti rétt að hækka nokkuð áætlun um söluskattinn eða um 7½ millj., en af því gengur 1½ millj. til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, og innflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum um 4 millj., og er það sumpart vegna þeirrar reynslu og þeirra talna, sem nú liggja fyrir alveg á síðustu stundu, og sumpart vegna þess, að réttara þykir, að fjárlögin séu afgreidd með svipuðum greiðsluafgangi og þau höfðu eftir 2. umr., í kringum 20 millj. kr. Það lítur þannig út, að ef allar till. fjvn. og meiri hl. og þessar till. frá mér verða samþykktar, verða fjárl. afgreidd með 20.4 millj. kr. greiðsluafgangi.

Og loks er önnur till. við 22. gr., en snertir 18. gr. Eins og hv. þm. vita, var veruleg breyting gerð á 18. gr. nú, þar sem teknir voru út allir þeir, sem fá lífeyri úr lífeyrissjóðum, og er það í samræmi við ákvæði í lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem samþ. voru á síðasta þingi, þannig að þeir starfsmenn fá sinn fulla lífeyri og uppbætur frá lífeyrissjóðnum, og er ákveðið í þeim lögum, að þótt niður falli sú fjárveiting, sem þessir aðilar hafa haft á 18. gr. fjárl., skuli þeir einskis í missa. En hér hafa í undirbúningi málsins orðið viðskila við þennan hóp nokkrir aðilar, sem aðallega er gamalt fólk, sem nýtur eftirlauna eftir gömlum reglum, fyrst og fremst eftirlaunalögum frá 1855, þ. e. a. s. þetta eru starfsmenn, en einkum þó ekkjur starfsmanna, sem ekki voru sjóðfélagar í lífeyrissjóðnum, heldur var svo langt um liðið, síðan þeir tóku við sínum störfum, að þeirra eftirlaunamál fóru eftir þessum gömlu lögum. Nú er það sjálfsagður hlutur, að þetta gamla fólk verði að njóta fullkomins jafnréttis á við hina eftirlaunaþegana, sem eru í lífeyrissjóðunum, og fyrir því er þessi 2. brtt. mín flutt, að heimilað sé að greiða þeim aðilum, sem njóta eftirlauna samkv. gömlum reglum, sbr. 18. gr. I fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í lögboðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín, sem sé hliðstæð þeirri hækkun, sem sjóðfélagar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fá við gildistöku l. nr. 29 1963, en þau lög öðlast gildi 1. jan. n. k.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 182, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. minntist á hér áðan, að það væri mjög þýðingarmikið að afgreiða fjárlög fyrir áramót, og skal ég ekki draga úr því, að slíkt sé heppilegt og nauðsynlegt og ætti að vera allsherjarregla. En á hinn bóginn kom það fram hjá hæstv. ráðh., að það væri ekki mögulegt að koma því þannig fyrir, að þessi fjárlög yrðu í samræmi við ástandið, eins og það væri orðið í dag, og verður óneitanlega að telja það ekki lítinn galla á fjárl., þegar hæstv. ráðh. lýsir slíku yfir sjálfur. Hann sagði, að einmitt núna væru að gerast svo miklar breytingar, að menn yrðu að skilja, að svo mundi væntanlega fara, að strax eftir áramótin yrði hæstv. ríkisstj. að leggja fram eins konar viðbótarfjárlög.

Auðvitað má deila um, hvort skynsamlegra sé, þegar svona stendur á, að fresta afgreiðslu

fjárlaga og reyna að hafa þau sanna mynd af ástandinu og líkleg til að geta staðizt, eða hitt að drifa afgreiðsluna áfram með slíkum játningum um, að þau séu ekki raunverulega í samræmi við það, sem framkvæmdin hljóti að verða, og með yfirlýsingum um, að það eigi að setja ný viðbótarfjárlög eftir nokkra daga. Sjálfsagt má deila um, hvora aðferðina eigi að hafa. En ekki sýnist mér ástæða fyrir hæstv. ráðh. að vera að státa af þessari fjárlagaafgreiðslu, þó að hún sé gerð fyrir áramót með þessum hætti, sem hann þannig lýsir sjálfur.

Ég hefði ekki minnzt á þetta atriði, ef hæstv. fjmrh. hefði ekki verið að leiða umr. af því. En fyrst ég er farinn að tala um þessi efni, fjárlögin og það, sem fram undan er, vil ég fara ofur lítið nánar inn á það og þá sérstaklega vegna þess, að það er lífsnauðsyn að reyna að fá skýrar fram en enn er orðið, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir.

Vil ég þá fyrst snúa mér beint að þeirri spurningu: Ætlar hæstv. ríkisstj. að minnka niðurgreiðslurnar á nauðsynjavörum eða ekki? Það eru ekki greiddar niður nema helztu lífsnauðsynjar. Hæstv. fjmrh. var að tala fremur illa um niðurgreiðslurnar áðan. Virtist það benda í þá átt, að þeir hugsi sér að hætta við þær að einhverju leyti. Hann komst að þeirri undarlegu niðurstöðu, að niðurgreiðslurnar á helztu lífsnauðsynjum heimilanna mundu vera í þágu hinna ríku. Þetta er heldur furðuleg niðurstaða hjá hæstv. ráðh., þegar þess er gætt, að niðurgreiðslurnar eru aðeins á brýnustu lífsnauðsynjum heimilanna og engu öðru. Ef ætti að minnka niðurgreiðslurnar við þær kringumstæður, sem nú eru, jafngildir það hækkun á tollum eða gjöldum á lífsnauðsynjar, í hinni verstu mynd, sem hægt er að hafa slíkar álögur, því að það mundi koma þyngst á þær vörur, sem menn geta sízt neitað sér um, brýnustu nauðsynjarnar.

Ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér að minnka niðurgreiðslurnar, er það vottur þess, að hún er að reyna að gera ráðstafanir til að ná af mönnum aftur að einhverju leyti eftir þeirri leið því, sem kann að ávinnast fyrir fólk í þeim kjaradeilum, sem nú standa yfir. Ég vara ríkisstj. alvarlega við því að leika þann leik. Ég vara hana alvarlega við þeim afleiðingum, sem af því hljóta að verða, ef hún ætlar enn að fitja upp á því sama og áður og byrja á þennan hátt. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh. og ætlast til, að hann geti svarað því afdráttarlaust: Ætlar ríkisstj. að minnka niðurgreiðslurnar, eða ætlar hún ekki að minnka þær? Ef hún ætlar ekki að minnka niðurgreiðslurnar, þá á að samþykkja brtt. þá, sem hér hefur komið fram, um að færa fjárveitinguna til niðurgreiðslnanna í það horf, að hún geti staðið undir óbreyttum niðurgreiðslum. Þetta eiga menn heimtingu á að fá að vita, þegar verið er að afgreiða fjárlög fyrir árið 1964 og komið er fram undir jól, ef afgreiðsla fjárl. á að vera nokkuð annað en nafnið tómt, bara til að geta gortað af því, að fjárlög hafi verið afgreidd fyrir áramót.

Þá er annað, sem ég vil leyfa mér að minnast á, og það eru þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram á Alþingi um, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að innleiða verulegar nýjar álögur þegar eftir áramótin. Þessi orðrómur hefur komizt á kreik vegna þess, að þegar ríkisstj. lagði fram till., sem áttu að vera til málamiðlunar í kjaradeilunni og gerðu ráð fyrir 8% hækkun á dagkaupi verkamanna og 4% hækkun á dagkaupi ýmissa annarra, hafði ríkisstj. um leið gefið fulltrúum verkalýðsins þær upplýsingar, að hún mundi þurfa að auka álögur á landsmenn um 220 millj. Þetta kom hér fram í umr. utan dagskrár, og þó að hæstv. forsrh. endurtæki þetta ekki eftir þeim, sem höfðu upplýst það, þá mótmælti hann því alls ekki, og dregur enginn í efa, að hæstv. forsrh. hefði mótmælt þessu eða leiðrétt, ef ekki hefði verið rétt frá þessu skýrt, að þetta hefði komið fram hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við uppástungur hennar um 8% og 4% kauphækkun.

Þetta allt virðist benda eindregið í þá átt, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að beita sér fyrir því að draga úr niðurgreiðslum og einnig fyrir stórfelldum, nýjum skattaálögum eftir áramótin. Ef hæstv. ríkisstj. leggur út í annað af þessu eða hvort tveggja, þá er hún beinlinis að ýta undir dýrtíðarþróunina í landinu og er þá að byrja á einni umferðinni enn. Hefði hún þó átt að vera búin að læra af þeirri reynslu, sem orðin er, því að nú hefði hæstv. ríkisstj. sannarlega átt að leggja sig frøm um það, ef kjarasamningar nást, sem maður vonar að verði, — þá hefði hún sannarlega átt að leggja sig fram um að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að draga úr dýrtíðarflóðinu. En ef hún ætlar að beita sér fyrir nýjum álögum eða nýjum neyzlusköttum í formi þess að minnka niðurgreiðslur, þá er hún ráðin í því að halda óbreyttri þeirri stefnu, sem hún raunar hefur haft frá upphafi, sem sé að gera sífellt nýjar og nýjar ráðstafanir til að hækka verðlagið í landinu, en reyna að halda kaupgjaldi og afurðaverði til bænda niðri og ná þannig, eins og hún kallar, jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Frá fyrstu tíð hefur þetta verið aðalstefna ríkisstj. Ég á erfitt með að trúa því, að hún hafi ekkert lært af því, sem skeð hefur undanfarið, og hún ætli sér að byrja þannig á nýrri umferð. En allt það, sem hefur komið fram, bæði meðferð hæstv. ríkisstj. núna í sambandi við fjárl. á niðurgreiðslumálinu og eins það, sem kom fram um fyrirætlanir í sambandi við nýja skatta, þegar till. ríkisstj. til lausnar kjaradeilunni komu fram, allt þetta bendir alveg eindregið í þá átt, að ríkisstj. hafi í þessu tilliti ekkert lært.

Ég vil enn leyfa mér að vara ríkisstj. við afleiðingum þess, ef nú verður einu sinni farið af stað. Og í því sambandi vil ég benda á, að ríkistekjurnar fóru 300 millj. kr. fram úr áætlun 1962 og varð verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. Á því ári, sem nú er að líða, fara ríkistekjurnar áreiðanlega ekki minna en 300—400 millj. fram úr áætlun, og með þeim hækkunum, sem nú eru að verða á kaupgjaldi

og þá náttúrlega afurðaverði og ýmsu fleiru í landinu, er það alveg augljóst, að ríkistekjurnar eiga enn eftir að vaxa stórkostlega og verða miklu hærri á næsta ári en þær eru á þessu ári og áreiðanlega miklu hærri en hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihl. gerir ráð fyrir í sínum till. í fjárl.

Ef nú á að fara að leggja á nýja tolla, eru þeir ekki lagðir á vegna þess, að nauðsyn sé að afla ríkissjóði meiri tekna, heldur beinlínis til þess, eins og ríkisstj. hefur svo oft talað um, beinlínis til þess að leita jafnvægis í þjóðarbúskapnum með því að magna dýrtíðina að óbreyttu kaupgjaldi og óbreyttu afurðaverði og fá greiðsluafgang í ríkissjóð til þess að leggja til jafnaðar inn í efnahagskerfið. En ég sem sagt endurtek það enn, að ég vara hæstv. ríkisstj. við því að fara enn út á þessa braut, því að þetta hlýtur að leiða til áframhaldandi dýrtíðarflóðs, eins og það hefur gert á undanförnum árum. Það væri sannarlega ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að hugsa sig nú um og eiga nú ekki upptökin að nýrri umferð í þessu efni með þvílíkum ráðstöfunum. En einmitt þessar aðfarir allar nú við þessa síðustu umr. fjárl. benda eindregið í sömu átt og till. í sambandi við kjaramálin og um skattana. Niðurgreiðslurnar eru ekki settar inn á fjárl. að fullu, því að svo á að leika þann leik væntanlega eftir áramótin að segja: Það vantar peninga til þess að halda niðurgreiðslunum uppi, það þarf að leggja á nýja skatta. — Það vantar líka peninga til þess að gera ýmsar ráðstafanir vegna atvinnuveganna, eins og hæstv. fjmrh. var strax áðan að reyna að láta skína í.

Þetta var sagt og verður sagt, en við vitum, að það eru 300—400 millj. kr. umframtekjur á þessu ári, 300 millj. kr. umframtekjur í fyrra. Okkur er einnig öllum ljóst, að tekjurnar fara stórkostlega fram úr áætlun, eins og þessi mál horfa núna, svo framarlega sem ekki verða einhver sérstök óhöpp í atvinnurekstri á næsta ári, sem engin ástæða er til þess að gera ráð fyrir.

Þá vil ég minnast á, að mér finnst það vera einkennilegt, að fjárl. skuli ekki vera færð til samræmis við þau lög, sem búið er að samþykkja á Alþingi. Það er búið að samþykkja hér ný vegalög á Alþingi, og það er núna tekjumegin í fjárlfrv. gert ráð fyrir tekjum, sem ríkissjóður á alls ekki að njóta, þær eiga að renna til vegamálanna sérstaklega, og það er á útgjaldahlið frv. gert ráð fyrir útgjöldum til vegamálanna, sem ekki eru í neinu samræmi við gildandi lög og þar af leiðandi koma ekki til greina. En þetta fæst ekki lagfært vegna einhverrar undarlegrar þvermóðsku hæstv. fjmrh. Það er ekki hægt að fá því einu sinni framgengt, að því er virðist, að fjárl. séu færð til samræmis við þá löggjöf, sem búið er að samþykkja, þó að slíkt sé hægt að framkvæma á 10—15 mínútum. Það tekur ekki nema 10—15 mínútur að útbúa þær brtt., sem þarf til þess að koma þessu í horfið. En ég vil taka það fram, að ég vil mega treysta þeim yfirlýsingum, sem fram hafa komið frá hæstv. samgmrh. í þessu sambandi, komu fram í Ed., en við hann höfðum við samið um afgreiðslu vegamálsins, og þar sagði hann afdráttarlaust, að á næsta ári yrði varið til vegamála öllum tekjum samkv. vegalagafrv. og 47 millj. 100 þús. kr. að auki. Þetta var yfirlýsing hæstv. samgmrh. í Ed., og ég vil mega treysta því, að við hana verði staðið, og dreg það raunar ekki í efa. En hvað sem því líður, finnst mér fáránlegt að breyta ekki fjárl. til samræmis við vegalögin, jafnvel þó að það liggi fyrir í yfirlýsingu, að hæstv. ríkisstj. ætli að framkvæma þessi mál eins og samið hefur verið um.

Þá vildi ég minnast hér á eitt atriði, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., þó að ég ætli ekki að fara að svara honum frá orði til orðs, en þetta snertir stefnumun í þessum málum og er um till., sem hv. 1. minni hl. fjvn. flytur af hendi Framsfl. varðandi ráðstöfun á greiðsluafgangi. Hér er um algeran stefnumun að ræða, sem ástæða er til að setja feitt strik undir. Við leggjum til, að nokkru af greiðsluafgangi ríkissjóðs verði varið til að styðja ýmis mjög nauðsynleg mál, en hæstv. fjmrh. segist vera algerlega á móti þessu og stjórnarflokkarnir, vegna þess að það skapi ofþenslu að verja þessu fé í þessi mál, sem við stingum upp á.

Hér fæst býsna glögg mynd af mismunandi viðhorfum. Hver eru nú þessi mál, sem við leggjum til að greiðsluafganginum verði varið til að styðja? Það eru íbúðabyggingar, 60 millj. Það veldur ofþenslu að áliti hæstv. fjmrh. að verja 60 millj. meira en búið er að ákveða til íbúðabygginga. Það eru til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 30 millj. kr., sem á að vera til þess að greiða fyrir eigendaskiptum á jörðum og til að lána í margs konar öðrum tilgangi bændum landsins til vélakaupa og margra annarra ráðstafana og bústofnskaupa. En það veldur ofþenslu að dómi hæstv. fjmrh. og meiri hl. að ætla 30 millj. kr. meira í þessu skyni en áður hefur verið fyrirhugað. Sama er að segja um að verja 15 millj. kr. til iðnlánasjóðs umfram það, sem áður hefur verið ákveðið. Það veldur líka ofþenslu að dómi meiri hl. Enn fremur að greiða upp í hluta ríkissjóðs af hafnargerðarkostnaði og sjúkrahúsakostnaði, 30 millj. upp í hið fyrra og 15 millj. upp í hið síðara. Þetta veldur ofþenslu að dómi hæstv. ráðh. og meiri hl.

M. ö. o.: þessar framkvæmdir mega bíða, og það er ekki rétt að veita meira fé til þeirra. Það er miklu réttara að þeirra dómi að leggja greiðsluafganginn, hundruð milljóna, inn í bankakerfið og leggja þær þar fastar. Til hvers? Til þess að vega á móti framkvæmdum annarra en ríkisins, til þess að einkaframkvæmdirnar í landinu geti haldið áfram óhindrað eins og hverjum sýnist. Það á að leggja hundruð millj. af því, sem tekið er í sköttum af almenningi og tollum, inn í bankakerfið, til þess að villubyggingarnar geti haldið áfram, til þess að hægt sé að halda áfram að byggja verzlunarhúsin af fullum krafti og allar

slíkar framkvæmdir. Það verður að leggja þetta fé til mótvægis inn í bankakerfið, taka það af mönnum með neyzlusköttum og tollum, hundruð millj. ofan á hundruð millj., og leggja það inn í kerfið, til þess að einkaframkvæmdirnar geti haldið áfram. Þetta er skilningur hæstv. *fjmrh.* á því, hvernig eigi að leysa þann vanda, sem við stöndum frammi fyrir.

En við segjum: Það á að taka það fé, sem lagt er á landsmenn, og nota það í þessi nauðsynlegustu verkefni, en fyrirbyggja ofþenslu með því að taka stjórn á fjárfestingunni og draga úr og láta þær framkvæmdir bíða, sem minnsta þjóðhagslega þýðingu hafa. Við erum algerlega á móti því, — og það skiptir alveg vötnum í þessu tilliti, — við erum algerlega á móti því að raka saman fé með neyzlutollum og hvers konar álögum á almenning og moka því inn í Seðlabankann og láta það liggja þar í því skyni að vega á móti ofþenslunni, eða m. ö. o.: til þess að þeir, sem hafa *nægilegt fjármagn á milli handa, geti óhindrað* haldið áfram með allar þær framkvæmdir, sem þeir vilja koma áleiðis. Og það var gott, að hæstv. ráðh. ræddi nokkuð einmitt um þessa till., vegna þess að hún mótar alveg stefnu í þessu.

Ég vil biðja hæstv. ríkisstj. að athuga, hvar þetta hlýtur að enda, ef nú á enn að hefja nýjan þátt í þessum leik með því að leggja á nýja skatta, t. d. í formi söluskatts eða á annan hátt, og draga saman þannig fé í greiðsluafgang handa ríkissjóði, til þess að allar aðrar framkvæmdir geti átt sér stað, magna þannig dýrtíðina á nýjan leik og ýta undir nýja flóðbylgju, eins og það sé ekki nóg, sem þegar er komið.

Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að fara langt út í að ræða hina löngu ræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti hér áðan sér til afsökunar og fjármálastefnunni, en ég get ekki stillt mig um að minnast á aðeins örfá atriði með fáeinum setningum. Hann sagði t. d., að samanburður okkar um hækkanir á fjárl. væri ekki réttur, þau hefðu ekki hækkað um 1900 millj. eða nálega það, eins og við héldum fram, heldur um 1600 millj. síðan 1958. Það ber þarna 300 millj. á milli, sem liggur í því, að því er virðist, að hæstv. ráðh. ber saman á annan bóginn reikninginn 1958 og á hinn bóginn fjárlögin fyrir 1964, sem ekki má gera, vegna þess að allir vita, að ævinlega fer reikningur eitthvað fram úr fjárl. og sá samanburður er því ekki *réttmætur.*

Á hinn bóginn er líka þess að gæta, að okkar tölur eru alveg sambærilegar, því að við tökum til greina niðurgreiðslur 1958 og bætum þeim með eðlilegum hætti við, þannig að okkar tölur verða algerlega sambærilegar. En hvað sem því líður, hvort hækkunin er raunverulega 1600 millj. eða 1400 millj. eða einhvers staðar þar á milli, þá blasir það auðvitað fyrir allra augum, að fjárl. hafa á þessum örfáu árum þrefaldazt eða svo, ríkisútgjöldin hafa þrefaldazt á þessum stutta tíma, og það er verðbólgu- og dýrtíðarstefna ríkisstj., sem er undirrótin að þessu. En það skoplega við þetta var, að hæstv. ráðh. afsakaði einmitt þessar gífurlegu hækkanir á fjárl. með því, að þær væru vegna dýrtíðarinnar. En hvers vegna hefur dýrtíðin vaxið? Auðvitað vegna stjórnarstefnunnar, vegna þess, hvernig haldið hefur verið á þessum málum, vegna þess að stefnan hefur ævinlega verið fólgin í því að reyna að leita jafnvægis með því að hækka verðlagið í landinu með sérstökum ráðstöfunum, en halda óbreyttu kaupinu og afurðaverðinu til bænda. Það er stefnan. Og við skulum segja t. d., að það verði nú samið um nýtt kaupgjald, þá lítur út fyrir, að það eigi enn að byrja á nýjan leik, það eigi strax að koma ráðstafanir eftir áramótin til að leggja á nýja skatta, sem hækka verðlagið eða minnka niðurgreiðslu til þess að ná þannig af mönnum peningum aftur með hærra verðlagi í þeirri von, að kaupgjald og afurðaverð standi svo óbreytt. Af þessari stefnu hefur leitt hverja dýrtíðarbylgjuna af annarri. Og niðurstaðan er þessi ofboðslega hækkun á fjárlögunum eins og öllu öðru í landinu.

Síðan fór hæstv. fjmrh. að rekja, að ýmsir gagnlegir liðir í fjárl. hefðu hækkað, og síðan spurði hann t. d.: Er of mikið í skóla? Nei, það er sannarlega ekki of mikið í skóla, því þó að skólakostnaður hafi hækkað jafngífurlega og hæstv. ráðh. færði fram dæmi um, þá er ástandið í skólamálunum verra nú en nokkru sinni fyrr. Það er meiri skortur á skólum í landinu en nokkru sinni áður þrátt fyrir þessar hækkuðu tölur til skólabygginga. Og þetta sýnir bezt, í hvert öngþveiti þessum málum hefur verið stefnt. Er of mikið til samgöngumála, sagði hæstv. ráðh., of mikið til vega? *Nei, sannarlega hefur* það ekki verið, því að vegakerfið hefur algerlega brostið. Um það voru allir sammála, bæði stjórnarstuðningsmenn og stjórnarandstæðingar, að vegakerfið væri algerlega brostið, væri að falla saman, vegna stóraukinnar umferðar og gífurlegrar dýrtíðar við vegaframkvæmdirnar, og það kveður svo ramt að þessu, að allir, bæði stjórnarstuðningsmenn og stjórnarandstæðingar, voru sammála um að leggja á 100 millj. í nýjum sköttum til að fá meira fé í vegina, því að ríkisstj. sagðist ekki geta látið einni krónu meira í vegina af þesum 2700 millj., yrði að fá nýja skatta til þess. Og þá vildu menn heldur styðja nýju skattana en fá ekki meira fé í vegina, miðað við það ástand, sem orðið var í þeim efnum.

Síðan nefndi hæstv. ráðh., hversu gífurlega hefðu hækkað framlög til tryggginganna. Hvers vegna hafa hækkað framlög til tryggginganna? Það eru fjármunir, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram, til þess að reyna að bæta mönnum ofur lítið af þeim gífurlegu búsifjum, sem á menn hafa verið lagðar með nýjum sköttum og ráðstöfunum til þess að auka dýrtíðina, og þó munu allir sammála um, að menn munu verr settir en áður, þótt þeir hafi fengið þessa gífurlegu hækkun, sem hæstv. ráðh. benti á

í sambandi við tryggingamálin. Og það sýnir enn, hvernig þessi stefna hefur reynzt í framkvæmdinni. Þó að fjárveitingarnar hafi hækkað svona geysilega í krónutölu, er ástandið í nær öllum málaflokkum lakara en áður, verr séð fyrir þjónustunni en áður.

Hæstv. ráðh. sagði, að framsóknarmenn hefðu haldið því fram, að allir liðir fjárl. ættu alltaf að hækka jafnt. Hvenær hefur því verið haldið fram? Auðvitað aldrei. Þetta er vindmylla, sem hæstv. ráðh. býr sér til, eins og frægur riddari í frægri sögu, til þess að slást við. En framsóknarmenn hafa haldið öðru fram. Þeir hafa haldið fram, að það væri eðlilegt, að framlög til verklegra framkvæmda ykjust hlutfallslega við auknar ríkistekjur. Það er þetta, sem framsóknarmenn hafa haldið fram, en ekki það, að allir liðir fjárlaganna ættu ævinlega að hækka jafnt. En það er skoðun ráðherrans, að það sé ekki eðlileg stefna, að verklegar framkvæmdir fái jafnmikið hlutfallslega af ríkisrekstrinum og áður.

Ég skal ekki fara að ræða hér um hagsýslu hæstv. ráðh., en ég vil þó benda á, að hæstv. ráðh. fór af stað með miklu yfirlæti í þeim málum og lýsti því yfir, að mikið ætti að gera. En nú hefur hann aftur á móti uppgötvað, að hagsýslan fari hægt og sígandi. Það hefur náttúrlega talsvert áunnizt á þessum 4 árum, að hæstv. ráðh. hefur komizt að þessari niðurstöðu. Ég skal ekki fara út í einstök atriði, en ég vil benda t. d. á, að hann sagði, að það hefði verið gerð ákaflega merkileg skýrsla um vélakost vegagerðarinnar, og menn hefðu komizt að þeirri niðurstöðu, að hann væri orðinn ákaflega gamall, vélakostur vegagerðarinnar. Það hafði á hinn bóginn kostað mikla vinnu að komast eftir þessu og gera þessa skýrslu. Manni skilst, að það hafi tekið hæstv. ráðh. og hans félaga 4 ár að komast að þeirri niðurstöðu, að vélakostur vegagerðarinnar væri úr sér genginn og vélarnar óeðlilega gamlar. En þá kemur upp sú spurning: Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa gert stórátak í því að endurnýja þennan vélakost með öllu því feikilega peningaflóði, sem ríkisstj. hefur haft yfir að ráða? Ef hæstv. ríkisstj. hefði gert stór átök í því að endurnýja vélakostinn, væru vélarnar ekki svona gamlar, þá væru vélarnar nýjar, a. m. k. mikið af þeim. En nú eru þær svona ákaflega gamlar. Og það er náttúrlega dálítið broslegt að heyra lýsingarnar á því, að það hafi kostað þessa gífurlegu vinnu að komast eftir aldri vegavinnuvélanna, eða hitt, að það skuli hafa fengizt sú merkilega niðurstaða, að það sé ódýrara að reka nýjan bíl en gamlan, sem hæstv. ráðh. tilkynnti líka sem eina aðalniðurstöðu hagsýslunnar. Og fleira mætti nefna í því sambandi.

Auðvitað er ætíð verið að reyna að finna heppilegri leiðir í þessum málum. Það er auðvitað nokkuð misjafnlega hart að því gengið, en ég held, að þegar upp verður gert, muni það koma í ljós, að það hafi sízt meira verið unnið í ráðdeildarátt nú um sinn en áður hafi verið gert, þó að minna væri af því gumað og um það skrumað.

Ég skal svo víkja fáeinum orðum að þeim brtt., sem við eigum hér fjórir þm. af Austfjörðum.

Það eru fyrst nokkrar till. um hafnargerðir. Við leggjum til, að framlagið til hafnargerðar á Breiðdalsvík verði hækkað úr 50 þús. í 250 þús. Það þarf að fara að byrja á nýjum áfanga í sambandi við höfnina á Breiðdalsvík, og vitanlega er ekki hægt að byrja á slíku með svona lítilli fjárveitingu, og leggjum við þess vegna til, að þetta verði hækkað í 250 þús. Við leggjum til, að framlag til Borgarfjarðar eystri, hafnargerðar þar, verði hækkað úr 225 þús. í 325 þús. Þar þarf að taka fyrir lengingu á hafnargarðinum, sem jafnframt er bryggja, og er lífsnauðsyn, að ekki verði minni fjárhæð veitt en við förum þarna fram á. Þá leggjum við til, að til Búðareyrarhafnar við Reyðarfjörð verði veittar 700 þús. í staðinn fyrir 450 þús. Þar er vangoldið framlag til ríkissjóðs 1 millj. 462 þús., og leggjum við til, að tæplega helmingurinn af því fáist á næsta ári. Þá leggjum við til, að til Eskifjarðarhafnar verði veittar 700 þús. í stað 600 þús., og teljum við, að þar sé um svo stóra framkvæmd að ræða, að hún eigi að vera í flokki þeirra hafna, sem mest fá, en framkvæmdin er áætluð 6 millj. kr. Þá leggjum við til, að til hafnarframkvæmda í Höfn í Hornafirði verði veittar 400 þús., og er það að vísu nokkuð hátt í það, sem þarf til að greiða ríkisframlagið í áfangann, sem á að vinna á næsta ári, enda teljum við nauðsynlegt, að þetta verði allt veitt á næsta ári, vegna þess að jafnskjótt og þeim áfanga er lokið, verður að byrja á öðrum nýjum, og má því ekki safnast þarna skuld. Þá leggjum við til, að til Neskaupstaðar verði veittar 700 þús. í stað 500 þús., og þar er vangoldið framlag ríkissjóðs 1 millj. 210 þús. kr. Þar er verið að vinna að mjög merkum áfanga í hafnargerðinni á staðnum, en þegar honum er lokið, þarf tafarlaust að byrja á enn nýjum framkvæmdum, þannig að nauðsynlegt er, að ekki safnist þarna skuld. Þá leggjum við til, að til Stöðvarfjarðar verði veittar 500 þús. í stað 300 þús. Þar er gert ráð fyrir framkvæmd, sem kostar 2½ millj., og mundi fé til hennar koma á 2 árum, ef þessi till. væri samþykkt, enda má ekki lengri tími fara í þá framkvæmd en 2 ár. Þá er till. um að leggja til Vopnafjarðarhafna 700 þús. í stað 500 þús. Sá áfangi, sem á að fara að byrja á þar, kostar 4 millj., en það er aðeins mjög lítið af því, sem raunverulega þarf að aðhafast í höfninni, ef vel er, og þess vegna leggjum við til, að fjárveiting þar fari upp í það, sem hæst er veitt til annarra hafna, eða 700 þús. kr. Á Vopnafirði þurfa að vera stórframkvæmdir á næstu árum vegna sívaxandi skipaferða þar í sambandi við síldveiðarnar.

Þá eigum við till. við 22. gr. um að heimila að taka lán allt að 10 millj. kr. til vegaframkvæmda á Austurlandi. Það hafa verið tekin lán nú þegar til vegaframkvæmda í landinu,

sem nema tugum millj. Ég hygg, að það séu samtals upp undir 80 millj., sem ákveðið hefur verið að taka að láni til vegaframkvæmda, en af því hefur ekkert runnið til Austurlands. Það er hróplegt ranglæti, þegar aðgætt er, hvernig ástatt er um vegamál þar samanborið við annars staðar, — hróplegt ranglæti. Við viljum vonast til þess, að hv. alþm. samþykki þessa till. um að heimila 10 millj. kr. lántöku og hæstv. ríkisstjórn láti þá verða af lántökunni, ef heimildin fæst. Það mundi ekki hrökkva langt til þess að jafna metin á lánamálunum, ef réttlæti ætti að ske. Ef réttlæti ætti að ske, ætti Austurland að fá lánsfé til vegaframkvæmda, sem næmi 20—30 millj. kr., en við förum þarna aðeins fram á 10, það er eins konar prófmál af okkar hendi til að vita, hvort menn vilja sýna í þessu sanngirni eða ekki. Við höfum ekki tekið fyrir ákveðna framkvæmd, en það er af nógu að taka, sem þarf að framkvæma þar.

Ég vil nefna t. d. eina framkvæmd í því sambandi. Það eru jarðgöng í Oddsskarði. Það er lífsnauðsyn að setja jarðgöng gegnum efstu brikina í Oddsskarðinu. Það mundu þurfa að vera nokkur hundruð metra löng göng, og er ekkert ofboðslega dýrt að koma slíku í framkvæmd. En á hinn bóginn mundi þetta gerbreyta aðstöðunni þarna, vegna þes að efstu kinnarnar báðum megin, sem þá væri hægt að forðast, eru snjóþyngstar. Og þetta er ein af þeim framkvæmdum, sem við mundum nefna fyrst, og sennilega sú, sem við mundum nefna fyrst, þegar um lánsféð væri að ræða, sem kæmi umfram venjulegt vegafé, þó að þess sé ekki getið í till. Auk þess eru náttúrlega fjöldamargir aðrir vegir, sem við þurfum að fá peninga í umfram það, sem veitt er á fjárl.

Það er hérna ein till. frá einum þm. Austf., Jónasi Péturssyni, um lánsheimild til brúar á Hofsá í Vopnafirði, sem við styðjum mjög eindregið, en af einhverjum undarlegum ástæðum hefur honum ekki sýnzt að gefa okkur kost á að flytja hana með sér. Ekki vitum við, af hverju það er, en annars eru sæmileg samráð um ýmisleg slík mál hjá okkur. En við viljum eindregið styðja þessa till. og óska þess, að hún verði samþykkt.

Það væri talsvert þýðingarmikið að fá einmitt þessa till. samþykkta, því að ef það næði fram að ganga að byggja einmitt þessa brú fyrir lánsfé, sem ég er mjög fylgjandi, þá greiðir það fyrir því, að aðrar brýr geti komizt að eða fengið sæti á vegáætluninni væntanlegu, svo að við erum mjög áhugasamir um þetta, þó að við höfum ekki fengið að vera með í flutningi till. Ég vil því eindregið mæla með henni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 182 hef ég leyft mér að flytja brtt. við till. fjvn. á þskj. 173 undir staflið 53, en fjvn. hefur undir þessum lið tekið upp nýtt fjárframlag til kennslu í vinnuhagræðingu. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. um, að texti till. orðist þannig:

„Til framkvæmdar áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi."

Ég vil fara nokkrum orðum um, af hverju lagt er til, að þessi fjárveiting sé tekin upp nú, þessu sinni. En undanfari þess er sá, að í bréfi, dags. snemma í júlí 1962, gerði hin svokallaða vinnutímanefnd, sem kjörin var á síðasta Alþingi, till. um það til ríkisstj., — til félmrh. fyrir hennar hönd, — herra Emils Jónssonar, að hið opinbera kostaði nám fulltrúa vinnuveitenda og verkalýðssamtaka í vinnurannsóknum og vinnuhagræðingu. Benti n. jafnframt á nauðsyn þess, að hið opinbera veitti hagsmunasamtökum þessum fjárhagslegan stuðning til starfsemi þeirrar, sem stofnað yrði til á vegum samtakanna í þessu efni fyrstu árin. Í rökstuðningi okkar í vinnutímanefnd fyrir þessari till. sögðum við m. a.:

„Eitt höfuðatriði þál. þeirrar, sem samþykkt var á Alþingi og var undanfari að kjöri vinnutímanefndar, var, að rannsakað yrði, á hvern hátt mætti koma á styttingu vinnutímans í 8 stundir á dag án skerðingar heildarlauna og þá m. a. á grundvelli aukinnar vinnuhagræðingar. Vinnutímanefnd er sammála um, að óhjákvæmilegur grundvöllur aukinnar hagræðingar í vinnubrögðum og rekstrarfyrirkomulagi fyrirtækja hljóti að vera stóraukin fræðsla í þeim efnum, bæði meðal launþega og vinnuveitenda, sem síðan geti leitt til samstarfs og samninga milli hagsmunasamtakanna í þeim efnum og þá jafnvel með ákveðnum markmiðum í þá átt, sem þáltill. gerir ráð fyrir. N. telur, enda þótt störfum hennar sé enn ekki langt komið, að nú þegar sé tímabært að hefjast handa að undirbúa fræðslu í vinnurannsóknum og vinnuhagræðingu í þeim tilgangi, að hagsmunasamtökin komi upp á sínum vegum starfandi deildum, er að þeim málum vinni."

Framhald þessa varð svo, að félmrh. óskaði eftir umsögn Iðnaðarmálastofnunar Íslands um þetta erindi vinnutímanefndar, og í svari Iðnaðarmálastofnunarinnar 13. sept. s. á. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnaðarmálastofnunin er algerlega sammála megintill. n., þ. e. að ráðstafanir verði gerðar til þess að þjálfa menn í vinnurannsóknum og vinnuhagræðingu til starfa á vegum vinnuveitenda og verkalýðssamtaka. Er þessi afstaða byggð á þeirri skoðun, að þess sé ekki að vænta, að atvinnuvegir landsmanna fái notið vinnuhagræðingar til fulls, nema til komi fullur skilningur og áhugi heildarsamtaka vinnuveitenda og verkalýðs og samstaða þeirra um meginstefnuatriði og þau séu þess megnug sjálf að veita meðlimum sínum fræðslu og hvers konar aðstoð, t. d. í sambandi við grundvöllun ákvæðisvinnu með vinnurannsóknum, starfsmati og önnur atriði tengd hinni tæknilegu hlið kaupgjaldsmála. Þess er vart að vænta, að félagssamtök hafi fjárhagslegt bol-

magn til þess að hrinda ofangreindu máli í framkvæmd. Þess eru víða fordæmi erlendis, að hið opinbera hafi í þessum málum lagt hönd á plóginn, ekki aðeins vegna kostnaðar við þjálfun vinnuhagræðingarmanna, heldur einnig að því er snertir sjálfa starfsemina á vegum samtakanna á byrjunarskeiði. Orkar það vart tvímælis, að með slíkri fyrirgreiðslu stuðli ríkisvaldið á mjög jákvæðan hátt að framförum í atvinnulífinu, heilsteyptri þróun í kaup- og kjaramálum og bættri samvinnu þeirra hagsmunasamtaka, sem hlut eiga að máli. Um framkvæmdaatriði er vart ástæða til þess að fjölyrða á þessu stigi. Gera þyrfti allýtarlega heildaráætlun um framkvæmdir allar og kostnað með hliðsjón af reynslu granntjóðanna og samninga við þau hagsmunasamtök, sem þátt tækju í samstarfinu."

Þetta var úr umsögn Iðnaðarmálastofnunarinnar um erindi vinnutímanefndar. Framhald þessa máls varð svo, að félmrh. óskaði eftir því við framkvæmdastjórann, að hann tæki að sér að semja þá heildaráætlun, er hann hafði getið um í sinni umsögn. Og hann vann að þessu að nokkru leyti í samráði við framangreinda nefnd, og hann og n. urðu sammála um, að í slíkri áætlun þyrfti að koma fram markmið þess starfs, sem að væri unnið, skipulagning undirbúnings og framkvæmd, hlutdeild samtakanna og skilyrði fyrir þeirri aðstoð, sem þau ættu að fá, og hvaða hæfniskröfur ætti að gera til þeirra, sem slíkan styrk hlytu, hvernig námsefni, tíma og tilhögun þjálfunarinnar væri framfylgt og einnig um skipulagsatriði og starfssvið þeirra og svo kostnaðaráætlun jafnframt. Framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunarinnar lagði fyrir félmrh. drög að slíkri framkvæmdaáætlun, og ég vænti þess, að ef, sem ég vona, hv. Alþingi samþykkir þessa till. fjvn., verði gengið í það endanlega að fullvinna þessa áætlun. En hún mun ná yfir 7 ára tímabil, og þetta er fyrsta fjárveitingin af sjö, sem er ætluð til þessarar starfsemi. Ef sú áætlun eða drög að þeirri áætlun, sem þessi embættismaður hefur unnið, verður samþykkt, mun fjárveiting til starfseminnar komast hæst í 3.6 millj. á fjórða ári, en á síðasta ári verða tæp hálf millj., en samtals á þessum 7 árum tæpar 15 millj.

Ég tel engan vafa leika á því, að með samþykkt þessarar till. hér á hv. Alþingi sé verið að brjóta í blað í sögu bæði kaup- og kjaramála hér á Íslandi, því að það er staðreynd, að lífskjör þjóða eru að verulegu leyti komin undir því, hversu tekst að nýta vinnuafl, hráefni, framleiðslutæki og aðra þætti framleiðslunnar, þ. e. a. s. hversu framleiðni er háttað. En það er einmitt tilgangur þessarar hagræðingartækni að auka þessa nýtingu með kerfisbundnum rannsóknum og aðgerðum, sem miða að bættu skipulagi, rekstrartækni og vinnubrögðum í hvers konar atvinnurekstri. Til viðbótar því, sem hæstv. fjmrh. ræddi hér við þessa umræðu um hagsýslu almennt, verður að segjast eins og er, ef ríkið og borgaryfirvöldin í Reykjavík eru undanskilin, að þessi hagræðingartækni hafi verið lítt notuð hér á landi til þessa, þótt nokkur breyting hafi orðið á þessu á síðasta ári og næstliðnu ári og þá aðallega vegna forgöngu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í þessu efni. Það hafa verið margvíslegar ástæður til þess, að meira hefur ekki verið að gert, t. d. að það hefur verið til skamms tíma skortur á skilningi á gildi framleiðninnar fyrir afkomu atvinnurekstrarins og einnig fyrir afkomu launþega, og það hefur verið mjög fátt um kunnáttumenn á þessu sviði. En ég held, að allir hugsandi menn viðurkenni, að á þessu þurfi að verða breyting á næstu árum. Bæði hafa skapazt og eru að skapast árlega ný viðhorf í markaðsmálum okkar, og minnkuð tollvernd í ýmsum atvinnugreinum okkar krefst þess, að samkeppnishæfni íslenzkra atvinnuvega verði efld eins og frekast er kostur, svo að lífskjör þjóðar okkar geti verið hliðstæð lífskjörum nágrannaþjóðanna. Það verður því samhliða öðrum ráðstöfunum að leggja kapp á að auka nýtingu framleiðsluþáttanna til muna með þeim ráðum, sem tiltæk eru. En til þess að svo megi verða, ríður á mjög miklu, að atvinnusamtök landsmanna og þá fyrst og fremst samtök þeirra, sem standa að vinnumarkaðinum, verði forgönguaðilar hvert á sínu sviði um að leggja grundvöll að og taka upp hagræðingartækni í þágu atvinnuveganna. Það eru til mörg dæmi mjög athyglisverð um þetta frá nágrannalöndum okkar, að atvinnusamtökin hafi með stuðningi ríkisvaldsins stofnað til sérstakra hagræðingardeilda innan sinna vébanda í þeim tilgangi að útbreiða þekkingu og hafa á hendi leiðbeiningarþjónustu meðal meðlimanna um allt, sem varðar endurbætur og nýjungar á sviði rekstrar og skipulagningar, ný launagreiðslukerfi o. s. frv., sem allt stuðlar að aukinni framleiðni og bættri afkomu.

Ég þykist ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta. Þetta er búið að vera hugðarmál mitt nú um rúman hálfan áratug. Ég hef orðið þess var hér innan veggja hæstv. Alþingis, að skilningur á þessum málum hefur mjög vaxið. A. m. k. má vitna til margra hv. þm., sem tæplega standa hér upp til þess að halda ræðu öðruvísi en hafa þetta töfraorð á vörum: framleiðni, þótt hins vegar verði oft að draga í efa, að þeir skilji, hvað við sé átt, a. m. k. sumir hverjir. En ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að þakka ríkisstj. fyrir að hafa beitt sér fyrir því, að þetta yrði tekið upp á fjárl., og ég vil þakka form. fjvn. og öðrum nm. fyrir góðan stuðning í þessu máli.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 185 og 187, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við 2. umr. um frv. til fjárlaga bar ég fram 5 till. til breyt. á þessu frv. og fóru 4 þessar till. til atkv. Það fór þannig, að allar voru þær felldar. En eina dró ég til baka til 3. umr. vegna sérstakra tilmæla. Af þessum 4 till., sem voru felldar, hef-

ur þó ein náð fram að ganga, með því að fjvn. hefur fallizt á að taka inn á fjárl. framlag til sjúkrahússins á Sauðárkróki vegna skemmda af völdum jarðskjálfta. Ég hafði lagt til, að veittar yrðu 100 þús. kr., en í till. fjvn. er lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að greiða allan kostnað, og er ég auðvitað stóránægður með þá lausn málsins.

Till., sem ég dró til baka, var till. um 400 þús. kr. framlag til viðbótarbyggingar á skólahúsi á Blönduósi. Eftir að till. hafði verið dregin til baka, rituðu allir þm. Norðurl. v. fjvn. bréf og skoruðu á hana að taka til greina þá beiðni, að veittar yrðu 200 þús. kr. til þessarar skólabyggingar. Fjvn. hefur ekki séð sér fært að verða við þessum tilmælum, og sé ég þá fulla ástæðu til þess að endurflytja tillöguna í því formi, sem hún upprunalega var, þ. e. a. s. miðað við 400 þús. kr. framlag. En fari svo, að hún verði felld, vil ég taka það fram, að ég mun að sjálfsögðu styðja till. hv. þm. Framsfl. úr Norðurl. v., sem leggja til, að veittar verði 200 þús. kr. til þessa verks.

Auk þessarar endurfluttu till. minnar, vil ég leyfa mér að flytja hér till., sem ekki hefur komið fram áður og ekki verið prentuð eða verið útbýtt enn þá. Vildi ég vænta þess, að leitað verði afbrigða um að bera hana hér fram. Þessi brtt. er við 14. gr. B, 13. lið, þar sem segir: „Til leiklistarstarfsemi 660 þús.“ Ég vil flytja hér till. um, að liðurinn orðist svo: Til leiklistarstarfsemi 1 millj. kr., þar af til leikhúsa og leikflokka, er frumflytja ný íslenzk leikhúsverk, eigi minna en 250 þús. kr. — Leikritahöfundar íslenzkir hafa þá sérstöðu meðal listamanna og rithöfunda landsins, að þeir eiga mjög erfitt með að koma verkum sínum á framfæri með þjóðinni. Þessu veldur að sjálfsögðu fyrst og fremst sú staðreynd, að það er dýrara að koma slíkum listaverkum fyrir almenningssjónir en þegar um verk annarra listamanna er að ræða. Við þekkjum, hvernig listamennirnir fara að. Málarinn heldur sýningu á verkum sínum, rithöfundurinn getur gefið út skáldsögu sína, söngvarinn heldur konsert og ljóðskáldið gefur út ljóðabók, og þannig mætti lengi telja. Allt þetta kostar að vísu nokkurt fé í hverju tilfelli, en þó er það framkvæmanlegt og ekki svo mjög kostnaðarsamt. En allt öðru máli gegnir um þau verk, sem leikritahöfundurinn semur. Hann er miklu verr á vegi staddur. Öllum ber saman um, að það hefur mjög takmarkað gildi að gefa út leikrit á prenti, og uppfærsla á leik er mjög dýr, eins og allir vita. En á hinn bóginn er það almennt álit manna, að það verði að færa leikinn á svið, ef vel á að vera. Höfundurinn verður að fá tækifæri til að sjá leikinn færðan í þann búning, sem hæfir honum, og þeim, sem til þessa máls þekkja bezt, ber saman um, að verulegur eða töluverður hluti af sköpun eins leikverks fari einmitt fram á sjálfu sviðinu. Einnig mun mönnum bera saman um, sem til þessa máls þekkja, að í seinni tíð hefur verið sorglega lítil viðleitni af hálfu íslenzkra leikhúsa til að gefa ungum leikritahöfundum tækifæri til þess að sjá verk sín sett á svið og furðulítið um það, að ný íslenzk leikhúsverk væru frumflutt. Nú er vitað, að fjöldamargir ungir höfundar hafa samið mörg leikrit og leikhúsverk, en flestir þessara manna hafa aldrei fengið uppfært eitt einasta verk eftir sig. Ástæðan er auðvitað sú, að leikhúsin telja það of áhættusamt og of dýrt að flytja óþekkt íslenzk verk, — þau telja, að engin trygging sé fyrir því, að aðsókn verði mikil og að aðgangseyrir muni greiða þann kostnað, sem af uppfærslunni leiðir. Oft hefur það verið þannig hér á landi, að aðeins eitt verk eða jafnvel ekkert íslenzkt leikhúsverk hefur verið frumflutt á ári, og á seinasta leikári hefur þó verið óvenjugott í þessu efni. Það hafa verið flutt, að ég held, tvö leikrit, eitt í Þjóðleikhúsinu og annað hjá Leikfélagi Reykjavíkur. En þetta eru þó aðeins tvö ný íslenzk leikrit, sem hafa komizt á svið. Leikhússtjórar hafa verið að boða fyrir þennan vetur, hvað þeir hygðust sýna almenningi, og mér er ekki kunnugt um, að boðuð sé ein einasta ný íslenzk sýning eða frumflutningur á neinu nýju verki hér á landi í vetur. Það er því augljóst, að í þessu efni verður að verða gerbreyting og ríkisvald, sem vill hlúa að menningu landsins, verður að koma þarna til skjalanna og hjálpa til. Í brtt. minni hef ég lagt til, að heildarfjárhæð til leikstarfsemi hækki um samanlagt 340 þús., þ. e. a. s. úr 660 þús. í 1 millj., og þar af fái þau leikhús og leikflokkar, sem taka það ágæta hlutverk að sér að frumflytja ný íslenzk leikhúsverk, að minnsta kosti 250 þús. kr. til styrktar slíkri starfsemi.

Ég vona að lokum, að hv. Alþingi skilji þá erfiðleika, sem íslenzk leikritun á við að glíma, og þá sérstöðu, sem hún hefur í íslenzku menningarlífi.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það gladdi mig stórum að heyra ræðu hæstv. fjmrh. hér í dag. Ég var farinn að búast við því, að fjárlög yrðu afgreidd héðan frá hv. Alþingi, án þess að rödd hæstv. ráðh. heyrðist, nema þegar hann lagði þau fyrir. Og um ræðuna mátti með sanni segja, að það, sem við höfðum sagt, fulltrúar Framsfl., í nál. og í framsöguræðu minni, það hefði sannarlega hitt hæstv. ráðh., því að það var auðfundið á hæstv. ráðh., að þar mátti til sanns vegar færa, „að sannleikanum verður hver sárreiðastur“. Út af því er ekki nema gott að segja, að hæstv. ráðh. finnur þó til þess, að svo margt hefur mistekizt í hans fjmrh.-tíð sem við bentum á og meira þó.

Í sambandi við það atriði, sem hann vék fyrst að við fjárlagaafgreiðsluna, vil ég endurtaka það, að fjárlög þurfa að afgreiðast fyrir áramót, til þess að þau taki yfir allt það tímabil, sem þau eiga að gilda. En m. a. til þess að það sé hægt, þarf að leggja hart að sér um vinnubrögð hér á hv. Alþingi, og það er ekki nægjanlegt, að ríkisstj. og stjórnarsinnar séu þar einir að verki, heldur verður stjórnarandstaðan að taka þátt í því.

Núv. stjórnarandstaða hefur tekið þátt í vinnubrögðum fjvn. alveg af fullu kappi og ekki hirt um það, þótt á hæstv. ráðh. hafi staðið og það hafi orðið að fresta fundi eftir fund til þess að bíða eftir því, sem hjá ráðh. var. Og það er ekki til þess að flýta fyrir vinnubrögðum, að hæstv. ráðh. skuli geyma sér að halda slíka ræðu sem hann flutti hér áðan, þangað til við 3. umr. málsins, sem haldin er á föstudegi og þegar jól eru strax upp úr helgi. Hæstv. ráðh. hefði vel getað komið fram með þessa ádrepu við 2. umr., sem eðlilegt var, því að þá var rýmri tími til umr. heldur en er nú. Þessi vinnubrögð hæstv. ráðh. gætu vel leitt til þess, að tafir yrðu á fjárlagaafgreiðslu, þótt það verði ekki beitt hefndarráðstöfunum núna.

Hæstv. ráðh. talaði hér um blygðunarlausa ræðumennsku og svikastarfsemi, og önnur slík orð viðhafði hæstv. ráðh. Ég man ekki eftir því, að mikið sé af slíkum orðum í þeirri ræðu, sem ég flutti hér við 2. umr. fjárl. Hæstv. ráðh. hefur þó haft nokkra daga til þess að sitja yfir þessari ræðu sinni og ekki tekizt að haga orðum sínum betur en svo, að hann þyrfti að grípa til slíks orðbragðs. Hins vegar varð hæstv. ráðh. á slysni, þegar hann fór að gera samanburð í upphafi sinnar ræðu. Samanburðurinn, sem hæstv. ráðh. gerði, var á ríkisreikningi fyrir árið 1958 og fjárlagafrv., sem hér er til meðferðar, fyrir árið 1964. Sá samanburður, sem við höfum gert, er á fjárl. hvers árs, en ekki annars vegar á fjárlfrv. og ríkisreikningi. Ef við tækjum fjárlögin 1962 og ríkisreikninginn 1962, hvernig verður sá samanburður? Fjárl. gerðu ráð fyrir niðurstöðutölum 1752 millj., en ríkisreikningurinn sýndi 2 milljarða 50 millj. eða var 300 millj. kr. hærri en fjárlögin 1962. Þetta á að vera sýnishorn hæstv. ráðh. um skikkanleg vinnubrögð við samanburð á fjárlögum einstakra ára, annars vegar að bera saman ríkisreikning og hins vegar fjárlagafrv. Okkar samanburður hefur verið sá, eins og ég sagði áðan, að bera saman fjárlög þessara ára og gera þann samanburð hliðstæðan.

Hæstv. ráðh. vék að því, að Framsfl. hefði viljað leggja á meiri álögur í sambandi við efnahagsmál. Hér held ég, að hæstv. ráðh. misminni eitthvað. Framsfl. hefur lýst því yfir, að hann vildi fara leiðina út úr uppbótakerfinu í áföngum. Það var skýrt hér, þegar efnahagsmálafrv. ríkisstj. var til meðferðar á hv. Alþingi 1960. Og einn af samráðh. hæstv. ráðh., hæstv. viðskmrh., hélt því fram, að Framsfl. hefði viljað gera gengisfall í vinstri stjórninni. Svo kemur hæstv. fjmrh. og segir: Framsókn vill alltaf meiri skatta, en ekki leiðina, sem við völdum. — Samt hefur allur þeirra samanburður á gengisbreytingunni 1960 verið miðaður við það, að yfirfærslugjaldið hafi jafngilt gengisbreytingu.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að samanburður okkar á fjárl. 1958 og fjárl. nú væri ekki réttur vegna starfsemi útflutningssjóðs. Ég mun hafa tekið það fram hér á hv. Alþingi áður, en verð að gera það einu sinni enn þá, og mér þykir það leitt, ef sá starfsmaður stjórnarráðsins, sem afgreiddi út til þjóðarinnar bókina „Viðreisn", hefur skilið hæstv. fjmrh. eftir, þegar bókin var send út. En á 31. síðu þessarar ágætu bókar, neðst á síðunni, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hrein útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna afnáms útflutningssjóðs nemur 113 millj. kr., þ. e. vegna niðurgreiðslnanna."

Þetta treysti ég nú hæstv. fjmrh. til þess að muna eftirleiðis og vera ekki enn þá einu sinni að rugla með það, að útflutningssjóður hafi haft meiri áhrif á stöðu ríkissjóðs en þetta. Þetta á hæstv. ráðh. að vita, jafnvel þótt hann hefði orðið út undan, þegar hann lét útbreiða þessa bók. Hér er því um algerlega hliðstæðan samanburð að ræða á fjárl. og áður hefur verið.

Hæstv. ráðh. spurði um það, hvað við vildum lækka í fjárl., og kem ég að þeim þætti síðar. En ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að ég lýsti því yfir í framsöguræðu minni við 2. umr. fjárlagafrv., að stefna ríkisstj. leiddi til þess, hvað fjárl. væru há, og það væri ekki nóg með það, að ríkisstj. tæki af þjóðinni í álögum það, sem þyrfti til þess að mæta útgjöldunum, heldur tæki hún 200—300 millj. meira, eins og gerðist 1962 og mun gerast á þessu ári, heldur en hún þurfti vegna útgjaldanna og að þessi álögustefna hæstv. ríkisstj. hefði leitt til þess, að fjárlög verða að vera svo há sem raun ber vitni um. Þetta vil ég minna hæstv. fjmrh. á, að það er þetta, sem er þungamiðjan, þetta er undirstöðuatriðið undir því, hvers vegna fjárlög eru svo há sem raun ber vitni um.

Ég benti einnig á það, að fjárlög hvers tíma væru spegilmyndin af stjórnarstefnunni, sem ríkti, og það, sem einkenndi þessi fjárlög, væri aukinn rekstrarkostnaður, hlutfallslega minna til uppbyggingar í landinu, aukin útfærsla ríkisbáknsins, fleiri krónur í skattheimtu, vaxandi dýrtíð, hærri fjárlög. Þetta væri í fullu samræmi við stefnu núv. hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. spurði: Á að lækka til félagsmála? Hver er ástæðan fyrir því, að það er orðið svo dýrt að lifa í þessu landi, að það verður að greiða framlög frá Tryggingastofnun ríkisins með hverju einasta barni, sem fæðist á Íslandi? Það er vegna þeirrar stjórnarstefnu, sem hér hefur ríkt, og þrátt fyrir þær hækkanir, sem hafa orðið í félagsmálum, þá er fólkið, sem nýtur bótanna, ekki betur sett en áður, nema síður sé, vegna þess, hve dýrtíðin í landinu hefur aukizt. Það er staðreynd. Af hverju þarf að hækka fjárveitingu til niðurgreiðslna á vöruverði, eins og raun ber vitni um? Það er vegna þess, að dýrtíðin hefur vaxið svo hröðum skrefum vegna álögustefnunnar, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt. Framlög til skólabygginga, eru framsóknarmenn á móti þeim? segir hæstv. ráðh. Höfum við ekki alltaf lýst því yfir hér á hv. Alþingi, og ég gerði það við 2. umr. fjárlfrv., að það væri alger samstaða um skólamálin, m. a. vegna þess,

að þar fengum við meira til uppbyggingar í landinu heldur en á öðrum uppbyggingarliðum. Og það hefur verið okkar höfuðkrafa að fá aukið framlag af þessum álögum hæstv. ráðh í uppbygginguna í landinu. Þarna hefur nokkuð áunnizt, og þess vegna hefur það verið mál, sem við höfum fylgt fast eftir. Átti að lækka til raforkumála? sagði hæstv. ráðh. Man hann það ekki, að það hefur lækkað til raforkumála frá því 1958 þangað til á fjárlfrv., sem við erum að afgreiða núna? Ég sýndi fram á það við 2. umr. þessa fjárlfrv., að hefði fjárveiting til raforkumála verið hlutfallslega svipuð og heildarupphæð fjárl. hefur hækkað, ætti hún að vera 72 millj. í staðinn fyrir 24. Hæstv. ríkisstj. hækkaði lítils háttar til þessara mála miðað við þörfina nú. En það er í fyrsta skipti, og það hefði verið eftir öðru, ef þeir hefðu farið að lækka úr risafjárlögunum sínum til raforkumála, þeirra mála, sem einna mest er á sótt.

Í sambandi við þennan þátt í ræðu hæstv. ráðh. sagði hann það kröfur Framsóknar, að það skuli alltaf hækka jafnt hlutfallslega til allra málaflokka í fjárl. Hæstv. ráðh. veit þó vel, að það, sem við höfum farið fram á, er, að uppbyggingin í landinu fengi hlutfallslega jafnmikið og verið hefur á fjárl. Þessi þáttur fjárlagafrv. hefur lækkað ár frá ári hlutfallslega. Og það eru fleiri en við, sem hafa gert kröfu til þess, að uppbyggingin í landinu fengi hlutfallslega jafnmikið af fjárl. frá ári til árs. Ég minnist þess í fróðlegu yfirliti, sem fyrrv. vegamálastjóri, Geir heitinn Zoëga, skrifaði í Fjármálatíðindi 1956, þá skýrði hann frá því, hvað hefði verið hlutfall milli vegaframkvæmda í landinu eða vegafjár í landinu og fjárl. um áratuga skeið. Þeim embættismanni fannst máli skipta, að vegirnir hefðu haldið hlutfalli sínu. Og þeir höfðu gert það fram til þess, að þessi hæstv. ráðh. fór að hafa áhrif á fjármálastjórnina.

Sérstakan kafla hafði þessi hæstv. ráðh. um vegamálin, og byrjaði hann með því á sinn smekklega hátt, sem hann hefur gert áður, að lýsa því yfir, að þeir menn, sem hafa unnið að vegagerð í þessu landi fram að þeim tíma, að hann varð ráðh., hafi lítið kunnað til verka. Heldur hæstv. fjmrh. virkilega, að verkstjórarnir í vegagerð ríkisins hafi kunnað svo lítið fyrir sér í framkvæmd verka, að þeir hafi látið fjárveitinguna fara í að flytja vegaflokkinn? Trúir hæstv. fjmrh. því, að þannig hafi verið á málum haldið? Það hefur verið bent á það mörgum sinnum hér á hv. Alþingi, að auðvitað var unnið að vegagerðinni ekkert síður en nú með hagkvæmni og útsjónarsemi af hendi verkstjóranna. Fjárveitingarnar voru notaðar, vegaflokkurinn var settur niður, þannig að hægt var að nota fjárveitingar í fleiri vegi. Og með því einmitt að ákveðin var fjárveiting til svo margra vega sem áður var gert, var hægt að teygja vegakerfið út um byggðir landsins, eins og gert var, og ég er sannfærður um, að það er einmitt þessi stefna, sem hefur leyst vegamálin fyrr en samdráttarstefna hæstv. ráðh. Hins vegar hafa þessar fjárveitingar margar hverjar á seinni árum verið það litlar, að vonlaust var annað en draga saman. Það hefur svo leitt til þess, að bæði við þm. Vesturl. og aðrir höfum orðið að bæta okkur upp hinar lágu fjárveitingar til vegamálanna með stórkostlegum lánum. Og það er ekki gert að gamni sínu að taka nokkurra milljóna lán og láta heimabyggðina standa undir vöxtunum. Það er gert af þeirri einföldu ástæðu, að nauðsynin er svo brýn, að það verður að gerast.

Hæstv. ráðh. gat þess, að fjárveitingarnar til vegamála hefðu haldizt nokkurn veginn í hlutfalli við visitölu vegaframkvæmdanna. Og þá seildist hann svo langt, að hann fór að vitna í frv. eða lögin, sem hv. Alþingi var að afgreiða í dag. En hann gleymdi því, hæstv. ráðh., að það hefur enginn fjmrh. á Íslandi haft aðrar eins tekjur af umferðinni í landinu eins og hæstv. núv. ráðh. S. l. ár, 1962, mun ríkissjóður hafa haft um 200 millj. kr. í nettótekjur af umferðinni í landinu. Á árinu 1963 er ríkissjóður búinn að hafa í leyfisgjöld af bifreiðum um 130 millj. kr. Hvaða ár er sambærilegt við slíkar tekjur? Nettó-tekjur af umferðinni á árinu 1963 munu verða margfalt meiri en áður, það mun þurfa áratugi fyrri ára til að jafna við slíkt. Og svo er hæstv. ráðh. ánægður yfir því, að þegar nýbúið er að leggja á þjóðina 100 millj. kr. vegna samgangnanna, þá sé hægt að vitna til þess, að það haldi í við dýrtíðina, hann er ánægður með það. Þetta er nokkuð langt sótt eftir rökunum, þegar þannig er að farið. Hins vegar átti hæstv. ráðh. að vita um tekjuaukann, hann átti að vita um bifreiðafjölgunina í landinu, sem hefur verið um 100% frá 1950—1960 og er áætluð um 100% frá 1960—1966. Og á þessu eina ári, 1963, er búið að tollafgreiða til landsins yfir 4000 bifreiðar. Bifreiðarnar stækka ár frá ári, meir og meir af þungaflutningum færist inn á aðalleiðirnar, enda er það deginum ljósara og þarf ekki framar vitnanna við, að 60 alþm. sameinast ekki um það að leggja á þjóðina 100 millj. kr. í álögum, nema af þeirri einföldu ástæðu, að þeir vita, að málið er svo mikið nauðsynjamál, að það þolir ekki bið. Vegakerfið í landinu hefur verið að grotna niður undir handleiðslu þessa hæstv. ráðh., og það var brýn nauðsyn að taka á sig svo þungar búsifjar, sem vegalagafrv. lagði á þjóðina, til þess að létta hér af. Og þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að fara að tala hér með hátíðleik um, að betri vinnubrögð, endurnýjaður vélakostur, þetta allt sé nú að gerast undir hans handleiðslu og muni bæta úr stórkostlega. Þeir gleyma því, hv. stjórnarsinnar, oft, að þeir eru búnir að stjórna málum ríkisins sameiginlega, þessir flokkar, í 5 ár, og það er nú tími til kominn, að þeir fari að endurnýja einhverja vél, ef þeir hafa ekki gert það neitt fyrr.

Þá var hæstv. ráðh. mjög hneykslaður yfir því, ef ætti nú að fara að verja tekjuafgangi ríkissjóðs á þann hátt eins og framsóknarmenn legðu til. Taldi hæstv. ráðh., að hér væri

um mjög fráleita stefnu að ræða og hún mundi skapa verðbólgu o. fl., sem ekki væri æskilegt fyrir þjóðfélagið og hann a. m. k. vildi ekki standa að.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að það hefur skapað dýrtíðina í þessu landi, að hæstv. ráðh. hefur hagað svo skattálagningu, að hann tekur 100 millj. af þjóðinni umfram þær þarfir, sem þarf vegna ríkisútgjaldanna. Það er undirstaðan undir dýrtíðinni, eins og hér hefur verið áður lýst. Ég vil líka minna hæstv. ráðh. á það, að á s. l. ári var hann mjög ánægður og næstum því grobbinn yfir því að taka lán úti í Bretlandi, sem hann skírði framkvæmdalán. Er það eitthvað hagkvæmara og betra að taka lán erlendis til framkvæmda en nota þá fjármuni, sem búið er að taka af þjóðinni í sköttum og álögum til ríkissjóðs umfram þarfir? Hæstv. ráðh. vildi nú e. t. v. skýra þetta fyrir þingheimi. En leyfist mér svo að spyrja: Á að hætta að byggja íbúðir yfir almenning? Einn þátturinn í okkar till. er að lána til íbúðabyggingasjóðs, til byggingarsjóðs ríkisins. Á hinn almenni borgari í þessu landi að fara að hætta að byggja yfir sig? Vitað er það öllum, að nú er verið að afgreiða lán úr byggingarsjóði og þar fá menn 25—30% af því, sem þeir sækja um. Ætlar hæstv. ráðh. að leggja greiðsluafganginn inn í peningastofnanir og lána hann svo út aftur í stórbyggingarnar við Suðurlandsbraut? Er það hagkvæmari stefna ríkinu? Hún er það vafalaust frá sjónarmiði ráðh., en ekki frá sjónarmiði hins almenna borgara. Á að hætta að kaupa jarðir í þessu landi? Það hefur verið nógu erfitt, og við leggjum til, að það gangi nokkur hluti af greiðsluafganginum í veðdeild Búnaðarbankans, til þess að ungir bændur og bóndaefni geti fengið lán til þess að kaupa jörð. Er það tjón fyrir þjóðfélagið, að það verði hægt að sinna þessu? Er það að dómi hæstv. ráðh. að skapa verðbólguna? Er það fráleitt að efla iðnlánasjóð, svo að hann geti lánað í iðnaðinn? Eigum við að hætta að byggja upp iðnað hér á landi? Það virðist vera það að dómi hæstv. ráðh., því að við leggjum til, að nokkur hluti af þessari upphæð fari í iðnlánasjóð, til þess að lána til nýrra iðnaðarframkvæmda víðs vegar um landið. Og er það orðið fráleitt að byggja upp hafnir í þessu landi? Það er ein af till. okkar, að þeir, sem eiga inni sín hafnarlán, fái þau greidd með þessari fjárveitingu og geti haldið áfram við eðlilegar framkvæmdir í höfnum. Og er það orðið fráleitt að greiða byggðarlögunum, sem eiga hjá ríkissjóði stórar fjárhæðir vegna byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða, að greiða þeim með þessum tekjuafgangi? Þetta er ein af till. okkar, sem hæstv. ráðh. telur svo mjög fráleita.

Þá kem ég að sparnaðinum. Hæstv. ráðh. sagðist vonast til þess, að þeir hlífðu sér við því að lesa enn þá einu sinni upp sparnaðarlistann. Ég skal viðurkenna það, að ég get vel skilið, að hæstv. ráðh. þyki ekkert gaman að því að heyra lesin upp fyrirheitin um sparnað, sem hann gaf í upphafi síns ráðherradóms. Hins vegar gef ég ekkert loforð um það nema ég grípi til listans endrum og eins, þegar ég tel það henta, og það er ábyggilega nauðsynlegt að minna hæstv. ráðh. á það, hver hans fyrirheit voru í þessum efnum, því að hann virðist svo gersamlega hafa gleymt því í framkvæmdinni.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mikil nauðsyn í sambandi við hagsýsluna, sem hann ræddi mikið um, að vera ekki að slá upp því, sem gera ætti í þeim efnum. Hver hefur verið að slá málinu upp nema hæstv. fjmrh.? Ég minnti á það við 2. umr. fjárlagafrv., þegar hæstv. fjmrh. lagði hér fyrir á Alþingi annað fjárlagafrv. sitt. Og ég ætla að minna hæstv. ráðh. á þetta enn á ný og með leyfi hæstv. forseta að lesa upp kafla úr ræðu þessa hæstv. ráðh. við það tækifæri. Hann mundi þá átta sig á því, hæstv. ráðh., hvernig stjórnmálamenn fara að því að slá málum upp. En þar segir ráðh. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarna áratugi hafa útgjöld fjárl. hækkað ár frá ári, svo að það hafa þótt litlar fréttir, þótt lögð væru fram á hverju þingi hæstu fjárlög í sögu þjóðarinnar. Við undirbúning fjárlfrv. fyrir 1961 var reynt að snúa inn á aðra braut og freista þess að færa útgjöldin niður. 14 eru útgjaldagreinar fjárl. Þessi viðleitni hefur borið þann ávöxt, að 10 af útgjaldagreinum fjárlaga lækka frá gildandi fjárlögum. Þótt ekki sé hér um stórar fúlgur að ræða miðað við heildarupphæð fjárl., er það stefnubreyting, sem máli skiptir. Risabygging ríkisins verður ekki endurskoðuð og endurskipulögð á nokkrum mánuðum, en mestu varðar, að starfið sé hafið með hentugum vinnubrögðum og réttu hugarfari."

Og svo segir hæstv. ráðh., að menn eigi ekki að vera að slá upp, þótt þeir hafi hugsað sér að gera stórátök í sparnaðarátt, hagsýslu og öðru líku. Það eiga ekki að vera neinar auglýsingar í sambandi við það. En hver hefur svo reyndin orðið í sambandi við þennan þátt, hæstv. ráðh.? Reyndin hefur orðið, eins og ég benti á hér í ræðu minni við 2. umr. fjárl., að fjárl. hafa hækkað um 70—75%, frá því að þessi ræða var flutt, og enginn hefur stjórnað fjármálum íslenzka ríkisins nema hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, eftir að yfirlýsingin um sparnað og lækkun fjárlaga var gefin svo hátíðlega hér á hv. Alþingi.

Og svo vil ég einnig minna á það, hvað ég sagði hér um árangurinn af sparnaði hæstv. ráðh. Árangurinn er þessi: Um fyrsta málaflokkinn má segja, að honum hefur verið mætt. Ríkisútgjöldin hafa verið lækkuð með því að hækka eigin tekjur þessara stofnana, eins og gert hefur verið með pósti og síma. Tekjur þessara stofnana hafa verið hækkaðar um 100%, og þar með var hægt að lækka fjárl. um nokkrar millj. kr. Í öðru lagi hefur svo verið geymdur halli af rekstrinum, sbr. Skipaútgerð ríkisins o. fl. Í þriðja lagi hafa sparnaðartill. hæstv. ráðh. leitt af sér, að verið er að setja upp stór útgjaldabákn, eins og skattakerfið, hagsýsluna, Efnahagsstofnunina og fleiri slík-

ar stofnanir. Þetta er þegar orðið og verður þó enn þá meira síðar geysimikið útgjaldabákn. Og eftir því sem hæstv. ráðh. talaði hér um hagsýsluna áðan, mun hún enginn eftirbátur verða um það. Og svo hefur sparnaðinum verið komið í framkvæmd með því að skipta um nöfn, eins og gert hefur verið í sambandi við nefndirnar. Þetta er staðreynd, sem ég benti hér á um daginn, um leið og ég spurði hæstv. ráðh. um, hvernig tekizt hefði með framkvæmd á þessum og hinum liðunum. Og þurfum við ekki frekar um það að deila, því að það er þessi eina staðreynd þar til staðar.

Hæstv. ráðh. virtist vera óánægður með það, að við hefðum haft sæmilegt samkomulag í fjvn. og staðið að till., sem n. flutti sameiginlega. Ég gerði einnig grein fyrir því, að í raun og veru var um þrjá málaflokka að ræða. Veigamestar voru leiðréttingar úr rn. sjálfum. Engin ástæða var til þess að vera á móti þeim leiðréttingum, þó að við hins vegar hefðum kosið, að þá útgjaldaliði suma hverja hefði ekki þurft að greiða. En stefna hæstv. ríkisstj., bæði um útfærslu ríkiskerfisins og dýrtíðarstefnan, — það voru afleiðingar af henni, að til þessara útgjalda kom. Svo eru uppbyggingarliðirnir, að þeim stóðum við eðlilega. Eins og ég tók fram áðan, hefur það verið okkar stefna og er.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, þegar hann ræddi um niðurgreiðslurnar og talaði um trúna á niðurgreiðslurnar, að niðurgreiðslurnar væru orðnar eitthvert trúaratriði sumra manna. Mér er ekki alveg ljóst, við hvern hæstv. ráðh. var að tala. Þetta hefur verið sú stefna, sem þeir hafa ekki fylgt síður en aðrir og tóku upp ýmsa nýja þætti í niðurgreiðslum í upphafi valdatíma síns og töldu þá góða og gegna, meðan þeir héldu þeim uppi. Og hæstv. ráðh. sagði, að þetta skekkti myndina, skekkti verðlagið. Það hefur verið bent á það hér á hv. Alþingi, að t. d. niðurgreiðsla á fóðurbæti gerði það að verkum, að kornframleiðsla innlend gæti ekki keppt við það, og við leituðum eftir því hér á hæstv. Alþingi að fá þetta leiðrétt. Hæstv. ráðh. var ekki þá til viðtals um það. Hins vegar verðum við að gera okkur grein fyrir því, að niðurgreiðslur hafa áhrif á verðlagið í landinu, og þess vegna skiptir það máli, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að halda þeim áfram óbreyttum eða ekki. Það skiptir máli fyrir verðlagið í landinu, hvort niðurgreiðslur eigi að minnka um tæpar 100 millj. eða ekki, og það er raunverulega það, sem um er að ræða, og ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda þeim áfram, niðurgreiðslunum, þá á hún að ætla fé til þess á fjárlögum, eins og venja er um aðra útgjaldaliði, en ekki taka upp þáttinn, sem hún tók upp við afgreiðslu fjárl. fyrir 1961, að láta vanta á áætlunina 70—80 millj. kr., eins og þá var gert, og greiða það svo utan fjárl. Það er ekki sá háttur eða þau vinnubrögð í afgreiðslu fjárl., sem á að viðhafa, og það er stundum annað, sem verið er að ræða í þessu sambandi í sambandi við till. okkar.

Þá kom hæstv. ráðh. með það, að það væri nú svo með niðurgreiðslurnar, að þær væru gallaðar, því að ríku mennirnir nytu þeirra líka og það væri verið að borga fyrir þá ríku með niðurgreiðslunum, og þetta líkaði hæstv. ráðh. ekki vel. Hvernig var það, hæstv. ráðh., með lækkunina á tekjuskattinum? Fór það fram hjá þeim tekjuháu? Ekki virðist mér, að sú hafi orðið raunin. Að því leyti sem ég hef kynnt mér þau mál, þá virðist mér, að það hafi ekki farið fram hjá þeim tekjuháu, og það hefur verið bent á hér á Alþingi, hver munur væri á því, sem maðurinn með háu tekjurnar hefði fengið í lækkun skatta miðað við manninn með lágu tekjurnar. Það voru engar smáupphæðir, nokkrir tugir þús. Þá var ekki verið að hugsa um það, hvers ríki maðurinn nyti. Hvernig er það með fjölskyldubæturnar? Fá ekki allir fjölskyldubætur, hversu tekjuháir eða efnaðir sem þeir eru, ef þeir á annað borð hafa til þess fjölskyldustærð? Það er alveg eins og með niðurgreiðslurnar, að það njóta þeirra allir þegnar þjóðfélagsins. Þess vegna held ég, að hæstv. ráðh. geti ekki haldið hér langa ræðu um það, að þessi ráðstöfun þeirra á fjárlfrv. sé neitt í þeim anda að sýna andúð þeirra á ríkum mönnum. Hæstv. ráðh. mun hafa fundið þetta upp, um leið og hann var að undirbúa ræðuna eða e. t. v. um leið og hann var að flytja hana, enda er það alveg út í hött. Það, sem máli skiptir, er þetta: Ætlar hæstv. ríkisstj. að halda áfram með þær niðurgreiðslur, sem eru í dag gildandi, eða ætlar hún að lækka þær um 100 millj. kr., eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir?

Síðasti þáttur hæstv. ráðh. var að skýra brtt. þær, sem hann flytur við tekjugreinar fjárlfrv. Hann komst að því, hæstv. ráðh., að tekjustofnarnir væru nú sennilega svo rúmir, að þeir leyfðu 12 millj. kr. hækkun á tekjuáætluninni. Skýring hæstv. ráðh. var nú nokkuð brosleg, og þeir, sem fylgdust með undirbúningi að fjárlagaafgreiðslunni í gær, vita það ósköp vel, að skýringin er öll önnur en hæstv. ráðh. gaf. Þeir vita það ósköp vel, að skýringin er fólgin í skekkjunni, sem kom upp milli áætlaðra gjalda, sem niður áttu að falla vegna vegalaganna. Þar kom upp 12 millj. kr. skekkja, sem hæstv. ráðh. þurfti að leiðrétta í dag. Allar aðrar skýringar eru út í hött, því að þetta er staðreyndin. Hæstv. ráðh. hefði þess vegna getað ósköp vel sparað sér þetta. Annars var margt í ræðu þessa hæstv. ráðh. í samræmi við þessa síðustu skýringu hans, í ósamræmi við veruleikann.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tala mjög lengi, því að ég sé ekki ástæðu til þess að blanda mér í þá glímu, sem hér hefur átt sér stað milli hæstv. fjmrh. og fulltrúa Framsfl., ég sé ekki að þannig standi glíman, að þörf sé á því.

Við þrír Framsfl.-þm. úr Norðurl. e. höfum leyft okkur að leggja fram nokkrar brtt. við fjárlfrv., og ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir þeim till., sem ég er fyrsti flm. að.

Fyrst vil ég þá nefna till. á þskj 178 undir IV. tölul. Þar er farið fram á, að hækkað verði framlag til tveggja hafna, Grenivíkur og Húsavíkur. Í Grenivík er allmikil útgerð miðað við mannfjölda. Oft hefur veiðisælla báta heyrzt getið þaðan á síldveiðivertíðinni og einnig að því er snertir þorskveiðar sunnanlands. Hv. þm. mun því þetta kunnugt. En þær fréttir hafa verið um hina stærri báta úr Grenivík. Heima fyrir er einnig sóttur kappsamlega sjór frá Grenivík á smærri bátum. En höfnin er opin og örðugt að láta báta liggja þar, ef veður versnar. Stærri bátarnir flýja þá til Akureyrar, þegar viðsjárvert er veður, og smærri bátar eru í sífelldri hættu. Bryggjustúfur, sem þarna er, veitir ekkert skjól, og þar er ekki hægt að afgreiða bátana, nema þegar stillur eru á sjó og í lofti. Nú hefur verið mælt þar fyrir hafnargerð og gerð áætlun um mikla hafnarbót. Í sumar sem leið voru gerðar fyllingar á landi og vegur að grjótnámu. Þannig hagar til, að með þessum undirbúningi var eyðilagður helzti lendingarstaður smábátanna, og eru þeir nú í enn meiri hættu en áður, þegar út af ber með veður. Gengið var út frá því, að byggður yrði á þessu ári hafnargarður, svo að ástand hinnar auknu hættu varaði ekki lengur og gott skjól fengist innan hafnargarðs. Áætlað er, að hafnargarðurinn muni kosta a. m. k. 3 millj. kr. Auk þess er svo bryggja innan á garðinum, en bygging hennar mundi frekar geta beðið. Allir sjá, að 250 þús. kr. fjárveiting, eins og er á fjárl. til þessarar framkvæmdar, er allt of lítil. Við leggjum til, að fjárveitingin verði hækkuð um 350 þús. eða upp í 600 þús. kr. Þess má geta, að ef sú hækkun fengist, má telja tryggt, að heimamenn gætu útvegað að láni það, sem á vantar, til þess að hægt sé að byggja hafnargarðinn næsta sumar. Hér er því ekki um óraunhæfar áætlanir um framkvæmdir að ræða.

Þá er það Húsavík. Þar er verið að reisa verbúðir og áformað að dýpka á sumrin höfnina með uppmokstri. Enn fremur er þar í smíðum uppfylling til aðstöðubóta við höfnina og til heftingar á sandburði inn í höfnina. Þarna er um mikinn athafnastað og vaxandi bæ og vaxandi útgerð að ræða. Við teljum réttlátt og nauðsynlegt að hækka fjárveitinguna úr 450 þús., eins og hún er á frv., í 700 þús. kr., þ. e. a. s. setja fjárveitinguna til Húsavíkur í hæsta flokk.

Þá vil ég minnast á brtt. við 16. gr., tölulið XVI, á þskj. 178. Það er starfsfræðsla utan Reykjavíkur. Starfsfræðsla ryður sér mjög til rúms í öllum menningarlöndum. Nýir tímar aukinnar verkaskiptingar og fjölbreytni atvinnuvega kalla eftir starfsfræðslu. Stöðuval getur skipt sköpum í lífi fólks. Nauðsyn þess, að hver maður velji sér þau viðfangsefni, sem henta hæfileikum hans bezt, er ekki aðeins nauðsyn einstaklinga, heldur líka þjóðarnauðsyn. Hér á landi er hafin starfsfræðsla fyrir atbeina áhugamanna. Reykjavík hefur a. m. k. einn mann í þjónustu sinni, sem sinnir þeim fræðslustörfum. Á ég þar við Ólaf Gunnarsson sálfræðing. Hann er mikill áhugamaður og hefur ásamt fleiri góðum mönnum með starfsfræðsludögum komið af stað í höfuðstaðnum sterkri hreyfingu, sem nú er að breiðast út um landið. Á þessu ári hefur hann mætt á nokkrum stöðum, t. d. á Norðurlandi á Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík. Þar hefur hann flutt fyrirlestra og aðstoðað við að koma á starfsfræðsludögum, sem þótt hafa takast ágætlega vel. Mér er kunnugt um, að Austfirðingar og Vestfirðingar hafa beðið um aðstoð til að koma á starfsfræðslu hjá sér, og Norðlendingar vilja halda áfram að auka við starfsfræðslu hjá sér, enda aðeins um byrjun að ræða hjá þeim. Þetta er hreyfing, sem Alþingi á að styðja og styðja fúslega og styðja vel. Till. okkar er, að framlag til þessa sé hækkað úr 80 þús. upp í 200 þús. kr. Með því framlagi, sem að vísu er ekki hátt miðað við þá dýrtíð, sem nú er, er þó miklu betur tekið undir við þá hugsjóna- og áhugamenn, sem vinna að þessum málum í landinu.

Á 22. gr., XX. lið, fjárlfrv. er heimild til, að ríkisstj. taki allt að 12 millj. kr. lán til Ennisvegar á Snæfellsnesi, 6 millj. kr. lán til Siglufjarðarvegar ytri og allt að 1 millj. kr. lán til Múlavegar. Ekki er út á þetta að setja, það sem það nær. Þetta eru nauðsynlegar framkvæmdir. Þarna eru þýðingarmiklir tengivegir milli héraða. Raunar finnst mér Múlavegi gert lágt undir höfði að heimila lántöku til hans aðeins eina millj. og stend því að brtt. um hann, sem annar þm. mun gera grein fyrir. En fleiri vegagerðir á millibyggðaleiðum eru þannig, að þeim þarf að flýta á sama hátt með lántökum. Tjörnesvegur tengir héruð. Til þess að koma honum í viðunandi lag hefur verið lauslega áætlað að þurfi rúmar 6 millj. kr. Þetta er orðin fjölfarin leið. Hún er aðalleið milli Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu. Þar að auki fara hana margir, sem leggja leið sína milli Austurlands og Norðurlands. Og nú hefur hliðarleið, sem hefur verið í þjóðvegatölu, samkv. nýjum vegalögum verið sama sem lögð alveg niður. Hún verður tekin út úr þjóðvegatölu. Tjörnesvegur er nú orðinn mjólkurflutningaleið bænda úr Kelduhverfi til Húsavíkur. Þessi leið er venjulega fremur snjólétt. Þó eru á henni þrjú gil, sem ekki eru uppfyllingar í, og snjór safnast þar á veginn, og þess vegna þarf að gera þar uppfyllingar, til þess að þar verði ekki umferðarfyrirstöður á vetrum. Með 2 millj. kr. framlagi af lántöku mundi vera hægt að eyða þessum sérstöku torfærum. Bráðnauðsynlegt er að laga gilin sem fyrst, til þess að Tjörnesvegur geti orðið vetrarvegur, sem hægt sé að treysta á, ekki síður en aðrar þjóðbrautir, til þess að koma búvörum bænda á markað. Við leggjum þess vegna til á þskj. 178, tölulið XXII, að heimiluð verði lántaka til Tjörnesvegar, allt að 2 millj. kr. Sú till. er mjög hófleg, því að kostnaður er áætlaður, eins og ég sagði áðan, við að koma Tjörnesvegi í sæmilegt ástand rúml. 6 millj.

og vegurinn er tengivegur hliðstæður þeim vegum, sem eru fyrir í þessum frumvarpslið.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. geti fallizt á þessar till. allar, sem ég nú hef stuttlega lýst.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla að mæla hér fyrir nokkrum till., sem við flytjum í félagi, hv. 3. þm. Vesturl. og ég.

Þá er það fyrst till. á þskj. 178 undir III. Það er nýr liður, Arnarstapi á Snæfellsnesi, en Arnarstapi liggur sunnanvert á Snæfellsnesi, sunnan Breiðuvikur, eins og það er kallað. Og þar hefur um langa tíð verið nokkur útgerð, og þar eru, eins og víðar við Snæfellsnes, mikil og góð fiskimið skammt undan landi. Þarna er höfn líka nauðsynleg fyrir báta til að lenda, þegar veður skella á snögglega, eins og oft hefur fyrir komið. Til þessarar hafnar á Arnarstapa, sem þar er nú, hefur verið varið nokkru fé úr ríkissjóði á undanförnum áratugum, og eru komnar í þá höfn 1 millj. 170 þús. kr. En þetta er ekki fullnægjandi til að gera nógu góða aðstöðu fyrir þá báta, sem þarna eru, og þessi aðstaða er eingöngu fyrir opna báta. Fyrirhugað er að bæta þessa aðstöðu, sem þarna er, með því að setja upp dráttarvindu og e. t. v. að koma upp bátasleða með fleiru. Aðdýpi er mikið við Arnarstapa, og hafnarmannvirki eru talin þar fremur kostnaðarsöm miðað við það, sem víða er á landinu. Því förum við ekki fram á að svo stöddu, að meira fé verði varið nú að þessu sinni, en ríkið sýni lit á því að endurbæta hafnarmannvirki, sem fyrir eru, og þar með bæta aðstöðuna, en að það sé ekki lagt í nein stórkostleg mannvirki að svo komnu, enda hrökkva 200 þús. kr. skammt til þess, að slíkt sé hægt að gera. Yfirleitt eru þær hafnir, sem gerðar eru á landinu, milljóna og milljónatuga fyrirtæki, ef þær eiga að veita fullkomna og góða þjónustu stórum og góðum fiskiskipum. En þarna er, eins og ég sagði áðan, yfirleitt um opna báta að ræða, og það fólk, sem þarna býr, stundar sjóinn endrum og eins, ásamt því sem það yrkir jörðina. Og til þess að glæða áhuga þess og bæta aðstöðu þess til sjávarins er nauðsynlegt að verja fjármagni þarna til hafnarbóta, og ég vil mælast til þess, að hv. þm. styðji þessa till., því að ég held, að eins og fjárlög eru nú orðin há, skipti það ekki höfuðmáli, þó að bætt sé 200 þús. kr. við þá fúlgu, sem þar er verið að samþykkja þessa dagana.

Þá er það önnur till., sem við flytjum, hv. 3. þm. Vesturl. og ég, á sama þskj., undir XV. Það er um hækkun á framlagi til jarðhitasjóðs eða að framlagið verði hækkað um 2 millj. kr. Ég þarf ekki hér að vera að lýsa því, hvorki hvert er hlutverk jarðhitasjóðs né því, hvað jarðhitinn getur haft mikla og góða þýðingu fyrir framtíð okkar í þessu landi. En ég tel, að jarðhitinn sé þau auðæfi í jörðu, sem munu í framtíðinni færa okkur mikla björg í bú, bæði með því að spara okkur innflutning á margs konar eldsneyti, sem við flytjum nú inn, ásamt því sem jarðhitinn getur orðið til þess að efla í verulegum mæli útflutningsframleiðslu okkar og þar með orðið gjaldeyrisskapandi í framtíðinni. Hér er því verið að verja fjármunum til þess að leysa úr læðingi þau verðmæti, sem munu verða til þess að bjarga afkomu okkar út á við í framtíðinni e. t. v. í miklu ríkara mæli en við gerum okkur ljóst í dag. Það er líka vitað mál, að jarðhiti er e. t. v. miklu víðar en við höfum hugmynd um nú. En með borun er hægt að komast að raun um þessa hluti, og það er eitt af hlutverkum jarðhitasjóðs að sjá um að styrkja slíkar rannsóknir og láta bora eftir heitu vatni víðs vegar á landinu, þar sem þess er mest aðkallandi þörf, nú á næstunni og einnig síðar að sinna verkefnum, sem okkur finnst ekki í augnablikinu vera jafnþýðingarmikið, að ráðizt sé í. Ég vænti því þess, að hv. alþm. samþykki þessa till. okkar einnig.

Þá höfum við leyft okkur að flytja þriðju till., sem er á sama þskj., undir XVIII, og það er nýr liður, til félagsheimilasjóðs. En það er 5 millj. kr. framlag, sem við förum fram á samkv. þessari till. til félagsheimilasjóðs. Eins og kunnugt er, skortir allmikið á það, að félagsheimilasjóður hafi nægjanlegar tekjur, þótt hann hafi nú aðeins helming af því framlagi, sem skemmtanaskatturinn er árlega, en sem kunnugt er fer helmingur af skemmtanaskatti til þjóðleikhússins. En sá hlutinn, sem félagsheimilasjóði fellur í skaut nú, mun vera, eftir því sem ég hef komizt næst, 5—6 millj. kr. Þetta breyttist nokkuð á yfirstandandi ári með breyt. á lögum um skemmtanaskatt, sem lögfest var nokkru fyrir þingslit í vor sem leið. Þá bættust við tekjur félagsheimilasjóðs ca. 1—2 millj. kr., svo að hlutur félagsheimilasjóðs er að sjálfsögðu betri en fyrir þessa löggjöf, enda þótt hann hafi allt of lágar tekjur eigi að síður, því að honum er ætlað að greiða 2/5 hluta af kostnaðarverði félagsheimila, sem viðurkennd eru af stjórn félagsheimilasjóðs. En sá skuldahali, sem myndazt hefur hjá félagsheimilasjóði, hefur vaxið ár frá ári, og kunnugir telja, að þar muni vera nálægt því nú um 50 millj. kr. skuld að ræða, sem félagsheimilasjóði ber að greiða samkv. lögum til 77 félagsheimila, sem nú eru í byggingu. En alls mun hafa verið veitt framlag til því sem næst 100 félagsheimila, síðan félagsheimilasjóður fékk það hlutverk að rísa undir hluta af þessum kostnaði.

Ég býst við, að það sé því mjög þröngt fyrir dyrum víða, þar sem staðið er í félagsheimilabyggingum, því að í fyrsta lagi eiga þessir aðilar að sjá um að afla 3/5 hluta af kostnaðarverði félagsheimilanna, þess á að afla heima fyrir, en auk þess verða þeir, sem standa í félagsheimilabyggingum nú, að taka á sig allt að 50 millj. kr. skuld, sem félagsheimilasjóður skuldar beint. Þessu verða þeir einhvern veginn að sjá fyrir, þar til greiðslur verða inntar af hendi samkv. l. Og ég held, að það verði nokkuð langt að bíða þess, að þær tekjur, sem félagsheimilasjóði eru ætlaðar nú, nái því að borga þessa skuld, sem áfallin er, ásamt

því að standa í skilum með að borga lögboðinn hluta af þeim félagsheimilum, sem byrjað verður á nú á næstunni, því að enginn vafi er á því, að þessi þróun heldur áfram, að félagsheimili verða byggð, enda þótt félagsheimilasjóður geti ekki árlega innt af hendi þær greiðslur, sem honum ber. Ég býst við, að við séum allir sammála um það, að þörfin hér sé mjög brýn, og enda þótt ég sé þess fullviss, að hér sé ekki um neina endanlega fullnaðarafgreiðslu að ræða á þessum málum með þessari till., þá er ég þess fullviss samt, að þessar 5 millj. kr. munu hrökkva langt til þess að bæta úr brýnustu þörf hjá þeim félagsheimilum í landinu, sem eru að ná lokatakmarkinu eða eru í þann veginn að geta komið sínum húsum í það horf, að menn geti byrjað að afla tekna til að greiða niður þá fjárfestingu, sem þeir hafa staðið í. Ég vænti því þess, að hv. alþm. sýni þessu máli góðan skilning og greiði einnig atkv. með þessari till. okkar, sem við höfum hér lagt fram.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að mæla fyrir þrem brtt., sem ég flyt ásamt hv. 1. og hv. 5. þm. Norðurl. e. á þskj. 178. Við stöndum að vísu saman að nokkrum öðrum brtt., en fyrir þeim mæla hv. meðflm. mínir, og hefur þegar verið mælt fyrir nokkrum þeirra.

Fyrsta brtt., sem ég mæli fyrir á þskj. 178, er um nokkra hækkun á framlagi til Raufarhafnar. Raufarhöfn er sem kunnugt er ein af mestu útflutningshöfnum landsins. Þar er mikill síldariðnaður á sumrin, bæði síldarsöltun og síldarbræðsla, sem kunnugt er. Þar eru margar bryggjur, sem ætlaðar eru til löndunar fyrir síldveiðiskip, bæði þegar lagt er upp í söltun og bræðslu. En til skamms tíma hefur hafnarsjóður Raufarhafnar enga hafnarbryggju átt til út- og uppskipunar á vörum. Út- og uppskipun á vörum hefur farið fram á gamalli bryggju, sem var eign síldarverksmiðja ríkisins og áður Norðmanna, sem fyrstir byggðu verksmiðju á þessum stað. En nú nýlega varð samkomulag um það, að síldarverksmiðjur ríkisins afhentu Raufarhafnarhreppi eða hafnarsjóði Raufarhafnar gömlu hafnarbryggjuna og þá aðstöðu við land, sem henni fylgir og hafnarsjóður tæki að sér að byggja þarna upp nýtt mannvirki. Þannig var þá ástatt, að gamla bryggjan, sem var timburbryggja, var að hruni komin og naumast nothæf orðin. Hér þurfti að bregða skjótt við, því að mikið var í húfi að koma upp þessu þýðingarmikla mannvirki, sem allar síldarafurðir fara um til útflutnings, þ. e. síldarafurðir Raufarhafnar, auk alls annars, og í fyrra var gerð áætlun um nýja hafnarbryggju, sem mun hafa átt að kosta eftir áætlun þá um 10 millj. kr. Þegar á öndverðu ári 1963, þ. e. a. s. þessu ári, var ráðizt í þessa bryggjugerð, og var hún vel á veg komin s. l. sumar, þannig að skip getur nú lagzt að henni, en aðeins eitt skip. Hins vegar er mikil nauðsyn á að ljúka mannvirkinu, þannig að tvö skip geti legið samtímis við hafnarbryggjuna, en það kemur mjög oft fyrir, að tvö skip eru á Raufarhöfn samtímis og þarf að vinna við afgreiðslu þeirra. Hreppsfélagið á að sjálfsögðu nokkuð örðugt með að koma áfram þessu mannvirki samhliða ýmsum öðrum framkvæmdum, sem þar eru á döfinni, en á Raufarhöfn er nú einnig verið að byggja barnaskóla og félagsheimili. Það hefur verið greitt fyrir hafnargerðinni með lánum, og það ber að viðurkenna, að hv. fjvn. hefur skipað Raufarhöfn meðal þeirra hafna, sem hæst framlag er nú ætlað á fjárlfrv. Eigi að síður vildum við leggja áherzlu á það, að þarna er enn mikil fjárþörf og að þessi upphæð þyrfti að vera mun hærri, af því að hér er um svo stórt og dýrt hafnarmannvirki að ræða og því þarf að ljúka á svo skömmum tíma, það þolir ekki bið.

Önnur till., sem ég vil mæla hér fyrir, er merkt með VIII á þskj. 178. Þar er um að ræða hækkað framlag til hafnargerðarinnar á Þórshöfn úr 250 þús. kr. upp í 700 þús. kr. Ég skal taka fram, að þetta er sama upphæðin og við lögðum til, þessir þrír þm., á síðasta þingi, að veitt yrði til þessarar hafnar.

Á Þórshöfn eru nú heimilisfastir hátt á fimmta hundrað manns, eða nánar tiltekið um 460 í árslok 1962. Og þetta kauptún hefur verið í vexti undanfarin ár eða áratugi. Þar er verzlunarstaður nokkurra hreppa í Norður-Þingeyjarsýslu og í Norður-Múlasýslu, og útgerð hefur farið þar vaxandi. Framvegis hlýtur vöxtur staðarins fyrst og fremst að byggjast á vexti útgerðar. Í Þistilfirði og við Langanes eru miklar fiskisl óðir, sem hafa verið sóttar um aldir af útlendum og innlendum til skamms tíma, þó einkum af útlendum, og talið er, að Þistilfjörður sé mikilsverð klakstöð fyrir fisk. Þegar síldin leggst nærri landinu, er það ekki óalgengt eða var, að fjöldi síldarbáta væri að veiðum við mynni Þistilfjarðar báðum megin við Langanes. Sveitabyggðin á Langanesi hefur gengið mjög saman í seinni tíð og stendur á völtum fæti, eins og sakir standa, og á sér raunar víðar stað í sveitum, sem líkt eru settar. Og framtíð þessa byggðarlags í heild, ekki aðeins þorpsins, heldur einnig sveitanna í kring, er eflaust mjög undir því komin, að það takist að koma atvinnulífi á Þórshöfn á fastan grundvöll. Þar eru nú um þessar mundir gerðir út um 20 vélbátar til fiskveiða, litlir þilfarsbátar og opnir vélbátar. Þarna við Þistilfjörð, eða réttara sagt við minni fjörð inn af Þistilfirði, sem heitir Lónafjörður og Þórshöfn stendur við, er í sjálfu sér góð aðstaða fyrir skip og skip liggja þar oft í vari, en höfnin sjálf er þó frá náttúrunnar hendi þannig, að það er til hindrunar vexti útgerðar. Á meðan hafnarmannvirkjum verður ekki komið í betra horf en þau enn þá eru, er þess ekki að vænta, að útgerð stærri báta geti hafizt þar, því að öryggi í höfninni er of lítið, til þess að á það sé hætt að hafa þar stærri skip en þau, sem þar eru nú. En þetta, að hafnarskilyrði banna að auka fiskiflotann og stækka fiskiskipin, er hins vegar því til hindrunar, að fiskiðju á þess-

um stað yrði komið í það horf, sem hún þyrfti að vera. Menn hafa lengi haft hug á því að byggja þar nýtt fiskiðjuver, en telja varla fært, meðan útgerðin er ekki meiri en hún nú er.

Gerð hafnarmannvirkja á Þórshöfn hófst fyrir nálega aldarfjórðungi, að ég ætla, og hafa þar verið byggðar bryggjur nokkrar, ekki stórar, og gerð dýpkun í höfninni. En fyrir nokkrum árum var hafizt handa um að byggja hafnargarð eða öldubrjót utan við aðalbryggjusvæðið, sem nú er orðinn 230—240 m langur, og þessi öldubrjótur eða hafnargarður ásamt þeim hafnarmannvirkjum, sem fyrir eru, myndar, þegar mannvirkjum er lokið, fiskiskipakví, en við enda hafnargarðsins er byrjað að koma niður kerum, steinsteypukerum, sem eiga að mynda hafskipabryggju og jafnframt vera síðasti áfanginn til þess að mynda bátakvína. S. l. sumar voru sett niður tvö ker, og er þá þarna komin bryggja eða bryggjustúfur, einir 20 m, 20 m viðlegukantur, en ætlunin er að bæta þarna við fjórum kerum, þannig að viðlegukanturinn fyrir hafskip verði 60 metrar. Það er talið hæfilegt eða a. m. k. viðhlítandi. Strandferðaskipin Esja og Hekla eru einmitt um 60 m löng, og millilandaskip, sem flytja vörur, nokkru lengri, en þetta er þó talið viðhlítandi.

Það var áform hreppsnefndar og hafnarstjórnar á Þórshöfn að ljúka áfanganum næsta sumar, að koma niður þessum fjórum kerum, og má lauslega áætla, að það kosti rúmar 3 millj. kr. eða líklega heldur meira. Við flm. teljum mikla nauðsyn á því, að úr þessu gæti orðið og sé þarna um að ræða framkvæmd, sem ótvírætt eigi að skipa í röð framkvæmda, sem ekki á að láta bíða, af því að þessi áfangi er eins mikilsverður og ég gerði grein fyrir. Þó að þessi áfangi væri framkvæmdur, þá er að vísu hafnargerðinni ekki lokið. Það eru eftir nokkur mannvirki inni í höfninni, staurabryggjur innan úr garðinum. En þessi áfangi er mjög mikilsverður, og mætti þá fremur doka eitthvað við, þegar honum er lokið, eða a. m. k. er hann mjög mikilsverður bæði til þess að ljúka sjálfri kvínni og skapa það skjól, sem hún má veita, og til þess að gera þarna legurúm eða legukant, sem telst nothæft. Ég skal taka það fram, að strandferðaskipið Esja hefur í vetur lagzt við þessa 20 m, sem búið er að gera, en það er mjög ófullnægjandi og aðeins hægt í blíðskaparveðri.

Síðasta till., sem ég mæli fyrir, er merkt með XXIII á þskj. 178. Hún er við 22. gr. fjárl., heimildargreinina, að þar komi til viðbótar nýr liður: „Að taka lán allt að 2 millj. kr. vegna Hálsavegar austan Raufarhafnar eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.“ Undanfarið hefur verið farið inn á þá leið að taka sérstök lán til þess að koma áleiðis dýrum mannvirkjum í vegagerð, og er þá fyrst og fremst að minnast stórláns, sem er tekið til Keflavíkurvegar, en einnig hafa verið tekin eða er á döfinni að taka slík lán til fleiri vega, til Ennisvegar á Snæfellsnesi, til Siglufjarðarvegar, Strákavegar og til Múlavegar, sem hv. 1. þm. Norðurl. e., samþm. minn, gat um hér áðan. Við teljum það fyllilega réttmætt og í raun inni óhjákvæmilegt að heimila slíka lántöku vegna þessa vegar, sem hér er um að ræða. En Hálsavegur er einn af hinum svokölluðu millibyggðavegum. Hann er á milli Raufarhafnar, sem ég ræddi um áðan, Raufarhafnar á Sléttu og byggðar í Þistilfirði, sem kallað er, þ. e. a. s. vestan Þistilfjarðar. Er hér um veg í óbyggð að ræða, en þó ekki háan, og var fyrir nokkrum árum ákveðið, að lögð yrði áherzla á að byggja upp þann veg í stað vegarins, sem farinn hefur verið nú um 20 ára skeið um Öxarfjarðarheiði, en sá vegur liggur mun hærra. Fyrir 2 árum eða svo var verkið það komið á veg, á Hálsavegi, að vegurinn varð akfær, eins og kallað er, þ. e. a. s. að hægt er að komast þessa leið að sumarlagi, þegar vel viðrar. En mikill hluti af veginum er aðeins ruddur vegur, að sumu leyti eftir mólendi og að sumu leyti eftir melum. Nú fór það svo, og sýnir það nauðsyn þessa vegar, að undireins og vegurinn var opnaður, þótt í þessu ástandi væri, hófst á honum mikil umferð, og það var ekki langt liðið, þegar að því kom, að stórar fólksflutningabifreiðar og stórar vöruflutningabifreiðar alla leið héðan úr Reykjavík tóku upp fastar áætlunarferðir, sem miðaðar voru við það að fara þennan veg. Menn höfðu í raun inni ekki gert ráð fyrir, að svo þung umferð mundi hefjast á veginum þegar í stað, en það hefur komið í ljós, sem við mátti búast, að stórir kaflar á veginum þola alls ekki þessa umferð, og þess vegna verður vegurinn í votviðratíð á sumrin mjög fljótlega að kalla má ófær, og þó að gert sé ráð fyrir, að þegar búið er að byggja upp þennan veg, verði hann fær yfirleitt yfir veturinn, þá er langt frá því, að svo sé nú, á meðan mikill hluti af honum er enn aðeins ruddur vegur. Ég ræddi núna nýlega, — ég held, að það hafi verið í gær eða fyrradag, við bifreiðarstjóra héðan úr Reykjavík, sem hafði farið með nokkra bíla frá Reykjavík norður til Þórshafnar til þess að flytja vörur, og hann sagði mér, að yfirleitt hefði þessi ferð gengið vel norður með bílana allt þangað til kom að Hálsavegi. Þá var þar þröskuldur á veginum, sem að visu tókst að stiga yfir með ærinni fyrirhöfn. Þar voru torfærur af snjó. Nú er byrjað að leggja veg úr Vopnafirði yfir Hellisheiði ytra austur í Jökulsárhlíð, og verður því verki væntanlega lokið, áður en langt um líður, og þá kemur sá vegur, a. m. k. fyrir þá, sem halda áfram til Austurlands eða fara til Austurlands frá Vopnafirði eða norður, í stað hinnar löngu leiðir yfir Möðrudalsöræfin og svo aftur niður.

Þegar vegurinn er kominn yfir Hellisheiði, er þarna opnuð leið eiginlega milli helztu síldarstöðvanna á Norðaustur- og Austurlandi. Það verður opnuð leið meðfram allri þessari stóru keðju af síldarstöðvum, sem þarna er risin upp á seinni tíð. Þarna er Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafjörður, sem er nú að verða síldarstöð líka, þótt hann sé það enn í smáum stíl, Vopnafjörður, Seyðisfjörður og svo allir firðirnir þar

fyrir austan. Það mun reynast, þegar vegurinn er þangað kominn, og raunar er það svo nú þegar, þó að hann sé ekki kominn nema til Vopnafjarðar með sjó fram, það mun reynast svo, að þessi leið verður ákaflega fjölfarin, og þessi vegur er mikill nauðsynjavegur til þess að halda uppi sambandi milli þessara vinnslustöðva á Austur- og Norðausturlandi og enda stöðvanna vestar á Norðurlandi líka, því að það er mikilsvert fyrir alla þessa keðju af síldarstöðvum, að þar sé greið ferð milli á landi til þess að flytja fólk, þegar síldin færir sig, til þess að flytja síldartunnur, vélar og bíla og margt annað, sem menn þurfa snögglega á að halda eða mikilsvert er að geta flutt á milli stöðvanna í skyndi. Og þá mun þessi vegur verða að sumarlagi um síldveiðitímann einhver þýðingarmesti vegur á þessu landi í þágu framleiðslunnar. En slík umferð getur náttúrlega ekki orðið á þessum vegi, nema Hálsavegur verði mjög bættur frá því, sem er. Menn hafa séð þessa nauðsyn, og þess vegna hefur undanfarin ár verið reynt að halda til Hálsavegar af því vegafé, sem hefur átt að fara í Norður-Þingeyjarsýslu. En slíkt getur ekki lengi haldizt, því að nú er einmitt mikil nauðsyn á því að bæta vegina um byggðirnar báðum megin heiðar og ekki sízt vegna þess, að bændur eru þar nú að taka upp mjólkurframleiðslu og munu þurfa á því að halda, að byggðavegirnir séu færir jafnt vetur sem sumar. Þess vegna er nauðsyn að leysa umbótaþörfina á þessum vegi á sérstakan hátt án þess að skerða tilfinnanlega fé byggðanna, enda þótt það verði væntanlega aukið og þarf nú að aukast og væntanlega eykst vegna nýju vegalaganna eins og annars staðar. Ég hygg, að ef þarna væri hægt að leggja fram í einu lagi sem svaraði 2 millj. í þennan veg, mundi vera hægt að byggja upp þá kafla alla, sem mest hætta er á að verði ófærir, en það eru móarnir, sem ég nefndi áðan, sem grafast niður og verða ófærir í rigningum og seinfærir.

Ég skal taka það fram, að ég hef beðið vegamálaskrifstofuna að gera lauslega áætlun um, hvað það mundi kosta að fullgera þennan veg, Hálsaveg, milli Raufarhafnar og Þistilfjarðar, þannig að hann komist í það ástand, sem ætlazt er til að vegir komist samkv. vegalögunum, og sá kostnaður er lauslega áætlaður 5½ millj. kr. Hér er því ekki um að ræða nema hluta af því fé, en þrátt fyrir það hygg ég, að af slíku fjárframlagi, ef það mætti takast að fá það lán, sem hér er gert ráð fyrir, mundi verða mikið gagn.

Þá hef ég mælt fyrir þeim þrem brtt. á þskj. 178, sem ég nefndi áðan, og skal láta máli mínu lokið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki mikið, sem ég ætla mér að blanda mér í þessar umr., en það er út af till., sem hv. 3. þm. Austf. hefur flutt hér á þskj. 178, að ég sé ástæðu til að taka til máls. Till. er um það að heimila lántöku til þess að byggja brú á Hofsá í Vopnafirði. Nú er það svo, að þessi brú hefur verið til umr. fyrr hér í hv. Alþingi og ekki langt síðan ég svaraði fsp. frá hv. 2. þm. Austf. viðvíkjandi þessari brú. Hv. þm. munu hafa heyrt þá, að ég taldi nauðsynlegt, að þessi brú yrði byggð, sérstaklega eftir að Vopnfirðingar fóru að flytja mjólk í mjólkurbúið, sem er nýlega reist í Vopnafirði.

Ég vil, af því að hér er lagt til, að lán verði tekið til þessarar brúar, lýsa því yfir, að ég mun beita mér fyrir, að brúin á Hofsá í Vopnafirði verði tekin upp í vegáætlun næsta árs. Ég get vitanlega ekki ábyrgzt það, að vegáætlunin, sem lögð verður fyrir, verði samþ. eins og hún verður lögð fram af mér, en mér þætti líklegt, ef brúin verður tekin upp á áætlunina í fyrstu, að hún yrði ekki tekin út aftur í meðferðinni hjá hv. Alþingi, þar sem allir hv. þm. Austf. mundu sameinast um það og áreiðanlega fleiri veita þeim lið, þar sem viðurkennt er, að þessi brú þarf að koma. Hv. flm. vitanlega ræður því, hvort hann vill láta þessa till. fara undir atkv. eða þá taka hana aftur í trausti þess, að vegáætlunin verði samþykkt að þessu leyti eins og hún verður lögð fram. Því verður hann sjálfur að ráða, en ég sé ástæðu til að taka þetta fram, að ég mun stuðla að því, að hún verði tekin á vegáætlunina.

Vegamálin hafa að sjálfsögðu verið rædd nokkuð hér við þessar umr. Ég hef ekki getað hlustað á það allt og ætla ekki að fara að blanda mér að neinu verulegu leyti á þessu stigi málsins inn í það. En mér þykir nú heldur djúpt tekið í árinni, þegar sumir hv. þm. halda því fram, að vegakerfið sé að drabbast niður, vegna þess að það hafi verið verr fyrir því séð núna síðustu árin heldur en áður, t. d. á meðan hv. framsóknarmenn fóru með vegamálin. Það hefur oft verið gerður samanburður á fjárframlagi til vega á árinu 1958 og á árinu 1963, og sá samanburður sýnir það, að hækkun til vegaframkvæmda, bæði viðhalds og nýbygginga, er miklu meiri en sem nemur verðhækkuninni. Og það út af fyrir sig talar sínu máli, talar þeim rökum, sem hljóta að verða tekin gild, þegar rætt er um þessi mál æsingalaust og rólega. Vitanlega fer bezt á því, að það sé gert, enda þótt við séum öll hér í hv. Alþingi sammála um það, að betur hefði verið æskilegt að gera í þessum málum heldur en raun ber vitni. Og hv. alþm. hafa nú sýnt það með því að samþykkja ný vegalög með rúmlega 100 millj. kr. hækkun frá því, sem er á fjárl. 1963, að allir eru sammála um nauðsynina á því að fá aukið vegafé. Og það geta hv. þm. verið án þess að vera í leiðinni að fullyrða það, að núv. ríkisstj. hafi staðið verr að vegamálunum en þær ríkisstj., sem hafa verið áður. Mér finnst, að við getum alveg rætt þessi mál með rökum, vitandi það, að allir hv. þm. þekkja þessa sögu, og algerlega tilgangslaust að vera að reyna að fara með annað en staðreyndirnar einar.

Þegar rætt er um vélakost vegagerðarinnar, er náttúrlega margt, sem mætti um það segja, og það er vissulega rétt, það sem hæstv. fjmrh.

sagði hér í dag, ekki aðeins um vélakost vegagerðarinnar, heldur og um vélakost ríkisstofnana, sem eiga vélar og verða að hafa vélar. Og af hverju eru nú þessar vélar svona gamlar, slitnar og úreltar? Ég er sannfærður um, að hv. alþm. hafa gert sér grein fyrir því. Það er vegna þess, að árum saman fékkst ekki gjaldeyrir til þess að flytja inn nýjar vélar. Það er vegna þess, að árum saman, í 1½ áratug, var það látið nægja að kaupa gamlar vélar af varnarliðinu, slitnar og gamlar vélar og gera þær svo upp með miklum kostnaði, og það eru þessar vélar, sem vegagerðin hefur orðið að notast við og fleiri ríkisstofnanir í hálfan annan áratug. Af því að ég var ekki alveg öruggur í sögunni og vildi aðeins fara með það, sem rétt er, þá hringdi ég í vegamálastjóra áðan og spurði hann um þetta. Og hann staðfesti, að það hefði enginn vörubíll, engin ný vél fengizt fyrr en 1960. Á árunum 1947—1960 var aðeins keypt gamalt drasl af Keflavíkurvelli, vegna þess að það fékkst ekki gjaldeyrir til þess að fá nýtt. 1960 er svo byrjað að kaupa nýjar vélar, en vitanlega allt of lítið, því að fjárveitingin var takmörkuð, eins og hv. þm. er kunnugt. En þetta hefur þó smáaukizt. 1960 voru keyptir 3 nýir bílar í staðinn fyrir gamla trukkbíla, eins og venja var að gera áður. Það voru keyptar nýjar skóflur. 1961 var enn aukið við þetta, keyptar skóflur, ýtur og fleiri verkfæri. 1962 voru keyptir 4 heflar, skóflur og ýta. 1963 voru keyptir 8 nýir heflar, skóflur og ýta. Og 1964 hafa verið gerðar pantanir á 8 heflum, 2 ýtum og skóflu. Ég segi nú það, að ef það hefðu alltaf verið keyptar nýjar vélar á þessum 13 árum, sem ég áðan nefndi, í staðinn fyrir gamalt drasl af Keflavíkurflugvelli, þá væri náttúrlega útkoman allt önnur á vélakosti vegagerðarinnar og þá væru tegundir ekki heldur eins margar og þær nú eru, því að þegar keyptar eru nýjar vélar, eru ekki keyptar nema þekktar og reyndar tegundir. Þess vegna má segja, að endurnýjun á vélakosti vegagerðarinnar er þegar hafin, og með auknu fé, sem ætti að fást til vélakaupa samkv. vegalögunum, ætti að mega hraða þessari endurnýjun nokkuð, og það ætla ég, að hv. þm. geti verið sammála um, að til þess að vegaféð notist vel, muni borga sig að gera nokkurt átak í því núna fyrstu árin að kaupa nýjar vélar og hætta að gera þær gömlu upp. Það þarf að selja þær, ef einstaklingar vildu eignast þær, því að það er vitanlega allt annað fyrir einstaklinga að gera út gamlar vélar, sem þurfa mikillar viðgerðar við, heldur en fyrir opinber fyrirtæki. Einstaklingarnir gera við þetta sjálfir oft og tíðum án þess að reikna sér kaup fyrir og það getur komið að notum hjá þeim, þótt það sé alveg útilokað fyrir opinbera stofnun að gera út þessi gömlu verkfæri.

Ég tel svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta að svo stöddu. Ég sá aðeins ástæðu til að taka þetta fram, vegna þess að mér fannst ofmælt hjá nokkrum þm. í samanburði á fjárveitingum í tíð núv. ríkisstj. og hinna fyrri, og eins töluðu ýmsir þm. eins og þeir þekktu ekki söguna um vélakostinn og hvernig hann er til orðinn hjá vegagerðinni og ýmsum öðrum ríkisstofnunum, sem hafa ýmiss konar vélar til sinna nota.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum mæla fyrir einni brtt. við frv. til fjárlaga. Ég flyt brtt. við fjárlfrv. 1964 ásamt þeim hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Reykv. Till. er lögð fram á þskj. 178, XIX, og fjallar um það, að við 20. gr. Út. XI. 2 komi nýr liður: „Til nýs menntaskóla í Reykjavík 5 millj. kr.“ Ástæðan til þess, að ég flyt þessa tillögu nú við 3. umr. fjárl., er sú, að ég hef áður á þessu þingi flutt frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 7. maí 1946, um menntaskóla, en það frv. flyt ég ásamt hv. 4. þm. Sunnl., Birni Fr. Björnssyni. Þetta frv. hefur enn ekki komið til 1. umr. hér í hv. Nd. vegna anna hér á hv. Alþingi, og er ekkert við því að segja út af fyrir sig. En afleiðing þess er þó sú m. a., að efni þessa frv. er hv. þm. ekki eins kunnugt og annars mundi vera.

Í þessu frv. er lagt til, að menntaskólar verði 4 í landinu, 2 í Reykjavík, 1 á Akureyri og 1 á Laugarvatni. Tveir þeir síðasttöldu hafa þegar starfað árum saman samkv. heimild í áðurnefndum lögum frá 1946, og er því breytingin, að því er þá snertir, aðeins formsbreyting til samræmingar. En samkv. gildandi lögum er aðeins einn menntaskóli í Reykjavík. Sá skóli er til húsa í gömlu menntaskólabyggingunni við Lækjargötu, eins og allir vita. Það hús var tekið í notkun árið 1846. Þá voru nemendur Latínuskólans, eins og sá skóli hét þá, aðeins 60. Nú eru þarna í þessu sama húsi yfir 900 nemendur. Þess vegna er augljóst, að þar hlýtur að vera um mikið þröngbýli að ræða, enda er það svo, að gamla húsið er orðið allt of lítið og því óhjákvæmileg nauðsyn að byggja nýtt skólahús.

Ég tel skylt að geta þess í þessu sambandi, að nú þegar eru hafnar framkvæmdir að auknum byggingum í námunda við gamla skólahúsið, en hvort tveggja er, að þær framkvæmdir eru skammt á veg komnar, og þó fremur hitt, að þær bæta ekki nema að mjög litlu leyti úr þeim húsnæðisvandræðum, sem þarna er um að ræða. Þær koma fyrst og fremst til með að bæta úr brýnni þörf á sérkennslustofum fyrir ýmsa verklega kennslu, sem mjög hefur vantað í sambandi við menntaskólann í Reykjavík, eins og kennsluháttum er nú á dögum almennt hagað. En auk þess kemur það til, sem mestu máli skiptir, að almennt er nú talið af þeim, sem bezt til þekkja, að menntaskólinn hér í Reykajvík sé nú þegar orðinn a. m. k. nógu fjölmennur og því er rangt að stefna að fjölgun nemenda í honum. Flestir skólamenn telja, að heppilegasti nemendafjöldi í slíkum skóla sé 500—600 nemendur og ekki yfir það. En miðað við þann fjölda gætu tveir menntaskólar verið fullsetnir í Reykjavík eftir 1—2 ár. Ýmsir skólamenn nefna miklu lægri tölu en þetta, allt niður í 300—350, en ég skal

ekki fara nánar út í þann rökstuðning, sem liggur til grundvallar þessu áliti þeirra. Ég veit, að allir eru sammála um það, sem þessum málum eru kunnugastir, að 800—900 nemendur séu of há tala, jafnvel þótt aðstæður allar væru eins og bezt yrði á kosið. Það er af þessum ástæðum, sem við flm. frv. um breyt. l. um menntaskóla teljum, að nú þegar þurfi að tjölga menntaskólunum í Reykjavík í tvo og að hefja byggingu nýs skólahúss eins fljótt og verða má, og þess vegna er frv. flutt. Breyttir þjóðfélagshættir auka þörfina á sérmenntuðu fólki til starfa í margvíslegum greinum. Batnandi þjóðarhagur byggist fyrst og fremst og í vaxandi mæli á því, að vísindi og tækni verði tekin í þjónustu atvinnuveganna. Þess vegna er nauðsynlegt að greiða fyrir því, að sem flestir eigi kost á að afla sér þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er til að geta orðið virkur þátttakandi þessarar framtíðaruppbyggingar.

Ég skal ekki eyða tíma hv. alþm., með því að núna er líka mjög liðið á þingtímann og nóg að starfa, með því að rökstyðja þetta frekar hér, enda er ekki um þetta deilt. Allir hv. alþm. hljóta að vilja stefna að þessu marki. Þess vegna hef ég gert mér vonir um það, að framangreint frv. okkar hv. 4. þm. Sunnl. fái vinsamlega afgreiðslu hér á Alþingi. En ef svo skyldi fara, sem við flm. einlæglega vonum, og til þess að það gæti komið að notum strax á næsta ári og bætt úr þeirri brýnu þörf, sem fyrir húsnæðið er, þarf að taka inn á fjárlög fyrir árið 1964 fjárveitingu til byggingar nýs skólahúss fyrir menntaskólann í Reykjavík, og þess vegna er till. til breytinga á fjárlögum hér fram borin og er þess efnis, eins og ég í upphafi lýsti, að taka inn nýja 5 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. 1. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf. brtt. á þskj. 185 um 200 þús. kr. fjárveitingu til sjúkraflutninga, þegar slíkur kostnaður verður einstaklingum ofviða. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur sjúkraflug verið stundað um langt skeið með góðum árangri, og það leikur ekki á tveim tungum, að mörgum mannslífum hefur verið bjargað með þessum sjúkraflutningum. En það hefur gerzt með þeim hætti, að unnt hefur reynzt að koma sjúklingum í skyndi til læknisaðgerða með flugvélum, þegar ekki hefur verið þess kostur að nota nein önnur farartæki. En þessir sjúkraflutningar eru að sjálfsögðu mjög dýrir fyrir sjúklingana. Ein einasta ferð kostar oft nokkur þúsund kr. Auðvitað horfir enginn í kostnaðinn við að koma sjúklingi til læknisaðgerðar. En eigi að síður þarf að greiða þennan kostnað, og það getur orðið æði erfitt fyrir einstaklinga, sem eru kannske blásnauðir menn. Þessi flutningskostnaður á sjúklingum bætist svo við annan sjúkrakostnað. Má þá nærri geta, hversu erfitt þetta getur orðið félausum einstaklingum. Þessi litla fjárveiting, sem við förum fram á, er hugsuð til þess að bæta úr brýnustu þörfum slíkra manna, sem lenda í þessum erfiðleikum, en ráða ekki við þennan kostnað, og tel ég mig ekki þurfa að skýra þetta mál frekar.

Þá flytjum við, þessir sömu þm., till. um, að af þeirri heildarfjárveitingu, sem veitt er til flugvallagerða í landinu, verði varið 3½ millj. til flugvalla á Vestfjörðum. Ekki þarf að orðlengja um það, hvernig samgöngur Vestfirðinga eru. Þetta hefur oft borið á góma hér á hv. Alþingi, og það hefur aldrei verið deilt um það, að Vestfirðir eru verst settir allra landshluta í þessum efnum. Vestfirðir eru gersamlega lokaðir fyrir öllum samgöngum á landi að vetri til, að því undanteknu, að ef vel viðrar, er stundum hægt að komast til Hólmavíkur héðan að sunnan. Við þetta bætist, að strandferðirnar hafa verið óviðunandi. Það er því ekkert óeðlilegt, þó að Vestfirðingar hafi áhuga á því að fá bættar flugsamgöngur. Á öllum Vestfjörðum er nú aðeins einn stór flugvöllur, þ. e. a. s. flugvöllur, sem fullnægir hinum stærri flugvélum. Þessi flugvöllur er á Ísafirði, og er hann þó ekki nema ein flugbraut og aðstæður þar, eins og reyndar víðast hvar vestra, mjög erfiðar vegna þrengsla inni á milli hárra fjalla. Hins vegar eru á Vestfjörðum 23 sjúkraflugvellir, og samtals eru flugbrautirnar á þeim 23 völlum 33. Lengsta flugbraut þessara flugvalla er í Hólmavík, 800 m, og það þyrfti því ekki ýkjamikið átak til að lengja flugbrautina þar, svo að flugvöllurinn gæti fullnægt hinum stærri flugvélum. Þá eru á 4 stöðum 600 m langar flugbrautir. Það er á Sandodda við Patreksfjörð, skammt frá Þingeyri við Dýrafjörð, í Holti við Önundarfjörð, nýbyggður völlur, og á Gjögri í Árneshreppi. Ef þessir 5 flugvellir yrðu stækkaðir svo, að þeir fullnægðu t. d. Dakotaflugvélum, yrði um verulegar umbætur að ræða í flugsamgöngum Vestfirðinga. Og þannig mætti stig af stigi stórbæta þessar samgöngur með því að stækka og bæta sjúkraflugvellina, sem eru fyrir. Af þessum ástæðum er það, sem við flytjum þessa till., ekki um auknar fjárveitingar í heild, heldur að lögð sé áherzla á að bæta samgöngur í þessum landshluta, sem er þannig settur, sem ég hef drepið á.

Loks flyt ég eina litla brtt. á þskj. 182. Hún er um 15 þús. kr. fjárveitingu til minningartöflu um Eggert Ólafsson, og er þá hugmyndin, að slík minningartafla yrði sett upp í Skor á Rauðasandi. Að sjálfsögðu mundi þessi minningartafla verða úr málmi og vönduð að allri gerð með tilheyrandi áletran. En í Skor var það, eins og menn vita, sem Eggert Ólafsson átti sín síðustu spor, þegar hann lagði frá landi 30. maí 1768. En þennan dag drukknaði hann í Breiðafirði ásamt konu sinni og skipverjum, eins og alþjóð er kunnugt. Skor er mjög afskekktur staður og fáfarinn. Þó hefur verið byggður þarna viti fyrir tiltölulega fáum árum. Ég hef rætt um þessa hugmynd við þjóðminjavörð, og hann telur það vel til fallið, að slíkri minningartöflu yrði komið upp um

Eggert Ólafsson, og telur eðlilegast, að hún yrði úr kopar og henni yrði komið upp á vitann í Skor. En hvort sem Skor verður fásóttur staður eða ekki, þegar tímar líða fram, sýnist mér, að þeir, sem þangað kunna að leggja leið sína, mættu gjarnan sjá og vita, að þarna kvaddi skáldið og náttúrufræðingurinn Eggert Ólafsson fósturjörð sína. Ég tel ekki þurfa neinar málalengingar um þessa till. Ég geri mér meira að segja von um, að enginn hv. þm. greiði atkv. á móti henni, ekki aðeins vegna þess, hversu lítilfjörleg fjárveiting er hér á ferðinni, heldur vegna hins, hvaða manns á að minnast með þessari litlu fjárveitingu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 188 og 190, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég flyt við fjárl. þrjár brtt., ásamt þeim 2. þm. Sunnl. og 6. þm. Sunnl., sem ég ætla að leyfa mér að gera örlitla grein fyrir.

Fyrsta brtt. er á þskj. 178, VII. Sú till. hljóðar um það, að nýr liður komi við 13. gr. C, VII: Þorlákshöfn, 700 þús. kr. Eins og kunnugt er, hófust stórframkvæmdir í Þorlákshöfn á þessu ári, og þeim er áformað að ljúka um áramótin 1965—66, ef allt fer að óskum. Þar er gert ráð fyrir að rísi ný höfn, sem taki á móti 30—40 fiskibátum og nægi þeim til nauðsynlegra athafna. Þetta mál hefur verið talið eitt af fremstu hagsmunamálum Sunnlendinga og lengi verið til umr., enda eina hafnarvon þeirra um mörg næstu ár. Annars staðar á Suðurlandi, þar sem hafnarstæði hafa helzt talizt vera fyrir hendi, sýnast af sérfræðingum aðstæður vera þannig, að ókleift sé sakir kostnaðar að leggja þar í verulegar framkvæmdir á næstu tímum. Hins vegar eru slík hafnarstæði, svo sem eins og við Dyrhólaós, Þykkvabæ, Eyrarbakka og Stokkseyri, til frekari undirbúningsrannsóknar og athugunar, sem og sjálfsagt er, þannig að úr því fáist skorið, hversu mikill kostnaður væri við það í stórum dráttum að byggja þarna nýtilegar hafnir. Þessar sérstöku framkvæmdir, sem nú eru hafnar á þessu ári í Þorlákshöfn og þegar hefur stórfé verið varið til, eru enn tiltölulega skammt á veg komnar. Aðstæður eru þarna á þessum slóðum æði erfiðar, þar sem unnið er að mestu leyti fyrir opnu úthafi og verulega undir því komið, að hagstæð vindátt ríki, þegar garðar eru reistir. Þetta er því sannarlega hið mesta áhættuverk, og það hafa allir þeir, sem komið hafa nærri þessu máli, gert sér ljóst frá öndverðu. Og fyrir þær sakir má reikna með því, að sá kostnaður, sem áætlaður hefur verið, aukist mjög frá því, sem nú er talið, og kemur væntanlega á næsta ári til enn aukins kostnaðar.

Þá geta og komið til og munu að sjálfsögðu koma til önnur atvik, að jafnframt byggingu hafnargarðanna verði að leggja í mikinn kostnað við hliðarráðstafanir, sem getur orðið allverulegur. Það hefur t. d. komið í ljós á þessu ári og enda hefur það sjálfsagt komið áður í ljós, en þó alveg sérstaklega þegar byrjað var á hafnargarðabyggingunum, að sjór getur gengið mjög langt á land upp sunnan hafnarsvæðisins, og vafalaust verður í því efni að gera ráðstafanir til að verja bæði hafnarsvæðið og byggðina þar í grennd. Til hinnar nýju hafnargerðar er stofnað og unnið samkv. sérstökum verksamningi, og hefur verið aflað fjár til að standa undir þeim samningi af hálfu þess opinbera með erlendri lántöku, allt að 2 millj. dala. Ríkissjóður mun standa undir afborgunum og vöxtum af þessu láni að fullu, a. m. k. fyrsta kastið og fyrir afborgunum og vöxtum er séð í fjárlfrv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram í sambandi við þessa till., að hún er ekki meint þannig, að ekki hafi verið lagt kapp á það af hinu opinbera að leggja ríflega af mörkum til hins mikla fyrirtækis, sem hér hefur verið stefnt að og byrjað að vinna að, því að hæstv. fjmrh. og enn fremur hæstv. félmrh. hafa báðir sýnt hinn bezta skilning á þessu máli frá öndverðu og mikilvægi þess alls og stutt það vel. Hins vegar sýnist okkur flm. þessarar brtt. óvarlegt að sleppa Þorlákshöfn alveg úr tölu þeirra hafna, sem sérstaklega og beint fá ákveðið tillag til sín á 13. gr., svo sem Þorlákshöfn hefur notið undanfarin ár. Það er ekki að vita, hve erlenda lánið endist, og eins hitt og það er aðalatriðið, að aðrar framkvæmdir, sem ekki heyra beint undir lánsfé eða framkvæmdir samkv. verksamningnum, geta komið til og koma vafalaust til vegna öryggis og uppkomu höfuðframkvæmdanna og enn fremur af ýmsum öðrum orsökum.

Af því, sem ég hef greint hér í sem stytztu máli, sýnist eðlilegt eftir atvikum að tryggja aðra leið til nokkurrar fjáröflunar í Þorlákshöfn en lánaleiðina, þá leið, sem gæti orðið til að létta á lánunum, sem eins og ég sagði áðan er óvíst, hversu endast, og mun koma til verulegs gagns fyrir aðrar nauðsynlegar framkvæmdir til öryggis við byggingu hafnargarðanna.

Þá er það önnur till., sem ég leyfi mér að mæla fyrir, og hún er á sama þskj., nr. 178, IX. Þar er farið fram á, að við 13. gr. F. IX komi nýr liður, svo hljóðandi: Til Flugbjörgunarsveitar Rangæinga 50 þús. kr. Það kom í ljós við 2. umr. fjárl., að farið er að skipta fé á milli flugbjörgunarsveita. Þá datt okkur í hug, flm., að fleyta fram till. þeirri, sem ég hef hér getið. Í Rangárþingi eru flugbjörgunarsveitir staðsettar á tveim stöðum, annars vegar á Hellu á Rangárvöllum og hins vegar að Skógum undir Eyjafjöllum. Þær eru stofnaðar fyrir allmörgum árum. Hefur milli þessara sveita verið hin bezta samvinna, og í raun og veru má telja þetta eina björgunarsveit, því að þær vinna sameiginlega að sínum málum og hafa í sameiningu átt samvinnu við Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur. Flugbjörgunarsveit Rangæinga hefur haldið uppi nokkurn veginn reglulegum æfingum og átt þátt í leiðöngrum til bjargar. Þær þykja, þessar sveitir í Rangárþingi, sæmilega vel búnar og þjálfaðar. Svæði

það, sem þessar sveitir vinna á, er hið mesta hættusvæði, bæði fyrir flugvélar og eins við ströndina fyrir skip. Og til þessara sveita hefur á liðnum árum þótt gott að leita og taldar til mikils öryggis. Flugbjörgunarliðið sjálft er fjölmennast og eins og ég áður sagði sæmilega vel útbúið. Að sjálfsögðu hefur starf sveitarinnar haft allverulegan kostnað í för með sér, bæði útbúnaður allur og eins útkall og æfingar. Lítils háttar styrkur hefur fengizt til þessarar starfsemi heima fyrir, en hann er óverulegur. Formaður flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík hefur tjáð mér, að þessar sveitir hafi undanfarið unnið mjög ötullega, og hann undirstrikar þá miklu þýðingu, sem þær hafa haft og munu hafa í framtíðinni, og telur, að það sé engin leið að hugsa sér það, að þessar sveitir haldi ekki áfram störfum, eins og verið hefur. Það er fyrir ófyrirsjáanleg atvik, að ekki var hreyft þessu máli við 2. umr., og er það kannske nokkur sök, en ég vil þó vænta þess, að það tefji ekki fyrir því, að hv. alþm. sjái sér fært að samþykkja till., þótt seint fram komi.

Þá er það þriðja till. okkar þremenninganna og sú síðasta, sem ég mæli fyrir. Hún er á sama þskj., XXIV, og hún er á þessa leið: Við 22. gr. XXXIV. Nýr liður: Ríkisstj. er heimilt að taka allt að 10 millj. kr. lán til byggingar nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn. — Svo sem þm. mun vera kunnugt, hefur hv. 2. þm. Sunnl. ásamt mér flutt í hv. Nd. frv. til l. um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn. Fyrri flm. frv., hv. 2. þm. Sunnl., mælti fyrir þessu frv. á sínum tíma og gerði rækilega grein fyrir undirstöðu þess, að frv. er lagt fram. Till. þessi er flutt til þess að fylgja eftir í framkvæmd því mikla nauðsynjamáli, að Vestmanneyingar fái nokkurn veginn greiða og sér hentuga leið til að tengjast þjóðvegakerfi landsins, og við teljum, að það verði með hagkvæmustum og eðlilegustum hætti með því móti að styrkja þá til að koma upp skipi, sem stundi aðallega þessa siglingaleið, Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn.

Þegar áætlaðri hafnargerð í Þorlákshöfn lýkur, eftir svo sem 2 ár, má gera ráð fyrir því, að áætlunarsiglingar til Þorlákshafnar geti orðið öruggar í flestum veðrum, og er þá að sjálfsögðu náð hinu mikilsverðasta marki. Um það er ekki deilt, hversu mikið hagsmunamál Vestmanneyingum er að því að leysa þetta mál, og ekki heldur um það, hvert réttlætismál það er gagnvart þeim. Það er öllum hv. þm. sjálfsagt mjög vel ljóst. Og fyrir Suðurlandsundirlendið er það einnig og ekki síður mjög mikilvægt, að sambandið við Vestmannaeyjar, hinn mikla útvegsbæ, verði sem nánast. og mundi verða báðum til hagsbóta á margvíslegan hátt. Þetta bendir til þess, sem koma skal og verður ekki komizt hjá, og á málinu má að okkar áliti, flm. brtt., engin veruleg bið verða. Sé hafizt handa á næsta ári um byggingu skips á þessari siglingaleið, þá má ætla, að hvort tveggja verði jafnsnemma eða svo til, nauðsynleg aðstaða í Þorlákshöfn og strandferðaskipið, sem þangað á að ganga.

Í frv., sem ég gat um og liggur fyrir Nd., er gert ráð fyrir lántökuheimild til ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. En þó að það frv. einhverra hluta vegna nái ekki fram að ganga á þessu þingi, þá er heimildin til staðar fyrir ríkisstj. að ráðast í byggingu strandferðaskipsins, ef þessi brtt. okkar þremenninganna verður samþ. hér að þessu sinni.

Hef ég þá lokið að mæla fyrir þessum þrem brtt., og ég vil vænta þess, að þær verði samþ., með því að vissulega er hér um mikilsverð málefni að ræða. Um það efast enginn. Ég endurtek, að ég vænti þess, að þm. sjái sér fært að fylgja brtt., þannig að þær allar nái samþykki.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Áður en ég vík að þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 185, vildi ég leyfa mér að segja nokkur orð út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í kvöld. Það er kannske að vísu ekki tími né tækifæri til þess að fara út í almennar umr. um það, sem hann kom inn á, en vissulega væri það einhvern tíma vert hér á Alþingi, að við tækjum nokkrar umr. um það mál, sem alltaf er verið að ræða og aldrei er reynt að kryfja til mergjar, verðbólguna svokölluðu.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að það væri eftirspurnin eftir vinnuafli, sem væri orsök þenslunnar. Við skulum kafa ofur lítið dýpra í því. Nú sem stendur er orsök þenslunnar m. a. sérstaklega sú, að menn eru á flótta með sitt fé út úr bönkunum og út úr því ástandi, að það séu peningar, og yfir í fjárfestingu. Það er þessi flótti, sem auk þarfarinnar t. d. á húsnæði veldur því, hve mikið er alltaf verið að byggja, hve mikið fólkið gerir að því að reyna að setja sitt fé fast í íbúðir eða menn eru að braska með íbúðir eða annað slíkt. Enginn maður, sem fæst eitthvað við fésýslu, vill láta sína peninga liggja á banka. Hann reynir undireins að koma þeim í eitthvað fast. Og þetta er ekki neitt nýtt fyrirbrigði, heldur fyrirbrigði, sem er búið meira eða minna að vera hjá okkur í 20 ár. Í venjulegu kapítalistísku þjóðfélagi sveiflast pendúllinn, ef maður má nota þá líkingu, frá atvinnuleysi og kreppu annars vegar yfir til verðbólgunnar hins vegar, og ef maður ætlar að reyna að halda nokkuð stöðugu þjóðfélagi, sem hvorki hefur atvinnuleysi né verðbólgu, þá verður maður að reyna að hafa stjórnina á þessu, reyna að skapa þarna stöðvun í staðinn fyrir þessar sveiflur. Það gerir maður ekki nema með fullkomnu eftirliti og yfirstjórn á sjálfri fjárfestingunni í þjóðfélaginu. Það er frumforsendan fyrir því, að hægt sé að skapa stöðugt ástand hvað verðlag snertir. Í svona litlu þjóðfélagi getum við sízt af öllu gert þetta með því að láta þetta vera sem kallað er frjálst. Eðli okkar kapítalistíska þjóðfélags er, svo framarlega sem það er látið vera frjálst, þannig, að það sveiflast frá kreppunni

yfir í verðbólguna, venjulega á 10 ára skeiði, og síðan til baka. Og þar sem menn vilja komast hjá því, svo sem menn hafa reynt, líka í þjóðfélögum t. d. eins og því norska, það er með því að hafa nægilega mikið eftirlit með fjárfestingunni og nægilega mikla yfirstjórn á henni.

Hæstv. fjmrh. kom í sambandi við þetta inn á, að það yrði, ef það yrði samið um 15% kauphækkun núna, alls 30% hækkun á kaupgjaldi, og sagði, að það sæi svo sem hver maður, að þjóðfélagið þyldi ekki 30% hækkun á kaupgjaldi. Ég efast nú um, að það sjái þetta hver maður. Hvað þýðir 30% hækkun á kaupgjaldi núna í ár? Við skulum ekki vera að tala um þetta í peningum, því að peningarnir eru ekki lengur orðinn neinn mælikvarði á hlutina. Peningarnir hafa verið gerðir að algerlega teygjanlegum hlut. Peningarnir eru svipað núna, hvað þeirra gildi snertir, eins og við hefðum samþykkt lög um það hérna á þingi, að t. d. í 1 metra skuli vera 70 cm, og síðar, að það væru 60 og eitthvað þess háttar. Þannig erum við búnir að fara með peningagildið. Ef við ætlum að reyna að skapa okkur eitthvað stöðugt til þess að byggja á í þessu efni, þá verðum við fyrst og fremst að byggja á kaupmætti launanna.

Hvað er kaupmáttur launanna í dag, miðað við þann mælikvarða, sem við erum vanir að leggja þar á, þegar við miðum við 100 árið 1945? Kaupmáttur lægsta Dagsbrúnarkaupsins er núna 1. des. 81 stig, það lægsta, sem hann hefur komizt á 20 árum. Jafnvel þótt það væri 30% launahækkun, mundi það ekki fara yfir það, sem kaupið hefur verið mest á þessu 20 ára tímabili. 15% launahækkun mundi þýða hækkun á kaupmættinum úr 81 upp í 93. Það er sama og var fyrir 3 árum, lægra en það var allt árið 1959, lægra en það var allan tíma vinstri stjórnarinnar. Ef við erum að tala um þessa hluti, verðum við sem sé að miða við eitthvert gildi, sem ekki er eins og teygjusnúra, þannig að það er ekkert spursmál um það, að íslenzka þjóðfélagið ber alveg auðveldlega hækkun, sem er 15% af kaupmætti launanna eða 30% hækkun á kaupgjaldinu, eins og það er í ár. Það ber það auðveldlega, íslenzka þjóðfélagið. En það ætti kannske að gera ýmsar ráðstafanir í þjóðfélaginu.

Ég var satt að segja út frá þessu að íhuga dálítið, en hef nú ekki haft mikinn tíma til þess að finna það, en það er kannske fróðlegt fyrir okkur, þegar er verið að slengja fram öllu mögulegu um þessa hluti, að athuga, hvar við stöndum miðað við tímann fyrir stríð, miðað við kreppu- og atvinnuleysisástandið á tímabilinu 1930—40. Að vísu höfðum við ekki heldur góðar skýrslur þá frekar en núna, en ég vildi sumpart til fróðleiks fyrir hæstv. fjmrh. segja honum nokkrar af minum hugleiðingum í því sambandi, og skal ég þó fúslega játa, að þær eru ekki nærri nógu grundvallaðar, svo að ég álít, að satt að segja hefði sérstaklega hans kollega, hæstv. menntmrh., sem hefur reiknað mikið út í landbúnaðinum, mátt einu sinni gefa sér ofur litinn tíma til að láta allar sínar reikniskrifstofur reikna dálítið út í þessu sambandi. En mér telst svo til, að 1934, þegar við höfum yfirlit yfir okkar þjóðartekjur, þær voru áætlaðar þá fyrir 114 þús. íbúa 97 millj., þá hafi verið meðaltalstekjur á Íslandi 851 kr., held ég að standi í gömlu Rauðku. Núna munu vera upp undir 180 þús. íbúar hjá okkur. Árstekjurnar, það er strax eitt af því, sem nú verður að gizka á, hvergi nokkurs staðar fær maður nokkuð ákveðið raunverulega um þetta, hvað þær séu, en ég býst við, að þær muni vera um 10 þús. millj., um 10 milljarða, árstekjurnar í ár, eða eitthvað í kringum 56 þús. kr. á hvern mann. Það þýðir, að árstekjurnar eru um hundrað sinnum hærri í heild eða miðað við íbúafjöldann eru þær um 55 sinnum hærri á hvern mann heldur en var 1934. Hvernig er nú vísitalan í dag? Það virðist vera það eina, sem við getum miðað við. Það er vísitala neyzluvörunnar. Hún er, ef maður tekur aliðinn, sem er sá eini, sem nokkurn veginn er ófalsaður, — húsnæðisvísitöluna getum við ekki reiknað með, — ef við tökum a-liðinn í Hagtíðindunum, þá er hann 17-faldur á við það, sem hann var í janúar—marz 1939. Og mig minnir nú, en það þori ég þó ekkert að fullyrða um, að það hafi ekki verið miklar breytingar á þessum árum, þannig að maður megi nokkuð reikna með því sem grundvallandi þarna, þannig að við megum reikna með, að dýrtíðin, eins og við kölluðum það í gamla daga, hafi 17-faldazt frá því í ársbyrjun 1939. Dagsbrúnarkaupið var þá 1.45 kr., ef ég man rétt, en núna 28 kr. rúmar. Það hefur 19- eða 20-faldazt. M. ö. o.: Dagsbrúnarkaupið hefur vaxið ofur lítið meira en dýrtíðin á þessum 24 árum. Á sama tíma hafa hins vegar, ef við miðum við dýrtíðina og tökum þessa 17-földun og athugum, hvað þjóðartekjurnar hafa vaxið á mann, þá hafa þjóðartekjurnar ferfaldazt, þótt við reiknum með 17-faldri dýrtíð. Á sama tíma sem raunverulegar þjóðartekjur á mann ferfaldast, er Dagsbrúnarkaupið ofur lítið hærra en sjálf vísitalan.

Þetta er nú öll heimtufrekja verkamannanna. Þrátt fyrir alla þá baráttu, sem háð hefur verið nú í 20 ár og nokkur árangur hefur oft og tíðum náðst í henni, — alla þessa baráttu við dýrtíðina er þetta nú allt saman. En þjóðfélagið hefur verið auðgað. Á hvern mann koma fjórfalt meiri tekjur, raunverulegar tekjur, heldur en var 1939, og af þessum fjórfalt meiri tekjum á Dagsbrúnarmaðurinn og hver láglaunamaður á Íslandi, hver verkamaður og annar vinnandi maður kröfu á miklu, miklu meiru, ekki bara 30%, hann á kröfu á 100% og 200%. Þess vegna er það ekkert annað en bull og þvaður út í loftið, að íslenzka þjóðfélagið þoli ekki 30% kauphækkun í ár, það þolir 100%, en það hriktir dálítið í því. Þið verðið að gera svo vel að bæta um leið hið áratuga gamla óréttlæti, og það er praktískara að gera það á hverju ári heldur en láta þurfa að taka mestallt af því í einu.

Auðurinn er til, og verkamennirnir skapa

þennan auð, en ranglætið í skiptingu hans er orðið svo hróplegt, að það verður ekki unað við það. Það er hægt að reyna að villa fyrir mönnum með öllum mögulegum tölum. Það er hægt að reyna að hafa hagfræðinga í sinni þjónustu til þess að reyna að forheimska menn með þessu og til þess að það sé hægt að blinda sjálfa ráðh. En það er ekki til neins að ætla að slást við staðreyndirnar í íslenzkri þróun. Verkalýðshreyfingin hefur ekki átt svo lítinn þátt í því að skapa þessa þróun, að hún eigi ekki kröfu á því, að það sé tekið tillit til þessa.

Fjárl. hafa á þessum sama tíma sem þjóðarauðurinn, miðað við peningana eina, hefur hundraðfaldazt, — þjóðartekjurnar hafa hundraðfaldazt miðað við peningana eina og fjárl. 175-faldazt. Ég er ekki að finna að því, og ég skal með ánægju taka það fram, að m. a. er hlutur, sem verkalýðshreyfingin má vera stolt af og þeir, sem hafa hjálpað henni við það, það eru til liðir í fjárl., góðir liðir í fjárl., sem hafa þúsund-faldazt á þessum tíma, eins og almannatryggingarnar, miðað við t. d. 1936, og ég býst við, að allir þm. nú fallist á og þeim þyki vænt um, að það hafi verið framkvæmt. En engu að síður, það hefur verið náttúrlega hrúgað upp afskaplegu ríkisbákni á vissum sviðum, sem hvílir þungt á herðum almennings, og það er ekki von, að almenningur uni því vel, að það verði ekki gerðar ráðstafanir til þess að bæta þar úr óréttinum.

Þetta vildi ég sérstaklega segja út af því, að hæstv. fjmrh. var að tala um, að það mundi verða að gera ráðstafanir og það jafnvel ráðstafanir, sem þýddu nýja söluskatta og annað þess háttar. Á slíku er engin þörf, ekki nokkur þörf. Það er hægt að borga úr þeim sjóði, sem þjóðfélagið og ríkið á nú þegar, alla þá hækkun og meira til en það, sem verkamenn fá í sinn hlut. Og ég vil alvarlega skjóta því til hæstv. ríkisstj., að hún hætti öllu þessu tali um sífellda söluskatta og annað slíkt. Við skulum gera okkur það alveg ljóst, að söluskattur er ekkert annað en skipulögð verðbólga, — ekkert annað. Þeir skattar, sem verður að leggja á, ef það er nauðsynlegt að leggja skatta á, þá eiga það að vera skattar, sem eru teknir án þess, að þeir valdi verðbólgu, og það eru nógir stofnar til þess að leggja slíka skatta á í þjóðfélaginu. Ég vil t. d. benda á, ef einhver maður hefði einhvern áhuga á því að stöðva verðbólguna, þá vil ég benda t. d. á verðhækkunarskatt, verðhækkunarskatt t. d. á lóðunum hérna í Reykjavík, verðhækkunarskatt á húsunum hérna í Reykjavík. Ég býst við, að þótt menn vildu ganga út frá 17-földuninni frá 1936, mundi verða drjúgur hlutur, sem kæmi í ríkissjóð, ef það væri lagður skattur á þau hús og þær lóðir, sem nú er verið að selja, þannig að allt, sem væri fram yfir 17-földun frá mati 1936, skulum við segja, færi í ríkissjóð. Hérna bara rétt handan við okkur standa hús, lítil 3—4 hæða hús, sem seljast núna á 10—20 millj. stykkið og hafa kostað, þegar þau voru byggð, kannske 250—350 þús. Og öll verðlagningin er eingöngu aðgerð þjóðfélagsins. Náttúrlega er eðlilegt, að þessir menn ættu að fá það uppbætt, að þeir fengju sama verð út fyrir húsið, það mætti 17-falda verðlagið, sem þeir ættu að fá, en hitt ætti ríkið að fá, og það mundu vera 3/4 af því, sem þorrinn af húsum við Laugaveg, Bankastræti og Austurstræti eru seld fyrir núna. Það eru nógir stofnar til að leggja á, þar sem má taka af hundruð millj. kr., sem mundi verka líka þannig, að menn hættu að hafa þann mikla áhuga á verðbólgunni, sem menn hafa núna.

Það er alltaf eðlilegt, að hver fjmrh. sem er hafi nokkurn áhuga á að hafa mikið í ríkissjóði. En sú tilhneiging hjá einum fjmrh. að hafa alltaf ríkissjóðinn yfirfullan og afla sér teknanna til hans með söluskatti og öðru slíku, það þýðir að skipuleggja verðbólguna í þjóðfélaginu. Slíkir hæstv. fjmrh. mega ekki verða neitt undrandi, þótt þeir sjái það, að þeir uppskera verðbólgu, þegar þeir sá söluskatti.

Ég held, að þegar við erum að ræða verðbólguna, verðum við að komast að niðurstöðu um, hverju hún sé að kenna. Og niðurstaðan verður aldrei önnur en sú, að hún er að kenna því, að stór hluti auðvaldsstéttarinnar í þjóðfélaginu hefur hagsmuni af verðbólgunni og hefur haft alla tíð. Meiri hl. af atvinnurekendastéttinni hefur alltaf kosið að velta öllum kauphækkunum af sér yfir á þjóðfélagsheildina með því að falsa myntina, með því að breyta verðlaginu, með því að fá að hækka í sífellu. Og ég er ekki að segja þetta sérstaklega til hæstv. núv. ríkisstj. eða núv. hæstv. fjmrh., þetta er búið að ganga svona í 20 ár, vegna þess að það vantar allt aðhald gagnvart okkar atvinnurekendum og meiri hl. atvinnurekendastéttarinnar. Henni er aldrei kennt með hörkunni að reka sinn rekstur almennilega, og svo að ég noti nú orð hæstv. fjmrh.: sýna einhverja kaupsýslu í sínum rekstri. Hún kemst alltaf undan með að falsa myntina, að falsa kvarðann, að teygja úr metrakerfinu, breyta verðgildinu, og meðan ekki er skapað slíkt aðhald að atvinnurekendastéttinni, að hún hætti slíku, þá heldur hún því einfaldlega áfram, af þeirri orsök, að hún hefur engan áhuga fyrir að viðhalda gildi peninganna í landinu, af því að hún á þá ekki sjálf, hún fær þá að láni hjá bönkunum. Það má telja næstum þá atvinnurekendur á annarri hendinni, sem eiga sjálfir peningana, sem þeir nota í sín fyrirtæki, og þeir atvinnurekendur hafa tapað, jafnvel þótt þeir hafi rekið sín fyrirtæki vel, — þeir hafa tapað á verðbólgunni, þeirra rekstrarfé verður alltaf hlutfallslega minna og minna, en hinir, sem fá allt úr bönkunum, þeir hafa hagsmunina af að láta það ganga þannig áfram. Það eru ríkustu mennirnir í landinu, eins og stóreignaskattarnir sýna.

Stefna hæstv. fjmrh. að leggja söluskatt á almenning til þess að safna þannig fé í Seðlabankann og auka verðbólguna þýðir að auka gróða þessara verðbólgubraskara. Það þýðir raunverulega að ganga í vasa almennings og

ræna kaupgjaldinu af honum jafnóðum. Og það er anzi hart, að verkamenn skuli hafa þurft að berjast hér í 20 ár og vera núna með lægsta raunverulega kaupgjald, sem þeir hafa haft í þessi 20 ár, og verður þeim þó varla álasað fyrir, að þeir hafi ekki öðru hverju reynt kaupdeilur og verkföll til þess að knýja fram kauphækkanir. En með allri sinni baráttu gera þeir ekki meira en hafa við, og nú er þeim sagt, ef þeir fá kauphækkanir núna, að það skuli verða tekið af þeim á næstu 3—4 mánuðum raunverulega.

Þessi svikamylla í þjóðfélaginu getur ekki gengið. Þessi svikamylla stóratvinnurekendanna í þjóðfélaginu getur ekki gengið. Verðbólgan er eins konar þjófalykill að vösum verkamanna og að sjóðunum, sem ríkið á í bönkunum og sparifjáreigendurnir. Og þessum þjófalykli er í sífellu beitt í þágu meiri hl. atvinnurekendastéttarinnar á Íslandi, til þess að hún viðhaldi öllu sínu ólagi í rekstrinum og öllum sínum skorti á óhagsýni í íslenzkum atvinnurekstri. Þegar svo er verið að safna fé í ríkissjóðinn eða bankana, sem jafnóðum missir gildi, þá er verið að taka góðan pening frá almenningi og gera hann að slæmum peningi á eftir. Mönnum dettur í hug gamla vísan Bólu-Hjálmars, þó að það sé dálítið öðruvísi farið að núna:

Er það gleði andskotans,
umboðslaun og gróði,
fémunir þá fátæks manns
fúna í ríkra sjóði.

Þannig er það með söluskattinn, þegar hann er lagður á núna og síðan hent út til verðbólgubraskaranna á eftir. Verkamennirnir verða síðan að berjast ár eftir ár, alltaf við að hækka kaupið og alltaf hafa sama kaupið út, af því að ríkisvaldinu er beitt í þjónustu nokkurra atvinnurekenda til þess að ræna kaupinu frá verkamönnum, fénu frá ríkissjóði og bönkunum og fénu frá sparifjáreigendum. Það er þessi svikamylla, sem þarf að gera þjóðinni ljósa, og það er þessi svikamylla, sem ég vildi óska að menn væru til í að ræða hérna einhvern tíma á Alþingi líka. Og það er anzi hart, að það skuli hafa verið ótal sérfræðingar í þjónustu ríkisstj. árum saman og hafa aldrei nokkurn tíma fengizt til þess að ræða um grundvöllinn, sem aðskilur Ísland frá öllum kapítalistískum löndum í kringum okkur, sem hafa að vísu verðbólgu. Verðbólga er eðli þess kapítalistíska þjóðfélags, og það er út af fyrir sig allt í lagi. En verðbólga, sem 17- og tvítugfaldast á skömmum tíma, er óheppileg líka fyrir kapítalistískt þjóðfélag.

Ég vil nú koma með þessar hugleiðingar, fyrst hæstv. fjmrh. var að koma inn á þessa hluti, til þess að það stæði ekki ómótmælt, að verkamenn með þeim kauphækkunum, sem þeir eru að knýja fram núna, væru að kalla yfir þjóðina nýja verðbólgu, nýjan söluskatt og annað slíkt. Það eru aðrir aðilar, sem gera það, og hæstv. fjmrh. ætti ekki að taka þátt í þeim leik, ljóta leik, sem þeir menn eru að fremja.

Hæstv. forsrh. orðaði það alveg réttilega, — ég man nú ekki, hvort það var í ræðu eða grein, sem hann skrifaði, þegar hann talaði um að hætta þessum ljóta gengislækkunarleik. Það er vissulega tími til kominn. Hins vegar veit ég, að það þarf sterka stjórn og stjórn, sem hefur tiltrú hjá almenningi, til þess að taka þannig á á Íslandi, að verðbólgan verði stöðvuð. Og það dugir þá ekki að hafa pólitík, sem segir, að jafnóðum sem verkamenn hækka kaup, eigi að leggja á nýja söluskatta. Það brygði kannske mörgum við hérna í Reykjavík, ef það yrði lagður á verðhækkunarskattur á eignir í landinu í staðinn fyrir söluskatt á það, sem almenningur á að borða, og það færu kannske vissir auðkýfingar í yfirstéttinni að hugsa sig um.

Svo kom hæstv. fjmrh. nokkuð inn á hagsýslu. Ég vildi nú rétt minna á í því sambandi, fyrst hann kom réttilega inn á þetta, að það var nýlega verið að ræða hérna eina þáltill. um stofnlán sjávarútvegsins, talað um að kjósa 5 manna n. Frsm. benti á, að það væri gott, að fjórar stofnanir, sem fengjust við stofnlán til sjávarútvegsins, ættu hver sinn manninn í henni. Ég held, að það væri gott, að engin stofnun ætti neinn mann í henni. Ég held, að eitt af því, sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. mættu athuga, væri að steypa saman þeim fjórum stofnunum, sem hafa með stofnlán sjávarútvegsins að gera. Það var svo, þegar t. d. stofnlánadeildin, sem nú er við Seðlabankann, var sett á stofn 1946, þá var ætlazt til þess, að það væri fiskveiðasjóður, sem yrði eini stofnlánasjóðurinn fyrir sjávarútveginn. En það fékkst ekki í gegn. Af hverju? Af því að Landsbankinn, sem var seðlabanki um leið, gat ekki hugsað sér sem seðlabanki að láta burt seðlana frá seðladeild Landsbankans yfir í Útvegsbankann, þar sem fiskveiðasjóðurinn var, þurfti endilega að vera í Landsbankanum sjálfum. Svona var afbrýðisemin á milli tveggja ríkisstofnana. Og þetta er hlutur, sem við eigum enn þá við að stríða í dag, þessi hlægilegi hlutur, og þarna eru komnar 4 stofnanir til stofnlána í sjávarútveginn. Þarna mætti nota pínulitla hagsýslu, það mætti leggja 3 af þeim niður.

Eða tökum annað dæmi. Það er búið að tala um það ár eftir ár frá því 1952, að Framkvæmdabankinn svokallaði var settur á stofn, að það ætti að taka þennan botnlanga úr íslenzka þjóðarlíkamanum. Og hafa menn þó verið að sjá skemmdina betur ár frá ári, bæði í andabúum og glerhöllum. Samt hefur þetta ekki fengizt í gegn.

Svona er ríkisapparatið. Þegar einu sinni er búið að koma einni vitleysu inn í það, hangir þetta áratugum saman, án þess að það fáist snert við því, og ég er ekki að ásaka núv. stjórn fyrir það. Vinstri stjórnin var jafnvel blind í þessu. En fyrst farið er að tala um hagsýslu, koma upp með einhver ný orð, þá er kannske hægt að fá menn til þess að gera eitthvað.

Svo þótti mér alveg sérstaklega vænt um, þegar hæstv. fjmrh. kom inn á vélakost — ég held, að það hafi verið vegagerðarinnar, við skulum segja ríkisins, og talaði um þann ótrúlega fjölda tegunda, þessa mergð varahluta, þessa dæmalausu vitleysu, sem þarna væri. Nú vildi ég skjóta því að hæstv. fjmrh., um leið og hann færi að laga þetta og kynni kannske að koma því svo vel fyrir, að það væru bara 1—2 tegundir, og hirti þá ekkert um, hvað bílaumboðin inn með Suðurlandsbraut segðu í því sambandi, hvort það væri ekki eins praktískt fyrir okkur að láta þjóðarbúið standa fyrir þessu. Eru ekki allmargar bílategundir orðnar á Íslandi? Er ekki anzi mikið af varahlutum, sem þarf? Er ekki nokkuð oft, sem stanza bæði bílar, vélar í bátinn og allt saman annað slíkt? Er ekki allt í hringavitleysu hjá okkur frá hagsýslusjónarmiði hvað þetta snertir? Eigum við ekki að taka þetta fyrir og laga það dálítið? Ríkissjóður borgar þetta hvort sem er alltaf allt saman, vélabilanirnar, sem vátryggðar eru, og allt saman slíkt. Því í ósköpunum að láta sitja við að rasjónalisera vélakost vegagerðarinnar? Við skulum taka vélakost þjóðfélagsins, eins og hann leggur sig, og við getum áreiðanlega stórsparað. Ég veit ekki, hvort það verða hins vegar byggðar eins margar bílaumboðshallir á Laugaveginum eftir það, en það gerir þá ekkert til, þótt það sé byggt eitthvað þarfara.

Ég vildi taka undir þær spurningar, sem hér hafa komið fram til hæstv. fjmrh., hvernig það sé, hvort við megum ekki treysta á það, að þær 92 millj., sem fyrst voru teknar út og síðan var heitið eiginlega að setja inn aftur, sú fjárupphæð, sem færi til þess að greiða niður fiskinn og annað nauðsynlegasta, sem almenningur keypti, — hvort við mættum ekki treysta því, að þeirri niðurgreiðsluaðferð, sem verið hefur, sem um tíma var talað um að hætta í haust, verði haldið áfram. Það er satt að segja ekki á það bætandi að fara að draga úr niðurgreiðslunum. Ég vil taka fram við hæstv. fjmrh., þegar verið er að tala um að auka fjölskyldubæturnar í staðinn, að þá er nákvæmlega sama óréttlætið þar eins og það, sem hann var að tala um viðvíkjandi fiskinum og mjólkinni. Mönnum fannst það of mikið, að ríkir menn væru að borða fisk og drekka mjólk og að ríkissjóður væri að borga ofan í þá fiskinn og mjólkina. En þeir eiga börn líka, ríkir menn, kannske mikið af þeim á Íslandi, eins og yfirleitt tíðkast í okkar þjóðfélagi, en við borgum fjölskyldubætur jafnt með þeim öllum, svo það gengur jafnt yfir ríka og fátæka hvort tveggja, rétt eins og sólin skín yfir þá báða, þannig að ég veit ekki, hvort við eigum nokkuð að vera að keppa þar við skaparann, lofa þeim bara að fá fisk og mjólk ódýrt líka, þeim ríku. Þeir drekka ekki svo mikið af mjólkinni, þeir hafa þó eitthvað skárra, og þeir borða þá fiskinn og kjötið oftar. Við náum okkur þá niðri á þeim kannske í gegnum áfengisverzlunina, ef þeir hefðu þann sið að drekka vín með mat, þannig að ég held, að við eigum að láta það haldast gagnvart þeim fátæku að borga niður fisk og mjólk, jafnvel þó að þeir ríku fái að njóta einhvers af því líka. Ég sé ekkert eftir því handa þeim.

Ég vildi nú bara út af þeim hugleiðingum, sem hæstv. fjmrh. var með, segja honum ofur lítið af mínum hugleiðingum, en að öðru leyti var aðaltilgangurinn hjá mér að mæla með nokkrum brtt., sem ég flyt á þskj. 185.

Það er VII. brtt. á því þskj. Ég hef tekið þar upp nokkuð af þeim till., sem ég flutti við 2. umr. og ekki fengu þá náð fyrir augum deildarinnar, og hef lækkað upphæðirnar allverulega í von um, að það mætti verða til þess, að hv. sameinað Alþingi féllist á það þannig.

Það er í fyrsta lagi, að til Íslendings, sem tæki að sér samkv. samningi við menntmrn. að læra tungu Grænlendinga, væru veittar 60 þús. kr. Ég held, að ég þurfi ekki að rökstyðja það nánar, ég gerði það við 2. umr., og ég held, að flestir, sem hér eru inni nú, hafi heyrt það.

Þá hef ég lagt til, að aðstoðin við bókakaup og bókband landsbókasafnsins væri aukin úr 600 þús. upp í 800 þús., að aðstoð við þjóðminjasafnið færi úr 300 þús. upp í 400 þús., og það, sem veitt væri til hljómplötusafns, úr 5 þús. upp í 20 þús., og sá nýi liður: til kvikmyndagerðar í sambandi við dokumentmyndir og söguleg efni, væri 100 þús., í stað þess að ég hef lagt til við 2. umr., að það væru 200 þús. Ég ætla ekki að endurtaka mín rök fyrir þessu, heldur vísa til þess, sem ég sagði við 2. umr.

Svo hef ég á sama þskj. flutt till. nr. IX, svo hljóðandi: „Til þess að kosta mann samkv. vali félmrn. til þess að ferðast um byggðir Grænlendinga, kynna sér lífskjör þeirra og rita bók um þau og félagslegan aðbúnað þjóðarinnar, og sé bókin síðan gefin út, 150 þús. kr.“ Ég vil leggja alveg sérstaka áherzlu á, að hv. þm. gætu samþykkt þessa till. Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að endurgjalda öðru hverju nokkuð það, sem gert var fyrir okkur, þegar við vorum, ef svo má orða það, frumstæð þjóð, þegar við vorum bláfátæk þjóð, vorum að berjast fyrir ekki aðeins okkar frelsi, heldur raunverulega okkar lífi, því, að þjóðin lifði af í landinu. Okkur hefur vart þótt vænna um aðra menn en þá, sem þá komu hingað til Íslands, ferðuðust hér um Ísland og skrifuðu rétt og vel og af skilningi og jafnvel af ást á þjóðinni. Og við höfum alltaf síðan metið þá menn, sem slíkt gerðu, sem alveg sérstaka hollvini íslenzku þjóðarinnar. Nú höfum við í næsta nágrenni við okkur þjóð, sem er tengd okkur með mjög undarlegum hætti, eins og grænlenzku þjóðina. Og sú þjóð á um sárt að binda. Hún ber í brjósti sjálfstæðistilfinningar alveg eins og við, og hún er að berjast við að láta ekki tungu sína deyja út og þá sérstöku menningu, sem hún hefur skapað. Og hún á við bág lífskjör að búa, þó að hún sé lagalega frá sjónarmiði dönsku stjórnarinnar skoðað sem

eitt amt í Danmörku sem stendur. Við eigum að gera það, sem ágætir enskir og þýzkir og skandinavískir menn gerðu á 18. og 19. öld stundum gagnvart okkur, láta einhvern góðan mann og glöggan ferðast til þessa lands og skrifa um það vinsamlega og segja satt og rétt frá ástandi þeirrar þjóðar. Ég legg til, að fél-mrn. fengi 150 þús. kr. til þess að kosta slíkan mann, og efast ekki um, að því mundi verða fært að finna til þess góðan mann, sem ynni slíkt verk vel. Og ég vil alveg sérstaklega heita á hv. þm. að verða við því að samþykkja þessa till.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég flyt við 3. umr. fjárl. fyrir árið 1964 5 brtt., sem ég ætla í örfáum orðum að fylgja úr hlaði.

Á þskj. 182, V. lið, flyt ég till. um það, að framlag til hafnargerðar í Höfnum hækki úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr. Hafnir eru fámennt þorp með höfn, sem er ófullkomin á margan hátt og er í smíðum. Skammt fyrir utan eru mjög auðug fiskimið. Hafnarmálið er fyrir þá, sem þetta sveitarfélag byggja, nr. eitt, og gera íbúarnir þar sér vonir um, að með verulegum stuðningi ríkisvaldsins geti þeir á næstu árum unnið það mikið í höfn þessari, að hún verði nokkuð örugg stærri bátum, hvað hún nú ekki er.

Á sama þskj., tölul. VIII, flyt ég till. um, að framlag til hafnargerðar í Kópavogskaupstað verði hækkað úr 250 þús. kr. í 600 þús. kr. Það er sama fjárveiting og áætluð er í fjárl. fyrir næsta ár til þriggja sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, þ. e. a. s. til Hafnarfjarðar, Sandgerðis og Járngerðarstaða í Grindavík. En ég tel, að um margt sé Kópavogur hliðstæður þessum stöðum og engin ástæða til þess, að fjárveiting til hafnarframkvæmda þar sé minni en til þeirra. Bæjarstjórn Kópavogs hefur um árabil barizt fyrir því, með því miður litlum árangri til þessa, að fá unna á vita- og hafnarmálaskrifstofunni framkvæmdaáætlun um hafnargerð í kaupstaðnum. Þessi barátta hefur, eins og ég sagði, borið sorglega lítinn árangur til þessa, og ég hef þær upplýsingar frá fjvn., að núna, þegar skipt var fé til hafnarframkvæmda fyrir næsta ár, hafi engin áætlun legið fyrir n. frá vitamálastjóra um hafnarframkvæmdir í Kópavogi, og þegar af þeirri ástæðu eðlilegt, að hv. fjvn. væri ekki sérstaklega áfram um það að veita verulega fjárveitingu til hafnarframkvæmda þar. Sú óskiljanlega tregða, sem komið hefur fram hjá vitamálaskrifstofunni við gerð framkvæmdaáætlunar um hafnargerð í Kópavogi, hefur leitt til þess, að ráðamenn þar hafa orðið að fara þess á leit við eitt verkfræðifirma hérna í bænum, Almenna byggingarfélagið, að það tæki að sér að gera slíka áætlun, í þeirri von, að ef sú áætlun fæst unnin, fáist meiri fjárveiting til hafnarframkvæmda í Kópavogi en gerzt hefur til þessa.

Á sama þskj., undir tölul. XII, flyt ég till. um nýjan lið, þ. e. a. s. 150 þús. kr. fjárveitingu til hafnargerðar í Vogum á Vatnsleysuströnd. Ég vil um rökstuðning fyrir þeirri till. vísa til þess, sem ég sagði um Hafnirnar hér áðan. Þar gildir hið sama. Höfnin er í byggingu og fjármagn vantar mjög til þess að gera höfnina betur úr garði en hún er í dag.

Undir lið XVI á sama þskj. flyt ég svo till. um hækkun fjárveitingar til sjóvarnargarðs á Seltjarnarnesi úr 125 þús. kr. í 500 þús. kr. Hækkunartill. miðar að því að gera það mögulegt að láta fara fram ýtarlega athugun og hefja byggingarframkvæmdir strax á næsta ári við byggingu sjóvarnargarðs frá Seltjarnarnesi og út í Gróttu til varnar landbroti vestan á nesinu. Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefur fyrir nokkru samþykkt shlj. að leita eftir fjárveitingum til þessarar framkvæmdar. Hefur hreppsnefndin í því sambandi ritað bæði vitamálastjóra og rn. hafnarmála um þetta, en ekki borizt neitt svar til þessa, eftir því sem mér er bezt kunnugt um. Hér er sennilega um 200 m langan garð að ræða, sem þarf að byggja frá Seltjarnarnesi og út í Gróttu til þess að varna því, að nesið brotni niður í bókstaflegum skilningi á nokkrum árum eða áratugum. Það er ekki langt síðan Grótta var landföst við Seltjarnarnes. En sjógangurinn hefur á örfáum árum brotið það mikið land í burtu, að nú er um 200—300 m langt eiði á milli Gróttu og landsins um fjöru. Á Seltjarnarnesi er mjög mikill áhugi á þessu máli, og væntir hreppsnefndin og enda hreppsbúar allir, að þeir verði studdir til þess af ríkisvaldinu og fjárveitingavaldinu, að mögulegt sé að ráðast í þessa framkvæmd þegar á næsta ári.

Að endingu flyt ég brtt. á þskj. 188, svo hljóðandi, að við 22. gr. XX komi nýr liður, svo hljóðandi, að fjmrn. sé heimilt „að taka allt að 15 millj. kr. lán til að hefja endurbyggingu Reykjanesbrautar, þar sem hún liggur í gegnum Kópavog, er endurgreiðist af tekjum samkv. 34. gr. vegalaganna.“ Í umr., sem áttu sér stað í hv. Nd. fyrir örfáum dögum, þegar frv. til vegalaga var til meðferðar, kom fram samdóma álit allra ræðumanna um, að Kópavogskaupstaður byggi við algera sérstöðu að því er varðaði þjóðbraut þá, er liggur um hann miðjan. Bæði hæstv. ráðh. vegamála, hv. formaður samvn. samgm. og raunar fleiri létu þessa skoðun í ljós, og hæstv. ráðh. og hv. formaður fjvn. létu enda í ljós þá skoðun sína, að sjálfsagt væri, að 10% tekna, sem 34. gr. gerir ráð fyrir að byrji þegar á næsta ári, verði notaðar til þess að bæta úr því vandamáli, sem Reykjanesbrautin skapar Kópavogsbúum. Upplýsingar voru gefnar um það í umr., að framlag þetta mundi nema sennilega um 3 millj. kr. á hverju ári. Vegna þess að framkvæmd þessi er mjög knýjandi og má ekki dragast, legg ég til, að ríkisstj. afli sér heimildar til 15 millj. kr. lántöku, til þess að hægt verði að hefjast handa um gatnagerð þessa þegar á næsta ári, og lán þetta verði greitt af tekjum samkv. 34. gr. vegalaga, sem yfir-

lýsing liggur fyrir frá hæstv. vegamálaráðh. um, að verði notaður í fyrstu til þess að bæta úr því vandamáli, sem er til staðar í Kópavogi. Ég tel, að lántaka þessi sé mjög eðlileg og nauðsynleg. Það er vitað, að til þess að búa Reykjanesbrautina í Kópavogi þannig út, að hún fullnægi þeim kröfum, sem vegalögin ákveða, þarf að útvega fjármagn upp á um 25—30 millj. kr. Ef ríkisstj. aflaði sér lánsheimildar og notaði hana fyrir 15 millj. kr., væri hægt þegar á næsta ári að ráðast þarna í það mikla framkvæmd, að hún ekki einasta bætti úr því umferðaröngþveiti, sem þarna er oft, og gerði umferðina greiðari, heldur einnig fyrirbyggði þá miklu slysahættu, sem þarna er til staðar og verður alltaf til staðar í vaxandi mæli, ef ekkert verður að gert til úrbóta þar af hálfu ríkisvaldsins.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf. nokkrar brtt., og ég ætla í örstuttu máli að gera grein fyrir þeim brtt., þar sem ég er 1. flm.

Þessar brtt. eru allar á þskj. 185 og hin fyrsta þeirra er undir II. tölul. Þar er lagt til, að framlag til Drangsness hækki úr 100 þús. kr. í 700 þús. Á Drangsnesi er bryggja alllöng, en þó ekki lengri en svo, að strandferðaskipin neita að leggjast að henni, vegna þess að aðstæður eru þar svo erfiðar, að þau telja það hættulegt, og hefur raunar komið fyrir slys út af því, að það hefur verið gert. Það þarf að lengja þessa bryggju um 12 m, en hún er 10 m breið, en kostnaður við það er 1.2—1.5 millj. eftir síðustu áætlun. Við leggjum til, að þessi fjárveiting, eins og ég sagði áðan, verði hækkuð úr 100 þús. í 700 þús. Svo mikið eiga Drangnesingar undir því, að þetta verði gert, að þannig er háttað málum þeirra nú, að þeir verða að aka öllum frystum fiski til geymslu í frystihúsið á Hólmavík, annars klukkutíma keyrslu, og geyma fiskinn þar nokkra daga, áður en skip koma til að taka hann, því að það er ekki hægt að skipa honum fram nema á bátum, og þeir eru ekki til lengur, og nú er yfirvofandi, að frystihúsinu verði lokað, því að á því er geysilegur rekstrarhalli, um 300 þús., og hallinn stafar að verulegu leyti af þessum flutningi á fiskinum inn til Hólmavíkur og mundi leiðréttast að verulegu leyti, ef hægt væri að skipa fiskinum út í skip, eins og á venjulegum stöðum, þar sem frystihús eru rekin.

Undir lið IV eru tvær brtt. Það er nýr liður, sem komi þar inn, Kaldrananes. Bryggjan á Kaldrananesi var byggð fyrir nokkrum árum, aldrei fullgerð. Fjárveiting hefur ekki fengizt í hana síðan, og þannig er málum háttað á þessum stað, að smæstu strandferðaskip fást ekki til þess að leggjast upp að bryggju, vegna þess að það vantar bryggjuhausinn, sem átti að byggja, en aldrei hefur fengizt fjárveiting í. Af þessum ástæðum, að bryggjan hefur ekki verið fullgerð, hefur hún tekið að liðast í sundur og skemmast, og viðgerð á því, sem búið er að byggja, kostar um 200 þús., en bryggjuhausinn um 300 þús. Meiri er nú ekki kostnaðurinn við það að gera þessa bryggju, sem er svo mjög mikið notuð og þarf að notast.

Undir sama lið, 2, er gert ráð fyrir bryggju á Norðurfirði. Gegnum Norðurfjörð er ein helzta samgönguæð Árneshrepps, sem er algerlega skilinn frá öðrum landshlutum vegna vegleysis, þó að þar sé flugvöllur, sem oft er ekki hægt að nota vegna snjóa, og þá er sjóleiðin einasta leiðin frá og að við flutninga og mannaferðir. Það er óhætt að segja það, að íbúar Árneshrepps hafa staðið sig betur í því að halda hreppnum í byggð heldur en flestir aðrir landsmenn, því að þar er næstum enginn bær í eyði. Og til marks um það, að það sé þeirra ákveðinn vilji, er það, að það var sendur ráðunautur einu sinni norður til þess að gera landmælingar og með honum var skáld eitt hér úr Reykjavík, sem er ónefnt, og skáldið lastaði svo mikið hreppinn, að þeir hringdu suður til Búnaðarfélagsins og heimtuðu, að þessi maður væri kallaður þegar í stað burt, ráðunauturinn með þennan mann, sem væri að rægja hreppinn og telja mönnum trú um, að þeir ættu að flytja úr honum, og það var gert. Þeir eru ákveðnir í því að halda þarna byggð. Það var byggt upp myndarlegt kaupfélag á Norðurfirði, og næsta átakið, sem þeir ætluðu sér að gera, var að byggja þarna bryggju, ef fjárveiting yrði veitt til þess. Það er aðgrunnt þarna og bryggjan er um 80 m og kostar um 2 millj. eftir síðustu áætlun, og ég treysti þeim vel til þess að sjá fyrir fjármunum á móti þeim framlögum, sem ríkið kynni að vilja leggja af mörkum í þetta mannvirki. Þeir hafa byggt verzlunarhús, þeir hafa byggt frystihús núna nýlega og þetta er næsta átakið, sem þeir ætla sér að gera til þess að gera aðstæður betri og lífvænlegri í hreppnum. Við leggjum til, að í þetta verði lagðar 300 þús. kr.

Þá eru það ferjubryggjur undir VI. lið. Við leggjum til, að aftan við liðinn bætist: Þar af Óspakseyri 300 þús. kr. og Borðeyri 300 þús. kr. — Eins og nöfnin á þessum stöðum bera með sér, eru þessir verzlunarstaðir á eyrum, annar við Bitru- og hinn við Hrútafjörð. Hafnarskilyrði eru þar ágæt og hafnir á báðum þessum stöðum ágætar, enda Borðeyri einn þekktasti verzlunarstaður á landinu um langt skeið. En þar er engin bryggja á hvorugum staðnum. Verður að skipa öllum þungavörum, sem fluttar eru að, í land á bátum og því, sem flutt er út, á bátum að sjálfsögðu. En það eru engar líkur til þess, að þarna sé hægt að byggja bryggjur með venjulegu framlagi heimaan að, því að það er of strjálbýlt og gjaldgeta of lítil til þess, að hægt sé að gera sér vonir um það, og þess vegna verða þessar bryggjur varla byggðar nema sem ferjubryggjur, enda er það réttlátt, að slíkt verði gert, þar sem komizt hefur venja á um hliðstæða hluti, hliðstæðar bryggjur, bæði við Breiðafjörð og við Djúp. Það hefur ekki verið gerð áætlun um bryggjuna á Óspakseyri. Hún er nokkru ódýrari en bryggjan á Borðeyri, því að það er aðdýpra á Óspakseyri, en á Borðeyri

er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn sé um 1 millj., svo að af því má sjá, að aðstæðurnar eru mjög hentugar. Við leggjum því til, eins og ég sagði áðan, að það verði veittar 300 þús. í ferjubryggju á hvorum stað.

Þá er brtt., sem ég flyt ásamt fyrrnefndum þm. við 22. gr. Það er XI. liður á þskj. 185, og þar er gert ráð fyrir, að ríkisstj. verði heimilað að taka 10 millj. kr. lán til vegagerðar á Vestfjörðum. Þetta kann nú að virðast svo, að það sé að bera í bakkafullan lækinn, þegar von er á svo miklum fjármunum í vegi, að bera fram þessa till. En ég vil, að alþm. geri sér það ljóst, að þessi till. er á allan hátt ekki aðeins réttlætanleg, heldur réttlát og nauðsynleg. Ef vegafénu verður skipt, eins og því hefur verið skipt á undanförnum áratugum, nokkurn veginn jafnt milli sýslna og kjördæma, þá leiðir það af sjálfu sér, að Vestfirðirnir verða ásamt Austfjörðum fyrir ranglæti, vegna þess að vegalengdir eru miklu meiri í þessum kjördæmum og vegna þess að vegastæði vegna brattra fjallgarða eru miklu verri en á öðrum stöðum. Af þessum tveimur ástæðum vinnst miklu minna af nauðsynlegum vegum í þessum kjördæmum heldur en í öðrum kjördæmum landsins, eins og skýrslur sýna og sanna, sem um þetta hafa verið gerðar. Það verður þess vegna að gera eitt eða tvö heildarátök til þess að jafna metin, og það verður ekki gert með fjárveitingu á fjárl. Ég þekki svo ósköp vel metinginn milli kjördæma. Það fæst aldrei í gegn vegna annarra kjördæma, að mismunur verði mjög mikill á fjárl. Þetta verður ekki gert nema með lántöku í eitt skipti eða oftar. Þess vegna leggjum við til, að ríkisstj. verði heimilað allt að 10 millj. kr. lán til vegabóta á Vestfjörðum.

Þá er það síðasta till., að ríkisstj. verði heimilað að verja úr ríkissjóði allt að 10 millj. kr. til þess að koma í veg fyrir fólksflótta og eyðingu byggða á Vestfjörðum. Þessi till. er m. a. flutt af því tilefni, að á síðasta þingi fluttu tveir af þm. Vestf. þáltill. um það, að gerð yrði 5 ára framkvæmdaáætlun um stöðvun fólksflótta á Vestfjörðum. Og þessi till., sem þeir báru fram, var samþykkt. Það er gert ráð fyrir því, að áætlun, sem gerð er til þess að koma í veg fyrir fólksfækkun og fólksflótta frá Vestfjörðum, eins og það er orðað, skuli vera fullgerð fyrir áramót 1963. Eins og stendur hér, skal áætluninni lokið fyrir lok þessa árs og hún þá lögð fyrir Alþingi ásamt till. um fjáröflun. Ég veit, að Vestfirðingar gera sér töluverðar vonir um það, að árangur verði af þessari samþykkt. Það sýna samþykktir, sem þeir hafa gert, og þeir hafa þakkað þm. fyrir flutning þessarar till. En nú er áætlunin ekki til. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að áætlunin hljóti að verða til nú stuttu eftir áramótin, en þá þarf fé til þess að framkvæma þá áætlun, sem gerð verður. Og þess vegna er þessi till. flutt, þar sem hún kemur því til vegar, að ríkisstj., um leið og áætlunin um framkvæmdir til þess að koma í veg fyrir eyðingu byggða á Vestfjörðum verður tilbúin, eru heimilir fjármunir til þess að framkvæma það, sem áætlunin felur í sér, og má telja framhald af þessari þál. og alveg nauðsynleg tillaga.

Það er nú mikið talað um jafnvægi í byggð landsins, og ég skal ekki eyða tíma í að ræða það, þó að það væri nægt tilefni til að ræða, og ekki aðeins tilefni, heldur nauðsynlegt að ræða það. Menn kunna nú að segja sem svo, að það liggi ekki á að gera þessar ráðstafanir. En ég get fullvissað hv. þm. um, að það liggur á að gera þessar ráðstafanir, og ef þær eru ekki gerðar strax, verður það um seinan. Það er þegar verulegur hluti af Vestfjörðum kominn í auðn, og það verður langt þangað til það land verður aftur byggt. Ef menn vilja gera sér ljóst á einni svipstundu, hvernig ástandið er, þá geta menn séð það af hagskýrslum, að samkv. útreikningi Hagstofu Íslands um fólksfjölgun og raunar fólksfækkun um leið víðs vegar um landið er fækkun á Vestfjörðum á 30 seinustu árum 2756 eða 21%, en fjölgun í landinu á sama tíma er 71921. Meðan fækkar á Vestfjörðum um 21%, fjölgar í landinu um 64.5%. Og það er alveg þversýnilegt og vitað, að þegar svæði nálgast það að fara í eyði, verður alltaf erfiðara og erfiðara að halda þeim í byggð. Því meira sem byggðin grisjast, því erfiðara verður að halda landinu á þeim stað í byggð. Sést þetta greinilega á þeim stöðum, sem farið hafa í eyði í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það eyddist fyrst smátt og smátt, síðan skyndilega og svo eftir örstuttan tíma að fullu. Og þetta er það, sem er að ske á Vestfjörðum. Þó þarf ekki undan því að kvarta, að Vestfirðingar leggi ekki sinn skerf í þjóðarbúið, því að þar er meira framleitt af verðmætum á hvern einstakling heldur en nokkurs staðar annars staðar í landinu. Það stafar ekki af því, að náttúran sé sérstaklega gjöful þar, en það stafar meira af því, að þar vinnur fólkið meira við framleiðslu heldur en víða annars staðar.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að þessi till., sem ég hef nú mælt fyrir síðast, verði samþykkt ásamt þeim, sem ég hef minnzt á áður.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að mæla fyrir brtt. Ásamt öðrum þm. Framsfl. í Suðurl. hef ég flutt nokkrar brtt. Hv. 4. þm. Sunnl. hefur nú mælt fyrir flestum þeirra fyrr í kvöld, en ég mun hér mæla fyrir tveim litlum till., sem við flytjum á þskj. 178.

Liður XIV er till. um það, að inn á 16. gr. komi nýr liður: „Til rannsókna á virkjunarskilyrðum á svæðinu milli Skeiðarársands og Mýrdalssands.“ Þetta svæði er einna einangraðast frá veitusvæðum landsins. Það hefur nú um alllanga hríð verið að ske sú stefnubreyting í rafmagnsmálum, að í stað smávirkjana, sem með tiltölulega stuttum línum ná til lítilla svæða, hallast menn nú öllu frekar að stórvirkjunum og umfangsmiklum línukerfum. En stefnan í rafmagnsmálunum verður að sjálfsögðu ævinlega sú, að stefnt sé að því að fá óslitið línukerfi um landið og tengja saman

einstök kerfi, hvort sem þau eru stór eða smá. En það má búast við því, að það svæði, sem till. þessi ræðir um, verði lengi útundan, ef svo heldur áfram í þessum málum sem nú horfir. Rannsóknir á virkjunarskilyrðum á þessu svæði hafa verið mjög takmarkaðar, m. a. af þeim ástæðum, að það hefur ekki þótt ástæða til þess að leita að skilyrðum fyrir stórar virkjanir, og þar af leiðandi hafa rannsóknir á þessu svæði ekki verið miklar. En eigi að síður virðist okkur flm. þessarar till. nauðsynlegt, að það sé rannsakað, hvort ekki kunna að vera fyrir hendi skilyrði á þessu svæði til þess að virkja með þörf þessa landshluta fyrir augum. Okkur virðist það vera afsakanlegt, þó að það dragist að virkja, þar sem skilyrði eru mjög erfið, en hins vegar virðist okkur það síður afsakanlegt, að ekki sé kannað til hlítar, hvort þau skilyrði eru fyrir hendi, sem að gagni gætu komið.

Það má að endingu minna á það í sambandi við þetta mál, að einmitt á þessu svæði bjuggu brautryðjendur um vatnsorkurafvæðingu í smáum stíl fyrir 30 árum, og þar er enn að finna ýmsar minni rafstöðvar, sem byggðar voru af þessum brautryðjendum, en að sjálfsögðu eru ekki til frambúðar. Ég mundi þess vegna vilja mælast til þess við hv. þm., að þeir samþykktu að veita þær 150 þús. kr., sem hér er farið fram á til rannsókna á virkjunarskilyrðum á þessu svæði, sem ekki hefur fengið raforku frá veitum, eins og ég sagði áðan, og ástæða virðist til þess að ætla að geti þurft að bíða nokkuð eftir því enn, ef ekki er að gert.

Önnur till., sem ég mæli fyrir, er á sama þskj., XI. Þar er gert ráð fyrir því, að tekin sé inn á 14. gr. B lítil fjárveiting til greiðslu kostnaðar við vísindalegar rannsóknir á Surtsey og gosinu þar og öðrum óvæntum náttúrufyrirbrigðum, samkv. ákvörðun ráðh. Þessi liður er að hálfu okkar flm. hugsaður sem eins konar viðurkenning til þeirra ágætu náttúruvísindamanna, sem ávallt eru boðnir og búnir að bregða við, þegar óvæntir atburðir ske í íslenzkri náttúru. Það er hugsað sem viðurkenning til þeirra, ekki sem þóknun til þeirra sjálfra, heldur í því formi að hafa á fjárlögum tiltækilega lítla upphæð til þess að standa undir slíkum kostnaði, sem óvænt ber að höndum.

Í okkar landi elds og ísa eru slíkar náttúruhamfarir ekki fátíðar. Nú er það þetta gos fyrir sunnan land, og rannsóknir á því hafa vissulega auðveldazt mjög vegna þess, að það á sér stað í sjó og landhelgisgæzlan hefur verið boðin og búin til þess að flytja og aðstoða þá menn, sem þarna hafa unnið að. En í fyrra voru nokkuð hliðstæðir atburðir við Öskju, þar sem leggja þurfti í talsverðan kostnað vegna þeirra vísindamanna, sem bregða þurftu við og skjótast þangað, og við getum alltaf átt von á eldgosum, jökulhlaupum og öðrum óvæntum náttúrufyrirbrigðum af þessu tagi.

Það er ekki alltaf, að þessi fyrirbrigði eru bara einkennileg og fróðleg náttúrufyrirbrigði, heldur geta þau hvenær sem er orðið með þeim hætti, að það verði af því ýmiss konar áföll, og undir fullkomnum rannsóknum náttúrufræðinga okkar eigum við það, hvort þekking okkar á eðli þessara atburða fer nægilega vaxandi, til þess að við getum haft af því nokkurn fyrirboða, áður en slíkir atburðir eiga sér stað. Það er hugmynd okkar flm., að slík upphæð væri föst upphæð á fjárl. fyrir hæstv. ráðh. til þess að visa á, svo að ekki þurfi að verða neitt hik á því að bregða við, þegar slíkir atburðir eiga sér stað.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að mælast til þess við hv. alþm., að þeir samþykki þessar tvær litlu till., sem ég hér hef verið að mæla fyrir.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. gaf okkur þm. hér áðan nokkra kennslustund í þjóðfélagsfræði og hvernig ætti að stjórna þjóðfélagi, og hljótum við að sjálfsögðu að vera honum mjög þakklátir fyrir. Hann benti okkur á, að það yrði að hafa stjórn á öllu þjóðfélaginu og þjóðarbúinu og sérstaklega hafa fasta og sterka stjórn á fjárfestingunni í landinu.

Vitanlega er það ljóst, að til þess að vel gangi í þjóðfélaginu og jafnvægi haldist í efnahagsmálum, sem að sjálfsögðu er skilyrði fyrir eðlilegri og stöðugri þróun í þjóðfélaginu, eru það fyrst og fremst að mínu áliti þrír liðir, sem þarf að hafa vakandi auga á og allir þurfa að verka saman. Það er fjármálastefna ríkisins, það er stefnan í banka- eða peningamálum, eins og það er kallað, og það er stefnan í launamálum. Ef öll þessi atriði eru samræmd á skynsamlegan hátt, eins og sums staðar hefur tekizt, er þess að vænta, að þjóðarbúinu vegni vel og stöðugar og eðlilegar framfarir eigi sér stað og lífskjör fari batnandi. En ef einhver af þessum þrem þáttum mistekst eða gengur úr skorðum, er viðbúið, að jafnvægið gangi úr skorðum og margs konar truflanir verði á framfarasókn þjóðarinnar.

Varðandi fyrsta atriðið, fjármálastefnuna, er það að sjálfsögðu Alþingi og ríkisstj., sem hana verða að marka, bæði um tekjur ríkisins og gjöld þess. Það verður að sjálfsögðu að hafa þá í huga, hvernig atvinnuástandið er í landinu. Skynsöm ríkisstj. og þing gætir þess auðvitað, að þegar mikil er atvinna í landinu, þá forðast ríkið að auka stórum um leið sínar framkvæmdir og reynir þá heldur að leggja til hliðar til þess að geyma til mögru áranna, þegar óáran, atvinnubrestur, verðhrun eða markaðstap veldur því, að atvinna á hinum almenna markaði dregst saman. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt lögmál, og í þessu sambandi má geta þess, að núv. ríkisstj. hefur sýnt lit á þessu með því nú á þessu ári að leggja til hliðar 100 millj. kr. í jöfnunarsjóð ríkisins, sem einmitt er ætlaður til þess að geymast, þangað til kann að harðna í ári, og verja þessu fé þá til þess að auka atvinnu. Ekkert er því fjær lagi og fjær sanni heldur en þegar hv. 3. þm. Reykv. kallar þessa ráðstöfun ekki aðeins frystingu og geymslu

á peningum borgaranna inni í Seðlabankanum, heldur hefur nú yfir vísupart eftir Bólu-Hjálmar um, að

„fémunir þá fátæks manns,
fúna í ríkra sjóði“,

og hann virtist eiga við m. a. þessi framlög í jöfnunarsjóð ríkisins, þessar 100 millj., þar séu nú þessir auðkýfingar og þeirra stofnanir að láta fúna í sínum sjóði fémuni hins fátæka manns. Ég sagði, að ekkert væri fjær sanni, vegna þess að þetta fé, sem þannig er lagt til hliðar, er einmitt fyrst og fremst varasjóður verkamannsins og annarra launþega, til þess ætlaður, að hægt verði að grípa til hans til þess að auka og örva atvinnuna, þegar að því kemur, sem í flestum þjóðfélögum kemur fyrir öðru hverju, að af einhverjum óviðráðanlegum ástæðum dragist atvinna saman. Til þess eru þessir fémunir ætlaðir.

Annar liðurinn, sem er nauðsynlegt að samræma í stjórn þjóðarbúsins, er banka- eða peningapólitíkin. Og að mínu viti þarf henni að vera þannig hagað, að fyrst og fremst sé hún undir stjórn sjálfstæðs seðlabanka, sem hefur eftirlit og umsjón með þeim málum. En eins og seðlabankalögin íslenzku frá 1961 taka fram, er ætlazt til þess, að Seðlabankinn hafi um sín mál náið samstarf og samráð við ríkisstj. á hverjum tíma til þess að reyna eftir föngum að samræma stefnuna í bankamálum við stefnuna í fjármálum ríkisins. Vitanlega þurfa bankarnir að hafa svipuð sjónarmið í þessum efnum, og þegar of mikil eftirspurn eða meiri eftirspurn, skulum við segja, er eftir vinnuafli heldur en framboð og hætta á þenslu og verðbólgu, þá verður bankapólitíkin að sjálfsögðu að vera sú að reyna heldur að halda að sér höndum um útlán, en reyna svo að auka þau, ef nauðsyn krefur, til þess að auka atvinnuna og atvinnulífið í landinu.

Þetta er auðvitað hverjum manni augljóst mál, og það er furðulegt, að hér á Alþingi skuli heyrast raddir um það, eins og heyrist hér svo ákaflega oft frá Framsfl., að þegar öllum vitanlega er miklu meiri eftirspurn en framboð eftir vinnuafli, yfirborganir og kapphlaup um vinnuaflið, þá um leið eigi ríkissjóður og bankar að auka framlög og lán til framkvæmda í landinu. Þetta stangast svo á við alla heilbrigða skynsemi, að það tekur engu tali.

Þriðji liðurinn, sem ég nefndi að þyrfti auðvitað að vera samræmdur hinum tveimur, fjármála- og bankapólitíkinni, er svo launapólitíkin. Og vitanlega væri það æskilegast, að samtök launþega og atvinnurekenda semdu um þau mál á þeim grundvelli, að kaupgjald í landinu yrði á hverjum tíma í samræmi við gjaldþol útflutningsatvinnuveganna. Vitanlega er það æskilegast og ætti að vera svo, ef allir meginþættir efnahagslífsins eru í lagi og samræmdir, að þjóðin gæti bætt sín lífskjör nokkuð á hverju ári. Það er stundum talað um hagvöxt, aukningu á þjóðarframleiðslu, þjóðartekjum, aukna framleiðni. Ef hér væri allt með felldu og sæmilegt jafnvægi og samræmi í öllum þessum aðgerðum, á slíkt að geta orðið og nokkur umbót í lífskjörum manna að geta átt sér stað á hverju ári. Við höfum þess dæmi um þetta frjálsa þjóðskipulag, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur ekki ýkjamikla trú á, þess eru dæmi, að öll þessi þrjú meginatriði, fjármála- og bankapólitíkin og launapólitíkin, eru það vel samræmd, að það þjóðfélag býr við vaxandi velmegun, einhver beztu lífskjör, sem þekkjast. Það má nefna sem dæmi eitt af Norðurlöndunum, Svíþjóð. Þó að þar fari sósíaldemókratar með völd, hafa þeir ekki innleitt þar sósíalisma. Þeir hafa að sjálfsögðu framkvæmt margvíslegar félagslegar umbætur á kjörum fólksins. En þar er þessum meginlögmálum fylgt, að gæta þess að hafa samræmda stefnu í fjármálum, peningamálum og launapólitík. Og þannig er það svo, að hin frjálsu samtök launþega og atvinnurekenda fylgjast nákvæmlega með því á hverjum tíma: hvað getur framleiðslan, hvað getur iðnaðurinn, hvað geta útflutningsatvinnuvegirnir í Svíþjóð borið án þess að raska jafnvæginu og án þess að stofna til þenslu og verðbólgu? Og þess vegna gerist það ár eftir ár í þessu ágæta landi, sem stundum er nefnt velferðarríkið, að þar er samið um kauphækkun, sem nemur kannske 2%, 3%, þetta er það algengasta, stundum eru samningar gerðir til eins árs og stundum til 2 ára, allsherjarsamningar fyrir öll félög launþega og atvinnurekenda í einu og með gildistíma hinum sama. Stundum kemur það fyrir, að það er mat þessara aðila, þessara mjög svo ábyrgu aðila, sem eru í forustu fyrir báðum samtökum, að þjóðarbúið þoli ekki kauphækkun þetta árið, og ég ætla t. d., að nú sé það mat þessara aðila, að ýmiss konar lagfæringar og tilfærslur og leiðréttingar á samningum séu réttmætar og nauðsynlegar, en heildarlaunahækkun sé ekki til hags þjóðinni í heild né launþegunum.

Því miður höfum við Íslendingar ekki borið enn gæfu til þess að koma á slíkri samræmingu milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, slíkri samræmingu, sem nauðsynleg er milli þessara þriggja meginþátta í efnahagslífinu. Ég skal hér ekkert rekja, hverjum það er að kenna. Ég nefndi það, að ríkisstj. hefði sýnt þó lit á því í þessu ástandi mikillar eftirspurnar og þenslu að leggja fyrir til mögru áranna, leggja í þennan varasjóð verkamannsins. Það má vel vera, að ríkisstj. hefði átt að gera meira, að hún hefði, þegar henni var ljóst, hvert stefndi, átt að fresta einhverjum opinberum framkvæmdum eða draga úr þeim til þess að eiga sinn þátt í því að draga úr þenslunni. Það má vel vera, að bankarnir hefðu líka átt að draga úr sínum útlánum til þess að reyna að draga úr þenslunni. Það er líka ljóst, að samtök vinnuveitenda og launþega hafa hér ekki þau sömu sjónarmið og t. d. í Svíþjóð, sem ég minntist á. Hér hefur það ekki enn fengizt fram, að þessi samtök sameiginlega afli sér nákvæmra, hlutlausra upplýsinga um það, hvað þjóðarbúið þoli, og miði

sína samninga um kaup og kjör við það. Við skulum vona, að okkar þjóðfélag stefni í þessa réttu átt, þó að ekki hafi tekizt að koma því á enn.

Hitt er svo alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. segir, að ef ekki eru nægilega samræmdir allir þessir þættir og sérstaklega ef ekki er höfð stjórn á fjárfestingunni, eins og hann talar um, þá skapast margir erfiðleikar. Og ég er honum alveg sammála um, að það er hægt að bæta úr þessu og það er ein ákveðin leið, sem ég veit að hann fylgir og er sannfærður um að sé rétt, og það er að hafa stjórnina á þessu öllu saman undir einum og sama hatti. Þar er auðvitað fyrirmynd Sovétríkin og önnur kommúnistísk eða sósíalistísk alþýðulýðveldi, eða hvað þau nú heita, víðs vegar um heim. Þar er því svo fyrir komið, að undir stjórn hins alvalda, einvalda kommúnistaflokks er á einni hendi, undir einum hatti stjórnað fjármálum ríkisins, skattamálum og útgjöldum, peningamálum og bankamálum og ákvörðun launa. Ákvörðun launa er alveg eins og öll önnur völd þar vitanlega í höndum ríkisins, þ. e. a. s. stjórnar kommúnistaflokksins, og ekki nóg með það, heldur eru verkföll bönnuð og lagðar við þungar hegningar sem landráð og svik gegn alþýðulýðveldunum, ef nokkur dirfðist að leggja út í slíkt. Ég segi: með því að sameina þannig á eina einræðis- og harðstjórnarhönd yfirstjórn allra þessara þriggja meginþátta: launamála, bankamála eða peningamála og svo í þriðja lagi fjármála ríkisins, er hægt að halda jafnvægi í þjóðfélaginu. En spurningin er þá: Vilja Íslendingar eða aðrar vestrænar þjóðir, sem búið hafa við frelsi og elska frelsið, fórna frelsinu til þess að tryggja jafnvægi í þessum málum með þessum hætti. Ég er viss um, að það vilja Íslendingar ekki. Þeir vilja heldur búa við hið frjálsa þjóðskipulag, hið frjálsa athafnalíf, þó að þar komi öðru hverju upp örðugleikar, þegar ekki er nægilegt samræmi milli þessara þriggja meginþátta efnahagslífsins. Þegar svo þar við bætist, að það er sýnilegt öllum, sem kynna sér þau mál, að þetta jafnvægi, friður, stöðugleiki, skulum við segja, í hinum sósíalistísku alþýðulýðveldum, sem náðst hefur með einræðinu, hefur hins vegar ekki megnað að skapa þjóðunum, hvað þá verkamönnunum, lífskjör neitt á borð við það, sem tíðkast í hinum frjálsu þjóðskipulögum, hvers vegna ættu menn þá að sækjast eftir slíku, þegar í þessum löndum, sem búa við þennan skipulagða þjóðarbúskap, fer hvort tveggja saman: svipting frelsisins og lakari lífskjör.

Ég held, að við Íslendingar eigum að reyna að halda frelsinu í okkar athafnalífi. Og um leið og ég veit og viðurkenni, að það er nauðsynlegt að hafa hemil á fjárfestingu, þegar þensla eða verðbólga er fram undan, þá vil ég þó ekki, að það sé gert með sama hætti og ég held að hv. 3. þm. Reykv. hugsi sér, þ. e. a. s. með valdboðum, með lögum, með því, að menn þurfi að sækja um leyfi til fjárfestingar, eins og hér tíðkaðist um margra ára skeið, með öllum þeim örðugleikum, sem því fylgja. Sem betur fer var það eitt af verkum núv. stjórnarflokka að afnema þessi fjárfestingarákvæði, þannig að menn gátu um frjálst höfuð strokið og þurftu ekki að sækja um leyfi til hvers sem þeir vildu byggja. Vitanlega hefur þetta frjálsræði í för með sér ýmsar hættur, og það er bent á verzlunarhallir, sem byggðar séu hér og þar og eigi þátt í því að setja efnahagslífið úr skorðum. Þetta má vel vera, og þess vegna þarf einmitt að reyna að hafa hemil á fjárfestingunni og halda henni innan eðlilegra marka með öðrum ráðum en boðum og bönnum og leyfum. Og það er hægt að gera það á margvíslegan hátt, m. a. að sjálfsögðu með réttri beitingu stefnunnar í banka- og peningamálum. Það eru mörg fleiri ráð, sem þar koma til greina. En leyfin, boðin og bönnin held ég, að við ættum að forðast.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér, — og það voru orð hans og þessi kennslustund, sem hann gaf okkur í þjóðfélagsfræðum, sem gaf mér tilefni til þessara hugleiðinga, — en hann sagði enn fremur, að þjóðfélagið íslenzka þyldi nú ekki aðeins 15% kauphækkun, ekki 30%, heldur a. m. k. 100% kauphækkun. Og þetta veit ég að hv. þm. meinar, að íslenzka þjóðfélagið þoli a. m. k. 100% kauphækkun. Ég ætla, að öll launaútgjöld hjá íslenzku þjóðinni séu nú um það bil 7000 millj. á ári. 100% kauphækkun til jafnaðar þýddi þá, að 7000 millj. yrðu settar á einu ári til viðbótar út í þjóðfélagið. Hvað það þýðir, getur náttúrlega hver sem er gert sér í hugarlund.

En þegar hv. þm. beinir því til mín og varar mig við því að halda því fram, að verkamenn, sem krefðust kauphækkunar, væru að skapa verðbólguna, þá er þetta ákaflega mikill misskilningur hjá hv. þm., að ég hafi haldið þessu fram. Og það gefur mér tilefni til þess að minnast á það, að það hefur einmitt verið stefna ríkisstj., síðan hún tók til starfa, að vinna að því, að einmitt láglaunafólkið gæti fengið kjarabætur, gæti fengið launahækkanir, sem ekki þyrftu að ganga nákvæmlega að sama skapi yfir allt þjóðfélagið og yrðu þar að engu, eins og reynslan sýnir. Á undanförnum tveim árum hefur ríkisstj. hvað eftir annað beint því til forustu Alþýðusambandsins að stuðla að því og taka höndum saman við okkur um það að reyna að tryggja hinum lægst launuðu og þá fyrst og fremst verkamönnum raunhæfar kjarabætur, án þess að sú sama prósenta eða bætur, sem þeir fengju, þyrftu að ganga yfir allt. Alþýðusambandsstjórnin hefur verið til viðræðu um þetta og taldi sig ekki hafa samkv. skipulagi Alþýðusambandsins möguleika á því eða vald til þess. Nú reyndi á þetta hinar síðustu vikur. Ríkisstj. lagði fram sínar till., sem voru byggðar á því að tryggja raunhæfar kjarabætur til handa þeim lægst launuðu. Þetta er auðvitað ekki hægt, ef sama kauphækkunarprósenta á að ganga yfir allt þjóðfélagið. Ég verð að játa, að það olli ekki aðeins furðu okkar, heldur vonbrigðum, að foringjar stærstu verkamanna-

félaganna, eins og Dagsbrúnar og Einingar á Akureyri, skyldu þverneita að fallast á þessa stefnu um að tryggja verkamönnunum og hinum lágt launuðu eitthvað meira en öllum hinum. Þeir gerðu þegar í upphafi bandalag við allar aðrar stéttir, sem stóðu í samningum, stéttir, sem margar hverjar hafa miklu hærra kaup og betri lífskjör heldur en verkamenn, bundust samtökum við þau um það, að þeir væru ekki til viðtals um annað en að sú sama hækkunarprósenta, sem verkamenn fengju, skyldi ganga yfir allar hinar stéttirnar. Ég verð að segja, að mér er óskiljanleg sú þjónusta við verkamenn og hina láglaunuðu, sem kemur fram í þessu, því að það er öllum mönnum vitanlegt, að um leið og þessi sama kauphækkun gengur yfir allt þjóðfélagið, er hún orðin að engu. Það sýnir reynslan, og það staðfesti hv. 3. þm. Reykv. rækilega í sinni ræðu, þar sem hann benti á þróunina allt frá 1947, að allar kauphækkanir, sem orðið hafa á þessum tíma, hefðu ekki bætt kjör verkamannanna. En því miður var það svo, að þessi hv. þm., sem löngum hefur verið mikill alþýðuleiðtogi, kom hér fram með dálítið svipuð sjónarmið, sem vöktu mjög mikla furðu mína.

Ég hafði gert hér niðurgreiðslurnar að nokkru umtalsefni og varpaði því fram, að niðurgreiðslu á vöruverði mætti ekki gera að einhverri trúarjátningu, sem ekki mætti endurskoða eða blaka við, heldur væri rétt að rannsaka þetta ofan í kjölinn, benti m. a. á það, að hátekjumenn og stóreignamenn fá sömu niðurgreiðslu á einingu af öllum þessum vöruteg undum, og hvort það væri ástæða til að halda því áfram að moka þannig fé til þeirra úr ríkissjóði og hvort ekki væri mögulegt að nota þetta fé, sem gengur til niðurgreiðslu handa hátekjumönnum, til þess að bæta kjör þeirra láglaunuðu. Hver eru svör hv. 3. þm. Reykv., hins ágæta alþýðuleiðtoga um áratugi? Þetta vill hann ekki. Hann segir: Látið þið þetta bara haldast, þó að þeir ríku fái að njóta niðurgreiðslnanna líka. — Er þetta m. ö. o. alveg samræmd stefna hjá Alþb., að neita því, að verkamenn megi fá meiri kauphækkun en aðrir, neita því, að fátæku fjölskyldurnar megi fá niðurgreiðslu eða slíka hjálp, nema þeir ríku fái það líka.

Hv. þm. og fleiri minnast hér á fjölskyldubæturnar í þessu sambandi og segja: Hálaunamennirnir fá fjölskyldubætur, ef þeir eiga börn, alveg eins og hinir. — Og þetta er rétt. Ég fyrir mitt leyti er mjög gagnrýninn á þetta skipulag, og ég tel, að við eigum að breyta þessu. Í því sambandi vil ég minnast á það, af því að hér hefur verið minnzt bæði af mér og fleirum á rasjónaliseringu, og hv. 3. þm. Reykv. taldi, að við ættum ekki að vera að rasjónalisera eitt og eitt fyrirtæki og atriði, heldur þyrfti að rasjónalisera allt þjóðfélagið. Ég skal nú benda honum á eina umbót, eina rasjónaliseringu, sem ég held að eigi að vinna að. Við höfum hér fjölskyldubætur, sem eiga fyrst og fremst að hjálpa þeim, sem eru barnmargir. Við höfum hér í okkar útsvarslögum frádrátt á útsvari fyrir hvert barn. Við höfum í tekjuskattslögum sérstakan persónufrádrátt miðað við börn. Og við höfum niðurgreiðslur á vöruverði, sem í meginefnum eru auðvitað miðaðar við það að hjálpa þeim fátækari og þeim barnmörgu. En er í rauninni ekki allt þetta eitt og hið sama, þegar það er kannað niður í kjölinn, og væri það ekki athugandi að reyna að sameina alla þessa fyrirgreiðslu þjóðfélagsins, sem fyrst og fremst á að miðast við þá fátækari og barnafjölskyldurnar, e. t. v. sameina þetta: fjölskyldubætur, barnafrádrátt í útsvörum og tekjuskatti og niðurgreiðslur, undir eitt, þannig að það kæmi raunverulega lágtekjumönnum og barnafjölskyldum fyrst og fremst til góða, en rynni ekki til hátekjumanna, sem ekki þurfa á því að halda? Mér hefur virzt, að hér væri vissulega verkefni fyrir hagsýslu og rasjónaliseringu. En mér eru það nokkur vonbrigði, að hv. þm. skuli taka svona ábendingu um það, að rétt sé að athuga þetta atriði í sambandi við niðurgreiðslurnar, hvort ekki sé hægt að verja betur því fé, sem fer gegnum niðurgreiðslurnar til hátekjumannanna, sem ekki þurfa á þeim að halda.

Hv. þm. virtist skilja ræðu mína svo, að ég hefði boðað hækkun á söluskatti. Ég minntist ekki á það mál. Ég sagði, að þær miklu launahækkanir, sem hefðu orðið nú og væru í uppsiglingu, kölluðu á ýmsar efnahagsaðgerðir eftir áramótin. Ég minntist ekki á neina skatta í því sambandi. En þetta gaf hv. þm. tilefni til þess að ræða nokkuð um söluskatt, sem hann sagði að þýddi verðbólgu, og hann orðaði þetta mjög vel, að maður uppskeri verðbólgu, þegar maður sáir söluskatti. Og þá dettur mér annað í hug. Í því þjóðskipulagi, sem hann dáir mest, hinum svokölluðu alþýðulýðveldum, er það einhvern veginn svo einkennilegt, að þar er tekjuþörf ríkisins fyrst og fremst fullnægt með sölusköttum. Það eru fyrst og fremst tollar eða álagning innflutningsfyrirtækja í höndum ríkisins eða söluskattar. Þetta er náttúrlega allt mjög svipað, þetta eru skattar af neyzluvörum almennings, hverju nafni sem þeir heita. En það er vitað mál, að í Sovétríkjunum er yfirgnæfandi meiri hl. af öllum tekjum ríkisins fenginn með slíkum söluskatti. Að vísu er það rétt, að söluskattsálagningin og innheimtan í Sovétríkjunum og alþýðuveldunum skapar ekki verðbólgu. Þó að þeir sái þar söluskatti, uppskera þeir ekki verðbólgu, vegna þess að þeir hafa á einni hendi alla stjórnina á öllum þáttum efnahagslífsins og ekki aðeins það, heldur hafa á þeirri sömu hendi líka ekki aðeins lögregluna, opinbera og leynilega, heldur líka dómsvaldið til þess að tryggja það, að þau öfl séu nægjanlega fljótt tekin úr umferð, sem kynnu eitthvað að æmta eða skræmta.

Hv. 3. þm. Reykv. komst hér mjög skemmtilega að orði. Eftir að hann var búinn að dásama það, hvað ríkisvaldið þyrfti að hafa miklu meiri afskipti af borgurunum í þjóðfélaginu, eins og við vitum að er hans draumsýn, þá

minntist hann á eitt af sínum uppáhaldsefnum, sem heitir Framkvæmdabankinn og hann taldi nú botnlanga í þjóðfélaginu með sívaxandi meinsemd og skemmd. Og svo orðaði hann þetta svo skemmtilega: Framkvæmdabankinn er látinn halda lífi. Þessi botnlangi er ekki skorinn í burtu. — Svo bætti hann við: Svona er ríkisvaldið. Þegar búið er að koma einni vitleysu inn í það, hangir hún þar árum saman og endalaust. — Þetta er ákaflega rétt lýsing, því miður, þetta er allt of algengt. En þegar maður hefur nú þessa miklu meinsemd og ágalla á allt of sterku og víðtæku ríkisvaldi í huga, sem hv. 3. þm. Reykv. lýsti svona vel, þá er ekki víst, að menn verði svo sérstaklega óðfúsir í það að auka stórkostlega þetta ríkisvald og ekki aðeins auka það, heldur gera einn aðila, hinn alvalda, einráða flokk öreiganna, kommúnistaflokkinn, einvaldan yfir öllum þáttum ríkisvaldsins.

Hv. 1. þm. Austf. og hv. frsm. 1. minni hl., 3. þm. Vesturl., gerðu nokkur atriði úr ræðu minni hér áðan að umtalsefni. Í rauninni svöruðu þeir harla litlu meginatriðum í ræðunni, og skal ég láta mér nægja örfá svör til þeirra.

Ég hafði gert nokkurn samanburð á útgjöldum ríkisins 1958 og fjárlagafrv. fyrir 1964, eins og það væntanlega verður. Og nú halda þeir því báðir fram, að sá samanburður sé rangur og villandi, vegna þess að ég miði við ríkisreikninginn 1958, en fjárl. væntanlegu fyrir 1964. Ég skal skýra frá því, hvers vegna ég geri þetta. Ég geri það af þeirri einföldu ástæðu, að það liggur fyrir, hver urðu hin raunverulegu útgjöld ríkisins á árinu 1958. Þegar þau liggja fyrir í ríkisreikningi, hvaða rök mæla þá með því að vera að miða við áætlun um útgjöldin, sem fjárlögin eru. Vitanlega er sá rétti samanburður 1958 að taka útgjöldin eins og þau urðu. Varðandi árið 1964 er það ekki hægt af skiljanlegum ástæðum. Það verður auðvitað að miða við áætlunina, meðan árið er ekki á enda. Varðandi þennan samanburð að öðru leyti hafa hv. þm. ekki réttar tölur til viðmiðunar frá árinu 1958, jafnvel þó að þeir miðuðu við fjárlög fyrir það ár, vegna þess að við útgjöld fjárl. virðast þeir aðeins bæta útgjöldum vegna niðurgreiðslu innanlands á vöruverði, en sleppa útgjöldum vegna útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir, sem þá voru greiddar að vísu af útflutningssjóði, en nú eru greiddar úr ríkissjóði og á því að hafa hér til samanburðar. Þegar við tökum fjárlagaútgjöldin ásamt niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum landbúnaðarvara, urðu útgjöldin 955 millj. á árinu 1958, ekki 882 millj., eins og segir í nál. Framsfl. Ef við tökum ríkisreikninginn, munar þetta 130 millj. og verða þá 1084 millj. eða um það bil. Hv. frsm. 1. minni hl. vitnaði í bókina Viðreisn, sem ríkisstj. gaf út á sínum tíma, bls. 31, og þar segir á bls. 31: „Það hefur áhrif á afkomu ríkissjóðs, ef útflutningssjóður leggst niður og ríkissjóður verður að taka við þeim niðurgreiðslum á innlendum vörum, sem útflutningssjóður hefur staðið straum af undanfarin tvö ár. Þessar niðurgreiðslur eru áætlaðar 265 millj. árið 1960. Á móti þessu kemur, að ríkissjóður losnar við að greiða framlag til útflutningssjóðs. Það nam 152 millj. árið 1959. Hrein útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna afnáms útflutningssjóðs nemur því um 113 millj. kr.“ Þetta vitnar hv. þm. í, og þetta er alveg rétt tilvitnun, rétt hjá honum og rétt í bókinni Viðreisn. En bara það, sem skakkar, er, að við erum að bera saman árin 1958 og 1964, en þessi tala, 113 millj., er um breytinguna frá árinu 1959 til 1960 og kemur því ekkert þessu máli við.

Hv. þm. Framsfl. hafa mótmælt þeim ummælum mínum, að hafa yrði í huga, þegar rætt er um hækkanir fjárl., að 1960, þegar efnahagsaðgerðirnar voru samþykktar, hefði þessi flokkur, Framsfl., ef hann hefði orðið við völd áfram, að sjálfsögðu hækkað skatta og álögur á landslýðnum. Hv. frsm. 1. minni hl. sagði, að þetta væri þvert á móti staðreyndum, því að Framsfl. hefði viljað fara út úr uppbótaleiðinni í áföngum. Hvað er nú til í þessu? Það er ljóst, að 1960 var Framsfl. andvígur afnámi uppbótakerfisins, vegna þess að hann lagðist á móti öllu, sem var nauðsynlegt til þess að nema það úr gildi. Hann var á móti því að leiðrétta gengið, hann var á móti vaxtahækkuninni, og hann var á móti öðrum aðgerðum á sviði peningamála og fjármála, sem voru undirstaða þess, að hægt væri að afnema uppbótakerfið gamla. Þetta kom líka allt saman fram í ræðum og nál. Ég skal t. d. vitna í nál. 2 minni hl. fjhn. Ed., Karls Kristjánssonar, um frv. um efnahagsmál í febr. 1960. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá efnahagserfiðleika, sem við er að fást á líðandi stundu, telur Framsfl. að hægt sé að leysa án þess að grípa til grófra aðgerða. Hann telur, að þetta megi vel takast með því að draga nokkuð úr fjárfestingu, sem getur að skaðlitlu beðið um stund, og með því einnig að auka skattlagningu á eyðslu, sem ekki er nauðsynleg.“ M. ö. o.: þarna voru ráðin þau, ef ráð skyldi kalla, annars vegar að draga úr verklegum framkvæmdum, og kemur það náttúrlega allvel heim við boðskapinn nú, og hins vegar með því að auka skattlagninguna. Ég held, að það þurfi í rauninni ekki frekar vitnanna við um, að þetta var stefna Framsfl. þá og kom fram, þá sjaldan hægt var að knýja hann til þess að gera einhverja grein fyrir stefnu sinni, en vitanlega var honum það örðugt, því að stefnan var svo óljós í huga framsóknarmanna sjálfra.

Hv. 1. þm. Austf. spurði og krafðist svars, hvort stjórnin ætlaði að minnka niðurgreiðslurnar. Ég var búinn að svara þessu í minni fyrri ræðu. Ég svaraði því, að þegar fjárlfrv. var samið, var gert ráð fyrir, að niðurgreiðslur yrðu minnkaðar á árinu 1964, og við það er fjárlagafrv. miðað. Þegar efnahagsmálin í heild koma til meðferðar nú eftir áramótin, verður að gera það upp við sig: Eigum við að minnka niðurgreiðslurnar þannig, að upphæðin í fjárlögum nægi, eða á að halda niðurgreiðslunum,

og þá þarf að gera ráðstafanir til fjáröflunar í því skyni? Það verður einnig liður í efnahagsmálaaðgerðunum. Þetta tók ég fram hér í minni fyrri ræðu og endurtek hér með.

Ég skal fara að stytta mál mitt, en vil þó minnast á eitt. Bent var á það og sannað skýrum rökum, að fullyrðingar hv. framsóknarmanna um samdrátt verklegra framkvæmda fá ekki staðizt, það er ekki heil brú í þeim. Það er ekki aðeins, að framlög til verklegra framkvæmda síðan 1958 hafi aukizt sem svarar hækkun tilkostnaðar, sem við skulum segja að sé um 50%, heldur hafa þessar verklegu framkvæmdir eða fjárframlög til þeirra tvöfaldazt, þrefaldazt, fjórfaldazt og fimmfaldazt, eins og ég sýndi fram á í minni ræðu. Hver eru svörin? Formaður Framsfl. talaði hér strax á eftir. Hann lýsti því bara yfir, að allir vissu það, að stórkostlegur samdráttur væri í verklegu framkvæmdunum og fjárframlögunum til þeirra. Meira þurfti ekki. Þessir tveir þm. hafa nú talið, að það væri ekki mikið að miklast af, þótt það væri stóraukið vegafé ákveðið nú með vegal. nýju, með nýjum skattaálögum, og hv. frsm. 1. minni hl. orðaði þetta svo og beindi máli sínu til mín: Vegakerfið er allt að grotna niður undir handleiðslu þessa ráðh. — Auðvitað var allt í sómanum, þegar stjórnin tók við, það er ekki að efa. En það vill svo einkennilega til, að ég hef hér fyrir framan mig frv. nokkurt, sem þáv. formaður Framsfl. ásamt tveim flokksbræðrum sínum í Ed., þ. e. a. s. þeir Hermann Jónasson, Páll Þorsteinsson og Sigurvin Einarsson fluttu bæði á þinginu 1959 og 1960, sem sagt í byrjun síðasta kjörtímabils, þegar núv. ríkisstj. var að taka til starfa. Og hvað segir í þessu frv.? Það er lagt til, að á árunum 1960—1964, að báðum meðtöldum, skuli verja árlega 6 millj. kr. umfram fjárveitingar á fjárlögum til nýbyggingar þjóðvega á Vestfjörðum og Austurlandi, alls 30 millj. kr. Og hver eru rökin fyrir því? Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp aðeins glefsur úr grg. Þar segir svo:

„Viðunandi vegakerfi í byggðum landsins er eitt meginskilyrði fyrir því, að atvinnulíf geti þrifizt og byggð haldizt. Athugun leiðir því miður í ljós, að ýmis byggðarlög hafa dregizt svo mjög aftur úr í þessu efni, að ekki verður við unað lengur."

Síðan segir, þegar lýst hefur verið fjárveitingum til vegagerðar:

„Þetta hefur leitt til þess, að þar sem strjálbýlið er mest og jafnframt kostnaðarsamast að koma á vegasambandi, er nú vegasambandslaust á stórum svæðum. Afleiðingin er yfirvofandi brottflutningur þess fólks, sem býr á þessum landssvæðum, því að það sér fram á, að ef ekki er gert sérstakt heildarátak í þessum efnum, en aðeins unnið að vegagerðinni með svipuðum hraða og verið hefur, þá líður langur tími, þangað til vegasamband er komið á. En vegleysi þýðir það, að skref er að sumu leyti stigið aftur á bak. Þeir, sem hafa ekki vegasamband, hafa því allt aðra aðstöðu en aðrir þegnar þessa þjóðfélags. Í því er ekkert réttlæti. Við það unir fólk ekki til lengdar að láta setja sig skör neðar en aðra. Það flytur burt af þessum svæðum. Þegar það hefur gerzt, er ekki auðvelt að koma landinu í byggð aftur. Frv. þetta er borið fram í því skyni að reyna að byrgja brunninn í tíma."

Svo segir nú í grg. fyrir frv. framsóknarmanna. Og þegar til umr. kemur, hafði orð fyrir frv. 2. flm., Sigurvin Einarsson, og hann lýsir ástandinu í vegamálum á Vestfjörðum mjög átakanlega. Hann segir: „Samkv. þeim skýrslum, sem vegamálastjóri lagði fram, kom í ljós, að hið mesta misræmi ríkir í vegamálum milli héraða. Afleiðingarnar leyna sér ekki heldur, ef litið er á atvinnu- og framleiðsluskilyrði þess fólks, sem þarna býr, eða ef litið er á brottflutning fólks úr þessum byggðarlögum, sem búa við bágborið ástand í vegamálum. Við flm. þessa frv. sjáum ekki aðra leið færa til þess að bæta úr þessu misræmi en þá að taka innlent lán í þessu skyni. Á þann hátt bætir hið opinbera að nokkru fyrir það, að misgert hefur verið við fólk eftir því, hvar það hefur búið í landinu. Því fer þó víðs fjarri, að jafnvægi verði komið á milli landshluta í þessum efnum, þótt samþ. verði það frv., sem hér er flutt, en það er þó verulegur áfangi til þess að rétta hlut þeirra, er erfiðasta aðstöðu hafa í vegamálum."

Lýsingin er sem sagt sú á árinu 1959, þegar frv. er fyrst flutt og talað fyrir því, að það er ekki aðeins vegasambandslaust á stórum svæðum á Vestfjörðum og Austurlandi og hið mesta hörmungarástand í vegamálum, heldur hafa hinar strjálu byggðir verið beittar hinu mesta misrétti gagnvart öðrum héruðum. Fyrir því er þetta frv. flutt. En hverjir höfðu þá stjórnað vegamálunum undanfarin ár? Í undanfarin 9 ár, frá 1950—1958, hafði Framsfl. allan þann tíma samfleytt haft bæði fjmrh. og vegamálaráðh. Árangurinn sést í grg. og framsöguræðu fyrir þessu frv.

Nú kemur hv. frsm. 1. minni hl. og heldur því fram, að auðvitað hafi þá, þegar núv. stjórn tók við völdum, allt verið í sómanum, en undir handleiðslu minni, eins og hann orðar það, sé allt vegakerfið að grotna niður, svo að hreinasta hneyksli sé og óviðunandi.

Hv. frsm., 3. þm. Vesturl., var mjög hneykslaður á því í ræðu sinni hér áðan, að ég skyldi leyfa mér að halda þessa ræðu um fjárl., þegar komið væri svona nærri jólum. Ég skal nú segja honum það, að ein meginástæðan fyrir því, að ég flutti ekki þessa ræðu, sem ég flutti áðan, við 2. umr., er sú, að þegar hann flutti sína ádeiluræðu um mjög margt hér um daginn, þá hafði ég ekki við höndina hér gögn, sem þurfti til þess að afsanna margt í hans staðhæfingum. En út af þessum ummælum hans, að ég sé að spilla einhverri jólahelgi með því að leyfa mér að halda ræðu núna nokkrum dögum fyrir jól, þá sé ég ekki, að það hafi verið neitt ókristilegt í ræðu minni. Ég held, að það sé ekki neitt óguðlegt að gefa réttar upplýsingar, leiðrétta misskilning og

ranghermi, enda var það klerkur góður og guðhræddur, sem sagði á sinni tíð, að skylt væri að hafa það heldur, er sannara reynist, og að minnsta kosti vona ég, að þessar ræður mínar í dag trufli ekki jólagleði þessa hv. þm. og hann megi njóta gleðilegra jóla þrátt fyrir það.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þessar deilur, sem hér hafa orðið um fjárlögin almennt, enda er nú liðið mjög á kvöldið. En ég á hér nokkrar brtt. við fjárl., sem raunar eru fluttar með samflokksmönnum mínum úr Norðurl. e., og ég vil aðeins leyfa mér að minna á þessar till. Þær eru, má segja, í þrennu lagi. Í fyrsta lagi er hér um að ræða nokkrar hækkunartill. vegna hafna í Norðurl. e., og auk þess er svo um að ræða tvær aðrar till., sem snerta samgöngumál og menningarmál í Norðurl. e.

Við höfum leyft okkur að leggja til, að framlag til Ólafsfjarðarhafnar verði hækkað um 100 þús. kr. frá því, sem er lagt til í frv. Í Ólafsfjarðarhöfn er enn geysimikið ógert og nauðsynlegt að hraða framkvæmdum sem mest til þess að gera þá höfn þannig úr garði, að hún geti komið Ólafsfirðingum að því gagni, sem þeim er nauðsyn. Svo sem kunnugt er, byggir Ólafsfjörður alla sína afkomu á sjávarútvegi, og óhætt er að fullyrða, að höfnin er þar mál málanna, þó að ýmislegt fleira sé í því byggðarlagi, sem einnig þarf að vinna að og koma fram. Það má segja, að Ólafsfjarðarkaupstaður sé fremur ungur sem slíkur, þó að byggð hafi verið í Ólafsfirði allt frá ómunatíð, en Ólafsfjarðarkauptún og síðar Ólafsfjarðarkaupstaður er þó tiltölulega ungur og hafnarframkvæmdir þar hefjast ekki fyrr en undir 1940 að nokkru ráði, og síðan hefur verið unnið þar að hafnarframkvæmdum nú um 20 ára skeið eða ríflega það. En mjög mikið vantar enn á, að búið sé að gera höfnina svo úr garði, að hún sé í því horfi, sem nauðsynlegt er, vegna þess að Ólafsfjörður er mikið sjávarpláss og hefur mikla útgerð og liggur að ýmsu leyti mjög vel við miðum, bæði eins og nú horfir við þorskveiði, svo og við síldarmiðunum. Það er sérstaklega nauðsynlegt nú að fara að ljúka við síldarplanið og bryggjur, og einnig þarf að gera við þær skemmdir, sem urðu á höfninni fyrir tveimur árum og enn er ógert við. Það er því till. okkar nú, að allmiklu meira fé verði varið til þessarar hafnar heldur en lagt er til á frv. Raunar hljóðar tillaga okkar ekki um háa upphæð, því að við förum aðeins fram á, að það verði 100 þús. kr. meira en er á frv., en það mundi þó bæta verulega úr og minna á þá staðreynd, að í Ólafsfirði er margt enn ógert.

Önnur höfn við Eyjafjörð, sem við leggjum til að verði hækkuð í fjárl., er Dalvíkurhöfn. Það má segja hið sama um hana og um Ólafsfjörð, að þar er mikið eftir að gera, þó að allmikið hafi verið gert nú að undanförnu. Þar er mjög mikið eftir að gera, og eftir því sem ég hef frétt, er ekki fyrirhugað að vinna verulega í höfninni á næsta ári að öðru leyti en því að hafa þar dýpkunarframkvæmdir, en þó er þar svo margt annað ógert, að nauðsynlegt er að setja meira fé í höfnina þar og fullgera hana sem allra fyrst. M. a. þarf að styrkja hafnargarðinn með því að bera í hann meira grjót, og vitum við, hvílík nauðsyn það er, eftir þann skaða, sem höfnin varð fyrir fyrir tveimur árum, að hafa garðinn ekki lengi þannig, eins og hann er nú, því að hann liggur sífellt undir skemmdum, ef slíkt óveður dynur yfir eins og var fyrir tveimur árum.

Svo eru tvær aðrar hafnir við Eyjafjörð, sem þurfa á því að halda að fá enn nokkuð aukið fjármagn, þó að framkvæmdir þar séu raunar komnar lengra áleiðis heldur en þær tvær hafnir, sem ég hef áður nefnt. Það eru Árskógssandur og Hrísey. Þar er að vísu búið að gera mikið nú, og í Hrísey má segja, að framkvæmdum sé lokið í bili, en miklar skuldir eru þó á höfninni og því nauðsynlegt að létta undir með Hríseyjarhöfn af hálfu ríkisins sem frekast er kostur, því að enn skuldar ríkissjóður mikið fé í þá höfn. Og sama er að segja um Árskógssand, þar skuldar ríkissjóður að sjálfsögðu enn verulegar upphæðir og því nauðsynlegt að leggja svo mikið sem frekast er kostur til hafnarinnar, auk þess sem þar á eftir að vinna enn nokkurt verk, til þess að höfnin sé komin í það horf, sem hún þarf að vera.

Ein till., sem ég nefndi hér áðan og við flytjum, þm. Framsfl. úr Norðurl. e., varðar Múlaveg, en svo sem kunnugt er, hefur Múlavegur verið í byggingu undanfarin a. m. k. 9 ár. Ég held, að fyrsta framlag til Múlavegar hafi komið á fjárlög árið 1954, og síðan hefur verið unnið þar að framkvæmdum, og nú er svo komið, að það er tiltölulega stuttur vegarspotti eftir til þess að tengja saman endana milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, en þó er það sá spotti, sem erfiðastur er, og reikna má með, að í þennan veg vanti enn margar milljónir, og ef dýrtíðin vex eins og undanfarin ár, er hætt við, að sú upphæð eigi eftir að hækka í krónutölu fremur en hitt.

Á 22. gr. fjárl. er heimildarákvæði til handa ríkisstj. að taka lán til þriggja tiltekinna vega, þ. e. Ennisvegar, Strákavegar og Múlavegar. Til Ennisvegar heimilast ríkisstj. að taka allt að 12 millj. kr. lán og til Strákavegar 6 millj. kr. lán, en til Múlavegar 1 millj. kr. lán. Það er till. okkar, að þessari grein verði breytt þannig, að til Múlavegar heimilist að taka 2 millj. kr. lán. Má segja, að það sé ekki mikið í lagt miðað við þá framkvæmd, sem þarna er um að ræða.

Ég minntist áðan á nauðsyn hafnarinnar fyrir Ólafsfjörð, og ég býst við, að allir Ólafsfirðingar séu mér sammála um, að það sé höfuðatriði fyrir þá, að hafnarframkvæmdunum sé haldið áfram og að þær komist í það horf, sem nauðsyn ber til. En hitt er líka jafnvíst, að Ólafsfirðingar mundu fagna því og munu fagna því hvað mest, þegar Múlavegurinn er fullgerður, og mun vera almennt álit Ólafsfirðinga, að þá breytist mjög öll aðstaða

Ólafsfirðinga, bæði í atvinnulegu tilliti og á annan hátt, eftir að sá vegur er kominn. Þá munu þeir tengjast þeim byggðum, sem þeir hafa alla tíð verið í nánustu sambandi við. Ólafsfjörður er gamall hluti úr Eyjafjarðarsýslu og hefur lengst af haft samband við Eyjafjörð, við Akureyri, um alla verzlun og samgöngur, og eins og nú háttar samgöngum við Ólafsfjörð, mundi þetta breyta mjög aðstöðu allri í Ólafsfirði, bæði grundvallaratvinnu þeirra, sjávarútvegi, og þó kannske ekki síður í sambandi við landbúnað þeirra, því að þá mundu skapast möguleikar fyrir Ólafsfirðinga að flytja mjólk alla leið til Akureyrar, því að leiðin er ekki svo löng, að það mætti ekki takast eftir Múlavegi. Og þess vegna er það, að það er hin mesta nauðsyn að hraða þessari framkvæmd. Múlavegur á nú senn 10 ára afmæli, fjárlagaafmæli, ef svo mætti segja. Afmæli hans mætti kannske miða við annað ár, því að það er lengra síðan farið var að mæla fyrir þessum vegi og kanna aðstæður fyrir honum, en það væri sannarlega full ástæða til þess nú á þessu 10 ára afmæli Múlavegar að auka fjármagnið til hans og m. a. með því að heimila ríkisstj. að taka allsæmilegt lán til vegarins, stærri lán en ríkisstj. leggur til hér í frv.

Fjórða till., sem við flytjum, varðar bókasafnsbygginguna á Akureyri. Svo sem kunnugt er, er eitt elzta bókasafn á landinu staðsett á Akureyri, gott og mikið safn, sem er kallað Amtsbókasafnið og fyrsti vísir þess mun hafa verið lagður í kringum 1800, og munu fá eða e. t. v. engin söfn eldri en þetta safn. Og þetta er ein aðalmenningarstofnun Norðurlands, Amtsbókasafnið á Akureyri, og þess vegna full ástæða til að búa því þær aðstæður, sem hæfa slíkri stofnun. Nú hefur verið ráðizt í byggingu safnhúss og búið að byggja nokkuð af húsinu. Það er áætlað, að bókasafnið komi til með að kosta 7—8 millj., þegar það er fullgert, en ef safnsbyggingin þarf að dragast mjög á langinn, sem allt bendir til, vegna fjárskorts, er þó hætt við, að safnsbyggingin verði enn dýrari, og við það bætist, að það er mjög erfitt um útvegun fjármagns til safnsins og óvíst um það, hvernig gengur á næsta ári að halda áfram byggingunni. Það er skylt að minnast þess, að ríkisstj. veitti til þessarar safnsbyggingar sem afmælisframlag, sem kallað var, á fjárl. í fyrra 1 millj. kr. Var það vitanlega þegið með þökkum og sýndi rausn ríkisstj. í garð Akureyrar á merku afmæli. En hitt er jafnvíst, að þessi safnsbygging þarf eigi að síður á að halda áframhaldandi fjárstuðningi, því að svo lítið kemur úr opinberum sjóðum til styrktar svo stórri framkvæmd, að það dregur næsta lítið. Við leggjum því til, að nú á fjárlögum verði lagðar til bókasafnsbyggingarinnar á Akureyri 300 þús. kr., og ef það yrði samþykkt, er þess að vænta, að slíkt framlag mætti haldast næstu árin, þangað til þessi bygging er komin upp. Það er varla verið að skapa þarna neitt sérstakt fordæmi, því að þessi bókasafnsbygging á Akureyri hefur á margan hátt sérstöðu. Hún hefur sérstöðu að því leyti til, að þarna er um stærra safn, stærri byggingu og meiri að ræða heldur en yfirleitt er, þegar byggt er yfir söfn úti um landsbyggðina, fyrir utan það, að þarna er um að ræða styrk við menningarstarfsemi í höfuðstað Norðurlands, og þess vegna má líta á það sem tillag ríkisins til þess að efla menningarlíf í norðlenzkum byggðum, ekki aðeins á Akureyri, því að vitanlega mundu allir Norðlendingar njóta þessa safns, og ég hygg því, að hið verðugasta verk, sem ríkið gæti gert, væri að veita a. m. k. þá upphæð, sem við leggjum til, og mætti þó meira vera.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það var á fyrstu dögum þessa vetrar, sem við þm. úr Norðurl. v. fengum sendibréf norðan frá Siglufirði, frá bæjarstjóranum þar. Í þessu bréfi skýrir hann okkur frá samþykkt, sem gerð hafi verið á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar 29. okt. í haust, og hún fól í sér áskorun til þm. úr kjördæminu um að beita sér fyrir því, að fjárveiting ríkisins til hafnarframkvæmda í Siglufirði á fjárl. ríkisins 1964 verði ekki undir 2 millj. kr. Í bréfi bæjarstjórans er frá því skýrt og færð rök fyrir því, að það sé mikil þörf fyrir þetta fé. Í fyrsta lagi telur hann, að nauðsynlegt sé að vinna að áframhaldandi uppbyggingu innri hafnarinnar, sem svo er nefnd. Í hana sé þegar komið stórfé og nauðsynlegt sé að koma því sem fyrst í arðbæra notkun. Þá er í öðru lagi endurbygging öldubrjótsins, sem sé ónýtur orðinn og hafi verið önnur aðalupp- og útskipunarbryggja kaupstaðarins. Og svo nefnir hann í þriðja lagi lokaátakið í endurbyggingu hafnarbryggjunnar, en allt eru þetta verk, sem þarfnast mikilla fjármuna, en hafa mjög mikla þýðingu, öll þessi hafnarmannvirki, fyrir Siglufjarðarbæ.

Ég geri ráð fyrir því, að Siglfirðingar hafi orðið fyrir vonbrigðum, þegar fréttist um till. hv. fjvn. um fjárframlög til hafnarinnar þar, því að þar var lagt til, að veittar yrðu aðeins 600 þús. kr. í þetta, og segir það lítið til að mæta þörfinni. Þetta var samþykkt við 2. umr. Fjárveitingin í hafnarmannvirki og lendingarbætur er nú, ef ég man rétt, á frv. 17 millj. 550 þús., og þessu hefur hv. nefnd skipt á milli rúmlega 50 staða. Og þar fær engin höfn meira en 700 þús. kr., það er hámarkið. Nokkrir staðir fá þá upphæð. Við 2. umr. bar hv. 5. landsk. þm. fram brtt. viðkomandi Siglufjarðarhöfn, aðaltill. og varatill., um verulega hækkun á framlagi þangað. Till. voru báðar felldar. En rétt þykir nú, þó að ekki blási byrlega fyrir þessu hagsmunamáli Siglfirðinga, að gera smátilraun til að fá ofur litla hækkun á þessu framlagi, og því er það, að við þrír þm. Norðurl. v., ég ásamt þeim hv. 3. og hv. 5. þm. kjördæmisins, höfum leyft okkur að bera fram brtt. um þetta efni á þskj. 178. Við leggjum þar til, að fjárveitingin verði hækkuð um 100 þús. kr., það er ekki meira, sem við förum fram á, úr 600 þús. í 700 þús., þannig að Siglufjörður komist í hæsta flokkinn. Við teljum, að hann verðskuldi þetta fyrir margra hluta sakir, sá ágæti

staður, að vera þarna í efsta flokki með 700 þús kr., og við gerum okkur nokkrar vonir um, að hv. alþm. geti á þetta fallizt.

Fleiri brtt. eru það ekki, sem ég hef hér til að mæla fyrir, og mundi litlu breyta um útkomuna á fjárl., þótt á hana væri fallizt, þessa einu.

Hæstv. fjmrh. flutti hér ræðu fyrir fáeinum mínútum. Hann brá sér þá til Svíþjóðar. Líklega eru stjórnarhættir þar nokkuð öðruvísi en hér á landi um þessar mundir. Þeir leggja ekki eins mikið kapp á það, Svíarnir, að ná jafnvægi í efnahagsmálum með gengisfellingum og hækkandi álögum í ótal myndum eins og íslenzka ríkisstj. Trúlega telja Svíar sér ekki til hagsbóta að taka íslenzku ríkisstj. til fyrirmyndar, og íslenzka ríkisstj. telur sig víst ekki heldur þurfa að læra neitt af Svíum. Það er nú eiginlega heldur lakara fyrir okkur. En meðan svona stendur, sýnist þýðingarlítið að reyna að gera samanburð á stjórnarháttum þessara tveggja þjóða, meðan hvorug vill taka hina til fyrirmyndar.

Það var mikill völlur á hæstv. fjmrh. fyrst eftir að hann kom í ríkisstj. Manni skildist af ræðum hans á þingi um fjármál, að nú ætti að renna upp ný öld sparnaðar og hagsýni í ríkisrekstrinum á öllum sviðum. Hann talaði um, að koma þyrfti á fót hagsýslustofnun, sem hann nefndi svo. Og þetta mun hafa verið gert. En í ræðu sinni hér í dag sagði hæstv. ráðh., að því miður hefði verið lítill skilningur hjá stjórnarandstöðunni á nýtízkulegum hagsýsluvinnubrögðum. Honum þótti þetta miklu miður. Hann sagði, að það hefði verið farið inn á nýjar brautir hin síðari ár, unnið í kyrrð og ró, ekki með hraða, en að staðaldri. Og hann sagði, að eðli hagsýslunnar væri það, að hún væri seinunnin.

Hæstv. ráðh. var með nokkurn samanburð á útgjöldum fjárl. fyrr og nú í ræðu sinni hér í dag. Ég geri ráð fyrir, að við séum sammála um það, þm., að það skipti miklu máli, ef hægt er að spara í ríkisrekstrinum, og ýmsir hafa sennilega gert sér góðar vonir um, að það yrði gert undir stjórn núv. hæstv. fjmrh. Þeir hafa byggt þessar vonir á því, hvernig hann talaði í upphafi sinnar ráðherratíðar. Sjálfsagt höfum við verið sammála um, að það, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, sé, ef það sé hægt að spara eitthvað við stjórn á ríkisbúskapnum, sjálfa yfirstjórnina. Menn vilja fá, sem eðlilegt er, sem mest af ríkisfé til nauðsynlegra framkvæmda, það er allt annað mál, en hitt skiptir afar miklu, að það sé gætt hagsýni og reynt að spara, eftir því sem unnt er, í stjórn á þessu stóra búi.

En hvernig hefur þá til tekizt fyrir hæstv. ráðh. og hans hagsýslu á undanförnum árum í þessu efni? Ég gerði það nú í kvöld hér undir umr., að ég fór að athuga fjárl. nokkur síðustu árin, og ég tók aðeins eina grein fjárl. til athugunar, það er 10. gr. Þar er fært það fé, sem veitt er til ríkisstj., og það er í tveimur aðalliðum, það er stjórnarráðið og utanríkismál. Það hefði verið fróðlegt að taka líka næstu gr. á fjárl., sem er 11. gr., hún er mjög skyld þessari að því leyti, að þar er færður stjórnarkostnaður á þjóðarheimilinu. Þar er kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn og skattaálögur og skattainnheimtu og annað slíkt. En mér gafst nú ekki tími til þess í kvöld, það mætti gera þetta síðar. En ég athugaði, hvernig þetta væri með 10. gr., kostnaðinn við ríkisstj. undanfarin ár samkv. fjárl.

Fyrst er frá því að greina, að árið 1958 voru fjárveitingar á þessari grein 25.3 millj. Þá var ég búinn að bæta þar við nokkurri upphæð, sem á því ári var færð á 17. gr. fjárl., það voru vissir liðir viðkomandi utanríkismálum, sem síðan hafa verið færðir á 10. gr., og ég bætti þeim þarna við, til þess að samanburðurinn væri réttur. Þetta voru 25.3 millj., sem fóru til ríkisstj. 1958 samkv. fjárl. fyrir það ár. 1959 hækkar þetta upp í 31.3 eða um 6 millj. Og svo kemur nú hæstv. núv. fjmrh. til skjalanna, og á fyrsta ári hans, 1960, hækkar þetta á fjárl. um tæpar 11 millj., upp í 42, þessi grein. En svo skeður nú það merkilega á næsta ári, að 1961 nær hann ekki alveg sínu fyrra meti, því að þá er upphæðin á fjárl. til ríkisstj. 230 þús. kr. lægri en árið áður, árið 1960. En þetta breyttist nú fljótlega aftur, því að 1962 er þessi gr. fjárl. komin upp í 48.7 millj. og 1963, á því ári, sem nú er bráðum búið, er þessi gr. á fjárl. 50.7 millj. Svo fer nú heldur að kárna gamanið. Ég var að athuga fjárlfrv. nýja núna eftir 2. umr., og ég tók þar með till. til breyt. á 10. gr., sem hv. fjvn. hefur lagt fram og reiknar nú með að verði samþykktar á morgun, og verði það gert, þá er þessi gr. komin upp í 68.2 millj. Þannig lítur þetta þá út: 25.3 millj. 1958, 68.2 1964, þessi eina gr. á fjárl., kostnaðurinn við stjórn ríkisins, stjórnarráðið og utanríkismál.

Já, hann segir, að hagsýslan vinni ekki með hraða, en að staðaldri. Hún nuddar þetta jafnt og þétt, en ég verð nú að segja það, að mér finnst hraðinn hafa verið alveg nógur á þessu upp á við. Mér finnst það fyrir mitt leyti.

Hæstv. ráðh. virðist, ef dæma má eftir orðum hans hér í dag, bera mjög fyrir brjósti þá fátæku um þessar mundir og þá, sem hafa lágar tekjur. Það kom fram í ræðum hans báðum hér í dag. Hann finnur niðurgreiðslunum það til foráttu m. a., að þeir ríku og hátekjumenn njóti þeirra eins og hinir. En hvernig var með skattalagabreytinguna, sem hæstv. ráðh. beitti sér fyrir, skömmu eftir að hann kom í ríkisstj.? Fyrir hverja var breyt. á tekjuskattslögunum gerð? Var hún fyrir þá fátæku og lágt launuðu? Nei, þeir fengu ósköp lítið í sinn hlut af tekjuskattslækkuninni. Hinir fengu margfalt meira. Þeir ríku fá hins vegar ekki meira af niðurgreiðslunum en hinir fátæku. Þeir fá jafnmikið, en ekki meira. Það er nokkuð mikill munur, finnst mér, á þessu tvennu. Já, hæstv. ráðh. vill fara að vinna fyrir þá fátæku og lágt launuðu, og hann sagði m. a. í ræðu sinni áðan, að þarna væri verkefni fyrir hagsýslu að finna ráð til að hlynna að þessum, sem lakar væru settir í þjóðfélaginu. Já, þetta væri ágætt verkefni fyrir hans hagsýslustofnun. En ég er bara

svo óskaplega hræddur um það, að þarna komi þá fram náttúra hagsýslunnar, sem hann var að lýsa fyrr í dag, að hún sé ósköp sein í svifum og vinni ekki með neinum hraða. Ég er hræddur um, að það komi í ljós, gægist þar fram það eðli hennar, þegar hún á að fara að vinna fyrir þessa fátæku og lágt launuðu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér hafa verið haldnar þær ræður, m. a. af ráðh., hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh., sem ástæða væri til að svara. En nú er liðið nokkuð yfir miðnætti, og ég hef þar að auki undanfarnar nætur vakað meira en sofið og þm. vilja gjarnan fara að ljúka þingstörfum fyrir jólin, svo að sennilegt er, að réttara sé að fara ekki mikið út í að svara þessum ræðum, sem þó ættu það meira en skilið. Ég mun því fyrst og fremst í þetta sinn mæla hér fyrir nokkrum till., sem allar snerta umbótamál í Vestfjarðakjördæmi, en þessar till. flyt ég ásamt þeim hv. 1. þm. Vestf., Hermanni Jónassyni, og hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni. Þeir hafa nú þegar mælt fyrir þeim till., sem þeir eru fyrstu flm. að, og mun ég nú fara nokkrum orðum um þær till. á þskj. 185, sem ég er 1. flm. að.

Þarna er fyrst till. við 13. gr. C, þ. e. a. s. um hafnarbætur, og snertir till. Ísafjörð. Það er kunnugt, að Ísafjarðarhöfn er frá náttúrunnar hendi ein af beztu höfnum landsins. Ísafjarðarpollur hefur verið viðurkenndur sem ein bezta og fegursta höfn frá náttúrunnar hendi. En það eitt nægir ekki, hafnir eru meira en geymslustaðir skipa. Hafnir eiga að vera búnar út til þess að veita þjónustu atvinnulífinu, og vegna þess verður jafnvel á stað eins og á Ísafirði að byggja dýr og mikil hafnarmannvirki. Á undanförnum árum hefur á Ísafirði verið unnið að mikilli stækkun á bátahöfninni og byggður þar mikill hafnarbakki og framkvæmd mikil dýpkun bátahafnarinnar. Ísafjörður á mikinn og góðan fiskiskipaflota og Ísafjörður er mesti verzlunarstaður og einn af mestu útgerðarstöðum á Vestfjörðum. Að þessari höfn ber því vel að búa. Á fjárlfrv. núna eru 450 þús. kr. til Ísafjarðarhafnar. En allmörg smákauptún víðs vegar um landið hafa fengið ekki aðeins þá upphæð núna á fjárl. til hafnarbóta hjá sér, heldur miklu hærri upphæðir. Ég tel, miðað við þær framkvæmdir, sem þarna hafa verið unnar á undanförnum árum og verður að vinna í framhaldi af því til umbóta í Ísafjarðarhöfn, fjarri lagi að veita ekki hærri upphæð til þessara nauðsynlegu mannvirkja, sem standa þarna undir miklum framleiðsluverðmætum. Og leggjum við því til, að framlag til Ísafjarðarhafnar verði 700 þús. kr. í stað 450 þús.

Í annan stað leggjum við til, að fjárveiting til Patreksfjarðarhafnar verði 550 þús. kr. í staðinn fyrir 300 þús. kr., sem nú er lagt til að þessi fjárveiting verði á fjárl. ársins 1964.

Á Vatneyri við Patreksfjörð hefur verið byggð höfn með sérstökum hætti. Það hefur verið grafinn inn í hina svokölluðu Vatneyrartjörn skipgengur skurður, og síðan var ætlunin að grafa upp Vatneyrartjörnina og byggja þar hafnarbakka og myndarlega hafnaraðstöðu. Þetta verk er nokkuð á veg komið og höfnin tekin í notkun fyrir alllöngu, en þó er langt frá því, að þetta mikla hafnarmannvirki sé fullgert. Það er líklega sanni nær, að verkið sé tæplega hálfnað. Bygging slíkrar hafnar, sem þarna hefur verið ráðizt í, kostar vitanlega tugi millj., en sum undanfarin ár hafa samt verið ætlaðir nokkrir tugir þús. kr. til umbóta í Patreksfjarðarhöfn. En nú er nokkuð bætt úr frá því, sem var á síðustu 2 árum, er Patreksfjarðarhöfn eru ætlaðar 300 þús. kr. Við teljum þetta allt of lága upphæð og leggjum til, að Patreksfjarðarhöfn fái 550 þús. kr., og er sú upphæð þó margsinnis of lág.

Þriðja till. okkar er um fjárveitingu til Suðureyrarhafnar við Súgandafjörð. Suðureyri er mikil útgerðarstöð. Þar býr harðduglegt fólk. Þeir eiga, Súgfirðingar, mikinn og góðan fiskiflota, en hafnaraðstaðan hefur verið þar mjög erfið. Fjörðurinn er stuttur og liggur fyrir opnu hafi, og bátaflotinn hefur verið þar undir áföllum vegna lélegra hafnarskilyrða. Nú fyrir tveim árum réðust Súgfirðingar í það að grafa innanvert við Suðureyri bátahöfn, og er því verki langt komið. Þetta hefur kostað margar millj., og er þó eftir, svo að fullgerð sé þessi bátahöfn, að leggja til þess mannvirkis margar millj. í viðbót. Skuldir hvíla þungt á þessu tiltölulega fámenna plássi vegna hafnarinnar, og ríkissjóður þarf því að gera sitt ýtrasta til, að þessu mannvirki verði lokið á fáum árum, svo að full not verði af hinu dýra mannvirki. Á fjárl. er núna till. um, að Suðureyrarhöfn fái 200 þús. kr. Við leggjum til, að þarna verði fjárveitingin 600 þús., og er það áreiðanlega sízt um of djúpt í ár tekið. Ég hef fylgzt með því, að síðan Súgfirðingar urðu að hætta áframhaldi þessarar mannvirkjagerðar, hefur sá hluti verksins, sem lokið var, orðið fyrir stórkostlegum skemmdum og heldur áfram að skemmast, ef ekki verður hægt að ganga þar betur frá hafnargörðum. 200 þús. kr. eru því hláleg upphæð til mannvirkis eins og Súgandafjarðarhafnar og kemur að litlu gagni, er naumast hægt að firra þann hluta verksins, sem þegar hefur verið unnin, skemmdum og sköðum.

Þá er fjórða till. okkar um hafnarbætur á Tálknafirði. Á seinustu árum hefur vaxið upp myndarlegt þorp innan við Sveinseyri í Tálknafirði. Þar hafa verið byggð hafnarmannvirki, sem líklega eru hvergi á Íslandi eins myndarleg miðað við mannfjöldann, sem þarna býr. Þarna hefur verið komið fótum undir mjög myndarlegan fiskveiðiflota. Byggðin hefur aukizt ört, svo að einsdæmi er á Vestfjörðum. Allt hefur verið þarna byggt frá grunni. Þarna voru, þegar ég var ungur maður, aðeins þrír sveitabæir, innra Tunguþorpið svokallaða, en nú er þetta myndarleg útgerðarstöð. En þrátt fyrir þessar eindæma miklu hafnarframkvæmdir í Tálknafirði eru nú ætlaðar til þeirra aðeins 100 þús. kr., og það fer ekki mikið fyrir

100 þús. kr. í hafnarmannvirkjum. Það hljóta allir þeir að vita, sem nokkuð fylgjast með kostnaði við gerð slíkra mannvirkja. 100 þús. kr. eru smápeningur. Við leggjum til, að Tálknafjarðarhöfn fái 550 þús. kr.

Þannig stendur á á Þingeyri við Dýrafjörð, að þar er trébryggja, sem tekin er að hrörna, þannig að hún getur ekki talizt örugg fyrir bátana á Þingeyri, og hefur nú um sinn verið framkvæmdur undirbúningur af sérfræðingum til þess að gera þar varanleg hafnarmannvirki, sem áætlað er að kosti mjög margar millj. kr. Hafnarnefnd Þingeyrar kom á liðnu ári til fundar við Vestfjarðaþm. og lagði þá uppdrætti og áætlanir vitamálastjórnar fyrir þm. og gerði þeim grein fyrir mannvirkinu og fjárhagsaðstöðu sinni til byrjunarframkvæmda, og var það álit Vestfjarðaþm. þá, að sjaldan hefði verið betur farið af stað með að búa sig að heiman með fjármagn til fyrsta áfanga eins og þeir höfðu gert þarna Þingeyringarnir. Enn þá eru þeir ekki komnir af stað með þessa miklu hafnarframkvæmd, sem þeir hafa látið undirbúa og áætla af sérfræðingum, en nú hyggjast þeir hefjast handa, og þeir fá það svar nú í sambandi við afgreiðslu fjárl., að til þessa margmilljóna mannvirkis skuli þeir nú fá 300 þús. kr. Þetta teljum við langt um of lítið og leggjum til, að það verði 500 þús., sem ætlað verði til þessa verks, og vitum við þó, að það hefði þurft að veita miklu, miklu meiri aðstoð.

Hér hef ég nefnt sex hafnarstaði á Vestfjörðum, útgerðar- og fiskihafnir, sem skila miklum aflafeng og verðmætum í þjóðarbúið. Það hefur verið tekið eftir því, að til þessara sex hafna eru samtals nú á fjárl. ætlaðar 1 millj. 450 þús. kr., til sex hafna, þeirra sem ég nú hef nefnt, fimm, Ísafjarðar, Patreksfjarðar, Suðureyrar, Tálknafjarðar og Þingeyrar, og Drangsneshafnar, sem hv. 1. þm. Vestf. ræddi hér um áðan. Hvað er milljónin á okkar dögum? sagði fjáraflamaður einn fyrir fáum árum. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að hún væri orðin lítil, hún væri ekki stór peningur, og 1 millj. 400 þús., tæplega hálf önnur millj., til byggingar eða umbóta á sex höfnum, það er ekki stór upphæð. Það er alger misskilningur, ef menn halda, að það sé hægt að vinna nein stórvirki með slíku fjármagni. Og þó verður ekkert um það deilt, að Vestfirðirnir þurfa vissulega umbætur í vegamálum sínum, samgöngum, en undirstaðan undir öllu atvinnulífi þeirra eru hafnirnar, og vil ég segja, að framlög til hafna á Vestfjörðum, það er það, sem mest kallar að, og til þess duga engir smáaurar, því að þessar hafnir eru á byrjunarstigi sem hafnir að öðru leyti en því, að þær leggja til góð náttúruskilyrði. Hér þarf miklu við að bæta. Samkv. okkar till. hækkar þessi upphæð til þessara nefndu sex hafna þannig, að heildarupphæðin yrði 3 millj. 350 þús. eða að meðaltali rúmlega hálf millj. á hverja þeirra. En samkv. till., sem nú eru gerðar um þetta á fjárl., er meðaltalsupphæðin 240 þús. á hverja höfn.

Þá flytjum við hér enn eina smátill. viðvíkjandi hafnarmálum á Vestfjörðum. Það er breyt. á liðnum: ýmsar hafnargerðir. Sá liður er nú á fjárlagafrv. 100 þús. kr. Leggjum við til, að hann verði 500 þús. kr. og aftan við hann bætist: Þar af 350 þús. kr. til byggingar fiskihafnar við Hreggsstaði á Barðaströnd (fyrsti áfangi) 350 þús. — Á Barðaströndinni er engin höfn. Þar eru engin hafnarmannvirki. En fiskimið Breiðfirðinga og Vestfirðinga liggja þannig, að höfn á Barðaströnd væri mjög mikils virði, ekki aðeins fyrir breiðfirzka fiskimenn, heldur engu síður fyrir fiskimenn af Vestfjörðum. Þeir þurfa oft, Vestfirðingarnir, að sækja suður fyrir Látrabjarg á Breiðafjarðarmiðin, sem eru mjög fiskisæl, og þeim væri oft mikið öryggi í því að geta leitað hafnar við Breiðafjörð, þannig að þeir þyrftu ekki að leggja í Látraröst og taka siglingu heim í hinum verstu veðrum. En slík höfn er ekki fyrir hendi. Fyrst og fremst yrði þó slík hafnargerð þarna á Barðaströndinni nálægt Hreggsstöðum hugsuð sem grundvöllur að útgerð fyrir fólk, sem þar býr, eða fólk, sem tæki sér þar bústað, þegar þessi skilyrði væru fyrir hendi, miðað við hin góðu fiskimið, sem þarna eru fyrir utan, en ég hef þegar bent á, að slík höfn hefði einnig mikla þýðingu sem öryggishöfn fyrir Vestfjarðafiskiflotann. Það er því ekki að efa, að þetta mannvirki, sem þarna er lagt til að fái 350 þús. kr. fjárveitingu til byrjunaráfanga, á rétt á sér og hefði þýðingu fyrir marga útgerðarstaði á Vestfjörðum. Menn hafa oft talað um, að það sé þörf á því, að góð öryggishöfn væri sunnan til á Snæfellsnesinu, ekki sízt vegna skipa, sem gerð séu út norðan Snæfellsness. En þetta er engu síður staðreynd að því er snertir sjósókn af Vestfjörðum suður fyrir Látrabjarg, suður fyrir Bjargtanga og á Breiðafjarðarmiðin. Það er mjög mikilsvert fyrir þá að eiga aðgang að öryggishöfn þarna utanvert við Breiðafjörð norðanverðan.

VIII. liðurinn á þskj. 185, sem við flytjum, er varðandi jarðhitarannsóknir á Vestfjörðum. Ég hef fengið hjá raforkumálastjóra skýrslu um jarðhitarannsóknir á Vestfjörðum, og á henni má sjá, að það eru til 130 staðir á Vestfjörðum, þar sem jarðhiti hefur verið mældur af raforkumálastjórninni. Á sumum þessum stöðum er mjög mikill jarðhiti og allmikið vatnsmagn, en á öðrum stöðum minna, og sumir þessara staða liggja nálægt þéttbýli og gætu þannig haft mikla þýðingu fyrir byggðirnar á Vestfjörðum. Þekktustu jarðhitasvæðin á Vestfjörðum eru á Reykhólum á Barðaströnd og á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, en sem sé, mældir hitastaðir á Vestfjörðum eru um 130. Í námunda við Bolungarvík er heit laug. Í námunda við Súgandafjörð er heit laug. Í námunda við hið nýja þorp í Tálknafirði eru heitar laugar. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur og aðkallandi, að rannsókn fari fram á þessum stöðum og jarðboranir verði framkvæmdar, einkanlega á hitastöðunum, sem eru í námunda við þéttbýli, til þess að þessi náttúruauðæfi verði nytjuð. Jarðhitasjóði eru nú á

þessu fjárlfrv. ætlaðar 7 millj. 200 þús. kr. í tekjur, og leggjum við til, að til jarðborana á Vestfjörðum verði af þessari upphæð varið 2 millj. kr., og það er a. m. k. skoðun mín, að þarna ætti að byrja á þeim jarðhitastöðum, sem liggja í námunda við kauptún á Vestfjörðum.

Ég vil vænta þess, að þessar till., sem ég hef nú gert grein fyrir, njóti skilnings hv. alþm. Þær miða allar að því að treysta grundvöllinn að atvinnulífi Vestfirðinga og nytja verðmæti, sem nota ber í þjónustu fólksins, sem þar býr.

Þá hef ég með þessum orðum, sem ég nú hef sagt, gert grein fyrir þeim brtt., sem ég er aðalflm. að. En þá vil ég þessu næst leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir þann skilning, sem hún hefur sýnt framkvæmdum, sem eru á vegum A.S.Í. Á þessu fjárlagafrv. eru ætlaðar 750 þús. kr. a. m. k., eins og stendur í frv. og tekið var fram í framsöguræðu hv. formanns fjvn., til orlofsheimilahverfis þess, sem A. S. Í. er að byggja nú austur í Árnessýslu. Þetta orlofsheimilahverfi verkafólks er hugsað þannig, að þar verði þurrkaðir og ræktaðir 12 ha. lands, þar verði byggð vatnsveita, skolpveita og hitaveita og byggð þar um 35 hús, 32 þeirra smáhýsi til dvalar fjölskyldum og einstaklingum í sumarleyfi sínu og 3 allstórar byggingar. Þetta orlofsheimilahverfi mun kosta, eftir því sem nú er áætlað, eigi minna en fast að 20 millj. kr. Ég þakka sem sé fjvn. fyrir að hafa sýnt skilning á þessari framkvæmd, sem er vissulega á almenningsþágu, í þágu verkafólks í landinu, og hygg, að framkvæmdinni sé að mjög verulegu leyti borgið á árinu 1964 með þessari aðstoð af ríkisins hendi. Ekki síst vil ég þakka formanni fjvn. fyrir hans atbeina að því, að svona myndarlega var brugðizt við málaleitunum A. S. Í. vegna þessarar framkvæmdar.

Á 22. gr. er svo tekin upp 3 millj. kr. ríkisábyrgðarheimild til þessa mannvirkis.

Úr því að ég er kominn hérna í ræðustól, þá kemst ég nú ekki hjá því að víkja örfáum orðum að hinni snotru ræðu hæstv. fjmrh. Hann vék að stefnu ríkisstj. í launa- og kjaramálum fátæka fólksins og sagði, að hún væri sú að reyna að tryggja fátæka fólkinu, láglaunafólkinu raunhæfar kjarabætur. En jafnframt vék hann svo að A. S. Í. og nokkrum stórum verkalýðsfélögum og taldi þau hafa alranga stefnu í þessum málum og lítinn skilning á því göfuga verkefni að bæta kjör hinna fátæku og lágt launuðu. Hann sagði, að það væri engin raunhæf kjarabót fyrir verkafólkið að því að fá hækkað kaup, ef allir aðrir fengju hina sömu prósenttölu í hækkun. Og það er þá væntanlega minna en ekki nein kjarabót að því fyrir verkafólk, ef svo er á málum haldið, að aðrir fái miklu hærri prósenttölu í kjarabætur heldur en þeir lægst launuðu. En það er einmitt það, sem hefur gerzt á þessu ári, að fjöldamargar aðrar stéttir en verkalýðsstéttin hafa fengið margfalt meiri kjarabætur en hinir lægst launuðu. Það er staðreynd, sem hæstv. fjmrh. getur varla verið búinn að gleyma, að hinir hæst launuðu í þjóðfélaginu hafa fengið allt upp í 90% kauphækkun á þessu ári. Hinir lægra launuðu hjá ríkinu voru ekki aldeilis í náðinni á sama hátt og þeir hæst launuðu, þeim var mátulegt að fá 20% kjarabót. Og ég er hræddur um, að það verði heldur lítið úr kjarabót þeirra, ef það gerir hana að engu, að aðrir fái jafnmikið, þegar þarna hefur gerzt það, að hinir betur settu og hærra launuðu hafa fengið fjórfalt til fimmfalt meiri launabót. Og þetta hlýtur auðvitað að vera spegilmyndin af stefnu hæstv. ríkisstj.

Það er ekki fyrir atbeina verkafólks, að það er búið að tengja, fastbinda með löggjöf og á annan hátt kjör margra annarra stétta við launakjör verkalýðsstéttarinnar. Það er lögbundið, að ef kaup verkafólks hækkar, skuli afurðir bænda hækka. Það er lögbundið, að ef almenn launahækkun verður, skuli opinberir starfsmenn fá sín ákveðnu launakjör endurskoðuð, vafalaust með tilliti til hlutfallslegrar hækkunar. Og það var nýlega settur á fót af hæstv. ríkisstj. gerðardómur til þess að ákveða laun verzlunarmannastéttarinnar, og í þeim gerðardómi er ákveðið, að ef almennar launahækkanir verði, skuli niðurstaða gerðardómsins breytast til hækkunar. Þetta er allt búið að setja í eina kippu. Og svo verður niðurstaðan sú, að þegar á að hreyfa til laun verkafólksins, þarf þetta allt að fylgjast með. Og til hvers hefur þetta verið tengt svona saman? Hefur þetta verið gert að beiðni verkafólksins? Nei, ég held ekki. Það hefur verið gert til þess, að verkafólkinu skyldi, þegar röðin kemur að því, vera torveldara en nokkrum öðrum að hreyfa þetta hjól um eina tönn, og það er vissulega líka orðið svo, að til þess að injaka þessu hjóli nokkurn skapaðan hlut þarf heljarátak. Og það var ekki sparað að setja afl alls ríkisvaldsins og þingmeirihl. Alþingis í gang til þess að lögbinda það, að eftir að hæst launuðu embættismenn þjóðarinnar höfðu fengið 90% kauphækkun, skyldi það lögum bundið, að verkafólkið fengi ekki hreyft sitt kaupgjald um einn einasta eyri, og hygg ég, að fátt sanni betur heilindin í skrafi hæstv. ráðh. um áhuga þeirra á raunhæfum kjarabótum fyrir hina lægst launuðu, fátækustu. Það frv. til l. er sönnunargagn, sem ekki verður litið fram hjá í þessu efni.

Síðan horfið var góðu heilli frá því að gera það frv. að lögum, hefur staðið yfir barátta um það, hvað væri hægt að hækka laun hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu, og hvernig hefur það gengið? Var það ekki auðsótt mál? Var það ekki auðsótt mál að fá laun hinna lægst launuðu hækkuð um 20%, eins og hinir lægst launuðu, sem urðu harðast úti af starfsmönnum ríkisins, fengu minnstar kjarabætur? Nei, það lá ekki á lausu, hvað þá heldur að ætla hinum lægst launuðu 90% kjarabót. Það hefði verið talin nokkuð ósvífin fjarstæða. Sannleikurinn er sá, að þeir eru margir í þjónustu ríkisins, sem á þessu ári fengu 7 þús. til 10 þús. kr. kauphækkun á mánuði, en 10 þús.

kr. eru nærri tvenn mánaðarlaun verkamanns. Þeir fengu þessa kauphækkun ofan á sitt allháa kaup fyrir. Nú í dag er e. t. v. að fást fram breyting á launum verkafólks eftir mikil átök og harða baráttu. Er þar um 90% hækkun að ræða? Er þar kannske um 20% hækkun að ræða? Nei, það er aðeins um 15% hækkun að ræða, og leikur þó vafi á því á þessari stundu, að atvinnurekendur hafi treyst sér til þess að fallast á það.

Í framhaldi af ræðu hæstv. ráðh. vil ég aðeins víkja nokkuð að tali hans um hagkvæmni, rasjónaliseringu, ráðstafanir til aukningar framleiðni og annað þess konar. Það er rétt, ég hef heyrt bæði hann og ýmsa úr liði hæstv. ríkisstj., einkum framámenn þar, tala mikið um þessa hluti, en ég hef minna orðið var við áhuga þeirra fyrir þessum hlutum í verki. Og ég hygg, að það eigi langt í land, að við stöndum jafnfætis okkar nágrannaþjóðum t. d. í umbótum á þessu sviði, af því að hér er frekar um orð að ræða heldur en aðgerðir. Hæstv. ráðh. var ekki neitt í vanda með það, hvernig ætti að ákveða hinum lægst launuðu kaup. Það átti að gerast þannig, að verkalýðurinn átti að fá þau laun, sem útflutningsframleiðsluatvinnuvegirnir þyldu á hverjum tíma. Það er skammturinn. Ég held, að það sé dálítið athugavert við þessa einföldu kenningu hæstv. ráðh. Hún lítur ekkert ósnoturlega út, en hún er á sandi byggð, ef ekki kemur fleira til. Íslenzkir atvinnuvegir þola minna kaupgjald en atvinnuvegir nágrannaþjóða okkar, t. d. Norðmanna, af því að þeir eru lítið rasjónaliseraðir m. a. og lítið vit í margvíslegum atvinnurekstri hér á landi.

Ég skal nefna þess nokkur dæmi, hvað rasjónaliseringunni er langt komið hjá okkur, hagsýninni í rekstrarvinnubrögðum. Ég var miðaldra maður, þegar ég átti heima í einu kauptúni vestur á landi og fylgdist þar með atvinnulífinu. Þar var þá engin bryggja. Bátarnir lögðust, þegar þeir komu með afla sinn, langt frammi á höfn, og svo var goggaður hver fiskur upp úr lest og goggaður aftur af þilfarinu og settur niður í flutningabát, flutningabátnum síðan fleytt að landi og fiskurinn goggaður enn upp úr bátnum á plan, steinsteypt plan þar í fjörunni, og síðan var tekið til við aðgerð hans þar og honum komið fyrir í saltfiskshúsi hinum megin við götu, þó ofan við aðgerðarplanið. En þarna á þessu svæði í kringum aðgerðarhúsið voru engir fiskreitir. Þegar saltfiskurinn var fluttur á þurrkunarstaðinn, var hann þess vegna tekinn upp, borinn í smáeiningum á handbörum niður í fjöruna, settur þar um borð í flutningabát. Þessi flutningabátur fleytti svo fiskinum eina 600 metra meðfram landi út að þeim stað, þar sem fiskreitirnir voru og átti að þurrka hann. En akvegur var enginn milli lendingarstaðarins og þeirra staða, þar sem fiskreitirnir voru. Þar var fiskurinn þveginn, og síðan var hann borinn út á fiskreitina þarna og þurrkaður. En svo þurfti að flytja hann aftur, fleyta honum aftur meðfram landinu öfuga leið á bát í fiskhúsið, þegar hann var orðinn þurr, og síðan útskipun langa leið.

Þeir sögðu, atvinnurekendurnir á þessum stað, að það væri svo dýrt að verka þarna fisk, að kaupið yrði að vera afskaplega lágt, miklu lægra en t. d. á Ísafirði. Og það var talinn sjálfsagður hlutur. Þegar aftur kaupið var orðið jafnhátt í kauptúnunum á Vestfjörðum og á Ísafirði, þá fóru vinnubrögðin við fiskverkunina fyrst nokkuð að batna. Hækkað kaup varð þarna til þess að knýja á um vitlegri vinnubrögð.

Nú kunnið þið að segja: Þetta var nú þá, og þetta var nú þar, og það eru liðnir áratugir síðan. Svona er það ekki nú. — En þá ætla ég bara að víkja mér í Viðeyjarklaustur, þá ætla ég að venda mér til Reykjavíkur, þar sem hæstv. fjmrh. hefur verið borgarstjóri og stjórnað m. a. útgerðarmálum. Bæjarútgerð Reykjavíkur er á margan hátt myndarlegt fyrirtæki, eitt af þeim myndarlegri í landinu. Togaraflota á fyrirtækið allgóðan, og aðstaða Reykjavíkurborgar til þess að hlúa að þessu stóra og mikla atvinnufyrirtæki hefur verið góð. Nú réðst Bæjarútgerð Reykjavíkur í það að byggja fiskverkunarstöð í Reykjavík. Ætli henni hafi ekki verið valinn staður hér við hafnarbakkana í Reykjavík, svo að flutningar yrðu sem minnstir á fiskinum? Nei, ekki aldeilis, langt vestur í bæ. Þangað verður að flytja hvern ugga, sem salta á af togurum bæjarútgerðarinnar. Látum það vera, þetta er nú ekki það versta hér í Reykjavík. Það má vera, að úr því að önnur verri dæmi finnast, gæti þarna rasjónaliseringarhæfileika hæstv. fjmrh. einmitt í verki. Þegar afli berst nú hér í Reykjavíkurhöfn, þá er ekki fullkomin uppskipunartækni þar viðhöfð. Þar er hafður einn allstór kassi til að setja fiskinn í, og hann er hífaður upp á bifreið. Svo ekur bifreiðin af stað, og hún fer langt vestur á Seltjarnarnes. Þar er íshús sett. En þar er engin fiskimjölsverksmiðja, svo að hausar og bein, allur úrgangur er tekinn aftur frá þessu íshúsi vestur á Seltjarnarnesi, fluttur í gegnum alla Reykjavíkurborg og inn að Kletti. Þetta er Kleppsvinna. Þar er fiskimjölið malað úr fiskúrganginum. Svo er fiskimjölið tekið aftur og flutt gegnum hálfa Reykjavíkurborg til útskipunar. Eru þetta vitleg vinnubrögð? Er þetta rasjónalisering? Nei, þetta er Kleppsvinna. Þetta eru vitfirrt vinnubrögð í sjálfri höfuðborg Íslands í dag, þar sem búið er að tala svo mikið um rasjónaliseringu og framleiðni, en ekki gera neitt. Og hvað halda menn svo, að sé um kaupgetu slíkra fyrirtækja, sem svona vitlaust eru rekin, svona vitlaust er búið í haginn fyrir? Kaupgetan verður engin. Það er ekki geta til þess að bera eðlilega hátt kaupgjald. Það er lítið á kaupgjaldið sem seinasta útgjaldalið, sem ekki sé efni á fyrir útgerðina að greiða, en það byggist m. a. á svona rasjónaliseringu.

Ætli þetta sé einsdæmi í Reykjavík? Nei, það er ekki einsdæmi. Annað íshús er sett hér langt austur í bæ. Það hefur enga hafnaraðstöðu.

stöðu þar. Þar er sams konar flutningavitleysan í algleymingi. En kjötvinnslumiðstöð er sett á sjávarbakkann. Eða hvaða vit ætli sé í því að hafa sjö hraðfrystihús í Keflavík, sjö hraðfrystihús, smáholur, öll vitanlega þannig, að öll vinnsla í þeim er margfalt dýrari en ef væri byggt eitt myndarlegt hraðfrystihús og öll vinnsla færi fram í því, búið út sem nýtizku verksmiðja? Geta menn ekki ímyndað sér það, að ef aðstaða útgerðarinnar væri slík, að fyllstu tækni væri beitt við uppskipun, fiskvinnslustöðvarnar væru á hafnarbakkanum rétt steinsnar frá, öll færsla á fiskinum gengi á færiböndum úr skipi og upp í fiskvinnslustöðvarnar og síðan um fiskvinnslustöðvarnar væru færiböndin látin annast flutningana, — halda menn, að ekki yrði eitthvað meira eftir til þess að geta greitt vinnulaun, án þess að gengið væri nærri getu fyrirtækisins? Ég efast ekkert um það.

Auk þess er margföld reynsla af því, að það er ekki aðalhjálpræðið fyrir atvinnuveg að níða kaupið hjá verkafólki niður úr öllu valdi. Gamli Ford skildi það fyrir löngu. Hann þótti brjóta öll viðskiptalögmál Bandaríkjanna, þegar hann móti ráðum allra hækkaði kaupið í sinni verksmiðju, jók allan framkvæmda- og framleiðsluhraða, svo að þótti stappa nær byltingu með þessu, og fór sínu fram og sannaði það, að með hækkun kaupgjalds til sinna manna varð hann valdur að tæknilegum tímahvörfum, sem réttilega má nefna byltingu.

Hér var minnzt á Svía áðan. Það var þjóð, sem var til fyrirmyndar, og hún er það sannarlega á ýmsum sviðum, þó að henni sé stjórnað af sósíaldemókrötum, eins og hæstv. ráðh. sagði. Í því landi hefur verkamaðurinn t. d. 12 kr. á tímann, sænskar, 96—100 kr. íslenzkar. Hvað ætli atvinnurekendurnir hér segðu við því? Ég held, að þeir féllu í öngvit. Hvað hefur hafnarverkamaðurinn hér? 30 ísl. kr., ekki þriðjung af því, sem hafnarverkamaðurinn sænski hefur. Þarna væri unnt að taka sér Svíþjóð til fyrirmyndar, þó að henni sé stjórnað af sósíaldemókrötum og ekki af íhaldinu. Eða Bandaríki Norður-Ameríku, hvað ætli hafnarverkamaðurinn í New York hafi? 3—4 dollara á tímann, hálft annað hundrað ísl. kr. eða eitthvað slíkt. Það borgar Eimskip hafnarverkamanninum þar, þegar það borgar hafnarverkamanninum hér við útskipun í skipin og uppskipun um 30 kr., fimmfalt meira. Þar er tækni, þar er framleiðni, þar er rasjónalisering ekki bara orð tungumjúkra manna, heldur orðið að framkvæmd, að veruleika.

Það, sem útflutningsatvinnuvegirnir þola, á verkafólkið að hafa í kaup, segir hæstv. ráðh. Þessi kenning getur verið góð og gild, ef atvinnulífinu er stjórnað af viti og búið um það eins og eftirlætisbarn, en ekki olnbogabarn. En þannig er búið að íslenzku atvinnulífi, hverjum sem það er að kenna. Og það verða allir að játa, að það er ekki allt vitlegt, þetta fyrirkomulag, sem ég er að lýsa og allir hér inni vita að er satt og rétt. Vitlausara er varla hægt að hugsa sér það. Ég held líka, ofan á allt annað, að hæstv. ríkisstj. hafi rekið skammsýna launamálapólitík, rangláta að því leyti, að hún hefur sýnt það með stefnu sinni og framkvæmd, að hún vill hækka laun hinna hæst launuðu mest, hinna lægst launuðu minnst. Og það hefur komið seinast fram í launamálabaráttu verkafólksins nú og allri þeirri andspyrnu, sem verið hefur gegn henni. Ég er þeirrar skoðunar, að ef hæstv. ríkisstj. hefði, — skal ég þó ekkert sérstaklega saka hana fyrir fjandskap við baráttu verkalýðshreyfingarinnar í þetta skipti, því að það hefur þó helzt örlað á skilningi nú úr þeirri átt, — ef hæstv. ríkisstj. hefði haft skilning á því, að nú þyrfti að leiðrétta laun verkafólks, þannig að í samræmi væri við laun annarra stétta og launabætur þeirra á þessu ári, hefði verið hægt að fallast á það af verkalýðshreyfingunni, ef þessi laun, sem nú hefðu verið ákveðin í samræmi við annað, hefðu verið verðtryggð gegn vaxandi dýrtíð og verðbólgu, að semja til langs tíma og skapa þannig atvinnulífinu aukið öryggi, ef gætt var þess að halda jafnvægi einnig í þróun verðlagsmála, eftir að þetta hefði verið gert. En þetta var ekki gert. Verkafólkið fékk ekki nema 15% kauphækkun, en frá því að gerður var bráðabirgðasamningur um kaup verkafólks s. l. vor, hafði dýrtíðin aukizt um 11%. Meðan á samningahríðinni stóð núna, lögðu svo sérfræðingar ríkisstj. gögn í hendur okkar um það, að raunverulega væru 6 vísitölustig komin, þótt þau væru ekki komin inn í verðlagskerfið núna, og rétt að koma, en það er sama sem 4%. 4% og 11% eru 15%, og dýrtíðin hefur þannig samkv. vísitölumælingu sjálfrar ríkisstj. vaxið um 15% frá vordögum, að síðast var staðið upp frá samningaborði og gerðir bráðabirgðasamningar, sem allir viðurkenndu að gætu ekki verið varanlegir, af því að þeir væru of lágir. Nú fær verkafólkið 15% kauphækkun, stendur núna að gerðum þessum samningum nákvæmlega í sömu sporum og þegar upp var staðið frá samningaborðinu s. l. vor. Síðan var sagt við okkur: Nú verðið þið að gefa okkur a. m. k. eins árs samningstímabil, helzt 2 ára, og þá jafnframt tekið í mál að setja upp takmarkað vísitölukerfi, sem ekki átti að mæla samt erlendar verðhækkanir. En við í verkalýðshreyfingunni vorum ekki örlátari en það, að við sögðum: Þegar við stöndum nú í sömu sporum og í vor að gerðum samningum, þá getum við ekki fallizt á að taka á okkur áhættu af dýrtíð, vaxandi dýrtíð á komandi mánuðum, lengur en 6 mánuði fram í tímann. Og þá má búast við því með sömu þróun og verið hefur, að kaupgjald verkafólksins, sem nú hefur verið ákveðið með samningum, verði farið að rýrna talsvert. — En þeir ætluðu okkur nú árið eða helzt tvö ár, hvað sem kaupmáttur vinnulaunanna hefði þá verið kominn niður. Og það er rétt með herkjum, að það er hægt að sansa menn á það að ætla okkur að taka af kaupinu, eins og það er nú ákveðið með 15% hækkun, taka á okkur rýrnum í næstu 6 mánuði fram undan, en farið fram á, að það verði gert fyrir heilt ár eða

jafnvel tvö. Og þetta er allt gert af umhyggju fyrir verkafólkinu, því er sýndur sérstakur velvilji umfram alla aðra. En verkalýðshreyfingin stendur ekki á verðinum, fáum við að heyra, ekki fyrir þetta fólk. Af hverju er það? Af því að við vildum ekki breyta hlutfallinu milli launa ófaglærðra verkamanna og iðnaðarmanna, sem taka tímakaup eða vikukaup. Og þarna eru á milli nokkur prósent, sem iðnlærðu mennirnir, sem hafa stundað iðnnám í 4 ár, hafa hærra en ófaglært verkafólk. Okkur hefur verið legið á hálsi fyrir þetta, við segjum, að það sé réttlátt, að iðnlærðu mennirnir séu ívið hærri, og hér sé ekki óeðlilegt hlutfall á milli, enda höfum við sannanir á borðinu fyrir því, að svo er ekki, því að það er sérstaklega hörgull á, að ungt fólk fáist til að læra iðngreinar, og þar er manneklan mest. Ef þetta hlutfall væri enn þá gert iðnlærða fólkinu óhagstæðara, fengi þjóðfélagið að súpa af því seyðið, að við fengjum ekki fólk til þess að mennta sig verklega, og það væri ekkert vit í því, ég fullyrði það. Verkafólkið telur ekki gengið á sinn rétt með þessu, að kaup hinna iðnlærðu tíma- og vikukaupsmanna hækki um sama hundraðshluta og kaup hinna ófaglærðu, en það er það, sem hefur gerzt nú. Hins vegar féllst verkalýðshreyfingin sjálf ekki á það, að kaup þeirra manna, sem taka laun eftir uppmælingu, yrði nú hækkað í sama hundraðshluta, og þeir hafa þannig ekki verið teknir með í þessa mynd, ekki fengið þá kaupbreytingu, sem hér var um að ræða, og verkalýðshreyfingin gerði það ekki að sínu máli.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, er kannske búinn að tala of lengi, eins og á stendur. En ég vil halda því fram, að það er ekki óyggjandi og rétt eða traust kenning, sem hæstv. fjmrh. byggir á, þegar hann segir án annarra skýringa, að verkafólkið eigi að fá þau laun, sem útflutningsatvinnuvegirnir þoli. Það verður þá að vera svo bezt, að þeim sé stjórnað af viti, þeir séu reknir af viti a. m. k. Ég fæ ekki heldur séð, að hann fari með rétt mál, þegar hann segir, að hæstv. ríkisstj. hafi sérstakan áhuga á því að tryggja laun hinna lægst launuðu, því að þar hefur bæði af ríkisstj. og atvinnurekendum verið lagzt á móti því, að verkafólkið fengi nokkra sambærilega launahækkun við það, sem hinir hærra launuðu í þjóðfélaginu hafa fengið með góðu samþykki allra aðila. Þar tala því verkin. Það eru hinir hæst launuðu, sem hafa fengið hinar mestu kjarabætur á yfirstandandi ári, og hinir lægst launuðu hafa fengið þær naumast skornar, skornar sannarlega við nögl.

Það var rétt, sem minnt var á hér áðan af 1. þm. Norðurl. v. (SkG), að sama var alveg upp á teningnum, þegar núv. hæstv. ríkisstj. breytti skattalöggjöf. Sú breyting var ekki gerð fyrir þá lægst launuðu, hún var gerð fyrir þá hæst launuðu, þeir fengu margfalda skattalækkun.

Sporin eru alls staðar í þessa átt, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki aukið jöfnuð í þjóðfélaginu í tekjuskiptingunni, heldur ójöfnuð, hefur haft þá stefnu að bæta kjör hinna bezt settu og þrengja heldur kosti hinna, sem við erfiðust lífskjörin búa. Og þetta tel ég ranga stefnu.

Það hefur fram að þessu ekki verið haft samráð eða samstarf við verkalýðshreyfinguna. En nú er haft orð á því, að eftir því sé óskað, og ég vil vona, að þar fylgi hugur máli, og skal ekkert rengja það að svo komnu. Og ég veit það, að þjóðfélagi okkar er full þörf á því, að það sé ekki látlaust stríð milli ríkisvaldsins og verkalýðssamtaka. En þá verður líka að sveigja stefnuna til þeirrar áttar, að það fólk, sem í verkalýðshreyfingunni er og hefur hana sem sitt sverð og sinn skjöld, megi við þá stefnu una. Annars getur það samstarf ekki orðið.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég flutti hér við 2. umr. eina litla till., sem ég gerði þá grein fyrir, en tók aftur við þá atkvgr. til 3. umr. Hef ég nú endurflutt hana. En ég mælti nokkur orð fyrir henni við 2. umr. og lýsti því þá, að aðaltilgangur minn með flutningi hennar væri að reyna að tryggja það, að brúin á Hofsá í Vopnafirði yrði byggð á sumrinu 1964. Hæstv. samgmrh. flutti hér við þessa umr. ræðu og gaf þá yfirlýsingu um það, að hann mundi beita sér fyrir sem samgmrh., að þessi brú, þessi framkvæmd, yrði tekin upp á vegáætlun, sem lögð verður fyrir Alþingi síðar í vetur. Nú er það að vísu þannig, að það hefur orðið breyting á með samþykkt hinna nýju vegalaga. Þessi brú var áður ákvörðuð að verða byggð fyrir fé brúasjóðs, en brúasjóður hefur nú verið afnuminn í þeirri mynd, sem hann var a. m. k., og samgmrh. hefur þess vegna ekki sama vald í þessum efnum, sem hann hafði áður. En ég vil hins vegar ætla, að það verði tekið nokkurt tillit til þess við samningu vegáætlunar nú til að byrja með, hvert hlutverk brúasjóðs hefur verið, og þær framkvæmdir eða brýr, sem búið var að ráðgera að byggja fyrir fé þess sjóðs, verði látnar njóta nokkurrar sérstöðu, þegar næstu áætlanir verða samdar, þannig að varðandi þá kvóta, sem koma til með að verða ætlaðir hverju kjördæmi, verði þessar framkvæmdir, þessar brýr, ekki teknar að öllu leyti a. m. k. með í þá kvóta, sem hverju kjördæmi koma til með að verða ætlaðir í væntanlegri vegáætlun. Ég tel þess vegna, að þessi yfirlýsing hæstv. samgmrh. tryggi svo vel sem nú er unnt þann tilgang minn að reyna að tryggja það, að þessi brú verði byggð á næsta sumri. Ég treysti því, að sá þingmeirihl., sem styður samgmrh., virði þessa yfirlýsingu, og ég dreg það ekki í efa heldur og hef þá í huga m. a. yfirlýsingu hv. 1. þm. Austf. hér við umr. í kvöld, að samþm. mínir úr Austurlandskjördæmi munu veita sitt lið til þess, að þetta megi takast. Ég hef því ákveðið, með tilvísun til yfirlýsingar samgmrh., að draga þessa till. mína til baka.

En mig langar til að víkja aðeins að till., sem allir þm. Austurlands aðrir standa að flutn-

ingi á, en það er um að taka lán í vegaframkvæmdir á Austurlandi, allt að 10 millj. kr. Þeir fluttu svipaða till. við fjárlfrv. á síðasta ári. Í kosningahríðinni á Austurlandi á s. l. vori bar þessar lántökur til vegamála mjög á góma. Þar var mér mjög legið á hálsi fyrir það, að þegar fyrirhugaðar væru lántökur samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj. um allt að 80 millj. kr. til vegamála, kæmi ekki ein króna, eins og það var orðað, til Austurlands. Ég benti þá á það, að þessar lántökur til vegamála væru ætlaðar til varanlegra framkvæmda í samgöngumálum, fyrst og fremst til Reykjanesbrautar, sem væri steypt, enn fremur til Strákavegar ytri, sem væru jarðgöng að mestu leyti, sem einnig er varanlegt mannvirki. Enn fremur má segja það sama um Ennisveg á Snæfellsnesi, sem þarna var um að ræða. Þó að það sé ekki steyptur vegur, þá er hann sprengdur inn í berg að mestu leyti. Og síðan hefur bætzt við Múlavegur, en það er einnig svipað um hann að segja og Ennisveg, að hann eða sá kafli hans, sem þarna er um að ræða að vinna fyrir lánsfé, er sprengdur inn í berg. Það er þess vegna augljóst mál, að lántökur til almennra vegaframkvæmda eru yfirleitt ekki framkvæmanlegur hlutur, enda liggur það í augum uppi, að það hefði fyrir löngu verið horfið að því ráði í samgöngumálum hér á landi, ef það hefði yfirleitt verið talið fært að byggja venjulega malarvegi fyrir lánsfé. En ég benti á það, að yfirleitt væri ekki um slíkar framkvæmdir að ræða á Austurlandi, fyrr en kæmi að því að grafa jarðgöng gegnum Oddsskarð. Það er framkvæmd, sem fyrr en síðar kemur að að verði að koma í framkvæmd, og það er framkvæmd, sem mundi kosta sennilega um 10—15 millj. a. m. k. Það er framkvæmd, sem verður varanleg, og því kemur það mjög til mála að taka lán til slíkrar framkvæmdar. Það er hins vegar fjarri því, að sá undirbúningur hafi nú verið unninn, sem þarf til þess, að þetta verk geti komizt á framkvæmdaáætlun í bráð, og þess vegna tel ég, að það séu engin rök fyrir till. minna samþm. hvað þessa framkvæmd snertir.

Ég mun fúslega athuga þá leið, þegar það liggur fyrir, að hægt er að vinna að framkvæmd jarðganga á Oddsskarði, ef það mætti verða til að flýta því verki að styðja þá lántöku, en á þessu stigi mundi það ekki verða til framdráttar samgöngumálum, þó að slíkt lán yrði tekið. Með samþykkt hinna nýju vegalaga er um það mikla aukningu að ræða á fé í framkvæmdir, að ég hygg, að ef það fé er notað, muni ekki til að byrja með vélakostur eða önnur aðstaða gera fært eða mögulegt að nota öllu meira fé en inn kemur samkv. þessum nýju vegalögum. Það tekur nokkur ár að undirbúa, t. d. hvað brúargerðir snertir, þá þurfa að vera til vinnuflokkar og brúarsmiðir, ef það á að verða um verulega aukningu að ræða í brúargerðum. Það þarf að hafa fyrirhyggju um þetta. Ég held, að nú síðustu árin hafi framkvæmdir í brúargerðum verið nokkurn veginn það miklar eins og möguleiki var á að framkvæma af þessum sökum. Og enn fremur er það víst, og ég þori a. m. k. að segja það hvað Austurland snertir, að það hefur ekki til þessa verið vélakostur eða aðstaða til þess að vinna fyrir stórum meira fé en unnið hefur verið. Þess vegna þarf, um leið og fé er aukið, að gera ráðstafanir til þess að gera framkvæmdirnar mögulegar frá þessu sjónarmiði.

Áður en ég lýk máli mínu, langar mig aðeins til þess að víkja hér að niðurgreiðslum, sem allmikið hefur borið á góma við þessa umr. Ég skal reyna að stytta mál mitt, því að það er farið að líða nokkuð á nótt, en ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þær. Í stuttu máli verð ég að segja það, að þær hafa ætíð verið mér hið mesta eitur í beinum, og ef ég ætti að segja í stuttu máli, hvernig þær koma mér fyrir sjónir, finnst mér þær vera eins og líkamslýti á þjóðfélaginu frá því á stríðsárunum. Ég skal að vísu játa, eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að hvað snertir niðurgreiðslur á nýmjólk gegnir nokkuð öðru máli. Þarna er um sérstaka fæðutegund að ræða, sem allir neyta og sérstaklega börn, og þess vegna kemur það barnafjölskyldum mjög að liði, ef niðurgreiðslur eru nokkrar á nýmjólk. En ég tel, að nýmjólkin hafi um þetta algera sérstöðu. En það er annað líka, sem ég hef oft hugsað um í sambandi við niðurgreiðslurnar og ekki hefur verið dregið fram, þegar um þær hefur verið rætt, og það er, að hinar strjálbýlli sveitabyggðir, strjálbýlar sveitabyggðir og byggðir, sem eiga langt til verzlunarstaða, a. m. k. frá því að veruleg viðskipti fóru að hefjast hér á landi, allt fram til þess að niðurgreiðslurnar komust á, þá nutu sveitabýlin þess að geta aflað sér ódýrari matvöru en þeir, sem ekki framleiddu handa sér sjálfir. Þetta var mikilvægur kostur fyrir sveitabyggðirnar, og ég er ekki í neinum vafa um það, að með þessu hefur verið kippt burt mikilvægri stoð, sem stóð undir hinni strjálu byggð, stóð undir því, að það var nokkurs virði að vera bóndi og framleiða fyrir sjálfan sig, og í þessu fólst, að það var hægt mjög að mæta t. d. óhagstæðum viðskiptakjörum með því að auka þá neyzlu þessarar eigin framleiðslu. Við það, að þessar vörur voru greiddar það mikið niður, að þær urðu ekkert ódýrari, jafnvel dýrari, að neyta fyrir þá, sem framleiddu, þá var kippt í burtu þessari mikilvægu stoð. Það geta verið misjafnar skoðanir á því, hvað þungt þessi ástæða vegur, en ég er nú þannig gerður, að mér finnst þetta vera talsverð rök í þessu máli. Ég tel, að það sé því betur komið, því fyrr sem við stöndum að því að afmá þessi líkamslýti, sem mér finnst niðurgreiðslurnar vera á þjóðfélaginu, allar aðrar eða flestar aðrar en þá niðurgreiðslur á nýmjólk.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Jónasar Péturssonar, um niðurgreiðslur vil ég segja það, að ég ætla ekki að fara að hefja hér sérstakar umr. um niðurgreiðslurnar meir en orðið er. Hér er um að ræða aðgerðir

í efnahagsmálum, og sú hæstv. ríkisstj., sem felldi niður niðurgreiðslurnar, verður að gera sér grein fyrir afleiðingunum af því. Það má deila um það, hversu heppilegar niðurgreiðslur eru, og sérstaklega það, þegar þær fara að verða verulega háar. En ég vil minna þennan hv. þm. á það, að það var ríkisstj. Alþfl. studd af Sjálfstfl., sem fór að hafa þessar niðurgreiðslur verulega háar. Ég vil líka minna hv. þm. á það, að í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa verið teknir upp nýir málaflokkar í niðurgreiðslur, og það væri fráleitt með öllu, ef ætti einn góðan veðurdag að fella niðurgreiðslukerfið niður, slíkt er óframkvæmanlegt. Ég held, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, jafnvel þó að honum litist ekki á þetta lýti, sem er á líkama hæstv. ríkisstj. En lýtin eru miklu fleiri.

Það er mikill misskilningur hjá hæstv. fjmrh., ef hann heldur, að ég sjái eftir því að taka þátt í deilum við hann, þótt komið sé nálægt jólum. Hitt þykir mér mun verra, að hafa ekki búið mig undir þessi vinnubrögð og mat á vinnu þeirri, sem lögð hefur verið fram síðustu daga og nætur til þess að hraða afgreiðslu fjárl. Auðvitað ætti að búa sig undir það að halda uppi nokkuð löngum umr. um fjárl., þótt seint sé. Það er til athugunar eftirleiðis, eins og þeir segja, endurskoðendur ríkisreikningsins, að 2. og 3. umr. fjárl. fari ekki fram í sömu vikunni. Ég benti á það hér við 2. umr. málsins, að það væru fráleit vinnubrögð að ætla sér það, og fyrst hæstv. ráðh. tekur upp kappræður um almenn stjórnmál, þegar svo er á liðið eins og nú er, þá er ástæðulaust, að aðrir sjái eftir sér til þeirra hluta.

Ég hafði dálítið gaman af kaflanum í ræðu hæstv. ráðh., þegar hann var að svara hv. 3. þm. Reykv. og bera saman kerfið hjá þeim austur þar, eins og hæstv. forsrh. orðar það, og það, sem menn byggju við hér. Það voru þrír meginþættir, sem þeir töldu, að hæstv. ríkisstj. þyrfti að hafa í sinni hendi til þess að hafa stjórn á efnahagsmálunum. Það var í fyrsta lagi stjórn peningamálanna, í öðru lagi fjárfestingin og í þriðja lagi kaupgjaldið. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki talið eftir sér að reyna að ná í sínar hendur stjórn peningamálanna, og hún sækist eftir þessu æ meira og meira, eins og ég benti á við 2. umr. fjárl., m. a. með því að taka í sköttum og tollum af þjóðinni meiri tekjur til ríkissjóðs heldur en hún þarf vegna útgjalda ríkissjóðs. Í öðru lagi beitir hún valdi sínu í gegnum Seðlabankann í æ ríkari mæli til þess að ná valdi á peningamálum þjóðarinnar. Og nú ætlar hún að taka upp þá stefnu í þeim að keppa beinlínis við viðskiptabankana um sparifé. Á þennan hátt hefur hæstv. ríkisstj. Íslands hug á að halda í höndum sér stjórn peningamála, eins og þeir gera austur þar.

Annar þáttur er það, sem hæstv. ríkisstj. Íslands hefur líka sýnt tilburði til að ná í sínar hendur, og það var, þegar hún lagði fram hér á hv. Alþingi í haust frv. um launamál o. fl. Efni þessa frv. var að taka í sínar hendur kaupgjaldið í landinu og afnema verkfallsréttinn. Að vísu átti að byrja með nokkurra mánaða tilraun, en upphaflega ætlaði hæstv. ríkisstj. sér að hafa þetta í tvö ár. Það var planið, sem fyrst var lagt fyrir. Hún byrjaði á því að hopa til tveggja mánaða og gafst svo upp að lokum. En þó að hæstv. ríkisstj. hafi gefizt upp, þá er viljinn sá sami, hana langaði til að hafa það eins og þeir gera austur þar, að hafa í sínum höndum kaupgjald launþeganna í landinu og banna þeim að gera verkfall.

Einn var sá þáttur, sem hæstv. ráðh. leizt ekki á að taka upp eftir þeim austur frá. Og það var með fjárfestingareftirlitið. Stefna ríkisstj. í þeim málum er sú, að það væri kapphlaup um vinnuaflið í landinu, og þessu kapphlaupi ætlaði hæstv. ráðh. sér að svara með því að draga úr fjárfestingu hjá ríkinu. Minni framkvæmdir á vegum ríkisins, til þess að þeir, sem fjármunina eiga og einkafjármagninu ráða, gætu náð vinnuaflinu, það er stefna hæstv. ráðh. í fjárfestingarmálum. En ef ætti nú að fara að hafa þar eitthvert eftirlit, fara að velja úr framkvæmdum, það leizt hæstv. ráðh. ekki á, og hæstv. fjmrh. vildi ekki fylgja þeim austur þar í þeirri stefnu. — Og svo ekki meira um þennan þátt.

Út af svörum hæstv. ráðh. vil ég segja þetta: Hann taldi, hæstv. ráðh., að ég hefði ekki farið rétt með tilvitnun mína, þegar ég vitnaði til Viðreisnar, hún sannaði ekki það, sem ég vildi sanna. Það, sem ég hef haldið fram, bæði í umr. nú og áður fyrr, þegar ég hef rætt um þessi mál, er, að samanburður okkar á fjárl. fyrir árin 1958 og 1959 er, eins og tekið er fram í nál. okkar um fjárlfrv., gerður hliðstæður með því, að við tökum niðurgreiðslurnar, sem inntar voru af hendi af útflutningssjóði þessi ár, og bætum þeim við niðurstöðutölur fjárlaga. Þær voru árin 1959 113 millj., eins og segir í Viðreisn, sem hæstv. ráðh. las og staðfesti mína frásögn, en 75 millj. 1958, og þeim er bætt við niðurstöðutölur fjárlaga fyrir það ár. Þess vegna er þessi samanburður algerlega hliðstæður og útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, sem hæstv. ráðh. er þar að ræða um, voru greiddar vegna yfirfærslugjaldsins og bótakerfisins, sem var afnumið með gengisbreytingunni, en ekki af þeim ástæðum, sem nú er gert. Þær uppbætur, sem nú eru greiddar, voru teknar upp með samningum um breytingu á framleiðsluráðslögunum á haustdögum 1959 og í byrjun árs 1960. Þar var því breytt í þeim lögum, að það mætti á innlendum markaði ákveða verðið svo hátt, að það bæri uppi það, sem vantaði til, að útflutningurinn gæfi það verð, sem bóndinn þyrfti að fá og átti að fá samkv. verðlagsgrundvelli. En gegn því að gefa þetta eftir var það ákveðið upp tekið, að ríkissjóður bæri takmarkaða ábyrgð á verði útfluttra landbúnaðarafurða. Samanburður okkar í sambandi við fjárl. 1958 og síðar er þess vegna algerlega hliðstæður.

Þá ætlaði hæstv. fjmrh. sér að sanna það, að við hefðum ekki viljað afnema uppbótakerfið í áföngum, og vitnaði þar í hluta úr nál. Það var bent á það af Framsfl. í umr. um efnahagsmálin 1960, að það heljarstökk,

sem hæstv. ríkisstj. var að stökkva, væri ekki framkvæmanlegt og hægt að koma standandi niður úr því stökki. Álögurnar, sem fylgdu breytingunni á efnahagskerfinu, væru svo miklar, að það mundi skapa þá óðadýrtíð, sem staðreyndirnar sýna að orðin er. Þess vegna varð að fara út úr uppbótakerfinu í áföngum, eins og á var bent af Framsfl., en ekki eftir þeirri leið, sem hæstv. ríkisstj. fylgdi þá.

Það var eitt, sem var athyglisvert í ræðu hæstv. fjmrh., og það var afstaðan um niðurgreiðslurnar, er hann svaraði því, hvort ætti raunverulega að fella niður 92 millj. eða lækka aðstoð ríkisins til niðurgreiðslna. Það, sem við höfum haldið fram í því sambandi, er afstaðan til verðlagsins í landinu, en ekki mat á niðurgreiðslunum sjálfum að öðru leyti en því, er við efnahagsmálum horfir. Um þetta sagði hæstv. ráðh., að það yrði tekið til athugunar eftir áramótin, þegar efnahagsmálin í heild yrðu tekin þá til athugunar, þá yrði þetta einn þáttur í því. Þetta gefur ástæðu til að ætla, að nokkuð sé ógert enn þá í efnahagsmálum og til skatthækkunar gæti komið.

Sérstaklega virðist það hafa farið í taugarnar á hæstv. ráðh. og þeim ráðh., því að hæstv. samgmrh. talaði hér einnig, hvað sagt var um vegamálin, og taldi hæstv. fjmrh., að ég hefði notað þar of stór orð, er ég taldi, að ástandið í vegamálunum væri að komast á það stig, að kerfið sjálft væri að bresta. Nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna hér í grg. fyrir vegamálafrv. Á bls. 16 segir svo, — „Vandamálið — og lausn þess“ heitir sá kafli, — þar segir m. a. þetta:

„Nefndin komst brátt að þeirri niðurstöðu, að þjóðin stæði andspænis tvíþættum vanda í vegamálum. Í fyrsta lagi fer bifreiðaeign landsmanna og þar með bifreiðaumferð svo ört vaxandi, að vegakerfið mun reynast algerlega ófullnægjandi og jafnvel bresta.“

Þetta var nú mat þessarar n., sem samdi vegamálafrv. Það sýnir, að það eru fleiri en ég, sem eru á þeirri skoðun, að vegakerfið í landinu muni bresta, ef ekki sé snúið frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í ráðherratíð hæstv. núv. fjmrh. En í sambandi við fyrri aðgerðir í vegamálum vil ég leyfa mér að vitna til greinar, sem Geir Zoëga, fyrrv. vegamálastjóri, skrifaði í Fjármálatíðindi, 1. hefti 1956. Þar segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Aðaláherzlan hefur verið lögð á það að gera sem víðast akfæra vegi, ekki aðeins aðalleiðir, heldur jafnvel inn í hvert byggðarlag og heim á hvern bæ. Er nú svo komið, að akfærir vegir munu ekki lengjast verulega úr þessu, en keppa verður þeim mun meir að endurbótum á þeim.“

Þetta sagði þessi embættismaður um stefnu Framsfl. í vegamálum, meðan Framsfl. stjórnaði vegamálunum. Þá tókst að teygja vegakerfið út yfir allt landið. En á bls. 9 í þessu hefti gerir vegamálastjóri fyrrv. samanburð á því, hvað miklum hluta af útgjöldum fjárl. hafi verið varið til vegamála. Og allt frá 1940—1954, sem þessi skrá nær yfir, er varið frá 10—15% af heildarútgjöldum fjárlaga til vegamála í landinu. En í ráðherratíð núv. hæstv. fjmrh. hefur þetta verið 5, 6 og 7%. Á sama tíma sem þróunin hefur orðið á þann veg, hefur allt til þess tímabils, sem þessi grein fyrrv. vegamálastjóra nær yfir, verið svo, að ríkissjóður hefur orðið að leggja vegagerðinni til meira fé en hann hefur haft í tekjur af umferðinni í landinu. Og það er ekki fyrr en eftir þann tíma, sem ríkissjóður sjálfur hefur meira fé í tekjur af umferðinni en hann leggur til vegamála. Og það skipta engu máli fyrir ríkissjóð þær tekjur, sem eru af umferðinni umfram gjöldin, fyrr en á árinu 1959. En síðan 1959 hafa sem sagt ár frá ári farið vaxandi þær tekjur, sem ríkissjóður hefur haft af umferðinni í landinu, og það svo, að það skiptir hundruðum millj. nú orðið, nettótekjur ríkissjóðs, og á þessu ári, 1963, mun ríkissjóður koma til með að hafa í tekjur af leyfisgjöldum af innfluttum bifreiðum álíka fjárhæð og varið er til vegamála. Og svo kemur hæstv. fjmrh. og er undrandi yfir því, að hv. þm. skuli nú leyfa sér að gagnrýna stefnu hans um framkvæmd á fjárveitingum til vegamála, þegar ríkissjóður hefur þannig fleytt rjómann af raunverulega verkum þeirra, sem hafa staðið fyrir því að koma á vegakerfinu á Íslandi, og á sama tíma, sem inn í landið eru fluttar þúsundir og aftur þúsundir af bifreiðum. Þörfin fyrir landflutningana eykst dag frá degi, stærri og þyngri bílar fara um vegina einnig dag frá degi og annað eftir því. Og eins og ég tók fram í ræðu minni í dag, gerist það ekki hér á hv. Alþingi, að þm. sameinist um að leggja hundrað millj. kr. skatt á þjóðina, nema vegna þess að málið er svo veigamikið að þeirra dómi, að það má einskis láta ófreistað til þess að koma því í höfn. Það er sterkastur sá dómur og mest virði um stefnu hæstv. núv. ríkisstj. í framkvæmd vegamála, að Alþingi sameinast um að leggja hundrað millj. kr. skatt á þjóðina til þess að bjarga vegamálunum.

Ég skal ekki þreyta hv. þm. lengur á umr. um þetta mál að sinni, en segja hæstv. ráðh. það að lokum, að ég mun njóta góðrar jólagleði, þó að hann legði það á sig að vera 4 daga að leita að gögnum til þess að svara ræðu minni, og þó tókst ekki betur en raun varð á. Ég treysti því einnig, að hann megi góðrar jólahelgi njóta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 21. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 153, n. 163, 173, 177, 178, 179, 181, 182, 183, 185, 187, 188).

ATKVGR.

Brtt. 181,1 felld með 31:18 atkv.
— 177,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 181,2 felld með 30:20 atkv.
— 177,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 181,3 kom ekki til atkv.

Brtt. 177,3 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 181,4 felld með 30:21 atkv.
— 179,1 kom ekki til atkv.
— 181,5 felld með 31:23 atkv.
— 179,2 kom ekki til atkv.
— 177,4 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 181,6 felld með 31:20 atkv.
— 183,1.a samþ. með 36 shlj. atkv.
— 181,7 kom ekki til atkv.
— 183,7.b—c samþ. með 33 shlj. atkv.
— 173,1—2 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 178,I samþ. með 32 shlj. atkv.
— 173,3—8 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 185,I felld með 28:23 atkv.
— 173.9 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 181,8 felld með 28:23 atkv.
— 179,3 felld með 31:23 atkv.
— 178,II samþ. með 42 shlj. atkv.
— 178,III felld með 30:23 atkv.
— 182,I felld með 31:21 atkv.
— 182,II felld með 31:22 atkv.
— 182,III felld með 30:23 atkv.
— 185,II felld með 29:23 atkv.
— 182,IV felld með 31:22 atkv.
— 178,IV.1 felld með 31:23 atkv.
— 182,V felld með 32:24 atkv.
— 182,VI felld með 32:24 atkv.
— 178,IV.2 felld með 32:24 atkv.
— 182,VII felld með 31:24 atkv.
— 185,III felld með 32:24 atkv.
— 185,IV.1 felld með 32:24 atkv.
— 182,VIII felld með 31:24 atkv.
— 179,4 felld með 30:24 atkv.
— 182,IX felld með 31:23 atkv.
— 185,IV.2 felld með 31:24 atkv.
— 182,X felld með 31:23 atkv.
— 185,V.1 felld með 31:23 atkv.
— 178,V felld með 32:23 atkv.
— 178,VI felld með 29:24 atkv.
— 182,XI felld með 31:23 atkv.
— 185,V.2—4 felld með 30:23 atkv.
— 182,XII felld með 30:21 atkv.
— 182,XIII felld með 31:25 atkv.
— 185,V.5 felld með 29:23 atkv.
— 178,VII felld með 30:23 atkv.
— 178,VIII felld með 30:21 atkv.
— 185,V.6 felld með 30:23 atkv.
— 185,VI felld með 32:23 atkv.
— 173,10 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 178,IX felld með 31:25 atkv.
— 173,11—12 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 190,1 felld með 31:21 atkv.
— 178,X felld með 30:25 atkv.
— 173,13—15 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 185,VII.1 samþ. með 34:1 atkv.
— 173,16 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 185,VII.2 felld með 32:23 atkv.
— 173,17 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 185,VII.3 felld með 31:22 atkv.
— 178,XI felld með 30:24 atkv.
— 173,18 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 182,XIV felld með 31:22 atkv.
— 173,19 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 178,XII tekin aftur.
— 173,20 samþ. með 46 shlj atkv.

Brtt. 185,VII.4 felld með 28:23 atkv.
— 173,21—22 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 178,XIII felld með 29:24 atkv.
— 187 samþ. með 30:3 atkv.
— 173,23—26 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 190,2 felld með 31:21 atkv.
— 182,XV samþ. með 39 shlj. atkv.
— 173,27—32 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 182,XVI felld með 24:22 atkv.
— 173,33—41 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 178,XIV felld með 30:25 atkv.
— 173,42 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 178,XV felld með 28:24 atkv.
— 173,43—47 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 185,VIII felld með 31:25 atkv.
— 178,XVI felld með 29:25 atkv.
— 178,XVII samþ. með 38 shlj. atkv.
— 173,48—49 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 181,9 felld með 28:25 atkv.
— 181,9 varatill. felld með 31:25 atkv.
— 173,50—51 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 179,5 felld með 30:24 atkv.
— 173,52 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 182,XVII samþ. með 35 shlj. atkv.
— 173,53 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 178,XVIII felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE.

nei: SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, SvG, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, BF.

2 þm. (AG, BJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Tekjur félagsheimilasjóðs voru auknar mjög verulega á s. l. vori með samþykkt nýrrar löggjafar um skemmtanaskatt, en félagsheimilasjóður fær helming tekna af skemmtanaskatti. Samt eru málefni félagsheimilasjóðs og íþróttasjóðs í athugun hjá ríkisstj. Meðan niðurstaða þeirra athugana liggur ekki fyrir, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með sérstökum fjárveitingum úr ríkissjóði til þarfa félagsheimilasjóðs og segi nei.

Brtt. 173,54—59 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 185,IX felld með 28:18 atkv.
— 173,60—64 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 181,10 felld með 28:24 atkv.
— 179,6 kom ekki til atkv.
— 173,65—66 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 185,X felld með 25:23 atkv.
— 181,11 felld með 31:23 atkv.
— 178,XIX felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP.

nei: DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, SvG, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, BF.

HV greiddi ekki atkv.

2 þm. (AG, BJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði grein fyrir atkv. sinu:

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í dag eru þrír skólar í Reykjavík, sem hafa rétt til að útskrifa stúdenta, hinn almenni menntaskóli, Verzlunarskóli Íslands og kennaraskólinn, og sé ég því ekki, að brýn nauðsyn sé til þess að bæta fjórða stúdentaskólanum við í höfuðstað landsins, sízt af öllu meðan ekki hefur fengizt fram, að menntaskóli væri reistur á Vestfjörðum og Austfjörðum, en í þeim landshlutum eru engir skólar með réttindum til að útskrifa stúdenta, og greiði ég því ekki atkv. með þessari till.

Brtt. 173,67 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 178,XX felld með 30:23 atkv.
— 178,XXI tekin aftur.
— 178,XXII felld með 30:24 atkv.
— 178,XXIII felld með 29:24 atkv.
— 182,XVIII felld með 30:24 atkv.
— 188 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk.

nei: JR, MJ, MB, MÁM, SvG, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, BF.

2 þm. (AG, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 179,7 felld með 31:22 atkv.
— 183,2 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 173,68 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 178,XXIV felld með 30:24 atkv.
— 181,12 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, SvG, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, BF.

1 þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 185,XI.1 felld með 29:22 atkv.
— 185,XI.2 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós.

nei: MJ, MB, MÁM, SvG, AJ, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvJ, ÞK, AuA, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, GuðlG, US, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, BF.

1 þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 192).

10. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Á 43. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. [119. mál] (stjfrv., A. 205).

Á 44. fundi í Nd., 24 jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ótvírætt er, að hinar miklu kauphækkanir, sem urðu á s. l. ári, hljóta að hafa margvísleg áhrif á efnahag okkar Íslendinga. Þessi áhrif verða misskjótvirk og munu lýsa sér með mismunandi hætti. En flestir munu hafa gert sér grein fyrir því, að viðbúið sé, að verði ekki gagnráðstafanir gerðar, sé líklegt, að til hreinna vandræða horfi. Hins vegar er æskilegt, að þessi áhrif fái lýst sér í framkvæmd, svo að allir aðilar geti áttað sig á þeim og mönnum gefist færi á að íhuga, hver úrræði séu líklegust til þess að forða þeim voða, sem yfir vofir. Þar er okkur öllum mikill vandi á höndum, og það er ljóst, að haldgóð úrræði fást ekki, nema um þau náist víðtækt samkomulag. Þess vegna er æskilegt, að svigrúm gefist til þess að íhuga allt það mál frá rótum og stjórnvöld og fulltrúar helztu atvinnustétta reyni til þrautar, hvort þau geti náð samkomulagi um nokkrar þær ráðstafanir, sem vænta má að til frambúðar nokkurrar dugi. Sem betur fer stendur nú þannig á, að við höfum meira svigrúm í þessum efnum en oft áður. Það svigrúm er að þakka hinum ríflegu gjaldeyrissjóðum, sem tekizt hefur að safna á undanförnum árum. Þeir gera að verkum, að við getum tekið okkur nokkurn tíma til að íhuga okkar ráð og kanna til hlítar, hvort unnt er að finna sameiginleg úrræði, sem aðilar eftir atvikum geti við unað. Og ríkisstj. mun á næstu mánuðum sjálf undirbúa þær till., sem hún hyggur að til sæmilega haldgóðrar lausnar kunni að horfa, og þegar hennar íhugunum er lengra komið áleiðis, leita samráðs við fulltrúa atvinnustéttanna.

En því miður dugir það eitt ekki að hugsa sitt ráð og vera aðgerðarlaus á meðan, vegna þess að verði ekki nú þegar gerðar nokkrar ráðstafanir, horfir til hreins óefnis. Eins og kunnugt er og marglýst var yfir við samningatilraunir á mánuðunum fyrir jólin, vofir yfir stöðvun á okkar útflutningsatvinnuvegum, ef ekki er þegar hafizt handa um einhverjar ráðstafanir þeim

til léttis. Og í samningagerðinni, sem lokið var skömmu fyrir jól, var því lýst yfir af hálfu ríkisstj., að hún mundi með einum eða öðrum hætti hjálpa hraðfrystihúsunum til þess að standa undir þeirri 15% kauphækkun, sem um var samið. Og hygg ég, að öllum sé kunnugt, að ef þvílík yfirlýsing hefði ekki verið gefin, mundu samningar ekki hafa tekizt að því sinni og sennilega ekki enn í dag. Það er því fyrst og fremst til þess að efna það loforð, sem það frv. er borið fram, sem nú er hér til 1. umr.

Í 1. gr. þess er fjallað um nokkurn hluta þeirrar aðstoðar, sem hraðfrystihúsunum á að veita, og enn fremur er efni 3. gr. frv. um hið sama. Samkv. útreikningum Fiskifélags Íslands er talið, að aukning útgjalda hraðfrystihúsanna vegna 15% kauphækkunarinnar svari til 5.2% af framleiðsluverðmæti húsanna, og er þá talið, að þetta muni á þessu ári nema nálægt 62 millj. kr. upphæð. Þessari fjárhæð er ætlað að ná með tvennu móti, annars vegar því, sem lýst er í 1. gr., og hins vegar því, sem 3. gr. fjallar um. Samkv. 1. gr. er ætlazt til þess, að ríkissjóður leggi fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skuli til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Stofnlánadeild sjávarútvegsins á að úthluta þessu fé til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjútvmrh. setur. Það er kunnugt, að einn liður í rekstri hvers fyrirtækis hlýtur að vera sá að koma á endurbótum og endurnýjun þeirra tækja, sem unnið hefur verið með. Um hraðfrystihúsin er það svo, að talið er, að afkoma þeirra sé mjög misjöfn eftir því, hvort þau hafa komið á hjá sér umbótum eða ekki. Og er raunar talið mjög erfitt um áframhaldandi rekstur þeirra húsa, sem ekki hafa komið þvílíkum umbótum á.

Það er því eðlilegt, að þegar ríkið verður að hlaupa undir bagga með þessum mjög þýðingarmikla rekstri í landinu, áskilji það sér íhlutunarrétt um, að þeim endurbótum á rekstrinum verði á komið, er allir eru sammála um að horfi til góðs. Það er einnig eðlilegt, að það framlag, sem hér er ætlað, verði ekki einungis veitt til þeirra, sem eiga eftir að koma á hjá sér endurbótum, heldur einnig til hinna, sem þegar hafa ráðizt í þessar framkvæmdir og allverulegan kostnað þeirra vegna. Um þetta verður að sjálfsögðu fjallað nánar í þeim reglum, sem setja skal samkv. 1. gr., en hitt er, eins og ég segi, eðlilegt, að ríkið vilji fylgjast með því, að fénu sé varið á þennan veg, og með því verður ekki talið, að á neinn hátt sé hallað á þá, sem hjálparinnar eiga að njóta, vegna þess að fjárframlög í þessu skyni verða að teljast eðlilegur hluti af rekstrinum.

Hinn hluti aðstoðarinnar kemur fram í þeirri afléttingu útflutningsgjalds, sem ráðgerð er í 3. gr. frv. En þar segir, að af saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum og hrognum, af skreið, freðfiski, frystum rækjum, hrognum og humar, svo og af frystum fiskúrgangi til skepnufóðurs, skuli útflutningsgjald verða 4.2% af fob-verði í stað 6% áður. Talið er, að samkv. þessu muni hraðfrystihúsin fá hjálp, er jafngildi 19 millj. kr., og enn fremur framleiðendur saltfisks og skreiðar, sem jafngildir 11 millj. kr. Hins vegar hefur ekki verið talin ástæða til að svo stöddu að veita þvílíkan létti á öðrum afurðum en hér eru taldar.

Það er ljóst, að þessi aðstoð, sem fiskframleiðendur eða fiskiðjuver fá með þessum hætti, kemur að sjálfsögðu einnig útvegsmönnum og sjómönnum að gagni, vegna þess að hennar vegna er hægt að greiða hærra fiskverð en ella. Hins vegar er rétt að geta þess þegar, að eftir að fiskverð hefur verið ákveðið með þeim hætti, sem lög segja fyrir um, hefur komið fram mikil óánægja, bæði útgerðarmanna og sjómanna, með þá verðákvörðun. Ég skal ekki blanda mér í þá deilu, einungis láta uppi þá skoðun mína, að hún er ótvírætt tekin með löglegum hætti. Með því er ég sízt af öllu að draga úr því, sem ég heyrði, að A. S. Í. hefði ályktað í gær, að þetta væri borið undir dómstóla. Það er eðlilegt, að slíkt verði gert, ef menn telja ólöglega að farið. En mín skoðun er sú, að dómsniðurstöðunni hafi verið náð með löglegum hætti, enda ella vandséð, hvernig hægt hefði verið að framfylgja ákvæðum l., eins og á stóð. Hitt er svo allt annað mál, hvort aðilar telja verðið viðunandi fyrir sig, hvort útgerðarmenn treysta sér til þess að gera út og sjómenn til að vera á bátum, en þetta vandamál skapaðist fyrst eftir að samning þessa frv. var komin á lokastig, og það verður að sjálfsögðu að íhuga betur og með rækilegri hætti en unnt var á þeim tíma, sem til stefnu var, hvort þetta mál er þannig vaxið, að það krefjist sérstakra afskipta ríkisvaldsins. Hitt stendur óhaggað, að þó að fé samkv. 1. gr. og 3. gr. frv. eigi formlega að renna til fiskiðjuveranna, kemur það einnig útvegsmönnum og sjómönnum að gagni, eins og ég þegar hef lýst.

Því hefur verið hreyft, hvort ekki væri réttara að hafa annan hátt á þeirri aðstoð, sem veita þyrfti, heldur en hér er gerð till. um. Það er vitað, að sumir eru óánægðir með, að veita eigi fé til framleiðsluaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks, vildu hafa meðferð fjárins að öllu óbundna. Ég hef þegar gert grein fyrir því, af hverju við töldum þann hátt eðlilegan, sem í 1. gr. segir. Þá hefur einnig verið um það talað, að réttara hefði verið að létta frekar af útflutningsgjaldi heldur en gert er samkv. 3. gr. Því til að svara er það, að mjög óheppilegt yrði að teljast og með öllu óviðunandi, ef ríkissjóður tæki beint á sig gjöld af vátryggingum skipanna. Það er kostnaður, sem eðli málsins samkv. og til þess að nokkur varúð verði viðhöfð verður að hvíla á útgerðinni sjálfri með einum eða öðrum hætti. Hitt er allt annað mál, að ýmsir telja, að núv. tryggingafyrirkomulag sé ekki með öllu heppilegt og um of kostnaðarsamt. Það er atriði, sem ég skal leiða minn hest hjá, en er þó miklu flóknara og vandasamara en sumir vilja vera láta. En því tjáir ekki að neita, að

hér á landi falla ýmis útgjöld á tryggingarnar, sem víðast annars staðar mundu vera látin lenda á útgerðarmönnunum sjálfum, og úr því að svo er, er eðlilegt, að tryggingarnar séu hér kostnaðarsamari en víðast hvar annars staðar. En tryggingafyrirkomulagið er allt í endurskoðun, og mun um það á sínum tíma koma till. til breytingar, þó að hún liggi enn ekki fyrir.

Að öðru leyti má segja, að nokkurt áhorfsmál sé, hvort sum þeirra gjalda, sem útflutningsgjaldið stendur undir, ættu að berast að meiri hluta af ríkissjóði en nú er ákveðið. Við töldum eðlilegt, að ríkið tæki á sig hálfan kostnað eða hálft framlagið til fiskveiðisjóðs, vegna þess að með því fær sjávarútvegurinn svipaða skipan sinna stofnlána og landbúnaðurinn hefur nú þegar. Þar er því tekið upp sams konar fyrirkomulag og hinn aldni höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar býr nú við og ekkert nýtt fordæmi skapað. Gjöldin til fiskimálasjóðs, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins mætti segja, að ríkið gæti tekið að sér að öllu eða nokkru, án þess að þar með væri horfið frá eðlilegu fyrirkomulagi. En þá er á það að líta, að þarna er um svo lágar upphæðir að ræða, að þær mundu ekki hrökkva til að ná þeirri fjárhæð, sem verja þarf til aðstoðarinnar. Gjaldið til Landssambands ísl. útvegsmanna er hins vegar bæði lítið og eðli málsins samkv. ekki eðlilegt, að það hvíli á öðrum en útgerðinni sjálfri. Ég hygg því, að með þeirri skipan, sem valin hefur verið, hafi verið farin hæfileg millileið í þessum efnum.

Þá hefur einnig því verið hreyft, hvort hægt væri að létta fyrir hraðfrystihúsunum með því að afnema tollgreiðslur eða lækka tolla á vélum og tækjum til fiskvinnslu og efni til slíkra véla og tækja, sem smíðuð eru innanlands. Það er talið, að á árinu 1962 hafi tollar af slíkum vélum og tækjum til frystihúsa numið kringum 5 millj. kr., og sker sú upphæð engan veginn úr í þessum efnum og er erfitt að ákveða slíka lækkun fyrir eina grein, án þess að allsherjarendurskoðun eigi sér jafnframt stað. Nú stendur þvílík endurskoðun yfir, og þá verður þetta atriði haft í huga, hvort þarna sé hægt að afnema tolla að öllu eða nokkru, en á þessu stigi málsins þótti ekki fært að taka um þetta atriði ákvörðun.

Þá hefur einnig verið rætt um það, hvort rétt væri að lækka vexti á afurðavíxlum, og hafa átt sér stað um það viðræður milli Seðlabankans og ríkisstj. En vaxtagreiðslur frystihúsanna vegna afurðalána bankanna eru hins vegar mjög lítill hluti af framleiðsluverðmæti þeirra. Það er talið, að á árinu 1963 hafi þessar greiðslur alls numið um 15 millj. kr., eða 1.25% af framleiðsluverðmætinu. Algert afnám vaxta kemur vitanlega ekki til greina, einhver lækkun hefði munað hraðfrystihúsin sáralitlu, og þótti því ekki taka því að gera slíka ráðstöfun í sambandi við lausn þessa máls nú, en hitt stendur eftir, að Seðlabankinn hefur til íhugunar í samráði við ríkisstj., hvort unnt sé að lækka þessa vexti. En þá þarf einnig að athuga, hvaða áhrif það hefur á vexti almennt og aðstöðu bankanna, svo að það er nokkru flóknara mál en um það verði eða sé rétt að taka skyndiákvörðun.

Auk þeirrar aðstoðar, sem samkv. 1. og 3. gr. er ætluð til hraðfrystihúsanna og þar með útvegsmanna og sjómanna, er í 2. gr. ákveðið, að 51 millj. kr. skuli greiða til togara, sem gerðir eru út á árinu 1964. En þá er þess að gæta, að ætlazt er til, að miðað verði við úthald togaranna á árinu 1963, þannig að þeir geti, svo skjótt sem fé er fyrir hendi, fengið þessar greiðslur. Það er svipað fyrirkomulag og á sér stað með aflatryggingasjóðinn. Það má því segja, að það sé frekar að deila um orð heldur en efni, hvort þessi styrkur er veittur fyrir árið 1963 eða 1964, og er þá viðbúið, að sumir haldi því fram, að úr því að miða skuli við árið 1963, eigi styrkurinn að koma til allra togara, sem þá voru út gerðir. Hin leiðin var nú valin í frv. og orðalagið miðað við það, að finna mætti leið til þess að styrkja einnig nú þegar þá togara, sem ekki voru gerðir út árið 1963, lágu þá, en einhverjir e. t. v. fengjust til þess að gera út nú, ef styrkveiting væri fyrir hendi. Þetta atriði verður að sjálfsögðu athugað nánar í nefnd og þá einnig tekin um það fullnaðarákvörðun í þeim úthlutunarreglum, sem ætlazt er til að settar verði samkv. greininni.

Það er engin nýjung, að úr ríkissjóði hafi þurft að greiða beinan styrk til útgerðar togaranna. Svo var einnig t. d. gert á árinu 1962 og raunar áður einnig, þótt í smærra mæli væri. Ástæðan til þess er það gífurlega tap, sem togararnir urðu fyrir við útfærslu landhelginnar, og það er eðlilegt, að landsmenn allir taki þátt í því að bera þann bagga með útgerðarmönnum togaranna, enda ljóst, að ef svo væri ekki gert, þá mundi togaraútgerð með öllu leggjast hér niður. Og þó að henni hafi gengið treglega hin síðari ár, vitum við af fenginni reynslu, að slíkt kann að breytast, áður en varir, og væri mjög illa farið, ef við misstum þessi miklu aflatæki með öllu úr okkar eigu og værum þess vanmegnugir að taka við afla, þegar hann er fáanlegur og kemur stundum mjög skjótlega á land og skapar hér mikil verðmæti, og er þá skemmst að minnast þess, sem gerðist á árunum 1958 og 1959. Að öðru leyti má segja um erfiðleika togaranna fyrir utan þennan aflabrest, sem sumpart má segja að sé almennur á þessum slóðum nú, en sumpart kemur beinlínis af stækkun landhelginnar, að talið er, að óheppilegt vinnufyrirkomulag sé um borð í skipunum, og væri vissulega æskilegt, að um það næðust samningar milli réttra aðila að gera þar á breytingu, báðum eða öllum aðilum til góðs, ekki sízt meðan þannig stendur í landi, að hér er skortur á vinnuafli, og því engin hætta á, að menn verði atvinnulausir, þótt nýir vinnuhættir verði upp teknir á togurunum. Hitt blasir þvert á móti við, að vegna mikillar aukningar bátaflotans eru horfur á sjómannaskorti.

Þessi upphæð hefur verið ákveðin samkv. till. n., sem skipuð var á sínum tíma af hæstv. sjútvmrh., og má örugglega segja, að hún sé algert lágmark þess, sem líklegt er að komizt verði af með.

Þá er einnig í 2. mgr. 2. gr. ráðgert að verja meira fé en þegar er ætlað á fjárlögum til þess að halda úti skipi til fiskileitar. Fiskileit hefur orðið íslenzkum síldveiðum að ómetanlegu gagni. Því miður verður að segja, að gagnið hefur ekki orðið jafnmikið af þeirri fiskileit, sem stunduð hefur verið fyrir togarana, en vafalaust mundi meiri ávinningur hafa orðið, ef lengur hefði verið hægt að halda úti skipi. Til þess hefur skort fé, og ætti nú a. m. k. verulega að verða úr því bætt.

Þau útgjöld, sem þetta frv. bakar ríkissjóði, eru talin munu nema 128 millj. kr. á árinu 1964, og lýsir það sér sem sagt í þessu beina framlagi til hraðfrystihúsanna samkv. 1. gr., til togaranna samkv. 2. gr. og til þess að bæta Fiskveiðasjóði Íslands upp þann tekjumissi, sem hann verður fyrir vegna ákvæða 3. gr. Þá var því einnig lýst yfir á þinginu fyrir jólin, að ef almennar kauphækkanir yrðu, mundu bætur til almannatrygginga verða hækkaðar, svo sem þá var nánar lýst. Nú þegar hefur verið lagt fram frv. um þetta, og nemur sá útgjaldaauki á þessu ári 27 millj. kr. fyrir ríkissjóð. Við afgreiðslu fjárl. var ráðgert eða haldið opið réttara sagt, hvort hætt yrði niðurgreiðslum á verði nokkurra vara, þ. e. á fiski að öllu leyti og kjöti og smjöri að nokkru leyti. Ráðgert hafði verið, að ef sú lausn verkfallsins fengist, sem ríkisstj. gerði till. um hinn 3. des., yrði þessum niðurgreiðslum haldið áfram. Það var hins vegar ekki um slíkt talað í sambandi við þá lausn, sem endanlega fékkst. Engu að síður hefur ríkisstj. talið rétt að svo stöddu að halda niðurgreiðslunum áfram, og skortir þá til þess 55 millj. kr. Er þá talið, að öll þessi útgjöld muni nema kringum 210 millj. kr.

Óhjákvæmilegt er að afla fjár til þess að standa undir þessum útgjöldum, og hefur ekki önnur vænlegri leið fundizt til þess heldur en hækkun söluskatts, en hækkun hans úr 3% upp í 5% mundi, miðað við það að hækkunin tæki gildi hinn 1. febr., nema mjög svipaðri upphæð og hér um ræðir.

Ef þær hækkanir, sem orðið hafa vegna afleiðinga verkfallsins, hefðu ekki orðið, mundi að mestu leyti hafa verið hægt að sleppa við þessar greiðslur. Það má segja, að greiðslan til togaranna sé kauphækkununum óskyld, en allar hinar greiðslurnar standa í nánu sambandi við lausn verkfallanna í desember. Því var þá þegar marglýst yfir af hálfu ríkisstj. og hefur raunar oft komið fram síðan, að án tekjuaukningar til ríkissjóðs væri ekki með neinu móti hægt að standa undir þessum gjöldum, og er vandséð, að þau komi léttar við almenning með nokkurri aðferð, sem framkvæmanleg er og á hefur verið bent, annarri en þessari. Það er talið, að þetta muni valda kringum 2 stiga vísitöluhækkun, en raunverulega ekki hækka verðlagið þó nema um 1.4%. Allir þeir, sem áttu tal við ríkisstj. um lausn verkfallsins í desember, voru aðvaraðir um, að einhver slík hækkun yrði óhjákvæmileg. Svipað kom fram í umr., sem áttu sér stað hér á Alþingi, meðan á verkfallinu stóð, og eins og ég segi, hinu sama hefur ítrekað verið lýst yfir af hálfu stjórnarinnar opinberlega síðan og í skrifum einstakra ráðherra.

Þessi skattlagning getur því ekki komið neinum á óvart, enda er hún, eins og ég segi, með öllu óhjákvæmileg. Ég hef að vísu lesið, að vandinn væri sá einn að taka tekjuafgang ríkissjóðs og verja honum í þessu skyni. Þannig las ég í einhverju blaði í morgun, að tekjuafgangur ríkissjóðs 1962 hafi numið mjög háum upphæðum, — ég man ekki, hvort það voru 200 eða 300 eða 400 millj. kr., — og svipaðri upphæð aftur á árinu 1963. Í þessu blaði var raunar nokkurt ósamræmi, því að á öðrum staðnum var sagt, að þessar miklu fjárhæðir væru greiðsluafgangur ríkissjóðs, en á hinum staðnum, að þarna hefðu verið umframtekjur ríkissjóðs á þessu ári. Sannleikurinn er sá, að greiðsluafgangur ríkissjóðs varð raunverulega á árinu 1962, eins og alþm. er kunnugt, eitthvað í kringum 160 millj., og samkv. því, sem mér er tjáð, mun hann verða lægri á árinu 1963, eftir því sem séð verður. Hér eru því alls ekki fyrir hendi svo miklar fjárhæðir eins og ætla mætti af því, sem sumir halda fram í þessum efnum. Engu að síður mætti segja, að ef þessar fjárhæðir væru lagðar saman, væri þarna nóg fé til þess að standa undir þessum útgjöldum. En ef þannig væri farið að, væri vísvitandi verið að magna verðbólgu í landinu.

Þó að okkur komi ekki saman um allt, hv. alþm., þá erum við þó allir sammála um, að verðbólgan út af fyrir sig sé meinsemd, sem forðast beri. Ég hygg hins vegar, að engum, sem skyn ber á slíkt, detti í hug að halda öðru fram en því, að ef tekjuafgangi fyrri ára væri varið til þvílíkra útgjalda sem þessara, mundi það beinlínis verka verðbólguaukandi, auka til frambúðar þann vanda, sem okkur er nú mestur á höndum og þetta frv. að sínu leyti er ætlað að vera einn — að vísu einungis einn og lítill liður í til að berjast á móti. Það væri því alger sjálfsmótsögn, ef við nú til þess að létta okkur þessi spor spilltum framtíðarhorfum og möguleikum til þess að ráða við það geigvænlega viðfangsefni, sem mest hefur torveldað framsóknargöngu íslenzku þjóðarinnar síðasta aldarfjórðunginn.

Þá er í 6. gr. frv. heimild til þess, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkissjóðs gerir það nauðsynlegt, að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1964. Sama gildir um greiðslu framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1964. Svipuð heimild þessu hefur stundum áður verið veitt og þá sérstaklega í fjárl. Það fer auðvitað mjög eftir atvikum, hvort til þessarar heimildar þarf að grípa, og það verður að sjálfsögðu ekki gert, nema ríkisstj. sé öll sammála

um það. Hitt vitum við, að ein af höfuðorsökum þeirra örðugleika, sem við eigum nú við að etja, er of mikil þensla, sem hér myndaðist á árinu 1963. Ýmsir aðilar hafa kennt þessa þenslu að nokkru framkvæmdum ríkisins. Ég hygg nú raunar, að þar hafi menn gert úlfalda úr mýflugu, vegna þess að framkvæmdir ríkisins hafa ekki ráðið eins miklu um í þessum efnum og sumir vilja vera láta. Hinu komumst við ekki hjá, að ef við viljum hvetja aðra til varúðar og gera alvarlega tilraun til þess að draga úr ofþenslu, sem skapar óheilbrigði og varanlegan vanda, þá verður ríkið einnig að vera viðbúið að veita þar forustu, að ganga á undan með góðu fordæmi. Það er í þessu skyni, sem heimildarinnar er aflað, en hún verður vissulega ekki notuð, nema brýn nauðsyn verði talin til.

Þá hygg ég, að ég hafi gert grein fyrir meginefni þessa frv. Um hin tæknilegu atriði þess skal ég ekki fjölyrða. Þau verða að sjálfsögðu athuguð í meðferð málsins. Ég hef haldið mér frá því að deila hér á nokkurn eða kenna nokkrum um það ástand, sem við eigum nú við að glíma. Það stoðar engan og verður engum til farsældar að vera stöðugt að deila um það, sem skeð hefur, þó að menn að sjálfsögðu hafi það hver um sig í minni og eigi af því að læra. Það, sem nú liggur fyrir, er að taka verkefnin með raunhæfum ráðstöfunum, leysa þau eins og þau liggja fyrir, og það er ótvírætt, að hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, og enginn gleðst yfir því að þurfa að gera till. um verulega skattaþyngingu, þá er sú skattaþyngingu, sem nú er borin fram till. um, að langsamlega mestu leyti afleiðing af þeim orsökum, sem þegar eru orðnar. Og ef menn vilja ekki, að orsakirnar skapi enn þá meira tjón og glundroða, þá er þetta í bili hagkvæmasta og almenningi hollasta aðferðin til þess að firra vandræðum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú gert svo ýtarlega grein fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, að þar er raunverulega engu við að bæta. En það, sem mig langaði til að ræða hér með nokkrum orðum, er afkoma og afkomuhorfur þeirra aðila, sem hér er gert ráð fyrir að styrkja að nokkru úr ríkissjóði. Þessir aðilar eru vinnslufyrirtæki sjávarútvegsins annars vegar og togararnir hins vegar aðallega, og skal ég leyfa mér að fara um þessa hlið málsins nokkrum orðum.

Í desembermánuði 1962 var skipuð nefnd til að rannsaka, eins og það var orðað, hag og afkomuhorfur togaraútgerðarinnar og gera tillögur til ríkisstj. um rekstur togaranna í framtíðinni á þeim grundvelli, að togaraútgerð hér á landi verði rekin með eðlilegum hætti, eins og segir í útnefningu n. Í þessa nefnd voru skipaðir Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, sem var formaður n., Jónas Jónsson framkvstj. og Svavar Pálsson endurskoðandi. N. hóf síðan störf og lét það verða sitt fyrsta verk að safna gögnum um rekstrarafkomu togaraflotans á árunum 1961 og 1962 og vinna síðan úr þeim og gera till., sem á þeim hlutu að byggjast, og hafði n. lokið störfum og skilað áliti nú skömmu fyrir næstliðin áramót.

Rekstrarafkoman 1961 og 1962 var fengin á þann hátt, að það var safnað, eins og ég sagði, skýrslum frá togaraútgerðarfélögunum flestum. Þar fengust upplýsingar um rekstur 29 skipa, þar af voru 4 nýju og dýrustu skipin „elimineruð" úr þessum upplýsingum, því að þau eru á margan hátt svo ólík gömlu nýsköpunartogurunum, að þau áttu þar ekki samleið. Nokkrir reikningar eða nokkrar upplýsingar af þessum 25, sem eftir voru, voru að vísu þannig, að þeir voru gerðir upp á nokkuð mismunandi hátt, en það var reynt að samræma og færa til sambærilegs vegar, þannig að meðaltal og meðaltalsniðurstaða fengist. Eftir að það hafði verið gert eftir þeim beztu upplýsingum, sem n. hafði, og þeim lagfæringum, sem hún taldi rétt að gera, varð niðurstaðan sú, að meðalrekstrarhalli togaranna 1961 hefði verið 3 millj. 125 þús. kr. á skip og rekstrarhalli 1962 3 millj. 562 þús. kr. Þar við er þó að athuga, að árið 1962 var, ef ég svo má segja, mjög ónormalt ár, þar sem togararnir lágu bundnir í höfn vegna verkfalla 4—5 mánuði af árinu.

Þetta er það brúttótap, sem n. telur að hafi orðið á hverjum einum togara. En á þessum árum voru styrkir nokkrir greiddir til þess að aðstoða þessi útgerðarfyrirtæki, og tapið varð þá, eftir að þessir styrkir höfðu verið dregnir frá á árinu 1961, 1 millj. 387 þús. og á árinu 1962 1 millj. 902 þús., sem eins og ég sagði áðan er þetta hátt, sennilega að einhverju leyti og áreiðanlega vegna þess, að útgerð skipanna árið 1962 varð með annarlegum hætti.

Þá hefur n. einnig gert tilraun til þess að gera áætlun um afkomu togaranna á árinu 1963. Það byggist ekki á neinum reikningum, eins og eðlilegt er, því að reikningar útgerðarfélaganna voru auðvitað ekki komnir fram, þegar nefndin lauk störfum í nóvembermánuði s. l., en hún hefur gert þetta á þann hátt að taka kostnaðarliði togaranna til meðferðar og athuga þær breytingar, sem á þeim hafa orðið frá árunum áður, og gera sér á þann hátt hugmynd um, hver afkoma hafi orðið.

Niðurstaðan af þessari áætlunargerð nefndarinnar er sú, að líklegt sé, að halli á árinu 1963 hafi orðið um 3 millj. 476 þús. kr. á skip. Þó segir n., að í þessu sambandi sé það að athuga, að það aflamagn, sem hún hafi gert ráð fyrir í þessum útreikningi sínum, hafi ekki náðst, meðalafli togaranna á árinu 1963 hafi orðið minni en gert sé ráð fyrir í áætluninni, þannig að líkur eru til, að þessi tala, sem hér er nefnd, 3 millj. 476 þús., sé frekar of lág heldur en of há.

Þetta ástand togaraútgerðarinnar er vissulega mjög athyglisvert og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, af hverju þessi lélega afkoma stafar, ef menn yfirleitt vilja þá halda áfram rekstri togaranna, en ekki hreinlega leggja þessa útgerð niður, ef hún verður ekki fram-

kvæmd með öðrum hætti en þessum, að hún sé rekin með svona gífurlegu tapi ár eftir ár, sem ekki er unnt að jafna nema með beinu framlagi frá öðrum aðilum, bæði ríkissjóði og öðrum. (Gripið fram í.) Ég skal koma að því síðar.

Nú hefur það yfirleitt verið skoðun manna hér á Alþingi, held ég megi fullyrða, að það beri ekki að leggja niður togaraútgerðina, heldur reyna þvert á móti að halda henni gangandi. Það er viðurkennt, að togararnir hafa á undanförnum árum dregið mikla björg í bú og það sé ekki að vita nema þeir erfiðleikar, sem þeir eiga nú við að stríða, séu tímabundnir, þannig að aftur geti komið sá tími, að þeir geti vel staðið fyrir sínu, og stórvirkustu veiðitækin, sem við eigum, eru þó þessir togarar. En eigi að síður er rétt og nauðsynlegt að leitast við að gera sér grein fyrir, af hverju þessi hallarekstur stafar, og það hefur n. líka gert, og skal ég greina frá þeirri niðurstöðu, sem hún hefur komizt að um það efni.

Nefndin telur, að þessar orsakir séu í meginatriðum tvær. Önnur orsökin er hinn tiltölulega litli afli, sem skipin hafa fengið, og hitt atriðið, sem n. telur vera höfuðorsök í þessu tapi, er það, eins og n. segir, að þar sé um að ræða úrelt vinnufyrirkomulag um borð í skipunum, sem leiði til þess, að mannahald verði óeðlilega dýrt, miðað við þann afla, sem á skipið kemur.

Um fyrra atriðið, aflarýrnunina, er það að segja, að það fer ekki á milli mála, að hún er að verulegu leyti fram komin vegna þess, að togurunum hefur með útfærslu landhelginnar verið ýtt burt af þeim miðum, sem þeir áttu bezt áður. Þetta hefur leitt til þess fyrst og fremst, að aflinn hefur minnkað. Þetta hefur verið reynt að meta eftir föngum og fengnir til þess þaulkunnugir togaraskipstjórar og aðrir menn, sem gerla mega um þetta vita, og hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að aflabresturinn, vegna þess að togararnir hafa verið hraktir af þessum beztu miðum sínum, nemi í kringum 600 lestir á ári á skip. Þetta er því tilfinnanlegra vegna þess, að togararnir eru nú miklu meir en áður háðir veiðum á heimamiðum, þar sem afli á fjarlægum miðum hefur minnkað mjög verulega frá því, sem áður var, sérstaklega ef farið er aftur til áranna 1958 og 1959, þegar veiðin var hvað mest á Nýfundnalandsmiðum og togararnir fengu þá þar svo mikinn afla, að það gaf þeim fyrra árið mjög góða afkomu og það síðara sennilega sæmilega. Það er sjálfsagt alveg óumdeilt, að þetta er önnur aðalástæðan fyrir því, að útkoman hjá togurunum er eins léleg og hún er í dag.

Hitt atriðið, sem n. telur fram sem aðalatriði, er, að vinnubrögð um borð í skipunum séu úrelt. Það rökstyður n. á þennan hátt:

Áhafnir á brezkum togurum eru nú um 20 manns og á þýzkum togurum 24 menn, en á íslenzkum togurum af sömu stærð og við sömu veiðar er að jafnaði 31 maður. N. telur, að með hliðsjón af því, hvað aflabrögðin hafa minnkað, þá sé þessi mannfjöldi á íslenzkum togurum óþarfur og sé hægt að komast af með færri menn eða svipaða tölu og á sambærilegum erlendum togurum.

Þessi mannfjöldi eða þessir fleiri menn á íslenzku togurunum heldur en hinum erlendu kosta eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, frá 800 þús. kr. til 1 millj. 260 þús. kr. á ári, eftir því, hvort talan er tekin eftir þeim ensku eða þýzku, en auk þess segir n. mundu sparast útgjöld, sem leiðir af mannahaldi, svo sem fæði, ýmiss konar tryggingar o. fl., er nemi frá 252 þús. til 396 þús. kr. á skip. Samtals nemur þetta þá á skip, bæði bein laun til þessara manna og annar kostnaður í kringum þá, frá 1 millj. 54 þús. til 1 millj. 656 þús., en það svarar til nær eins þriðja hluta eða helmings þeirrar upphæðar, sem áætlunin sýnir sem halla á rekstri togarans.

Nú má segja, að náttúrlega væri það ekki eðlilegt að gera ráð fyrir því, að sá vinningur, sem fengist af breyttu vinnufyrirkomulagi, rynni allur til útgerðarinnar, heldur yrði nokkur hluti látinn ganga til skipshafnarinnar og kæmi fram í hærri launum vegna breytingar á vinnufyrirkomulaginu. En ef gert væri ráð fyrir, að helmingurinn af beinum launasparnaði rynni til áhafnarinnar, þá yrði samt eftir fyrir skipið frá 650 þús. til 1 millj. kr. Þetta ásamt aflarýrnuninni nær að vísu ekki alveg að fullu að bæta þann halla, sem er á skipunum, en fer mjög nálægt því.

Þá hefur n. einnig gert nokkurn samanburð á þeirri aðstöðu, sem íslenzk togaraútgerð og erlend á við að búa, og hefur þá tekið til samanburðar bæði brezka og þýzka togara. Í Bretlandi var árið 1962 greiddur styrkur á hvern úthaldsdag, sem svaraði 17 sterlingspundum eða 2000 kr. rúmum til allra skipa yfir vissa stærð, sem stunda veiðar á fjarlægum miðum. Til viðbótar þessu var svo veittur sérstakur styrkur til olíukyntra gufuskipa af svipuðum aldri og nýsköpunartogararnir íslenzku, og nam hann frá 3 pundum og 2 shillingum og upp í 8 pund á úthaldsdag, þannig að styrkurinn gat alls numið á dag frá 2400 kr. til 3000 kr. á hvern úthaldsdag. En auk þessara styrkja eru svo veitt brezkum togurum eða togaraeigendum óafturkræf framlög til nýbyggingar togara, og getur það numið allt að 50 þús. sterlingspundum á skip eða í kringum 6 millj. kr., þó ekki yfir 25% af byggingarkostnaði, og með ýmsum nánari skilyrðum.

Í Þýzkalandi er styrkjum hagað nokkuð á annan veg. Þar er ekki veittur styrkur á úthaldsdag, heldur er bætt við vissum hundraðshluta af söluverði afla frá 3—6%. Þessi styrkur getur orðið á skip minnst 350 þús. kr. á ári, en mest í kringum 700 þús. kr.

Í Bretlandi og í Þýzkalandi geta heimaborgarar selt afla sinn án nokkurra tolla, en Íslendingar verða að greiða í Bretlandi 10% toll af brúttósöluverði að frádregnum tollinum, en í Þýzkalandi er þetta breytilegt eftir árstíðum og getur komizt upp í 11½%. En þar við er því að bæta, að tollurinn í Þýzkalandi á sennilega fyrir sér að hækka, eftir því sem árin

liða, vegna þess að Þýzkaland er aðili að Efnahagsbandalaginu og Efnahagsbandalagið, eins og kunnugt er, gerir ráð fyrir því að hækka á nokkrum árum toll á innfluttum vörum frá þeim löndum, sem utan bandalagsins eru, þangað til komið er upp í visst hámark, sem ekki hefur verið náð enn og sennilega ekki nærri því.

Það, sem íslenzkur togari þess vegna verður að greiða umfram togarana þýzku og brezku vegna tolla, nemur í kringum 650 þús. kr. af andvirði þeirra sex söluferða, sem áætlaðar eru, en dæmið um íslenzku togarana er sett þannig upp, að það er gert ráð fyrir því, að þeir fari sex söluferðir til útlanda, en afla úr öðrum sex veiðiferðum landað heima.

Ef gert er svo upp, hvað þessir brezku og þýzku togarar fá umfram íslenzka togara, eða sá aðstöðumunur, sem er á milli brezkra og þýzkra togara annars vegar og íslenzkra hins vegar, að meðtöldum raunar þó þeim beinu styrkjum, sem þeir fá, þá litur dæmið þannig út:

Beinir styrkir til erlendu togaranna eru taldir minnst vera 350 þús., mest 930 þús. Tollar, sem íslenzkir togarar greiða erlendis, en erlendir togarar sleppa við, eru minnst 410 þús., en mest 650 þús., miðað við þann ferðafjölda, sem ég nefndi. Mismunurinn í mannahaldi, þ. e. að þeir hafa, íslenzku togararnir, 7—11 mönnum fleira en þeir erlendu, þýðir minnst 802 þús. kr. og mest 1260 þús. kr. Ýmis kostnaður, sem erlenda útgerðin hefur hagkvæmari en sú íslenzka, nemur um 252 þús. minnst og 696 þús. kr. mest. Og samtals er þessi aðstöðumismunur, þegar frá er dreginn styrkurinn hér heima, 1 millj. 814 þús. minnst og 3 millj. 236 þús. mest.

Það gefur því auga leið, að þegar þar við bætist svo sú aflarýrnun, sem togararnir hafa orðið fyrir, þá er samkeppnisaðstaða þeirra við erlendu togarana ærið slæm. Sem smáatriði í þessu sambandi að vísu, en þó munar um, er það, að hér verða íslenzku togararnir, sem leggja upp afla sinn heima, að greiða olíuna talsvert hærra verði en hinir erlendu fá hana fyrir í sinni heimahöfn, en þessi verðmismunur er m. a. vegna þess, að þeir þurfa að greiða af henni hér verðjöfnunargjald vegna þeirrar olíu, sem út á land er flutt.

Hér í þessu frv. er gert ráð fyrir því að veita togurunum nokkurt framlag úr ríkissjóði umfram það, sem þeir eru styrktir annars staðar frá. Þetta er ekki nýtt. Það hefur verið gert áður. 1960 var veitt togurunum í heild 34 millj., 1961 svipuð upphæð og 1962 27 millj. Þegar lögin um aflatryggingasjóð voru sett á árinu 1962, þá var ákveðið, að sjóðurinn skyldi einnig ná til togaranna, og ákvæðin um bætur til togaranna skyldu ná aftur fyrir sig til ársins 1960. Fyrsta árið, árið 1960, voru togaraeigendum greiddar bætur með skuldabréfum, sem námu í heild í kringum 30 millj. og ríkissjóður greiddi sem sitt framlag í togaradeild aflatryggingasjóðsins. Árið 1961 greiddi aflatryggingasjóðurinn alls 32,6 millj. Og 1962 var annars vegar greiðsla úr ríkissjóði 15 millj. og hins vegar úr aflatryggingasjóði 19.6 millj., það er í kringum 34 millj. samtals.

Sá styrkur, sem togararnir þess vegna hafa fengið, hefur verið fólginn í þrenns konar framlögum. Hann hefur verið fólginn í því, að úr hinum sameiginlega sjóði vátryggingarstarfseminnar hafa þeir fengið hátt í eina milljón króna á ári. Það, sem þeir hafa fengið úr aflatryggingasjóði, hefur numið svipaðri upphæð og þó stundum nokkru meiri. Til viðbótar kemur svo ríkissjóðsframlag það, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., sem nú liggur hér fyrir til umr.

Í þessu nál. togaranefndarinnar er gert ráð fyrir, að sá minnsti styrkur, sem hægt sé að hugsa sér að togararnir komist af með, sé í kringum 3 millj. kr. á ári. Þar af er gert ráð fyrir, að 1 millj. komi frá vátryggingarpúlíunni og um 1/2 millj. frá aflatryggingasjóði, og þess vegna sé nauðsynlegt að gera ráð fyrir því, að ríkissjóður bæti við sem svarar hálfri annarri millj. kr. á skip, eða ef reiknað er með 34 skipum, 51 millj., eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þetta er ekki falleg mynd af afkomu togaraútvegsins á Íslandi, en ég hef talið rétt að gefa þessar upplýsingar alveg eins og n. hefur gengið frá þeim. Þessar upplýsingar allar, sem ég nú hef gefið hv. alþm., eru teknar beint úr nál. og niðurstöðum nefndarmanna af þeirri athugun, sem fram hefur farið hjá þeim. Og ríkisstj. hefur tekið upp þessa till. þeirra um að leggja fram til togaranna sem svaraði 1½ millj. kr. á skip, eða 51 millj. í allt, miðað við 34 skip.

Við þetta er svo bætt í 2. gr. frv. síðari málsl. heimild fyrir ríkisstj. til þess að leggja fram 4 millj. kr. til fiskileitar. Fiskileit hefur farið fram fyrir togarana á hverju ári upp á síðkastið, en mjög takmörkuð. Hún hefur verið svona takmörkuð vegna þess, að það hefur ekki verið veitt fé á fjárl. nema það naumt, að fiskileitin hefur ekki getað staðið nema tiltölulega stuttan part úr árinu. Hér er gert ráð fyrir, að 4 millj. kr. verði bætt við það framlag, sem á fjárl. er, sem mun vera 2 millj. kr., þannig að alls verði til ráðstöfunar til fiskileitar fyrir togarana um 6 millj. kr. á þessu ári, þannig að hún ætti með þessari upphæð að geta orðið starfrækt mikinn hluta ársins. Það er ákaflega nauðsynlegt fyrir þá, því að leitarskip getur komið að mjög miklu gagni fyrir þá eins og önnur veiðiskip, eins og t. d. síldveiðiskipin, þar sem síldarleitin hefur orðið síldveiðibátunum til ómetanlegs stuðnings.

Þetta var sú hliðin, sem að togurunum snýr. Það er kannske sú alvarlegasta, sú mest aðkallandi og sú erfiðasta að leysa. En ég tel, að með þessum framlögum, sem nú eru ráðgerð til togaraútgerðarinnar, megi jafna nokkurn veginn þann halla, sem orðið hefur á togaraútgerðinni 1963, og ég held, að það verði að teljast eðlilegt, að þessi styrkur, sem hér er lagður fram, verði miðaður við árið 1963 og miðaður við þá úthaldsdaga, sem skipunum hefur verið haldið úti á því ári.

Um frystihúsin er það að segja, að þar liggja

ekki fyrir — það skal strax játað — eins ýtarlegar upplýsingar og um togarana. Þó er þess að geta, að á miðju ári, eða kannske nokkru seinna, þá kom stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna að máli við ríkisstj. og skýrði henni frá rekstrarafkomu frystihúsanna, í fyrsta lagi 1962, sem stjórn Sölumiðstöðvarinnar taldi eftir atvikum sæmilega. Þeir höfðu þá haft hagnað talsverðan upp í afskriftir, en á miðju ári 1963 töldu þeir, að rekstri frystihúsanna væri þann veg komið, að þau væru rekin með tapi og enginn eyrir til afskrifta.

Ég gleymdi áðan að svara þeirri fsp. um togarana, sem var borin hér fram, hvort reiknað væri með afskriftum í þessum niðurstöðum, sem fengnar voru um togarana, og það er. Það er reiknað með 1 millj. kr. í afskriftir á skip.

Þegar Sölumiðstöðin eða stjórn hennar kom til ríkisstj., þá hafði hún meðferðis reikninga 8 frystihúsa, sem gerðir höfðu verið upp fyrir fyrri helming ársins 1963, og niðurstaðan af því uppgjöri var, eins og ég sagði, að það væri ekki aðeins, að það væri ekkert upp í afskriftir, heldur vantaði, að mig minnir, 12 millj. kr. á, að þessi frystihús hefðu fyrir beinum rekstrarútgjöldum. Ég man nú ekki nákvæmlega, hver þessi frystihús voru, en ég man þó það, að af þeim voru 3 í opinberri eða hálfopinberri eigu. Það voru sem sagt hraðfrystihúsin í Reykjavík og Hafnarfirði, hraðfrystihús bæjarútgerðanna á þessum stöðum, og hraðfrystihús Útgerðarfélags Akureyrar, auk 5 annarra, sem þar voru talin.

Þegar þeir ræddu við ríkisstj., og þeir ræddu við hana á þeim grundvelli, að á einhvern hátt yrði mætt þeim aukna kostnaði, sem orðið hefði vegna 5% launahækkana í janúar og 7½% launahækkananna í júní, sá ríkisstj. sér ekki fært þá að verða við þeirri beiðni, vegna þess að hún taldi, að upplýsingarnar, sem fyrir lægju, væru ekki nægilega miklar, til þess að hægt væri að byggja á þeim þá aðstoð, sem farið var fram á. Hins vegar, þegar vinnudeilurnar stóðu yfir í desembermánuði s. l., þá komu hraðfrystihúsaeigendur til ríkisstj. og sögðu henni frá því, að svo illa sem þeim hefði gengið með að halda frystihúsunum gangandi eftir þær launahækkanir, sem orðið hefðu fyrr á árinu, þá væri algerlega útilokað, að þeir gætu bætt á sig nokkrum kauphækkunum í viðbót auk annarrar hækkunar á rekstrarkostnaði, sem orðið hefði. Ríkisstj. lét þá vinda að því nokkurn bug að láta kanna málið og fól Efnahagsstofnuninni að fara ofan í ekki einasta þessa reikninga, sem Sölumiðstöðin sendi, heldur líka aðra reikninga, sem hún átti kost á að skoða, og setja upp sérstakan reikning fyrir eitt meðalfrystihús. Nú eru náttúrlega, eins og allir vita, afkomumöguleikar frystihúsanna ákaflega misjafnir. Þó að eitt frystihús geti verið rekið með sæmilegum hagnaði, þá er jafnvíst, að önnur eru rekin með tapi, og erfitt að búa út nokkra lausn, sem getur hentað fyrir þau öll, því að það, sem einum kann að duga, gefur öðrum kannske óhóflega mikinn arð og þar fram eftir götunum. En það var talið, að meðalfrystihús, eins og það var kallað, mundi þurfa þeirrar aðstoðar við, sem 15% launahækkun í desember krefðist, þ. e. a. s. að frystihúsin gætu ekki tekið á sig neinn hluta af þeirri hækkun vinnulauna, sem í desember varð. Það varð til þess, að ríkisstj. hét frystihúsunum því að beita sér fyrir því, að þessi 15% hækkun, ef hún yrði, yrði bætt þeim á einhvern veg af opinberri hálfu.

Þessi hækkun, sem hjá frystihúsunum hefur orðið á árinu, er ekki aðeins þetta. Hún er ekki aðeins 5% hækkun í jan., 7½% hækkun í júní og 15% hækkun í des., sem gefur samtals um 32% hækkun, heldur hefur líka komið til hækkun kvennakaupsins um áramótin, bæði áramótin 1962—1963 og áramótin núna, 1963—1964, og til viðbótar hefur það líka komið, að verkamenn, sem vinna í frystihúsum, hafa verið færðir á milli launaflokka og hækkaðir nokkuð, þannig að einnig það verkar í hækkunarátt. Þeir hafa haldið því fram, hraðfrystihúsamenn, að kauphækkunin á árinu hafi orðið yfir 40%. Og það liggur náttúrlega í hlutarins eðli, að ef þeir hefðu getað tekið að sér 40% launahækkun á einu ári án nokkurrar aðstoðar, hefði áður verið ofsagróði á þessu fyrirtæki. En það var vitað, að hjá þeim a. m. k. flestum var ekki um neitt slíkt að ræða. Það var þess vegna ekki hægt hjá því að komast, ef deilan ætti að leysast, að heita þessari aðstoð, eins og ríkisstj. gerði, og ég vil halda því fram, að ef frystihúsin hefðu ekki fengið þetta fyrirheit hjá ríkisstj., að beita sér fyrir þessari hækkun eða þessum bótum, mundi deilan ekki hafa leyst og væri kannske ekki leyst enn í dag. Hitt er svo annað mál, hvaða álit ríkisstj. kunni að hafa á þessum launahækkunum. Þær voru staðreynd, sem ekki var hægt að komast fram hjá, og varð þess vegna að mæta þeirri staðreynd með einhverjum þeim ráðstöfunum, sem mögulegt var að ráða við, bæði fyrir ríkisstj. og fyrir þá sjálfa, að reka fyrirtæki sín á þann hátt, að viðunandi væri.

Þessi uppbót fyrir frystihúsin, sem svaraði til 15% launahækkunarinnar í des., var reiknuð af trúnaðarmönnum ríkisstj. að nema sem svaraði 5.2% af útflutningsverðmætinu. Það varð niðurstaðan að lækka útflutningsgjaldið um 1.8%, en veita hitt í beinu framlagi til húsanna. Þegar útflutningsgjaldið var sett á sínum tíma, var það sett með hliðsjón af því, að þeir, sem gjaldið áttu að greiða, útvegsmenn fyrst og fremst og vinnustöðvar sjávarútvegsins, hefðu efni á því að greiða það, enda var nokkur hluti þessa útflutningsgjalds látinn ganga til hluta, sem að eðlilegum hætti mætti segja að ríkissjóði bæri að taka á sínar herðar. Það er út af fyrir sig ekki hægt að segja, að það sé eðlilegt, að sjávarútvegurinn taki á sig að leggja fram allt framlag til stofnlánasjóða sinna, eins og gert var ráð fyrir í þeim lögum, heldur að ríkissjóður legði þar nokkuð fram, svipað því sem gert er t. d. við stofnlánasjóði landbúnaðarins, þar sem ríkis-

sjóður greiðir helminginn á móti öðrum. Og þess vegna var það ekki óeðlilegt, að þegar útvegurinn eða frystihúsin í þessu falli voru komin í kröggur, yrði létt af þeim þessari greiðslu til stofnlánasjóðs síns eða fiskveiðasjóðsins og ríkissjóður látinn taka á sig þann bagga.

Það má segja, eins og forsrh. rakti hér áðan, að það séu fleiri útgjöld, þó að smá séu, sem nú hvíla á útflutningsgjaldinu, og mætti taka það til athugunar í framtíðinni, hvort ekki væri hægt að létta þeim af að einhverju leyti einnig. En í þessu tilfelli munar það tiltölulega litlu, og var þess vegna ekki farið lengra í því efni.

Um útflutningsgjaldslækkunina að öðru leyti er það að segja, eins og hæstv. forsrh. nefndi áðan líka, að þá nær hún til fleiri hluta en til hraðfrysta fisksins, og þótti eðlilegt, að hún næði einnig til skreiðar og saltfisks. En það er líka sú eina aðstoð, sem þeir atvinnuvegir fá, og verða þeir því að þessu leytinu harðar úti en hraðfrystihúsin. En það helgast af því, að á árinu 1963, um mitt ár og sérstaklega síðast á árinu, hefur orðið talsverð verðhækkun á þessum vörum, bæði saltfiski og skreið, og var þess vegna talið, að þeir gætu staðið betur undir þeirri hækkun vinnulauna, sem varð, heldur en frystihúsin, þar sem hækkun á afurðaverðinu hefur lítil eða engin orðið hjá þeim.

Þessar tölur lita þannig út, að það, sem kemur á ríkissjóð að greiða vegna lækkunar útflutningsgjaldsins, verður vegna frystihúsanna 19 millj., en vegna saltfisks og skreiðar 11 millj. Auk þess var svo tekin sú ákvörðun að leggja það, sem á vantaði, 5.2% af útflutningsverðmætinu, fram sem hrein framlög til húsanna, og nemur sú upphæð þá 43 millj. kr. En það var jafnframt ákveðið að láta það fylgja, að þessu fé yrði varið til þess að koma á í húsunum hagkvæmari vinnubrögðum, vinnuhagræðingu, eins og það er kallað með nýju orði, og ákveðið, að þetta fé yrði greitt stofnlánadeildinni, sem ráðstafaði því í sambandi við viðskiptabanka viðkomandi húss til greiðslu á þeim kostnaði, sem húsin hefðu af því að koma þessu kerfi á. Það er enginn vafi á því, að þar sem þessu hefur verið komið á, hefur það gefið góða raun og hefur bæði orðið til þess að auka vinnulaun þeirra, sem í húsunum vinna, og einnig til þess að bæta afkomu frystihússins sjálfs, þannig að með því að styrkja húsin til þess að koma á þessum vinnubrögðum, þá mætti gera ráð fyrir því, að þau væru betur undir það búin í næstu framtíð að vera rekin án þess að til aðstoðar þyrfti að koma. Ég skal taka það fram í þessu sambandi, að það er meining ríkisstj. að láta þetta fé einnig ganga til þeirra frystihúsa, sem þegar hafa komið á þessari hagræðingu, og koma þannig í veg fyrir, að þeim verði refsað með því að fá engan styrk, þótt þau séu búin að koma þessu á, en eigendurnir verða þá að gera grein fyrir því, hvernig það hafi verið gert, á sama hátt og hinir, sem ekki eru búnir að koma henni á, gera grein fyrir því, sem þeir ætla að gera.

Þetta er nú það, sem um þá þætti sjávarútvegsstarfseminnar er að segja, sem þessi lög eða þetta frv. snertir. Þessi upphæð, sem veitt er til sjávarútvegsins á þennan hátt, nemur samtals 128 millj. kr. Þegar verið var að undirbúa fjárl. í sumar, var það greinilegt, að með þeirri hækkun, sem orðið hefði á launum opinberra starfsmanna, mundi ríkissjóður þurfa mjög mikið fé til viðbótar því, sem hann áður hafði, til þess að mæta þessum auknu útgjöldum vegna launa hinna opinberu starfsmanna. Þá var kannað, hvaða leiðir væru til þess fallnar að jafna þessi met, og niðurstaðan af því varð sú, að með auknum innflutningi og auknum tekjum ríkissjóðs, sem reiknað var með, eins og frekast mátti verða, leit þannig út, að það mætti komast hjá því að leggja á nýja skatta, ef dregið yrði úr niðurgreiðslum á neyzluvörum. Og það var staðnæmzt við þá lausn, því að þá var ekki vitað um það, hvað síðar mundi koma, og talið, að þessi lækkun á niðurgreiðslum mundi nægja til þess að koma á jöfnuði á greiðslur ríkissjóðs. Við vorum sammála um það, að þetta mundi vera hægara en að leggja á nýja skatta. Þetta hefur síðan staðið opið og ekki verið tekin um það nein endanleg ákvörðun. En þegar sýnt var með þeim breytingum, sem orðið höfðu á efnahagskerfi þjóðarinnar, á launagreiðslum bæði ríkissjóðs og annarra, að vonlaust var að hugsa sér að komast hjá því, að til einhverra nýrra skatta þyrfti að grípa, þá var um leið talið, að þá væri bezt að láta niður falla á móti niðurfellingu eða niðurfærslu niðurgreiðslnanna, og þess vegna verður í þeirri tekjuöflun, sem hér er gert ráð fyrir handa sjávarútveginum, að bæta við þeirri upphæð, sem hugsað var að afla með lækkun á niðurgreiðslum. Það voru 55 millj., sem þannig var hugsað að taka þá. Svo kemur enn til viðbótar framlagið til almannatrygginganna, sem hækkar náttúrlega vegna þeirra almennu kauphækkana, sem urðu í des. og ekki var vitað um, þegar fjárlagafrv. var samið. Þá var ekki vitað um aðrar hækkanir en þær, sem leiða mundi af þeim kauphækkunum, sem orðið höfðu í jan. og í júní. Þessi upphæð vegna trygginganna er talin nema 27 millj. og skerðing niðurgreiðslnanna eða það, að hætt er við þær, nemur 55 millj. Samtals verða þá þau útgjöld, sem þarf að afla, bæði til sjávarútvegsins, trygginganna og niðurgreiðslnanna, 210 millj. kr.

Þá er spurningin: Hvernig á að afla tekna í þessu augnamiði? Það koma að mínu viti tvær leiðir til greina, annaðhvort gengislækkun eða nýr skattur, sem notaður yrði á þennan hátt.

Ég vil ekki kalla þessar greiðslur til sjávarútvegsins uppbætur á sama hátt og greiddar voru í gamla daga til rekstrarins. Það er mjög ólíkt, því að hér er um að ræða að létta greiðslum af sjávarútvegi, sem mátti segja að orkað gætu tvímælis, og hins vegar styrkur í ákveðnu augnamiði til hraðfrystihúsanna til þess að

koma á hjá sér betra og hagrænna vinnuskipulagi og ekki beint til rekstrarins nema togaragreiðslurnar, eins og þær hafa tíðkazt að undanförnu, og er ekkert nýtt í því. En þessi tekjuöflun til aðstoðarinnar, eins og hún er hér hugsuð, verður ódýrari og léttbærari fyrir þjóðina heldur en ef gengislækkunarleiðin hefði verið farin. Það er fyrsta atriðið. Í öðru lagi er það, að gengislækkunin vekur meiri tortryggni og meiri erfiðleika í efnahagsstarfsemi þjóðarinnar heldur en þó þessi hækkun söluskattsins gerir. Hækkun söluskattsins er talin verka þannig, að hún þýði um eitt vísitölustig fyrir hverja prósentu, eða sem svarar hækkun á framfærsluvísitölu um 2 stig eða 1.4%. En ég er sannfærður um það, að á engan annan hátt hefði verið hægt að afla þessara tekna með léttbærara móti en þennan, sem hér hefur verið farinn. Þess vegna hefur Alþfl. fallizt á að fara þessa leið, með hliðsjón af því, að úr því sem komið er, er þetta það auðveldasta af öðrum leiðum, sem yrðu þá að dæmast verri.

Ég held, að um það séu allir sammála, að það að halda að sér höndum og gera ekki neitt, hefði verið dæmd ófær leið af hv. þm. Það er enginn vafi á því, að ef það hefði verið gert, hefði framleiðslustarfsemin, sérstaklega hraðfrystihúsanna á ýmsum stöðum, stöðvazt og atvinnuleysi haldið innreið sína. Þess vegna sé einhver fyrirgreiðsla nauðsynleg, til þess að starfsemin geti haldið áfram. Og þessa fyrirgreiðslu tel ég þá hagkvæmustu, sem tiltæk er. Nú hefur að vísu komið það til, eftir að frá þessu frv. var gengið, að fiskverðið hefur verið ákveðið á þann hátt, að ýmsir aðilar eru óánægðir með það. Það er nýtt vandamál, sem ekki hefur verið tekin afstaða til og ekki er mögulegt að taka afstöðu til alveg á þessari stundu, vegna þess að til þess skortir nánari upplýsingar, sem verið er að afla. En það er opið vandamál, sem taka verður til athugunar í sambandi við lausn þessara mála í heild.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég vildi óska þess, að hv. alþm. gætu, burtséð frá öllum flokkslínum, litið á málin frá því sjónarmiði, hvað skynsamlegast er að gera, og ég vænti þess, að ef sú athugun fer hlutlaust fram, þá komist þeir að þeirri niðurstöðu, að það séu ekki aðrar leiðir heppilegri. A. m. k. ef þessi leið verður ekki talin að þeirra dómi sú æskilegasta, þá vænti ég, að þeir geri grein fyrir því, hvað betra mætti verða.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan eitthvað á þá lund, að hann hefði ekki rætt mikið um fortíðina í sambandi við þetta mál, því að hann teldi, að það lægi miklu nær að ræða um þann vanda, sem fyrir lægi, en það, sem hefði skeð. Ég skal nú stilla mig um að fara að leggja út af þessum orðum hæstv. ráðh., þó að fullt tilefni væri til þess, að öðru leyti en því, að ég vil segja, að það sé ein æðsta dyggð að kunna að læra af reynslunni, og enn fremur, að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því og ræða nokkuð, hvernig ástatt er, þegar finna þarf úrræði.

Ég mun hafa nokkurn aðdraganda að því, sem ég segi um frv. sjálft, en ekki mjög langan og ekki fara lengra út í að ræða um liðna tíð en ég tel beina lífsnauðsyn í sambandi við þetta mál, eða öllu heldur við þetta tækifæri, sem hér verður til þess að ræða um þau efni, sem venjulega eru kölluð efnahagsmál.

Fyrir tæplega 4 árum var tekin upp hér í landinu ný efnahagsmálastefna, og voru höfundar þeirrar stefnu, þ. e. a. s. núv. hæstv. ríkisstj., óþreytandi í að lýsa því, að nú ætti að taka á allt annan hátt á þeim málum en áður hefur tíðkazt á Íslandi. Þeir höfðu komizt að þeirri niðurstöðu, að þær aðferðir, sem notaðar höfðu verið í þessum málum, hefðu verið mjög ófullkomnar og að ýmsu leyti algerlega rangar, og nú ætti að bæta úr þessu með algerlega nýrri stefnu. Þeir báðu þjóðina að vera þolinmóða og taka því með jafnaðargeði, þó að af þessu kynnu að hljótast nokkrar búsifjar í bili. Og hæstv. þáv. forsrh., Ólafur Thors, sagði, að í því sambandi yrðu menn að gæta þess, að menn yrðu eitthvað á sig að leggja, því að það hefði orðið að horfast í augu við allan vandann í einu, eins og hann orðaði það, og ef menn vildu una allvel þeim búsifjum, sem þá kæmu fram, væri fram undan tímabil stöðugs verðlags og jafnvægis í efnahagsmálum og málin leyst til frambúðar. En núv. hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, lýsti þessum nýju úrræðum eða þessari nýju stefnu aðallega þannig, að þau væru frábrugðin því, sem áður hefði tíðkazt, að því leyti, að þau ættu að fyrirbyggja, að það þyrfti sí og æ að vera að gera nýjar ráðstafanir í efnahagsmálum. Það væri aðaleinkennið á því, sem ætti að gera, að það ætti að vera varanlegt.

Nú hefur þjóðin fengið reynslu af þessu sjálfvirka jafnvægis- og verðstöðvunarkerfi í 4 ár, þessu kerfi, sem átti að tryggja jafnvægi í þjóðarbúskapnum og stöðugt verðlag o. s. frv. En sannleikurinn er sá, að þetta kerfi og þessi stjórnarstefna hefur leitt til taumlausrar dýrtíðarhringrásar og slíkrar upplausnar í efnahagsmálum, að ekki verður nú í raun réttri við neitt ráðið með þeim aðferðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur reynt, og um þetta er ekki lengur deilt og óþarfi að deila. Á hinn bóginn er þetta svo mikilsverð staðreynd og mikilsverð reynsla, sem þannig hefur fengizt af þessari efnahagsmálastefnu, að slíkt getur náttúrlega ekki á nokkurn hátt legið í láginni.

Ekki er hægt að kenna því um ófarir þessarar efnahagsmálastefnu og ófarir hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum, að hún hafi búið við erfið skilyrði, t. d. að það hafi orðið áföll utan frá, því að þetta hafa verið óvenjuleg uppgripaár, a. m. k. í sjávarframleiðslunni, alveg óvenjuleg, og nærri því að segja dæmalaus, og verðlag á afurðum landsmanna á erlendum mörkuðum yfirleitt með allra bezta móti og engin vandkvæði að selja neitt af þeim afurðum, sem landsmenn hafa framleitt. Þessi efna-

hagsmálastefna, þetta sjálfvirka jafnvægiskerfi hefur því verið reynt við beztu hugsanleg skilyrði, en alveg mistekizt, eins og sést á ástandinu í landinu í dag.

Ég vil fara um þetta aðeins örfáum orðum og miklu færri en tilefni er til. Í staðinn fyrir stöðugt verðlag hefur orðið óðadýrtíð í landinu og meiri dýrtíðarvöxtur en nokkru sinni eru áður dæmi til. Þegar nokkur ár eru tekin samfellt og skoðuð sem tímabil, þá hefur þetta orðið hið mesta dýrtíðartímabil í sögu þjóðarinnar. Þetta höfum við fengið í staðinn fyrir hið stöðuga verðlag, sem átti að verða. Upplausnin í atvinnu- og kjaramálum er þannig núna, að í ýmsum greinum fást alls ekki kjarasamningar gerðir vegna óvissunnar. Í öðrum greinum eru kjarasamningar gerðir til mjög stutts tíma í senn og síðan alltaf upp aftur og aftur, jafnóðum og dýrtíðarhjólið veltur áfram. Og þannig er orðið um álit almennings á þessu öllu saman, að það er orðið að stórfelldu deilumáli, hvort kjarasamningar skuli gilda einum mánuðinum lengur eða skemur, og sýnir það traustið eða hitt þó heldur á þeirri efnahagsmálastefnu, sem í framkvæmd er. Þessi stefna þrengir nú þannig að sjávarútveginum við hinn mesta afla, sem hann hefur nokkurn tíma haft, og einhver beztu verðskilyrði á erlendum mörkuðum, að vafasamt er, hvernig hann getur nú haldið áfram lengur. Útvegsmönnum og fiskimönnum er ætlað núna t. d. að búa áfram við óbreytt verð á fiski, enda þótt framleiðslukostnaður hafi hækkað mjög mikið og allur framfærslukostnaður í landinu hafi hækkað stórkostlega, og er víst áreiðanlegt, að þetta fær ekki með nokkru móti staðizt svo að segja stundinni lengur. Þannig þjarmar þessi stefna að sjálfum aðalútflutningsatvinnuveginum þrátt fyrir hin allrahagstæðustu ytri skilyrði, mikinn afla og gott verð erlendis.

Ef svo lítið er til fiskiðnaðarins, mun það vera allra þeirra mál, sem þar til þekkja, að fiskiðjuverin séu sízt betur og þó öllu verr fær um að borga jafnvel þetta of lága verð, þetta óbreytta verð, en þau hafa verið áður. Þannig þjarmar þessi stefna bæði að útgerðinni sjálfri og sjómönnunum og einnig að þeim, sem fást við að vinna úr afurðum sjávarútvegsins. Hún þjarmar á þessa lund að sjávarútveginum í heild.

Það er venja hæstv. ríkisstj., þegar rætt er um, hversu efnahagsmálastefnan hefur gersamlega misheppnazt, að benda til þess, að þeir hafi ekki fengið að ráða kaupgjaldinu í landinu, það hafi verið framkvæmdar ótímabærar kauphækkanir í landinu, eins og það er orðað í aðalmálgögnum stjórnarinnar í dag, að það hafi verið gerðar óhóflegar kröfur á hendur framleiðslunni í kaupgjaldsmálum og af þessu stafi allur vandinn. En hvað er þá rétta í þessu tilliti? Það rétta í þessu tilliti er það, að núna eftir síðustu kauphækkanir eru borgaðar 77 þús. kr. fyrir 8 stunda vinnu allan ársins hring. Og þessar 77 þús. kr., sem borgaðar eru, hafa minni kaupmátt miðað við kostnaðinn við að lifa en það, sem framleiðslan borgaði í októbermánuði 1958. M. ö. o. það, sem taldar eru óframbærilegar kaupkröfur og óframbærileg kaupskrúfa, sem hafi sett þessa heppilegu stefnu úr jafnvægi og komið öllu út um þúfur, það er í raun og veru þetta, að það eru borgaðar 77 þús. kr. fyrir 8 stunda vinnu núna, og kaupmáttur þess kaups er þó minni en kaupmáttur kaupgjaldsins var í október 1958, fyrir 4 árum. Og þegar ég segi þetta, er þó eftir að benda á, að ef húsnæði væri núna reiknað eins og það kostar, t. d. tekinn inn í þetta dæmi húsnæðiskostnaðurinn, eins og hann raunverulega er, verður myndin alveg geigvænleg, því að jafnvel þótt reiknað sé með 11 þús. kr. húsnæðiskostnaði á ári, sem allir sjá, hvílík fjarstæða er, þá er kaupmáttur kaupgjaldsins fyrir 8 stunda vinnu allt árið minni núna en hann var 1958.

Samt rís útflutningsatvinnuvegurinn, eftir því sem talið er, ekki undir þessu kaupi. Hvað hefur skeð? Ytri skilyrðin hafa ekki versnað, verð á sjávarafurðum hefur ekki lækkað, afli hefur ekki minnkað. En það er alveg augljóst mál, að það búnast miklu verr á þjóðarbúinu en áður. Hér hafa verið gerðar gífurlegar verðmætistilfærslur, sýnilega til óhagræðis fyrir framleiðsluna og fyrir hið vinnandi fólk, sem að henni stendur. Um þetta ætti alls ekki að þurfa að deila. Ég vil því fara fram á það við þá, sem sífellt kasta því fram, þegar rætt er um, að viðreisnin hafi farið út um þúfur, sem sífellt kasta því fram, að þetta hefði allt getað verið í lagi, ef það hefði aðeins verið hægt að halda kaupgjaldinu niðri, — ég vil biðja þá að endurskoða þessa afstöðu, því að þetta er rangt. Þetta er allt saman byggt á misskilningi. Það er allt annað, sem hefur gerzt, en það, að hið vinnandi fólk í landinu hafi dregið til sín aukna fjármuni út úr þessum rekstri og sett með því allt í strand eða úr skorðum fyrir hæstv. ríkisstj. Hér hefur eitthvað annað skeð, sem ég mun koma nokkru nánar að á eftir.

Á þessu sjáum við líka, að það er alveg lífsnauðsyn að endurskoða þetta allt frá rótum. Þetta getur ekki staðizt svona stundinni lengur, það er alveg óhugsandi, því að ástandið á eftir að versna mikið í þessu tilliti, eða hvernig dettur mönnum í hug t. d., að þetta kaupgjald, 77 þús. kr. fyrir 8 stunda vinnudag, geti dugað stundinni lengur, t. d. fyrir unga fólkið, sem á að koma sér upp íbúðum, eins og þær kosta núna, 550—600 þús. kr., borga svo vextina, eins og þeir eru settir núna, eða leigja sér íbúð, eins og húsaleigan er að verða. Það er nefnilega það sorglega við þetta, að inn í þetta dæmi er ekki komið enn nema lítið af afleiðingum þessarar stefnubreytingar. Það er ekki nema lítið enn komið af afleiðingum þessarar stefnubreytingar inn í kaupgjaldið og þar með inn í framleiðslukostnaðinn.

Ef við lítum til landbúnaðarins, er svipaða sögu að segja þar, nema enn verri, því að bændur eru miklu verr settir núna en þeir voru 1958. Þeir hafa lægstu tekjur allra landsmanna og framlög til stuðnings uppbyggingu í land-

búnaðinum hafa verið skorin stórkostlega niður, þannig að aðstaða þeirra til að brjótast áfram og bæta sinn búskap er miklu lakari en hún áður var, bæði fyrir þá byltingu, sem orðið hefur til hækkunar í stofnkostnaði, og eins vegna þess, að jarðræktarframlög og annar stuðningur hefur verið gífurlega skorinn niður. Þar að auki er þeim ætlað að búa við miklu verri lánskjör en áður var, hærri vexti og aukaskatt, til þess að hægt sé að halda gangandi stofnlánadeildinni, sem áður var haldið gangandi án þess að nokkur sérskattur væri til þess lagður á bændurna. Hvar sem á er litið nálega hefur kostur bændanna verið þrengdur og er þrengri en hann var 1958.

Við sjáum því, að hér er ekki um neitt smávægilegt vandamál að ræða og að sú fullyrðing, að þessi stefna hafi farið út um þúfur eða mistekizt algerlega vegna þess, að það hafi verið gerðar óeðlilegar kaupkröfur af hendi almennings og þar með hafi landbúnaðarverð orðið hærra en það ætti að vera, — slíkar fullyrðingar fá ekki með nokkru móti staðizt. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að það er allt annað, sem hér hefur raunverulega skeð.

Ef við svo lítum til fjárfestingarmálanna, sem eru ákaflega ríkur þáttur í þjóðarbúskapnum, þá blasir við, að í þeim hefur ríkt á þessum árum algert handahóf og nú ríkir í þeim efnum fullkomið ofboð, þannig að hver reynir að festa sitt fé í einhverju — setja það í eitthvað fast og þá oft án þess að skoða gaumgæfilega, hvort það er raunverulega heppilegt, sem í er lagt, eins og ævinlega verður, þegar fjárfestingar-„panik" grípur um sig. En þessi ringulreið öll á fjárfestingarmálunum sogar til sín fjármagn landsmanna í stórum stíl og að mjög miklu leyti í óhentuga fjárfestingu og verður eins og baggi á þjóðarbúinu, verkar eins og kjararýrnun, bæði fyrir almenning og þrengir raunverulega að framleiðsluatvinnuvegunum. Þessi ringulreið og handahóf í fjárfestingunni og allt það ofboð, sem orðið er í sambandi við hana, og öll sú „panik" á mjög ríkan þátt í því að hleypa þessum málum öllum í þennan nánast óskiljanlega hnút, sem þau eru í komin við þessar aðfarir.

Fjármagnskostnaðurinn í landinu hefur vaxið alveg gífurlega, og er það auðvitað baggi á framleiðslunni og á almenningi, sem verður að leita sér lána í stórum stíl, og þó sérstaklega á ungu kynslóðinni, því að það er auðvitað unga kynslóðin, sem meira þarf á lánunum að halda en sú eldri. Þessi breyting, sem orðið hefur á fjármagnskostnaðinum í landinu við vaxtapólitík ríkisstj., er vafalaust miklu stórfenglegri en menn hafa fengizt til þess að skilja til fulls. En við þurfum ekki annað en gera okkur t. d. grein fyrir því, að ung hjón, sem byggja sér íbúð fyrir 550—600 þús. kr., sem er það allra minnsta nú orðið og bráðum meira, og þurfa að taka, við skulum segja 2/3 a. m. k. af því að láni með háum vöxtum, kannske þriðjungi hærri vöxtum en áður tíðkaðist, þau þurfa að hafa hærra kaup, það er alveg óhjákvæmilegt, þau þurfa að hafa hærra kaup og þeim verður ekki haldið niðri til lengdar. Vaxtabyrðin, sem menn þurfa að bera í sambandi við uppbygginguna, kemur inn í kaupgjaldið frá neytandanum, kaupgjaldið verður að vera hærra, og það er ekki bara kaupgjald þessara ungu hjóna, sem hækkar, heldur hækkar allt kaupgjald í landinu, og allt kaupgjald í landinu lagar sig eftir þessum nýja vaxtafæti, eftir þessum nýju tekjuþörfum til að greiða vextina. Og allir þeir, sem eiga eignir í landinu, þó að þeir skuldi ekki út á þær, þeir hirða til sín fjármagn tilsvarandi því, sem ungu hjónin þurfa að fá til að greiða vertina af sínum íbúðaskuldum.

Þess vegna er það hörmulegt, þegar talsmenn hæstv. ríkisstj. koma hér stundum og segja, að menn ættu ekki að hafa þessar áhyggjur af vaxtapólitíkinni, því að hún hafi miklu minni áhrif en menn vilji vera láta, því að það sé ekki greidd nema þessi fjárhæð samtals, sem þeir nefna, í vexti inn í bankakerfið. En þeir vilja ekki eða hafa a. m. k. ekki viljað sjá, að þetta er ekki nema lítið brot af málinu, því að fjármagnskostnaðurinn kemur ekki fram nema að sáralitlu leyti í sambandi við vaxtagreiðslur inn í bankakerfið sjálft. Mikill meiri hluti af öllum fjármagnskostnaðinum í landinu færist á milli manna utan við bankakerfið, eins og þetta dæmi, sem ég tók, augljóslega sýnir hverjum skynibornum manni, dæmið um vextina og launagreiðslurnar. Alveg eins er þetta vitanlega í sjálfri framleiðslunni að sínu leyti.

Sannleikurinn er sá, að þegar nýja stefnan var tekin upp, var sagt, að vextir væru hækkaðir aðeins til bráðabirgða, það væri ekki meiningin að innleiða svona háa vexti í þjóðarbúskapinn til frambúðar. Það var sagt: Þessir háu vextir eru aðeins til þess að draga úr eftirspurninni eftir lánsfénu og verða lækkaðir jafnskjótt og þeir hafa haft góð áhrif, þ. e. a. s. komið á jafnvægi í lánamálunum, jafnmikilli eftirspurn eftir lánsfé eins og safnast fyrir af fé til þess að lána. Þetta verður bráðum, var sagt, og þá verða vextirnir lækkaðir aftur. En vegna þess, að öll þessi stefna hefur gersamlega mistekizt, situr enn við sama, að vextirnir hafa sama sem ekkert verið lækkaðir, aðeins örlítið fyrstu áramótin, eftir að hækkað var. Og nú eru þessir háu vextir sem óðast að flétta sig inn í efnahagskerfið og inn í framleiðslukerfið með mjög þungbærum afleiðingum fyrir framleiðsluna og allt efnahagslífið í landinu, og þessi aukni fjármagnskostnaður á geysilegan þátt í því að gera þessi mál svona illviðráðanleg.

Sannleikurinn er sá, að það mun aldrei verða mögulegt fyrir okkur að hafa svona háan vaxtafót til frambúðar. Við ráðum ekki við það, það verður ekki mögulegt. Okkar framleiðsla þolir það ekki, hún þolir það ekki í samkeppni við framleiðslu annarra. Unga kynslóðin þolir ekki heldur að bera svona þungan

vaxtabagga eins og ætlazt er til með þessari fjármálapólitík. Þess vegna þýðir ekki að vera að bíða eftir því, að það náist, þetta, sem þeir hafa verið að tala um og kallast jafnvægi í efnahagsmálum, áður en vextirnir eru lækkaðir. Frá mínu sjónarmiði er það eitt af því, sem þarf að gera, til þess að nokkur von sé um að ná betri niðurstöðu í efnahagsmálunum, að lækka vextina.

Þegar þessi nýja stefna var tekin, var okkur sagt, að það ætti að afnema alveg uppbótakerfið, og þeir, sem fyrir þessu stóðu, áttu ekki nægilega sterk orð til að lýsa því, hvað uppbótakerfinu fylgdi raunverulega mikil spilling. Það var talað um og mátti með réttu tala um tvo liði í sambandi við uppbótakerfið. Annað voru hinar almennu uppbætur, sem greiddar voru útflutningsframleiðslunni, og hitt voru sérbætur til einstakra framleiðslugreina í landinu, sem höfðu dregizt aftur úr og þurfti að styðja, ef þær áttu ekki að falla niður. Þetta var hvort tveggja fordæmt með öllu. En sannleikurinn er sá, að út úr hinu almenna uppbótakerfi hefur ríkisstj. aldrei getað komizt í sambandi við þessi nýju efnahagsúrræði. Og það sjáum við á því, að ríkisstj. hefur ætíð notað mjög mikið niðurgreiðslur á vöruverði innanlands, sem er fyrst og fremst gert til þess að halda niðri framleiðslukostnaðinum, og niðurgreiðslur eru bara eins og annar endinn á priki, þar sem útflutningsuppbætur eru hinn endinn. Það er hægt að framkvæma almenna uppbótapólitík með tvennum hætti: annars vegar með því að greiða niður rekstrarkostnaðinn, og það er það, sem raunverulega er gert með niðurgreiðslunum, og hins vegar með því að greiða uppbætur á framleiðsluna, og það er það, sem gert er með almennu útflutningsuppbótunum. Sannleikurinn er sá, að út úr uppbótakerfinu hefur hæstv. ríkisstj. aldrei komizt.

En þá er það hinn liðurinn, sem var enn freklegar fordæmdur en almenna uppbótakerfið sjálft, og það voru sérbæturnar, sem áður giltu fyrir einstakar framleiðslugreinar. En nú hefur það bætzt ofan á allt annað hjá hæstv. ríkisstj., að nú er það hennar hlutskipti að beita sér fyrir sérbótum til einstakra atvinnugreina. Þetta var talið hámark spillingarinnar áður, að slíkt ætti sér stað. Það voru haldnar langar prédikanir um það, að með því að beita sérbótum og styðja einstaka þætti í framleiðslunni væri verið að skekkja allan þjóðarbúskapinn, ýta undir það, sem ætti engan rétt á sér og ætti að falla niður. En nú kemur hæstv. ríkisstj. hér fram og stingur upp á því, að borgaðar séu sérbætur úr ríkissjóði til þess að halda togaraútgerðinni gangandi. Og hún stingur einnig upp á því, að það séu borgaðar sérstakar bætur til þess að halda frystihúsunum gangandi, taka þær nú upp á nýjan leik til þess að halda frystihúsunum gangandi og gera þeim kleift að borga óbreytt fiskverð.

Nú er það sem sagt hlutskipti þessarar stjórnar, sem með miklu yfirlæti fordæmdi uppbótakerfið og sérbæturnar alveg sérstaklega, að beita sér fyrir því, að greiddar verði sérbætur á mjög þýðingarmikla liði íslenzkrar framleiðslu, togaraútgerðina og frystihúsareksturinn. Þannig hafa þeir rekið sig á vegg staðreyndanna, þessir hæstv. ráðh., og þeir hefðu átt að ganga gætilegar um þessar gáttir fyrir 4 árum og þá hefði kannske verið hægt að komast hjá ýmsum af þeim stórfelldu erfiðleikum, sem við er að glíma vegna þess, hvernig þeir fóru í þessi mál öll saman fyrir 4 árum, þegar þeir fordæmdu algerlega þær vinnuaðferðir, sem áður höfðu verið hafðar í sambandi við þessi mál, og ætluðu sér að taka upp alveg nýjar vinnuaðferðir, sem hafa nú leitt til þeirrar niðurstöðu, að efnahagsmál landsins eru komin í mjög illleysanlegan hnút.

Hér er ekki um neinar getsakir af minni hendi að ræða, heldur var hæstv. forsrh. mjög ákafur í því að koma því á framfæri í sinni ræðu, að ástandið í þessum efnum væri svo alvarlegt, að þetta frv., sem hér væri lagt fram, mundi hrökkva skammt til þess að ráða þar bót á, þessar ráðstafanir væru í raun og veru aðeins hugsaðar, meðan menn væru að hugsa sig um og ákvarða, hvað ætti að gera í þeim mikla vanda, sem nú lægi fyrir. Enda þarf ekki um þetta að deila. Allir sjá, hvernig ástatt er. En það er nokkuð deilt um, af hverju það stafi. Við, sem höfum varað við stjórnarstefnunni frá upphafi og höfum reynt að halda því áfram og benda á önnur úrræði, við segjum, að ástandið sé svona vegna þess, að stjórnarstefnan sé í höfuðatriðum röng og hafi verið. En aftur á móti segir hæstv. ríkisstj., að svona illa sé komið vegna þess, að hún hafi ekki getað komið stefnunni alveg í framkvæmd, eins og hún hafi átt að vera, og þar hafi staðið á því, að ekki hafi verið hægt að halda kaupgjaldinu nægilega niðri og afurðaverðinu til landbúnaðarins. Það sé eina atriðið, sem hafi farið úrskeiðis og sé í ólagi. En þá heldur hæstv. ríkisstj. því líka fram, að sú stefna sé viðunandi og það sé hægt að búa við hana, sem ekki þolir, að mönnum sé greitt fyrir 8 stunda vinnu jafnmikið og gert var 1958.

Þegar farið var af stað með hina nýju efnahagsmálastefnu, var ákaflega mikið lagt upp úr því, að fyrir utan það, að ýmsar óskynsamlegar ráðstafanir hefðu verið gerðar í efnahagsmálum áður, sem nú ætti að lagfæra, þá hefðu líka verið hafðar alveg skakkar aðferðir. Sérstaklega var á vinstri stjórnina deilt látlaust og með ofsa og stóryrðum fyrir það, að hún ætlaði sér að leysa efnahagsmálin með samningum við almannasamtökin í landinu, verkalýðsfélögin og Stéttarsamband bænda og önnur samtök í landinu. Þetta var kallað ólýðræðislegt og gæti ekki staðizt í neinu lýðstjórnarlandi, þessi samtök ættu ekki að stjórna landinu, það væri ríkisstj. og Alþ., sem ættu að stjórna landinu og gera það, sem þeim sýndist. Og í raun og veru var því haldið fram, að þetta væri grundvallarskekkjan í öllu saman. Grundvallarskekkjan í öllu saman væri sú, að það væri tekið of mikið tillit til þessara samtaka, það væri of mikið lagt upp úr því

að ná samstöðu við þau og slíkt fengi ekki samrýmzt lýðræðinu eða þingræðislegri vinnuaðferð. En við sögðum aftur á móti og höfum sagt allan þann tíma, að það mundi ekki takast að stjórna þessum málum, nema því aðeins að hafa samvinnu við þessi samtök og reyna að ganga þannig frá þessum málum, að þau gætu fallizt á þau úrræði, sem gripið væri til, eða a. m. k. sætt sig við þau. Í þetta yrði að leggja mikla vinnu, og vinstri stjórnin byggði beinlínis sína stefnu á því, að þannig yrði þessu háttað. Og hún sagði af sér vegna þess, að það náðist ekki samstaða, hvorki innan hennar né við þessi samtök. Var þá mörgum fáryrðum beitt af hendi núverandi hæstv. ráðh.

En nú eru ráðherrarnir fjögurra ára reynslu ríkari, og þeir hafa haldið uppi þessi fjögur ár sífelldri stórstyrjöld við þessi samtök og viljað fara sínu fram, hvað sem þeim syndist. En hver er svo niðurstaðan af þessari fjögurra ára herferð? Niðurstaðan af þessari fjögurra ára herferð er m. a. sú, að núv. forsrh., sem manna mest hefur staðið fyrir þessu, segir í áramótagrein sinni núna: „Ríkisvaldið eitt fær hér ekki við ráðið," og á þar við efnahagsmálin. Enn fremur segir hann þá: „Á ríkisstj. stendur ekki um samstarfsvilja við verkalýðshreyfinguna." Og nú sagði hæstv. ráðh. áðan, þegar hann talaði, að haldgóð úrræði fengjust ekki, nema um þau verði víðtækt samkomulag. Haldgóð úrræði fást ekki, nema um þau verði víðtækt samkomulag.

Það er sannarlega ástæða til þess að halda þessu á lofti. Það er ekki aðeins, að nú sé viðurkennt, að efnahagsmálastefnan hafi leitt til allt annarrar niðurstöðu en ætlazt var til, þ. e. a. s. óðaverðbólgu og óðadýrtíðar og hvers konar jafnvægisleysis í þjóðarbúskapnum og hreinnar upplausnar í kjaramálum og öðrum þýðingarmestu málum, — það er ekki aðeins, að þetta sé nú játað af þeim, sem fyrir þessu hafa staðið, heldur játa þeir nú með þessum yfirlýsingum, að allar þeirra fullyrðingar og allar þeirra ádeilur á þá, sem stóðu að vinstri stjórninni, fyrir það, að þeir hafi farið skakkt að og haft rangar vinnuaðferðir með því að reyna að ná samvinnu og samtökum við almannasamtökin í landinu, — að allar þessar ádeilur hafi verið máttlausar, sem þeir eru að taka til baka með þeim yfirlýsingum, sem nú liggja fyrir. En þá er spurningin, hvort þeir muni raunverulega framkvæma það, sem þeir nú lýsa yfir, en því miður hefur ekki það, sem þeir hafa gert í haust og vetur fram að þessu, bent til, að svo væri. En við skulum samt vona, að úr því rætist.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér mjög um síðustu alþingiskosningar né margt í sambandi við þær og þessi efni, sem þó væri full ástæða til, því að það mundi lengja mál mitt um of. En við vitum, að í alþingiskosningunum var þjóðinni sagt, að það væri allt í lagi með viðreisnina, það væri bein braut fram undan og ekki horfur á því, að það þyrfti neitt sérlegt að aðhafast, nema þá eitthvað til þess að vega á móti einhverjum dýrtíðarhlykkjum, sem komið hefðu til greina. Því var haldið mjög ákveðið fram, að í meginatriðum hefði viðreisnarstefnan reynzt vel, þyrfti aðeins lagfæringar á henni. En þegar búið var að kjósa og við komum hér saman á hv. Alþ. s. l. haust, þá kom það í ljós mjög greinilega, hvað það var, sem hæstv. ríkisstj. fannst þurfa að breyta, og það var prédikað í hennar blöðum allt haustið. Og það var þetta: Það hefðu orðið mistök í kaupgjaldsmálunum. Það hefði ekki ráðizt við kaupgjaldsmálin. — Þegar talað er um kaupgjaldsmálin í þessu sambandi, þá er líka átt við afurðamál bænda, því að það fylgist að.

Úr þessu átti svo að bæta hreinlega með því að lögbinda almenna kaupgjaldið óbreytt, eins og það var í haust. Eftir að búið var að hækka kaupgjald meginþorra þeirra hæstlaunuðu í landinu um stórar fjárhæðir, átti það einfalda úrræði að duga til að rétta af viðreisnina. Það var að vísu stílað þannig, að þetta ætti að vera til bráðabirgða, en fengust engar yfirlýsingar um, að eftir áramótin t. d. ætti að taka aftur upp samningsfrelsi, heldur þvert á móti, allt, sem sagt var, benti til þess, að þarna hlyti að verða um bindingu að ræða til frambúðar, ef hún næði fram að ganga.

Gegn þessu var snúizt af launþegasamtökunum í landinu, og það hafðist að stöðva þetta hér á hv. Alþ., vegna þess hve sterkt almenningsálit myndaðist á móti þessu og vegna þess að fólk stóð saman um þetta yfirleitt í verkalýðshreyfingunni án tillits til stjórnmála. En ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér vonir um, að það væri búið að holgrafa þannig í verkalýðsfélögunum með pólitískum starfsaðferðum og vinnubrögðum, að verkalýðshreyfingin gæti ekki einu sinni staðið saman um að beita sér á móti þessu. En þar reiknaði hæstv. ríkisstj. skakkt. Á endanum fór þetta þannig, að ríkisstj. sá, að þótt hún berði hér í gegn lög um þessi efni, þá mundu þau reynast óframkvæmanleg. Þá dró hæstv. ríkisstj. frv. til baka, sem er algert einsdæmi í íslenzkri þingsögu.

Það reyndist þá ekki mögulegt að rétta viðreisnina við með þessari aðferð. Það varð að grípa til annarra ráða. Var þá farið að tefla um önnur úrræði, og niðurstaðan urðu þeir samningar, sem öllum eru kunnir og lýst er þannig í málgögnum hæstv. ríkisstj., að með þeim séu gerðar óhóflegar kröfur á hendur framleiðslunni. En það er þetta: að koma kaupgjaldinu fyrir 8 stunda vinnu upp í 77 þús. kr. yfir árið. Síðan þetta var gert hefur ekki linnt yfirlýsingum um, að það yrði að gera gagnráðstafanir móti þessu, þetta væri of mikið, þetta þyldi ekki þjóðarbúið, kaupgetan yrði of mikil, það yrði ofþensla út af þessu og það yrði að gera ráðstafanir í móti.

Jafnhliða hafa svo ýmsir, eins og t. d. hæstv. forsrh., verið að tala um, að það þyrfti að reyna að finna nýja fleti á þessum málum, og stundum hefur hann jafnvel látið liggja að því, að það mundi vera hæfilegt markmið að

keppa að því, að menn gætu haft þær vinnutekjur, sem þeir hafa núna, með því að vinna 8 stundir á dag. Vinnutekjur yfirleitt eru eitthvað yfir 100 þús. kr., minnir mig vera, að meðaltali vegna þess, hve mikið menn vinna kvöld og nætur. En þetta hefur alltaf af og til komið fram hjá hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. En hér er nú í kjarasamningunum ekki verið að tefla um 100 þús. eða þvílíkt fyrir 8 stunda vinnu, heldur bara 77 þús. kr. Væri það nú ekki, — ég vil biðja menn að athuga það hleypidómalaust og í alvöru, — væri það nú ekki hæfilegur fyrsti áfangi fyrir þessa menn, ef þeir meina eitthvað með þessu tali, að byrja með því að koma þessum málum þannig fyrir, að hægt sé að borga þessar 77 þús. kr. fyrir venjulegan vinnudag, án þess að plokka eitthvað af því af mönnum aftur, því að annars verði of mikil kaupgeta í landinu? Það væri ekki langt skref, sem stigið væri með því í átt til þess, sem bæði hæstv. forsrh. og aðrir hafa sagt að væri æskilegt, sem sé að koma þessu þannig fyrir, að menn gætu haft þær vinnutekjur, sem þeir hafa núna, með því að vinna 8 stundir á dag. Það væri aðeins stuttur áfangi á þeirri leið að láta nú vera að gera ráðstafanir til að kroppa af þessum 77 þús. kr. Því vil ég leggja sterka áherzlu á það, að 5. gr. í þessu frv. nái ekki fram að ganga, sem sagt greinin um nýju álögurnar, sem eiga að verða til þess að minnka kaupgetuna.

Nú kemur sú spurning, hvort hér er í raun og veru með þessu frv. um nokkra stefnubreytingu að ræða af hendi hæstv. ríkisstj. eða hvort þetta frv. bendir til stefnubreytingar. Um það vil ég segja, að það eru náttúrlega þarna atriði, eins og þetta að taka upp sérbætur fyrir vissar atvinnugreinar, sem hæstv. ríkisstj. neyðist til þess að gera, af því að hún rekur sig á staðreyndirnar, rekur sig á, hvernig íslenzkur þjóðarbúskapur er í raun og veru, sem þessir hæstv. ráðh. hefðu átt að vita, þegar farið var af stað með þetta, en létu þá blindast og vildu ekki sjá. Það má segja, að þarna sé um ný atriði og frávik að ræða, en meginstefnan er óbreytt enn þrátt fyrir þetta frv. og í þessu frv., vegna þess að þetta frv. er í raun og veru byggt á því og byggt upp í kringum það, eins og ég skal nú sýna fram á, að draga inn af kaupgetunni, ná aftur til baka af mönnum nokkru af þeirri kaupgetu, sem myndaðist í landinu við síðustu samninga. Þetta er söluskattinum ætlað að gera, og auk þess er 6. gr., þ. e. a. s. að fresta megi verklegum framkvæmdum, ætlað sitt hlutverk, sem er enn í samræmi við fyrri stefnu ríkisstj., sem ég kem að síðar.

Það liggur einna beinast við að kalla þetta frv. viðreisnarhækju eða eitthvað þess konar, og er það einmitt í samræmi við þá einkunn, sem hæstv. forsrh. vildi velja málinu, a. m. k. er það í samræmi við þá hugsun, sem kom fram hjá honum, þar sem hann var að lýsa því, að hér væri aðeins um eins konar bráðabirgðaráðstöfun að ræða, á meðan menn væru að hugsa sig um, hvað ætti að gera til að ráða bót á ástandinu.

En ég vil segja það hér í sambandi við þetta mál alveg sérstaklega, að það er mín skoðun, að hvernig sem reynt verður að lappa upp á þetta viðreisnarkerfi, ef kerfi skyldi kalla, þá mun það sýna sig, að það er búið að ganga sér til húðar og hæstv. ríkisstj. í raun og veru með. Og því lengur sem höfðinu er barið við steininn og dregið að draga af þessu réttar ályktanir, því hættulegra verður ástandið og málefnin verri viðureignar.

Ég skal nú þessu næst víkja nokkuð að frv. sjálfu. Það mætti segja svona í gamni og þó alvöru, að þetta væru í raun og veru þriðju fjárlögin, sem samþykkt eru fyrir þetta ár. Það var nú, þegar þetta nýja kerfi byrjaði, talin mikil íþrótt að afgreiða fjárlög fyrir áramót, og það hefur verið reynt að halda því. En þetta er í raun og veru með vissum hætti þriðju fjárlögin, fyrst þau, sem venjulega eru kölluð fjárlög, síðan vegalöggjöfin nýja með sköttum og útgjöldum, sem þar eru í, og loks er svo þetta frv., sem í raun og veru er eins konar viðbótarfjárlög, sem á að samþykkja nokkrum dögum eftir að hin voru sett.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því að greiða 43 millj. sem styrk til frystihúsanna, rekstrarstyrk, en hann á að láta úti þannig að hjálpa þeim til þess að koma við aukinni framleiðni, það er haft það form á styrkveitingunni. En eins og hæstv. forsrh. réttilega tók fram, þá er þetta að reyna að koma á aukinni framleiðni eðlilegur kostnaðarliður hjá hverju frystihúsi fyrir sig, þannig að hér er raunverulega um rekstrarstyrk að ræða til frystihúsanna, sem á að borga út til þess að standa undir þessum sérstaka lið. Mun þetta vera gert til þess, að á þessu sé betri blær. Þeir munu telja það heppilegra fyrir sig að láta þetta heita svo með tilliti til þess, hve illa þeir hafa áður talað um sérbætur til einstakra framleiðslugreina og talið þær fordæmanlegar.

En ég vil líka láta það í ljós í þessu sambandi, sem ég hef oft gert áður, að ég tel aukna framleiðni og vinnuhagræðingu og bætt vinnuskipulag eitt þýðingarmesta úrræði, sem til greina kemur út úr þeim vanda, sem nú er í komið, og minni ég á í því sambandi frv. okkar framsóknarmanna í hv. Ed. um að stofna sérstakan lánasjóð, sem láni fjármagn til þess að hjálpa framleiðslunni til að koma í framkvæmd því, sem þýðingarmest telst til að auka framleiðnina, auka möguleikana til að borga viðunandi kaup og komast út úr þeirri kreppu, sem við erum í. Að því leyti stefnir þessi styrkur að mínu viti rétt og heppilegt að stefna þessum styrk einmitt inn í þennan lið hjá frystihúsunum. Á hinn bóginn þyrfti að endurskoða ákvæðið, þannig að það gæti orðið skýrara, á hverju húsin eiga raunverulega rétt samkv. lagagreininni, en það er atriði, sem ég skal ekki fara út í við þessa umr. Enn fremur sýnist mér, að það muni nú vera erfitt að

komast hjá því að hafa þetta ákvæði víðtækara og það nái til fleiri í sambandi við sjávarútveginn en það nú gerir.

Þá eru enn fremur sérbætur í frv. til togaranna, og er gert ráð fyrir, að þeir fái sérstakan styrk úr ríkissjóði, 1½ millj. kr. á ári að meðaltali, að því er mér skilst, til viðbótar því, sem þeir fái fé úr aflatryggingasjóði eftir ákvæðum og reglum hans, og enn fremur til viðbótar tryggingariðgjaldinu, sem er nú ekki hægt að kalla styrk í raun og veru, vegna þess að mér skilst, að það sé tekið af útflutningsgjaldinu, nema þá að því leyti sem það er styrkur til togaranna að nokkru frá öðrum sjávarútvegsaðilum. Ég býst sem sé ekki við, að þeir leggi í þá púlíu, sem svarar iðgjaldinu, þannig að það er þá styrkur frá annarri útgerð í landinu og þeim, sem sjávarafla eiga. Og er það náttúrlega út af fyrir sig, eins og deilt var um hér í fyrra, mjög vafasamt að ætla bátaútgerðinni að standa þannig undir togurunum. Ég skal þó ekki fara út í það hér. Ég sé ekki, að það verði komizt hjá því að styðja togaraútgerðina með sérbótum, og ætla því ekki að gera þetta meira að umræðuefni að öðru leyti en því að undirstrika, að þarna er um sérbætur til þýðingarmikillar atvinnugreinar að ræða, sérbæturnar, sem þarna eru til frystihúsanna og togaraútgerðarinnar. Við getum ekki hætt allt í einu að gera út togara, eins og hæstv. sjútvmrh. sagði, en þetta sýnir þá, hversu óviðeigandi voru þau gífuryrði um sérbótapólitíkina, sem viðhöfð voru, þegar viðreisnin fór á stúfana. Menn hefðu getað sparað sér þau stóru orð og líka, eins og ég sagði áðan, komið í veg fyrir tjón af ýmsu tagi, ef menn hefðu ekki æst sig upp í þá fásinnu að telja, að í einu vetfangi væri hægt að setja okkar efnahagslíf á þann grundvöll, að allt vigtaði sig og allt mætti deyja út drottni sínum, sem þyrfti sérstakrar aðhlynningar við, því að það var stefnan, sem tekin var, og beinlínis sagt: Það má deyja drottni sínum, sem þarf sérstakrar aðhlynningar við. Það er ekki í samræmi við kerfið að láta það lifa. — En nú hafa þessir hæstv. ráðh. lært þetta þó á þessum 4 árum, þó að það hafi óneitanlega verið dýr skóli fyrir þjóðina.

Í sambandi við þetta vil ég svo ræða sérstakan þátt. Það eru fleiri greinar, sem eiga sérstaklega erfitt uppdráttar núna og hafa átt, sem þarf að taka til íhugunar, heldur en aðeins frystihúsin upp til hópa og svo aftur togaraútgerðin, en það eru þau frystihús, sem eiga við sérstaklega örðug skilyrði að búa, t. d. þau, sem fá lítið fiskimagn, en eru þó lífsnauðsynleg fyrir byggðarlögin, eins og togararnir að sínu leyti á svipaðan hátt, og ekki er hægt að leggja niður, og sum af þessum frystihúsum t. d. verða að taka óhagstæðara hráefni en önnur. Þetta á yfirleitt við þau frystihús, sem starfa úti um landið, sérstaklega að sumrinu. Þetta eru lífsnauðsynleg atvinnutæki fyrir byggðarlögin, og þessi byggðarlög verða að standa og verða að blómgast. Það er ekki hægt að loka þessum frystihúsum. Það er ekki hægt að láta eins og þau séu ekki til. Það er ekki hægt að láta eins og vandamál þeirra séu ekki til, ekkert fremur en hægt er að láta eins og vandamál togaranna séu ekki til. Það er ekki hægt og hefur aldrei verið hægt. Okkar staða er þannig. Þess vegna vil ég fara fram á, að vandamál þessara stofnana verði skoðuð alveg sérstaklega í sambandi við þetta frv., einmitt þetta frv., og það verði sett þarna inn ákvæði, sem gæti komið þeim að liði, gæti jafnað þarna metin og komið þeim að liði, þannig að þau gætu haldið áfram að vinna sitt hlutverk í þessum byggðarlögum. Og ég vil vona það, að af mönnum sé nú öll feimni í þessu efni og þetta gæti orðið athugað hleypidómalaust, eins og málefni annarra greina, sem standa um þessar mundir nokkuð höllum fæti.

Þá er í þessu máli gert ráð fyrir því að lækka nokkuð útflutningsgjaldið á sjávarafurðunum. En mér þykir mjög skammt gengið í því, og ég er alveg sannfærður um og hef lýst því yfir áður sem minni skoðun og vil endurtaka það hér, að þetta háa útflutningsgjald, sem atvinnuvegum hér er ætlað að borga, er alveg úrelt og getur ekki staðizt. Útflutningsgjald á sjávarafurðir var innleitt, þegar sjávarútvegur skaraði langt fram úr að því er mér hefur skilizt. Ég var ekki á þingi þá. Mér hefur skilizt, að það sé óumdeilt, að hann skaraði þá fram úr í framleiðni eða hvað við eigum að kalla það á nýtízkumáli, eða var arðvænlegri en aðrar greinar. Þá var vist útflutningsgjaldið innleitt, en nú eru viðhorfin alveg breytt. Sjávarútvegurinn þarf að keppa harðri samkeppni á öðrum mörkuðum, og ég álít því, að það verði að ganga lengra í að lækka útflutningsgjöldin. Og ég tel, að það sé ekki stætt á þessu fiskverði, sem nú er, það geti ekki staðið óbreytt, eins og það hefur verið. Það ætti að tengja þetta tvennt saman, leita lags að leysa fiskverðsmálið í sambandi við meðferð þessa frv. og ganga þá lengra í því að lækka útflutningsgjöldin. En þá yrði ríkið að sjálfsögðu að taka á sig þau útgjöld, sem útflutningsgjaldinu er nú ætlað að bera. Ég sé ekki, að það verði með nokkru móti fram hjá þessu komizt, því að hjá gengislækkun verður að sneiða og fram hjá henni verður að komast. Það verður að lagfæra þessi mál með öðru móti. Enn fremur vil ég láta í ljós vonbrigði mín út af því, að ekki skuli gert ráð fyrir vaxtalækkun í þessu frv. Það mun hafa verið í hittiðfyrra, sem loforð var gefið um lækkun á afurðalánavöxtum, en varð ekkert úr, og ég hef ætíð verið að búast við því, að það yrði breytt stefnunni, a. m. k. varðandi afurðalánavextina. Ég vil láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að það skuli ekki hafa verið gert einmitt núna í sambandi við þetta frv., og vil ég, að slíkt komi til greina nú við 2. umr.

Það er eitt meginatriði frv. að leggja á nýjan söluskatt, hækka stórkostlega söluskattinn, til þess, eins og það er orðað, að standa undir þeim kostnaði, sem verður af öðrum ákvæðum frv. Ég vil alveg eindregið mæla í móti þess-

ari grein og fara fram á, að hún verði ekki samþykkt, og skal nú færa fyrir því þau rök, sem mér sýnast beinast liggja við. Það er gert ráð fyrir því, að þetta gefi um 210 millj. á 11 mánuðum, eða sennilega um 230, ef um 12 mánuði væri að ræða eða eitthvað þar í kring. Sennilega gefur þetta meira, því að vafalaust er þessi tekjuáætlun varleg. En sleppum því. Þessar nýju álögur verka eins og byrjun á nýrri umferð í dýrtíðarleiknum. Það er ný umferð á dýrtíðarskrúfunni, og verður þannig litið á þetta, enda er sannleikurinn sá, mín skoðun er sú, að þessar nýju álögur séu ekki lagðar á vegna þess, að ríkissjóður þurfi á þessu fé að halda eftir öllum merkjum að dæma, þó að hann tæki á sig þau gjöld, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er mín skoðun, að þetta sé í raun og veru ekki lagt á til þess, heldur sé þetta lagt á til að skapa greiðsluafgang hjá ríkissjóði, og sem einn liður í þeirri jafnvægispólitík eða jafnvægisstefnu, sem hæstv. ríkisstj. telur sig fylgja og er sem sagt fólgin í því að trúa á, að það leysi allan vanda í þjóðfélaginu, ef hægt er að draga sparifé inn í Seðlabankann og minnka lánsfé í umferð og hægt að hafa greiðsluafgang hjá ríkissjóði og leggja það fé líka inn í bankakerfið.

Hæstv. ríkisstj. trúir því og hefur trúað því frá fyrstu tíð, að allan vanda væri hægt að leysa með peningapólitískum ráðstöfunum einum saman af þessu tagi. Bara þeir væru nógu stórir, greiðsluafgangarnir hjá ríkissjóði, og menn væru nógu duglegir að sjá um, að ekki væri of mikið lánsfé í umferð í bankakerfinu, væri allur vandi þar með leystur. Og sé of mikið fé eins og þeir kalla, í umferð, annaðhvort af því að kaupið sé hækkað eða eitthvað annað gert af hliðstæðu tagi, þá sé ekki nema eitt ráð til og það sé að draga fé úr umferð með nýjum álögum. Ég álít, að þessi söluskattur sé ekki lagður á vegna þess, að þeir séu hræddir um halla hjá ríkissjóði, heldur frá þessu sjónarmiði.

Ég vil benda á í þessu sambandi, að ríkissjóður hafði 300 millj. kr. umframtekjur 1962, umfram það, sem áætlað var í fjárlögunum fyrir það ár, og það hljóta að verða mörg hundruð milljóna króna umframtekjur á s. l. ári. Hversu mikið af því verður hreinn greiðsluafgangur, það þori ég ekkert um að segja. Ég veit ekki, hversu mikil ráðdeild hefur verið. En ég þori að segja, að það hlýtur að hafa orðið stórfelldur greiðsluafgangur, og gildandi fjárlög eru áreiðanlega miðuð við að fá stórkostlegar umframtekjur á þessu ári. Það verður þá mikið áfall, að því er mér sýnist, ef það ekki verður, og á það mun vera stílað. Og til þess að rugla ekki þau áform að hafa verulegan greiðsluafgang til að styrkja jafnvægispólitíkina, sem kölluð er, þá er sett hér inn í þessi 5. gr., þ. e. stórkostleg hækkun á söluskattinum.

Það er svo fróðlegt að athuga, að ef þetta verður lögfest, þýðir það, að álögurnar eru komnar upp í 3 milljarða, eða 3000 milljónir. Það eru 2 milljarðar og 700 þúsundir á fjárlögunum, sjálf áætlunin, en það verður auðvitað miklu meira. Og svo eru vegalögin. Þar voru nýjar álögur upp á tæpar 100 millj., það eru um 2 milljarða og 800 milljónir. Og hérna eru 210 millj. Þetta verða rúmlega 3000 milljónir eða þrír milljarðar. Þetta er því hátíðleg stund. Það eru þrír milljarðar, það verður farið í gegnum hljóðmúrinn. Þetta er orðin hálfgerð geimferð. Það eru 3 milljarðar, þannig að það er „hátíðleg“ stund, ef þetta verður afgreitt.

Fyrir rúmum 4 árum voru þetta á milli 800 og 900 millj. Kannske sýnir ekkert betur en þetta, hvað raunverulega er að gerast í þjóðfélaginu og hvernig þetta hefur allt saman komið út. Það er verið að tala um það t. d. hérna, að útlán hafi vaxið stórkostlega, t. d. til atvinnuveganna, og talað um það sem glannalega pólitík að gera ráð fyrir því að endurkaupa afurðavíxla og annað, eins og áður var gert. Menn eru stimplaðir ábyrgðarlitlir í því sambandi og sagt, að menn vilji þenslu o. s. frv. En það væri fróðlegt fyrir menn að athuga t. d. afurðalán til atvinnuveganna og bera þau saman við þessa þróun í ríkisbúskapnum. Það væri ekki ófróðlegt fyrir áhugamenn í atvinnulífinu. Og ætli það sé nokkur furða, þótt það þurfi fleiri krónur til að reka atvinnulífið, þegar hlutir eins og þessir hafa gerzt? Nei, það er mín skoðun, alveg hreinlega, að nýjar álögur þurfi ekki að lögleiða vegna fjárskorts, enda að mínu viti þessum álögum ætlað annað hlutverk, en það er fyrst og fremst að draga nú aftur og enn úr kaupgetunni, minnka peningaumferðina.

Hæstv. forsrh. sagði áðan, að það væri ábyrgðarlaust að vera á móti álögunum, því að það mundi auka dýrtíðina, ef menn væru ekki nógu duglegir að leggja á skatta og hafa góða útkomu á ríkisbúskapnum, það væri sama og að spila út of miklu fjármagni. En ég segi, að þessi aðferð, að svara alltaf með nýjum álögum, sem auka dýrtíðina, þetta verkar ekki raunverulega til jafnvægis, þetta verkar á hinn bóginn, eins og olía á dýrtíðareldinn sjálfan. Og ég skal koma að því ofur lítið síðar, hvers vegna það er kannske fremur hér en sums staðar annars staðar. Það getur vel verið, að þetta sé góð latína víða, en það er það áreiðanlega ekki hér.

Þá kem ég að 6. gr., sem ég fyrir mitt leyti vildi líka fara fram á að yrði ekki samþykkt. Ég er því alveg mótfallinn að heimila ríkisstj. að fresta verklegum framkvæmdum, eftir því sem henni þykir rétt. Og hæstv. forsrh. mælti eins fyrir þessu og menn gátu náttúrlega búizt við. Hann sagði, að það væri rétt, að stjórnin fengi þessa heimild, því að hún gæti notað hana til að draga úr ofþenslu. Hún gæti notað þessa heimild til að draga úr ofþenslu. Ég vissi, að þessi heimild gat alls ekki verið sett þarna inn vegna þess, að stjórnin byggist við, að hana vantaði peninga. því að ég veit, að stjórnin hefur allt aðrar hugmyndir um það, eins og ég hef þegar lýst. Henni er það ljóst,

að ef allt gengur sæmilega með framleiðsluna, þá verður allt vaðandi í peningum hjá ríkissjóði. En þeim þykir hyggilegt, segir hæstv. ríkisstj., að fá þessa heimild til þess að draga úr ofþenslunni. Og þá er það þessi hugsun, sem er á bak við, að það sé of mikil þensla í þjóðfélaginu, og það álít ég rétt. Það er gífurleg fjárfesting, sjálfsagt meiri en á að vera og allt það, og þá bendir hæstv. ríkisstj. á þessa leið. Hún þurfi, ef hún telur nauðsynlegt að draga úr þenslunni, að minnka verklegar framkvæmdir ríkisins.

Þetta þýðir það, að þær framkvæmdir, sem ríkisstj. telur að eigi fyrst og fremst að víkja, ef of mikið sé aðhafzt, það eru þær framkvæmdir, sem fjárveitingar eru núna til á fjárlögum eða öðrum lögum. En hvaða framkvæmdir eru það? Það er m. a. vegirnir og brýrnar. Það er nýbúið að leggja á 100 millj. í aukasköttum til að auka framlög til vega og brúa, og því hefur verið heitið beinlínis í sambandi við þá lagasetningu, að það fé, sem þar var lagt á, skyldi ganga til vega- og brúagerða. Og nú spyr ég: Eru það vegaframkvæmdirnar og brúaframkvæmdirnar, sem eiga að víkja? Þá er það hafnarframkvæmdirnar, sem samþykktar eru fjárveitingar til á fjárlögum. Eru það þær, sem fyrst eiga að víkja að dómi hæstv. ríkisstj.? Ég segi: vega- og brúaframkvæmdir eiga ekki að víkja. Þær eiga ekki að víkja. Og ég segi: hafnarframkvæmdir eiga ekki heldur að víkja. Þær eiga fremur að hafa forgang en þær eigi að víkja, til þess að allt annað geti gengið sinn gang. Hvað er um sjúkrahúsaframkvæmdirnar? Ég heyrði lýsinguna í gær, — eða var það í fyrradag? — sem hæstv. heilbrmrh. gaf um ástandið í sjúkrahúsamálunum og hvernig ástatt væri um framkvæmdirnar, sem menn hafa nú þegar með höndum í þeim málum. Eru það þessar framkvæmdir, sem eiga að víkja, ef eitthvað þarf að víkja af því, sem nú er verið að afhafast í þjóðfélaginu? Ég segi nei. Hvað með skólaframkvæmdirnar? Hvernig er ástatt í skólamálunum? Því hefur verið lýst á hv. Alþ., að það verði að vísa æskufólkinu frá skólunum í hundraðatali. Það eru ekki skólar til fyrir unga fólkið, þótt það vilji læra. Það verður að vísa því frá í hundraðatali. Og það vantar skóla víðs vegar, en vitanlega er skólamenntun helzta undirstaða þess, að okkur geti yfirleitt vegnað sæmilega framvegis í landinu. Þetta á við í enn ríkari mæli en nokkurn tíma vegna tækninnar og verklegra vísinda. Og því segi ég, að skólaframkvæmdir eru ekki meðal þess, sem á að víkja, ef of mikið er aðhafzt. Þá eru raforkuframkvæmdir. Hvernig er ástatt með raforkuframkvæmdir? Sums staðar vantar raforku, orkuverin eru of lítil. Raforkulínur vantar víðs vegar um landið. Það er eitt af því allra þýðingarmesta, til þess að byggð geti haldizt í mörgum ágætum héruðum landsins, að raforkan geti haldið innreið sína, því að eftir tiltölulega fá ár fæst enginn til að búa annars staðar en þar, sem aðgangur er að rafmagni. Því segi ég: raforkuframkvæmdir eru ekki meðal þess, sem á að víkja, ef um ofþenslu er að ræða.

Ég hef nú talið stærstu liðina, sem veitt er fé til á fjárlögum. Það eru að vísu fleiri liðir, en þeir eru allir hégómlega smáir í samanburði við þessa liði. Og þess vegna er ég á móti 6. gr. og segi hiklaust: Ef eitthvað þarf að víkja, þá er það allt annað en það, sem nú er veitt fé til á fjárlögum, og allt annað en það, sem stjórnin mundi láta víkja, ef hún fengi þessa heimild. Ég mundi alveg hiklaust, og skal standa við það hvar sem er, miklu fremur vilja láta víkja margt af þeirri einkafjárfestingu, sem nú á sér stað í landinu. Og það er vitanlega það, sem verður að gera, ef menn ætla sér að komast út úr þessu öngþveiti. Hitt ber algerlega dauðann í sér, eins og stefnt er að með þessu frv. og allri stefnu hæstv. ríkisstj., að láta allar „panik"-fjárfestingarframkvæmdir ganga sinn gang, sem nú eiga sér stað í landinu, m. a. fyrir þann ofboðslega ótta, sem menn bera í brjósti um, að ríkisstj. ráði ekki við neitt, — láta allar þessar framkvæmdir ganga sinn gang, en draga inn og hætta við lífsnauðsynlegustu framkvæmdir þjóðarinnar, sem ég hef verið hér að minnast á. Eitt af því, sem mest á ríður, er að komast út úr því handahófi, sem nú á sér stað í fjárfestingarmálunum, en það handahóf er kannske stærri liður í því, hvað erfitt er að fást við þessi mál nú, en menn hafa gert sér grein fyrir um sinn.

Í þessu sambandi er algerlega haldlaust að vísa til þess, að áður hefur verið stundum í lögum heimild handa ríkisstj. til að fresta framkvæmdum, sem veitt er til á fjárlögum. Það er margt, sem kemur þar til. Stundum hefur verið í gildi fjárfestingareftirlit, þegar slíkar heimildir hafa verið samþykktar, þannig að hægt hefur verið að bera saman og raða niður framkvæmdum yfirleitt, bæði ríkisins og annarra, og þá ráða fram úr því, hvað skynsamlegast væri að láta bíða. En að samþykkja slíka heimild og horfa á það, að allt, sem öðrum en ríkinu sýnist að gera, skuli geta gengið sinn gang, hvers eðlis sem það er, jafnvel þó að í því sé stórkostleg verðmætasóun, nær engri átt.

Það er náttúrlega ekki hægt að neita því, að í sumu af þeirri fjárfestingu, sem verður, þegar fjárfestingaræði grípur um sig, er verðmætasóun. Margt er auðvitað ágætt, en innan um er sóun verðmæta, og þá er auðvitað mjög margt gert af því, sem við ættum að vera sammála um að mætti fremur bíða en annað. En eigum við þá að fara að gera ráðstafanir til þess að draga lífsnauðsynlegustu framkvæmdir til baka, til þess að hitt geti gengið sinn gang? Hvar endar það?

Ég hef nú rætt nokkuð um frv. sjálft og skal ekki fara miklu lengra út í að ræða einstaka þætti þess. Ég vil að lokum segja það um efni þess, að það kemur fram í þessu frv., að ríkisstj. hefur þó loksins gert sér grein fyrir því, að það er óhugsandi að komast hjá sérráðstöfunum vegna einstakra atvinnuvega,

og öll gífuryrði um þá stórfelldu spillingu, sem í því hafi falizt að greiða fyrir einstökum atvinnugreinum, þegar sérstaklega stóð á, þau falla um sjálf sig. Enn fremur liggur fyrir, að það, sem uppbótakerfinu hefur í sjálfu sér verið fundið mest til foráttu, er í raun og veru þá um leið dottið í sömu gröf. Hér er fullum fetum lagt til að bæta ekki aðeins við uppbótakerfið, heldur er séruppbótakerfi tekið upp, eiginlega mjög viðtækt séruppbótakerfi. Það eru togararnir og hraðfrystihúsin. En almenna uppbótakerfinu er haldið og við það bætt. En það hefur alla tíð í raun og veru verið í gildi með niðurgreiðslunum.

Enn fremur má segja, að það sé að byrja að votta fyrir því, að menn sjái og sýni það í verki, að hin háu gjöld á útflutningsframleiðsluna geta ekki staðizt. Það verði að lækka þau, þó að stutt sé gengið. Enn fremur má segja, að það komi fram í þessu frv., þótt í litlu sé, að það þurfi meira en orðin tóm til að auka framleiðnina. Það verður áreiðanlega að koma fram einhver þjóðfélagslegur stuðningur til þess að gera atvinnuvegunum mögulegt að auka framleiðnina og þá áreiðanlega í stærri mæli en þessi vísir, sem hér vottar þó fyrir, ráðgerir.

Það má segja, að þessi atriði komi fram í málinu. En á hinn bóginn kemur það líka fram, og það er það versta, að dýrtíðarstefnan á að halda áfram. Meginstefnan á að vera áfram óbreytt, en sú stefna hefur frá fyrstu tíð verið fólgin í því að reyna að halda kaupgjaldi og afurðaverði sem lægstu, en láta dýrtíðina hækka til að minnka þannig kaupgetuna og peningamagnið í umferð og vinna þannig að jafnvægi. Enn fremur að gera kostnað við lánsfé mikinn og hækka fjárfestingarkostnaðinn og reyna þannig að draga úr fjárfestingunni. Því miður er ætlunin, að þessi stefna verði áfram óbreytt, þ. e. a. s. sú stefna, sem til mests ófarnaðar hefur leitt.

En ég held, að menn verði að gera sér grein fyrir því, að þessi stefna fær ekki staðizt. Það verður að breyta stefnunni í lánamálunum, vaxtamálunum, og handahófið í fjárfestingunni fær ekki staðizt. Þetta handahóf dregur þjóðarbúskapinn niður, sennilega með meiri hraða en við höfum gert okkur grein fyrir. Og styrjöldin, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur haldið uppi við almannasamtökin, þetta fjögra ára stríð, getur ekki haldið áfram, það fær ekki staðizt. Og það virðist votta aðeins fyrir skilningi hæstv. forsrh. á því, ef það er þá nokkuð annað en klókindi, sem frá honum hefur komið í þá átt, en ég vil vona, að það sé annað og meira.

Og loks er óhætt að segja það alveg hiklaust, að sú stjórn fær ekki staðizt, sem mistekst allt, sem hún lýsir yfir að hún ætli að taka sér fyrir hendur og við beztu skilyrði. Það er líka þýðingarmikið atriði til að hugsa um á þessum tímamótum og í sambandi við þann mikla vanda, sem fram undan er, því að hér er nefnilega ekki um neitt hégómamál að ræða, því að þegar allt kemur til alls, þá er þetta líka að talsvert miklu leyti spurning um traust eða vantraust. Það er sennilegt, að þeir, sem ekki hafa traust, geti ekki heldur leyst vandann, jafnvel þótt þeir færu ekki mjög skakkt að. Þess vegna er þetta svo alvarlegt. Ég segi þetta ekki til að hreyta skætingi að hæstv. ríkisstj., ég tel, að þetta sé svona.

Mig langar svo til að fara fáeinum orðum um það, hvers vegna viðreisnarstefnan var alltaf dauðadæmd eða hlaut að mistakast að mínu viti. Viðreisnarstefnan var fólgin í þessu, eins og ég sagði áðan, að það átti að ná jafnvægi og halda jafnvægi með því að hækka verðlagið í landinu til að byrja með, en kaupgjaldið átti að vera óbreytt. Þetta var stefnan, eins og henni var lýst. Einnig með því að hækka verðið á fjárfestingarframkvæmdunum, en peningamagn í umferð átti ekki að vaxa. Á þennan hátt átti að ná jafnvægi og halda öllu í jafnvægi. Og peningapólitískar ráðstafanir einar áttu að duga. Þetta er rétt lýsing á meginkjarna þessarar stefnu. En að mínu viti er slík stefna alveg óframkvæmanleg hér á landi og hefur aldrei verið framkvæmanleg, og nú tel ég, að reynslan hafi sýnt það.

Sannleikurinn er sá, að ef svona stefna ætti sem kalla mætti „að heppnast“, þá yrði víst að borga fyrir það dýru verði, það yrði víst að borga fyrir það með þó nokkru atvinnuleysi. Ef svona stefna á að leiða til þess, sem kallað er á hagfræðimáli jafnvægi, þá verður að borga fyrir það með einhverju þó nokkru atvinnuleysi. Og er þá hugsað þannig eftir lögmálinu um framboð og eftirspurn, að sé eftirspurnin minni eftir vinnu en framboðið, þá hækki ekki verðið á vinnunni, m. ö. o. þá hækki ekki kaupið, og þannig sé hægt gegnum bankapólitíkina og peningamálaráðstafanir einar, með því að draga fé úr umferð, að halda öllu í „jafnvægi“. Þannig er þetta vitanlega hugsað. Þannig hlyti fjárfestingin að haldast í jafnvægi og þjóðarbúið í heild.

En það er frá upphafi vonlaust hér hjá okkur að ætla sér að framkvæma þessa stefnu, og það er af mörgum ástæðum. Okkar þjóðarbúskapur er að mörgu leyti svo ólíkur því, sem annars staðar gerist, það kemur ýmislegt til. En það kemur fyrst til, að Íslendingar sætta sig ekki við atvinnuleysi, og þegar til kemur, efast ég um, að nokkur stjórn þori að standa fyrir þeim samdrætti, sem þyrfti að vera í þjóðarbúinu, til þess að fram kæmi það, sem kalla mætti á hagfræðilegu máli fullkomið jafnvægi, þ. e. a. s. nokkurt atvinnuleysi. Grundvöllur fyrir slíkri stefnu er sem betur fer ekki fyrir hendi, eða það vona ég. Ég skal ekki segja, hvað þessi hæstv. ríkisstj. hefði gert af því, sem hún ætlaði, ég efast um, að hún hefði nokkurn tíma komizt svo langt að gera þetta eins og það átti að vera. En þar kom náttúrlega hin mikla síldveiði inn í og truflaði þær samdráttarfyrirætlanir, sem þarna voru á prjónunum, þannig að þær

kæmust ekki í framkvæmd. Það þyrfti að taka þetta allt nokkuð hörðum tökum, ef þetta ætti að vera mögulegt, eins og til stóð, og ég held, að Íslendingar sætti sig ekki við það, nema því aðeins að það sé búið að koma á þá einhvers konar hnappheldu, sem ég sé nú ekki í fljótu bragði, hver ætti að vera.

Þetta er nú undirstaða þess, að viðreisnarstefnan hefur aldrei verið framkvæmanleg. Fleira kemur líka hér til greina, sem er sennilega nokkuð sérkennilegt fyrir Ísland, og m. a. þetta: Það er ekki hægt að nota bankakerfið hér á sama hátt og í öðrum löndum til að stjórna í gegnum það. En það er fyrir það, að þar sem þjóðin er svo fámenn og hver þekkir annan og þekkir betur til hjá öðrum en tíðkast annars staðar, þá eru miklu fleiri leiðir hér en nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli til þess, að menn komi fjármálastarfsemi sinni í framkvæmd utan við bankakerfið. Og þetta erum við að upplifa núna þessi árin og þessi missirin. Þó að dregið hafi verið inn í Seðlabankann af sparifénu og ýmsar ráðstafanir gerðar, sem fræðilega séð ættu að vera nægilegar til þess, að allt væri í „ballans" eftir kennslubókunum, þá er bara dundrandi ofþensla fyrir því, a. m. k. nú æðilengi, og þessar ráðstafanir ná ekki tilgangi sínum.

Þá kemur hér til greina, að Íslendingar hafa miklu minna fjármagn tiltölulega en flestar aðrar þjóðir, miðað t. d. við fjárfestingarþörfina, sem er ákaflega mikil. Og Íslendingar þola handahóf í fjárfestingunni miklu verr en sennilega nokkur önnur þjóð, einmitt af þessum ástæðum. En í fjárfestingunni verður vitanlega algert handahóf, ef þessi stefna, eins og hún var mótuð í upphafi og hefur verið framkvæmd að verulegu leyti, á að ríkja, — algert handahóf, eins og þið sjáið t. d. á því, að nú ráðgerir hæstv. ríkisstj. að lækna ofþensluna — og með hverju? Með því að draga fjármagn úr umferð, með nýjum söluskatti og með því að fresta opinberum framkvæmdum, láta þær víkja fyrir öllu hinu. En ég er alveg sannfærður um, að Íslendingar þola verr handahóf í fjárfestingunni en nokkur önnur þjóð, vegna þess, hve fjármagnið hér er lítið. Þegar fjármagnið er lítið, þurfa menn að vanda sig betur, hvernig það er notað. En þær þjóðir, þar sem allt veður í peningum og þar sem peningar eru jafnvel útflutningsvara, þar sem menn máske vantar verkefni fyrir peningana, þar er allt öðru máli að gegna. Þær geta leyft sér þann lúxus að láta þetta fara eftir geðþótta hvers og eins. En ég er sannfærður um, að við getum það ekki. Hugsið ykkur, að niðurstaðan af þessu verður sú, að þær framkvæmdir, sem mest á ríður, þær verða að víkja. En handahófsframkvæmdir alls konar, sem fremur ættu að bíða, þær ganga fyrir. Þetta á ekki aðeins við um skóla, sjúkrahús og raforkulínur, vegi, brýr og hafnir, þessar framkvæmdir, sem ég var að telja áðan, þetta á engu síður við undirstöðuframkvæmdir í sjálfri framleiðslunni.

Hvað er svo að verða með framleiðsluna núna við þessar kringumstæður? Menn segja, að kauptaxtarnir hafi verið hækkaðir allt of mikið, kaupið sett svo hátt, að framleiðslan geti ekki staðið undir kaupinu. Samt sem áður er yfirborgað, samt sem áður er fullt af aðilum, sem í dauðans ofboði reka áfram fjárfestingarframkvæmdir sínar, sem yfirborga framleiðsluna núna. Og fyrir þessu eigum við að víkja, segja: Gerið svo vel, haldið áfram, við hættum við skólana, við hættum við raforkulínurnar, við hættum við vegina og brýrnar o. s. frv., við drögum okkur til baka, þið skuluð halda áfram. Hvar haldið þið að þetta endi? Haldið þið, að þetta endi með því, að við getum rifið okkur út úr vandanum með aukinni framleiðni eða öðrum skynsamlegum ráðstöfunum, sem gætu orðið til þess, að okkur búnaðist betur en verið hefur? Nei, áreiðanlega ekki. Og þetta bið ég hverja, sem ráða þessum málum, að íhuga.

Það er annað líka, sem kemur hér til greina og ekkert er minna atriði og snertir þetta sama. Það er fjármagnið og í því sambandi rekstrarfjárþörfin. Hvað er með rekstrarféð? Alveg eins og við höfum svona fjarskalega lítið fé, miðað við fjárfestingarþörfina, þá er allt á hangandi hári hjá okkur með rekstrarfé, jafnvel fyrir þær atvinnugreinar, sem mestu máli skipta. Svo er verið að reyna að baksa við að stjórna með peningalegum ráðstöfunum einum og því, sem kallað er fullt frelsi. Hver verður niðurstaðan? Niðurstaðan verður sú, að það eru dregnar saman lánveitingarnar, líka rekstrarlánin, það er farið að lána 55% út á sjávarafurðirnar og landbúnaðarafurðirnar í staðinn fyrir 67% áður o. s. frv., o. s. frv., draga saman rekstrarféð. Haldið þið, að þetta verði til að auka framleiðnina eða gera atvinnuvegunum kleift að borga hærra kaup? Og hver er svo niðurstaðan núna? Að atvinnuvegirnir geti ekki einu sinni borgað sama kaup og 1958 og ekki keppt við fjárfestingu hinna.

Haldið þið, að þetta sé einhver hégómi, sem menn geti látið eins og ekki hafi skeð? Nei, það er eitthvað alvarlegt að í þessu og eitthvað meira en lítið, — eitthvað, sem þarf að endurskoða. Það finna allir. Meira að segja hæstv. forsrh. finnur það, því að hann sagði, að það yrði að taka sér frest til þess að hugleiða þessi mál og hvað ætti að gera, og viðurkenndi náttúrlega þar með, að hér er ekki um neinn smávægilegan vanda að ræða.

En þá er bara að nálgast þetta hleypidómalaust. Það þýðir ekki að hengja sig í eitthvað, sem menn hafa áður sagt, eða því líkt. Það verður að athuga þetta hleypidómalaust og ofan í kjölinn, því að við erum sannast að segja staddir í hinum mesta vanda. Og sannast að segja verður þetta svo ódrjúgt allt saman, að við stöndum agndofa frammi fyrir þessu, þegar við skoðum t. d. aðstöðu unga fólksins, kaupið annars vegar, fjárfestingarkostnaðinn hins vegar, dæmið um framleiðsluna, landbúnaðinn og sjávarútveginn. Við stöndum agndofa frammi fyrir þessu. Við er-

um staddir í stórkostlegum vanda. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn. Það verður að finna einhverja tiltækilega leið út úr þessu, og það verður að reyna nýjar leiðir. Það þýðir ekki að halda áfram á þessum leiðum, sem hafa gefizt svo illa. Og það þýðir ekki að bíta sig í það, þótt slíkar aðferðir geti hentað öðrum. Við verðum að miða við okkar ástæður og okkar kringumstæður, við getum ekki stjórnað eftir löggjöf annarra þjóða og ekki nema að nokkru leyti eftir reynslu þeirra, þótt við getum margt af henni lært, ekki heldur eftir kennslubókunum einum, þó að ég vilji tala um þær með fullri virðingu í þessu sambandi. Við verðum að athuga þetta allt með tilliti til okkar staðhátta, sem eru ákaflega sérkennilegir.

Það má taka sem dæmi: Það er ekki hægt að *nota vaxtapólitík hér* á sama hátt og í mörgum öðrum löndum. Það er alveg óhugsandi, og þessu hef ég alltaf haldið fram undanfarna áratugi. Hvers vegna er það ekki hægt? Þeir geta máske í þessum stóru og fjármagnsauðugu löndum haft úrslitaáhrif á gang sinna fjármála með því að breyta vöxtunum um 1% eða svo. Það er alveg óhugsandi hérna. Vöxtunum var breytt um mörg prósent og höfðu alls ekki þau áhrif, sem til var ætlazt. Það er einfaldlega vegna *þess*, að *hér* snýr allt öðruvísi við. Fjármagnið er það lítið hér, samanborið við verkefnin, að málið snýr allt öðruvísi við. Það var ekki hægt að ná neinu „jafnvægi" í lánapólitíkinni með því að hækka hér vextina. En þeir geta þetta annars staðar, þar sem allt öðruvísi stendur á en hér. Hvernig hefur svo þetta farið hér með vextina? Þeir hækkuðu vextina, sjálfsagt í því trausti, að þeir mundu geta lækkað þá strax aftur svo að segja. Ég efast ekkert um, að hagfræðingarnir, sem gáfu stjórninni ráð, hafa trúað því, eftir kennslubókunum átti þetta allt að leita jafnvægis á *tveimur, þremur missirum eða svo, og þá átti* að vera hægt að lækka vextina aftur, því að jafnvægið væri komið. En hver hefur niðurstaðan orðið? Jafnvægið kom aldrei, vegna þess að þetta verkar ekki hér á sama hátt og víða annars staðar og ekki eins og stendur í bókunum. Og svo standa þeir blýfastir með þetta, með háu vextina, og háu vextirnir eru farnir að troða sér inn alls staðar, í húsnæðiskostnaðinn, í framleiðslukostnaðinn og hvar sem er. Og hvað þýðir svo fyrir þessa menn að koma og reikna og segja: Þetta er allt saman svo voðalítið atriði, vegna þess að það eru ekki borgaðar *inn í bankakerfið nema svona* og svona margar milljónir í vexti, þegar við vitum, að vaxtafóturinn ákveður fjármagnskostnaðinn, ekki bara hjá þeim, sem skulda, heldur hjá öllum þeim, sem eiga eignir í landinu. Og framleiðslan verður að gera svo vel að borga þennan fjármagnskostnað í hækkuðu kaupi til þeirra, sem verða að knýja kaupið upp til að geta lifað, miðað við nýju kringumstæðurnar.

Það er fleira, sem kemur til greina í þessu sambandi. Það er t. d. þetta, að hér er miklu minni stéttaskipting en í öðrum löndum. Fólk þekkir miklu betur til hvert hjá öðru hér en nokkurs staðar annars staðar. Þess vegna sættir almenningur hér sig alls ekki við sömu kjör, sem sums staðar er hægt að fá menn til að sætta sig við. Menn vita betur hér en annars staðar, hvernig þetta er hjá öðrum, og stéttaskipting er miklu minni, og menn sætta sig alls ekki hér við lífskjararýrnun. Samt hefur henni verið þvingað upp á menn með öllum þessum aðförum, en menn sætta sig ekki við það. Þess vegna er líka stöðugt stríð. Og nú er forsrh. farinn að tala um, að það þurfi að breyta til og hafa frið.

Nei, það er alveg áreiðanlegt, og hefur alltaf verið það, *og hefur ætíð verið reynt að sýna* fram á það, að hér er ekki hægt að kopiera blint það, sem annars staðar er gert. Það verður að velja leiðir með sérstöku tilliti til þeirra staðhátta, sem við búum við, og sérstöku kringumstæðna, sem hér eru. Og ég er alveg sannfærður um, og reynslan er að sýna það nú, að það er ekki hægt að stjórna Íslandi með peningapólitískum ráðstöfunum einum saman. Það verður að fara í þessu blandaða leið, sem kalla mætti, m. a. með stjórn á fjárfestingunni og fleiri slíkum ráðstöfunum. En það segir sína sögu, að sumar þjóðir, eins og t. d. *Norðurlandaþjóðirnar, telja sig ekki hafa* ráð á því að láta ríkja algert handahóf í fjárfestingarmálum. Þeir telja sig alls ekki hafa ráð á því. En við eigum að hafa ráð á því. Og við eigum að halda svona áfram og segja: Við drögum bara til baka þessar fjárfestingar hérna, skólana t. d., þetta unga fólk getur beðið, sjúkrahúsin o. s. frv. Við drögum okkur til baka, þið skuluð halda áfram. — Þeir telja sig ekki hafa ráð á slíku á Norðurlöndum, þó að við eigum að telja okkur *hafa ráð á svona* vinnubrögðum. Blandaða leið verður áreiðanlega að fara.

Ég er nú búinn að tala nokkuð lengi og ætla að reyna að ljúka máli mínu fyrir kl. 7 og skal því ekki bæta miklu við þetta, en þetta langaði mig til að segja og fannst nauðsynlegt að segja. En ég vil svo að lokum segja þetta: Það verður að leita hér að nýjum leiðum og fara nýjar leiðir. Menn verða m. a. að gera sér grein fyrir því, að það verður ekki stokkið út úr þessum vandkvæðum öllum í einu stökki. Menn verða að gera sér grein fyrir því. Það verður að fikra sig út úr þessu í áföngum. Það verður alveg tvímælalaust að taka upp samstarf í stað styrjaldar við almannasamtökin í landinu, í svipuðum stíl og hafa svipaða stefnu og vinstri stjórnin hafði að þessu leyti, en menn hæddu mest og deildu mest á hér á árunum. En fram hjá þessu verður ekki komizt. Það verður að hafa stjórn á fjárfestingunni og vinna þannig gegn ofþenslunni og láta handahófið víkja, því að handahófið er of dýrt. Við höfum ekki ráð á því, ekki fremur en frændur okkar á Norðurlöndum. Við verðum að koma okkur þannig fyrir, að við getum notað fjármagnið vel, af því að við höfum svo lítið af því. Og þeim mun minna

sem við höfum af fjármagni, þeim mun betur verðum við að reyna að nota það og reyna að láta minna fara í súginn. Við verðum að stefna að skipulegum hagvexti með þessu móti.

Við verðum líka alveg vafalaust að hafa fjármagnið í umferð og ekki frysta sparifé landsmanna inni í bankakerfinu. Við verðum að auka rekstrarlánin til framleiðslunnar og stofnlánin til lífsnauðsynlegustu framkvæmda, en vinna gegn ofþenslunni með því að láta þær framkvæmdir bíða, sem helzt mega bíða að beztu manna yfirsýn. Við verðum áreiðanlega að lækka vextina, því að það er ekki hægt að hafa vaxtafótinn hér, framleiðslunnar vegna og almennings vegna, miklu hærri en í nokkru öðru nálægu landi, m. a. af þeirri einföldu ástæðu, að með því verður kaupið að vera svo hátt, að framleiðslan getur ekki borið það. Við verðum heldur að reyna að vinna að auknum sparnaði í landinu með því að stöðva dýrtíðarflóðið og finna í vaxandi mæli möguleika á því, að menn geti ávaxtað sparifé sitt með verðtryggingu. Það verður að athuga það gaumgæfilega, hvort ekki sé hægt að fara inn á þá braut, í staðinn fyrir þessa vaxtapólitík, sem við þolum ekki.

Það verður umfram allt að láta fjármagnið ganga til ráðstafana, sem auka framleiðni og þjóðartekjur, og stofna öfluga lánasjóði eða stuðningssjóði til eflingar atvinnulífinu, einmitt í þessa átt, því að þótt allt hitt sé þýðingarmikið, þá er þó þýðingarmest af öllu að reyna að komast út úr þessum vanda með aukinni vélvæðingu og þar með framleiðni.

Við verðum að leysa kjaramál bændanna og launþeganna í áföngum og snúa okkur að því að tryggja lífvænlegt kaup fyrir venjulegan vinnudag, og væri þá fyrsta skrefið að setja sér það markmið, að síðasta breytingin á kaupinu geti orðið raunveruleg kjarabót, þ. e. a. s. upp í 77 þús. kr. Finnst mér þá ekki hátt spenntur boginn, a. m. k. ekki frá sjónarmiði þeirra manna, sem tala fullum fetum um, að menn ættu að geta fengið óbreyttar meðaltekjur, eins og þær eru nú, gegn 8 klst. vinnu, eins og ég hef heyrt hæstv. forsrh. tala um. Í landbúnaðinum verður að tryggja lífvænlega aðstöðu, leiðrétta verðlagið og auka stuðning við uppbygginguna í landbúnaðinum stórlega frá því, sem nú er.

Umfram allt virðist mér einmitt lífsnauðsyn að forðast hvers konar ráðstafanir til að auka álögur, sem gætu komið af stað enn nýrri dýrtíðarumferð og verkað sem olía á dýrtíðareldinn, því að nýjar álögur verka sem hreint eitur og gera allar lausnir miklu erfiðari. Þess vegna á að fella 5. gr. þessa frv., því að hún vinnur á móti því, að samkomulag náist um heppilegar leiðir. Og það verður að reyna að vinna að því að skapa traust í stað óttans, sem nú situr í öndvegi og mun sitja áfram í öndvegi, á meðan núverandi stefna í þessum málum er framkvæmd.

Að lokum vil ég svo segja, að ég tel, að við séum stödd á vegamótum og nú sé spurningin, hvort menn beri gæfu til að breyta nú til og reyna að fikra sig áfram í skynsamlegri stefnu eða hvort á að halda áfram með nýjar risaveltur, eins og verið hefur. Og enginn vafi er á því, og það virðist mér raunar gægjast fram hjá hæstv. forsrh. líka, að það þyrfti að taka bókstaflega allt efnahagskerfið og efnahagsmálastefnuna alla saman til endurskoðunar á breiðum grundvelli, taka aftur upp þá stefnu, sem fordæmd var mest um árið, að hafa samráð við almannasamtökin í landinu um þessi efni. En þetta frv. finnst mér fyrst og fremst þurfi að afgreiða þannig að fella niður 5. og 6. gr. þess og reyna að endurskoða hinar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðalefni þessa frv., sem hér er til umr., er það, að ráðgert er að leggja á nýjan skatt, sem áætlað er að muni nema á þessu ári 210 millj. kr. Ég tel þó, að allar líkur bendi til, að skatturinn muni verða allmiklu hærri, og vík kannske að því nokkuð síðar.

Þessum skatti á að verja þannig, að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að skatturinn renni til þess að greiða beinar ríkissjóðsgreiðslur, sem nema 82 millj. kr., og í öðru lagi að greiða ákveðna styrki til togaraútgerðarinnar í landinu og til frystihúsaeigenda og annarra fiskverkunarmanna, samtals 128 millj. kr. Það er því augljóst, að þessi nýi skattur er jöfnum höndum álagður til að afla ríkissjóði beinna tekna og svo til hins að taka upp í ríkara mæli en áður beinar styrkjagreiðslur til framleiðslunnar. Ég sagði, að um 82 millj. kr. af þessum skatti ættu að ganga til beinna ríkissjóðsgreiðslna. En samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að þeirri upphæð verði varið til að greiða aukið framlag til almannatrygginganna, sem nemur 27 millj. kr., og til þess að greiða verðlækkun á vörum innanlands, sem nemur 55 millj. kr. Greiðslur sem þessar hafa alltaf hingað til verið beinar ríkissjóðsgreiðslur og er í rauninni ekki hægt að blanda saman við sérstakar efnahagsráðstafanir, sem kunna að verða gerðar í sambandi við atvinnuvegi landsins.

Með þessu frv. er því í rauninni haldið fram, að fjárhag ríkisins sé þannig komið, að tekjustofnar hans hrökkvi ekki lengur til að standa undir þeim almennu útgjöldum, sem ríkissjóður hefur staðið undir.

Þá athugasemd vil ég þó gera í sambandi við upphæðina til niðurgreiðslu á vöruverði, þar sem gert er ráð fyrir, að verja eigi í því skyni 55 millj. kr. af þessum skatti, að þar er í rauninni um of lága fjárhæð að ræða, miðað við þær greiðslur til lækkunar á vöruverði, sem í gildi hafa verið.

Samkv. athugasemdum, sem ríkisstj. sendi sjálf frá sér með fjárlagafrv., var því lýst yfir, að niður væru felldar greiðslur vegna lækkunar á vöruverði, sem næmu 92 millj. kr., og þannig voru fjárlögin afgreidd. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að afla nýrra tekna upp

á 55 millj. kr. til þess að halda áfram verðlækkunum á vörum innanlands, en það þýðir, að það á raunverulega að draga úr niðurgreiðslunum frá því, sem var á árinu 1963. Hér er um nokkra vöruflokka að ræða, sem ríkisstj. virðist hafa tekið ákvörðun um að hætta að greiða niður.

Á meðan þessar niðurgreiðslur allar áttu sér stað, bæði á árinu 1962 og 1963, hafði ríkissjóður þegar fengið tekjustofna til þess að standa undir þessum niðurgreiðslum. En nú virðist sem sagt svo komið hjá ríkissjóði, að því er haldið fram, að hann hafi ekki tekjur til þess að halda áfram sams konar niðurgreiðslum á vöruverði og hann hefur haft með höndum á undanförnum árum. Þetta frv. er að mínum dómi ótvíræð viðurkenning af hálfu ríkisstj. á því, að uppbóta- og styrkjakerfið er enn í fullum gangi ásamt með öðrum efnahagsmálaráðstöfunum, sem ríkisstj. stendur fyrir. Það er ekki aðeins það, að þetta frv. gerir nú ráð fyrir því, að sérstakra tekna skuli aflað til ákveðinna uppbótagreiðslna, bæði til fiskkaupenda í landinu og til togaraútgerðarinnar, heldur minnir þetta frv. í þeirri grg., sem fylgir með frv., og þeim gögnum öðrum, sem fylgja til skýringar á þessu frv., einnig á aðrar uppbóta- og styrkjagreiðslur, sem í gangi hafa verið á undanförnum árum. Og ég skal minna á þær greiðslur hér með örfáum orðum.

Það er upplýst, að togaraútgerðin í landinu hefur notið beinna styrkja öll þau ár, sem viðreisnarstefnan hefur þó átt að vera í gildi. Árin 1960 og 1961 og 1962 nema beinar styrkjagreiðslur til togaraútgerðarinnar 193 millj. kr., eins og hér hefur verið upplýst í þessum umr. Í öðru lagi hefur allan þennan tíma verið í gildi sérstakt styrkjakerfi varðandi greiðslu á vátryggingum allra fiskiskipa. Þær greiðslur hafa numið á hverju ári að undanförnu um 120—140 millj. kr. Í þriðja lagi liggur svo fyrir, að ríkissjóður greiðir beinar útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir og ráðgerðar greiðslur í þeim efnum á þessu ári, sem nema 115 millj. kr. Og í fjórða lagi eru svo greiðslur til lækkunar á vöruverði innanlands, en þær greiðslur voru s. l. ár um 370 millj. kr. Þessar beinu styrkja- og niðurgreiðslufjárhæðir hafa því numið á undanförnum árum að meðaltali um 650 millj. kr. og fara nú á þessu ári sýnilega yfir 700 millj. kr.

Það er því vitanlega alls fjarri að halda því fram, að með hinni nýju efnahagsmálastefnu ríkisstj., sem upp var tekin snemma á árinu 1960, hafi verið horfið frá styrkja- og uppbótagreiðslum. Þeirri stefnu hefur verið haldið áfram, en ýmislegt nýtt hefur svo verið tekið þar upp til viðbótar því, sem áður var í gildi og aftur hefur verið meira hampað af hæstv. ríkisstjórn í sambandi við hennar efnahagsráðstafanir. Það er því hlægilegt að heyra það af munni hæstv. sjútvmrh. hér í þessum umr., að í rauninni sé ekki um að ræða, að farið sé inn á braut styrkja- eða uppbótakerfisins á neitt svipaðan hátt og áður hafði verið. Slíkt er vitanlega aðeins að lemja höfðinu við steininn og neita staðreyndum. Staðreyndirnar blasa við í þessum efnum. Þessar greiðslur hafa farið fram, sumpart í mjög svipuðu formi og áður var, en í öðrum tilfellum í nýju formi, en þó alveg á ótvíræðan hátt hefur þar verið um beina styrki eða uppbætur að ræða.

Þegar frv. þetta er athugað, hlýtur að vakna sú spurning, hvort í rauninni sé ástæða til þess að fara að leggja á nýjan skatt, eins og sakir standa nú. Getur verið þörf á því, að ríkissjóður krefjist þess nú, að það verði lagður á nýr skattur til þess að standa undir þeim beinu greiðslum, sem hingað til hafa hvílt á ríkissjóði? Hefur fjárhag ríkissjóðs verið þannig háttað að undanförnu, að það sé í rauninni ástæða til þess að fara nú að leggja á nýjan skatt beint til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð? Nei, það er alveg augljóst mál, að afkoma ríkissjóðs er ekki með þeim hætti, að það sé þörf á nýjum skatti, og þetta varð hæstv. forsrh. í raun og veru að viðurkenna hér, um leið og hann lagði þetta frv. fyrir þingið. Það er rétt, að ríkisreikningurinn fyrir árið 1962 sýnir, að á því ári varð rekstrarafgangur hjá ríkinu sem nam 295 millj. kr. Um þetta verður ekki deilt. Það er rétt, að þessi mikli afgangur er ekki allur í handbæru fé. Beinn greiðsluafgangur, þegar ríkið var búið að standa undir miklum, beinum fjárfestingum, beinn greiðsluafgangur hjá ríkinu var þó á milli 160 og 170 millj. kr. Það hefur verið upplýst hér í umr. á Alþingi, að allmikið af þessu fé sé handbært. Það mun enginn vafi heldur leika á því, að tekjur ríkissjóðs hafa orðið enn þá hærri á nýliðnu ári en á árinu 1962. Rekstrarafgangur ríkissjóðs mun hafa orðið fyllilega eins mikill. Um beinan greiðsluafgang er ekki hægt að segja, því að upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram um það. En það getur ekki verið um svo mikla umframeyðslu að ræða hjá ríkinu, að þar sé ekki einnig um mjög verulegan greiðsluafgang að ræða. Það er því vitanlega alveg augljóst mál, að ríkissjóður getur haldið áfram að inna af höndum nauðsynlega verðlækkun á vörum innanlands í sama formi og hann hefur gert, til þess hefur hann alveg fullt bolmagn. Það þarf ekki að leggja á neinn nýjan skatt til þess að halda uppi slíkum greiðslum. Það er líka alveg augljóst mál, að ríkissjóður hefur slíkar tekjur, að hann getur tekið að sér 27 millj. kr. aukagreiðslu til almannatrygginganna vegna hækkunar á elli- og örorkulaunum. Það er engin ástæða til þess að fara að leggja á nýjan skatt af þeim ástæðum. Það er einnig alveg ljóst, að ríkissjóður hefði getað greitt nokkurn styrk til togaraútgerðarinnar af sínum beinu tekjustofnum, þeim sem hann hefur haft, á svipaðan hátt og ríkið hefur gert á undanförnum árum. Það var því engin og er engin ástæða til þess að fara að leggja á þjóðina nýjan skatt vegna þessara greiðslna. Og þá er aðeins spurningin þessi: Var þá óhjákvæmilegt að leggja nýjan skatt á almenning í landinu til þess að afla þeirra 73 millj. kr.,

sem ráðgert er að styrkja fiskkaupendur í landinu með vegna þeirra kauphækkana, sem urðu í desembermánuði s. l.? Ég held því fram, að það hafi engar ástæður verið til þess, þó að um þær greiðslur hefði verið að ræða, að leggja á nýjan skatt. Það var auðvelt að koma við sams konar stuðningi við fiskkaupendur í landinu eftir öðrum leiðum, leiðum, sem hefðu verið miklu hagkvæmari, og leiðum, sem m. a. fiskkaupendur í landinu höfðu bent á. Það var hægt að lækka vexti fiskkaupendum í landinu til verulegra hagsbóta.

Ég tók eftir því, að hér í umr. í dag vildi hæstv. forsrh. gera lítið úr því, hvað lækkun vaxta hefði dregið fyrir fiskiðnaðinn í landinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að hæstv. forsrh. hefur ekki gert sér nægilega grein fyrir því, hvernig þessi mál eru í raun og veru, þegar hann segir þetta. Hann hefur fengið hér rangar upplýsingar um eðli málsins. Vaxtabyrðin, sem hvílir á sjávarútveginum, er svo mikil, að aðeins nokkur lækkun á vöxtunum mundi fljótlega færa útveginum sem heild fyllilega þá upphæð, sem hér er gert ráð fyrir að færa honum eftir skattaleiðinni. Það er rétt, að lækkun vaxta á afurðalánum einum saman dregur vitanlega ekki ýkjalangt. En þó hygg ég, að lækkun framleiðsluvaxta eða vaxta á afurðalánum úr 7%, sem þau eru nú, og t. d. niður í 2% eða 2½%, sem viðurkennt er m. a. af hagfræðingum ríkisstj. að fengi fyllilega staðizt, af því að hér er aðallega um seðlabankalán að ræða og fjárhag þess banka er þannig varið, að hann gæti fyllilega staðið sig við þetta, — slík lækkun, sem næmi 4½—5% á afurðalánunum, mundi tvímælalaust færa sjávarútvegsmönnum ekki minna en 25—30 millj. kr. Endurkeypt afurðalán voru t. d. í októbermánuði s. l. gefin upp af Seðlabankanum 921 millj. kr., tæpar 300 millj. af þeim munu hafa verið til landbúnaðarins. Það er því augljóst, að endurkaupalán sjávarútvegsins hafa á þessum tíma verið fyllilega 600 millj. kr. Og ég tel, að það sé ekki fjarri lagi að áætla, að afurðalán sjávarútvegsins í heild séu í kringum 600 millj. kr. að meðaltali yfir árið. Lánin geta orðið mun hærri og hafa orðið mun hærri stundum, en þau geta líka orðið nokkru lægri á vissu tímabili. En lækkun vaxta mundi líka koma sjávarútveginum að gagni í fleiri tilfellum en aðeins í sambandi við vexti af afurðalánum. Önnur rekstrarlán til útvegsins eru allmikil, og þá mundi ekki muna minna að lækka vextina einnig af stofnlánum útgerðarinnar, en vextir af þeim hvíla nú orðið mjög þungt á útgerðinni.

En auk þess að hægt hefði verið með lækkun vaxta að bæta hag framleiðslunnar verulega frá því, sem verið hefur, hefði einnig átt að fara þá leið, sem ég hef margsinnis bent á í umr. um þessi mál áður, að það hefði átt að lækka útflutningsgjaldið á sjávarafurðum mun meira en áætlað er í þessu frv., og sú lækkun á útflutningsgjaldinu hefði beinlínis átt að sparast með því að breyta um það vátryggingakerfi, sem nú gildir fyrir fiskiskipaflotann. Það er verið að eyða stórum fjárfúlgum með mjög röngu fyrirkomulagi, sem nú er í gildi á vátryggingu fiskiskipanna. Það nær vitanlega engri átt að þurfa að eyða á hverju ári 120—140 millj. kr. til þess að standa undir vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans. Þar er eytt allt árið of hárri upphæð, og þar er mönnum einnig nú mismunað á hinn herfilegasta hátt. Með því að breyta hér nokkuð um, hefði verið auðvelt að spara 30—40 millj. kr. á hverju ári. Þessar ráðstafanir hefðu verið miklu eðlilegri og betri fyrir framleiðsluna en að fara þær leiðir, sem lagt er til að fara með þessu frv., því að vitanlega eru megingallar þessa frv. þeir, að gert er ráð fyrir því að leggja á nýjan skatt, sem sennilega kemur til með að nema 240—250 millj. kr. á ári, og það þýðir óhjákvæmilega almenna verðhækkun í landinu. Sú verðhækkun hefur fljótlega sínar afleiðingar. Kaupgjald kemur á eftir og mun hækka, og þetta mun því fyrr eða síðar allt saman skella á útflutningsframleiðslunni í nýjum vanda, þótt síðar komi. Ég hygg, að sjávarútvegsmenn hafi almennt gert sér grein fyrir þessu, og því hafa þeir ekki fyrst og fremst sett fram kröfur um að leysa þennan vanda með því að fara að leggja á nýjan skatt. Þeir hafa bent á önnur úrræði, en ríkisstj. hefur vikið þeim til hliðar og valið þetta.

Nei, um það getur varla þurft að standa hér nokkur deila, að það eru ekki frambærileg rök tli fyrir því, að það hafi verið nauðsynlegt að leggja nú á þennan nýja skatt, jafnvel þó að svipaður stuðningur yrði veittur framleiðsluatvinnuvegunum í landinu og gert er ráð fyrir með þessu frv. Það eru auðvitað aðrar ástæður, sem liggja til þess, en bein tekjuþörf ríkisins. Það eru aðrar ástæður, sem liggja til þess, að ríkisstj. hefur valið þessa leið.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði, þegar hann talaði fyrir þessu frv. í dag, að frv. væri flutt vegna loforða, sem ríkisstj. hefði gefið, til þess að takast mætti að leysa vinnudeilurnar í desembermánuði s. l. Hann sagði, að sá skattur, sem hér væri um að ræða, væri því bein afleiðing af kauphækkununum í des. s. l. Og hæstv. forsrh. bætti við, að hann teldi, að það væri æskilegt, — ég skrifaði þetta upp eftir honum, — að það væri æskilegt, að áhrifin af kauphækkunum fengju lýst sér, eins og hann sagði, í framkvæmd, og það væri ekki verið að draga yfir þau á neinn hátt, svo að mönnum lærðist af reynslunni. Það er vitanlega ekkert um að villast, hvað vakir fyrir hæstv. forsrh. með því að haga orðum sínum á þessa lund. Hann telur, að það sé aðeins æskilegt, að launþegar í landinu og landsmenn almennt fái að kenna á því, hvað það kostar að hækka kaupið í landinu. Það kostar nýjan skatt, það kostar hækkandi verðlag á öllum sviðum. Menn skulu læra af þessari reynslu og hætta því að reyna að breyta kaupinu til hækkunar fyrir vinnandi fólk.

Í þessum efnum talaði hæstv. forsrh. um, að ríkisstj. hefði í undirbúningi aðrar og frekari till. til lausnar á efnahagsvandamálunum, en

svigrúm þyrfti að skapast, tími að gefast til að athuga það, hvaða leiðir væru beztar í þessum efnum. En sem sagt, á meðan er verið að athuga um nýjar leiðir, telur hann æskilegt að leggja á nýjan skatt, standa fyrir því, að verðlagið í landinu hækki á nýjan leik, til þess m. a. að launþegar í landinu læri af reynslunni og fari ekki út í nýjar kaupkröfur.

Ég efast ekkert um það, að ríkisstj. mun eins og jafnan áður leggja sig alla fram um að reyna að sannfæra almenning í landinu um, að hækkandi verðlag, aukin dýrtíð, auknir skattar séu afleiðingar af hækkandi kaupi. Hún mun sjá til þess, að hamrað verður á þessu dag eftir dag og viku eftir viku, eflaust í von um það, að henni muni takast að fá launþega í landinu til að una við sitt lága kaup eða sinn litla kaupmátt. En ég hélt satt að segja, að hæstv. ríkisstj. væri búin að halda uppi þessum leik nægilega lengi, hún væri búin að reyna þetta nægilega mikið, til þess að hún væri búin að læra, að þessi leikur heppnast ekki. Launþegar í landinu hafa gert sér fulla grein fyrir því, að t. d. skattlagning eins og sú, sem er ráðgerð í þessu frv., er ekki nauðsynleg vegna kauphækkana, sem fram fóru í desembermánuði s. l. Það eru aðrar hvatir, sem til þess liggja, að lagt er nú til að fara út í þessa nýju skattlagningu. Það voru aðrar leiðir færar í þessum efnum, sem bent hefur verið á, en ríkisstj. vildi ekki fara, því að hún vildi fara aðra leið.

Þetta frv. sýnir að mínum dómi á mjög áberandi hátt afstöðu hæstv. ríkisstj. til efnahagsvandamálanna. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því að styrkja fiskkaupendur í landinu nokkuð og togaraeigendur einnig nokkuð, en hins vegar bólar ekki á í þessu frv., að gerðar séu ráðstafanir til þess, að aðrir aðilar, sem eiga í efnahagserfiðleikum og starfa við sjávarútveginn, fái nokkra úrlausn. Það bólar ekki á neinum till. um það, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að hægt verði að bæta kjör togarasjómanna. Ríkisstj. veit þó mætavel, að togarasjómenn hafa sagt upp launakjörum sínum fyrir alllöngu og gera kröfur um allverulegar kauphækkanir. Hún veit einnig, að það eru engar líkur til þess, að hægt verði að fá sjómenn á togaraflotann upp á þau kjör, sem sjómennirnir hafa búið við að undanförnu. Hún veit, að það dugir ekki að afhenda togaraeigendum nokkra milljónatugi í styrki, ef ekki fást sjómenn á skipin. En hún gerir þrátt fyrir það enga tilraun til þess að leysa vanda þessara aðila, sem líka eiga sín efnahagsvandamál.

Sama er að segja um sjómennina á bátaflotanum og vélbátaútvegsmenn. Ríkisstj. vissi mætavel um það, að þessir aðilar höfðu við sín efnahagsmál að stríða ekki síður en fiskkaupendur. Það er vitanlega með öllu gagnslaust fyrir ríkisstj. að afsaka sig með því, að þetta hafi ekki legið skýrt fyrir um það leyti, sem hún var að semja þetta frv. Hún veit það mætavel, að það var haft náið samband við hana um það leyti, sem verið var að athuga öll gögn varðandi ákvörðun á fiskverði. Hún átti að fylgjast með því og hefur enda gert það, hvernig afkomumöguleikar bátaútvegsmanna voru og hvernig kjörum bátasjómanna var háttað. En till. ríkisstj. eru um það að bæta nokkuð hag fiskkaupenda, en hún lokar málinu á þá lund, að fyrir útgerðarmenn vélbátanna í landinu sé ekki hægt að gera neitt og fyrir sjómenn á fiskibátunum sé ekki heldur hægt að gera neitt. Það er sem sagt gamla sagan, ef ýmsir atvinnurekendur eða fulltrúar milliliða leita til ríkisstj., þá er hugsanlegt, að hún geti rétt að þeim einhvern styrk eða einhvern aukinn hagnað, en ef í hlut eiga verkamenn, sjómenn eða bændur, er ekki hægt neitt að gera. Þá þýðir kauphækkun þeim til handa það, að efnahagskerfið er allt að ganga úr skorðum. Þá verður að grípa til gengislækkunar eða einhverra annarra ógnarlegra ráðstafana, því að efnahagskerfið þolir ekki slíkt. Þegar fulltrúar kaupmanna á undanförnum árum hafa leitað til ríkisstj. og óskað eftir því að fá að hækka álagningu á vörum, hefur hún orðið við slíkum beiðnum í mörgum tilfellum. Þegar fulltrúar iðnrekenda í landinu hafa farið fram á að mega hækka álagningu á sinni framleiðslu, hefur hún einnig samþykkt það, og í ýmsum tilfellum hefur hún veitt þessum aðilum sjálfdæmi um álagningu. Og þegar eitt af auðugustu félögum landsins, Eimskipafélagið, fór fram á það á s. l. sumri að mega hækka öll flutningsgjöld, þá lét ríkisstj. fulltrúa sína í verðlagsnefnd samþykkja það, að Eimskipafélagið mætti ákveða flutningsgjöldin eins og því sýndist. Og auðvitað hækkuðu flutningsgjöldin í landinu, að því er nú er talið frá 26 og upp í 60% frá því, sem verið hafði. Sem sagt, þegar þessir aðilar hafa leitað til ríkisstj., þá hefur vitanlega orðið með einhverjum hætti, eins og hefur verið sagt, að verða við óskum þeirra, því að þörfin þar var brýn, en hafi hins vegar verið um að ræða að leiðrétta kjör verkafólks og annars vinnandi fólks í landinu, kjör sjómanna og annarra slíkra, hefur verið um andstöðu ríkisstj. að ræða. Það er því eftirtektarvert nú, þegar verið er að fjalla um efnahagsvandamál sjávarútvegsins og sérstakar ráðstafanir til að reyna að tryggja rekstur framleiðslunnar á þessu ári, að þá tekur hæstv. ríkisstj. þannig á málinu. Hún vill leggja á landsmenn nýjan skatt, til þess að hægt sé að veita fiskkaupendum í landinu nokkrar hagsbætur frá því, sem áður var, og hún getur hugsað sér að leggja á landsmenn almennan skatt, til þess að hægt sé að styrkja togaraeigendur, en hins vegar getur hún ekki hugsað sér, að gerðar verði neinar ráðstafanir til að hækka kaup sjómanna á fiskiskipaflotanum, hvorki togarasjómanna né bátasjómanna, og ekki heldur, að hægt sé að bæta hag bátaútvegsmanna.

Fiskverð það, sem nú er í gildi, var ákveðið í desembermánuði árið 1962. Það hefur því stað-

ið óbreytt allt árið 1963. Fiskverðið ákveður í rauninni alveg launakjör bátasjómanna. Þeir hafa því, bátasjómenn, sem stunda þorskveiðar, búið við óbreytt launakjör allt árið 1963. Og nú er nýlega búið að kveða upp dóm um það, að fiskverðið skuli vera óbreytt einnig fyrir yfirstandandi vertíð. Þetta þýðir það, að með þessu er ráðgert, að sjómenn á bátaflotanum eigi að búa við óbreytt kaupgjald, á sama tíma sem flestar starfsgreinar hafa fengið mjög verulegar kauphækkanir og á sama tíma sem verðlag allt í landinu hefur stórhækkað.

Þegar fiskverðið var ákveðið í desembermánuði 1962, það fiskverð, sem nú er í gildi, þá var vísitala matvörukostnaðar talin 146 stig, en nú er þessi sama vísitala talin 180 stig, eða m. ö. o. hefur hækkað um 34 stig á einu ári. Það sjá því vitanlega allir, að kaupmáttur launa sjómanna, sem stunda þorskveiðar á bátaflotanum, hefur farið stórum minnkandi á þessu tímabili, og það eru vitanlega engar líkur til þess, að sjómenn á bátaflotanum uni því að vinna áfram við óbreytt kaupgjald.

Svipað þessu má segja um aðstöðu vélbátaútgerðarmanna. Rekstrarkostnaður bátanna hefur á þessum tíma hækkað mjög verulega í mörgum greinum. Óbreytt fiskverð þýðir því það nú á komandi vetrarvertíð, að afkoma bátanna verður stórum lakari en hún var á síðustu vertíð. Vitanlega getur hæstv. ríkisstj. ekki gengið fram hjá efnahagsvandamálum eins og þessum, þegar hún þykist vera að leysa efnahagsvandamál sjávarútvegsins. Það er vitanlega alveg óhjákvæmilegt, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að hægt verði að hækka fiskverðið, þannig að launakjör þeirra, sem að fiskveiðunum vinna, hækki a. m. k. í hlutfalli við það, sem launakjör annarra vinnandi stétta hafa hækkað á þessu ári.

Ríkisstj. hlýtur að hafa áttað sig á því, að þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, gerir auðvitað ráð fyrir því, að sjómennirnir á vélbátaflotanum og sjómennirnir á togurunum eigi einnig að taka sinn þátt í því að borga skatt, sem hér á að leggja á, þrátt fyrir það að launakjör þeirra eigi að standa óbreytt. Slíkt sem þetta er vitanlega ekki framkvæmanlegt. Sjáandi þetta hefði ríkisstj. aldrei átt að leggja fram þetta frv., fyrr en hún var búin að finna einhverja lausn á þessum vanda.

Ég veit, að þeir menn eru til, sem halda, að það saki ekki mjög mikið, þó að fiskverð til sjómanna standi óbreytt frá því, sem það var ákveðið fyrir meira en ári, vegna þess að sjómenn hafi haft svo mikið og gott kaup á síldveiðunum, að þeir þoli að búa við óbreytt kaupgjald allan þennan tíma fyrir störf sín á þorskveiðunum. En hér er vitanlega um að ræða grundvallarmisskilning þeirra, sem þannig hugsa. Það eru auðvitað fæstir þeirra, sem stunda þorskveiðar að vetrarlagi eða þorskveiðar yfir sumar- og haustmánuði, sem geta stundað einnig veiðar á síldveiðiflotanum. Hér er því að verulegu leyti um aðra starfsmenn að ræða. Nokkrir þeirra eru auðvitað jöfnum höndum á sumarsíldveiðum og á þorskveiðum yfir veturinn, en mikill meiri hlutinn getur ekki stundað hvort tveggja. Auk þess er svo það að athuga, að því fer alls fjarri, að allir þeir, sem stunda síldveiðar yfir sumarið, komi með mikið kaup frá borði. Á síldveiðunum s. l. sumar kom fjöldi sjómanna til baka með kaup aðeins samkv. lágmarkskauptryggingu. Þeirra kaup var því sáralítið, þegar frá var dreginn beinn útlagður kostnaður. Það liggur nú einnig fyrir, að aflinn á s. l. sumri gekk svo misjafnt yfir síldveiðiskipin, að þau síldveiðiskip, sem eru undir 100 rúmlestum að stærð, fiskuðu ekki meir en svo, að þau urðu bótaskyld úr aflatryggingasjóði. Þar var talað um aflaleysi. Hlutur þeirra skipverja, sem á þessum skipum voru, var vitanlega ekki mikill, en það er rétt, að á beztu aflaskipunum hefur vitanlega verið um allríflega hluti að ræða.

Síldveiðarnar eru vissulega þýðingarmiklar fyrir okkur, en þó er það svo, að þorskveiðarnar gefa í þjóðarbúið miklum mun stærri fjárhæð en síldveiðarnar. Það má því ekki halda þannig á málunum, að sjómenn hætti að vilja stunda þorskveiðarnar, að þeir verði að flýja frá slíkum störfum, vegna þess að þau séu vanborguð. Slíkt yrði vitanlega til þess, að það drægi stórlega úr útgerð landsmanna, og afleiðingarnar yrðu minnkandi þjóðartekjur og stórum minnkandi gjaldeyrisframleiðsla. Ástandið í þessum efnum er mjög alvarlegt nú í dag. Sjómenn í verstöðvunum allt í kringum landið mótmæla því, að fiskverðið verði ákveðið jafnhátt og það var á s. l. ári. Þeir telja, að fiskverðið verði að hækka allverulega. Ýmsir þeirra eru þegar farnir að segja upp plássum sínum og leita eftir vinnu í öðrum störfum. Útvegsmenn eru sjálfir að bindast samtökum um það núna að stöðva reksturinn, ef ekki verður breyting gerð á í þessum efnum. Ríkisstj. má því gera sér fulla grein fyrir því, að hún getur ekki vikið sér undan þessu vandamáli. Það, sem væri eðlilegt að gera af hálfu ríkisstj. í þessum efnum, væri að láta þetta frv. eins og það er bíða, þangað til ríkisstj. hefur komið með till. um, hvernig eigi að leysa hinn hluta vandans, því að verði hann ekki leystur, þá kemur þessi lausn að engu gagni. Þessi atriði verða ekki slitin í sundur. Ákvörðun um ákveðinn stuðning við fiskkaupendur í landinu verður að vera í sambandi við ákvörðun um það, hvernig á að fara með kjör bátaútvegsmanna og hvernig á að fara með kjör bátasjómanna og einnig togarasjómanna.

Ég vil leggja á það ríka áherzlu í þessum efnum, að við þm. Alþb. mótmælum harðlega þeirri ákvörðun, að fiskverð eigi að vera óbreytt frá því, sem það hefur verið í rúmt ár. Við gerum kröfur til þess, að ríkisstj. skerist í þetta mál og geri ráðstafanir til þess, að fiskverðið verði hækkað, svo að launakjör sjómanna geti breytzt eins og annarra starfsstétta í landinu, og við vörum alvarlega við þeirri hættu, sem hlýtur að leiða af því, ef fiskverðinu verður haldið niðri og fiskimönnum neitað um sambærileg kjör við aðra.

Um það er ekki að villast, að það er all-

mikill vandi, sem liggur fyrir að leysa, m. a. í okkar sjávarútvegsmálum. Vandi togaraútgerðarinnar er mikill, eins og hér hefur verið lýst, og það er hart, að það skuli vera svo komið, að gera verður ráð fyrir því, að styrkja þurfi hvern togara að meðaltali með framlagi, sem nemur um 3 millj. kr. á ári, en skv. þeim till., sem hér liggja fyrir, er raunverulega gert ráð fyrir því, að komið verði yfir til togaraútgerðarinnar með einum eða öðrum hætti um 100 millj. kr. á þessu ári í beinum eða óbeinum framlögum.

Hæstv. sjútvmrh. ræddi hér allmikið um vandamál togaraútgerðarinnar og gaf hér ýmsar upplýsingar um sérstaka athugun, sem fram hefur farið á rekstrarafkomu togaranna undanfarin ár. Hann virðist hallast að þeirri skoðun, sem fram kemur hjá þeirri n., sem athugað hefur um rekstur togaranna, að það væru einkum tvö atriði, sem væru þess valdandi, að hagur togaraútgerðarinnar væri svona bágur. Í fyrsta lagi væri um það að ræða, að íslenzkir togarar hefðu orðið fyrir miklu aflatjóni við stækkun landhelginnar, og hæstv. sjútvmrh. sagði, að fram hefði farið athugun á því og áætlað hefði verið, að hver togari hefði tapað að meðaltali í fiskveiðum vegna útfærslu landhelginnar í kringum 600 tonna veiði á ári. Hin önnur ástæðan, sem fram var færð fyrir þessari bágu afkomu, var sú, að vinnufyrirkomulagið um borð í skipunum væri orðið svo ófullkomið, að íslenzk togaraútgerð væri í rauninni ekki samkeppnisfær við erlenda togaraútgerð. Og það var ekki hægt að heyra annað á orðum hæstv. sjútvmrh. en hann aðhylltist það helzt að fá fram breytingar á þessu vinnufyrirkomulagi um borð í togurunum og á þann hátt mætti kannske spara útgerðinni í rekstrarkostnaði í kringum 1 millj. kr. á skip á ári.

Það er nú ekki tími til þess að fara út í rekstrarmál togaranna hér í löngu máli, og ég skal ekki gera það, en vildi þó aðeins segja það sem mitt álit, að ég álít, að bæði í þeirri skýrslu, sem ég hef fengið að sjá og gerð var af þriggja manna n., sem athugaði um rekstrarafkomu togaranna, og eins af því, sem fram kom hér í ræðu hæstv. sjútvmrh., þá er ég fjarri því að vera þeim sammála um það, í hverju vandamál togaranna séu fyrst og fremst fólgin, eins og nú er komið málum, eða að þær leiðir mundu leysa vandann, sem þar er bent á. Ég held hins vegar, að það sé orðið mjög aðkallandi mál að taka vandamál togaraútgerðarinnar föstum tökum, því að það er vitanlega engin lausn á þessum vanda að halda áfram ár eftir ár að láta af hendi fé með þeim hætti, sem nú hefur verið gert, til þessa rekstrar, án þess að sjáanlegar séu nokkrar grundvallarbreytingar á rekstrinum. Íslenzk togaraútgerð er tvímælalaust að mínum dómi orðin aftur úr í ýmsum efnum, skipin eru orðin allt of gömul flest, og útbúnaði þeirra er mjög áfátt. Ég hygg, að það mundi engum manni detta í hug að láta gera skipin að nýju í því formi, sem þau eru í. Flest þessi skip eru gufuskip, og það hefur sýnt sig, að rekstur þeirra er á allan hátt miklum mun dýrari og óhentugri en ef um dísilskip væri að ræða. Það er heldur enginn vafi á því, að veiðarfærabúnaði íslenzkra togara er orðið mjög áfátt. Hann stendur orðið langt að baki annarri togaraútgerð víða í heiminum. En það liggja eflaust margar ástæður til þess, að það hefur sótzt frekar hægt að fá fram breytingar í íslenzkri togaraútgerð. Það verður að játa það eins og það er, að togaraeigendur hafa allajafna verið fádæmlega íhaldssamir menn á allar breytingar. Þegar núverandi togarar voru keyptir á sínum tíma og voru þá virkilega fyrsta flokks skip, þá voru íslenzkir togaraútgerðarmenn mjög á móti kaupum skipanna, og svo til allir togaraútgerðarmennirnir, sem þá voru í landinu, neituðu með öllu að vilja kaupa dísilskip. Flestir þeirra voru þá beinlínis á þeirri skoðun, að það yrði að kaupa áfram kolakynta togara, eins og við höfðum búið við áður. Ég er ekki í neinum vafa um það, að enn er ríkjandi í þessum efnum of mikil íhaldssemi. En eina afsökun hafa togaraútgerðarmenn sér verulega til hagsbóta, en hún er sú, að efnahagurinn hefur verið mjög þröngur nú í mörg ár og geta þeirra hefur ekki verið rétt mikil til þess að framkvæma meiri háttar breytingar. Og það kemur að því, að ríkisvaldið verður að styðja íslenzka togaraútgerðarmenn eða þá, sem vilja hafa með togaraútgerðarrekstur að gera, verður að styrkja þá og styðja til þess að koma fram beinum stofnbreytingum á togaraútgerðinni.

Og svo má ekki gleyma hinu, að þróunin hefur verið sú á undanförnum árum, að togaraútgerðin hefur verið að dragast meira og meira aftur úr annarri útgerð í landinu með möguleika til þess að fá góða sjómenn. Launakjörin á togurunum hafa engan veginn verið samkeppnisfær við launakjör á öðrum íslenzkum fiskiskipum. Í dag er það hin brýnasta nauðsyn fyrir íslenzkan togaraflota, að hægt sé að hækka laun sjómannanna þar til mikilla muna frá því, sem verið hefur, af því að það, sem útgerðinni er einna nauðsynlegast, er einmitt að geta fengið úrvalssjómenn.

Sú skýring, að íslenzkir togarar hafi tapað mjög mikilli veiði við útfærslu landhelginnar, ég held, að allt of mikið sé gert úr því. Það er að vísu rétt, að þegar togurunum er haldið þannig úti, að miðað er fyrst og fremst við það að veiða fyrir erlendan ísfiskmarkað, þá sækja togararnir allajafna á grunnmið, og í þeim tilfellum munar vitanlega nokkuð um ýmis svæði, sem nú eru innan fiskveiðimarkanna, en voru fyrir utan áður. En áður en þessir erfiðleikar komu til hjá togaraútgerðinni, stunduðu íslenzkir togarar ekki fyrst og fremst veiðar fyrir erlendan ísfisksmarkað um margra ára skeið. Þá fengu þeir yfirgnæfandi meiri hluta af sínum afla á djúpmiðum við Ísland eða fjarlægum miðum. En til þess hafa verið ýmsar ástæður nú, að íslenzku togararnir hafa ekki einu sinni getað sótt á fjarlæg mið til jafns við togara frá öðrum þjóðum. Til þess liggja ýmsar ástæður.

Ég vil því í sambandi við vandamál togar-

anna, sem hér hafa nokkuð verið rædd, segja, að það er að vísu sjálfsagt að hlaupa nokkuð undir bagga með togaraútgerðinni, eins og gert hefur verið. En það er kominn tími til þess, að vandamál togaranna verði tekin öðrum tökum en þau hafa verið tekin til þessa. Það er orðin brýn nauðsyn á því, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að hægt sé að breyta rekstri íslenzkra togara til verulegra muna frá því, sem verið hefur.

Sú leið, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið til tekjuöflunar í sambandi við þessar efnahagsmálaráðstafanir, er þessi: að hækka söluskattinn úr 3% upp í 5%. Ef miðað er við þá áætlun, sem lögð er til grundvallar í fjárl., ætti 2% hækkun á söluskattinum að nema á heilu ári 236 millj. kr., og ég held, að það sé enginn vafi á því, að tekjurnar af söluskattinum voru áætlaðar mjög varlega við afgreiðslu fjárl. Ég hygg því, að allar líkur bendi til þess, að 2% söluskattur muni í reyndinni gefa í tekjur 240—260 millj. kr. miðað við heilt ár. Og þó að þessi skattur, sem nú er á lagður, standi aðeins í 11 mánuði á þessu ári, af því að hann tekur ekki gildi fyrr en 1. febr., þá er vitanlega hér um að ræða skattaálagningu, sem verður að metast við heilt ár, og sú skattaálagning mundi þá nema, eins og ég sagði, 240—260 millj. kr.

Ég tel, að þessi skattlagningarleið, sem hér er valin og ríkisstj. telur þá hagkvæmustu, sé einmitt sérstaklega óhagstæð. Það fer ekkert á milli mála, að það er enginn vafi á því, að sá söluskattur, sem er lagður á alla vörusölu í landinu og þjónustu, kemur aldrei allur til skila til ríkisins. Á það hefur oft verið bent hér í umr. á Alþingi, að mjög muni skorta á það, að framtöl ýmissa fyrirtækja í landinu og ýmissa einstaklinga séu rétt. Ég man ekki betur en það hafi verið hæstv. viðskmrh., sem sagði hér í umr. einu sinni um þetta mál, að hann teldi, að undan mundi vera skotið tekjum á þennan hátt, sem næmu á milli 500 og 600 millj. kr. á hverju ári. En þetta er vitanlega gert á þann hátt, að framtöl, t. d. verzlunarfyrirtækja og ýmiss konar annarra fyrirtækja, eru ekki rétt, umsetningin er ekki talin réttilega fram. En á hinu leikur hins vegar enginn vafi, að allir þeir, sem heimild hafa til þess að hækka vöruverðið eða þjónustuna sem nemur söluskattinum, þeir hækka útsöluverðið hjá sér sem þessu nemur. Verðlagið í landinu hækkar fyllilega um þessi 5%, sem söluskatturinn á að verða, á því er enginn vafi. En hitt vitum við, að þessi söluskattur kemur ekki allur til skila. Þeir aðilar, sem eiga að innheimta skattinn fyrir ríkið, eru mjög margir, og þeir hafa sumir hverjir aðstöðu til að skjóta þessum skatti undan. Ég man eftir því, að fyrir nokkrum árum voru hér lög í gildi um tvenns konar söluskatt. Annars vegar var um að ræða söluskatt af innflutningi, en sá söluskattur var lagður á í tolli á flestallar innfluttar vörur. Hinn söluskatturinn var lagður á smásöluverzlun og á þjónustu innanlands. Það virtist vera samkomulag manna úr öllum flokkum hér fyrir nokkrum árum að afnema með öllu söluskattinn í smásölu og þjónustu innanlands, vegna þess að það viðurkenndu í rauninni allir, að þessi skattur væri að vísu á lagður, en hann kæmi aldrei allur til skila. En nú virðist hæstv. ríkisstj. hafa tekið sérstakt ástfóstur við þennan skatt, að leggja á þennan söluskatt, sem hún veit að svona er farið með, að þegar t. d. koma til skila af þessum skatti 210 millj. kr., eru allar líkur til þess, að lagðar hafi verið á almenning í landinu 250—260 millj. kr. Þetta er því mesta vandræðaskattlagningarleið, þó að ýmsir þeir, sem eiga að innheimta þennan skatt, séu ekki mikið á móti honum og það hafi jafnvel heyrzt gamansögur um það, að sumir þeirra hafi sagt: Hvers vegna fáum við ekki líka söluskatt á þetta? — ef einhver sérstök vara hefur átt að vera undanþegin. Viðkomandi menn höfðu beinan áhuga á því að fá að leggja söluskattinn á, af því að þeir töldu hann sér heldur til tekjudrýginda. Þessi skattur er að öllu leyti rangur, auk þess sem engin þörf var á því að leggja þennan skatt á landsmenn, eins og ég hef sagt hér áður. Ég tel, að hægt hefði verið að afla þeirra tekna, sem hér um ræðir, eftir öðrum leiðum, án þess að þurfa að hækka verðlagið í landinu jafnmikið og raun mun verða á samkv. þessum skatti.

En hvað er það í raun og veru, sem veldur öllum þessum efnahagsvanda, sem alltaf er hér við að glíma? Á það hefur verið bent í þessum umr., að meginorsökin er sú, að efnahagsmálastefna ríkisstj. á undanförnum árum hefur verið röng. Efnahagsmálastefna ríkisstj. hefur leitt af sér vaxandi dýrtíð í landinu, sem hefur síðan kallað á kauphækkanir, og auðvitað hafa þær kauphækkanir svo aftur leitt af sér verðhækkanir. Hér er vitanlega um keðjuverkun að ræða, um það er ekki deilt, en um hitt er deilt, hver var orsökin til þess, að skriðan féll. Það ætti þó í rauninni ekki að þurfa að deila um þetta, vegna þess að svo augljós dæmi eru til því til sönnunar, að það var ríkisstj., sem setti dýrtíðarskriðuna af stað, það voru núverandi stjórnarflokkar, sem það gerðu.

Um það er ekki hægt að deila, að launþegar í landinu bjuggu við óbreytt kaupgjald framan af stjórnarferli núverandi stjórnarflokka í 2½ ár. Allt árið 1959, allt árið 1960 og hálft árið 1961 bjuggu launþegar í landinu við óbreytt kaupgjald, en á þessu tímabili hækkaði verðlag í landinu verulega. Og þegar fyrsta kauphækkunin í tíð viðreisnarinnar var samþykkt í júnímánuði 1961, nam sú kauphækkun ekki nándar nærri því að vega upp á móti þeirri verðlagshækkun, sem þá var orðin. Og þannig hefur þetta verið síðan, að þær kauphækkanir, sem hafa verið gerðar, voru rétt aðeins til þess að hamla nokkuð upp á móti vaxandi dýrtíð.

Það er því ekkert um að villast, að það eru efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj., sem hafa

leitt til hækkandi verðlags í landinu. Það er líka alveg augljóst mál, að ríkisstj. hefur verið alveg óspar á að heimila verðlagshækkanir. Hún hefur ekki þurft að samþykkja ýmsar þær verðhækkanir, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, vegna þess að um kaphækkanir hafi verið að ræða. En hún hefur samþykkt þessar verðhækkanir, þegar í hlut hafa átt þeir, sem hún hefur talið að mættu gjarnan græða. Það er vitanlega sú stefna ríkisstj. að hækka vexti stórkostlega, að heimila frjálsa álagningu í mörgum tilfellum og hækkaða álagningu í öðrum, — það er sú stefna ríkisstj., sem hefur komið fram í því að stórauka álögur æ ofan í æ, m. a. með nýjum sölusköttum, — það er þessi stefna, sem hefur leitt til hækkandi verðlags, aukinnar dýrtíðar og kallað á kauphækkanir. Og ríkisstj. er sem sagt enn við sama heygarðshornið í þessum efnum. Enn þá mætir hún vandamálunum á þann hátt, að hún leggur til, að álögur verði auknar, verðlag í landinu verði hækkað, þó að hún viti mætavel, hverjar verða afleiðingarnar af slíku, og þó að hún verði að viðurkenna, að það voru aðrar leiðir til út úr vandanum.

Afstaða okkar Alþb.-manna til þessa frv. er sú, að við erum á móti meginefni frv., sem fjallar um nýjar álögur. Við teljum, að þá leið eigi ekki að fara. Og við erum alveg sérstaklega á móti því, að söluskatturinn verði hækkaður. Við álítum, að afkoma ríkissjóðs sé með þeim hætti, að ríkissjóður geti staðið undir þeim útgjöldum, sem honum raunverulega tilheyra, og það þurfi ekki að fara að leggja á nýjan skatt af þeim ástæðum. Og við teljum, að það megi veita atvinnuvegum landsins þann stuðning, sem þeir þurfa, eftir öðrum leiðum og hagkvæmari leiðum og meira í samræmi við það, sem útvegsmenn hafa sjálfir gert till. um, heldur en samkv. þeim leiðum, sem felast í þessu frv.

Að lokum langar mig svo til þess að beina hér nokkrum fsp. til hæstv. ríkisstj. til þess að fá nokkru frekari vitneskju um það, hvað fyrir ríkisstj. vakir með vissum ákvæðum í þessu frv.

Í 1. gr. frv. er tekið fram, að stofnlánadeild sjávarútvegsins skuli úthluta þeim 43 millj. kr., sem þar er rætt um, til frystihúsanna í landinu, til þess að þau geti komið á hjá sér framleiðniaukningu, eins og sagt er í þessari grein. Og sagt er, að í þessum efnum skuli stofnlánadeild sjávarútvegsins hafa samráð við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands um skiptingu á þessu fé milli frystihúsaeigenda og farið skuli eftir reglum, sem sjútvmrh. setur. Nú vildi ég spyrja hæstv. sjútvmrh.: Hvernig eru þessar reglur hugsaðar í aðalatriðum? Hér er um það að ræða að skipta á milli líklega 75—80 frystihúsa í landinu 43 millj. kr., og einhverja hugmynd býst ég við að hæstv. sjútvmrh. hafi gert sér um það, hvernig þessi skipting ætti að fara fram.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst fremur einkennilegt að fara að fela seðlabankastjórninni að ákveða úthlutunina á þessu fé. Ég hef satt að segja ekki trú á því, að þeir ágætu menn, sem þar sitja, beri ýkja mikið skynbragð á þessi mál eða séu öðrum fremri til þess að kunna að stjórna því með eðlilegum hætti, hvernig ætti að skipta þessu fé. En hvaða reglur eru hugsaðar í þessum efnum? Á að skipta þessu fé milli húsanna að einhverju leyti í hlutfalli við framleiðslu þeirra eða í hlutfalli við framleiðslugetu þeirra? Á að skipta því á milli húsanna að einhverju leyti með tilliti til efnahags, þannig að þeir fái heldur drýgri hluta af þessu fé, sem eru verr stæðir? Eða hvaða reglur eiga að gilda um skiptingu á þessu fé? Það er vægast sagt mjög óeðlilegt að setja hér lög um skiptingu á fé á þennan hátt, án þess að gerð sé grein fyrir því, hvernig fénu á að skipta í aðalatriðum.

Í 2. gr. frv. er þess getið í sambandi við styrk til togaraútgerðarinnar, að það skilyrði skuli sett fyrir styrknum, að togaraeigendur hafi gert skil við ríkisábyrgðasjóð með vanskil sín við sjóðinn á greiðslu afborgana og vaxta. En væri nú ekki ástæða til þess einnig, að þau skilyrði yrðu sett í sambandi við styrkinn til togaraútgerðarinnar, að samningar tækjust einnig við sjómenn á togaraflotanum um launakjör þeirra? Eða á kannske að fara hér eitthvað svipað að og raunverulega gerðist á árinu 1962, þegar togararnir lágu mánuðum saman, að þeir fái raunverulegan styrk út á það að liggja, því að það var það, sem þá gerðist raunverulega? Ég álít, að hið eðlilega væri, að styrkveitingin til togaranna væri bundin einnig því skilyrði, að samkomulag tækist við togarasjómenn um kjör þeirra á skipunum, því að styrkurinn væri sem sagt greiddur til þess að tryggja rekstur skipanna.

Um 5. gr., sem fjallar um söluskattinn, vildi ég mega beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort hann telji ekki vera tök á því, að settar séu einhverjar nýjar reglur og þær tilkynntar eða opinberaðar, sem mættu verða til þess að tryggja það, að álagður söluskattur komi allur til skila. Ég man, að á það var minnzt á sínum tíma, að það mætti t. d. birta opinberlega, hvað hinir einstöku aðilar hefðu skilað miklum söluskatti. Ég veit, að í mörgum byggðarlögum landsins væri mjög fróðlegt fyrir menn að fá að sjá, hvað t. d. einstaka fyrirtæki eða kaupmenn hefðu skilað miklum söluskatti, hvað veltan hjá þeim hefði verið mikil. Það væri þá hægt kannske að gera þar nokkurn samanburð á miðað við opinber fyrirtæki, sem þar hafa rekstur og maður veit að verða að segja nokkurn veginn rétt til um sína veltu. Væri þetta ekki hægt? Væri ekki hægt að setja þarna einhverjar reglur, sem gætu orðið til þess að tryggja það, að söluskatturinn kæmi betur til skila? Og væri ekki einnig hægt, þar sem um svona miklar fjárhæðir er að ræða, að hér verður um að ræða 5% söluskatt, sem mun nema nærri 600 millj. kr. á hverju ári, — væri ekki ástæða til þess, að látin yrði fram fara sérstök bókhaldsathugun, bein bókhalds-

athugun hjá mörgum fyrirtækjum í landinu, þeim að óvöru til þess að kanna það, hvernig ástatt er með bókhaldið, m. a. varðandi þessa ríkissjóðsinnheimtu, sem þarna fer fram? Gæti nú ekki hæstv. fjmrh. hugsað sér, að slíkar ráðstafanir sem þessar yrðu gerðar?

Í bráðabirgðaákvæðum þessa frv. er minnzt á rekstur aflatryggingasjóðs, einkum varðandi styrkgreiðslur til togaranna. Nú langar mig að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvmrh.: Hvernig er nú ástatt um fjárhag aflatryggingasjóðs, og þá með sérstöku tilliti til þeirra greiðslna, sem á undanförnum árum hafa átt sér stað úr sjóðnum til togaraútgerðarinnar í landinu, því að það er alveg augljóst mál, að togaradeildin í aflatryggingasjóði getur ekki hafa haft tekjur til þess að standa undir öllum þessum greiðslum? Hafa aðrar deildir aflatryggingasjóðs lánað fé til greiðslu til togaranna, og hvernig er þá þessum fjárhag varið nú? Hvernig stendur aflatryggingasjóður að vígi til að taka nú á sig stórar greiðslur, m. a. til togaraútgerðarinnar?

Þá vildi ég einnig beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvmrh., hvort hann telji ekki, að tími sé nú kominn til þess, að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að reyna að koma rekstrarmálum togaraútgerðarinnar í viðunandi horf til frambúðar. Eða hafa sérstakar ráðstafanir verið gerðar af ráðh. í þessa átt?

Í 6. gr. frv. fer ríkisstj. fram á að fá heimild til að mega draga úr framkvæmdum á vegum ríkissjóðs frá því, sem þau eru ráðgerð í fjárl., ef henni sýnist, að atvinnuástandið í landinu gefi tilefni til slíks. Nú vildi ég spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvort hún telji, eins og horfurnar eru nú, að ástæða sé til að búast við því, að gripið verði til þessarar heimildar. Telur hún ástandið í atvinnumálum landsins nú þannig, að rétt sé að draga úr framkvæmdum þeim, sem ráðgerðar hafa verið á fjárlögum? Eða vill hún eingöngu hafa þennan möguleika festan í lög, ef nýtt ástand kynni að skapast í atvinnumálum landsins, eða telur hún, að nú þegar sé ástandið þannig, að það gefi tilefni til þess að nota slíka heimild sem þessa?

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum nú að sinni, en vildi að lokum leggja sérstaka áherzlu á það, að ég tel, að ríkisstj. hefði átt að fresta um sinn afgreiðslu þessa máls, þar til hún treystir sér til að koma fram með tillögur til lausnar á öðrum vandamálum sjávarútvegsins, sem nú blasa við, og þá fyrst og fremst varðandi ákvörðun á fiskverði og ákvörðun um nauðsynlega kauphækkun til sjómanna, jafnt á togurum sem fiskibátum. Ég vildi sem sagt leggja það til, að ríkisstj. frestaði afgreiðslu þessa máls, þangað til hún treysti sér til að taka á hinum hluta vandamálsins.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er athyglisvert, að þeir hv. þm., sem síðast hafa talað, hreyfa út af fyrir sig ekki aths. við nauðsyn þeirra gjalda neinna, sem talin eru í frv. eða gerð er grein fyrir, að greiða eigi með þeim skatti, sem samkv. frv. ber að leggja á. Þvert á móti er svo að skilja sem þeir telji í sumum veigamiklum atriðum, að þar sé vantalið, ef svo má segja, að meiri framlög þurfi til aðstoðar atvinnuvegum heldur en frv. gerir ráð fyrir. Það lýsti sér glöggt í ræðum beggja hv. þm. Hins vegar eru þeir sammála um það, að óþarfi sé að leggja þennan skatt á, vegna þess að fjárins sé hægt að afla með öðrum hætti.

Hv. 5. þm. Austf. vildi í þessu sambandi gera upp á milli eiginlegra ríkisútgjalda og annarra útgjalda. Sannleikurinn er sá, að hér er um ríkisútgjöld að ræða í öllum tilfellum. Greiðslurnar verða inntar af hendi úr ríkissjóði og tekjurnar renna þangað. Og sá skilsmunur skiptir engu máli. En það er athyglisvert, að þó að hv. þm. báðir telji nú, að nægt fé sé fyrir hendi í ríkissjóði, svo að ekki þurfi að leggja á skatt í þessu skyni, eru þeir báðir fyrir nokkrum vikum búnir að samþykkja stóra skattalögu, þungbæra, í ákveðnu skyni, til vegaframkvæmda. Ef hv. þm. telja, að nægt fé sé í ríkissjóði og þess vegna geti ríkissjóður nú og hafi getað að undanförnu tekið á sig þungar byrðar án þess að fá til þess tekjur, af hverju hreyfðu þeir ekki þessu, þegar vegalagafrv. var til meðferðar? Ég minnist þvert á móti þess, að hv. 1. þm. Austf. taldi sér að því sérstaka sæmd, að hann hefði verið til kvaddur og hans flokkur og átt mikinn þátt að því að fá vegalagafrv. samþykkt ásamt þeirri skattalögu, sem í því frv. var fólgin og var eitt af aðalatriðum þess. Það er alveg ljóst, að hv. þm. játa það, þegar þeim sjálfum er nógu umhugað í raun og veru um að fá ný útgjöld ákveðin, að það verði ekki gert, nema tekna sé aflað til þeirra. Það var þessi raunverulegi áhugi, sem augljóslega hefur verið fyrir hendi varðandi vegaframkvæmdir, en er ekki fyrir hendi varðandi það efni, sem hér um ræðir. A. m. k. stendur algerlega upp á þessa hv. samþm. um að gera grein fyrir, af hverju þeir gera þennan skilsmun.

Með sama hætti er það óneitanlega nokkuð einkennilegt, þegar þeir fara að ræða um aðrar leiðir, sem séu til þess að hjálpa útveginum, og þá er á þeim báðum svo að skilja, að aflétting útflutningsgjaldsins væri þar eitt helzta úrræðið. Hv. 1. þm. Austf. segir, að það sé ranglátt að hafa slíkt útflutningsgjald á sjávarútveginum, kenndi því víst um, að það hefði verið komið í lög, áður en hann kom á þing. En honum hefði þá enzt tími til þess sem einum þeirra, sem lengst hafa hér setið, að fá þessu breytt, og svo mikil völd hefur hann stundum haft, að hann hefði átt að geta fengið þeirri ósk framgengt, ef þar væri ekki um alveg nýja uppgötvun að ræða. En sannleikurinn er sá, að það útflutningsgjald, sem hér er um að ræða og nú er að nokkru leyti verið að létta af, rennur að öllu leyti sjávarútveginum sjálfum til heilla, og það má að vísu segja, eins og ég gat um í ræðu minni í dag, að ekki væru neinar meginreglur brotnar, þó að nokkur hluti þess, sem eftir er, væri einnig tekinn á ríkis-

sjóð. En um hitt hygg ég, að allir hljóti að vera sammála, að mjög óeðlilegt væri, ef ríkissjóður ætti að taka að sér að greiða tryggingar allra skipanna, sem greitt er fyrir með útflutningsgjaldinu. Það væri ekki fyrirkomulag, sem neinum væri til heilla, allra síst til frambúðar. Í þessu er till. hv. 5. þm. Austf. óneitanlega skynsamlegri, en hann vill halda því fram, að þarna sé hægt að spara mikið fé með því að koma á öðru og hagkvæmara fyrirkomulagi á tryggingum. Það er löngu vitað, að athugun þeirra mála stendur yfir, en hitt er einnig vitað, að ef útvegsmenn gætu sjálfir bent á aðra hagkvæmari tryggingu og komið henni í heild betur fyrir en þeir nú gera, þá væri þeim það vissulega ekki láandi né mundu neinir sakna þess, þó að þeir vildu taka þær byrðar á sig og fá þessu útflutningsgjaldi um leið aflétt. En eftir því hafa þeir ekki óskað, væntanlega vegna þess, að þeir telja, að þegar á allt er litið, sé þó þessi skipan þeim hagkvæm.

Þeir tala enn um vextina, og ber þar nú nokkuð á milli óneitanlega, en aðalatriðið er þó, að hvorugur kemst fram hjá því, að létting á afurðavíxlavöxtum hefur sáralitla þýðingu í þessu sambandi. Tölurnar liggja fyrir, um þær tjáir ekki að þræta. Hv. 1. þm. Austf. vildi komast fram hjá þessu með því að segja, að það væru ekki bankavextir nema að litlu leyti, sem hér hefðu þýðingu. Mikill hluti fjármagns hér á landi væri lánaður út, að því er mér skildist, utan við bankana og það væru þeir vextir, sem úrslitum réðu í ótalmörgum samböndum. Að öðru leyti vildi hann mjög lítið gera úr þýðingu vaxtanna um áhrif á efnahagslífið. Ég hygg þó, að engum geti dulizt, að hækkaðir vextir hafa átt mjög ríkan þátt í aukningu sparifjár, og á þeim óvissutímum, sem við óneitanlega lifum, væri það til aukins óróa og óvissu, ef innlánsvextirnir væru lækkaðir. Þar er ótvírætt um augljós áhrif til góðs að ræða. Það er einnig augljóst, að á miklum þenslutímum, eins og báðir hv. þm. og alveg sérstaklega 1. þm. Austf. játaði að nú væru, mundi það ekki horfa til góðs eða til þeirrar aðgátar, sem við þarf að hafa, að lækka almennt útlánsvexti, þó að hitt liggi sem sagt til athugunar, eins og ég lýsti í dag, að lækka vexti á afurðalánunum.

En heldur hv. 1. þm. Austf., að það sé fyrst nú, sem verulegur hluti fjármagns fer utan við bankana? Og heldur hann virkilega, að vextir af því fé hafi áður fyrr, meðan lægri vextir voru, verið í nokkru samræmi við hina skráðu vexti? Hv. þm. hlýtur að muna það, hann var þá svo mjög ráðandi um fjármál landsins, að fyrir seinna stríðið voru hér opinberar lánsstofnanir, t. d. veðdeildin, sem lánaði út á hús. Menn fengu þar eingöngu verðbréf, og það þótti mikil mildi, ef bankinn sjálfur eða veðdeildin vildi kaupa bréfin aftur og keypti þau þá með stórum afföllum. Allur þorri manna varð hins vegar að sætta sig við að selja þessi verðbréf á mun lægra verði en jafnvel bankinn eða veðdeildin keypti þau á, og það mun þá hafa mjög verið tíðkað, að á almennum markaði fóru bréfin á kringum 60%. Nei, það er engin nýjung, að vextir í viðskiptum hér séu mjög háir og farið hafi verið fram hjá þeim hámarkstakmörkunum, sem áður fyrr voru settar. Þetta þekkjum við öll. Ég játa það með hv. þm., að það er ekki e. t. v. hin sama þýðing vaxta í okkar þjóðfélagi og í ýmsum öðrum, en það er þó augljóst og reynslan síðustu ár og raunar einnig áður fyrr hefur sannað, að vextir hafa vissulega mjög mikla þýðingu.

Þá vildi hv. 1. þm. Austf. gera lítið úr áhrifum kaupgjalds til þess að skapa þann vanda, sem við nú erum í. Og hv. 5. þm. Austf. hélt svipuðu fram öðru hvoru, en lenti þar illilega í mótsögn við sjálfan sig. Hann sagði berum orðum, að kaupgjald hækkaði og þar af kæmu aðrar hækkanir á eftir, sagði, að þetta vissum við öll. Hann var áður búinn að skamma mig fyrir, að ég hefði viljað, að þessi þróun kæmi í ljós, og taldi, að ég bæri frv. fram til þess að sýna þetta í verki. Eftir hans játningu þarf ekki einu sinni á þessu frv. að halda til þess að sanna það, vegna þess að þetta er lögmál, sem er svo löngu í ljós komið og öllum kunnugt, að það þarf ekki að bera fram þetta frv. til að sanna það. Þetta er sú reynsla, sem við höfum haft hér mörg undanfarin ár og áratugi, og það er algerlega rangt hjá hv. þm., að það hafi verið núv. stjórn, sem hafi hleypt þessari skriðu af stað, eins og hann sagði.

Þetta er þróun, sem er búin að eiga sér stað a. m. k. allt frá árinu 1937 og raunar áður, óumdeilanlega. Ríkisstj. hver eftir aðra hafa lent í þessum vanda, sem hér er um að ræða. Báðir hv. þm. vilja kenna núv. ríkisstj. um, að í okkar tíð hafi skapazt eitthvert sérstakt ástand, og láta eins og eitthvað svipað hafi aldrei fyrr hér við borið. Ég minni hv. 1. þm. Austf. á, að það var einmitt deila út af kaupgjaldi, sem varð valdandi samvinnuslita Framsfl. og Alþfl. á árinu 1937 og 1938 endanlega. Það var vegna þess, að Framsóknarstjórnin réð ekki við kaupgjaldið og þá erfiðleika, sem að hennar mati höfðu sprottið af of háu kaupgjaldi, að Framsfl. leitaði samstarfs við Sjálfstfl. og Alþfl. um myndun þjóðstjórnarinnar 1939. Ég minni hv. 1. þm. Austf. á þá örðugleika, sem þessi sama þjóðstjórn af þessum sömu ástæðum átti í á árinu 1941 og aftur á árinu 1942. Ég minni á þá örðugleika, sem stjórn Sjálfstfl. átti í af þessum sömu sökum á árinu 1942. Ég minni á, að utanþingsstjórnin hrökklaðist frá völdum ekki sízt vegna þess, að hún treysti sér ekki lengur til að ráða við þetta vandamál. Nýsköpunarstjórnin fór raunar frá, að því er kallað var, af öðrum ástæðum, en hún átti einnig í stöðugu stríði af þessum sökum. Sú stjórn, sem ég og hv. 1. þm. Austf. vorum fyrst saman í, stjórn Stefáns Jóhanns, gliðnaði sundur á árinu 1949 af þessum sökum. Þá myndaði Sjálfstfl. stjórn og bar fram till. til úrbóta og fékk Framsfl. með sér til að fallast á þá lausn í meginatriðum. Það samstarf hélzt fram á árið 1956, þegar það stjórnarsamstarf sprakk að nokkru leyti af orsökum kauphækkananna 1955. Það þarf væntanlega ekki að minna þessa

hv. þm. á þeirra raunir í vinstri stjórninni frá 1956 og 1958.

Nei, hér er vissulega ekki um neitt nýtt vandamál að ræða. Vandamálið hefur ætíð verið þetta hið sama, að kaupgjald hefur a. m. k. að mati stjórnvaldanna, ríkisstj., meiri hl. Alþingis, atvinnurekenda og oft raunar verkalýðsins sjálfs verið svo hátt, að gera hefur orðið gagnráðstafanir. Þetta kemur af því, að menn hafa hugsað, að hægt væri að bæta lífskjörin með einföldum samþykktum um kauphækkanir og kjarabætur langt umfram það, sem framleiðsluaukning og efnahagsástand landsins hefur hverju sinni gefið tilefni til.

Því fer mjög fjarri, að það sé rétt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að það væri núv. ríkisstj. áhugaefni að koma í veg fyrir, að almenningur fengi hækkað kaup og bætt lífskjör. Það er þvert á móti. Það er okkar áhugamál að bæta lífskjör almennings og verkamanna sem allra mest. En við teljum, að óraunhæfar kauphækkanir horfi sízt til þess. Þetta er deilumál, sem við oft höfum rætt um og þarf þess vegna ekki í sjálfu sér að fjölyrða ýkja mikið um að þessu sinni.

Það er mjög athyglisvert, að þegar hv. 1. þm. Austf. segir, að það sé allt annað en kaupgjaldið, sem hér um valdi örðugleikum, býsnast báðir hv. samþm. yfir því, að ekki skuli hafa verið leystur sá vandi, sem nú er varðandi ákvörðun fiskverðsins, sem útvegsmenn og sjómenn telja óviðunandi fyrir sig. En af hverju telja þeir það óviðunandi, þrátt fyrir það að báðir þessir aðilar, eins og ég vakti athygli á í dag og hv. 5. þm. Austf. var að reyna að mótmæla, að báðir þessir aðilar vitanlega hafa notið góðs og njóta góðs af þeirri aðstoð, sem nú er verið að veita hraðfrystihúsunum? Þeir telja sér hana ekki nægja, vegna þess að kauphækkanirnar í landi leggist einnig á þá í meira mæli en þessi aðstoð nægi til að bæta upp. Það er vegna þess að lagaákvæðin eru slík, það á að miða við söluverðið á vörunni erlendis og þess vegna dregst hinn innlendi kostnaður frá því verði, sem útvegsmenn og sjómenn fá, og þegar sá kostnaður stóreykst vegna hækkaðs kaupgjalds, kemur augljóslega minna í hlut bæði útvegsmanna og sjómanna. Og kröfurnar, sem báðir þessir hv. þm. bera nú fram um það, að rétta þurfi hlut þessara manna, byggjast einmitt á því, að að þeim hafi verið þrengt svo, að þeir verði að lúta sama fiskverði þrátt fyrir þá aðstoð, sem ríkisstj. hefur veitt, og þrátt fyrir að fiskverð hafi nokkuð hækkað erlendis, vegna þess að þeir verða að bera hækkun kaupgjaldsins í landi. Þetta er óhagganleg staðreynd, sem ekki tjáir með neinu móti að þræta um og þarf ekki að eyða frekar orðum að.

Þá talar hv. 1. þm. Austf. um einhverja allsherjar sælutíma verkamanna á árinu 1958 og að það sé nú enn ekki, eða standi rétt í mörkum, að þeir séu búnir að ná sams konar kaupmætti og þeir hafi haft 1958. Þá miðar hv. 1. þm. Austf. við hinn margumtalaða lægsta taxta Dagsbrúnar og að menn vinni einungis 8 tíma. Þegar verið var að ræða um lausn kaupdeilunnar í vetur og verið var að reyna að ráða fram úr henni með skaplegum hætti, talaði enginn í alvöru um það, að menn í raun og veru hefðu tekjur samkv. 8 tíma vinnu og lægsta taxta Dagsbrúnar. Þá var miðað við allt aðrar upphæðir, sem menn í raun og veru hefðu tekjur af. Það er einungis eins og þessi lægsti taxti sé hafður til sýnis um það, hversu bág kjör almennings séu hér á landi. Nú játa ég, að þetta er auðvitað lágt kaup og vissulega bæri að rétta hlut þeirra lægst launuðu í hlutfalli við aðra. Og það var einmitt ein af megintill. ríkisstj. í vetur, að reynt væri að gera átak til að bæta kjör þessara og annarra hinna, sem í raun og veru kunna að vera illa staddir. En á það var ekki hlustað. Öll verkalýðshreyfingin sameinaðist í algerri mótstöðu gegn þeirri hugmynd og taldi, að ekki mætti raska launahlutföllum frá því, sem þau höfðu orðið við síðustu samninga, — a. m. k. ekki varðandi þá allra lægst launuðu.

En hér kemur raunar margt fleira til greina. Þegar borinn er saman kaupmáttur launa 1958 og t. d. nú, verður að minnast þess, að 1958 var það kerfi viðhaft að reyna að hafa sem allra ódýrastar einmitt þær vörur, sem komu inn í vísitöluna, en hins vegar óheyrilegir skattar á ýmsu, sem talið var til óþarfa, en var í sjálfu sér enginn óþarfi, heldur einungis utan vísitölunnar. Þess vegna segir vísitalan frá 1958 svo sáralítið til um raunveruleg lífskjör manna þá og nú. Nú hafa þessir sérskattar allir verið afnumdir, auk þess sem tollskrá hefur verið samræmd þar að auki, svo að nú er úr sögunni þessi gífurlegi munur, sem var á ýmsum nauðsynjum áður fyrr eftir því, hvort þær komust inn í vísitölu eða ekki.

Sjálf viðmiðunin er þess vegna röng. Einnig er á hitt að líta, að margir, sem áður voru í lægsta flokki Dagsbrúnar, eru nú komnir í efri flokka, 2. og 3. flokk, hvernig sem það er nú sundurgreint. Og jafnvel þó að við þessa mjög hæpnu viðmiðun sé miðað, sem ég áður gat um, kemur í ljós, að þegar litið er á þessar hækkanir í flokkum, sem mikill fjöldi manna hefur notið og ég vil fullyrða tiltölulega fleiri en þeir, sem eftir eru í lægsta flokknum, þá breytist þessi mynd algerlega og kaupmáttur lægsta Dagsbrúnarkaups fær á sig allt aðra mynd en venjulega er í frammi höfð.

En þá er einnig á það að líta, að höfuðmeinsemdin í efnahagsmálum okkar nú er ekki sú, að menn út af fyrir sig hafi svo sérlega lágar tekjur, heldur að þeir þurfa að vinna svo lengi fyrir tekjunum. Ég veit ekki, hvort gerð hefur verið á því nokkur heildarathugun, sem mark sé takandi á, hvort vinnutími sé lengri nú en hann var 1958. Hins minnist ég, þegar hv. skrifari þessarar deildar, 3. þm. Vestf., sagði það, skömmu eftir að núverandi stjórn var mynduð, að það væri ein afleiðingin af hennar illu áformum, að eftirvinnan mundi hverfa úr sögunni, svo að einhverja töluverða þýðingu hefur

hún haft fyrir afkomu almennings einnig á hinum sælu — ef svo mætti segja með skopmerki bak við — vinstristjórnarárum.

En ef litið er á raunverulegar tekjur verkamanna nú og 1958, þannig að kaupmáttur atvinnutekna er metinn, þegar tillit hefur verið tekið til beinna skatta og fjölskyldubóta, og sagt er, að árið 1958 veiti 100, — og landið allt tekið, — þá er það svo, að miðað við 100 1958, þá hafa verkamenn núna 108.7, og verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, ef þeir höfðu 100 1958, þá hafa þeir nú líka 116.3, sem þeirra raunverulegu tekjur hafa vaxið á þessu tímabili. Þessar upplýsingar eru byggðar á gögnum, sem bráðlega munu birtast í riti Framkvæmdabankans, Úr þjóðarbúskapnum, en koma í raun og veru einnig mjög saman við ýtarlega töluskrá, sem kjararannsóknanefnd hefur látið taka saman og sent frá sér, þar sem mjög svipuð mynd kemur fram. Þar eru tölurnar öðruvísi upp settar, en heildarsvipurinn er sá sami, enda er þarna um sams konar staðreyndir að ræða að sjálfsögðu. Þetta er ekki vegna þess, að verkamenn eða þesar stéttir hafi nú fengið meiri hlut úr þjóðartekjunum en var á vinstristjórnarárunum, vegna þess að það hlutfall virðist vera alveg hið sama 1962 og það var hæst á vinstristjórnartímabilinu. Hér er um að ræða almenna aukningu þjóðartekna, sem þessar stéttir, sem betur fer, hafa orðið aðnjótandi, eins og aðrar launastéttir í landinu. Það er sem sagt síður en svo, að á þær hafi hallað frá vinstristjórnartímabilinu. Hlutfallið virðist vera alveg hið sama nú, eins og ég segi, og það var bezt, þegar vinstri stjórnin var við völd. Það hefur verið ívið betra fyrir launastéttirnar á sumum árunum í milli. Ég skal ekki fara að rekja það, en ljóst er af þessu, að það er sízt á launastéttirnar hallað og það er sízt svo, að núv. ríkisstj. hafi nokkra löngun til þess að halla á þær, hún vill að sjálfsögðu hag þeirra sem allra beztan, og ætti ekki að þurfa að standa í rökræðum um slíkt á Alþingi. Það viljum við eflaust allir hver um sig, þótt okkur óneitanlega greini á um leiðirnar til þess að ná því marki.

Hv. 1. þm. Austf. gerði mjög mikið úr því, að nú væri ég farinn að játa, sem áður hefði gert hróp að honum og fleirum fyrir það, að þeir hefðu viljað samvinnu við atvinnustéttirnar, nú væri ég farinn að játa, að slík samvinna væri nauðsynleg. Ég hef aldrei látið mér til hugar koma annað en slík samvinna milli ríkisvalds og höfuðatvinnustétta væri nauðsynleg, og ætíð harmað, þegar hún hefur ekki tekizt. Það, sem ég og margir fleiri vítum á vinstristjórnartímunum, var, að vinstri stjórnin lét utanþingsaðilum úrslitavöld í hendur yfir þeim málum, sem undir Alþ. eiga að heyra, eins og bezt sést á því, að sú hæstv. ríkisstj. sagði af sér, án þess að um það væri rætt, jafnvel í ríkisstj. sjálfri, eftir að hæstv. þáv. forsrh. hafði fengið eins konar vantraust á Alþýðusambandsþingi. Það var þessi framkoma og þessi afstaða, sem ég og margir aðrir töldum sízt horfa til heilla, til viðbótar því, sem við þá sýndum fram á og höfum raunar oft rifjað upp, að þó að þetta kæmi á daginn, að Alþýðusambandsþingið væri þarna formlega látið hafa líf ríkisstj. í hendi sér, þá var það engan veginn ætlun stjórnarherranna þá að láta Alþýðusambandið ráða efni málsins. Það, sem á valt, var, að ríkisstj. vildi senda Alþýðusambandsþingið heim til þess síðan ein ásamt sínum þingmeirihl. að ráða málum til lykta.

Nei, það er auðvitað nauðsynleg samvinna milli ríkisstj. og Alþingis annars vegar og höfuðstéttarsamtaka þjóðfélagsins hins vegar, og ég ítreka það, að það er hætta á ferðum, ef slík samvinna næst ekki. En vitanlega verður þá hvor aðili að gera sér grein fyrir, hvað til hans verkefnis heyrir, og ætla sér ekki annan hlut en eðli málsins og stjórnskipun segir til um. Það tjáir ekki fyrir almenningssamtök, hversu fjölmenn sem þau eru, að ætla sér að beita sínu valdi svo, að ótvíræður úrskurður kjósenda, löglega kjörnir fulltrúar á Alþ. og löglega kjörin ríkisstj. og þeirra vilji sé að engu hafður. Slík samvinna horfir sízt til þjóðarheilla, alveg eins og það er ljóst, að það tjáir ekki fyrir ríkisvaldið, þó að ríkisstj. og Alþ. sé sannfært um, að það hafi skynsamleg úrræði í ýmsum efnum, — ef þau úrræði brjóta gersamlega í bága við almenningsálit í landinu eða það, sem öflug stéttarfélög telja sér algera lífshagsmuni, þá er ekki líklegt, að slíkar ákvarðanir löggjafans eða ríkisstj. hafi mikla raunhæfa þýðingu. Um þetta þekkjum við ótalmörg dæmi, og þarf ég ekki að fara að rekja alla þá sögu hér.

Allra sízt mega stéttarsamtökin ætla sér að fara að taka að sér yfirstjórn í landinu, meðan þannig til háttar, að þau eru gersamlega ólýðræðislega upp byggð varðandi þeirra skipulag allt saman, kosningarhætti, kjörskrár og annað slíkt. En þó að ég sjái annmarka á skipun þessara almenningssamtaka, sem við nú tölum um, og ég á þar við fleira en eitt, sem ýmislegt er út á að setja, þá er það engu að síður svo, að þetta eru öflugir aðilar, og vissulega ber að reyna að ná samkomulagi við þá í ýtrustu lög, og vissulega er það rétt, að þeir geta aldrei gersamlega til lengdar gengið á móti vilja meiri hluta sinna félaga, vegna þess að þá mundu þeir, þrátt fyrir ýmiss konar hömlur og ofbeldi, rísa upp, svo að segja má, að hér sé um flókið og margþætt mál að ræða.

Ég vil minna hv. 1. þm. Austf. á það, að þegar við vorum saman í stjórn 1950 og verið var að setja efnahagslöggjöfina, þá töldum við hvorugur okkar okkur of góða til þess, heldur töldum það eitt eðlilegt að semja við þáv. Alþýðusambandsstjórn um mjög veigamikla breytingu á þeirri löggjöf. Við höfðum þá báðir komið okkur saman um, að gengisskráning skyldi tekin til endurskoðunar, hvenær sem allsherjarkauphækkun hefði átt sér stað. Alþýðusambandsstjórnin gekk á fund ríkisstj. og óskaði eftir, að þessu væri breytt. Ríkisstj. varð við þeirri ósk, og ég er í engum

vafa um, að það, að við urðum við þeirri ósk, átti ríkan hlut að því, að vinnufriður hélzt töluverðan tíma þar á eftir. Ég vil einnig minna á verkfallið, sem var fyrir jólin, ég hygg haustið 1952. Þá var vitað, að það var töluverður ágreiningur milli Dagsbrúnarstjórnarinnar annars vegar og Alþýðusambandsstjórnarinnar. En Alþýðusambandsstjórnin beitti sér fyrir þeirri lausn, sem fékkst, mjög litilli kauphækkun, en vöruverðslækkun eða hindrunum á hækkunum í staðinn. Það mátti líkja þeirri lausn að ýmsu leyti við þær till., sem ríkisstj. bar nú fram hinn 3. des. Það var vitað, að forráðamenn Dagsbrúnar voru mjög óánægðir með þessa lausn. Engu að síður gat Alþýðusambandsstjórnin fengið henni framgengt, og það var fyrir gott samstarf þá á milli þáv. ríkisstj. og þeirra, sem þá réðu í Alþýðusambandinu. Eftir það hélzt vinnufriður að mestu þangað til 1955. Vafalaust hefði margt betur mátt fara einnig á þessum árum, en ég minni á, að það var ekki vegna þess, að Alþýðusambandsstjórnin á þessum árum væri í höndum flokka okkar, míns og hv. 1. þm. Austf. Ég hygg einmitt, að það hafi verið stjórnarandstöðuflokkur, Alþfl., sem þá fór með æðstu völd í Alþýðusambandinu, og það var enginn fullkominn trúnaður eða vinátta þar á milli. En engu að síður tókst í tveimur örlagaríkum málum að ráða þeim til lykta með skynsamlegu samkomulagi og samvinnu. Og ég vil enn treysta því, að slíkri samvinnu sé hægt að koma á milli ríkisstj. og verkalýðsforingja, jafnvel þótt þeir standi á öndverðum meið í stjórnmálum og verkalýðsforingjarnir séu í stjórnarandstöðu við þá ríkisstj., sem þeir eru að semja við. En það krefst auðvitað þess, að báðir aðilar vilji ná samkomulagi, að þeir setji e. t. v. metnað og stærilæti eitthvað til hliðar, að þeir geri sér grein fyrir, hverju hægt er að ná til hagsældar fyrir almenning hverju sinni, leggi mesta áherzluna á það, en ekki sýndarkröfur, sem skapa stöðugt hærra og hærra kaup, stöðugt meiri örðugleika fyrir atvinnuvegi og stöðugt óvissa eða jafnvel minnkandi kaupgetu fyrir hið háa kaup, sem knúið hefur verið fram.

Ég vék að því hér áður í minni ræðu, að eitt okkar mesta vandamál væri ekki það, að almenningur hér á landi væri svo tekjulágur, heldur væri það hinn langi vinnutími, sem á bjátaði. Ég geri mér ljóst, að úr þessu verður ekki bætt nema á nokkru árabili, og til þess þarf vafalaust mikið átak. En það er einnig víst, að úr því verður ekki bætt nema með samvinnu ríkisstj., verkalýðs og atvinnurekenda. Og ég ítreka það, sem hv. 1. þm. Austf. vitnaði einnig til í sinni ræðu, að ég hefði áður sagt, að ég tel þetta nú vera mest aðkallandi vandamálið fyrir íslenzkan verkalýð og e. t. v. mest aðkallandi vandamálið varðandi lífskjör íslenzku þjóðarinnar. Ég tel, að það væri hið eina rétta, að margar smádeilur og ýfingar væru settar til hliðar, meðan menn sneru sér að því heils hugar að reyna að leysa þetta mjög erfiða, en þó áreiðanlega leysanlega vandamál, ef góðvilji frá öllum er fyrir hendi.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru ekki mörg orð, sem ég þarf að segja. Ég skal ekki blanda mér í þær almennu umr., sem hér hafa farið fram um efnahagsþróun síðustu ára, bæði vegna þess, að það mál er margrætt, og eins vegna hins, að þeim aths., sem hér hafa verið gerðar, hefur verið svarað allrækilega og ekki er ástæða til, að ég fari að bæta neinu við það. En til mín var beint af hv. 5. þm. Austf. þrem spurningum, sem ég skal leitast við að svara að nokkru, eftir því sem í mínu valdi stendur að gera nú á þessari stundu.

Hv. þm. spurði í fyrsta lagi, hvernig ætti að skipta þeim 43 millj. kr., sem í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að verja skuli til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu fréðfisks? Það er gert ráð fyrir, að stofnlánadeild sjávarútvegsins úthluti þessu fé til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjútvmrh. setur. Þessar reglur hafa ekki enn verið ákveðnar, en ég vil aðeins benda á, að frá þessum aðilum sjálfum, og raunar ætla ég, að það hafi einnig komið fram í þessum umr., hefur verið talið eðlilegt, að þessi styrkur yrði veittur frystihúsunum fyrst og fremst með lækkun á útflutningsgjaldinu. Nú er útflutningsgjaldið, eins og vitað er, í beinu hlutfalli við framleiðsluafköst frystihúsanna. Þess vegna er ekki óeðlilegt að hugsa sér, að það verði a. m. k. eitt meginsjónarmið við ákvörðun skiptingarinnar, að tekið verði tillit til þeirrar framleiðslu, sem frystihúsin hafa að undanförnu afkastað. Hins vegar er mér alveg ljóst, að það geta komið fleiri atriði þar til greina, sem sjálfsagt verða tekin til athugunar, áður en endanlega verður frá þessum úthlutunarreglum gengið. En ég nefndi aðeins þetta með útflutningsgjaldið vegna þess, að náttúrlega kemur sú lækkun á útflutningsgjaldi, sem frv. gerir ráð fyrir, frystihúsunum til góða í beinu hlutfalli við framleiðslumagnið. Og ef meiri hl. en nú er ákveðið hefði verið tekinn með lækkun útflutningsgjaldsins, hefði það náttúrlega staðið í beinu hlutfalli við framleiðslumagnið. En ég endurtek, að það geta komið fleiri atriði til greina, eins og það, hvað frystihúsin ætla sér að gera í þessu efni, og líka, hvaða möguleika þau hafa til þess að gera það, og ég vildi ætla, að í hinum endanlegu ákvörðunum um úthlutunina yrði litið á þau sjónarmið, sem þannig koma fram, í viðbót við framleiðslumagn húsanna.

Þá spurði hv. þm., hvort styrkveitingar til togaranna yrðu ekki háðar því skilyrði, að samanhefðu gengið samningar á milli togaraeigenda og hásetanna, sem nú eiga í vinnudeilu við togaraeigendur, eða hvort það ætti að hugsa sér, að styrkveitingarnar til togaranna yrðu látnar fara fram, þó að skipin lægju í höfn. Út af þessu vildi ég taka fram, að það hafa verið nokkrar bollaleggingar um það, hvernig þessar styrkveitingar, alveg sérstaklega úr aflatryggingasjóði og að nokkru leyti frá ríkissjóði, færu fram. Eins og kunnugt er, segja

lögin um aflatryggingasjóð, að styrkurinn úr sjóðnum skuli veittur í öfugu hlutfalli við aflamagn skipanna, þ. e. a. s. þau, sem minnst afla, fái mesta styrkinn. Þetta hefur verið nokkuð gagnrýnt, og í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er í bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir, að stjórn aflatryggingasjóðs sé heimilt að ákveða, að bætur til togaranna úr sjóðnum vegna aflabrests 1963 skuli miðaðar við úthaldstíma þeirra á því ári. Í öðru lagi vildi ég taka fram, eins og kom fram í því, sem ég sagði hér í dag, að sums staðar, eins og t. d. í Þýzkalandi, er sá styrkur, sem togurunum er veittur, miðaður við aflamagn skipanna og þeim veittar nokkrar uppbætur á aflann, sem er víst hundraðsgjald af því, sem þeir fá fyrir aflann, þ. e. a. s. þar er aðstoðin veitt á þann hátt, að eftir því sem skipin afla meira, eftir því fá þau meiri styrk. Það er alveg öfugt við það „prinsip", sem aflatryggingasjóðurinn gerir ráð fyrir. En nokkur gagnrýni hefur hér komið fram á því, að aflatryggingasjóðsfyrirkomulagið væri ekki heppilegt, vegna þess að það verðlaunaði skussana með því að láta þá hafa hæsta styrkinn.

Hér hefur í brbrákv. verið farið bil beggja, bæði í úthlutun þess styrks eða aðstoðar, sem ríkisstj. hefur veitt, og nú gert ráð fyrir, að aflatryggingasjóður fari í sinni úthlutun eftir sömu reglu, þ. e. a. s. að styrkurinn verði veittur sem ákveðin upphæð fyrir úthaldsdag. Þar er ekki miðað við aflann, þannig að hvorki sá, sem minnst aflar, fær mest né heldur sá, sem mest aflar, fær mest, heldur eru veitt verðlaun eða aðstoð fyrir þá viðleitni, sem sýnd er, með því að miða aðstoðina við úthaldsdag. Í því felst líka, að ég vil ætla, nokkur trygging fyrir því, að togararnir liggi ekki í höfn meira en þörf er á og verði þeim þess vegna nokkur hvöt að hafa úthaldstímann sem lengstan, þegar þeir vita, að aðstoðin, sem þeim verður veitt, verður miðuð við fjölda úthaldsdaga. Til viðbótar vil ég svo segja það, að með þeirri aðstoð, sem togurunum er veitt, er þeim náttúrlega gert betur kleift en ella mundi að verða við sanngjörnum óskum hásetanna um launahækkanir.

Þá spurði hv. þm. að lokum, hvernig aflatryggingasjóður væri fjárhagslega á vegi staddur og um hans möguleika, að mér skildist, til úthlutunar togurunum til handa. Um það vil ég aðeins segja, að það er rétt, sem hv. þm. gat um, að togaradeild sjóðsins hefur ekki reynzt fær um að greiða að fullu það, sem togararnir hafa þurft á að halda. Mismunurinn hefur verið fenginn að láni úr jöfnunardeild og úr aðaldeild sjóðsins. Aðaldeild sjóðsins eða þorskveiðideildin er mjög vel á vegi stödd og á talsverða sjóði. Síldardeildin var í skuld við aðaldeildina fram á síðustu ár, en með hinum mikla síldarafla, sem borizt hefur á land að undanförnu, hefur henni tekizt að greiða upp sínar skuldir við þorskveiðideildina og á nú nokkuð í sjóði. Hvað eign hverrar deildar er mikil, hef ég ekki við höndina, aðeins veit ég það, að togaradeildin hefur ekki að fullu getað innt sínar greiðslur af eigin rammleik, en orðið að fá til þess aðstoð. Hún hefur fengið hana frá þessum tveimur deildum, frá jöfnunardeild og frá þorskveiðideild. Hins vegar veit ég það líka, að sjóðurinn, eins og hann er nú, með þeirri sjóðseign, sem hann á nú, og með þeim — ég vil segja miklu tekjum, sem hann fær nú árlega, er þess umkominn fyllilega að veita togurunum þá aðstoð, sem þeir eiga rétt til að fá úr sjóðnum með lánum, á svipaðan hátt og áður hefur verið gert, þar sem togaradeildin sjálf getur ekki staðið undir þeim.

Þetta voru þær þrjár fsp., sem hæstv. þm. gerði til mín og ég tel mig nú hafa svarað, en að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að lengja umr. um málið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hæstv. forsrh. beindi til mín. Ég taldi mig sýna fram á það í þeirri ræðu, sem ég flutti hér í dag, að ástæðan til þess, að viðreisnin hefur farið algerlega út um þúfur, væri sú, að stefnan hefði verið og væri í grundvallaratriðum röng og það væri rangt, sem hæstv. ráðh. hefðu á oddinum jafnan, að stefnan hefði farið út um þúfur vegna þess, að kaupkröfur í landinu hefðu verið óeðlilegar og hrundið öllu úr skorðum, en það er höfuðatriði, sem hæstv. ráðh. ævinlega hafa á takteinum til skýringar á því, hversu þeim hefur gersamlega mistekizt allt það, sem þeir sögðust ætla að koma í framkvæmd með hinni nýju efnahagsmálastefnu. Og það heyrðist á því, sem hæstv. forsrh. sagði, að ég hafði ekki farið með neinar ýkjur í þessu um afstöðu hæstv. ríkisstj., því að hann sagði, ráðh., orðrétt áðan, að það hefðu verið knúðar fram kjarabætur langt umfram það, sem framleiðsluaukning og ástæður í heild hefðu gert mögulegt að mæta. Þetta sagði hæstv. ráðh. enn einu sinni. M. ö. o.: það væri vegna hinna óhóflegu kaupkrafna, að efnahagsmálastefna þeirra hefði farið alveg út um þúfur.

En hverjar eru staðreyndirnar í þessu? Staðreyndirnar eru þær, sem ég upplýsti hér í dag og hæstv. ráðh. reyndi að vísu örlítið að mæla gegn, en án raka, sem ég mun bráðlega sýna fram á, — staðreyndirnar eru þær, að verkafólkið við fiskiðnaðinn t. d. ber raunverulega minna úr býtum núna fyrir 8 stunda vinnu en það gerði í okt. 1958. Þetta er staðreynd, sem ómögulegt er að komast fram hjá, og þetta slær alveg til jarðar þessar kenningar hæstv. ríkisstj., að málin hafi farið úr skorðum vegna óbilgjarnra krafa af hendi þessa fólks. Og sannar þetta, að það er eitthvað annað, sem kemur hér til, og um það ræddi ég í dag með ýmsu móti og skal ekki endurtaka það hér.

Hæstv. ráðh. var að reyna að finna það að þessari niðurstöðu, að hún væri miðuð við vísitölurnar þá og nú og vísitalan hefði breytzt þannig, að þessi samanburður væri ekki réttur, því að vísitalan gæfi nú réttari mynd af kostnaðinum við að lifa en hún hefði gert þá. Þá hefði hún verið, eins og hann kallaði það,

skekkt með niðurgreiðslum á vörum og ýmissi tilhögun á tollum og öðru slíku, sem nú hefði verið leiðrétt, og nú væri vísitalan sannari mynd en hún hefði verið þá.

Allt er þetta hinn mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh., svo að ekki sé meira sagt, og sumt fullkomin öfugmæli. Í fyrsta lagi er nú, að niðurgreiðslur munu vera fullkomlega eins miklar nú og þá, raunverulega séð. En auk þess kemur hér inn í þetta eitt atriði, sem sker alveg úr, og það er, að vísitalan, sem notuð er við þennan samanburð, byggir á, að húsnæðiskostnaðurinn núna sé um 11 þús. kr. á ári, en það er hann ekki, heldur öllu frekar 30—40 þús. kr. á ári. En þetta er ekki tekið til greina í vísitölunni, og þetta tók ég ekki til greina í samanburðinum. Ég notaði vísitöluna núna með þessari skekkju í, en engin tilsvarandi skekkja var hugsanlega til í vísitölunni frá 1958. Það rétta í þessu er því það, og það er það sorglega við þetta, að menn bera verulegum mun minna úr býtum núna fyrir 8 stunda vinnu en þeir gerðu í okt. 1958, ef miðað er við réttan húsaleigukostnað.

Það var eðlilegt, að hæstv. ráðh. vildi reyna að glíma við þetta dæmi, því að þetta er glöggur vitnisburður um það, hvernig til hefur tekizt, en ekki verður komizt fram hjá. Og öll umræða hæstv. ráðh. um það, hvort heildartekjur manna nú séu meiri eða minni en þá, vegna þess að menn leggi meira að sér núna, vinni lengur fram eftir kvöldum og um nætur meira en áður var, er algerlega út í hött í þessu sambandi. Hér er verið að ræða um það, hvort kaupið hafi verið hækkað óeðlilega, kaupið fyrir þá vinnu, sem lögð er fram fyrir þann vinnutíma, sem atvinnuveitandinn fær á móti. Og þá verður dæmið þetta, sem ég greindi frá. Mig skal ekki furða, þótt hæstv. ráðh. vilji gjarnan leiða athyglina frá því, en það er ekki til neins, þetta liggur alveg fyrir.

Ég minnti á það hér í dag, að hæstv. ráðh. væri stundum að tala um það, — og hann gerði það enn nú áðan, — að ástandið í þessum málum væri í raun og veru ósköp ömurlegt eða ekki gott og það þyrfti að vinna að því, að menn gætu haft þær heildartekjur, sem þeir hafa núna, fyrir 8 stunda vinnu alla vinnudaga ársins. Það er nú engin smábreyting, sem þarf að verða, til þess að slíkt geti átt sér stað, því að heildartekjur manna með nætur- og yfirvinnu munu vera, að því er mér skilst, eitthvað yfir 100 þús. kr., því að svo mikið leggja menn nú að sér til þess að reyna að komast fram úr þessu. Það er því ekki neitt lítið, sem hæstv. ráðh. ætlar sér með því að lýsa þessu yfir sem stefnu. En ég spurði í dag, og ég spyr enn: Hvernig getur sá hæstv. ráðh., sem ræðir um þetta atriði á þá lund, sem hæstv. forsrh. gerir, látið sér sæma að leggja fram frv. eins og þetta, sem er byggt á því, að það verði að taka af mönnum aftur núna eitthvað af þessum 77 þús. kr., sem menn eiga nú að fá fyrir að vinna 8 stundir? Fram hjá þessu gekk hæstv. ráðh. hér áðan gersamlega þegjandi.

Ég sagði áðan, og ég segi enn, að það hefði verið aðeins fyrsti áfangi fyrir þennan hæstv. ráðh., sem telur sig sjá þetta vandamál, að reyna nú að beita sér fyrir því, að ekki þyrfti að taka til baka neitt af þessum 77 þús. kr., sem nú er ætlunin að borga fyrir 8 stunda vinnudag. En það treystir hæstv. ráðh. sér ekki til að gera. Hann vill stíga spor aftur á bak, en þykist vilja sækja áfram í þessum efnum. Hann stígur spor aftur á bak í kjaramálunum með þessu frv. í stað þess að þoka sér í áföngum áleiðis að því marki að reyna að lagfæra þetta ósæmilega og óviðunandi ástand.

Þannig hefur þessu, því miður, miðað aftur á bak, og það eru allt öfugmæli, sem hæstv. ráðh. segja um orsakirnar til þess, að allt hefur farið út um þúfur. Frammi fyrir því standa þeir, og til viðbótar standa þeir frammi fyrir því, að þetta hefur gerzt, enda þótt aflabrögð hafi verið betri en nokkru sinni fyrr og verð hagstæðara á útflutningsvörum en svo að segja nokkru sinni áður. Hvað hefur þá orðið um fjármagnið? Ég ræddi það nokkuð í dag og skal ekki endurtaka það hér.

Ég get ekki stillt mig um að minna á í þessu sambandi, af því að hæstv. ráðh. sneiddi svo vendilega hjá því áðan að ræða það, að ég benti á það í dag, hvernig hefði verið mælt fyrir þessari stefnu, sem nú hefur verið framkvæmd í 4 ár, og hvernig nú væri komið, en það forðaðist hæstv. ráðh. vandlega að ræða af skiljanlegum ástæðum. En ég ætla aðeins að lofa mönnum að heyra hér nokkrar setningar eftir þessum hæstv. ráðh., sem sagðar voru, þegar farið var af stað með þetta 1960. Hann sagði, hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„En fyrri ráðstafanir entust jafnilla og raun ber vitni vegna þess, að ekki var breytt um stefnu. Það dugir ekki hvað eftir annað með fárra ára millibili að taka afleiðingunum af því, að búið er að fella gengið, en gera ekki jafnframt ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að gengisfellingin haldi áfram, heldur leggja jafnvel grundvöll að framhaldi hennar með ráðstöfunum, sem gerðar eru jafnskjótt og viðurkennd er afleiðing hins fyrri ófarnaðar. Það er sú stefnubreyting að koma í veg fyrir hinar stöðugu, síendurteknu ráðstafanir ár frá ári, bráðabirgðaráðstafanir án viðurkenningar á undanförnum gengisfellingum á nokkurra ára fresti, sem hér er ætlunin að gera.“

Það er sem sagt sú stefnubreyting, segir hæstv. ráðh., að koma í veg fyrir hinar stöðugu, síendurteknu ráðstafanir ár frá ári. En hver hefur orðið reynslan af þessari stefnu, sem tekin var? Við vitum, hver hún hefur orðið. Við vitum, hvað hæstv. forsrh. hefur neyðzt til að játa hér í dag og undanfarnar vikur. En samt á enn einu sinni að slá fram þeim sleggjudómi, að þessar ófarir allar séu vegna þess, að hið almenna kaupgjald í landinu hafi verið spennt of mikið upp, þó að fyrir liggi þær staðreyndir, sem ég hef hér marg-

sinnis sýnt fram á og óhugsandi er að hrekja. Ef á að fara að kryfja vísitöluna, sem miðað er við í þessu tilfelli, til mergjar, gerir hún niðurstöðuna enn verri fyrir hæstv. ríkisstj.

Hæstv. forsrh. sagði, að ég vildi ekki fallast á, að það þyrfti að afla tekna til þess að greiða þau útgjöld, sem frv. gerði ráð fyrir. Og það er rétt, ég hef haldið því fram, að það þyrfti ekki að afla sérstakra tekna til þess að standast þessi útgjöld, og færði fyrir því rök, sem ég skal ekki endurtaka. En hæstv. ráðh. sagði: Þetta er einkennilegt, þegar þess er gætt, að þessi hv. þm. beitti sér fyrir því og hrósaði sér af því að samþykkja vegalagafrv. frá hæstv. ríkisstj. í vetur, en í því voru 100 millj. kr. *nýjar álögur.* Og *hann hlýtur* þá að hafa álitið, að það vantaði peninga í ríkissjóð, til þess að hægt væri að láta meira fé í vegina. Og hæstv. ráðh. kannaðist ekki við að hafa heyrt neina skýringu á þessari afstöðu. Ég skal náttúrlega ekkert um það segja, hvort hann var hér viðstaddur afgreiðslu þess máls. Ég veit ekkert um það. En ég gaf á þessu þá algerlega fullnægjandi skýringu, sem ég veit nú, að er hæstv. ráðh. kunn, og hann hefði því getað sparað sér þetta, en hún var einfaldlega þessi: Ég spurði: Hvers vegna viljum við samþykkja hækkun á benzínskatti og hækkun á öðrum sköttum á umferðinni, þegar okkur er kunnugt um, að ríkisstj. hefur fullar hendur fjár, sem hún vill ekki nota? Hvernig stendur á því? Ég svaraði þessu þannig: Það er einfaldlega vegna þess, að okkur er fullljóst, að það fæst ekki einni krónu meira í vegi og brýr en nú er til þeirra veitt, nema það verði sérstaklega lögleiddir skattar á umferðina sjálfa, sem séu bundnir í lögum til vegagerðar og brúagerðar. Og þegar við áttum um það tvennt að velja, að ekkert fengist af nýju fé til vegagerðar og brúagerðar eða þá að samþykkja þessa sérstöku tekjustofna, gerðum við það, þó að okkur væri ljóst, að ríkisstj. hafði fullar hendur fjár fyrir og gat látið meira fé í vegina, ef hún hefði viljað, án þess að nýjar álögur kæmu til.

Hæstv. ráðh. var eitthvað að ræða fram og aftur um það, að ég hefði talið útflutningsgjaldið óeðlilega hátt. Ég tel ekki stætt á útflutningsgjaldinu. Það hefur nú verið stórhækkað á allra síðustu árum, og skal ég ekki heldur endurtaka neitt af því, sem ég sagði um það í dag. En hann sagði, að það væri ekki hægt að bæta hag útvegsins öllu meira en ráðgert er í frv. með því að lækka útflutningsgjöldin, vegna þess að mest af því, sem eftir er af útflutningsgjaldinu, rynni til heilla útgerðinni. En mér sýnist blasa við, að það verði að fara þá leið að lækka útflutningsgjaldið mun meira en gert er ráð fyrir nú og ríkissjóður verði hreinlega að taka á sig ýmislegt af þeim útgjöldum, sem útflutningsgjaldinu er ætlað að standa undir, t. d. framlagið til rannsóknarskipsins og fleiri slík hliðstæð framlög, sem nú er alveg sjálfsagt að ríkissjóður taki á sig. Enn fremur tel ég, að það verði ekki hjá því komizt, að ríkið taki á sig aflatryggingasjóðinn, sennilega að öllu leyti að greiða til hans, eins og búið er að þjarma að útveginum. Ég get ekki séð, a. m. k. að óbreyttri stefnu að öðru leyti, að það sé nokkur hugsanlegur möguleiki til þess, að útgerðin sé aflögufær til að greiða í aflatryggingasjóð, og það verði þess vegna að taka það á ríkissjóð.

Og þá er það tryggingaiðgjaldið. Ef svo langt þyrfti að ganga, að það yrði að fella niður eitthvað af útflutningsgjaldinu, sem gengur til að greiða tryggingaiðgjaldið, og ríkissjóður taki það á sig, þá sagði hæstv. ráðh., að það væri alveg óhugsandi, því að þá yrðu brotnar meginreglur. Hvaða meginreglur yrðu brotnar? Hvaða þjóðfélagslögmál eru það, sem í því sambandi er fylgt og alls ekki má undir neinum kringumstæðum brjóta? Hvernig er þetta mál vaxið? Það er þannig vaxið, að það er tekið útflutningsgjald, sem allir greiða, sem eiga fisk, ekki bara útvegsmenn, heldur líka sjómenn, fiskimenn. Og þessu fé, sem tekið er með þessum skatti, því að þetta er skattur í raun og veru á fiskinn, því er sópað í eina púlíu og sú púlía greiðir vátryggingariðgjöld fyrir togara og fiskiskip. Hvaða meginregla eða hagfræðilögmál greinir, að svona skuli haldið á málum? Hér er um skattheimtu að ræða, og fé er notað á þennan hátt. Það eru engin eðlileg tengsl þarna á milli. Það er ekkert eðlilegt við það, að fiskimaður, sem á hlutinn sinn, borgi sérstakan skatt til að standa undir vátryggingariðgjaldi fyrir togara eða fiskibát. En þetta er fyrirkomulagið, sem við búum við í dag, og ég segi, að það væri ekkert meira, þó að sá háttur yrði hreinlega á hafður að lækka útflutningsgjaldið einnig sem þessu svarar eða einhverjum verulegum hluta af því, ef þyrfti, til þess að greiða fyrir fiskeigendum að fá fyrir hann sæmilegt verð, og að ríkið tæki að sér að greiða að einhverju eða jafnvel öllu leyti vátryggingariðgjöld fiskiskipanna. Það er engin meginregla brotin með því. Það er ekkert meira brot að greiða þannig einhvern kostnaðarlið að einhverju eða öllu leyti fyrir bátaútveginn og togaraútveginn en að borga með ríkisfé tiltekna kostnaðarliði fyrir frystihúsin, eins og nú er byrjað að gera. Og það yrðu því engar meginreglur brotnar, þó að þessi háttur yrði á hafður, t. d. til bráðabirgða, til þess að forða útgerðinni úr þeirri sjálfheldu, sem hún nú er komin í, sleppa útgerðinni við útflutningsgjaldið að verulegum mun meira en gert er ráð fyrir í frv. og taka eitthvað af þeim liðum yfir á ríkið, sem útflutningsgjaldið stendur undir, a. m. k. til bráðabirgða, þangað til aðrar leiðir yrðu fundnar.

Þetta eru því ekki nein rök hjá hæstv. ráðh. Okkur er ljóst, að með þessu frv. og ýmsum öðrum ráðstöfunum eru þeir komnir inn á þá braut að taka tillit til sérástæðna á þennan hátt og á mjög svipaðan hátt og gert var hér áður og þeir fordæmdu sem mest þá að vísu, en allt hefur reynzt markleysa. Á svipaðan hátt er farið að í öðrum löndum og það fjöldamörgum löndum, sem búa við frjáls viðskipti og hliðstætt efnahagskerfi, að það er greitt

fyrir einstökum atvinnugreinum með margvíslegu móti, eins og reyndar hæstv. sjútvmrh. upplýsti hér í dag, þegar hann var að tína hér fram upplýsingarnar um það, hvað gert væri fyrir togaraútgerðina t. d. í Bretlandi. Þetta er spursmál um vilja og hvernig menn vilja koma þessu fyrir á skynsamlegan hátt, en ekki um meginreglur, því að þessi látalæti um, að allt ætti að fara eftir einhverri einni meginreglu, hafa í raun og veru aldrei komizt fullkomlega í framkvæmd, og að því leyti, sem það komst í framkvæmd, reynzt hafa slíka ókosti, að þeir, sem fyrir því stóðu, eru nú sem óðast að breyta til í þessu efni.

Hæstv. forsrh. lézt ekki skilja fremur en fyrri daginn áhrif vaxtanna í þjóðarbúskapnum. Ég skal fara létt yfir það núna. Það gefst vafalaust tækifæri til að ræða það síðar. Hann sagði, að hækkaðir vextir hefðu átt mjög ríkan þátt í auknum sparnaði. Það er alveg vafamál, því að dýrtíðaráhrifin hafa aftur komið þar á móti og hrætt menn frá að auka sparnaðinn, og það er einnig mjög vafasöm sú fullyrðing hæstv. forsrh., að sparnaður hafi orðið mikill á þessum árum. Hann hefur orðið furðulega lítill, þegar umreiknað er í rétt verðgildi peninganna. Og þegar tekið er tillit til þess góðæris, sem verið hefur í landinu, þá er sparnaðurinn ekki mikill, heldur furðulega lítill, enda er það ekkert einkennilegt, þar sem allan tímann hefur verið dunandi verðbólga og fjárfestingaræði ríkt nú á annað ár, eftir að menn sáu, að allt var komið úr böndunum.

Ég veit, að hæstv. ráðh. skilur þetta inn á sér, þótt hann sé enn að leika sér að þessum dæmum, sem honum hafa verið fengin upp í hendurnar um það, hve lítið sé borgað af vöxtum inn í bankana. Ég veit, að hæstv. ráðh. er enginn skynskiptingur og hann skilur þetta vel, þegar hann skoðar þau rök, sem flutt hafa verið fram um þetta. Og fyrr eða síðar neyðist hann og aðrir til þess að taka upp aðra vaxtapólitík, því að þessi vaxtapólitík er ekki framkvæmanleg til lengdar, enda átti hún aldrei að standa nema stutt. Því var marglýst yfir, þegar farið var af stað, að hér væri um bráðabirgðaráðstafanir að ræða. En eins og ég sagði, eru nú háu vextirnir að troða sér inn í efnahagskerfið og framleiðslulífið alls staðar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann hefði alltaf haft góðan skilning á því, eða eitthvað í þá átt, að það þyrfti að hafa samráð við almannasamtökin. Hann vildi nú ekki við neitt kannast í því, að hann hefði deilt fast á vinstri stjórnina fyrir að hafa of mikið samneyti við þessi samtök. En ég segi bara: öðruvísi mér áður brá. Það fer ekkert á milli mála, hvernig haldið var á því máli af hendi hæstv. núv. forsrh. og hans félaga, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu og vinstri stjórnin lagði sig fram um að leysa þessi málefni í samráði við almannasamtökin. Og hann sagði, að ágreiningur væri eingöngu um, að úrslitavöldin í þessum málum mætti ekki taka frá Alþingi og afhenda þessum samtökum. Auðvitað hefur engum dottið slíkt í hug. Það er ekkert annað en hugarfóstur hæstv. forsrh., að nokkrum hafi dottið slíkt í hug. Hitt er annað mál, að vinstri stjórnin byggði sína stefnu þannig, að þegar henni tókst ekki að ná samstöðu við þessi almannasamtök um úrræði, sem hægt var að hafa trú á, þá baðst forsrh. lausnar fyrir vinstri stjórnina, því að hann taldi, að hún réði þá ekki við verðbólguna og það væri ábyrgðarlaust að sitja, þegar svo væri ástatt. En Alþingi afsalaði sér engu valdi í þessum málum til neins, enda kom það strax í ljós, að það var til meiri hl. á Alþ., sem treysti sér til að stjórna í stríði við almannasamtökin. Það stóð ekkert á því. Það kom strax meiri hl. á Alþ., sem var til með það, og það er sá meiri hl., sem er búinn að vera að glíma við þessi mál núna í 4 ár. Hvernig hefur þeim svo reynzt að stjórna þessum málum í styrjöld við almannasamtökin? Þeir höfðu þingmeirihl. Þeir notuðu vald það, sem Alþ. hefur, meirihlutavald á Alþ., til þess að stjórna í stríði við þessi samtök. En hvernig hefur þeim reynzt það? Þeim hefur reynzt það þannig, að nú koma þeir hér hver af öðrum og tala eins og iðrandi syndarar og bljúgum orðum um, að það sé um að gera að hafa sem allra bezta samvinnu við þessi samtök, það sé fyrir öllu og því megi menn aldrei gleyma og nú verði menn að leggja sig fram um það. Það væri betur, að þeir hefðu raunverulega eitthvað lært í þessu.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þessi efni, því að ég vil ekki lengja þessar umr. á nokkurn hátt úr hófi fram, en vil aðeins segja það að lokum út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að það væri betur, ef menn vildu láta ýfingar og smádeilur liggja til hliðar og vinna að þessum málum á breiðum grundvelli. Ef hæstv. ríkisstj. meinar eitthvað með því að efna nú til friðsamlegri vinnubragða varðandi þessi vandasömu málefni, í þeim vanda, sem við nú erum stödd, þá ætti ríkisstj. að ganga á undan og leggja þetta frv. til hliðar, sem er áreiðanlega mikið ágreiningsmál og spillir stórkostlega fyrir, — leggja þetta frv. til hliðar og snúa sér að því í staðinn að láta athuga þessi mál á breiðum grundvelli, eða þá a. m. k. að fella út úr þessu frv. þær greinar, sem ágreiningurinn er mestur um, 5. og 6. gr., til þess að þær valdi ekki stórfelldum vandkvæðum, á meðan fram færi nauðsynleg grundvallarendurskoðun á öllum þessum málum. Og ég vil eindregið beina því til hæstv. ríkisstj. að hafa þennan hátt á og sýna þar með í verki, að hún vilji, að fram fari um þessi efni reglulegar samkomulagstilraunir.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég ætla, að það hafi verið nokkuð almennt viðurkennt í vestrænum löndum um síðustu áratugi, væntanlega a. m. k. þrjá síðustu áratugi, að þegar þensla væri í þjóðfélaginu og of mikil eftirspurn eftir vörum og vinnuafli, megi alls ekki hafa greiðsluhalla hjá ríkissjóði. Þó að við heyrum að vísu hér á Alþ. einstaka rödd, sem hljómar á annan veg, þá ætla ég, að þetta sé og hafi verið almennt viðurkennt sjónarmið, og ekki aðeins það, að þegar þensla

er og of mikil eftirspurn, þá megi undir engum kringumstæðum hafa greiðsluhalla á ríkissjóði, heldur þvert á móti sé nauðsyn þess, að ríkissjóður hafi þá greiðsluafgang. Það er þess vegna almennt sjónarmið, að á slíkum tímum, í góðærum, þegar atvinna er næg og eftirspurn jafnvel of mikil, þá eigi ríkisvaldið að leggja fé til hliðar og safna í sjóð eða sjóði til þess að eiga nokkurt fé til að auka framkvæmdir og atvinnu í þeim málum, þegar illa árar, atvinna og framkvæmdir dragast saman og hætta er á atvinnuleysi. Til grundvallar þessari skoðun má segja að liggi m. a. tvennt, tvenns konar rök: Annars vegar, að þetta sé nauðsynleg ráðstöfun af hendi ríkisvaldsins til að draga úr eða forðast verðbólgu, og hins vegar er í því fólgin fyrirhyggja, þ. e. a. s. hugsa lengra fram en til líðandi stundar og nota það fé, sem unnt er að leggja fyrir í slíkum góðærum, til að auka framkvæmdir og atvinnu síðar, þegar þess er þörf.

Um þessa meginhugsun voru líka flestir alþm., ef ekki allir, sammála á árunum 1930—32, þegar hér lá fyrir frv. um jöfnunarsjóð ríkisins, og þótt menn greindi nokkuð á um, hversu ströng skyldu vera ákvæði um það, hvernig og hvenær mætti verja fé úr þeim sjóði, þá ætla ég, að þingmenn úr öllum flokkum hafi viðurkennt þetta meginsjónarmið, sem ég nú hef rakið. Og þetta sjónarmið stendur auðvitað í góðu gildi enn.

Um viðhorf annarra þjóða á Vesturlöndum skal ég hér nefna eitt dæmi, sem er nærtækt, en það er frá Danmörku. Það var á árinu 1961, sem kauphækkanir urðu miklar og almennar í Danmörku. Hagur landsins stóð með blóma, og þeir menn, sem þá héldu um stjórnvölinn, voru bjartsýnir og vonuðust til þess, að efnahagskerfi landsins mundi þola þessar kauphækkanir, sem ég ætla að hafi almennt verið u. þ. b. 15—20%. En þegar leið fram að áramótum og sérstaklega í ársbyrjun 1962 kom það í ljós, að efnahagslíf og gjaldeyrisástand Dana þoldi ekki þessar kauphækkanir. Og þá gerðist það, sem þóttu mikil tíðindi og spurðust víða um lönd, að 4 aðalstjórnmálaflokkarnir í Danmörku, þ. e. a. s. bæði þeir tveir, sem fóru með stjórn landsins, og tveir aðalandstöðuflokkarnir, gerðu sáttmála með sér til að reyna að stöðva þessa þenslu. Það var kallað venjulega oms-forliget, eða sáttmálinn um söluskattinn, en með þessum sáttmála var m. a. ákveðið að leggja á söluskatt, sem ekki var áður í gildi þar í Danmörku, og enn fremur lögleiða skyldusparnað. Ná lá það þannig fyrir, að ríkissjóður hafði þar í landi enga þörf fyrir tekjuauka, afkoma hans var góð. En allir þessir fjórir lýðræðisflokkar viðurkenndu það sjónarmið, að á slíkum tímum þenslu eins og þá voru í Danmörku, væri nauðsyn, að ríkissjóður hefði verulegan greiðsluafgang, sem geymdur yrði til verri og erfiðari tíma. Þetta sjónarmið ætla ég sem sagt, að sé viðurkennt af stjórnmálamönnum, fjármálamönnum, hagfræðingum á Vesturlöndum yfirleitt og ekki aðeins þeim, heldur sé yfirleitt mikill skilningur ríkjandi hjá öllum almenningi í flestum löndum á þessu sjónarmiði.

Ríkisstj. Íslands hefur að sjálfsögðu verið þeirrar skoðunar, að þessi lögmál, sem hún telur sjálfsögð, megi ekki rjúfa. Þessa skoðun og þessi sjónarmið hefur ríkisstj. að sjálfsögðu haft þessi síðustu tvö ár, sem góðæri hefur verið hér á landi og tekjur hins opinbera farið fram úr áætlun. Á árinu 1962 varð greiðsluafgangur rúmar 160 millj. hjá ríkissjóði. Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir töldu ekki verjandi að fara að ráðstafa því fé eða moka því út í auknar framkvæmdir, sem þá voru þegar svo miklar, að vinnuafl hrökk ekki til. Ríkisstj. ákvað því að leggja í jöfnunarsjóðinn samkv. l. frá 1932 í fyrsta sinn, því að um þrjá áratugi hafði því ekki verið sinnt. Þó að alloft hefði orðið greiðsluafgangur hjá ríkinu, hafði því ekki verið sinnt að framfylgja þeim lögum. Af þessum greiðsluafgangi voru 100 millj. lagðar í jöfnunarsjóðinn, en tæpar 40 millj. voru notaðar til að greiða upp skuld við Seðlabankann.

Á árinu 1963 hefur einnig orðið greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, það liggur ekki enn fyrir, hversu mikill, en hann verður væntanlega, eftir því sem nú liggur fyrir, nokkru minni en á árinu 1962. Það hefur þegar verið ákveðið, eins og frá var skýrt í fjárlagaumræðum í des., að nota af honum 30 millj. til að greiða skuldir, að sínu leyti eins og af afganginum 1962, þ. e. a. s. skuldir vegna vangoldinna framlaga ríkissjóðs til hafna og sjúkrahúsa. Að öðru leyti virðast öll þau sömu rök nú vera fyrir hendi eins og þau, sem til þess lágu, að þær ákvarðanir voru gerðar um greiðsluafganginn 1962, sem teknar voru.

Í sambandi við fjáröflun til þeirra ráðstafana, sem þetta frv. fjallar um, vegna sjávarútvegsins o. fl., hafa hv. stjórnarandstæðingar talið m. a. að mætti nota eitthvað af greiðsluafgangi áranna 1962 og 1963. Varðandi árið 1962 er þegar búið að gera ráðstafanir um meginhl. hans, og ég ætla, að það þætti heldur óhyggileg ráðstöfun, ef Alþ. færi nú á fyrsta þingi, eftir að greitt hefur verið í þennan sjóð, að gera þessi merku lög að engu með því að taka úr honum það fé, sem í hann hefur verið lagt, og ráðstafa því til að mæta ýmsum útgjöldum á árinu 1964. En það, sem sumir hv. þm. virðast leggja mesta áherzlu á, er þetta: Þó að 210 millj. þurfi samkv. þessu frv. í ráðstafanir vegna sjávarútvegsins og almannatryggingarnar, þá er óþarfi að leggja á nokkra nýja skatta, því að á árinu 1964 munu tekjur ríkissjóðs fara mörg hundruð milljónir fram úr áætlun. Og hv. 1. þm. Austf. (EystJ) orðaði þetta svo, að núverandi fjárl. væru miðuð við það að fá stórkostlegar umframtekjur á árinu 1964.

Við skulum nú virða fyrir okkur, hvort fjárl. eru þannig samin og upp byggð, að gera megi ráð fyrir því sem öruggu, að tekjurnar verði mörg hundruð millj. umfram áætlun og þess vegna megi gera ráð fyrir þessum nýju útgjöldum án þess að afla nýrra tekna. Á árinu

1963 var innflutningur lengi fram eftir árinu geysilega mikill og hafði aukizt mjög verulega frá árinu 1962 og miklu meira en nokkurn hafði órað fyrir, þegar fjárlögin 1963 voru sett í des. árið 1962. Innflutningur suma mánuðina komst upp í það að verða milli 40 og 50% hærri en árið áður. En ef við tökum fyrstu 9 mánuði ársins, jan. til sept., að báðum meðtöldum, þá varð innflutningurinn 27% hærri en sömu mánuði ársins 1962. Í okt. breyttist hins vegar þessi þróun, og þann mánuð varð innflutningurinn ekki nema 7% hærri en í sama mánuði árið áður. Í nóv. var hann 1½% hærri en árið áður. Tölur um innflutning í des. liggja ekki enn fyrir, en eftir því sem horfir, má gera ráð fyrir, að innflutningurinn í des. hafi verið um það bil 5% hærri en í sama mánuði árið áður.

Af þessu yfirliti má gera ráð fyrir, að heildarinnflutningur ársins 1963 verði eitthvað í kringum 20% hærri en hann var á árinu 1962. Innflutningurinn hefur hins vegar minnkað mjög hlutfallslega síðustu 3 mánuði ársins. Nú byggjast tolltekjur fjárlaganna fyrir árið 1964 á því, að innflutningurinn á því ári verði um 6% meiri en hann varð raunverulega á árinu 1963. Eins og nú horfir, verður því að telja, að tekjuáætlun fjárlaganna að því er tolltekjurnar snertir, sem er langsamlega mestur hluti tekna ríkissjóðs, að sú tekjuáætlun sé það teygð í fjárlögunum, þar sem gert er ráð fyrir 6% meiri innflutningi í heild á árinu 1964 en varð á árinu 1963, að það væri mjög óvarlegt að gera ráð fyrir stórfelldum tekjum umfram það, sem fjárlögin gera ráð fyrir.

Ég ætla því, að þessar hugleiðingar sumra hv. þm. um, að það sé alveg óhætt að leggja yfir 200 millj. kr. ný gjöld nú á ríkissjóð án þess að ætla honum nokkrar tekjur á móti, — ég ætla, að þessar fullyrðingar eða spár fái engan veginn staðizt. Nú skal ég viðurkenna, að það er auðvitað í byrjun árs ógerningur að fullyrða um, hvernig þróunin verður um innflutning og tolltekjur. Þegar til þess er vitnað, að innflutningurinn hafi undanfarin ár, 1962 og 1963, orðið miklu meiri og þar með tolltekjur miklu hærri en fjárl. gera ráð fyrir, þá er vitanlega ekki hægt að ganga þannig út frá því, að svo hljóti að verða framvegis. Það má benda á það, að á árinu 1960 urðu tolltekjur lægri en áætlað var í fjárlögum. Og það má enn fremur benda á það, að innflutningsaukningin hefur orðið svo mikil á árinu 1963 og þenslan í framkvæmdum og atvinnulífi, að öllum er ljóst, að hér verður að stinga við fótum, enda þegar gerðar ýmsar ráðstafanir til þess, og sumpart hafa náttúrlega þær ráðstafanir, sem gerðar voru á s. l. hausti í banka- og peningamálum, haft sín áhrif, eins og þessar tölur varðandi síðustu 3 mánuði ársins um innflutninginn benda til.

Ég held, að eins og ástatt er nú í efnahagslífi þjóðarinnar, væri það alveg óverjandi að tefla á tvær hættur um afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Það væri óverjandi að eiga það á hættu, að greiðsluhalli kynni að verða á árinu 1964 hjá ríkissjóði. Ég vil því benda á þessi atriði til viðbótar því, sem hæstv. forsrh. tók hér fram í sinni framsöguræðu um það, að ógerningur og óverjandi sé að ætla að leggja á ríkissjóð yfir 200 millj. kr. ný útgjöld án þess að sjá fyrir tekjum á móti.

Hv. 5. þm. Austf. (LJós) beindi til mín tveim fyrirspurnum í ræðu sinni, og skal ég með ánægju svara þeim.

Hann spurðist fyrst fyrir um það, hvort ekki væri rétt að birta opinberlega, hvað hver innheimtuaðili, þ. e. a. s. hver verzlun eða annar aðili, sem sér um innheimtu söluskatts, skilaði miklum söluskatti. Það var í sambandi við fjárlagaumræður í des. 1961, sem þetta mál bar á góma, og lá þar fyrir tillaga um, að inn í fjárl. yrði tekið ákvæði í þessa átt. Ríkisstj. taldi það óþarft, en ég lýsti því yfir, að gerðar mundu ráðstafanir til þess, að slíkar skýrslur yrðu birtar, og árið 1962 var öllum skattstjórum og skattanefndum á landinu falið að birta skrá um álagðan söluskatt hvers innheimtuaðila. Og árið 1963, eftir að skattanefndir höfðu verið lagðar niður, voru sams konar fyrirmæli gefin öllum skattstjórum á landinu, og ég veit ekki annað en þetta hafi verið gert. Ég skal taka það fram, til þess að ekki verði úr þessu misskilningur, að vitanlega er þetta skýrsla um álagðan söluskatt. Það má vera, að hv. þm. eigi við innheimtan söluskatt, en það skiptir ekki máli í þessu efni vegna þess, að yfirleitt greiðist álagður söluskattur að fullu eða svo til, svo að þar er um sáralítil vanskil að ræða, þannig að ég ætla, að það fari nokkuð saman að öðru leyti en því, að eftir að söluskattur hefur verið á lagður og skráin verið birt, þá er skatturinn stundum endurskoðaður til hækkunar, ef gögn liggja fyrir um, að ástæða sé til slíks.

Nú vil ég til skýringar taka það fram, eins og kunnugt er, að söluskattur er gerður upp ársfjórðungslega, en þessar skrár eru að sjálfsögðu lagðar fram árlega, eða leið og skattskrár eru lagðar fram, um söluskattinn árið á undan. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef frá réttum aðilum, ætla ég, að þessu hafi verið framfylgt eins og til stóð og óskað var.

Þá spurði hv. þm. um það, hvort ég telji ekki tök á því að setja nýjar reglur til að tryggja, að álagður söluskattur komi til skila, og hv. þm. dró mjög í efa, að allur söluskattur kæmi til skila. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að samkv. söluskattsl. frá 1960 var skattstofunni eða skattstjóranum í Reykjavík falið að hafa umsjón með allri álagningu söluskatts um land allt, og hef ég nýlega beðið hann um skýrslu um þá framkvæmd, sem ég því miður hef ekki við höndina hér, en þar sem greinir ýtarlega frá því eftirliti, sem hann og hans starfsmenn hafa með höndum, og m. a. eru að sjálfsögðu framkvæmdar bókhaldsrannsóknir eins og þær, sem hv. 5. þm. Austf. talaði um. Hins vegar hefur það verið í undirbúningi nú undanfarið að gera

breytingar á eftirliti með framtölum. Og ég vil minna á það, að í fjárlagaræðunni 22. okt. komst ég svo að orði:

„Nú er unnið að því að koma á fót sérstakri eftirlits- og rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra til þess að hafa strangt og víðtækt eftirlit með framtölum og framkvæmd laga um tekju- og eignarskatt, útsvör, aðstöðugjöld og söluskatt."

Þessi eftirlits- og rannsóknardeild hefur sem sagt verið undirbúin og tekur mjög bráðlega til starfa, og henni er ætlað þetta verkefni, að reyna að koma á sem öruggustu eftirliti með framtölum og framkvæmd laga um öll þessi atriði, tekju- og eignarskatt, útsvörin, aðstöðugjaldið og söluskattinn. Enda er það þannig í reynd, að oft og tíðum veitir það þýðingarmiklar upplýsingar einmitt að bera saman allt þetta hjá atvinnurekanda eða innheimtuaðila, sem um er að ræða, bæði tekjuskattinn, útsvörin, aðstöðugjaldið og söluskattinn.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, sem hér liggur fyrir, þar sem hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvmrh. hafa gert því svo glögg skil.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég held, að það sé vafasöm þýðing þessara löngu ræðna, og það væri ekki svo mikil fjarstæða af þm. að setja metnað sinn í að segja mikið efni í fáum orðum í staðinn fyrir að segja mikið efni í mörgum orðum eða jafnvel lítið efni í mörgum orðum. Og þeir menn, sem bezt hafa kunnað orðsins list, eins og Perikles og slíkir, töluðu alltaf stutt, en það var alltaf tekið eftir því, sem þeir sögðu. Það væri ekki svo vitlaust af okkur hér í þinginu að vera stuttorðir, en vera inni, meðan talað væri, og þá yrðu þessi fáu orð áhrifameiri en löngu ræðurnar.

Það eru örfá atriði, sem ég vildi leyfa mér að benda á, áður en málið fer til nefndar, því að við vitum, að það er erfitt að fá breytingar gerðar, eftir að nefndir hafa skilað áliti. Og við vitum það einnig, að það er erfitt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að hafa áhrif á gang mála, og það er ef til vill mannlegt og eðlilegt.

Ég vildi í fyrsta lagi benda á, að aðstaða frystihúsanna er geysilega misjöfn. Þau, sem hafa smáfiskinn, eru verr sett. Ég hygg, að vinnan við að vinna smáfiskinn sé allt að því þrefalt meiri og þar að auki nýtist fiskurinn miklu verr. Ég skal ekki fullyrða, hver sanngjarn verðmunur er, en ég er viss um, að það má muna þriðjungi á verði hráefnisins og jafnvel 2/5 hlutum, til þess að það beri sig jafnvel að vinna þennan lélega fisk. Þeim mun meira magn, þeim mun betur ber frystihúsið sig yfirleitt. Afkoma frystihúsanna er geysilega misjöfn, og mörg þeirra eru algerlega að gefast upp. Það er staðreynd, að dreifbýlinu er að blæða út.

Ég vildi skjóta þessari aths. fram til þeirrar nefndar, sem hefur með þetta að gera, og til ríkisstj., að þetta verði athugað. Þeir, sem hafa stóra fiskinn, bera sig ekki illa. Ég er dálítið kunnugur rekstri frystihúsa og hef talað við marga, sem hafa rekið þau. Þeir, sem hafa góðan fisk, segja mér, að þeir hafi ekki undan neinu að kvarta og þeir telja vinnslukostnaðinn vera það mikið aukaatriði, að það skipti ekki öllu, hvort unnið sé í næturvinnu eða dagvinnu. En vinnslukostnaðurinn er ekkert aukaatriði fyrir þá, sem hafa lélega fiskinn. Þetta er geysilega mikið atriði. Annað, sem kemur til greina, er það, að það er vitað, að þau frystihús, sem vinna síldina, hafa allt aðra aðstöðu en hin, því að síldin, sem er látin í frost, það er svo lítið borgað fyrir hana og útgerðarmenn eru stórlega féflettir. Það ætti að vera hægt að bæta hag þeirra með því að hækka síldarverðið. Sama er að segja um saltsíldina. Þeir, sem tekst söltun vel, stórgræða, jafnvel þótt útgerðin riði. Þetta er ekkert lítið atriði.

Annað atriði, sem ég vildi benda á, er, að það er með þessu frv. gert ráð fyrir því, að stofnlánadeild sjávarútvegsins ráði þessu eða seðlabankastjórnin. Þetta eru þeir menn, sem standa hvað fjærst alþýðu manna í landinu og hafa minnst samband við hana, og satt að segja finnst mér bankavaldið vera nóg í þessu landi, þó að þessum herrum sé ekki fengið algert einræði í þessum efnum. Sjútvmrh. semur vafalaust einhverjar reglur, en í framkvæmdinni mun það verða þannig, að þessir menn ráða hlutunum að miklu leyti. Mér væri það miklu ljúfara, að stjórn aflatryggingasjóðs hefði með þessi mál að gera. Þeir eru kunnugir þessum málum, betur en líklega nokkrir aðrir, og fylgjast með afkomu hinna einstöku landshluta og hinna einstöku frystihúsa betur en flestir aðrir, og það geta allir komið til þeirra og talað við þá, ef þá langar til, þetta eru alþýðlegir menn.

Það er ekki gert ráð fyrir því, að fiskurinn hækki í verði samkv. þeim úrskurði, sem þegar liggur fyrir. Ég veit, að sjómenn eru mjög óánægðir með þetta. Ég er nú ekki mikill kröfumaður, því að allar þessar blessaðar kröfur í okkar þjóðfélagi hafa verkað þannig, að menn bera, þegar upp er staðið, lítið úr býtum, þetta er tekið af þeim aftur. En ég held, að það, sem bezt væri gert fyrir útgerðina, væri að lækka vextina hjá fiskveiðasjóði úr 6½% í 4%. Ég get sagt ykkur, að það er algerlega vonlaust með báta, sem kosta 10—12 millj., að borga 6½% vexti og þær afborganir, sem á þeim hvíla, það er gersamlega vonlaust mál, og þið sannið, að eftir 1—2 ár verða svo að segja allir bátaeigendur orðnir vanskilamenn. Þá liggur ekki annað fyrir en annaðhvort selja bátana eða leyfa þeim að vera áfram vanskilamenn. Það skapar algert vonleysi hjá útgerðarmönnum að borga þessa háu vexti. Það er miklu nær að gera þær ráðstafanir strax, sem gerir þeim fært að vera skilamenn, heldur en gera þá að vanskilamönnum. Þetta tel ég ekki lítið atriði, og ef ríkisstj. gerði þetta, þá mundi sú ráðstöfun vera mjög jákvæð fyrir útgerðarmennina. Það

gæti einnig komið til greina að lengja afborgunartímann í fiskveiðasjóði, það gæti líka hjálpað, og sennilega þyrfti að gera hvort tveggja, til þess að útgerðarmönnum takist að standa í skilum.

Það eru þessi atriði, sem ég vildi leyfa mér að benda á, áður en málið fer til n., og skal svo ekki fjölyrða meira um þessi atriði.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék hér nokkuð að því, sem hér hefur verið sagt um fjárhagsafkomu ríkissjóðs og þá möguleika, sem hann hefur á því að standa undir þeim fjárhagsskuldbindingum, sem hann hefur hingað til átt að standa undir. Ég hafði haldið því hér fram í þessum umr. áður, að a. m. k. greiðslur, sem nema 82 millj. kr., af þeim, sem nú er gert ráð fyrir að leggja á nýjan skatt fyrir, hafi hingað til raunverulega tilheyrt ríkissjóði, þ. e. a. s. 55 millj. kr. til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands og 27 millj. kr., sem eru aukagreiðslur vegna almannatrygginganna. Slíkar greiðslur sem þessar, greiðslur vegna almannatrygginga og greiðslur til lækkunar á vöruverði, hafa hingað til tilheyrt ríkissjóði og ríkissjóður hefur haft tekjustofna til þess að standa undir greiðslum sem þessum. Það er auðvitað enginn vafi á því, að afkoma ríkissjóðs hefur verið með þeim hætti að undanförnu, að allt bendir til þess, að ríkissjóður geti mjög vel staðið undir þessum greiðslum og þótt þær væru hærri en þarna er um rætt, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um afkomu ríkissjóðs.

Hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til þess að neita því, að hagur ríkissjóðs hefði verið góður á árinu 1962 og 1963, enda hygg ég, að hann eigi eftir við annað tækifæri að gera ekki svo lítið úr því, hvað afkoman hafi orðið góð. En hann vildi hins vegar draga það mjög í efa, að réttar væru tilgátur manna hér um það, að búast mætti við allverulegum tekjuafgangi hjá ríkissjóði einnig á yfirstandandi ári, og hann benti þar á sínu máli til stuðnings, að tolltekjur ríkissjóðs væru við það miðaðar í fjárlagafrv., að þá yrði um að ræða innflutning, sem væri um 6% meiri en hann varð á árinu 1963. En með þessu sagði hæstv. fjmrh. ekki nema hálfa sögu, held ég, því að sú breyting var gerð á, þegar verið var að áætla væntanlegar tolltekjur ríkissjóðs og lítið var á innflutningsmagnið, þá var gerð stórkostleg breyting á því, hvernig ráðgerður var innflutningurinn, þ. e. a. s. gert var ráð fyrir því, að á árinu 1964 yrði samsetning innflutningsins með allt öðrum hætti, miklu meira yrði flutt inn af vörum, sem liggja í lágum tollflokki. Engar sérstakar ástæður liggja í raun inni til að gera þessa tilfærslu, en þetta var gert vitanlega til þess að áætla tolltekjurnar lægri en allar líkur benda til að verði. Auk þess er það svo, að það er auðvitað mjög ósennilegt, að innflutningsmagnið vaxi ekki um meira en 6%, þegar það er haft í huga, að nú hafa orðið mjög verulegar launahækkanir hjá flestum starfshópum í landinu, en vitanlega leiðir af auknu kaupi óskir um meiri innflutning til landsins og vörusalan hlýtur að aukast. Það er rétt, að það dró nokkuð úr innflutningi á vörum til landsins síðustu 3 mánuðina, en hæstv. fjmrh. minntist ekki á það, að til þess lágu líka alveg ærnar ástæður. Meginhlutann af þessu tímabili voru yfir verkföll í landinu eða stóðu yfir, fjölmennari og almennari verkföll en hér hafa áður átt sér stað. Þetta ástand vitanlega dró nokkuð úr eyðslu eða kaupum í landinu. Þetta hafði sín áhrif. En síðan hefur nú verið samið um kaup hækkanir til viðbótar við þær, sem áður höfðu orðið, og þær eiga vitanlega allar eftir að segja til sín í kaupmætti á næsta ári. Nei, ég held, að það sé rétt, sem hér hefur verið sagt, að það bendir allt til þess, að tekjuafgangur verði allríflegur hjá ríkissjóði, einnig á yfirstandandi ári, eins og hann var bæði á árunum 1962 og 1963.

En þá er hlaupið til þess að koma jafnvel með hagfræðilegar kenningar og slá því föstu, að allir menn yfirleitt í vestrænum löndum séu nú sammála um það, að þegar viss skilyrði séu fyrir hendi, eigi ríkissjóður fremur að safna í sjóði. Um þetta séu menn ásáttir. Mér datt í hug í þessu sambandi að minnast á það, að ég hafði alveg nýlega lesið mjög merkilega bók eftir einn af þekktustu hagfræðingum á Norðurlöndum, sænska hagfræðinginn Gunnar Myrdal, þar sem hann einmitt var að taka þetta atriði og fletta því í sundur og hæðast að þessu og benda á það, að fullyrðingar ýmissa hagfræðinga um þetta efni hefðu verið stórlega misnotaðar. Hann benti á það, að vitanlega væri ekki hægt að slá neinu föstu um það, að greiðsluhalli hjá ríkissjóði eða greiðsluafgangur réði úrslitunum um rekstur efnahagslífsins í viðkomandi landi. Reynslan hefði þegar sýnt, að hitt skipti miklu meira máli upp á heildarafkomu í efnahagskerfinu, hvernig tekizt hefði í viðkomandi landi að stjórna til þess að fullnýta alla framleiðslumöguleika í landinu og til þess að fullnýta allt vinnuafl, sem fyrir er í landinu.

Þensluástand getur vitanlega skapazt undir misjöfnum kringumstæðum. Sannleikur málsins er sá, t. d. hér hjá okkur, að það gæti verið ríkjandi þensluástand hér vegna mikilla framkvæmda, t. d. byggingarframkvæmda og annars þess háttar, þó að allverulegur hluti af okkar fiskiskipastól lægi ónotaður. Slíkt vitanlega mundi ekki leiða til farsælla lykta í okkar efnahagslífi. Og þó að á þeim tíma, sem þannig væri á málum haldið, væri hægt að sýna, að ríkissjóður hefði komið þannig út, að safnað hefði verið í sjóði hjá ríkinu, þá hefði það vitanlega ekki sýnt góða stjórn á efnahagsmálum þjóðarinnar, síður en svo. Það, sem skiptir ábyggilega langsamlega mestu máli um stjórn efnahagsmálanna, er að halda þannig á málunum, að framleiðslutæki þjóðarinnar séu fullnýtt og allt það vinnuafl sé nýtt á hinn hagkvæmasta hátt, sem þjóðin ræður yfir.

Hjá okkur hagar þannig til, að við þurfum sérstaklega að gæta að því, að framleiðslutæki okkar séu notuð. Það hefur mjög borið á því á vissum tímum, að þannig hefur tekizt til, að vinnuaflið hefur sogazt frá framleiðslustörfunum og of mikið til vissra fjárfestingarstarfa annarra, þannig að efnahagskerfinu hefur verið búin nokkur hætta af þessu. Og ég held, að þau vandamál, sem hér hafa verið rædd nú í kvöld í sambandi við vandamál sjávarútvegsins, séu einmitt þess eðlis, að það beri að athuga þau út frá þessu sjónarmiði. Núna háttar einmitt þannig til, að það er verið að gera ráð fyrir því, að það eigi að búa þannig að sumum greinum okkar sjávarútvegs, að það er mjög vafasamt um, að t. d. fiskibátafloti landsmanna verði notaður, og það er mjög vafasamt um, að við fáum sjómenn til að stunda þar sín störf með þeim kjörum, sem þeim er þar boðið upp á. Hins vegar er allt, sem bendir til þess, að þó að sjómennirnir hlypu af bátunum, útgerðarmennirnir gæfust upp við að reka bátana við óbreytt fiskverð, þá gætu sjómennirnir flestir hverjir fengið talsvert mikið af vinnu við ýmis önnur störf í landinu, þar sem kauphækkun hefur átt sér stað og þar sem betur er borgað. Það er einmitt þetta hættumál, sem nú vofir yfir og þarf að gæta að, og því er í rauninni alveg tilgangslaust að ætla, eins og ég hef bent hér á, að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir, í þeim búningi, sem það nú er. Hér er aðeins gert ráð fyrir því að veita fiskkaupendum í landinu nokkra fyrirgreiðslu og togaraeigendum, en það er hlaupið fram hjá hinu vandamálinu, sem snýr að rekstri bátaflotans í landinu og þorskveiðunum, sem snýr að því að tryggja það, að sjómenn fáist til starfa bæði á togurum og bátum. Fram hjá þeim vanda er hlaupið.

Það er enginn vafi á því, að það, sem hefur á undanförnum árum í okkar efnahagsmálum verið erfiðast viðureignar og hættulegast, er vöxtur dýrtíðarinnar. Það er hin sífellda verðlagshækkun innanlands, sem hefur óneitanlega og skiljanlega kallað á kauphækkanir. Vitanlega ber enginn maður á móti því, að þegar síðan kemur til kauphækkunar á eftir mikilli verðlagshækkun, leiðir einnig af þeirri kauphækkun nýja hækkun í ýmsum greinum í efnahagslífinu. Við vitum, að hækkað kaup verkamanna leiðir til þess, að afurðaverð landbúnaðarins hlýtur að hækka, um leið og laun bænda hækka til samræmis við hækkað kaup, og þannig er vitanlega ástatt í ýmsum fleiri greinum, hvergi hægt að komast hjá því. Um leið og kaup t. d. járniðnaðarmanna eða trésmiða hækkar vegna áður hækkandi verðlags, gefur það auga leið, að þá hækkar vitanlega viðgerðarkostnaður t. d. á bátum og vélum. Það er ekki hægt að komast hjá því. En vandinn hefur legið í því, að sú stefna hefur verið ríkjandi hjá okkur, sem hefur talið það næsta eðlilegt, að fram gengju ýmsar verðhækkanir í landinu, en jafnframt hefur verið reynt að sporna gegn því, að kaupið hækkaði á eftir, að afleiðingin af verðhækkunum næði síðan fram að ganga. En það hefur vitanlega ekki tekizt, kauphækkanirnar hafa komið á eftir.

Hæstv. forsrh. vildi taka þessi orð mín svo, að þau væru í rauninni viðurkenning á því, að auðvitað væri það rétt, sem þeir væru að halda fram, að vegna kauphækkana kæmu síðan verðhækkanirnar. Hæstv. forsrh. getur vitanlega ekki neitað því, að ríkisstj. hefur á undanförnum árum verið að gera ýmsar þær ráðstafanir, sem hafa leitt til hækkandi verðlags í landinu, en ekki hafa átt neitt skylt við hækkandi kaupgjald. Ég nefni t. d. hækkun á vöxtum. Var það hækkað kaupgjald í landinu, sem rak ríkisstj. til að hækka alla vexti? Nei, en vaxtahækkunin vitanlega leiddi til þess, að allir kaupsýslumenn hækkuðu sinn varning vegna aukins vaxtakostnaðar. Vaxtakostnaðurinn við að hafa hækkandi vexti leiddi líka til þess, að útgjöld t. d. atvinnufyrirtækja eða útgerðarinnar í landinu hækkuðu vegna hækkandi vaxta, og það vitanlega olli þessari atvinnugrein erfiðleikum. Það var ekki heldur vegna hækkaðs kaupgjalds, að ríkisstj. brá við og samþykkti að afnema verðlagsákvæði á verðlagningu á ýmiss konar varningi og ýmiss konar þjónustu í landinu. Ríkisstj. samþykkti verðhækkanir án þess að til grundvallar lægju nokkrar sérstakar kauphækkanir. Ríkisstj. hefur einnig staðið fyrir því að auka álögur í mjög stórum stíl á landsmenn, sem hafa vitanlega leitt til hækkandi verðlags. Söluskattarnir, sem ríkisstj. hefur verið að leggja á, hafa vitanlega leitt til hækkandi verðlags, og það hefur ekki verið hægt að tengja þessa söluskatta sérstaklega við kaupgjaldsbreytingar. Þannig er hægt að nefna mörg önnur dæmi.

Sannleikurinn er sá, að stefna ríkisstj. hefur verið sú að leyfa verðlagshækkanir og standa beinlínis fyrir verðlagshækkunum, og það eru þær, sem hafa leitt til kauphækkananna. Fram hjá þessu er ekki hægt að komast. Og það frv., sem hér liggur fyrir nú, ég veit það, að það verður túlkað þannig í Morgunblaðinu, eins og hæstv. forsrh. hefur í rauninni túlkað það hér í þessum umr., að það verður sagt: Hér er um 210 millj. kr. nýjar álögur að ræða. Þessar nýju álögur og þessar nýju verðhækkanir, sem af þeim leiðir, þetta er allt saman kauphækkuninni frá því í des. að kenna. — En hér er verið að afla tekna m. a. til að greiða togaraútgerðinni í landinu 55 millj. kr. Ætla einhverjir að halda því fram, að það þurfi að greiða togaraútgerðinni í landinu 55 millj. kr. vegna kauphækkananna, sem urðu í desembermánuði? Auðvitað er það hrein fjarstæða að halda því fram. Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því, að af þessum 210 millj. kr. verði varið 55 millj. kr. til að halda áfram niðurgreiðslum á vörum innanlands, sem ríkissjóður hefur greitt niður hingað til og hefur haft tekjustofn til að halda niðri. En nú á sem sagt

að leggja á nýjan skatt, og síðan á að hamra á því í Morgunblaðinu og í ræðum ráðh., að þessi nýi skattur sé allur afleiðing af kaupgjaldshækkununum, sem samþykktar voru í desembermánuði. Hér er vitanlega verið að segja ranglega frá hlutunum. Það, sem hér er í gangi, er þessi gamla stefna ríkisstj., að hún er létt á sér, þegar um það er að ræða að leggja á nýjar álögur, hækka verðlagið í landinu, þá er hún létt á sér, þá er hún fljót til. En svo þegar hækkandi verðlagi verður aftur svarað af launþegum í landinu með því að fara fram á hækkað kaup, ætlar allt um koll að keyra. En það þýðir ekkert fyrir ríkisstj. að neita þessari staðreynd lengur. Afleiðingarnar af hækkandi verðlagi verða hækkað kaupgjald, og sá vandi leggst síðan fyrr en varir til útflutningsframleiðslunnar í landinu.

Svo er í þessum efnum sífellt verið að klifa á því, að það eigi ekki að fara fram svona launahækkanir, eins og t. d. hafa átt sér stað núna í desembermánuði s. l., heldur eigi að reyna að koma fram raunhæfum kauphækkunum. Hvað eru raunhæfar kauphækkanir? Það, sem ríkisstj. bauð snemma í þessu verkfalli í desembermánuði, þegar talað var um að hækka kaupið frá 4—8%, það voru raunhæfar kauphækkanir. En gerði ekki ríkisstj. sér grein fyrir því, um leið og hún lagði þessa till. fram, að það þyrfti að afla nýrra tekna upp á yfir 200 millj. kr. vegna tekjuþarfa ríkissjóðs og til þess að styrkja útflutninginn, alveg eins og nú er lagt til, þó að þá væri talað um miklu minni kauphækkun? Ætli hefði þá staðið á því að fara sömu leiðina, þó að það væri verið að tala um raunhæfar kauphækkanir? Nei, það, sem skiptir vitanlega máli í þessum efnum, er, að þegar samið hefur verið um kauphækkun sem beina afleiðingu af þeirri verðlagsþróun, sem orðið hafði, það er það, að á eftir sé reynt af ríkisvaldsins hálfu að haga ráðstöfunum á þá lund, að reynt verði allt, sem mögulegt er, til að koma í veg fyrir áframhaldandi verðlagshækkanir. Og það hefði verið auðvelt verk, eins og ég hef bent á áður í þessum umr., að veita útflutningsatvinnuvegunum þann stuðning, sem nú er gert ráð fyrir að þurfi að veita þeim, án þess að hefði þurft að koma til nýrrar skattaálagningar. Það hefði verið hægt eftir öðrum leiðum, sem ég hef bent hér áður á í þessum umr. En ríkisstj. hefur ekki viljað fara þær leiðir, hún hefur frekar kosið gömlu verðhækkunarleiðina, sem vitanlega leiðir af sér nýjar kaupkröfur síðar.

Þá talaði hæstv. forsrh. nokkuð um það, að ríkisstj. hefði alltaf haft mikinn vilja til þess, að laun þeirra lægst launuðu í hópi verkamanna yrðu nokkuð hækkuð, en þar hefði hreinlega staðið á verkalýðssamtökunum sjálfum. Þetta er, eins og hann veit mætavel, algerlega rangt. Það stendur t. d. ekkert á því, að hann megi færa nú í dag ef hann vill beita sér fyrir því innan ríkisstj., þeim lægst launuðu nokkra viðbótarhækkun — það mótmælir því enginn — til þess að rétta nokkuð hag þeirra. Hitt er sannleikur málsins, að þeir lægst launuðu í landinu hafa jafnan neitað því að setja sig og sín samtök gegn því, að ýmsir aðrir starfshópar í landinu fengju líka leiðréttingu sinna mála. Það er allt annað mál. Það er vitanlega óeðlilegt að fara fram á það við samtök hinna almennu verkamanna eða heildarsamtökin í landinu, Alþýðusamband Íslands, að þau eigi að standa gegn því, að t. d. vissar starfsgreinar iðnaðarins fái einhverjar launabætur líka. Enda er það margföld reynsla, þegar samið hefur verið sérstaklega um kaup hinna óbreyttu verkamanna og samningarnir hafa ekki á neinn hátt verið tengdir samningum t. d. við iðnaðarmenn, þá hefur síður en svo staðið á því hjá vinnuveitendum iðnaðarmanna að semja um tilsvarandi eða jafnvel enn þá meiri hækkun iðnaðarmönnum til handa. Og það vita allir, að yfirborganir á umsömdum kauptöxtum eru enn þá meiri til iðnaðarmanna í landinu heldur en til óbreyttra verkamanna, svo að atvinnurekendurnir hafa í þessum efnum séð um þetta sjálfir.

Ég skal svo ekki ræða öllu meira um þetta mál. Þó vildi ég aðeins segja það hér að lokum, sem ég reyndi að leggja aðaláherzlu á hér í minni fyrri ræðu, að ég tel, að það sé ekki hægt að ljúka afgreiðslu þessa máls í þeim búningi, sem það er nú. Það er óhjákvæmilegt, um leið og reynt er að leysa hér að nokkru vandamál fiskkaupenda og togaraeigenda, að þá sé um leið snúizt við þeim vandamálum, sem steðja að bátaútvegsmönnum í landinu og bátasjómönnum í landinu og togarasjómönnum. Það verður að leysa vandamál þessara aðila útgerðarinnar um leið og hinna. Og mér fannst þeir hæstv. ráðh., sem hér komu nú aftur í ræðustól og ræddu aftur um þessi mál, vikju sér alveg ótrúlega mikið undan þessu vandamáli. Þeir vildu halda hér uppi umræðum um ýmislegt annað, sem hér hefur borið á góma í þessum umr., en vildu hafa sem fæst orð um þetta atriði málsins, en þetta tel ég höfuðatriðið. Það er engin leið að skilja þannig við þetta mál, að ekki sé fundin lausn á vandamálum þessara aðila, því að vitanlega kemur ekki til mála að skilja þannig við málið að bjóða bátasjómönnum upp á það, að þeir skuli starfa enn miðað við óbreytt kaupgjald eða sama fiskverð og gilti á s. l. ári, til þess yrði hlutur þeirra þá allt of lélegur borið saman við hlut annarra starfsstétta í landinu, og það er ómögulegt annað en af þessu leiddi, að sjómönnum fækkaði við þorskveiðarnar og þorskveiðarnar mundu dragast saman. Ég hugsa, að þetta kæmi ekki aðeins þannig út, að þjóðarheildin tapaði miklu á slíku, heldur mundu einnig fiskkaupendur í landinu finna sárt til þess, því að það skipti fiskkaupendur í landinu, frystihúseigendur, ekki minna máli að fá mikið hráefni til vinnslu heldur en það, þótt þeir fái slíkan styrk, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Á það ber því að leggja áherzlu við afgreiðslu þessa máls hér í þinginu, að þessi hluti vandamálsins verði ekki síður leystur en hinn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hún skal sannarlega vera stutt, athugasemdin. Ég ætla aðeins að segja, að hafi menn verið í vafa um það, áður en hæstv. fjmrh. talaði hér áðan, að það væri eindregin stefna hæstv. ríkisstj. að stefna að verulegum greiðsluafgangi í ríkisbúskapnum, sem yrði lagður inn í efnahagskerfið til jafnvægis, — hafi menn verið í vafa um þetta, áður en hann talaði hér áðan, þá þurfa menn ekki að vera í neinum vafa nú eftir þessa ræðu. Kemur þetta alveg heim og saman við það, sem ég og fleiri höfum haldið fram að liggi til grundvallar fyrir þeirri nýju skattálagningu, sem hér er ráðgerð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 210 og 212, 211, 213).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. Nd. hefur haft þetta frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. til meðferðar. Til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins þótti rétt að bjóða fulltrúa frá Alþb., sem ekki á sæti í þessari n., að fylgjast með störfum n., og tók hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, þannig þátt í störfum n. við athugun málsins. Það kom hins vegar í ljós, að n. gat ekki haft samstöðu um afgreiðslu málsins, og hefur minni hl., þeir hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 11. þm. Reykv., skilað sérálíti á þskj. 210.

Það eru engin ný sannindi, þó að sagt sé, að framleiðsla sjávarafurða í landinu hafi nokkra sérstöðu og raunar algera sérstöðu miðað við aðrar atvinnugreinar í því, að hún verður að treysta á erlendan markað nær eingöngu með sölu á sinni framleiðslu. Þetta leiðir af sér, að þessi framleiðsla er í harðri samkeppni á erlendum mörkuðum við sams konar vörur, sem þar eru boðnar frá öðrum þjóðum. Þar kemur tvennt til, sem hefur mikla þýðingu. Það eru í fyrsta lagi gæði vörunnar, í öðru lagi verðlagið. Að því er snertir gæði vörunnar, má óhætt segja, að íslenzkar sjávarafurðir standi þar vel að vígi í samkeppni við sams konar afurðir annars staðar frá, og það mun yfirleitt vera svo, að gæði íslenzkra sjávarafurða standist fullkomlega samanburð við sams konar vörur á erlendum markaði.

Öðru máli gegnir um verðlagið. Þar er samkeppnisaðstaðan nokkru erfiðari, og þar hefur framleiðslukostnaður afurðanna úrslitaáhrif, en einn veigamesti þátturinn í framleiðslukostnaðinum er vinnslukostnaðurinn auk verðs á hráefni. En veigamikill liður í vinnslukostnaðinum er aftur á móti vinnulaun, sem greidd eru til þeirra, sem starfa beint eða óbeint að vinnslunni, og hafa því breytingar á vinnulaunum mikil áhrif á framleiðslukostnaðinn og þar með á samkeppnisaðstöðuna á erlendum markaði.

Þær ráðstafanir, sem gerðar voru með efnahagsmálalöggjöfinni 1960, miðuðu að því að tryggja sjávarútveginum rekstrargrundvöll og að atvinnugreinarnar störfuðu þá á jafnvægisgrundvelli við eðlilega samkeppnisaðstöðu innbyrðis. Það var ætlun ríkisstj. frá byrjun að halda þessari stefnu, og voru í upphafi m. a. felldar niður uppbætur til útflutningsframleiðslunnar, og margvíslegar aðrar ráðstafanir voru gerðar í því skyni að skapa betri skilyrði fyrir framleiðslu og sölu sjávarafurðanna og eðlilegt jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Allt fram á árið 1963 má segja, að sjávarútvegurinn í heild hafi haft hagstæðan starfsgrundvöll, enda er því ekki að neita, að náttúran var einnig á þessu tímabili hagstæð og gjöful að því er fiskaflann snertir, og það átti vissulega sinn þátt í því að skapa þetta ástand. En við höfum áður haft reynslu af því, að jafnvel mikill afli og góð náttúruskilyrði nægðu ekki til þess að skapa öruggan starfsgrundvöll fyrir útveginn. Togararnir hafa hér þó nokkra sérstöðu. Þegar á árinu 1961 komu í ljós erfiðleikar í rekstri togaranna, sem voru þá kenndir að nokkru leyti aflabresti, en hjá þeim, sem togaraútgerð stunduðu, kom einnig fram sú skoðun, að að hluta a. m. k. væru erfiðleikarnir því að kenna, að togurunum hafði verið mismunað í uppbótakerfinu, sem gilti á árunum eftir 1950 og talið var að hefði bitnað á togurunum.

Svo sem hæstv. sjútvmrh. gat um í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins, hefur á undanförnu ári farið fram athugun á hag og afkomu og rekstri togaraútgerðarinnar. Ég átti þess kost að taka þátt í þessari athugun. Slík athugun sem þessi, gerð á tiltölulega skömmum tíma, hlýtur að hafa sín takmörk. Hún takmarkast við athugun á vissum þáttum og er því ekki algild, en hún leiddi þó í ljós viss atriði, sem eru mjög athyglisverð.

Ef við lítum fyrst á afla togaranna og þá aflarýrnun, sem hefur orðið í þeirra rekstri nú undanfarin ár, var það ljóst þegar frá byrjun og raunar gengið vitandi vits að því, þegar landhelgin var færð út í 12 mílur, að togararnir mundu hljóta af því nokkurt áfall. En þar urðu heildarhagsmunir að sitja í fyrirrúmi og buðu þá útfærslu í 12 mílur, eins og framkvæmd var. En eins og ég sagði áðan, var það fyrirsjáanlegt, að áhrifin mundu bitna að nokkru leyti á togurunum — og hafa einnig komið fram í minnkandi afla þeirra. Þegar á árinu 1958, áður en útfærslan kom til, var gerð tilraun til að meta, hversu mikið þetta aflatap togaranna mundi geta orðið. Það var þá ljóst og er ljóst síðan, að það er mjög erfitt að meta slíkt nákvæmlega. Það eru ýmis atvik, sem koma þar til greina. En við þær aðstæður, sem þá voru og gengið var út frá við þá athugun, komust menn að þeirri niðurstöðu, að við venjulegar kringumstæður mætti gera

ráð fyrir, að togari mundi hafa misst um 600 lestir af ársafla sínum vegna útfærslunnar. En menn vonuðu þá, að afli á fjarlægum miðum mundi geta bjargað a. m. k. nokkru, ef ekki öllu, í þessu efni, og má segja, að það hafi ekki verið óeðlilegt miðað við þá þróun, sem hafði verið í þeim aflabrögðum einmitt á árunum 1958 og 1959, því að á árinu 1958 fengu togararnir nær 54% af sínum afla á fjarlægum miðum. Árið 1959 hækkaði þessi hlutfallstala upp í rúmlega 60%. En þegar á árinu 1960 varð ljóst, að hér var að verða breyting á, og raunar seint á árinu 1959 eða seinni part ársins 1959 kom í ljós, að þær vonir, sem menn höfðu gert sér um mikinn afla á fjarlægum miðum, rættust ekki, því að árið 1961 fór þetta hlutfall niður í nær 30% og 1962 niður í 23%, en 1963 liggja ekki fyrir neinar tölur, en það er ekki gerandi ráð fyrir því, að hlutfallið hafi verið hærra á því ári en varð á árinu 1962.

Fjarlægu miðin hafa sem sagt ekki gefið þann afla, sem menn höfðu vonað. Af því hefur aftur leitt, að togararnir eru þeim mun háðari heimamiðunum en gert var ráð fyrir á þeim tíma, þegar landhelgin var framlengd. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á þýðingu heimamiðanna fyrir togarana og þar með þýðingu útfærslu landhelginnar fyrir afkomumöguleika og aflamöguleika togaranna. Þetta er nauðsynlegt að menn hafi í huga, þegar reynt er að meta afkomu togaranna og afkomuhorfur.

Annað atriði, sem kom í ljós við þessa athugun, var, þegar gerður var samanburður við erlenda togara, sem stunda veiðar á sömu miðum, skip af sömu stærð og sömu gerð, og gerð var athugun á vinnufyrirkomulagi um borð í skipunum. Það liggur óvefengjanlega fyrir, að erlendir togarar af sömu stærð og gerð og á sömu miðum hafa slíkt fyrirkomulag um borð í sínum skipum, sem gerir þeim kleift að hafa mun færri menn á skipunum en tíðkast á íslenzku skipunum. Áður fyrr var það nokkurn veginn regla, að íslenzku skipin öfluðu meira og mun meira við sambærilegar aðstæður en erlendu skipin. Og það má þá segja, að miðað við það hafi ekki verið óeðlilegt að hafa fleiri menn til þess að vinna að aflanum um borð. Þetta virðist nú því miður vera breytt á seinni árum. Ef borinn er saman afli íslenzku skipanna við afla erlendu skipanna við sambærilegar veiðar og sambærileg skip, þá er ljóst, að það er mjög svipað og sennilega ekki meira hjá íslenzku skipunum, þannig að afli allra skipanna hefur minnkað, en íslenzku skipanna þó meira. En það er hins vegar einnig ljóst af upplýsingum, sem fyrir liggja, að hinir erlendu sjómenn fá meiri tekjur miðað við sömu aðstöðu, og liggur það vafalaust í vinnufyrirkomulaginu um borð. Nú tíðkast það mjög að ræða um vinnuhagræðingu, framleiðsluaukningu hjá atvinnuvegunum, og hér er vissulega verðugt verkefni fyrir viðkomandi aðila og sérfræðinga á þessu sviði.

Mjög athyglisvert er í þessu sambandi að líta á það, sem gerzt hefur í síldveiðiflotanum. Þar hefur breytt veiðitækni og betri tæki gert það mögulegt að fækka mönnum á skipunum um nær 40%, jafnhliða því að vinnan er gerð léttari, en aflinn hefur þó aukizt. Hér gildir það, eins og í öllum atvinnurekstri, að laga sig eftir breyttum tímum og breyttum aðstæðum.

Eins og ég gat um áðan, sýnir þessi athugun að sjálfsögðu ekki öll vandamál þau, sem togaraútgerðin á við að stríða, skýrir ekki að öllu leyti þann hallarekstur, sem á skipunum er og hefur verið, en ég mundi segja, að þetta væru tvö mjög veigamikil atriði, sem ómögulegt er að líta fram hjá, þegar þessi mál eru athuguð.

Hin mjög lélega afkoma togaraútgerðarinnar hefur gert það óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða til að forða því, að sú útgerð stöðvaðist, því að togararnir eru enn veigamikill liður í framleiðslustarfseminni. Það hefur verið gripið til þess undanfarin ár að greiða styrki í viðbót við það, sem aflatryggingasjóður hefur greitt fyrir árin 1961 og 1962, en einnig er gert ráð fyrir því, að þessar greiðslur haldi áfram í svipuðu formi og áður fyrir árið 1963.

Á árinu 1963 varð sú þróun í kaupgjaldsmálum í landinu, sem hafði úrslitaþýðingu fyrir sjávarútveginn. Það var augljóst, að þessi atvinnuvegur, sem eins og ég gat um áðan byggir afkomu sína öðrum þræði á því að selja afurðir sínar á erlendum mörkuðum, gat ekki undir neinum kringumstæðum risið undir þeirri 30% kauphækkun eða meira raunar, sem hún var í sumum tilfellum. Þetta var öllum ljóst og margviðurkennt og raunar ekki umdeilt atriði.

Við lausn verkfallsins í des. 1963 hafði ríkisstj., eins og getið er um í aths. við þetta frv., lýst því yfir, að hún mundi gera ráðstafanir til þess að mæta þeirri 15% kauphækkun, sem þá var samið um, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er raunverulega fram borið til þess. Það eru farnar tvær leiðir í meginatriðum, þ. e. að lækka útflutningsgjöld af sjávarafurðum eða vissum flokkum þeirra og greiða styrki til togaranna og til vinnslustöðva, eða til frystihúsanna.

Hér er að vísu, eins og tekið hefur verið fram, farið inn á leið, sem ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa ekki talið æskilega. Þvert á móti hefur hún talið það æskilegt að forðast hana í lengstu lög. Það hefur hins vegar ekki áhrif á meginstefnuna, að sjávarútvegurinn verði rekinn án styrkja og uppbóta. Að því verður stefnt að leita leiða, sem aftur gætu komið rekstri sjávarútvegsins á heilbrigðan grundvöll. Það má að vísu segja, að enn sé þetta vandamál ekki mjög stórt, einnig með tilliti til þess, að aðstaðan út á við er hagstæð, og að sjálfsögðu auðveldar það lausn vandamálanna. Í heild má telja, að þeir styrkir, sem frv. með þeim brtt., sem ég mun lýsa hér á eftir, gerir ráð fyrir að greiddir verði til sjávarútvegsins, nemi rúmlega 4% af heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða miðað við árið 1963, og er þá ekki meðtalið það, sem ætlað er að fari til fiskileitar, því að það er

ekki hægt að kalla það beinan styrk til útgerðarinnar. Það er hliðstætt því, sem tíðkazt hefur um nokkurra ára skeið í sambandi við síldveiðarnar. Ekki er heldur talið með það, sem ætlað er að fari til fiskveiðasjóðs. Þar er um að ræða ráðstöfun, sem leiði til þess, að þessi aðalstofnlánasjóður útvegsins fái sömu starfsskilyrði eða tekjur sínar á sama hátt og stofnlánasjóðir landbúnaðarins.

Þá verður líka að gera sér það ljóst, að þessir styrkir, sem ætlað er að greiða, og aflétting útflutningsgjaldsins bæta aðeins að nokkru upp áhrif kauphækkananna á árinu 1963 og annarra hækkana, sem rýrt hafa afkomu sjávarútvegsins, enda er þeim ljóst, sem að þessu standa, að til frambúðar fær þetta ekki staðizt, og því margyfirlýst, að leita verði nýrra úrræða, en hins vegar óhjákvæmilegt að gera þessar ráðstafanir nú til þess að forða frá vandræðum, forða frá framleiðslustöðvun.

Það var ljóst, að þær breytingar í efnahagslífinu, sem urðu á s. l. ári, hlutu einnig að hafa óhagstæð áhrif á útgerðina, ekki aðeins á fiskvinnsluna, heldur einnig á afkomu sjómanna. Kom þetta að sjálfsögðu mjög skýrt í ljós við úrskurð yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. jan. s. l., að hér var um vandamál að ræða, sem þurfti úrlausnar við. Það þótti hins vegar ekki ástæða að fresta framlagningu frv. á þeim tíma, en hins vegar var ætlazt til þess, að málið yrði athugað nánar í meðförum þingsins.

Með þessum úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins var á grundvelli l. um verðlagsráð ákveðið, að á þeirri vetrarvertíð, sem nú var hafin, skyldi fiskverð til veiðiskipanna verða hið sama og það var á vetrarvertíð 1963, þ. e. a. s. sama meðalverð skyldi gilda. Útvegsmenn hafa talið, að aukinn útgerðarkostnaður, sem m. a. stafar af hækkunum kaupgjalds, hafi skert rekstrargrundvöll útgerðarinnar, og sjómenn telja það ekki réttmætt, að þeir fái ekki hækkun á sínum launum í nokkru samræmi við almennar launabreytingar í landinu, en þeirra laun ákvarðast að meginhluta til af aflaverðmætinu. Það verður ekki vefengt og hefur raunar ekki verið vefengt, að launa- og verðlagsbreytingar þær, sem orðið hafa í landinu á s. l. ári, íþyngja allverulega útgerðarrekstrinum, og enn fremur er það ljóst, að launahækkanir á s. l. ári hafa rýrt aðstöðu sjómanna, ef borið er saman við þá, sem í landi vinna. En segja má, að hvort tveggja þetta hafi óheppileg áhrif á þróun útgerðarinnar í heild. Ein af þeim brtt., sem n. flytur, snertir þetta atriði. Þar er lagt til, að frá 1. jan. 1964 skuli ríkisstj. heimilt að greiða sem svarar 6% viðbót við það ferskfiskverð, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. jan. s. l.

Sjómenn hafa fengið hækkaða kauptryggingu til samræmis við almennar kauphækkanir, sem urðu í landinu á s. l. ári. Það er í samningum ákveði um það, að verði hækkanir á kaupgjaldi, hækki kauptrygging sjómanna í samræmi við það. Þann kostnað verður útgerðin að greiða, ef ekki aflast fyrir tryggingu, sem kallað er, og er það að sjálfsögðu þungur baggi, einmitt þegar illa gengur með aflabrögð. Það er erfiðara að gera samanburð á kaupi sjómanna við kaup þeirra, sem í landi vinna, þegar reiknað er með hlut, því að þar kemur aflaverðmætið inn í, og auðvitað má segja að afkoman sé óviðunandi hjá útgerðinni, ef ekki næst hlutur, og raunar einnig hjá sjómönnum, því að grundvöllurinn undir því að fara á sjó og fiska er að ná í mikinn afla, sem gefur þá góðan hlut. Ef litið er yfir lengri tíma, má þó ætla, að þessi viðbót við fiskverðið sé nærri því að jafna aðstöðu sjómannanna við kaup manna í landi eftir þær hækkanir, sem orðið hafa, ef um sæmilegan afla verður að ræða. Um hlut útgerðarinnar er það að segja, að þessi uppbót gerir betur en bæta upp þær beinu kauphækkanir, sem orðið hafa, en hins vegar telja útvegsmenn, að ýmsar aðrar hækkanir komi þar til, sem geri hlut útgerðarinnar lakari. En hvað sem því líður, er hér um að ræða verulega úrbót frá því, sem var, er frv. var lagt frm. Það er gert ráð fyrir því, að þessi viðbót við fiskverðið verði greidd nokkurn veginn jafnóðum, en um það munu verða settar sérstakar reglur.

Meiri hl. n. gerir enn fremur nokkrar aðrar brtt. við frv. í samráði við ríkisstj., sem og þessi er gerð, eins og kemur fram á þskj. 212.

Fyrsta brtt. snertir togarana og miðast við það að taka af allan vafa um, að úthlutun til togaranna skuli miðast við útgerð þeirra á árinu 1963, en jafnframt skuli heimilt að úthluta af fénu eftir hliðstæðum reglum til togara, sem voru ekki gerðir út á árinu 1963, en kunna að fara í útgerð á árinu 1964.

Þriðja brtt. meiri hl. er svo bein afleiðing af annarri brtt. um viðbótina við fiskverðið. Það hefur verið áætlað, að útgjöld vegna fiskverðhækkunarinnar geti numið eitthvað yfir 50 millj. kr., en slíkt fer að sjálfsögðu eftir aflabrögðum. En sé miðað við árið 1963 um aflamagn á þorskveiðunum og verðmæti þess afla, sem á land var lagður, og það er reynsla, að aflamagn á þorskveiðunum breytist ekki mikið frá ári til árs, þá má ætla, að þessi upphæð, sem verður til fyrir ½% hækkun á söluskattinum samkv. brtt., nægi til að mæta þessum útgjöldum, en ½% hækkun á söluskattinum frá því, sem var í frv., má áætla samkv. því, sem áður var áætlað og kemur fram í aths. við frv., að geti numið um 55.2 millj. kr.

Loks er svo fjórða brtt. á þskj. 212. Þar er breytt nokkuð orðalagi upphaflegu gr. og miðað við það, að ríkisstj. leiti samstarfs við lánastofnanir, sem lána til fjárfestingarframkvæmda, um að þær haldi þannig á málum, að fjárfestingarframkvæmdir verði innan hóflegra takmarka á árinu 1964, og jafnframt, eins og sagði í upphaflegu greininni, að ríkisstj. sé heimilt að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins, eins og þar er til tekið.

Þetta eru þær brtt., sem meiri hl. n. í samráði við ríkisstj. hefur flutt við þetta frv.,

og ég sé ekki ástæðu til að fara um þær fleiri orðum nú. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum, og ég leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það varð uppi fótur og fit á Alþingi hinn 5. febr. árið 1960. Forsrh. ríkisstj., sem þá var rúmlega 2 mánaða gömul, lýsti hennar stóra máli, frv. til l. um efnahagsmál. Ráðh. lýsti ástandi efnahagsmálanna, eins og hann taldi það þá vera. Hann lýsti því miklu verr en efni stóðu til, hann sagði m. a.:

„Hér var fárra kosta völ og í rauninni um ekkert val að ræða. Aðeins ein leið getur talizt fær, sú að játa með nýrri breytingu á gengisskráningunni, hvert sé sannvirði íslenzku krónunnar."

Hann fordæmdi uppbótakerfið svonefnda með þungum orðum og sagði um það að lokum:

„Í þessu felst í raun og veru alger dauðadómur uppbótakerfisins, og eru þó margir stórgallar þess ótaldir enn. Það væri óðs manns æði að reyna að halda við slíku kerfi."

Og enn kvað hann:

„Er niðurstaðan óumflýjanlega sú, að það verði að afnemast og taka verði upp nýja stefnu."

Síðan tók hæstv. forsrh. að gera grein fyrir því, sem hann nefndi meginatriði í stefnu ríkisstj., og hóf þá grg. á þessa leið: Í fyrsta lagi er leiðrétting gengisskráningarinnar. Uppbótakerfið verði lagt niður með öllu og útflutningssjóður gerður upp, en í stað þess skráð raunhæft gengi íslenzku krónunnar. Þetta átti að hans sögn m. a. að skapa útflutningsatvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll. Og enn kvað hann:

„Uppbótakerfið hlýtur fyrr en varir að leiða yfir þjóðina geigvænlegt atvinnuleysi. Til úrbóta er um ekkert val að ræða. Aðeins eitt kemur til greina, rétt skráning krónunnar."

Síðan þetta gerðist eru liðin 4 ár. Sama ríkisstj. er hér enn að heita má, þó að einn ráðh. hafi farið, en annar komið og skipt hafi verið um forsrh., sömu flokkar og áður standa að stjórninni. Hvað hefur gerzt á þessum 4 árum?

Meiri sjávarafli hefur borizt á land á Íslandi en nokkru sinni áður. Það gengur vel að selja framleiðsluvörurnar, og hagstætt verð fæst fyrir þær. Sjávarútvegurinn leggur til meginhlutann af útflutningsvörum landsmanna, eins og kunnugt er. En fyrst svona vel hefur gengið með framleiðsluna og sölu hennar, er ástæða til að athuga, hvort ekki sé góð afkoma hjá þeim atvinnuvegi. Stendur hann nú ekki á traustum og heilbrigðum grundvelli, eins og heitið var með efnahagsráðstöfunum ríkisstj. forðum? Frv., sem hér liggur fyrir, gefur svar við þeirri spurningu. Er hið fordæmda uppbótakerfi alveg úr sögunni fyrir löngu? Svo hefði átt að vera, ef staðið hefði verið við fyrirheitin. Nei, því hefur verið haldið við allan tímann. Niðurgreiðslurnar á vöruverði innanlands eru stór þáttur í uppbótakerfinu, og þeim hefur verið haldið áfram. Þá hafa á undanförnum árum verið greiddar miklar uppbætur af ríkisfé til togaranna. Og nú, eftir að hafa verið við völd í 4 ár, kemur ríkisstj. með frv. sitt um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. Hvað hefur komið fyrir? Þarf nú sérstakar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins á 4 ára afmæli hins nýja kerfis, sem var svo hátt lofað, þegar það var upp tekið? Ekki er það vegna aflabrests. Uppgripaafli hefur verið undanfarin ár, eins og ég hef áður vikið að. Stjórnin segir, að nýjar ráðstafanir séu óhjákvæmilegar, þrátt fyrir þetta. Og hún mun segja satt í þetta sinn, hæstv. stjórn. Það er full þörf fyrir nýjar aðgerðir vegna þess, hve stjórnarstefnan hefur leikið atvinnuvegina ákaflega illa. En hvað vill ríkisstj. gera samkv. frv.? Er hún ekki enn á þeirri einu leið, sem hún sagði fyrir 4 árum að væri fær? Nei, nú er ekki minnzt einu orði á þá leið. Það, sem þá var talið sáluhjálparatriði, er nú grafið og gleymt. Í staðinn er lagt til að auka mjög verulega við uppbótakerfið, sem fyrrv. forsrh. dæmdi algerlega til dauða fyrir fjórum árum.

Það var eftirtektarvert, að þegar hæstv. forsrh. var að mæla fyrir stjfrv. þessu hér á þingi s. l. föstudag og var að tala um nýju uppbæturnar, vatt einn utanþingsmaður sér inn um dyrnar á þingsalnum. Sá hafði myndavél að vopni. Þar var kominn ljósmyndari frá Morgunblaðinu, aðalmálgagni ríkisstj. Þeir hafa fundið það, stuðningsmenn stjórnarinnar og þeirra á meðal blaðamenn í þeim hópi, að nú var að gerast sögulegur atburður. Forsrh. var að flytja útfararminningu hér í þessum ræðustól um eitt helzta stefnuskráratriði ríkisstj. Það var vel til fundið hjá þeim að ljósmynda þennan atburð. Hin ágæta mynd birtist í Morgunblaðinu næsta dag.

Á fjögurra ára valdaferli er ríkisstj. búin að lækka íslenzka krónu svo gífurlega, að erlendur gjaldeyrir er nú 70% dýrari í íslenzkum peningum en fyrir valdatíma stjórnarinnar. Hún er búin að gera betur en þrefalda ríkisútgjöld á fjárlögum. Og hún er búin að auka dýrtíðina stórkostlega. Og nú kemur stjórnin til Alþingis með frv. um enn nýjar uppbætur og um nýjar álögur á þjóðina til viðbótar öllum þeim, sem fyrir voru. Hækkun söluskattsins nemur fast að 300 millj. kr. á einu ári.

Eitt af stóru atriðunum á stefnuskrá stjórnarinnar fyrir 4 árum var loforðið um viðskiptafrelsi handa þjóðinni. Er þetta frelsi komið? Nei, allur vöruflutningur héðan til annarra landa er háður leyfum yfirvalda og öll gjaldeyrisverzlunin einokuð. Verulegur hluti af innflutningnum er einnig ófrjáls. Þannig er mikill meiri hl. af verzlun landsmanna enn höftum bundinn.

Þannig mætti rekja hvert atriðið af öðru í stefnuskrá ríkisstj., þar hefur allt gengið öfugt.

Skyldi nokkurs staðar í veröldinni vera hægt að finna þjóðfélag annað en hið íslenzka, sem talið er að búi við lýðræðisfyrirkomulag, þar sem það gæti komið fyrir, að ríkisstj., sem hefði svo gersamlega hlaupið frá stefnuskrá sinni og stefnuyfirlýsingum sem íslenzka ríkisstjórnin hefur gert, væri áfram við völd? Mér þykir ólíklegt, að slíkt ríki finnist annars staðar.

Ríkisstj. hefur jafnan viljað afsaka ófarir sínar með því, að hér hafi verið gerðar og séu gerðar óhóflegar launakröfur. Af hennar hálfu hefur ætíð verið lögð á það rík áherzla, að kaupgjald mætti ekki hækka, því að þá væri efnahagskerfið í voða. Til að árétta þetta sérstaklega bar ríkisstj. fram frv. til laga um að lögbinda kaupið fyrr á þessu þingi. Sú lagasetning náði ekki fram að ganga, en eigi að síður er flutningur frv. ótvíræð vísbending um vilja valdhafanna í þessu efni. Og þó að lögbindingin, sem stefnt var að, mistækist, ber þróun kaupgjaldsmálanna að undanförnu glögg merki stjórnarstefnunnar. Um það vil ég nefna dæmi.

Í októbermánuði 1958 var dagvinnukaup verkamanna kr. 21.85 á klst. Samkv. því voru árslaun fyrir 8 klst. vinnu alla virka daga ársins 52 440 kr. Nú er dagvinnukaupið kr. 32.20 á klst. eða 77 280 kr. á ári, reiknað á sama hátt. Allir vita og viðurkenna og finna, að kaupmáttur þessarar launafjárhæðar er nú miklu minni en í okt. 1958, áður en núv. stjórnarflokkar komu til valda. Þó vill ríkisstj. enn skerða kaupmáttinn með nýjum álögum samkv. frv., sem hér liggur fyrir. Þegar þess er gætt, að umrædd þróun í kaupgjaldsmálum hefur gerzt á sama tíma og sjávarafli landsmanna hefur verið meiri en nokkru sinni áður, sala á útflutningsvörum hefur gengið greiðlega og verð þeirra farið hækkandi, þá er ómögulegt að komast hjá því að álykta, að orsök þess, hvernig til hefur tekizt, sé röng stjórnarstefna. Það er líka mála sannast, að stjórnin á málefnum þjóðarinnar hefur tekizt ákaflega illa síðustu 4 árin. Stjórnarstefnan var dauðadæmd frá upphafi, vegna þess að hún byggðist á því að hækka allt verðlag gífurlega, ná jafnvægi, sem svo var kallað, með því að hækka verðlagið, en halda niðri kaupgjaldi til verkafólks og afurðaverði til bænda.

Með till. hæstv. ríkisstj. um nýjar stórfelldar álögur er stefnt í fullkomið óefni. Menn rekur í rogastanz, þegar þeir sjá þessar till., og það er ekkert undarlegt, þótt menn verði undrandi, þegar þetta liggur fyrir. Allir hljóta að sjá, hverjar afleiðingarnar verða, enn stóraukin dýrtíð, nýjar kröfur um hækkað kaup og þannig áfram koll af kolli. Og það er fleira en framfærslukostnaðurinn, sem hækkar. Framleiðslukostnaðurinn hækkar líka af þessum sökum, og innan skamms má búast við, að hæstv. ríkisstj. komi með nýtt frv. um nýjar uppbætur til atvinnuveganna til þess að standa undir þessum hækkunum, sem koma.

Hér er vissulega mikil þörf, að leitað sé nýrra úrræða. Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh., þegar hann mælti fyrir þessu frv. við 1. umr. þess, að þær ráðstafanir, sem þar er fjallað um, væru aðeins til þess að firra vandræðum í bili. Hann lét einnig orð falla um það, að íhuga þyrfti allt þetta mál frá rótum og reyna að finna úrræði, sem ætla mætti að dygðu til nokkurrar frambúðar. Við í minni hl. fjhn. lítum einnig svo á, að brýn þörf sé á að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi um úrlausnir í efnahagsmálunum. Í því sambandi vil ég minna á, að þegar efnahagsmálafrv. ríkisstj. var til meðferðar á Alþ. 1960, bar Framsfl. fram till. um, að skipuð yrði nefnd manna frá öllum þingflokkum til að reyna að finna úrræði í þeim málum. Á þá till. var því miður ekki fallizt á þeim tíma, en við teljum rétt að freista þess að fá nú samkomulag um skipun slíkrar nefndar. Minni hl. ber því fram brtt. við frv. um, að fyrsta ákvæði þess verði um skipun 8 manna n. til að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar og leita samkomulags um aðkallandi ráðstafanir í þeim efnum, er miði að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda atvinnulífinu í gangi, auka framleiðni og framleiðslu og tryggja öllu vinnandi fólki viðunandi tekjur fyrir hæfilegan vinnutíma. Við leggjum til, að hver þingflokkur tilnefni tvo menn í nefndina.

Till. þessi um 8 manna n. er 1. brtt., sem minni hl. ber fram við frv., og hann vill vænta þess, að samkomulag geti náðst um að gera þá tilraun, sem í till. felst, til að ráða fram úr þeim stóra vanda, sem þjóðin á nú við að fást. En þá verður að sjálfsögðu um leið að hætta við þá miklu skattlagningu, sem 5. gr. frv. fjallar um. Það mundi torvelda mjög viðunandi lausn málsins, ef slíkt skref væri stigið til að stórauka álögur og dýrtíð, um leið og n. tæki til starfa. Málið liggur líka þannig fyrir, að engin þörf er fyrir þessar nýju álögur, hækkun á söluskattinum.

Síðustu árin hefur ríkissjóður haft greiðsluafgang, sem nemur hundruðum millj., og allt bendir til þess, að ríkistekjurnar á þessu ári fari einnig mikið fram yfir áætlun fjárlaga. Minni hl. lítur því svo á, að kostnað við þær ráðstafanir, sem ætlunin er að gera samkv. frv., eigi að greiða af umframtekjum ríkissjóðs í stað þess að auka enn dýrtíðarbálið með nýjum álögum, og því er það till. minni hl., að 5. gr. verði felld úr frv.

Brtt. okkar í minni hl. n. eru bornar fram á sérstöku þskj. Ég hef ekki orðið var við, að því væri útbýtt enn þá. Er það komið? Það er ekki komið, en ég held, að það hljóti að vera hér á næsta leiti. (Gripið fram í.) Já, ég mun gera grein fyrir þessum brtt. okkar með nokkrum orðum.

Ég hef þegar lýst 1. till. okkar um nefndarskipunina, er hafi það hlutverk að reyna að leita samkomulags um ráðstafanir í efnahagsmálunum.

2. brtt. okkar er við 1. gr. frv., og sú brtt. er í þremur liðum. Í fyrsta lagi leggjum við til, að í stað 43 millj., sem segir í frvgr. að ríkissjóður skuli leggja fram á árinu 1964 og varið

skuli til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðni freðfisks, komi 60 millj. Ástæðan fyrir því, að við flytjum þessa hækkunartill., er sú, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda hafa sent fjhn. bréf, þar sem þau benda á, að það muni engu minni þörf framleiðniaukningar og annarra umbóta í þeim vinnslustöðvum, sem framleiða saltfisk og skreið, heldur en hjá frystihúsunum. Fulltrúar frá Sölusambandinu komu einnig á fund fjhn. í gær til að ræða við hana um þetta mál. Þeir telja það ósanngjarnt, að þessar framleiðslugreinar verði algerlega útundan, þegar þessum uppbótum verður úthlutað. Minni hl. getur fallizt á þessi sjónarmið, og því er það, að við berum fram þessa brtt. um að hækka þessa fjárveitingu um 17 milljónir króna, og jafnframt berum við þá fram breytingartillögu um, að inn í greinina, á eftir orðinu „freðfisks", bætist: „saltfisks og skreiðar", þannig að heimilt sé að greiða þetta til endurbóta í framleiðslu þeirra vörutegunda einnig.

Þá leggjum við til, að við 1. gr. bætist ný mgr., þannig:

„Heimilt er að verja á árinu 1964 allt að 15 millj. kr. úr ríkissjóði til að greiða þeim vinnslustöðvum, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu, vegna þess að hráefni þeirra er sérstaklega dýrt í vinnslu, en nauðsynlegt er að starfi vegna hlutaðeigandi byggðarlaga, uppbætur á sumarveiddan bátafisk annan en síld, samkv. reglum, er rn. setur, að fengnum till. Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna."

Það er alkunnugt, að rekstraraðstaða frystihúsa og annarra vinnslustöðva er ákaflega misjöfn. Vinnslustöðvar á smærri útgerðarstöðum, sem hafa lítið framleiðslumagn, standa miklu lakar að vígi en stóru stöðvarnar, en þó er rekstur þessara minni stöðva lífsnauðsynlegur fyrir þau byggðarlög, þar sem þær starfa. Eitt m. a., sem gerir rekstur þessara smærri frystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva óhagstæðan, er vinnsla þeirra á sumarveiddum bátafiski, þar sem smáfiskur er mikill hluti aflans. Það er miklu dýrara að vinna úr smáum fiski en stórum, og þetta veldur miklum kostnaðarauka og erfiðleikum fyrir þau frystihús og þær stöðvar, sem fá hlutfallslega mikið af smáfiski. Og til þess að bæta lítið eitt aðstöðu þessara vinnslustöðva, sem hafa lökust rekstrarskilyrði af þeim ástæðum, sem ég hef hér greint, flytur minni hl. þessa brtt. um, að heimilt skuli vera að verja allt að 15 millj. kr. á þessu ári úr ríkissjóði til að greiða uppbætur á sumarveiddan bátafisk til þessara vinnslustöðva, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu.

Ég hef þegar gert grein fyrir 3. brtt. minni hl., sem er um það, að 5. gr., sem fjallar um hækkun á söluskattinum, verði felld í burtu. Eins og ég hef áður sagt, teljum við þessar álögur alveg óþarfar og leggjum því áherzlu á það, að greinin verði niður felld.

Í 6. gr. frv. fer ríkisstj. fram á heimild til að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til á fjárl. fyrir árið 1964, og taka á þann hátt fjárveitingavaldið af Alþingi. Þessi heimild á að verða ótakmörkuð, svo að ríkisstj. geti frestað öllum slíkum framkvæmdum eða einhverjum þeirra, allt eftir eigin geðþótta. Hún fer einnig fram á heimild til að fresta greiðslum til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðnar eru í fjárlögum. Meiri hl. fjhn. hefur nú borið fram brtt. um umorðun á þessari grein, þar sem að því er vikið, að ríkisstj. beiti sér fyrir, að aðrir aðilar geri slíkt hið sama. Ég vil benda á, að þetta er haldlaust ákvæði, meðan engin lög eru um það, að ríkisstj. geti haft afskipti af þessum málum hjá öðrum en þeim ríkisstofnunum, sem undir hana heyra. Það eru margir aðilar í þessu landi, sem ráða yfir fjármagni, sem þeir geta notað til framkvæmda og þurfa, eins og nú stendur, engan að spyrja leyfis til að ráðstafa sínu fé með þeim hætti eða öðrum.

Í þessari frvgr. kemur fram sú stefna ríkisstj., að framkvæmdir hins opinbera, sem ákveðnar eru af Alþ. í fjárl., svo sem vega- og brúagerðir, hafnargerðir, byggingar sjúkrahúsa og skóla og framkvæmdir í raforkumálum, eigi að sitja á hakanum og þoka fyrir framkvæmdum annarra aðila, sem yfir fjármagni ráða, svo sem byggingum bankahúsa, verzlunar- og skrifstofuhúsa og öðrum slíkum framkvæmdum, sem mikið hefur verið um að undanförnu. Minni hl. telur það háskalega stefnu að fella niður nauðsynlegar ríkisframkvæmdir í almannaþágu, til þess að aðrir aðilar geti framkvæmt allt það, sem þeim þóknast, án tillits til þess, hvort það er þarflegt eða að meira eða minna leyti óþarft fyrir þjóðfélagið. Minni hl. mótmælir því harðlega ákvæðum 6. gr. og flytur till. um, að efni hennar verði fellt úr frv.

4. brtt. okkar er um það, að í stað þessa ákvæðis, sem nú er í 6. gr., komi nýtt efni í þá gr. og hún verði orðuð þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hlutist til um, að afurðalán Seðlabanka Íslands verði 67% af fob.-verði sjávarafurða og 67% af óniðurgreiddu heildsöluverði landbúnaðarafurða. Vextir af afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, mega ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959, 5—5½%. Verðlagsráð sjávarútvegsins skal reikna út fiskverð fyrir árið 1964, er miðist við það, að lækkun á vaxtakostnaði fiskvinnslustöðva samkv. þessari gr. gangi til hækkunar á fiskverðinu."

Eitt af því, sem hefur valdið erfiðleikum fyrir sjávarútveg og landbúnað, er sú lækkun á afurðalánum frá Seðlabankanum, sem orðið hefur síðustu árin. Fyrir nokkrum árum námu afurðalánin 67% af verði framleiðslunnar, en eru nú aðeins 55%. Lækkun afurðalána er ástæðulaus með öllu. Seðlabankinn hefur meiri möguleika nú en áður til að veita slík lán, þar sem hann hefur nú mörg hundruð millj. kr. af sparifé frá innlánsstofnunum á bundn-

um reikningum. Slíkt fé hafði hann ekki áður, meðan afurðalánin námu 67% af verði framleiðslunnar. Minni hl. leggur því til, eins og ég hef þegar lýst, að afurðalánin verði hækkuð upp í 67% af verði framleiðsluvörunnar.

Þá leggur minni hl. til einnig í þessari gr., að vextir af afurðavíxlum hjá Seðlabankanum verði færðir niður í 5% — og 5½% af framlengingarvíxlum, eins og þeir voru 1959. Þetta er í samræmi við þá till., sem við framsóknarmenn höfum áður lagt fram hér á Alþ. því, er nú situr, í frv. um vaxtalækkun o. fl. Með vaxtalækkuninni væri stigið verulegt skref til að draga úr kostnaði við framleiðsluna.

Þá er það till. okkar, að hagnaði fiskvinnslustöðvanna af vaxtalækkuninni verði varið til hækkunar á fiskverði samkv. útreikningi verðlagsráðs sjávarútvegsins. Ef á þetta væri fallizt, kæmi sú fiskverðshækkun til viðbótar þeirri, sem hv. meiri hl. fjhn. gerir till. um í brtt. sínum.

Þá er enn ein brtt., sem við berum fram, og hún er við bráðabirgðaákvæði frv. Við leggjum til, að við það bætist nýr stafl., þannig:

„Þegar eftir gildistöku laga þessara skal ríkisstj. skipa 7 manna nefnd til að gera tillögur um stofnun og rekstur fiskiðnskóla. N. sé skipuð fiskmatsstjóra og einum manni tilnefndum af hverjum eftirgreindra aðila: ferskfiskeftirlitinu, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Samlagi skreiðarframleiðenda og síldarútvegsnefnd. N. skal skila till. sínum til ríkisstj. fyrir 1. sept. þ. á. og ríkisstj. síðan leggja fram frv. til l. um stofnun skólans fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Fyrir Alþ. liggur nú till. til þál. um þetta mál, að stofna fiskiðnskóla. Hún er flutt af hv. 5. þm. Norðurl. e. og þremur öðrum þm. Till. um þetta hefur einnig verið flutt á undanförnum þingum án þess að hljóta fullnaðarafgreiðslu. Þegar málið lá hér fyrir síðasta Alþingi, bárust þinginu meðmæli með till. frá mörgum aðilum, frá fiskmatsstjóra, ferskfiskeftirlitinu og öllum helztu samtökum fiskframleiðenda. Hér er vissulega um mjög stórt hagsmunamál sjávarútvegsins að ræða, og því flytur minni hl. till. um, að inn í þetta frv. verði tekið ákvæði um undirbúning slíkrar skólastofnunar, er fram fari þegar á þessu ári, og að ríkisstj. leggi lagafrv. um stofnun skólans fyrir næsta reglulegt Alþ. Það er áreiðanlegt, að stofnun slíks skóla er mikið hagsmunamál og getur haft mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn í framtíðinni, og ætti ekki að fresta því lengur að undirbúa slíka skólastofnun og koma skólanum upp.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir þeim brtt., sem minni hl. flytur, og við leggjum til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum.

Ég vil að lokum taka þetta fram: Aðalatriðin í brtt. minni hl. eru, að reynt verði að koma á samstarfi allra þingflokka um leit að úrræðum í þeim stóru efnahagslegu vandamálum, sem brýn þörf er á að ráða fram úr með skynsamlegum hætti. Við teljum, að það muni því aðeins takast, að um það náist sem víðtækust samvinna. Jafnframt verði hætt við að hækka söluskattinn, því að þess er ekki þörf, og jafnframt leggjum við til, að felld verði niður úr frv. heimild til handa ríkisstj. til að fresta opinberum framkvæmdum. Þó að ekki tækist samstaða um þetta í fjhn., vill minni hl. með flutningi á brtt. gera sitt til að ná samkomulagi um þessa lausn málsins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lagði ég aðaláherzlu í því, sem ég sagði hér um málið, á tvö atriði. Í fyrsta lagi taldi ég, að óhjákvæmilegt væri að snúa sér að því að leysa vandamál sjávarútvegsins í heild, en láta ekki við það sitja að reyna að leysa aðeins hluta af vandamáli sjávarútvegsins, sem augsýnilega lá fyrir. Ég benti á, að óhjákvæmilegt væri að taka einnig á þeim vandamálum, sem fyrir lægju varðandi rekstur vélbátaútvegsins og varðandi launakjör sjómanna. Í öðru lagi lagði ég svo áherzlu á, að það ætti ekki að leggja á nýja skatta, eins og nú stæðu mál, heldur ætti að reyna að finna aðrar leiðir til tekjuöflunar til að standa undir óhjákvæmilegum greiðslum í sambandi við stuðning við sjávarútveginn.

Við athugun á málinu í nefnd hefur nú komið í ljós, að stuðningsmenn ríkisstj. hafa séð sig nokkuð um hönd í þessum efnum. Þeir hafa sannfærzt um það, sem ég sagði, að óhjákvæmilegt var, um leið og mál þetta var hér tekið til afgreiðslu, að fást einnig við vandamál vélbátaútvegsins og að nokkru leyti við launakjör sjómanna. Og stuðningsmenn ríkisstjórnar í hv. fjhn. gera nú tillögur um, að fiskverð það, sem ákveðið hefur verið fyrir stuttu, verði nú hækkað nokkuð. En þeir gera jafnframt till. um það, að skattaálögurnar á almenning í landinu verði auknar frá því, sem áður hafði verið lagt til í frv. Mér sýnist því, að ríkisstj. hafi nokkuð lært, en hún hafi hins vegar ekki áttað sig á því, sem ekki er síður nauðsynlegt í þessu máli, að gera sér fulla grein fyrir afleiðingum þess að samþykkja nú nýjar skattaálögur, sem óhjákvæmilega hljóta að leiða til verðhækkana í landinu og síðan hljóta að leiða af sér kauphækkanir á nýjan leik.

E. t. v. hefur ríkisstj. gert sér grein fyrir þessu máli, þó að hún geri þessar till. E. t. v. er það svo, eins og ég kom nokkuð að við 1. umr. málsins, að ríkisstj. vilji raunverulega gjarnan láta það koma fram, að verðlag fari hækkandi á næstunni, til þess að hún geti betur haldið því fram, að kauphækkanir sviparðar þeim, sem samið var um í desembermánuði s. l., séu tilgangslausar, því að þær leiði óhjákvæmilega af sér verðhækkanir. Sé þetta tilgangurinn, ætlar ríkisstj. sér sýnilega að halda áfram þeim leik, sem hún er búin að halda áfram í nokkur ár. Þá ætlar hún enn

að halda honum áfram, þó að hún hljóti að vera búin að margsannfærast um, hverjar afleiðingarnar af slíkum leik verða.

Sú till., sem stuðningsmenn ríkisstj. gera nú um hækkun á fiskverði um 6%, nær auðvitað allt of skammt og leysir ekki þann vanda, sem hún átti að leysa. Hér er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig þau mál standa frá sjónarmiði þeirra, sem hér eiga hlut að máli, sjómannanna á fiskibátaflotanum og útgerðarmannanna, sem eiga bátana. Er nú þessi fiskverðshækkun um 6% sanngjörn eða eðlileg? Við hvað er hún miðuð? Er hún miðuð við það, að sjómennirnir á bátaflotanum fái svipaðar launabætur og aðrar vinnandi stéttir í landinu hafa fengið á s. l. ári? Vill einhver halda því fram? 6% hækkun á fiskverði þýðir einfaldlega fyrir sjómenn þá, sem stunda þorskveiðar, 6% hækkun á kaupi þeim til handa, til hækkunar á því kaupi, sem þeim var ákveðið fyrir rúmu ári, í desembermánuði 1962. Á þessu tímabili hefur t. d. kaup verkamanna í landi, sem flestir játa þó að hafi fengið tiltölulega minnsta hækkun, — kauphækkunin til þeirra hefur numið 30%, en hér er sjómönnunum boðið upp á það, að þeir skuli láta sér nægja að fá 6% hækkun á sitt kaup. Hitt vitum við svo öll mætavel, að margar aðrar launastéttir í landinu hafa fengið miklu meiri kauphækkun á s. l. ári en verkamennirnir fengu. Ríkisstj. hefur sjálf bent á það, að starfsmenn í þjónustu ríkisins hafi fengið launahækkun á s. l. ári, sem nemi að meðaltali 45%, þessi tala er frá ríkisstj. sjálfri. Og um það verður ekki deilt, að ýmsir þeir starfsmenn ríkisins, sem hafa lengi haft tiltölulega hæst launin, hafa fengið miklu meiri kauphækkun en sem nemur 45%. En sem sagt, sjómönnunum á bátaflotanum er boðið upp á það, að þeir skuli sætta sig við 6% launahækkun, og auðvitað eiga þeir svo, um leið og þeir fá þessar 6% launabætur, eins og aðrir landsmenn að standa undir 300 millj. kr. nýjum álögum, sem á að leggja á þjóðina í hækkandi vöruverði, sem á að ganga ýmist beint í ríkissjóð til almennra þarfa ríkisins eða til þess að styrkja fiskkaupendur í landinu og togaraeigendur. Það þarf ekki glöggskyggna menn til að sjá það, að afleiðingar af slíkri ráðstöfun sem þessari hljóta að verða þær, að sjómönnunum á fiskibátaflotanum hlýtur að fara fækkandi. Þeir munu leita sér annarra starfa. Það mun draga úr rekstri báta til þorskveiða, þegar svona er á málunum haldið.

Ég hef lagt hér fram till. um, að fiskverðið, sem ákveðið var með úrskurði oddamanns yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. jan. s. l., verði hækkað um 15%. Það hefði verið full ástæða til þess, eins og ég segi, að fiskverðshækkunin hefði orðið mun meiri, og það hefði hún þurft að vera, ef launakjör sjómanna á bátaflotanum hefðu átt að hreyfast til samræmis við það, sem verið hefur hjá öðrum. En ég tel ekki miklar líkur á því, að till., sem lengra gengur til hækkunar á fiskverðinu en þessi, sem ég legg fram, fáist hér samþykkt, en ég vil þó freista þess að fá úr því skorið, hvort ekki er hægt að fá samþykkta þessa till. mína um 15% hækkun á fiskverðinu.

Það er líka alveg augljóst, að 6% hækkun á fiskverðinu er allt of lítil fyrir bátaeigendur í landinu. Þeir hafa orðið fyrir miklu meiri útgjaldaaukningu en sem nemur 6% fiskverðshækkun, sem vitanlega kemur ekki í hlut útgerðarinnar nema að hálfu leyti, því að hinn helmingurinn gengur auðvitað út í hækkuðum aflahlut. Það liggur fyrir, að ýmsir útgjaldaliðir bátaflotans hafa hækkað á s. l. ári mjög mikið. Þannig er talið, að veiðarfærakostnaður bátanna hafi hækkað um 40% á s. l. ári. Og margir aðrir liðir hafa eðlilega hækkað mikið. Eins og verðlag allt hefur hækkað á s. l. ári, hefur það ekki getað farið á annan veg en svo, að það hlyti vitanlega einnig að skella á útgerð landsmanna. Hér er því bátaútgerðinni boðið upp á það alveg tvímælalaust að búa við lakari kjör á þessu ári á þorskveiðum heldur en bátaútgerðin bjó við á s. l. ári, — mun lakari kjör. Ég hef ekki mikla trú á því, að þrátt fyrir þessa tiltölulega litlu hækkun á fiskverðinu, sem hér er lögð til, snúi ýmsir þeir útgerðarmenn til baka, sem þegar hafa tilkynnt skipshöfnum sínum núna vegna ákvörðunar á fiskverði, að þeir muni ekki gera út á komandi vertíð, ekki á þorskveiðar, heldur snúa sér að annarri útgerð. Ég hef ekki mikla trú á því, að þeir breyti þessari ákvörðun sinni vegna þessarar litlu hækkunar, sem hér er gert ráð fyrir að nái fram að ganga á fiskverðinu. Og ég er einnig mjög hræddur um, að þeir sjómenn, sem hafa sagt upp störfum sínum á bátunum, sem stunda eiga þorskveiðar, að margir þeirra muni halda sig við uppsögnina þrátt fyrir þessa litlu hækkun og hverfa frá störfum og leita til annarra starfa, sem betur eru borguð.

Það, sem hér er um að ræða og hæstv. ríkisstj. þarf vitanlega að gera sér fulla grein fyrir, er, að verðlagsþróunin í landinu hefur orðið þannig á s. l. ári, að það þarf miklu meiri hækkun á fiskverðinu en hér er lögð til, ef ekki á að dragast til vinnuafl frá sjávarútvegsframleiðslunni og til annarra greina. Hugsanlegt er einnig, að nokkuð kunni að dragast til innan sjávarútvegsins sjálfs frá þorskveiðunum og t. d. til síldveiðanna, en ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um, að slík tilfærsla á vinnuafli er mjög óheppileg þjóðhagslega á málið litið og óæskileg, og það er skammsýn ríkisstj., sem ekki skilur, að það ætti að koma í veg fyrir slíkt. Eins og málin stóðu, var miklu fremur þörf á því að lyfta undir þorskveiðarnar, en ýta ekki við þeim á hinn óhagkvæma hátt eða til þess að draga úr þeim, vegna þess að sú útgerð átti í nokkurri varnaraðstöðu núna fyrir m. a. öðru úthaldi. En ríkisstj. hefur sem sagt fundið, að þrýstingurinn frá hálfu bátaútvegsmanna var

mikill, kröfurnar voru háværar um að fá hækkað fiskverð, og hún hefur einnig fundið, að það var rétt, sem ég og fleiri sögðum hér, að þrýstingurinn var líka mikill og alvarlegur frá hálfu sjómanna, en þær till., sem koma frá stjórninni til úrbóta, ná allt of skammt.

Þá er svo hin aðaltill., sem kemur hér fram frá stuðningsmönnum ríkisstj., um það að mæta þessum auknu útgjöldum af 6% hækkun á fiskverði á þennan einfalda hátt að hækka söluskattinn enn upp í 5½% eða koma söluskattsinnheimtunni í landinu eitthvað á 7. hundrað millj. kr. Ég held, að enginn maður geti efazt um það, að afleiðingarnar af því að leggja nú á nýjan söluskatt til viðbótar þeim, sem fyrir var, upp á um 300 millj. kr., verða stórhækkað verðlag. Og afleiðingarnar hljóta að verða þær, að það gengur verr að semja um eðlilega kaupbreytingu, þegar þeir kaupgjaldssamningar renna nú út á næsta vori, sem gerðir voru í desembermánuði s. l. Það hefðu verið miklu meiri líkur til þess, að hægt hefði verið að ná samningum aftur næsta vor um tiltölulega litlar kaupbreytingar, ef verðlagið hefði verið stöðvað, ef ríkisstj. hefði gert alvarlegar ráðstafanir til þess að stöðva hið hækkandi verðlag. En þegar hún vinnur beinlínis að því að hækka verðlagið langt fram yfir það, sem þörf er á, þá hef ég ekki mikla trú á því, að það gangi vel, þegar kemur fram á vorið, að semja án harðra átaka á nýjan leik og án mikillar kauphækkunar.

Ríkisstj. verður að átta sig á því í þessum kaupgjaldsmálum, að það er alveg ranglega sett upp dæmið, þegar hún segir, að slíkar kauphækkanir á einu ári sem 30% séu auðvitað allt of miklar og ekkert efnahagskerfi fái staðizt slíkar hækkanir. Ríkisstj. þarf að athuga það, að á sama tíma og þessi kauphækkun gekk yfir var eins mikil eða meiri verðlagshækkun í landinu. Það liggur fyrir samkv. útreikningum hagstofunnar, að frá ársbyrjun til ársloka hækkuðu t. d. matvæli í landinu um 34%. Kauphækkun upp á 30% var ekki hreinn tekjuauki hjá þeim, sem kaupið áttu að fá. Þessi mikla kauphækkun fór að langmestu leyti til þess að jafna á við hækkandi verðlag. Það er rétt, að það er allmikið, þegar launþegar geta fengið á einu ári 5—6—7% raunverulegar launabætur, miðað við óbreytt verðlag í báðum tilfellum, en það er ekki mikið að fá 7% launahækkun, ef verðlagið á sama tíma hefur hækkað um 10%. Það eru ekki miklar bætur, þó að kauphækkunin kunni að vera á pappírnum 30%, ef verðlagið hefur hækkað enn þá meira á sama tíma. Og það er þessi þróun, sem hæstv. ríkisstj. þarf að snúa við. Hún þarf að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að stöðva verðhækkanirnar. Það er eina leiðin til þess, að hægt sé að koma í veg fyrir jafnmiklar hækkanir á kaupi og nú hafa átt sér stað. En því miður hefur stefna ríkisstj. verið allan tímann mjög í aðra átt. Það er vitanlega alveg fjarri því, að hægt sé að segja, að ráðstafanir ríkisstj., sem hvað eftir annað hafa leitt til beinna verðhækkana, hafi verið gerðar af óhjákvæmilegum ástæðum vegna launahækkana. Við skulum aðeins minnast á t. d. aðgerðir ríkisstj. sumarið 1961, eftir að launþegar í landinu höfðu búið við óbreytt kaupgjald í 2½ ár. Þá voru gerðir samningar um að hækka kaupið um 10—12%, eftir að kaupmátturinn hafði verið skertur óumdeilanlega á þessu 2½ árs tímabili um 23%, en þá var sem sagt samið um kauphækkun upp á 10—12% við mjög hagstæð efnahagskjör hjá þjóðinni, sem þá voru. Samkv. óumdeilanlegum skýrslum frá Seðlabankanum er það nú gefið út, að á árinu 1961, þegar ríkisstj. rauk til þess að lækka gengið og steypa nýrri verðhækkun yfir landsmenn vegna þessarar litlu kauphækkunar, á því ári var svo hagstætt árferði í efnahagsmálum þjóðarinnar, að meðaltalsverðhækkun á útfluttum afurðum þjóðarinnar á þessu ári reyndist vera 9%, miðað við sama gengi. Og meðaltalsverðlækkun á öllum innfluttum vörum á því ári reyndist vera 3%.

Eins og ég segi, meðaltalshækkun á útfluttum vörum þjóðarinnar var 9%, og meðaltalsverðlækkun á innfluttum vörum reyndist á því ári vera 3%. Þetta er samkv. Fjármálatíðindum Landsbankans gefið upp. En viðskiptakjör þjóðarinnar á þessu ári bötnuðu um 12%. Á sama tíma, sem hinar ytri kringumstæður voru svona hagstæðar, að viðskiptakjör þjóðarinnar bötnuðu um 12%, mátti ekki samþykkja 10—12% launahækkun, en 10—12% hækkun á kaupi er auðvitað reiknuð af miklu lægri upphæð en 12% viðskiptakjörin eru miðuð við. Hér voru því sérstaklega góðar kringumstæður til að standa undir þessari launahækkun, og við þetta bætist svo, að hér var um gott og mikið aflaár að ræða. En hér greip ríkisstj. til gengislækkunar og stóð fyrir stórfelldri verðhækkun. Þessari verðhækkun var vitanlega svarað aftur síðar með kröfu um hækkandi kaup, og þá sagði ríkisstjórnin: Nú þarf auðvitað allt verðlag í landinu að hækka, vegna þess að kaupið er hækkað. Það eru sem sagt þessi sannindi, sem hæstv. ríkisstj. verður að gera sér fulla grein fyrir. Slík stefna í efnahagsmálum fær ekki staðizt nema með þessum afleiðingum, verðlagið þýtur upp, kaupið kemur á eftir, og útflutningurinn hlýtur að lenda í erfiðleikum innan tíðar.

Því er það, að grundvöllurinn undir þessu frv. er algerlega rangur. Um leið og verið er að rétta hag útflutningsins, er stefnt að verðhækkunarpólitík í landinu, sem leiðir af sér hækkandi kaupgjald fljótlega og erfiðleika fyrir útveginn. Hér er því grundvöllurinn algerlega rangur.

Ég flyt á sérstöku þskj. nokkrar brtt. við frumvarpið og vil með þeim freista þess að fá fram nokkrar lagfæringar. Ég skal nú gera grein fyrir þessum brtt. í nokkrum orðum.

1. brtt., sem er á þskj. 213, er við 1. gr. Þar legg ég til, að í staðinn fyrir orðið „framleiðslu freðfisks“ í 1. gr. komi: fiskframleiðslu. Mér

finnst sem sagt ástæða vera til þess, að það sé opið fyrir ríkisstj. að verja þeim styrk, sem ráðgert er að veita samkv. 1. gr. til frystihúsarekstrarins í landinu, — að það geti verið opið fyrir ríkisstj. að verja einhverju af þessum styrk til annarrar fiskvinnslu í landinu, eins og t. d. til saltfiskverkunar og skreiðarverkunar. Mér þykir mjög óeðlilegt að ætla að víkja þessum verkunaraðferðum algerlega til hliðar, tel ekki vera ástæðu til þess, ekki a. m. k. ef á að fara eftir þeim reglum að mismuna aðilum hér sem minnst eða neita því að taka tillit til mismunandi aðstæðna. Ég skal játa, að ef það sjónarmið verður viðurkennt af ríkisstj., að hér eigi að meta hverja framleiðslugrein alveg út af fyrir sig eftir þeirri fjárhagslegu aðstöðu, sem viðkomandi grein býr við, þá kemur vissulega til mála að mismuna hér nokkuð á milli, því að verðhækkanir hafa óneitanlega orðið nokkuð misjafnar milli hinna einstöku verkunaraðferða. En ég sem sagt legg til, að í staðinn fyrir það, að þessi styrkur sé alveg bundinn í lögunum til freðfisksframleiðslunnar, þá standi það opið, að styrkurinn gangi til fiskframleiðslunnar almennt, þ. e. a. s. að aðrar verkunaraðferðir geti komið hér til greina líka.

Þá legg ég til, að önnur breyting verði gerð á 1. gr. frv., að við greinina bætist svo sem hér segir: „Í reglunum skal ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, njóti hlutfallslega hærri styrks en hinar, sem betri aðstöðu hafa.“

Ég dreg enga dul á það, að ég er á þeirri skoðun, að þegar um er að ræða að úthluta beinum styrk til atvinnurekenda, þá sé full ástæða til að meta það, hver er aðstaða þessara einstöku atvinnurekenda, það sé ekki ástæða til að láta þá, sem sannanlega hagnast á sínum rekstri og hagnast jafnvel mikið, hafa af styrknum, á sama tíma sem hinir, sem þurfa á aðstoð að halda, fá kannske sáralítið.

Nú háttar þannig til hjá okkur í rekstri hraðfrystihúsanna, að það er ekkert um það að villast, að viss framleiðsla á vegum frystihúsanna gefur mikinn hagnað. Þau frystihús í landinu, sem að yfirgnæfandi meiri hluta vinna að því að framleiða frosna síld til útflutnings og draga sig í hlé frá því að vinna annan fisk, búa flest við mjög góða afkomu, að ég segi ekki stórgróða, sum hver. En þau önnur frystihús, sem þannig eru sett í landinu, að þau hafa enga möguleika til að taka þátt í þessari framleiðslu, að frysta síld til útflutnings, — tökum t. d. hraðfrystihúsin á Vestfjörðum, þar er ekki um að ræða nýja síld, til þess að þau geti að neinu ráði tekið þátt í því að frysta síld til útflutnings og fengið þennan hagnaðarrekstur, — þau frystihús búa því við miklu lakari aðstöðu. Og það væri því miklu meiri ástæða til þess, að þau fengju tiltölulega hærri hlut af þessum styrk en hin húsin, sem búa við þessa hagstæðu vinnslu, að ég tali ekki um, þegar svo stendur á, eins og er sannanlega í sumum tilfellum, að þar hafa frystihúsin hreinlega lokað fyrir alla vinnslu og frystingu á þorsk- og ýsuflökum, af því að þeim þykir það heldur lakari útkoma, en snúið sér einvörðungu að frystingu á síld. Þeir telja sig engar skyldur hafa í þessum efnum og velja það úr, sem gefur mestan hagnað.

Ég tel, að það eigi ekki að halda þannig á málunum, þegar er verið að úthluta styrkjum, að þá fái þeir mikinn hluta af styrkjunum, sem sannanlega búa við gróðarekstur, en hinir, sem hafa lakari aðstöðuna, dragist jafnvel meira aftur úr. Því hef ég flutt þessa brtt., að það skuli beinlínis ákveðið í þessum úthlutunarreglum, að tillit sé tekið til rekstraraðstöðu hinna einstöku frystihúsa eða einstöku framleiðslustöðva.

Þá flyt ég brtt. við 2. gr. Í fyrsta lagi legg ég til, að viðauki komi við 1. mgr. gr.: „Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal þó vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.“ Hér er um að ræða, hvaða reglur skuli gilda til útdeilingar á þeim styrk, sem gert er ráð fyrir að togararnir fái. Í frv. er greinilega við það miðað, að togararnir skuli yfirleitt fá þennan styrk, mældan eftir úthaldsdagafjölda. En ég vil gera hér mikinn mun á því, hvort togararnir eru að veiðum fyrir innlendan markað eða fyrir erlendan markað. Afkoma skipanna er tvímælalaust mun lakari, þegar þau þurfa að veiða fyrir innlendan markað, eins og háttað hefur nú um skeið, og rekstur þeirra fyrir innlendan markað er miklu dýrmætari þjóðfélagslega séð heldur en þegar þau eru rekin fyrir hinn erlenda ísfiskmarkað. Þegar skipin leggja upp afla sinn hér heima, eiga þau sinn þátt í því að skapa möguleika fyrir aukna vinnu í landinu og aukna gjaldeyrisframleiðslu. En að borga mikla styrki með skipum, sem að staðaldri eru rekin fyrir erlendan ísfiskmarkað, það er vægast sagt mjög hæpið. Því legg ég til, að það sé beinlínis ákveðið í þessari grein, að styrknum skuli þannig úthlutað, að hann skuli jafnan vera helmingi hærri, þegar er um útgerð að ræða fyrir innlendan markað, heldur en ef um er að ræða útgerð fyrir erlendan markað.

Önnur breyting mín við þessa grein er um það, að við 1. mgr. bætist ný mgr., á þessa leið: „Heimilt er ráðherra að setja þau skilyrði fyrir greiðslu styrks til togara samkv. þessari grein, að samningar hafi tekizt um sanngjarna hækkun á kaupi togarasjómanna.“ Í þessari grein frv. er gert ráð fyrir því, að setja megi það skilyrði fyrir styrkgreiðslu til togara, að viðkomandi togaraútgerð hafi gert upp skuldir sínar við ríkisábyrgðasjóð vegna vanskila við þann sjóð. En ég álít, að það sé ekki síður ástæða til þess, að ráðherra hafi heimild til að binda greiðsluna til togara þeim skilyrðum, að það hafi tekizt samningar á milli togarasjómanna og togaraútgerðarmanna um eðlilega kauphækkun til handa togarasjómönnum. Nú háttar þannig til, að togarasjó-

menn hafa sagt upp launasamningum sínum, og það virðist á margan hátt stefna þar beint út í verkfall, svipað því sem var fyrir nokkrum árum, þegar togaraflotinn lá yfir 4 mánuði í verkfalli. Það ár var þannig haldið á þessum málum, að styrkur sá, sem ríkið greiddi þá til togaranna, bæði í gegnum aflatryggingasjóð og beint úr ríkissjóði, var beinlínis eins og verkfallsstyrkur til togaranna. Þeir fengu allan styrkinn fyrir það að liggja í verkfalli. Og af því var vitanlega styrkurinn það ár hlutfallslega mjög hár, miðað við hvern úthaldsdag. Þetta álít ég að sé mjög óeðlilegt og það eigi að girða fyrir slíkt sem þetta, og því er eðlilegt að hafa það ákvæði, að ráðherra megi setja það skilyrði fyrir greiðslu styrksins, að samningar hafi tekizt um eðlilega launahækkun til handa togarasjómönnum.

Í þriðja lagi legg ég svo til, að við þessa gr. verði bætt eftirfarandi: „Fiskverð það, sem ákveðið var af oddamanni yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins með úrskurði þann 20. jan. 1964, skal hækka um 15%, og gildir sú hækkun frá 1. jan. 1964." Ég hef að nokkru leyti gert grein fyrir þessari till. Ég tel, að hér sé um lágmarkshækkun á fiskverðinu að ræða miðað við alla sanngirni, bæði fyrir eigendur bátanna og eins fyrir bátasjómenn, og það sé í rauninni ekki hægt að komast af með minni hækkun.

Annars vil ég segja það í sambandi við ákvörðun oddamanns yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins frá 20. jan., að mér finnst, að sá úrskurður hafi verið hinn furðulegasti, og ég get ekki séð, að sá úrskurður í rauninni standist lög. Í þeirri grein í lögunum um verðlagsráð sjávarútvegsins, sem fjallar um yfirnefndina, þessa 5 manna yfirnefnd, sem á að kveða upp úrskurðinn, þar segir alveg skýrum orðum, að þessi yfirnefnd, þannig skipuð, — skipuð þessum 5 mönnum, sem búið er að gera grein fyrir, — þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Nú liggur það alveg óumdeilanlega fyrir, að það fór engin atkvgr. fram í n. um lokaákvörðunina. Oddamaðurinn lýsir því aðeins yfir, að hann úrskurði einn, að fiskverðið skuli vera þetta. Af því að hinir aðilarnir, tveir aðilar af hálfu fiskkaupenda, voru með aðra afstöðu, og tveir aðilar af hálfu fiskseljenda voru með enn aðra afstöðu, þá lætur oddamaðurinn bóka það, að hann sem oddamaður úrskurði, að þetta skuli fiskverðið vera. En í lögunum stendur, að þessi 5 manna nefnd skuli fella úrskurðinn og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Þýðir þá þetta orðalag ekki neitt: meiri hluti atkvæða, af 5 mönnum í nefnd?

Ég hef að vísu heyrt þá lagaskýringu, að talað er um, að þar sem um er að ræða gerðardóm skipaðan 3 mönnum eða 5 mönnum, sem á að kveða upp endanlegan úrskurð og aðilar verða ekki ásáttir, þá muni það vera einhver dómsvenja, sem hafi skapazt, að oddamaður geti kveðið upp endanlegan úrskurð. En ég tel, að í þessu tilfelli sé þetta ekki hægt. Hér er t. d. orðalagið á allt annan veg í lögunum en er um yfirnefnd landbúnaðarins, sem getur úrskurðað þar. Þar segir aðeins, að þriggja manna yfirnefnd felli endanlegan úrskurð, og ekkert meira. Þar er það ekki beinlínis tekið fram, að það skuli þurfa meiri hluta atkvæða. En í lögunum um verðlagsráð sjávarútvegsins er það tekið fram. Ég er því einn af þeim, sem líta svo á, að þessi úrskurður oddamannsins fái í rauninni ekki staðizt samkv. réttum lögum, því þó að lagaskýringar og túlkanir séu góðar, þá geta þær ekki gengið svo langt, að þær fari þvert gegn bókstaf laganna.

En hvað um það, úrskurðurinn liggur fyrir, og það virðist vera, að það hafi átt að halda sjómönnum og útvegsmönnum að þessum úrskurði. Og vandinn í dag miðast við það: Er hægt að breyta þessu verði, sem þarna var ákveðið, til svo mikillar hækkunar, að sjómenn og útvegsmenn sætti sig við það og það sé sanngjarnt fyrir þá miðað við aðrar breytingar, sem fram hafa farið í landinu varðandi launakjör og rekstrarafkomu hjá öðrum? Mín tillaga er sem sagt við það miðuð, að fiskverðið verði hækkað um 15%.

Þá er 3. brtt. mín, við 3. gr. frv. Þar legg ég til í fyrsta lagi, að undir tölulið 1 í þessari grein, þar sem ákveðið er útflutningsgjald á þar til greindum sjávarafurðum, það skuli vera, eins og segir í frv., 4.2% í staðinn fyrir 6% eins og það var áður, — ég legg til, að þetta útflutningsgjald verði lægra en segir í frv., að í staðinn fyrir 4.2% skuli koma 2.4%. Ég legg sem sagt til, að lækkunin á útflutningsgjaldi af þessum vörum skuli verða helmingi meiri en lögð er til í frv. Þessi lækkun á útflutningsgjaldinu mun nema eitthvað rétt rúmum 30 millj. kr.

Þá legg ég einnig til í þessari till., að þessi lækkun á útflutningsgjaldinu skuli öll koma niður á vátryggingakerfinu svonefnda, þ. e. a. s. að í staðinn fyrir það, að frv. gerir í rauninni ráð fyrir því, að til vátryggingakerfis fiskiskipa renni útflutningsgjald, sem muni nema rétt rúmum 130 millj. kr., þá geri ég till. um það, að til vátryggingakerfisins verði ekki látið renna meira fé en sem nemur í kringum 100 millj. kr., og lækka sem sagt hlutfallið til þess að ná þessu marki. En aðrir aðilar, sem fá útflutningsgjaldið, eins og fiskveiðasjóður, fiskimálasjóður og fleiri aðilar, sem þar eru upp taldir í greininni, fái jafnmikla fjárhæð og gert er ráð fyrir samkv. frv.

Mín till. er sú, að það verði ekki eytt eins miklu fé í þetta vátryggingakerfi á þeim grundvelli, sem það starfar. Ég hef lýst því hér áður í umr., að ég tel, að þarna sé farið illa með fé og uppbygging þessa tryggingakerfis sé mjög ranglát og óeðlileg. Ég vil aðeins minna á það í sambandi við þetta vátryggingakerfi, að það er m. a. með þeim göllum á, að útgerðarmönnum er þarna stórkostlega mismunað. Þeir útgerðarmenn, sem eiga skip undir 100 rúmlestum á stærð, eru skyldugir til að

vátryggja skip sín hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og þeir ráða því ekki sjálfir, hvað viðkomandi skip eru tryggð fyrir mikla fjárhæð. Það eru ákveðnir matsmenn á vegum Samábyrgðarinnar, sem ákveða tryggingarupphæð þeirra skipa. En hinir útgerðarmennirnir, sem eiga skip yfir 100 rúmlesta að stærð, eru frjálsir að leita til hvaða tryggingarfélags sem er og vátryggja skip sín þar, og þeir ráða því sjálfir í samráði við þau vátryggingarfélög, hvað þeir vátryggja skipið hátt. Og um það er ekkert að villast, að þeir hafa notað þessa aðstöðu sína yfirleitt til þess að vátryggja skip sín tiltölulega miklu hærra en hinir, sem hafa orðið að vátryggja samkv. lagaskyldunni hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Og það fer heldur ekkert á milli mála, að allir pappírar eru ekki hreinir í þessum efnum í sambandi við uppgjörið. Auk þess er svo það, að það fyrirkomulag, sem þarna gildir um tryggingarnar, þýðir, að það er verið að láta bátaflotann í landinu borga í gegnum miklum mun meira fiskmagn, sem hann leggur á land, að verulegu leyti vátryggingariðgjöld fyrir togaraflotann í landinu, því að sá hlutur, sem togararnir greiða í vátryggingarsjóðinn í heild, nemur ekki sama hlutfalli og hlutur bátanna, miðað við iðgjaldsgreiðslu þeirra. Þarna fer því fram millifærsla á milli þessara aðila, sem er mjög varhugaverð. En auk þess er svo hitt, að togararnir eru aftur á móti stórkostlega yfirvátryggðir, svo að lítið vit er í. Á því er enginn vafi, að togararnir eru flestir vátryggðir fyrir þrefalda upphæð þess, sem eigendurnir mundu góðfúslega selja þá á nú í dag, ef þeir ættu kost á því. Við þetta má svo bæta, að eigendur trillubáta í landinu, þeir sem eiga opna báta, verða að borga af sínum fiski ákveðið gjald eins og aðrir í þetta vátryggingakerfi, en flestir þeirra fá ekkert úr vátryggingakerfinu, því að bátar þeirra eru ótryggðir. Það er mjög erfitt að fá opnu bátana tryggða, nokkrir eru tryggðir að vísu, en það er með mestu afarkostum og ekkert sambærilegt við það, sem er hjá annarri útgerð í landinu. Og útkoman er því raunverulega sú, að þeir aðilar eru látnir standa undir vátryggingakerfi annarra aðila.

Ég veit, að það eru uppi till. um það nú hjá ráðh. að breyta þessu nokkuð, en þó ekki nema að örlitlu leyti á yfirstandandi ári. Ég er því á móti því, að þessu vátryggingakerfi sé haldið við. Það er orðið allt of kostnaðarsamt fyrir útgerðina, og þarna á sér stað mikil mismunun og mikið óréttlæti, og því á að komast út úr þessu kerfi, eins og margsinnis hefur verið lofað, en ekki staðið við. Ég legg því til, að gjöldin til þessa tryggingakerfis verði lækkuð og heildartekjur kerfisins verði í kringum 100 millj. kr., til þess að hægt sé að koma við mjög auðveldlega fullum og góðum tryggingum fyrir þá upphæð, ef réttilega er á haldið. En á þennan hátt er hægt að spara um 30 millj. kr. eða rúml. það og nota það til raunverulegrar hækkunar á fiskverði.

Þá er 4. brtt. mín á þskj. 213, við 5. gr. frv. Þar legg ég raunverulega til, að ákvæðið um hinn nýja söluskatt verði fellt niður úr frv., en í staðinn fyrir söluskattinn komi raunverulega ný gr., svohljóðandi:

„Frá 1. febr. 1964 skulu vextir Seðlabanka Íslands af afurðalánum eigi vera hærri en 2% og útlánsvextir viðskiptabankanna af þeim lánum eigi hærri en 2½% fyrstu 6 mánuði lánstímans, en mega hækka úr því um ½%. Seðlabankinn skal veita afurðalán, sem nema 2/3 af áætluðu útflutningsverði vörunnar. Frá 1. febr. 1964 skulu almennir innláns- og útlánsvextir banka og sparisjóða og vextir af öllum föstum lánum færast í það, sem þeir voru, áður en efnahagslögin frá 20. febr. 1960 voru sett."

Þessa till. hef ég lagt hér fram áður. Hún er um það, að vextir af afurðalánum verði færðir mjög mikið niður, að vextirnir verði lækkaðir um 4½% frá því, sem þeir eru nú, og að afurðalánin verði hins vegar hækkuð allverulega frá því, sem þau eru nú. Einnig er svo lagt til í þessari grein, að hinir almennu innláns- og útlánsvextir verði færðir niður í það, sem þeir voru fyrir setningu efnahagslaganna 1960. Slík vaxtalækkun sem þessi mundi auðvitað verða til mikils stuðnings fyrir allar greinar sjávarútvegsins, ekki aðeins fiskkaupendur, heldur einnig fiskiskipaeigendur og alla þá, sem við útgerð fást. Og það er mín skoðun, að þetta mundi draga miklum mun meira fyrir útgerðina heldur en hæstv. ríkisstj. vill vera láta. Ég vil nú segja það, að ef ríkisstj. tryði því raunverulega, að vaxtalækkunin mundi ekki vega meira en ríkisstj. heldur hér fram, þá ætti hún ekki að spyrna svona fast fótum gegn þessari lækkun.

5. brtt. mín er svo um það, að 6. gr. frv. falli niður, en það er sú greinin, sem á að heimila ríkisstj. að geta lækkað útgjöld á fjárl., eftir því sem ríkisstj. þóknast. Ég álít, að sú gr. eigi ekki heima í þessu frv. á neinn hátt og hér sé um algerlega óeðlilega og óvenjulega heimild að ræða, sem Alþ. geti ekki gefið ríkisstj. Og ég tel, að það sé í rauninni alveg óeðlilegt að fara fram á það að fá slíka heimild sem þessa, að vera nýbúinn að setja fjárlög og fjalla þar um hverja einstaka gr. fjárl. og hvern einstakan lið fjárl. og láta atkvgr. fara fram um það, og þá komi ríkisstj. eftir nokkra daga og óski eftir því að fá eina allsherjarheimild um það, að hún megi breyta þessum fjárl. eins og henni sýnist, — ekki það að færa niður öll útgjöld fjárlaganna um einhverja tiltekna prósentu, nei, heldur það, að hún megi breyta greiðslum samkv. fjárl., eftir því sem henni þykir nauðsynlegt vera. Ég álít, að það sé vægast sagt mjög óeðlilegt að fara fram á slíka heimild sem þessa og því eigi að fella þessa grein niður úr frv.

Þá er 6. brtt. mín við bráðabirgðaákvæði, að þar verði bætt við einum nýjum lið, sem hljóði þannig: „Ríkisstj. skal strax að lögum þessum samþykktum skipa 5 manna n., sem geri

till. til Alþ. um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll.“ Ég tel, að um leið og Alþ. samþ. enn einu sinni verulega miklar fjárfúlgur, beina styrki til togaraútgerðarinnar umfram það, sem greitt er til annarrar útgerðar í landinu, þá tel ég, að eins og nú er háttað rekstri togaranna, sé ekki verjandi að samþ. slíkt, án þess að um leið séu gerðar ráðstafanir til þess að taka á vandamálum togaranna á raunhæfari hátt en gert hefur verið, að það sé óskað eftir till. um það, hvernig megi koma togaraútgerð Íslendinga þannig fyrir, að hún geti verið rekin með eðlilegum hætti, því að auðvitað er það ekki eðlilegt að þurfa ár eftir ár að borga beina styrki, sem nema hartnær 3 millj. kr. á hvert skip á ári, þegar allar launagreiðslur á einu skipi liggja á milli 3 og 4 millj. kr. Og svo er rekstri skipanna háttað þannig, að þau eru að langmestu leyti rekin fyrir erlendan markað og skapa tiltölulega litla fiskvinnslu í landinu sjálfu. Þetta er auðvitað neyðarúrræði, að grípa til þess að borga slíka styrki ár eftir ár, og ég álít, að um leið og það er gert, eigi að setja niður sérstaka nefnd, sem geri till. til Alþingis um það, hvernig eigi að taka á vandamálum togaranna. Ég hef örlítið vikið að því hér í þessum umr., hvaða skoðanir ég hef á því, og skal ekki fara út í það, enda tel ég ekki vera stað til þess að ræða það hér. En það er enginn vafi á því, að þarf að gera miklar og stórar ráðstafanir, sem þýða grundvallarbreytingar í rekstri togaranna, ef á að vera hægt að koma þeim út úr þessu skuldafargani, sem þeir eru í nú, og þessum mikla taprekstri.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum brtt., sem ég flyt hér og við Alþb.-menn stöndum að. Till. okkar eru við það miðaðar að koma hér fram nauðsynlegustu leiðréttingu á fiskverðinu, til þess að kjör bátasjómanna geti orðið með eðlilegum hætti og til þess að hagur bátaútgerðarinnar í landinu, þeirrar sem gerir út á þorskveiðar, sé ekki fyrir borð borinn. Og okkar till. eru einnig miðaðar við það, að ekki verði farið út á þá óheillabraut að leggja nýjar álögur á landsmenn og æsa þannig upp dýrtíðina á nýjan leik með öllum þeim afleiðingum, sem því mundu fylgja, heldur höfum við gert grein fyrir því, að við teljum, að afkoma ríkissjóðs sé með þeim hætti, að ríkissjóður geti tekið á sig þau útgjöld, sem honum er ætlað að bera skv. þessu frv., þó að ekki verði um beinar nýjar álögur að ræða. En þær till., sem ég geri hér um lækkun á útflutningsgjaldinu og um stórfellda lækkun á vöxtum almennt, ættu að geta að mestu staðið undir þeirri fiskverðshækkun, sem er lögð til í mínum till. Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 211 og 213, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Í fyrri daga, þegar slíkir voveiflegir hlutir gerðust, að skip strandaði, þá var það talin ein æðsta skylda skipstjórnarmanns að senda hraðboða til næsta yfirvalds, og var sá boði vanalega kallaður strandboði, og ætlazt var til, að yfirvaldið tæki þá í sínar hendur skip og önnur verðmæti á strandstaðnum. Nú hafa mikil tíðindi gerzt hér. Með frv. því, sem hér er til umr. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., hefur ríkisstj. sent strandboð til hv. Alþingis. Það má segja, að slíkt komi mörgum landsmönnum ekki svo mjög á óvart, því að mörgum forsjálum og hyggnum manni leizt ógæfulega á, þegar núv. ríkisstj. tók við stjórnvöl á þjóðarskútunni. Og þegar kunnugt varð um stjórnarstefnu hennar, virtist mörgum, að siglt mundi verða norður og niður, og svo hefur því miður orðið. E. t. v. mun ríkisstj. nú ásamt sínum fylgjurum gjarnan vilja fá að lifa aftur upp sín fjögur stjórnarár og reyna að læra af fenginni reynslu. En það frv., sem hér er til umr., sýnir ekki neina breytingu á hugarfari eða stefnu, og því hljóta henni ætlð að vera búin þau örlög að stefna á ógæfuhlið. Ríkisstjórnin er samt ekki af baki dottin. Með strandboðinu til Alþ. fylgdi sú krafa, að það samþykkti enn á ný stórkostlegar álögur á þjóðina, til þess að hún gæti komið stjórnarfleyi sínu af strandstaðnum, a. m. k. í bili, eins og hæstv. forsrh. nánast tók til orða við 1. umr. þessa máls.

Í aðförum sínum í sambandi við þá skattheimtu, sem felst í þessu frv., minnir ríkisstj. helzt á hina fyrri dönsku menn, sem sátu hér á landi í skjóli danska einvaldsins og kröfðust dagsverka og annarra fjárútláta af þrautpíndum almúganum. Nú krefst ríkisstj. mikilla skattpeninga úr höndum láglaunafólks, sem áður hafði í því því efni meir en nóg á sínum herðum, og þessi skattpeningur á að standa straum af því að koma stjórnarfleyinu á flot. En mér er spurn: Á að leggja nýjar álögur á þjóðina til þess að hjálpa ríkisstj. í þessu efni? Ég segi nei. Ríkisstj. segist hafa vald og meiri hluta þjóðarinnar til að gera hvert það, sem hún telji heppilegast eða henni hentar, segist hafa hlotið traust hennar við kosningar s. l. sumar. Hvernig hlaut ríkisstj. þann meiri hl.? Það væri saga til næsta bæjar að rifja það upp, ófögur saga. En vitanlega vann ríkisstj. nauman sigur í síðustu þingkosningum, svo nauman, að margur með hennar fortíð og stjórnarfleyið þá þegar í skerjagarðinum hefði ekki látið sér nægja. En þessi ríkisstj. lætur sér í þessu efni í raun og veru allt nægja, ef hún aðeins getur haldið völdunum. Látum svo vera, að hún héldi áfram í sumar með sínar veiku meirihlutahækjur, en nú, eftir að hún hefur sent strandboð til Alþingis, ber henni skylda til að láta á næsta sumri ganga til kosninga. Þjóðin á kröfu á því að fá nú aftur tækifæri til að dæma stjórnarstefnuna og árangur hennar, eftir það, sem nú er fram komið, sem hún var leynd fram yfir síðustu

kosningar. Ef ríkisstj. vinnur kosningar næsta sumar í drengilegri og hreinskilinni baráttu, þá mun ég og aðrir viðurkenna lýðræðislegan rétt hennar að sitja áfram, og þá skal ég fúslega játa, að þjóðin eigi ekki betri stjórn skilið enn um stund.

Hvað er það svo, sem núv. ríkisstj. krefst af þjóðinni? Að enn séu hækkaðar álögur á hana sem nemur meir en 10% þeirra tolla- og skattaálagna, sem fyrir eru og upp eru gefnar, en eru meiri í reyndinni. Hvernig á svo að innheimta þennan skatt? Auðvitað á að fara hina illræmdu söluskattsleið, sem hefur sér flest til foráttu, en fátt til ágætis eða réttlætingar. Söluskattur kemur þyngst niður á fátækum og barnmörgum fjölskyldum, og það, sem e. t. v. engu minna varðar, er, að reynslan hefur sýnt, að engin skattheimta ríkissjóðs er eins erfið og affallasöm og söluskattur í smásölu.

Og hvernig eru svo þessar fyrirhuguðu álögur afsakaðar, og hver er talin ástæðan fyrir þeim? Óhjákvæmilegar og eftir ástæðum hógværar kaupkröfur láglaunafólksins eru taldar nú sem áður orsök þess að hafa komið efnahagslífi þjóðarinnar í öngþveiti. Það er ekki nýtt, að þessi ríkisstj. skelli þannig mistökum sínum í efnahagsmálum á láglaunafólkið í landinu. Þegar það knýr fram einhverjar leiðréttingar kjara sinna, kveður slíkt einlægt við, og í hvert sinn, sem fólkið ber fram slíkar kröfur, hefur ríkisstj. boðað refsiráðstafanir og framkvæmt þær í formi gengisfellingar eða með beinum auknum álögum eftir öðrum leiðum. Þegar þurfandi fólk reynir á viðurkenndan lýðræðislegan hátt og hóflegan að krefjast réttar síns, þá skal því refsað og launabótin hrifsuð úr hendi þess.

Enn hefur ríkisstj. ekki lært svo mikið, að slík vinnubrögð þýða ekki. Fólkið fer aftur af stað, e. t. v. með meiri kröfur en áður, og heimtar sinn hlut til baka, og sagan endurtekur sig, nýjar kaupkröfur, nýjar álögur, og allt er komið á strand aftur, áður en varir. Ríkisstj. hefur ekki lært enn þau einföldu sannindi, sem felast í hinu hrjúfa alþýðuorðtaki: Það er skammgóður vermir að pissa í skó sinn.

En er nú mál ríkisstj. til Alþingis og þjóðarinnar meira en auknar skattálögur, sem ég hef aðeins lauslega vikið að, en aðrir gert meiri og nákvæmari skil, bæði við 1. umr. og nú við þessa umr.? Vissulega. Í erindi ríkisstj., tilkynningunni til Alþ. fólst meira, rúsínan í pylsuendanum er eftir. Jafnhliða því að keppa eftir að koma álögum þjóðarinnar upp í a. m. k. 3 milljarða, þá vill hún fá einræðisvald til að fella úr gildi allar fjárveitingar skv. fjárl. 1964 til verklegra framkvæmda ríkisins og einnig framlög til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárl. Fyrr má nú rota en dauðrota. Þessi ríkisstj. leyfir sér, eftir allt sem á undan er gengið og fram undan er, að krefjast jáyrðis fylgjara sinna í öðru eins og því líku. Það má vissulega spyrja ríkisstj. og stuðningslið hennar: Er þetta hægt, Matthías? Eða: Loftarðu þessu, Pétur? Þessi ríkisstj., sem lofaði þjóðinni gulli og grænum skógum skv. hagfræðilegum formúlum, bæði á þingi við valdatöku sína og enn fremur í hinni frægu hvítu bók, sem ber nafnið Viðreisn og valdhafarnir óska nú, að aldrei hefði orðið til, — með þessari umbeðnu heimild segir ríkisstj. við þjóðina: Þótt ég sjái nú fram á að geta kreist undan nöglum þínum um 3 milljarða í ríkiskassann, þá geri ég ekki ráð fyrir öðru en ég verði að nota allt þetta fé til ríkisrekstrarins, og því býst ég ekki við, að ég eigi nokkuð eftir handa þér til uppbyggingar í landinu þér til frambúðarhagsældar, ekki einu sinni krónu til vega, til brúa, til hafna, til skólabygginga eða viðhalds þeim, ekki til íþróttamannvirkja, ekki til bókasafna eða annars slíks, ekki til að byggja eða endurbæta sjúkrahús, ekki til fjárfestingar á vegum landbúnaðarins, ekki til nýrrar rafvæðingar eða jarðborana, ekki til vatnsveitna né aðstoðar til landakaupa kaupstaða og kauptúna og sennilega ekki neinn byggingarstyrk eða annað slíkt skv. 17. gr. fjárl. Og enn fremur: Framkvæmdaframlög skv. 20. gr. fjárlaga, þ. á m. fé til uppbyggingar flugvalla víðs vegar um landið, eru dauðadæmd á þessu ári, ef stjórninni býður svo við að horfa og fær umbeðna heimild. — Trúlega guggnar ríkisstj. í þessu efni, og segi ég henni það ekki til lasts. Verð ég að gera ráð fyrir, að fylgismenn ríkisstj. skoði hug sinn tvisvar, áður en þeir gefa þessa umbeðnu heimild.

Engar ríkisstj. munu fyrr eða síðar hafa sótt til Alþ. um slíka heimild sem þessa. Gæti ég trúað, að eina fordæmið sé, að ríkisstj. fékk eitt sinn heimild til að lækka um 10%, ef nauðsyn krefði, slík fjárlagaframlög, í svipaða átt og hér er beðið um að mega fella niður allar verklegar fjárveitingar.

Ég skal ekki fjölyrða um afleiðingar þess, ef framkvæmd væri umbeðin heimild. En slíkt er ekki hægt að þola, allra síst af hendi þeirrar ríkisstj., sem alþjóð veit að hefur morð fjár til umráða. Slíkt er alveg ógerningur, jafnvel þótt einhvers konar móðuharðindi væru skollin á af manna völdum, sem munu síst vera léttbærari en þau harðindi, sem náttúran kann að leiða yfir mennina. Það væri t. d. ánægjulegt eða hitt þó heldur fyrir núv. samgmrh. að sitja í ár uppi með nýsamþykkt vegalög og fá ekki tilskilið fé til að bæta eitthvað þjóðvegakerfi landsins, sem svo mjög hefur drabbazt niður í höndum hans á undanförnum árum. Og hvar er nú stórhugur menntmrh. á sviði menningarmálanna? Hlakkar hann t. d. til, að hundruð barna og unglinga hafi ekki skýli yfir höfuðið til að nema það, sem þeim ber lögum samkvæmt, og fjöldi annarra þeirra býr við ófullnægjandi aðstæður á því sviði? Og svona má halda áfram að telja í sambandi við niðurfellingu fjárveitinga, sem ríkissjóður er skyldur að leggja árlega fram til almenningsheilla og þarfa. Ég vil svara fyrir hinn aðspurða Matthías og segja: Þetta er ekki hægt.

Og loftar ríkisstj. slíkri ábyrgð? Ég segi nei. Hún á strax að segja af sér. Og ég vil að lokum bæta því við, sem eitt sinn var sagt hér í þingsölunum: Þótt fyrr hefði verið.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa farið fram, gefa mér ekki tilefni til andsvara að neinu ráði. Ég vildi aðeins benda hér á örfá atriði, sem fram hafa komið og koma fram í brtt. minni hl. og hv. 5. þm. Austf.

Samkv. brtt. minni hl. er gert ráð fyrir að auka útgjöldin samkv. frv. um, að mér telst til, 32 millj. kr. Það er ekki aðeins, að það sé ekki gert ráð fyrir neinum tekjum þar á móti, heldur felur ein brtt. það í sér að fella niður alla tekjuöflun úr frv. Þetta er raunverulega verðbólguleiðin, sem kemur einnig fram í flestum öðrum brtt. minni hl. Hér er ekkert nýtt, sem kemur fram. Þetta er margrætt hér á Alþingi, þessi leið þeirra hv. þm. minni hl. og þeirra stuðningsmanna, þetta er það sama, sem þeir hafa raunverulega flutt nú þing eftir þing með dálitið mismunandi orðalagi og mismunandi tölum. En aðaltill. minni hl. er þó ekki þetta, heldur hitt að skipa nefnd. Það á að skipa 8 manna nefnd, tvo frá hverjum flokki, til þess, eins og segir, að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar. En þetta er ekki heldur nýtt. Þarna er grafin upp gömul till., núna nær 4 ára gömul, sem flutt var á þinginu 1960, eins og lýst er í grg. eða áliti minni hl., þá átti líka að skipa nefnd 8 manna, 2 frá hverjum flokki, til þess að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar. Það er þannig augljóst, að minni hl. og þeir, sem að honum standa, hafa ekkert nýtt til málanna að leggja, og því gefur það ekki tilefni til neinna umr.

Ég vildi aðeins minnast á eitt atriði þó. Það er í sambandi við 5. brtt. á þskj. 211, þar sem er gert ráð fyrir, að við bráðabirgðaákvæði frv. bætist nýr stafl. um fiskiðnskóla eða um skipun 7 manna n. til að gera till. um stofnun og rekstur fiskiðnskóla. Um þetta liggur nú fyrir sameinuðu Alþingi till. til þál. á þskj. 207. Það verður að telja, að það sé eðlilegra, að sú till. fái þinglega meðferð og sé ekki verið að hnýta henni aftan í þetta frv., sem í eðli sínu er óskylt.

Mér kom ekki á óvart það, sem hv. 5. þm. Austf. sagði þegar hann ræddi um mismunandi uppbætur eða styrki. Þetta er einmitt megineinkenni uppbótakerfisins eða styrkjakerfisins, sem hann þekkir sennilega betur en flestir aðrir af reynslu þeirra ára, þegar hann átti sæti í ríkisstj. og fjallaði um þessi mál. Hann sagði eitthvað á þá leið, að það kæmi til mála að mismuna vegna mismunandi verðhækkana afurðanna. Hann vildi ekki neita því, að það væri möguleiki. Það er m. a. þetta atriði, sem kemur fram í þessu frv., það er ekki greitt jafnt til allra, m. a. af því, að aðstaða atvinnugreinanna innan sjávarútvegsins er misjöfn og vegna mismunandi verðhækkana á erlendum markaði, einnig vegna þess, að vinnulaunin eiga mjög mismunandi þátt í framleiðslukostnaði hinna ýmsu greina, en megintilgangur þessa frv. er að bæta upp þá launahækkun, sem varð í des. s. l. Þetta er einmitt, þessi mismunur eða hvað við viljum kalla það, tekið tillit til mismunandi aðstæðna, þetta er raunverulega kjarni uppbótakerfisins. Eins og það var framkvæmt hér á árunum, þá byggðist það á þessu, að reikna út, hvað hver grein þyrfti með tilliti til framleiðslukostnaðar og verðlags á erlendum mörkuðum.

Það kom ekki heldur á óvart, þó að hann væri ekki samþykkur þeirri brtt. meiri hl. n. að hækka fiskverðið um 6%, sem þýðir rúmlega 50 millj. kr. aukin útgjöld, en leggur til, að það verði hækkað um 15%, sem þýðir þá samkv. því um 125 millj. kr. aukin útgjöld. En hann vill ekki, að aflað sé tekna til að mæta þessum útgjöldum, og vill raunar fella niður 5. gr. frv. í þeirri mynd, sem nú er um tekjuöflun, en setja í staðinn ákvæði um vaxtalækkun, sem mundi náttúrlega ekki koma að sama gagni. Þarna er um grundvallarmismun á sjónarmiðum að ræða, svo sem margrætt er hér, bæði í sambandi við þetta mál og þó einkum í sambandi við önnur þó ekki óskyld mál, sem áður hafa verið rædd hér í þinginu.

Út af því, sem hann sagði um vátryggingarkerfi fiskiskipaflotans, þá er það rétt hjá honum, að það standa fyrir breytingar á því nokkrar, en auk þess er rétt að geta þess, að allt þetta kerfi hefur verið og er í endurskoðun með það fyrir augum að koma því á hentugri grundvöll fyrir fiskiskipaflotann. Það hefur verið ljóst, að það væri úrbóta þörf á þessu sviði, og vegna þess var farið út í það að endurskoða þau lög og reglur, sem um þetta gilda, og þær athuganir eru nú í gangi.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 6. landsk., frsm. meiri hl. fjhn., nefndi till. okkar í minni hl. um að fella niður úr frv. skattálagninguna, og hann segir, að við viljum fara það sem hann kallar verðbólguleiðina með þessari till. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Við höfum gert grein fyrir því, að við viljum nota til þeirra ráðstafana, sem hér um ræðir, það fé, sem búið er að taka af landsmönnum með sköttum umfram þarfir hins opinbera, og það, sem útlit er fyrir að verði tekið umfram þarfir á þessu ári með sköttum. Það skapar enga verðbólgu að nota það fé, sem tekið er með álögum af landsmönnum. Stjórnarflokkarnir kjósa enn sem fyrr að fara hina leiðina, sem vel mætti kalla dýrtíðarleið, að leggja á stöðugt nýja skatta, en allir vita, hvað það hefur háskalegar afleiðingar í för með sér.

Hv. 6. landsk. þm. nefndi einnig till. okkar um fiskiðnskólann, taldi vafasamt, að hún ætti heima við afgreiðslu á þessu frv. En ég vil benda á það, að þetta er ákaflega þýðingarmikil ráðstöfun einmitt til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, að koma upp þessari skólastofnun, og því teljum við það mjög eðlilegt, að ákvæði um undirbúning að stofnun slíks skóla verði tekin inn í þetta frv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Við búum nú ekki við suðrænt veðurlag, en við vitum þó, að það kemur jafnan regn á eftir þrumunni. Og það er það, sem er að gerast hér. Nú er að byrja að rigna, þruman er gengin hjá að mestu.

Þegar núv. stjórn tók við völdum, átti allt að laga, það átti að afnema niðurgreiðslur, a. m. k. útflutningsuppbætur, og skapa rétt gengi. Ég skal játa, að útflutningsuppbæturnar voru meira og minna gallaðar og m. a. vegna þess, að þeim er ekki alltaf réttlátlega úthlutað. Ég veit t. d. um smáfisksuppbæturnar, að því miður var þar ekki gætt fyllsta réttlætis, vegna þess að það gáfu ekki allir réttar skýrslur. Ég býst við, að sumir hafi gert það, en ég hafði nokkurn veginn vissu fyrir því, að t. d. gáfu sumir upp, að hluti af netafiskinum á Suðurnesjum væri smáfiskur, og það var vitanlega ekki rétt. Þannig er það með allar uppbætur og niðurgreiðslur, að það vill gæta ranglætis með úthlutun þeirra, svo að það er til bóta, ef hægt er að afnema slíkt. En það gengur nú þannig til, það, sem átti að laga, hefur ekki tekizt að laga. Við þurfum að gera okkur ljóst, hvers vegna þetta mistókst.

Ég hef aldrei haft gleði af því, þó að þessari stjórn gengi eitthvað illa, heldur hefur það hryggt mig, og eftir minni takmörkuðu þekkingu á hlutunum hef ég stöku sinnum reynt að benda á, hvað ég áliti að betur hefði mátt fara. En það hefur aldrei verið á það hlustað. Ég benti á það 1960, að gengið væri fellt of mikið, þetta skapaði óeðlilegar verðhækkanir. Ég benti einnig á það, að hækkun vaxta, um leið og gengið væri fellt, mundi ekki ná takmarki sínu, vegna þess að rekstrarfjárþörfin mundi aukast svo mikið, að eftirspurnin eftir fé mundi verða það mikil, að menn tækju lánin, hvað sem þau kostuðu.

Þetta hefur allt komið fram. Þetta verkaði hvað á móti öðru. Það var ekki gagn að vaxtahækkuninni, þegar verðhækkanir voru svona miklar. Fólkið varð einhvers staðar að fá peninga. Það þurfa allir að hafa íbúð eða búa í einhverjum húsum. Vegna verðhækkananna mun byggingarkostnaður hafa hækkað um 50—70%, og hækkun hefur orðið síðan. Lánin voru takmörkuð. Nú eru lánaðar 150 þús. kr. út á íbúðina. Fólkið er að verða í vandræðum með fé til að geta byggt yfir sig, og við þekkjum það, þm. utan af landi, að maður má ekki hitta þetta fólk, sem er að byggja núna, án þess að það spyrji okkur: Getið þið ekki einhvern veginn útvegað okkur lán. Lánstíminn er styttur, vextirnir hækkaðir og þeir, sem eru að byggja yfir sig, eru í vandræðum. Þetta er að koma meira fram, eftir því sem árunum fjölgar, frá því að þessar ráðstafanir voru gerðar. Og ef ríkisstj. vill nú gera eitthvað af viti til þess að fá fólkið til að vera sanngjarnt í kaupkröfum, ætti hún að gera fólkinu auðveldara að byggja yfir sig. Hún ætti að lána fólkinu eða þeim, sem byggja íbúðir, 300 þús. kr. gegn 4% vöxtum og 40 ára afborgun, í staðinn fyrir að stytta lánstímann, hækka vextina og hafa lánsfé hverfandi lítið. Hvernig í ósköpunum getur ríkisstj. búizt við því, að fólkið geti unnið fyrir lágt kaup eða án þess að krefjast hærra kaups, þegar útgjöldin eru alltaf stöðugt hækkuð?

Sama er að segja um bændur. Allur þeirra rekstrarkostnaður jókst til muna. Og það, sem er allra verst, það er misræmið í þessu. Þeir, sem voru búnir að búa um sig, búa við tiltölulega góð kjör. Þeir, sem eru að því nú, og þeim fjölgar alltaf, búa við þessi slæmu kjör. Þeir þurfa að hafa miklu meiri tekjur en þeir, sem voru búnir að búa um sig. En vitanlega fylgja aðrir þeim eftir, og allir gera kröfurnar. En nú er búið að fara hringinn. Nú er þessi hæstv. ríkisstj. búin að sameina þetta tvennt, þ. e. lánsfjárskortinn og vaxtaokrið frá sínu eigin tímabili, og er að sameina alla gallana frá vinstristjórnartímanum, sem þeir kenndu oft við hv. 1. þm. Austf. og kölluðu Eysteinsku, þ. e. meiri eða minni uppbætur. Það má kalla það útflutningsuppbætur eða hvað það nú er. Það er visst á hvert fiskkíló og falsgengi um leið. Hvað er þessi söluskattur? Hann auðvitað hækkar og hækkar nauðsynjar fólksins, og við vitum, að við fáum miklu minna fyrir krónuna nú en í fyrra. En það er þetta, sem er að gerast. Það er verið að sameina allt það versta frá tímabilum tveggja stjórna, en sleppa öllu því skásta.

Mér er sagt, að nú muni það liggja í loftinu að bæta þeim frystihúsum, þau eigi að njóta aðallega styrksins, þau frystihús, sem mest framleiða og bezta hafa aðstöðuna, það verði úthlutað eftir framleiðslumagninu, en ekki eftir þörfinni. Það þýðir vitanlega það, að þeir, sem frysta nú síldina og fá 3 kr. fyrir að frysta kg eða 4 jafnvel, það er fyrir vinnu og frystingu, en þeir, sem flytja hana í land, fá eina 84 aura. Þetta eru þau frystihús, sem hafa langsamlega bezta aðstöðu, því að þetta er í raun og veru það, sem skapar góð rekstrarskilyrði fyrir frystihúsin, en ef miðað er við framleiðslumagn, þá eru það þessi frystihús, sem fá langmest. Það á því ekki að úthluta eftir magni, heldur á að kynna sér, hvaða frystihús hafa mesta þörf fyrir aðstoð, og það á ekki að gera eftir frásögnum þeirra sjálfra, heldur á trúnaðarmaður ríkisstj. eða þeirra, sem eiga að sjá um úthlutunina, að ferðast milli húsanna og kynna sér rekstur þeirra og þarfir, og svo á að gera athugun á því, hver þurfi aðstoðina.

Ég talaði hér örfá orð um kvöldið, ég fór ekki fram á, að það yrði greiddar vissar prósentur eða aurar á hvert fiskkg, af því að þegar byrjað er á þessu kerfi, þá er ógerlegt að stöðva það, það koma meiri og meiri kröfur.

Þá er eftir þessi blessaði kjaradómur hjá verzlunarmönnum. Mér er sagt, að það muni verða stærsta bomban, sem hefur komið í efnahagslíf okkar, ég hef hlerað það. Svo eru eftir kaupkröfurnar í júní í sumar. Þá ætla verkamennirnir af stað aftur. Það er að byrja að rigna, og við fáum skúr. Það er svo með seinn, er mér sagt, að það sé hægt að slá hann

í rot, en ef hann er sleginn annað högg, þá raknar hann úr roti. Þruman er gengin hjá og regnskúrinn er byrjaður og verður vafalaust mikill. En við skulum samt ekki örvænta, því að þegar ósköpin eru búin, vitum við, að það verður heiðríkt og sólin fer að skína.

Ég held nú satt að segja, að það miði allt að því, að vitleysan verði það mikil, að það verði ógerlegt annað en laga hana. Ég álít, að ríkisstj. hefði aldrei átt að ganga inn á þessa 6% hækkun á fiski. Uppbótakerfið verður ekki stöðvað, þegar byrjað er á því. Ríkisstjórnin átti að fara aðra leið. Hún átti að lækka vextina við útgerðarmennina. Ef við reiknum með, að báturinn afli á vertíðinni 600 tonn, þá jafngildir þessi uppbót 108 þús. Þar af eiga sjómennirnir að fá um 40%, eða rúmar 40 þús. kr. Þeir fá það með uppbótum til yfirmanna o. fl. Ef hæstv. ríkisstj. hefði lækkað vextina um 2½%, sem sagt samræmt þetta, það yrðu þá sömu vextir á skipum, sem voru keypt fyrir 1960, og þeim, sem eru keypt eftir 1960, þá hefði það af bát, sem fær 7—8 millj. kr. lán, jafngilt 170 þús. kr. Það hefði verið meiri lækkun, og það var viturlegri leið, heldur en að ganga inn á þetta kerfi, sem við vitum að er hér um bil ógerlegt að stöðva, þegar byrjað er á því. En útgerðarmennirnir, það verður ekkert lakara fyrir þá að greiða einhvern hluta vaxtalækkunarinnar til sjómannanna heldur en fá þessa aura eða skipta þeim á milli sín og sjómannanna. En þetta var viturlegri leið. Ég benti á þessa leið, en hæstv. ríkisstj. hlustaði ekki á það, því að hún hlustar aldrei á, — þó að maður vilji benda henni á það, sem vit er i, og vilji henni vel, þá hlustar hæstv. ríkisstj. aldrei á það. Þess vegna er ég farinn að gera lítið að því.

Þetta er ekki nóg. Svo rekur að því, að útgerðarmennirnir borga ekki þessa vexti og bændurnir, sem búa við þessi sömu vaxtakjör, — það eru alltaf fleiri og fleiri bændur að taka þessi lán nú með háu vöxtunum, — þeir borga ekki sína vexti, og þá verða bankarnir að taka skipin og jarðirnar. Þetta kemur allt af sjálfu sér. Þannig fer með alla vitleysu, sem gerð er. Hún er óframkvæmanleg, og þannig mun þetta verða. Menn geta ekki borgað þessa háu vexti af skipunum, nema krónan haldi áfram að hríðfalla, sem má vera að hún geri. Við höfum það þá eins og Frakkarnir, þegar þeir tóku tvö núll aftan af og gerðu 1 franka úr 100. Það rekur sjálfsagt að því eftir nokkur ár, að við verðum að gera það sama, sleppa 1 eða 2 núllum, og sama mun verða um bændurna. Þeir, sem eru að taka lán nú, geta ekki borgað vexti og afborganir.

Ég get sagt ykkur, að ég fékk 30 þús. kr. að láni fyrir mann, sem byggði hús í kauptúni, — ég segi ykkur þetta bara sem dæmi. Hann var búinn að fá 70 þús. kr. áður og þurfti að borga 9 þús. af þessum 30 í vexti og afborganir af þessum 70, sem hann hafði fengið. Svona er það, lánin koma seint, þau eru lítil, og svo loksins, þegar leifarnar fást, fer mikið af því fé í vexti og afborganir. Þetta kemur allt af sjálfu sér, þetta er óframkvæmanlegt. En það er bara þetta, sem er athugavert. Það er verið að samræma það nú, sem var vitlausast og óheilbrigðast hjá tveimur ríkisstj., og svo ímyndið þið ykkur, að þetta geti gengið. Það gengur ekki langt. Skúrinn er að byrja, hann gengur hjá og vafalaust birtir til aftur, en við verðum orðin gegnvot vafalaust mörg okkar.

ATKVGR.
Brtt. 211,1 felld með 19:17 atkv.
— 211,2 felld með 20:16 atkv.
— 213,1.a felld með 20:14 atkv.
— 213,1.b felld með 20:16 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 212,1 samþ. með 21:1 atkv.
— 213,2.a felld með 19:11 atkv.
— 213,2.b felld með 20:10 atkv.
— 213,2.c felld með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, EOl, EystJ, GeirG, HÁ, HV, IG, JSk, LJós, SE, ÁÞ.
nei: BGr, BF, BBen, BP, DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, KS, IngJ, JP, JR, MB, MÁM, AJ, PS, SÁ, SI, SvJ, SB.
EÁ, GíslG, HS, SkG, ÞÞ greiddu ekki atkv.
3 þm. (EðS, RA, JóhH) fjarstaddir.
Brtt. 212,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 213,3 felld með 20:11 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 211,3 felld með 20:7 atkv.
Brtt. 213,4 felld með 21:4 atkv.
— 212,3 samþ. með 20:16 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 20:16 atkv.
Brtt. 213,5 felld með 20:15 atkv.
— 211,4 felld með 20:15 atkv.
— 212,4 (ný 6. gr.) samþ. með 20:9 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 211,5 felld með 20:16 atkv.
— 213,6 felld með 19:16 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:4 atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 217).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í lögum um söluskatt eru fyrirmæli um það, að 1/5 hluti skattsins skuli renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í því frv., sem hér liggur fyrir, þar sem ákveðin er mikil hækkun á söluskattinum, er hins vegar tekið fram, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuli ekki fá neitt af þessari hækkun. Þetta verður að teljast ósanngjarnt. Sívaxandi dýrtíð bitnar á sveitarsjóðunum ekki síður en á öðrum aðilum, og sveitarfélögin hafa því fulla þörf fyrir að fá sinn hluta af þessari skatthækkun, eins og þeim skatti, sem fyrir er. Minni hl. fjhn. vill því leyfa sér að flytja brtt. um þetta atriði

í frv., um það, að síðasta mgr. 5. gr. falli niður. Brtt. er skrifleg, og ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða og hún megi koma fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 218) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það mun að sjálfsögðu ekki breyta miklu um meðferð og afgreiðslu þessa máls, þó að umr. um það verði lengdar hér í hv. d. Það er auðséð, að hæstv. ríkisstj. er búin að ákveða það, sem hún ætlar að gera, og hún ætlar ekki neinum ráðum að taka, heldur fara svo fram eins og stefnt er að í þessu frv. Mér finnst þó rétt að láta þetta mál ekki svo fara í gegn við 3. umr., að ekki sé nokkuð á það minnzt.

Ég held, að ég rifji það þá fyrst upp, sem mér kom einna fyrst í hug, þegar ég sá þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það rifjar upp fyrir mér atburð úr einni af Íslendingasögunum, sem mér finnst að hafi komið býsna oft fyrir hjá hæstv. ríkisstj. og mér finnst að lýsi hugarfari, sem illa fari hér á Alþingi, og erfitt muni verða að leysa mál farsællega, meðan það hugarfar er ríkjandi hjá æðstu stjórn landsins. Ég býst við og veit það, að allir hv. þm. kannast við þennan atburð, og þarf þess vegna ekki að rekja hann í löngu máli, en ég á við það, að þegar það gerðist samkv. sögu Gunnlaugs ormstungu, að þeir hinir gömlu félagar, Gunnlaugur og Hrafn, háðu einvígi og því hafði raunverulega lokið með ósigri Hrafns, þá bað hann Gunnlaug um að gefa sér svaladrykk, sem Gunnlaugur fúslega gerði, en hinn notaði svo tækifærið til þess að koma á hann höggi, sem særði hann til ólífis. Mér virðist, að framkoma hæstv. ríkisstj. í þessu máli minni nokkuð á framkomu Hrafns og hafi gert það allt of oft.

Það urðu hér á s. l. hausti átök á milli vinnustéttanna og hæstv. ríkisstj. Ég þarf ekki að rekja þessi átök, vegna þess að þau eru öllum þm. í fersku minni. Þessu einvígi vinnustéttanna og ríkisstj. lauk með því, að ríkisstj. tapaði fullkomlega leiknum. Hins vegar verður ekki annað sagt en vinnustéttirnar hafi haldið með fullkomnum drengskap á þessu máli, vegna þess að þær sömdu, a. m. k. láglaunastéttirnar, um miklu minni kjarabætur en sannanlegt er að þær hafa þörf fyrir, eins og hér hefur verið rakið, en tóku á þann hátt tillit til þeirra aðstæðna, sem eru í þjóðfélaginu. Slíkri framkomu vinnustéttanna hefði átt að svara með drengskap, slíkri framkomu vinnustéttanna hefði átt að svara með góðvild, eins og hæstv. forsrh. lætur sér svo tíðrætt um að vekja máls á hér í þingsölunum. Ríkisstj. átti að bregðast hér við, þegar þannig var á málum haldið af hálfu vinnustéttanna, á þann hátt að koma til móts við þær af drengskap og góðvild. En því miður hefur ríkisstj. ekki farið þannig að. Ríkisstj. hefur farið að eins og Hrafn. Í stað þess að svara með drengskap og góðvild svarar hún með því frv., sem hér liggur fyrir, frv., sem felur í sér að taka raunverulega aftur það að mjög verulegu leyti, sem vinnustéttirnar áunnu sér með þeim tiltölulega hóflegu kjarabótum, sem þær fengu á s. l. hausti. Hér er lagt til hvorki meira né minna að algerlega þarflausu, eins og hefur verið rakið í hv. deild, og ég þarf ekki að endurtaka það, — hér er lagt til hvorki meira né minna en að hækka álögur á almenningi um 300 millj. kr. á ári, eða um 160 kr. á hvert mannsbarn í landinu, eða um 6400 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu, því þó að það sé tölulega hægt að halda því fram, að í fyrstu hafi þessi hækkun söluskattsins kannske ekki öllu meiri áhrif á framfærsluvísitöluna en 2 stiga hækkun, þá vita allir, að það er ekki nema það, sem kemur allra fyrst inn í hana. Þessar hækkanir á söluskattinum og vísitölunni koma svo til með að hafa í för með sér alls konar víxlhækkanir, og þannig gengur þetta koll af kolli, svo að innan tíðar hafa þessar álögur, þessar 300 millj., dreifzt á allan almenning. Þá eru þetta orðnar álögur, sem nema hvorki meira né minna en 6400 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Það er með þessum hætti, sem hæstv. ríkisstj. svarar hinum hóflegu kaupsamningum, er verkalýðsfélögin fengu fram í s. l. mánuði, að leggja að algerlega óþörfu 6400 kr. skatt á hverja 4 manna fjölskyldu í landinu.

Við Íslendingar höfum haft við mikinn vanda að stríða í efnahagsmálum okkar á undanförnum árum. En það er alveg víst, að sá vandi verður ekki leystur fyrr en þeir, sem með völdin fara, reyna að taka á málunum með góðvild og skilningi og sætta sig við það, þótt þeir í einhverjum einstökum málum kunni að hafa beðið ósigur, þegar þeir hafa haft rangt fyrir sér, en svara því ekki með ofstopa og offorsi. Sá leikur, sem hér var leikinn sumarið 1961, þegar vinnustéttirnar höfðu knúið fram mjög hóflega kauphækkun, sýnir okkur kannske gleggst, hvernig ekki á að halda á málum. Ríkisstj. hafði beðið ósigur þá í því einvígi, alveg eins og Hrafn hafði tapað fyrir Gunnlaugi í því einvígi, sem ég minntist á áðan. Vinnustéttirnar höfðu þá knúið fram svo hóflegar kauphækkanir, að það var engin þörf á því fyrir stjórnarvöldin að gera neinar sérstakar gagnráðstafanir, og það, sem stjórnarvöldin áttu þá að gera, var að taka á þessum málum með skilningi og góðvild. En í staðinn fyrir það var steypt yfir hinni gersamlega óþörfu gengislækkun sumarið 1961, með þeim óhugnanlegu afleiðingum fyrir atvinnuvegi og fjármál landsins, sem öllum þm. er kunnugt um og ekki þarf að rekja hér. Þetta sýnir bezt, hvernig fer, þegar valdhafar landsins láta stjórnast af hefndarhug og ofbeldishug í staðinn fyrir að reyna að taka á málum með skilningi og góðvild.

Það mun hafa verið rifjað hér upp af hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, hvernig danska stjórnin hélt á þessum málum á s. l. vetri, þegar sérstakar efnahagsráðstafanir voru gerð-

ar þar í landi. Það, sem danska stjórnin gerði til þess að reyna að leysa efnahagsmálin í Danmörku á s. l. vetri, var ekki að fara að vinnustéttunum með offorsi. Það var ekki að fara að þessum málum þannig eins og hún hefði öll völd og alla möguleika í sínum höndum og þyrfti ekki við neina að ræða. Það, sem danska stjórnin gerði, þegar hún vann að lausn efnahagsmálanna þar í landi á s. l. ári, var í fyrsta lagi að snúa sér til vinnustéttanna, alþýðusamtakanna, og ná samkomulagi við þau um það, sem gera ætti, og það var í öðru lagi að snúa sér til stjórnarandstöðuflokkanna á þinginu og reyna að leysa þau mál í samkomulagi við þá. Sem sagt, það fyrsta, sem danska stjórnin gerði til lausnar þessum málum, var að reyna að skapa sem víðtækast samkomulag um lausnina, með því í fyrsta lagi að ræða við fulltrúa vinnustéttanna, verkalýðssamtökin, og í öðru lagi með því að ræða við stjórnarandstöðuna á þingi um það, sem gera þyrfti, og sjá, hvort ekki næðist samkomulag um allsherjarlausn milli allra flokka þingsins um það, sem gera þyrfti.

Hefur hæstv. ríkisstj. haft þau vinnubrögð í sambandi við þetta mál? Hefur hún rætt um það við vinnustéttirnar, hvort það væri þörf á að gera þessar ráðstafanir eða hvernig þær skyldu gerðar? Nei, hún hefur vissulega ekki talað við fulltrúa vinnustéttanna, alþýðusamtökin, um þessi mál. Og hefur kannske hæstv. ríkisstj. haft þann hátt á, eins og danska stjórnin, að ræða um það við stjórnarandstöðuna á Alþingi, hvort hægt væri að ná einhverju samkomulagi um þessi mál? Nei, hæstv. ríkisstjórn hefur ekki haft þann hátt á. Hún hefur bæði vanrækt að ræða við fulltrúa vinnustéttanna, verkalýðssamtökin, og hún hefur ekki minnzt neitt á samkomulag um þessi mál við stjórnarandstöðuna á Alþ. Hún hefur farið gersamlega öfugt að við það, sem danska stjórnin gerði á s. l. ári og hæstv. fjmrh. var að vitna til. Og hæstv. ríkisstj. gerir meira. Við framsóknarmenn höfum bent á það í sambandi við meðferð þessa máls hér á þinginu, að þessi mál væru komin í svo algert strand, að það væri eðlilegt, að þingflokkarnir allir reyndu að koma sér saman um lausn þeirra án tillits til þess, hverjir sætu í stjórn eða stjórn ekki, og með þeirri till., sem fulltrúar Framsfl. í fjhn. hafa flutt hér á þinginu í dag, var boðin framrétt hönd stjórnarandstöðunnar til þess að athuga, hvort það væri ekki möguleiki á, að stjórn og stjórnarandstaða gætu staðið að lausn þessara mála, eins og átti sér stað í Danmörku á s. l. ári.

Hvernig hefur hæstv. ríkisstj. svarað þessu tilboði? Hún hefur svarað því með því að hafna því algerlega og fella það hér í hv. d. fyrir nokkrum klukkustundum. Það er á þennan hátt, sem hæstv. ríkisstj. vinnur, að forðast eins og hún framast getur að leita nokkurs samkomulags um það, sem gert er, heldur fara sínu einu fram og reyna að hefna fyrir það, ef hún bíður ósigur við vinnustéttirnar og þeim tekst að knýja fram mjög hóflegar kauphækkanir, eins og átti sér stað sumarið 1961 og nú aftur á s. l. hausti. Ríkisstj. er jafnan haldin sama hugarfarinu og Hrafn að reyna að hefna fyrir sig, þegar hún telur sig hafa orðið fyrir miklum ósigri, sem oft og tíðum er kannske ekki ósigur fyrir ríkisstj., heldur má hún þakka eða fagna þeim úrslitum, sem orðið hafa, þó að henni hafi ekki tekizt að koma sínum málum fram. En þrátt fyrir það er það ekki þannig, sem hún lítur á málin. Það er alltaf hefndarhugurinn, sem stjórnar gerðum hennar fyrst og fremst. Og það á vissulega mikinn þátt í því óefni, sem íslenzk efnahagsmál eru komin í nú í dag.

Það, sem mér finnst þess vegna sérstök ástæða til þess að árétta við meðferð þessa máls, áður en það verður endanlega afgreitt frá Alþ., er, að hæstv. ríkisstj. á ekki að láta ofbeldishuginn, á ekki að láta hefndarhuginn stjórna sínum gerðum í þessum málum. Hæstv. ríkisstj. á miklu frekar að hugsa um að reyna að ná samkomulagi um þessi mál á breiðum grundvelli við vinnustéttirnar og við fulltrúa stjórnarandstöðunnar hér á Alþ., til þess að reyna að vinna að sem farsælastri lausn þessara mála. Ríkisstj. á að halda á þessum málum með svipuðum hætti og danska ríkisstj. gerði, en ekki taka Hrafn sér til fyrirmyndar.

Mér finnst rétt, áður en þetta mál verður afgreitt hér frá hv. d., að rifja það upp í stuttu máli, hverju var lofað hér í þessari sömu hv. d., þegar viðreisnin var boðuð og tilkynnt af þáv. forsrh. fyrir 4 árum, og að hverju átti þá að stefna og hvernig hefur tekizt að koma því fram. Hæstv. þáv. forsrh. í þeirri framsöguræðu, sem hann flutti, þegar hann lagði viðreisnarfrv. fyrir Alþ., sagði, að það væri sérstaklega stefnt að sex meginatriðum með þeirri stefnu, sem nú ætti að taka upp og bjarga ætti efnahagsmálum landsins og tryggja farsæla framtíð um komandi ár. Og skal ég nú rifja þessi sex atriði upp og minnast síðan á það í stuttu máli, hvernig hefur tekizt að koma þeim fram.

Fyrsti megintilgangurinn, sagði þáv. hæstv. forsrh., væri að leiðrétta gengisskráninguna og afnema uppbótakerfið á þann hátt. Blasir það nú við í dag, að uppbótakerfið hafi verið afnumið? Er ekki enn þá á hinum ólíklegustu sviðum alls konar uppbótum haldið uppi? Og er ekki einmitt hér í dag fyrir forustu ríkisstj. verið að samþykkja eitthvert það mesta uppbótafrv., sem nokkru sinni hefur verið samþ. hér á Alþ.? Það er ekki aðeins, að það sé verið að samþykkja uppbætur til frystihúsanna, uppbætur til togaranna, heldur er nú verið að samþykkja uppbætur á allt fiskverð, svo að uppbótakerfið er orðið eins víðtækt núna og það var, þegar viðreisnin var tekin upp á sínum tíma. Og það er jafnvel gengið miklu lengra í þessa átt en nokkru sinni hefur áður verið gert, því að ég minnist þess ekki, að áður fyrr hafi útgerðarmenn fengið uppbætur fyrir það að gera skipin ekki út. En nú sýnist mér, að þeir togaraeigendur, sem ekki hafa gert út á síðasta ári, eigi að fá uppbætur fyrir það ár,

ef þeir aðeins láta skipin fara eitthvað af stað á þessu ári. Ég held, að það sé ekki fordæmi fyrir því, að slíkar uppbætur hafi átt sér stað áður.

Annað atriðið, sem hæstv. forsrh. þáv. sagði að stefnt væri að með viðreisninni, var að hindra kjaraskerðingu af völdum dýrtíðar. Það átti að vera annað meginatriðið að hindra kjaraskerðingu af völdum dýrtíðar. Hefur það átt sér stað? Finnst mönnum, að sú stjórnarstefna, sem hefur ríkt í landinu á undanförnum 4 árum, hafi falið það í sér að hindra kjaraskerðingu af völdum dýrtíðar? Ég held, að á engum tíma áður hafi átt sér stað meiri kjaraskerðing af völdum dýrtíðar en einmitt á þessum 4 árum. Það hefur verið rakið hér við þessar umr. t. d., hvað kaupmáttur tímakaups verkamanna hefur versnað stórkostlega á þessu tímabili, þannig að kaupmáttur tímakaups verkamanna er nú mun minni en hann var árin 1958 og 1959, áður en viðreisnin kom til sögunnar. Og það hefur verið reiknað út af einum þeim forustumanni bændastéttarinnar, sem bezt hefur kynnt sér þessi mál, Hermóði Guðmundssyni í Árnesi, að bændur þyrftu nú að hafa um 20% hærra verð fyrir afurðir sínar, ef þeir ættu að búa við sömu afkomu og þeir höfðu 1958. Það er á þennan hátt, sem viðreisnarstefnan hefur haft áhrif til að hindra kjaraskerðingu af völdum dýrtíðar, eins og lofað var, þegar hún var sett á sínum tíma.

Þriðja atriðið, sem átti að stefna að með viðreisninni, var að afstýra kapphlaupi milli kaupgjalds og verðlags. Minnast menn þess, að kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags hafi nokkru sinni verið meira en einmitt á þessum árum? Ég held, að það sé ekki hægt í okkar sögu að nefna nokkur 4 ár, þegar kapphlaupið milli verðlags og kaupgjalds hefur verið meira en einmitt á þessum 4 árum, síðan viðreisnin kom til sögunnar, svo að gersamlega hefur hún misheppnazt hvað þetta snertir, enda var það vitanlegt og t. d. bent á af mér og fleirum, þegar viðreisnarlögin voru til meðferðar hér á Alþ. fyrir 4 árum, að afnám vísitöluuppbótanna, sem þá átti sér stað, mundi ekki verða til þess að draga úr þessu kapphlaupi, heldur mundi verða til þess að auka það, því að nær hvarvetna í öðrum löndum, þar sem kaupsamningar hafa verið gerðir til langs tíma, hefur það verið eitt grundvallaratriði, að annaðhvort væri samið um dýrtíðaruppbætur, sem yrðu á þessu tímabili, ellegar kaupið yrði laust og samningarnir féllu úr gildi, ef dýrtíðin færi yfir visst stig. Og þetta er alveg nauðsynlegt öryggi fyrir vinnustéttirnar, ef þær eiga að semja til langs tíma, annaðhvort að fá dýrtíðaruppbætur eða þá að samningarnir verði lausir, ef dýrtíðin fer yfir visst stig. Það var eitt af úrræðum viðreisnarinnar að fella dýrtíðaruppbæturnar úr gildi, og þannig þóttist ríkisstj. ætla að koma í veg fyrir kapphlaupið á milli verðlags og kaupgjalds. En reynslan var að sjálfsögðu sú, að þegar búið var að fella niður þessa tryggingu, sem launastéttirnar höfðu, voru þær ófúsari til þess að semja til eins langs tíma og áður, og þá fóru þær bara aðra leið til þess að fá kjarabætur fram. Þá urðu þær að fara að fjölga kaupdeilum og verkföllum til að tryggja sinn hag, og það varð til að auka þetta kapphlaup, en ekki til að draga úr því. Og það er ein meginorsökin til þess ásamt dýrtíðarstefnu ríkisstj., að kapphlaupið milli verðlags og kaupgjalds hefur aldrei verið meira en einmitt á þessum fjórum árum og aldrei meira þó en á þessu seinasta stjórnarári viðreisnarinnar.

Þá kem ég að fjórða atriðinu, sem sagt var að stefnt væri að með viðreisninni. Þetta atriði var að gera róttækar ráðstafanir gegn verðþenslu. Hvernig hafa nú þessar róttæku ráðstafanir gegn verðþenslu verkað, sem gerðar voru? Hefur verðþenslan kannske ekki verið miklu minni í landinu á undanförnum árum en áður var? Hefur þó ekki viðreisnin alltaf borið árangur að þessu leyti? Jú, hún hefur borið þann árangur að þessu leyti, að verðþensla í landinu hefur aldrei verið meiri og geigvænlegri en einmitt á þessum tíma og aldrei meiri þó en á seinasta ári eða jafnvel eins og hún er nú í dag. Þannig hafa efndirnar orðið hvað þetta snertir á því loforði eða því stefnumarki að draga úr verðþenslunni í landinu. Enda var vitanlegt, að það er ekki til nein stefna, sem ýtir meira undir verðþenslu heldur en sú stefna hæstv. ríkisstj. að vera ýmist að fella gengið eða hækka söluskattana. Þetta þýðir það, að framkvæmdir verða alltaf dýrari og dýrari, og þegar menn búast við því á hverju ári, að annaðhvort lækki hæstv. ríkisstj. gengið ellegar hækki söluskattinn, þá reyna menn að sjálfsögðu að ljúka sínum framkvæmdum sem allra fyrst, áður en ný gengisfelling eða ný hækkun söluskattsins skellur yfir. Það keppast allir við að koma sínum framkvæmdum áfram, áður en einhver ný hækkun kemur, sem er það lögmál, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt, annaðhvort að lækka gengið árlega ellegar þá að hækka söluskattana og tollana. Það er þessi ótti, annaðhvort við nýtt gengisfall eða nýja söluskattshækkun, sem veldur því, að allir vilja ljúka sér af sem allra fyrst, komast hjá þeim hækkunum, sem fram undan eru, meðan þessari stjórnarstefnu er fylgt, sem veldur því, að verðþensla hefur orðið meiri í landinu eða verðbólga á undanförnum árum og mun verða óviðráðanleg, á meðan þessari stefnu hæstv. ríkisstj. er fylgt.

Þá kem ég að fimmta atriðinu, sem átti að stefna að með viðreisninni fyrir fjórum árum. Þetta atriði hljóðaði um það að afnema haftakerfið. Það átti að afnema öll höft í landinu eða a. m. k. gera eins mikið að því og mögulegt var. Ég held, að þeir, sem fást við atvinnurekstur og verzlun í dag, hafi raunverulega ekki kynnzt verri og meiri höftum en lánsfjárhöftum hæstv. ríkisstj. Ég held, að það sé varla til sá atvinnurekandi í landinu eða sú verzlun í landinu, sem kvartar ekki undan þessum höftum. Ég held, að það verði að fara til þeirra tíma, þegar Íslendingar voru ekki sjálfráðir í landinu, til þess að finna hliðstæð

lánsfjárhöft og þau, sem eru í landinu í dag. Og ég held líka, að það verði að fara nokkuð langt, ef við förum til annarra landa, til þess að finna eins víðtæk verðlagshöft og þau, sem nú gilda í landinu. Og þó að því sé haldið fram, að þessi verðlagshöft eigi að vera til þess að vernda neytendur og tryggja lágt vöruverð í landinu, dreg ég mjög í efa, hvort svo sé og verðlagshöftin nái tilgangi sínum á þann hátt. Ég hef þá trú, að það mundi vera neytendum miklu hagstæðara, ef tekið væri upp svipað fyrirkomulag og hjá jafnaðarmönnum á Norðurlöndum, að verzlunin væri látin frjálsari í þessum efnum, en hins vegar yrði að sjálfsögðu að tryggja það, eins og þar er gert, að verzlun hefði þá nægilegt veltufé eða lánsfé til að geta haldið uppi nægjanlegri samkeppni. Það er að vísu eitt frumskilyrði þess, að hægt sé að gera verzlunina frjálsari en nú er. En það er mín trú, að ef leyfð væri samkeppni milli kaupmanna og kaupfélaga á þeim grundvelli, mundu neytendur búa á mörgum sviðum við hagstæðara verðlag en þeir búa við í dag. Og að minnsta kosti er það svo, að þar sem frelsið fær að ríkja í þessum efnum, eins og annars staðar á Norðurlöndum, búa launastéttirnar við hagstæðari afkomu en þær búa við hér í dag á Íslandi og það mörgum sinnum hagstæðari. Ég skal viðurkenna það, að það geti verið undir vissum kringumstæðum, t. d. þegar vöruskortur er, og jafnvel fleirum, þörf á mjög víðtækum verðlagshöftum, en ég óttast það, að þegar þessi höft haldast til lengdar, verði þau verzluninni á margan hátt alls konar fjötur um fót, valdi óheilbrigði, valdi samkeppnisskorti og þess vegna nái þau ekki þeim tilgangi oft og tíðum, sem þeim er ætlað að hafa, þ. e. að tryggja neytendum hagstæðara verð á vörunum.

Þá kem ég að sjötta og seinasta atriðinu, sem átti að stefna að með viðreisninni fyrir 4 árum, og það var að taka upp víðtæka endurskoðun á fjármálum ríkisins og koma þeim í heilbrigðara horf. Hvernig hefur það nú gengið? Jú, það hefur m. a. gengið þannig, að hvers konar neyzluskattar, sem eru þungbærastir fyrir þá efnaminni og alveg sérstaklega þungbærir fyrir stóra fjölskyldu, hafa verið auknir, — hvers konar slíkir skattar hafa verið auknir alveg stórkostlega og það svo mjög, að í dag nema álögurnar, sem lagðar eru á landsmenn af ríkinu, þrisvar sinnum hærri upphæð en fyrir 5 árum. Ríkisálögurnar hafa hvorki meira né minna en þrefaldazt á þessum tíma. Það er árangurinn af endurskoðun á fjármálum ríkisins hvað tekjuhliðina snertir.

Hefur þá ekki orðið einhver árangur af þessari endurskoðun hvað útgjaldahliðina snertir? Hefur ekki átt sér stað einhver sparnaður í ríkisrekstrinum og aukin vinnuhagræðing og annað þess háttar, eins og stundum hefur verið talað hér um, afnumin alls konar óþarfa embætti, sem sagt var að hefðu verið stofnuð í tíð vinstri stjórnarinnar, og dregið úr alls konar óhófsútgjöldum, sem sagt var að þá hefðu átt sér stað? Ég held, að þó að væri gerð út sérstök nefnd til að leita að þeim sparnaði, sem hefur átt sér stað í ríkisrekstrinum á undanförnum árum, sé harla erfitt að finna hann. En hitt yrði mjög auðvelt, að finna dæmi um alls konar hækkanir, sem hafa átt sér stað á þessu tímabili, eins og sést líka bezt á því, að það hefur þurft hvorki meira né minna en þrefalda þær álögur, sem ríkið leggur á almenning, á þessum tíma.

Ég hef þá rakið í stuttu máli þau meginatriði, sem sagt var á sínum tíma að stefnt væri að með viðreisninni, — og hvernig hefur heppnazt að koma þeim fram? Ég held, að ég þurfi ekki að rekja þetta lengra til að sýna það, að hvert einasta atriði af þessum öllum hefur fullkomlega misheppnazt og það, sem blasir við í þessum efnum í dag, er allt annað en það, sem lofað var. Og ég er viss um það, að ef slíkt hefði átt sér stað í öðrum löndum, þar sem lýðræðisstjórn og þingræðisstjórn eru enn í heiðri hafðar, mundu þeir valdhafar, sem svo gersamlega hafa vanefnt allt, sem þeir lofuðu og ætluðu að koma í framkvæmd, mundu þeir valdhafar sjá sóma sinn í því að leggja niður völdin og láta þjóðina fá tækifæri til að dæma um þeirra aðgerðir á ný. Og ég held, að úr því sem komið er, sé það hið eina heiðarlega, sem hæstv. ríkisstj. getur gert eftir þá algeru misheppnun, sem hefur orðið á öllum þeim loforðum, sem hún gaf Alþingi og hún gaf þjóðinni á þeim tíma, þegar hún hóf hina svokölluðu viðreisnarstefnu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef því miður lítið getað fylgzt með umr, um þetta stóra mál, þetta sérkennilega og skrýtna mál, og þykir leitt, að ég kem hér inn í umr. fyrst við 3. umr. En ekki þarf nú að harma það, vegna þess að með minni þátttöku í umr. á fyrra stigi málsins hefðu varla opnazt neinar leiðir til þess að fá þetta skrýtna frv. lagfært eitthvað, það hefur verið hér reynt af báðum stjórnarandstöðuflokkunum og engu fengizt um þokað.

Seinasti ræðumaður, hv. 5. þm. Reykv., minnti hér nokkuð á, á hvaða grundvelli stefna hæstv. ríkisstj. hefur verið í aðalatriðum reist og hverju hún hefur lofað, og komst að þeirri niðurstöðu, að flest þessi stærstu loforð sín hefði hún vanefnt. Ég hafði hugsað mér að minna á, þó að ég búist nú við, að það sé flestum Íslendingum í fersku minni, að eitt meginloforð, eitt grundvallaratriði stjórnarstefnu þessarar hæstv. ríkisstj. var það, að nú skyldi hætt við allar kákráðstafanir og lapparí í þjónustu sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Nú skyldi skorið fyrir meinin, nú skyldi lagður varanlegur grundvöllur að heilbrigðri fjárhagsafkomu og rekstraröryggi sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins. Það skyldu gerðar ráðstafanir af viti í eitt skipti fyrir öll, ekkert kák lengur. Sjávarútveginum skyldi komið á öruggan

rekstrargrundvöll án uppbóta og styrkja, og alveg sérstök áherzla var lögð á, að það ætti að hverfa frá hinum fyrirlitlegu uppbótum. Styrki átti ekki að þurfa, en uppbætur urðu bannorð framan af ferli þessarar hæstv. stjórnar, eins og dans hafði lengi verið bannorð í ríkisstj., frá því að Björn Ólafsson varð ráðh., þá var bannorðið þar dans, og þá tóku félög og fyrirtæki, sem héldu dansleiki, bara upp á því að segja: hljómsveit spilar, og komust þannig hjá því að nefna dans. Bannorðið hjá ríkisstj. var: uppbætur.

Og nú sjáum við hér framan í frv., sem bendir til þess, að þeir Íslendingar séu til, sem séu búnir að gleyma öllum fögru loforðunum um varanlegar ráðstafanir til handa sjávarútvegi og fiskiðnaði, loforðunum um að koma honum á öruggan rekstrargrundvöll og hverfa frá öllum uppbótum og styrkjum. Og hvaða Íslendingar ætli það séu, sem ekki er nú hægt að sjá annað en hafi gleymt þessu? Það virðast vera hæstv. ráðh., því að það er stjfrv., sem liggur hér fyrir og er um uppbætur og styrki. Það má kannske segja það, að þetta frv. sé um fleira, en enginn neitar því, að um uppbætur og styrki er það. Þetta er einhver sá furðulegasti og fáránlegasti samsetningur, sem alþm. hafa séð í frv.-formi. Þar kennir vissulega margra grasa. Í fyrsta lagi eru sem sé boðnar fram 43 millj. kr. í slump til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks, þ. e. a. s. þetta eru uppbætur eða styrkir til hraðfrystihúsanna. Ég fæ a. m. k. ekki séð, eftir hvaða reglum þessum slump á að skipta milli hraðfrystihúsanna. Mér er spurn: Hvaða framleiðniaðgerðir, hvaða framleiðniráðstafanir verða hraðfrystihús að gera til þess að verða aðnjótandi einhvers hluta af þessum 43 millj.? Af orðalaginu í 1. gr. frv., að það eigi að verja af þessu fé til tiltekinna framkvæmda, verð ég einskis vísari. Ég vænti þess, að einhverjir hæstv. ráðh. geri nánari grein fyrir því, hvaða framleiðniaðgerðir og umbætur í hraðfrystihúsunum hér er átt við, sem geri þau styrkhæf, þannig að þau fái eitthvað af þessum 43 millj., sem þarna eiga að koma sem uppbætur og styrkir.

Þá er það til togaranna, uppbætur til þeirra, það er meginefni 2. gr. Þar er um dálítið hærri upphæð að ræða, í fyrsta lagi 51 millj. kr. auk þeirra uppbóta, sem togararnir hafa um sinn notið úr aflatryggingasjóði, og enn fremur á svo að verja þarna nokkrum millj. kr. til fiskileitar í þágu togara. Nýju uppbæturnar til togaranna eru því a. m. k. 55 millj. kr.

Þarf þá nokkuð að líta til vélbátaútgerðarinnar? Jú, það er gert í 3. gr., og þar hefur ríkisstj. hæstv. fundið út, að þau væru fullhá, útflutningsgjöldin, sem hvíldu á vélbátaflotanum og sjávarútveginum yfirleitt, að það væri nú kominn tími til að létta þá byrði eitthvað svolítið, og verður þó ekki sagt, að það sé mjög rausnarlega farið í það. Það hefði mátt ætla, að á undan annarri aðstoð til bátaútvegsins væri a. m. k. útflutningsgjaldið lækkað eigi minna en um helming. En svo er ekki gert. Meginatriðið er það, að 3. gr. er um uppbætur og styrki til vélbátaútgerðarinnar, og þá er hæstv. ríkisstj. búin að játa það, að viðreisnarstefnan með hinum varanlegu aðgerðum sínum hefur ekki getað gert grundvöll útgerðarinnar traustari en það, að nú verður að koma henni til hjálpar með uppbótum og styrkjum til hraðfrystihúsanna, til togaranna og til vélbátanna.

Það heldur því enginn fram, að það sé að óþörfu verið að veita þessa aðstoð nú. Þrátt fyrir tvennar gengisfellingar, báðar gerðar undir því yfirskini, að verið væri að bjarga útgerðinni, og fleiri ráðstafanir í þeim dúr, þá er svo komið, að reiknimeistarar ríkisstj. viðurkenna, að það sé nú um 3 millj. kr. halli á hverjum togara með meðalafla á ári, og þó eitthvað á 4. millj. Og eftir því sem ég veit bezt, hafa reiknimeistarar ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu, að vertíðarbát við Faxaflóa með meðalafla vanti um 460—500 þús. kr. til þess að vera rekinn hallalaust blómann úr útgerðartímanum, vertíðina við Faxaflóa. Það er laglega orðinn traustur grundvöllurinn þar og bærilega hægt að komast af án uppbóta og styrkja.

Og svo eru hraðfrystihúsin. Það var áður en kaupið hækkaði um 15% hjá verkafólki, sem forsvarsmenn hraðfrystihúsanna í landinu komu saman til fundar á liðnu hausti og gáfu það út frá sér í ályktunarformi, að þeir teldu, að meðalhraðfrystihús vantaði um 14% hækkun á afurðaverði allrar sinnar framleiðslu, til þess að það gæti orðið rekið hallalaust. Það er ekki hægt að skjóta sér á bak við kauphækkanir til verkafólksins, að því er þennan þátt útgerðar og framleiðslu snertir. Þetta var niðurstaðan, áður en kaupið hækkaði. Hin varanlegu bjargráð höfðu ekki gefizt hraðfrystihúsunum betur en þetta.

Það er líklega einn þáttur útgerðar, sem nú er ekki á bónbjörgum, það er síldveiðin norðanlands og síldarsöltun. En annað fyrirfinnst ekki, sem sé komið á rekstrarhæfan grundvöll eftir 5 ára viðreisnartímabil.

Þegar sleppir þessum styrkja- og uppbótaaðgerðum í frv., kemur að því, að það á að afla fjár vegna almannatrygginga. Virðist vera komið nokkuð frá útgerðarmálunum þarna, þó að frv. heiti um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Það á að afla 27 millj. eða svo til almannatrygginganna, af því að ellistyrkur gamla fólksins var hækkaður, ekki hækkaður eins og laun embættismannanna, ekki hækkaður eins og laun ráðh. um 90—100%, nei, heldur hækkaður seint og um síðir um 15%, og það er einn liður í þessu frv. að afla fjár til að standa undir þessari smámunalegu hækkun ellistyrksins til gamla fólksins.

Og enn kennir nýrra grasa í þessu samsulli í frv.-formi. Það skal sem sé stoppa upp í gat á fjárl., sem vitanlega voru afgr. með hundraða millj. tekjuafgangi raunverulegum. En það hafði verið áform ríkisstj. í bjartsýni hennar í haust í baráttu við dýrtíðina, að það væri nú gerlegt að fella niður niðurgreiðslur á ýmsum vörum í landinu, án þess að dýrtíðin færi neitt

ofsalega upp við það, og þess vegna höfðu þeir ekki ætlað tekjur í fjárlagafrv. á móti þeim niðurgreiðslum, sem inntar hafa verið af hendi. En nú eru þeir komnir að þeirri niðurstöðu blessaðir þó, að þessi barátta við dýrtíðina hafi ekki gengið betur en svo, að það sé nú ekki bætandi á að fella niður niðurgreiðslurnar, og þess vegna taka þeir hér í leiðinni nokkuð glettilega upphæð til þess að standa straum af þessum niðurgreiðslum.

Svo kemur enn eitt atriði óskylt þessum öllum, og það er á þá leið, að nú skuli breytt fjárl., sem voru sett á þessu þingi fyrir áramótin, nú skuli í þessu frv., í einni grein, ríkisstj. heimilað að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til á fjárlögunum fyrir árið 1964, sem sé tvímælalaust farið fram á heimild til að breyta fjárl. afgreiddum á þessu þingi. Hafa menn nokkurn tíma séð annað eins í frv.-formi? Það á að halda öllum tekjuliðum, sem Alþ. afgreiddi á fjárl., en það á að heimila ríkisstj. að hlaupa frá framkvæmdum. Ætli það hafi nú verið svo nauðsynlegt til þess að draga úr þenslu í þjóðfélaginu í þessu frv. að koma með svona nokkuð, þegar frv. allt var þannig, að mestar voru líkur til þess, að útgerð legðist niður í landinu? Og má nokkurn veginn reikna með því, að þá hefði eitthvað dregið úr, bæði um framkvæmdir hjá ríki, bæjarfélögum og einstaklingum, og því getur enginn neitað, að þegar þetta frv. kom fram, var mönnum ljóst, að það gat fyllilega blasað við, að fáir bátar yrðu gerðir út. Í fyrsta lagi er óþinglegt með öllu að hnýta inn í svona bandormsfrv. heimildum til að breyta fjárl., og í annan stað ekki ástæða til að hnykkja á um samdrátt, þegar ástandið í sjávarútvegsmálunum var þannig, að mestar líkur voru til þess, að útgerðin stöðvaðist og grundvöllurinn undir tekjuöflun þjóðarinnar færi í strand. En þetta er hér nú samt, og það er eitt með öðru, sem gerir það eðlilegt, að ég kallaði þetta frv. skrýtið frv., alveg fágætan grip meðal frv., sem sézt hafa á Alþingi.

Þetta frv. hefur aðeins tekið örlitlum breytingum, meðan það hefur verið til meðferðar hér í þessari hv. d., og er meginbreytingin sú, að nú er komið eitt efnisatriði inn í þetta sundurleita frv. enn, og það er um fiskverð. Í 2. gr. frv. var ekkert um það, þegar það var lagt fram, en nú stendur þar, var samþykkt hér í dag, að frá 1. jan. 1964 er ríkisstj. heimilt að greiða sem svarar 6% viðbót, — því gátu þeir nú ekki haft einurð til að láta það heita uppbót, því að uppbót er það? — á það ferskfiskverð, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. jan. 1964, nú fyrir rúmri viku, var ákveðið af dómara ríkisstj. einum fyrir rúmri viku. Hann hafði lag á því að losa sig við bæði fulltrúa útgerðarinnar og sjómannanna í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins og ákvað einn, auðvitað að fyrirmælum ríkisstj., hvað fiskverðið skyldi vera. Það skyldi vera óbreytt, eins og það var ákveðið í desembermánuði 1962, og við það fiskverð skyldu sjómenn búa ekki aðeins allt árið 1963, heldur út árið 1964 líka. Og þá var það, sem ríkisstj. Íslands bárust þau válegu tíðindi, einmitt meðan var verið að ræða frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, að bæði útgerðarmenn og sjómenn væru með það efst í huga, útgerðarmennirnir að hætta að gera út, sjómennirnir að segja upp skiprúmum sínum. Og alvarlegustu og fyrstu tíðindin í þessa átt bárust úr heimabæ hæstv. sjútvmrh., Hafnarfirði, þar sem sjómennirnir sjálfir sem einstaklingar boðuðu til fundar, ekki Sjómannafélagið. Og mér er tjáð, að þeir hafi þar samþykkt einróma að segja upp skiprúmum sínum. Þá klúðrar ríkisstj. inn í 2. gr. þessa frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins ákvæði um, að greiða beri á árinu 1964 6% viðbót — ég segi uppbót — á þetta nýúrskurðaða fiskverð, sem sjómenn áttu að búa við 2 ár óbreytt, meðan stórkostlegar launahækkanir höfðu farið fram til allra hinna hærra launuðu stétta í þjóðfélaginu og þó upp undir 30% hækkun kaups til verkafólksins. Heldur hæstv. ríkisstj. að dýrtíðarbylgjan sneiði hjá heimilum sjómannanna? Heldur hæstv. ríkisstj., að tvennar gengislækkanir hafi ekki hækkað veiðarfæri og vélahluta og skip og allar rekstrarvörur útgerðarinnar, þannig að útgerðin geti verið rekin með óbreyttu fiskverði? Þetta virðist hafa hvarflað að hæstv. ríkisstj., því að ekkert var um fiskverðið, þegar frv. var lagt fram. Það er ekki fyrr en útgerðarmenn og sjómenn reiða hnefann á loft og tilkynna, að útgerðin stöðvist og sjómenn hverfi frá skipunum, ef fiskverðið verði óbreytt, eins og þjónn ríkisstj. í dómarasæti hafði úrskurðað fyrir viku. Hrædd hefur hún orðið, ríkisstj., og er ekki að furða. En ég óttast það, að hún hafi hvorki gert útgerðarmönnum fært að gera út né tryggt það, að sjómenn telji sér fært að vera hásetar á íslenzkum fiskibátum, þótt svo hún hnoði hér 6% uppbót á fiskverðið inn í þetta frv. Seint er þó betra en aldrei, og lítið er betra en ekkert, það má segja. En þetta álít ég slíka aðgerð, að hún tryggi engan veginn, að sjómenn rói á íslenzk fiskimið til fiskjar né að íslenzkir útgerðarmenn telji sér fært að gera út eftir þessa viðreistu viðreisn.

Hvernig á nú að afla fjár til þess að hjálpa hinum aðþrengdu hraðfrystihúsum, afla fjár til þess að fleyta áfram með bráðabirgðahjálp togurunum, sem tapa hver um sig á 4. millj. kr. á ári, og gera útgerðarmönnunum við Faxaflóa og annars staðar á landinu fært að gera út vélbátaflotann, sem tapar um ½ millj. kr., meðalbáturinn, á vetrarvertíð, og enn fremur að afla fjár til almannatrygginganna og til þess að ríkisstj. geti haldið áfram þeim niðurgreiðslum, sem hún ætlaði að flytjast frá? Væri nú ekki eðlilegast, að henni hefði dottið í hug: Við skattleggjum þá, sem hafa grætt á verðbólgu, við skattleggjum alla þá, sem hafa verið að auðgast á verðbólgu á undanförnum árum? — Verðbólgustefna ríkisstj. hefur skapað auðmenn, og það var í þeirra vasa, sem var fyrst og fremst réttmætt að sækja

peninga til grundvallaratvinnuvega þjóðarinnar. Nei, það datt henni ekki í hug, það datt henni sízt af öllu í hug. Hún ákvað að leggja á söluskatt til að standa undir þessum útgjöldum. Af hverju söluskatt? Það skyldi þó ekki vera, að það væri af því, að orð liggur á, að næst á eftir almennum skattsvikum vegna vantalinna tekna auðmanna og fyrirtækja séu mestu skattsvikin á Íslandi drýgð þannig að skila ekki þeim söluskatti, sem innheimtur er fyrir ríkið, nema að hluta, og þarna sé þess vegna söluskatturinn, — ég segi: Það skyldi þó ekki vera, að þarna hafi verið ákveðið að hafa það söluskatt, af því að það loði dálítið eftir af söluskattinum hjá þeim, sem innheimta hann fyrir ríkið og ýmsir telja, að hafi ekki skilað honum öllum, og þarna gefist því aukið tækifæri til þess að láta eins og hjá honum stóra Kláusi loða eitthvað eftir í löggunum af gullinu, þannig að söluskatturinn, sem lagður er á þjóðina hér með, gæti orðið svolítið til tekjuauka kaupsýslunni í landinu. Ég vil ekki fullyrða, að söluskatturinn hafi orðið fyrir valinu af þessum ástæðum, en þennan ókost hefur hann, að með því eftirlitsleysi, sem hér ríkir um innheimtu hans, hefur hann illa viljað koma til skila til ríkissjóðsins.

En kemur hann ekki maklega niður á flesta, söluskatturinn? Jú, mest borga þeir söluskatt, sem mest þurfa að kaupa. Og hverjir eru það? Eru það þeir auðugustu endilega? Nei, það eru þeir, sem hafa stærstu fjölskyldurnar. Söluskatturinn verður því þyngstur skattur á stærstu barnafjölskyldurnar, sem oft að eðlilegum hætti eru hinar fátækustu. Þarna fannst hæstv. ríkistj. vera réttast að láta tekjuöflunina koma niður á hinum mörgu fátæku. Því getur enginn neitað, að það er grundvallareðli söluskatts, að hann leggst þyngst á stærstu fjölskyldurnar í landinu. Og þetta gat Alþfl. tekið þátt í að gera. Alþfl. gat orðið til þess að velja söluskatt sem tekjustofn til að standa undir þessum útgjöldum. Það er tæpast, að ég geti trúað því, en staðreynd er það samt. Það á að taka 300 millj. kr. í söluskatt til þess að standast útgjöld þessa bandorms, sem hæstv. ríkisstj. ber fram í viðbót við, — hvað var það, sem fjárl. hækkuðu, þessa árs fjárlög? Var það ekki upp undir 400 millj.? Nærri því jafnhá upphæð skal nú koma í viðbót, 300 millj. í viðbót, eftir að menn héldu, að löggjöf um skattaálögur á landsmenn væri um garð gengin, því væri lokið. Og e. t. v. er eitthvað eftir enn í pokahorninu, áður en þessu þingi lýkur, um nýja skatta á þjóðina. En það var ekki búið með afgreiðslu fjárl., svo mikið erum við búnir að sjá.

Það hefur verið athugað af tölufróðum manni, að ef það hefði nú getað farið svo, að það yrðu eftir um 20% af söluskattinum, eins og hann verður núna í heild, í fórum þeirra, sem eiga að innheimta hann, ef það skyldi geta orðið þetta eftir af honum hjá þeim, þá gæti það numið um 160 millj. kr. Og það er kannske ekkert ónýtt fyrir ríkisstj. sérhagsmuna- og gróðamanna í landinu að geta rétt að sínum slíka upphæð, um leið og verið er að leggja nýja skatta á barnafjölskyldurnar.

Það var verið að afgreiða hér tryggingalagafrv. um daginn, það voru nokkrar breytingar gerðar á tryggingalögunum. Og skyldu menn nú ekki ætla, að með tilliti til þess, sem átti nú að leggja á barnafjölskyldurnar, hafi barnalífeyrir og fjölskyldubætur verið hækkuð í tryggingunum, þó að ekki væri til annars en að geta að einhverju leyti staðið betur undir þessum pinkli. Nei, fjölskyldubæturnar voru einmitt skildar eftir óbreyttar og hafa verið skildar eftir nú við tvennar eða þrennar breytingar á tryggingalöggjöfinni. Fjölskyldubætur geta fjölskyldurnar stóru ekki fengið hækkaðar, en þær geta fengið söluskatt, þær geta fengið söluskatt á hverja flík á börnin, á hvern bita og sopa, sem barnafjölskyldurnar þurfa að neyta. Það getur hæstv. ríkisstj. veitt þeim.

Ég verð að segja það, að mér hefur oft fundizt sem þessi ríkisstj. sé ekki skarpskyggn á það, hvað sé réttlátt og ranglátt, eða geri sér ekki mikið far um að komast að niðurstöðu um slíkt. Og það verður aldrei sannað eða sagt með rökum, að það sé réttlát tekjuöflun í þessu frv. að fara söluskattsleiðina, þegar vitað er, að hann leggst þyngst á jafnvel þá fátækustu og skilar sér illa í ríkissjóðinn frá þeim, sem hafa innheimt hann, og stafar það mest af eftirlitsleysi frá stjórnarvaldanna hendi.

Aldrei hefur hæstv. ríkisstj. þó skeikað eins um mat sitt á réttlæti, eins og þegar hún á liðnu hausti, eftir þá óðadýrtíð, sem hún hafði hellt yfir land og þjóð, og eftir þá launamálabyltingu, sem hún hafði sjálf staðið að til embættismannastéttanna, þegar hún ætlaði svo að lögfesta óbreytt kaup verkafólksins. Það var ekki réttlætisverknaður, það var ekki byggt á réttlæti. Það var gengið á snið við allt, sem hét réttlæti, með þeirri lagasetningu, enda fór svo, að almenningsálitið var svo einróma og sterkt gegn þessu ranglæti, að hæstv. ríkisstj. góðu heilli heyktist á að fremja ranglætisverkið. Þetta frv. minnir að vissu leyti á það frv. Ákvörðunin um óbreytt fiskverð til sjómanna í dýrtíðarflóði hæstv. ríkisstj., það er sams konar ranglætisverk. Og almenningsálitið lét til sín heyra, eins og þegar þvingunarlögin lágu fyrir Alþingi. Sjómennirnir á Akranesi, sjómennirnir í Hafnarfirði töluðu til sinna fulltrúa hér á Alþ. þannig, að þeir skildu, að þarna varð svolítið að slaka til, það varð að hætta við lögfestingu þvingunarlagafrv. og það varð að hnoða svolitlum uppbótarböggli við 2. gr. þessa frv. Þarna var gengið í báðum tilfellum of langt, og almenningsálitið var þess megnugt að segja til vegar. Ég veit ekki á þessari stundu, hvort það tillit hefur nú verið tekið til almenningsálitsins, sem Alþ. hefur fengið vitneskju um, að útgerðin verði í gangi. En svo mikið er víst, að ef útgerðin stöðvast, þá neyðist hæstv. ríkisstj., þótt hún vilji ekki taka tillit til till. minni hl. hér á Alþ., til að reyna að taka málið upp á ný og gera enn

bragarbót, hækka fiskverðið um 1—2—3%, svo að sjómenn fáist til þess að fara í skiprúm og útgerðarmenn til þess að gera út.

Það má vel vera, að þeir útgerðarmenn og hraðfrystihúseigendur í stjórnarliðinu, sem eiga hér sæti á Alþ., séu búnir að segja hæstv. ríkisstj., að þetta sé nóg, útgerðin gangi, hraðfrystihúsin verði rekin o. s. frv., og þeir eigi þess nógra kosta völ að ráða háseta á bátana. Þá er kannske ekki eðlilegt, að hún fari lengra en þetta. En ef þessir útgerðarmenn, sem hér eiga sæti á Alþ., þegja undir afgreiðslu þessa frv., en telja sig svo, eftir að þetta er orðið að lögum, ekki færa um að gera út báta og verða þess ekki megnugir að fá sjómenn til að róa, þá hafa þeir verið of þögulir, þá hafa þeir þagað, þegar þeir áttu að tala, og ættu þá helzt ekki að tala, þegar þeir ættu að þegja á eftir. Nei, hér reið á, að hæstv. ríkisstj. fengi að vita, ekki bara frá stjórnarandstöðunni, heldur einnig frá sínum mönnum um það, hvað væru hér nauðsynlegar aðgerðir til þess að búa þannig um grundvöll útgerðarinnar, að hún gæti gengið, — ekki endilega að standa við hið gullna og gefna loforð að koma útgerðinni á traustan rekstrargrundvöll, það er áreiðanlegt, að þessi ríkisstj. er ekki fær um það héðan af, útgerðinni hefur vegnað illa undir viðreisnarstefnunni, gengisfellingarnar hafa orðið henni böl, en ekki blessun, og svipt útgerðina þeim rekstrargrundvelli, sem hún hafði. Og nú er farið inn á sömu braut og áður, uppbætur, uppbætur, uppbætur af handahófi meira að segja, uppbætur jafnt til hraðfrystihúsanna, sem græða á því að frysta síld — og enginn gróðavegur er nú upplagðari í landinu — eins og hinna, sem hafa hina verstu aðstöðu, lítið hráefni, hráefni erfitt til vinnslu, meginhluta smáfisk, hvor tveggja skulu fá uppbætur, ef þau fást eitthvað við aðgerðir til framleiðniaukningar, sem ég hef ekki fengið neinar hugmyndir um, í hverju skulu fólgnar, til þess að þær verði styrkhæfar.

Það á að styrkja togarana, jafnt hvort sem þeir eru styrks þurfi eða ekki, þá, sem afla mest og þyrftu kannske engrar hjálpar, það á að styrkja þá líka eftir úthaldsdögum bara, nógir peningar til, ekki bara styrkja þá, sem þess þurfa, heldur líka hraðfrystihúsin, sem hafa hina beztu rekstraraðstöðu. Nei, nei, það á ekki að skilja þau eftir, þau verða að fá styrki líka, úr því að hin, sem versta aðstöðuna hafa, þurfa þess. Og togararnir, sem fiska bezt, verða alveg eins að fá styrki og þeir, sem fiska verst, bara eftir úthaldsdögum, og ég fæ ekki betur séð en togarar, sem ekki voru gerðir út í fyrra, eigi að fá styrk, ef þeir verða gerðir út í ár. Jafnvel kannske togararnir, sem voru gerðir út í fyrra og seldir úr landi, eigi líka að fá styrk. Ég fæ ekki séð betur en svo eigi að vera líka. Það virðist ekkert benda til þess, að það séu nein auravandræði þarna. Það er hægt að setja nóg í uppbætur og styrki, úr því að farið er inn á það á annað borð.

Nei, það virðist vera mikill handahófsbragur á þessu öllu saman, og sérfræðingar ríkisstj. eða tannlæknar hennar, — nú heita það víst tannlæknar ríkisstj., — virðast ekki hafa haft tíma til að gera sér nákvæmlega grein fyrir því, hvernig ætti að veita þessar uppbætur og þessa styrki. Þegar þetta frv. er hér fyrir Alþ., veit a. m. k. enginn þm. um það. Þetta á að ákveðast seinna eftir reglum, sem ráðh. setur. En það væri full ástæða til þess, að hæstv. ráðh. gerðu einhverja grein fyrir því á Alþ., hvert á að verða megininntak í þessum reglum, hvernig á að útdeila þessum nálega 100 eða yfir 100 millj. kr., sem þarna eiga að fara í uppbætur og styrki til hinnar aðþrengdu, viðreistu og endurreistu útgerðar.

Það hefur hingað til verið talið, að það væri skylda lýðræðisstjórnar í lýðræðislandi að víkja, afsala sér völdum, segja af sér, ef hún getur ekki framkvæmt þá stefnu, sem hún hefur boðað að hún ætlaði að fylgja. Og hvað er nú að frétta af hæstv. ríkisstj., að því er þetta snertir? Ætlar hún að haga sér eins og lýðræðisstjórn ber? Hún boðaði allt aðra stefnu en í þessu frv. felst, þveröfuga stefnu. Hún hefur ekki orðið þess megnug að koma íslenzkum sjávarútvegi á öruggan rekstrargrundvöll án uppbóta og styrkja. Hún er með fangið fullt af uppbótum og styrkjum og algerlega komin í berhögg við sína yfirlýstu stefnu, hefur ekki getað haldið grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar með því að fylgja sinni stefnu og er komin inn á allt aðra stefnu. Sérhver ríkisstj. á að hafa þann manndóm að víkja, segja af sér, þegar stefnan er ekki framkvæmanleg lengur og grundvallarmálefni þjóðarinnar eru komin í strand, ef eftir henni er siglt. Annað tveggja ratar ekki núv. ríkisstj. lengur sína stefnu, getur ekki lengur þrætt hana, ellegar hún telur hana ófæra, og ég hygg, að það síðara hljóti að vera rétt. Hún er komin að þeirri niðurstöðu, að viðreisnarstefnan dugir ekki, og þar er sjón sögu ríkari. Reynslan er þessi, að í stað þess að útgerðin átti að komast á öruggan rekstrargrundvöll án uppbóta og styrkja, þarf nú að gefa með hverjum togara á ári á 4. millj. kr., með hverjum vélbát á einni vetrarvertíð 1/2 millj. og með hverju hraðfrystihúsi, meðalhraðfrystihúsi, þarf að gefa um 14% af söluandvirði framleiðslunnar.

Hæstv. ríkisstj. hefði helzt átt að geta bjargað sínu skinni með því, að þetta frv. hennar hefði verið fellt, því að það er andstætt hennar stefnu. En stjórnin á að falla, ef þetta frv. er samþykkt, því að þá er búið að samþykkja aðra stefnu en hún tók að sér að framkvæma, og þá á hún ekki lengur að lafa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru tvö til þrjú atriði í sambandi við þetta frv., sem ég vildi minnast á, án þess að fara þó að endurtaka, vona ég, nokkuð verulega það, sem hér hefur verið rétt og vel sagt til að gagnrýna það.

Það er í fyrsta lagi það, að með þessu frv. er því slegið föstu, að inn á söluskattsleiðina skuli enn einu sinni farið. Með þessu er verið að beita ríkisvaldinu af hálfu atvinnurekendastéttarinnar til að reyna að ræna af verkamönnum og öðrum launþegum því, sem þeir hafa fengið hækkað sitt kaup nú undanfarið. Það er farið inn á þessa gömlu leið, sem atvinnurekendurnir hafa gengið á Íslandi á undanförnum 20 árum, að auka í sífellu verðbólguna og gera þannig smátt og smátt 20 ára baráttu íslenzka verkalýðsins fyrir kauphækkunum að engu, misbeita ríkisvaldinu hastarlegar en nokkur yfirstétt í Evrópu annars hefur gert, til þess að ræna þannig af verkamönnum, þegar þeir standast þeim ekki snúning í þeirri daglegu, faglegu baráttu.

Ég ætla ekki að endurtaka það, sem hér hefur verið sagt um þetta efni og um, hvað þetta þýðir fyrir alþýðu manna og hvernig þetta, að knýja hana út í ný og ný hjaðningavíg, gerir þjóðfélagið að vettvangi slíkra hjaðningaviga og eyðileggur smám saman allan efnahagsgrundvöll þjóðfélagsins. Það er ótvírætt, hefur komið í ljós og hefur verið sýnt fram á það, þannig að það verður ekki hrakið, að frá sjónarmiði alþýðu er þessi söluskattur ranglæti, hann er rán. En þessi söluskattur er líka frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar og frá sjónarmiði atvinnurekendastéttarinnar sem heildar, ef hún hugsar eitthvað um íslenzkan atvinnurekstur, þá er hann heimska. Það er hægt um tíma að bjarga sér nokkuð með verðbólgu, og það getur verið jafnvel ekkert slæmt að grípa til þess um visst skeið. En að gera verðbólguna að föstu lögmáli í þjóðfélaginu og auka hennar hraða meir og meir, það drepur hvert þjóðfélag. Frá 1939 hefur verðbólgan seytjánfaldazt. Hún hafði nífaldazt 1959, síðan hefur hitt bætzt við. Og með þessum hraða fáum við slíkan æsing í þessa verðbólgu, að braskið heltekur þjóðfélagið, ekki almennt, hægfara brask, eins og við þekkjum, heldur víðtækt brask, brask, sem þýðir, að íbúðir hér í Reykjavík, sem kostar að búa til um 320 þús., eru seldar á 450—500 þús. í dag, að 4 herbergja íbúðir eru komnar upp í 900 þús. kr. Menn eru bara að hlaupa til að bjarga peningum. Þetta eyðileggur hvert þjóðfélag, og sú yfirstétt, sem á að bera ábyrgð á sínu eigin þjóðfélagi, getur ekki leyft sér að haga sér svona, ef hún hefur einhverjar ábyrgðartilfinningar gagnvart þjóðfélaginu, sem hún býr í. Jafnvel þótt það sé þægilegt fyrir hana að geta gengið í ríkisbankana, tekið út úr þeim peningana, sett peningana í fasteignir, lækkað síðan peningana í gildi og látið fasteignirnar vaxa að sama skapi að gildi, þá er ekki hægt að halda svona áfram endalaust. Það er hægt að verða ríkur og jafnvel ríkasti maður landsins á því að gera slíkt, en ekki er hægt að halda þjóðfélaginu ríku og ekki einu sinni hægt að halda við völdum atvinnurekendastétt, sem svona hagar sér, því að hún missir þá fyrr eða síðar allt traust almennings.

Það, sem vantar algerlega í viðhorf ábyrgrar ríkisstj. í sambandi við þetta frv. og hefur vantað undanfarið hér á Íslandi, það er að skapa aðhald að atvinnurekendastéttinni. Þessi leið að fara bara inn á að ræna af almenningi, fyrir utan hvað hún er ranglát, er heimskuleg, vitlaus, vegna þess að hún elur atvinnurekendurna upp í því að kunna ekki að stjórna sínu atvinnulífi, sínum eigin atvinnutækjum, hún elur þá upp í að vera duglausa, forsjálausa og skeytingarlausa um atvinnurekstrinn. Og ef við lítum á, hvernig stærstu atvinnurekendur Íslands, þeir sem lifa virkilega við hákapítalískt atvinnulíf, atvinnurekendurnir hér við Faxaflóa, hér frá Sandgerði til Reykjavíkur, t. d. hraðfrystihúseigendurnir, hvernig þeir stjórna þarna, þá sjáum við, að þetta er svo hringavitlaust, að svona er ekki hægt að halda áfram, ekki bara frá sjónarmiði verkalýðsins, heldur frá sjónarmiði Íslands.

Það er verið að tala hérna í 1. gr. um framleiðni og það eigi að hjálpa mönnum til framleiðniaukningar í þessu sambandi. Við verðum að taka þessa hluti dálítið alvarlegar en með svona slagorðum. Og þegar ég ræði hér um þessi mál, vil ég taka það fram, að ég ræði um þessa hluti hér við Faxaflóa, vegna þess að hvað snertir landið annars, dreifbýlið úti um land, gilda þar allt önnur lögmál. Venjuleg lögmál kapítalistískrar þróunar komast þar ekki að vegna þess, hve smáar útgerðarstöðvarnar eru. Það er ekki raunverulegt pláss nema fyrir eitt hraðfrystihús eða eitt fiskiðjuver á hverjum af þeim stöðum, og það er eðlilegt, að þau fiskiðjuver séu rekin, til þess að þarna sé hægt að reka atvinnu. Og þau verða aldrei fyrst og fremst rekin frá neinu gróðasjónarmiði. Hér aftur á móti, sérstaklega hér frá Sandgerði til Reykjavíkur, er ástandið þannig, að þessi sama atvinnurekendastétt, sem hér heimtar 43 millj. kr. til framleiðniaukningar og annað slíkt, byggir á þessu svæði 22 hraðfrystihús, þar af 7 í Keflavík og Njarðvíkum. Mundi nokkur kapítalisti með viti byggja svona? Þessir menn tala núna um, að það þurfi að innleiða ákvæðisvinnu. Og hver er ákvæðisvinnan? Jú, það er verið að umbylta hér ýmsum hraðfrystihúsum, það er verið að setja ný borð, það er verið að mæla ýmislegt út í sambandi við, hvernig fiskurinn er flakaður og hve vel er unnið að honum og annað slíkt og sköpuð þarna keppni, mestmegnis með það fyrir augum að geta pínt meira verk og meiri vandvirkni og meiri hraða út úr nokkrum konum, sem þarna vinna, og nokkrum verkamönnum stundum líka, og þetta er kallað einhver óskapleg framleiðni. Þetta er gott og eðlilegt út af fyrir sig. En þegar menn eru að tala um og jafnvel skrifa um það í blöð, að það hafi eitthvað staðið á verkalýðnum með þetta, þá fer því fjarri, það, sem hefur staðið á, er, að okkar kapítalistíska stétt á þessu sviði hafi sýnt eitthvert vit í skipulagningunni á sínum hraðfrystihúsum hér í Reykjavík, þar sem hraðfrystihúsin þó eru einna stærst, ein fimm hrað-

frystihús allstór. Eitt er úti á Seltjarnarnesi, fiskimjölsverksmiðjan, sem á að fá beinin úr því, er inni á Kletti. Hver fiskur, sem sjómennirnir koma með í land, það er draslazt með hann nokkra km fyrst út á Seltjarnarnes, svo er drattazt með beinin og hausana inn á Klett, það er draslazt með hann gegnum aðalþéttbýlið í Reykjavík, um 10 km með hvern þorskhaus. Þessir þorskhausar, kapítalistar okkar, ættu að fara að athuga framleiðnina í sínum hraðfrystihúsum. Ég benti á það, þegar byrjað var og áður en byrjað var að reisa nokkurt af þessum hraðfrystihúsum, að á Grandagarðinum ætti að vera það eina stóra hraðfrystihús, sem hér þyrfti að vera í Reykjavík, og það væri hægt að breikka Grandagarðinn, og það væri hægt að skapa uppfyllingu hinum megin við hann til þess að hafa eitt stórt hraðfrystihús og fiskiðjuver og eina stóra fiskimjölsverksmiðju á þeim Grandagarði. Og það var það eina, sem vit var í.

Þegar kapítalistar stjórna atvinnurekstri í einu landi þannig, að þeir gera alla hluti margfalt dýrari en þeir þurfa að vera, þá eiga þeir að fá að borga þetta sjálfir, og þá eiga þeir ekki að fá að komast upp með það að koma í ríkiskassann og taka þar 43 millj. í dag, 100 millj. í gær og 50 millj. á morgun. Það er ekki til neins að tala um framleiðni og annað slíkt við verkalýðshreyfinguna og sýna ekki sjálfir minnsta vit í því að kunna að reka þennan atvinnurekstur.

Það má vel vera, að þeim finnist þetta praktískt hverjum frá sínu einstaka sjónarmiði, að þeir geti gengið í ríkiskassann til þess að láta hann borga sér fyrir vitleysurnar. En fyrir þjóðfélagið og meira að segja það kapítalistíska þjóðfélag er ekki hægt að þola þetta. Það má vel vera, að mönnum finnist slæmt, að það skuli ekki vera meiri rekstur hér en það, að það passi ekki nema fyrir eitt verulega stórt hús, t. d. hvað snertir Reykjavík. En við verðum að venja okkur við það, ef við ætlum að standast samkeppnina í þeim kapítalistíska heimi, að skipuleggja atvinnulíf á Íslandi jafnvel og erlendir kapítalistar gera. Við eigum við volduga aðila að etja í okkar samkeppni, og okkar íslenzku atvinnurekendur skulu ekki láta sér detta í hug, að það sé bara hægt að koma hér til Alþingis og hvaða ríkisstj. sem vera skal og segja endalaust: Minn atvinnurekstur er nú svona vitlaus, ég þarf að fá 100 millj. núna og ég þarf að fá 50 millj. á morgun, annars stöðvast þetta. — Þetta getur ekki gengið. Íslenzkur atvinnurekstur, stórrekstur eins og hraðfrystihúsin, verður á því sviði, þar sem hægt er að koma við kapítalistískum atvinnurekstri, eins og hér við Faxaflóann, að vera tæknilega, skipulagslega jafnvel útbúinn og það fullkomnasta erlendis. Við erum ekki ein stærsta fiskveiðiþjóð heims fyrir ekki neitt. Og ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur nokkurn tíma látið sína hagfræðinga rannsaka það, en einhvers staðar liggur það, að við skulum eiga meiri fisk á sjómann en nokkur önnur þjóð, 120 tonn á sjómann á ári, þegar þeir næstu eru með 25 tonn, að við skulum hafa meiri afköst en nokkur önnur þjóð miðað við sjómann og gefa lægra verð fyrir fiskinn, borga hærra fyrir olíu, láta meira í milliliði en nokkur önnur þjóð.

Ríkisstj. á Íslandi hefur ekki verið annað og verður ekki annað en stjórn á atvinnulífinu. Mesti misskilningur, sem nokkurri ríkisstj. á Íslandi hefur dottið í hug, er, að hún gæti verið eitthvað annað. Og þó að sá misskilningur hafi verið ráðandi máske hjá hæstv. ríkisstj. í byrjun hennar starfs, þá er hún fyrir löngu búin að átta sig á því. Stjórn á Íslandi verður alltaf fyrst og fremst stjórn á atvinnulífinu, og það þýðir, að ein ríkisstj. verður að skapa það aðhald gagnvart atvinnurekendastéttinni, að sú atvinnurekendastétt skipuleggi sitt atvinnulíf þannig, að hún geti barizt við hvern sem vera skal.

Ég held, að fyrir 5 árum höfum við framleitt af freðfiski um 80 þús. smálestir. Ef ég man rétt, framleiddu Norðmenn þá 20 þús. Norðmenn hafa verið að auka sína framleiðslu. Ég held, að þeir séu komnir í ein 40—45 þús. nú. Við höfum eitthvað minnkað framleiðsluna. Hvernig er þessi framleiðsla Norðmanna skipulögð? Það er einn voldugur hringur, sem er að taka þá framleiðslu og skipuleggja hana undir Findus International. Hann er að byggja stærstu hraðfrystihúsin í Noregi nú, hraðfrystihús, þar sem þúsundir manna vinna í einu hraðfrystihúsi. Það var nýlega í blöðum verið að segja frá því, — vafalaust hefur þetta hraðfrystihús verið byggt þar, sem þó nokkur floti er fyrir, en það væri verið að kaupa 10—15 togara í viðbót til þess að reka þetta eina hraðfrystihús. Við stöndum í keppni við þessa aðila. Það eru þessir aðilar, sem við stöndum í samkeppni við.

Ég heyrði um það fyrir nokkrum árum, þegar verið var að tala um, hvort við Íslendingar mundum ganga í Efnahagsbandalagið, að Findus-hringurinn hefði verið að gera ráðstafanir til þess eða athuga um það að koma sér upp hraðfrystihúsum á þrem stöðum, ég heyrði talað um Sandgerði, Rif, Tálknafjörð. Og það þurfti ekki neitt að ganga að því gruflandi, staðirnir voru allir miðaðir við, að fiskurinn væri sá nýjasti, sem yfirleitt er hægt að fá, að á þessum stöðum mundi verða hraðfrystihús, hvert um sig það fullkomnasta, sem til væri í veröldinni, þar sem ynnu 1—2 þús. manns a. m. k. á vaktaskiptum. Ég sagði þá og var þá að gefa lýsingu á, hve slæma reynslu okkar íslenzku kapítalistar hafa af sínum tækjum, sínum atvinnutækjum, og ég sagði þá um leið: Við vitum það, að þessir hringar, sem kæmu hér inn þá, mundu bæði gefa hærra verð fyrir fiskinn og borga hærra kaup, en samt mundum við heldur vilja hafa okkar íslenzku kapítalista með allri þeirra vitleysu heldur en fá þessa hringa, af því að við vissum, að þegar þessir hringar væru komnir hér inn, væri okkar efnahagslega sjálfstæði glatað. En þetta þýðir ekki það, að við ættum að láta íslenzka kapítalista komast upp með hvaða vitleysu

sem er að eilífu. Þetta þýðir það, að við reynum að kenna þeim, eins og við kenndum þeim að kaupa togara, olíutogara hér á árunum, þegar þeir vildu kaupa kolatogara, kaupa togara strax, þegar þeir vildu bíða, — að við reynum að kenna þeim, að þeir verði að reyna að skipuleggja sinn atvinnurekstur betur, og við látum þeim ekki haldast uppi að stela bara úr vasa verkamanna og stela bara úr bönkunum, sem þeir eru að gera með verðbólgunni. Það er vonandi öllum ljóst, að það er beinn þjófnaður, sem þarna er um að ræða, en hann er bara fínn, af því að hann er gerður með lögum, bankarnir rændir með lögum, kaupgjaldinu rænt úr vasa verkafólksins með lögum. Þetta þýðir, að ef ein ríkisstj. hefur einhverja ábyrgðartilfinningu fyrir íslenzku atvinnulífi, þá verður hún að setja sér það að skapa aðhald gagnvart atvinnurekendunum. Látum vera, hvernig ríkisstj. hugsar gagnvart verkalýðnum. Verkalýðurinn mun reyna að svara fyrir sig, og ríkisstj. uppsker þá stjórnarkreppu, stéttabaráttu og stríð, þegar hún sáir með ráni. En gagnvart kapítalistunum á hún að sýna aðhald líka. Það er bezt fyrir þá, svo að þeir haldi ekki áfram með alla sína vitleysu.

Fiskur á helzt ekki að koma á bíl, fiskur á að fara beint úr bátnum upp í hraðfrystihúsið. Það er nógu slæmt að draslast með hann hringinn í kringum alla Reykjavík. Það er líka slæmt að draslast með hann úr Grindavík inn í Hafnarfjörð. Það verður að vera einhver skipulagning í þessu öllu saman. Það verður að vera skipulagt, hvernig þetta á að vera. Það er ekki til neins að tala um að skipuleggja vinnu innan einnar verksmiðju og ætla bara að pína sem mesta vinnu út úr verkakonum. Það verður að skipuleggja vinnuna í þjóðfélaginu, skipuleggja verksmiðjurnar, hvernig þær eigi að vera, láta ekki einn og einn atvinnurekanda ráða því: Mig langar til að byggja hraðfrystihús, ég slæ lán í bönkunum, og ég byggi t. d. hraðfrystihús í Kópavogi, eins og einnig hefur verið gert. — Þetta getur ekki gengið. Ef Ísland á að standa sig í samkeppni í heiminum, verður að skipuleggja atvinnulífið á Íslandi almennilega. Og þessi orð ætti raunverulega einhver stórkapítalisti að segja, en ekki ég. Það er hart, að það skuli ekki vera það framsýnir menn til í stétt annaðhvort hraðfrystihúseigenda eða íslenzkra auðmanna, að þeir hafi vit á að segja slíkt við sína eigin stétt. Það er hart, að við fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar þurfum að koma til þessara manna ár eftir ár og áratug eftir áratug til að kenna þeim, hvernig eigi að stjórna íslenzku atvinnulífi.

Menn hafa talað um hagræðingu vinnunnar. Það þarf hagræðingu atvinnulífsins hérna á Íslandi og það af einhverju viti. En ég tek það fram aftur, sem ég tók fram áðan, þetta gildir fyrst og fremst um svæðið hér við Faxaflóa, sem er líka við gullkistuna hér. Það gegnir allt öðru máli úti um allt Ísland, þar sem menn eru í sinni sjálfsbjargarviðleitni að halda lífinu í sér og sínum með því að gera út. Þar gilda önnur lögmál í þessu efni en hér við Faxaflóa, þar sem þau harðvítugu lögmál þess kapítalistíska atvinnulífs gilda. Þar verða menn líka að fara eftir þeim lögmálum. Þau lögmál heimta stærri rekstur, stórrekstur, þróun og skynsamlega verkaskiptingu, ekki aðeins innan hverrar verksmiðju, heldur líka í atvinnulífinu í heild. Það er umskipulagning hraðfrystihúsanna, sem er nauðsynleg hérna, en ekki að henda í þau peningum miskunnarlaust.

Það er mjög leitt til þess að vita, að íslenzkir atvinnurekendur skuli aldrei hafa getað staðið á eigin fótum. Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, þegar hún kom til valda, að hún ætlaði að láta þá standa á eigin fótum. En sýnt er, að þeir geta það ekki. Þeir hafa ekki getað það, en það verður að reyna þó að kenna þeim það, eftir því sem hægt er. Og það, sem eru hin stóru vandræði í þessu frv., er, að hún elur upp sömu vitleysuna, sem fyrir er, í staðinn fyrir að skapa þarna almennilega umskipulagningu.

Svo skal ég láta staðar numið um þetta atriði og ekki fara heldur inn á þau atriði, sem þeir félagar mínir, sem hér hafa talað, hafa gert svo rækileg skil, að ég þarf þar engu við að bæta, en aðeins í sambandi við 6. gr. vildi ég segja nokkur orð.

6. gr. er þingræðislegt hneyksli. Maður þekkti að vísu svona greinar fyrir 24 árum hérna á Alþingi. Þá var svona grein nokkurn veginn algeng. Þá var hún samt þannig, það voru krepputímar, það voru atvinnuleysistímar, og þá var stundum bætt við, ýmist í fjárl. sjálf eða í einn bandorm, sem stundum kom þá nokkru seinna, grein, sem hljóðaði eitthvað á þá leið, að ef óviðráðanlegar ástæður gerðu það óhjákvæmilegt, megi skera niður t. d. um 10% eða eitthvað slíkt ákveðna liði á fjárlögum. Eitthvað á þessa leið var venjulega farið í þetta. Þetta var sérkennilegt kreppufyrirbrigði. Venjulega stafaði það af því, að fjárhagur ríkissjóðs var svo slæmur, að hann hafði ekki nóga peninga til að borga það, sem hann þurfti, m. a. jafnvel til að halda vegavinnunni gangandi allt sumarið út í gegn, svo að það er nú heldur óhugnanlegt fyrir mann, sem er búinn að lifa þetta á krepputímanum, að fá þennan fjanda framan í sig núna og það frá stjórn, sem hælir sér af því, að það sé nú sízt hætta á, að nokkurt atvinnuleysi, kreppa eða nokkuð slíkt geti dunið yfir. En það er annað, sem er enn þá verra við þetta. Og það er, að þessi grein er alveg takmarkalaus. Hún ber vott um, hvað íslenzku þingræði hefur hnignað á síðustu 25 árum. Hún ber vott um, hvað ein ríkisstj. þykist geta leyft sér núna gagnvart Alþ., sem engri ríkisstj. datt í hug að leyfa sér fyrir 25 árum. Þá hefði ríkisstj. tekið nákvæmlega til, að hún óskaði eftir leyfi til þess, ef óviðráðanlegar ástæður knúðu það fram, að hún mætti skera niður um 10% eða eitthvað þess háttar, það væri mjög takmarkað og alveg ákveðnir liðir. Nú er bara komið og sagt: Við viljum fá að skera niður rétt eins og okkur þóknast. Við viljum

gjarnan fá að skera niður verklegar framkvæmdir, t. d. í kjördæmum, þar sem andstæðingarnir eru sterkir, þótt þær haldist í hinum. Eða: Við viljum fá að skera niður á þessu sviðinu og sleppa því að skera niður á hinu. Þetta er algert gerræði. Slíkt eiga menn ekki að leyfa sér að bera fram.

Mér finnst hart, að það skuli vera nauðsynlegt að minna á, að það er grundvöllur þingræðis, að Alþingi og hvaða þing í Evrópu sem vera skal vill ráða fjárveitingavaldinu gagnvart ríkisstj., og þingræðið er myndað í baráttu, harðri baráttu, stundum vopnaðri og blóðugri baráttu við konungsvald og hans ríkisstj., um það, að þingið, í hvaða landi sem það er, ráði fjármálunum, ráði fjárveitingavaldinu. Þetta er aðalatriðið. Franska byltingin, tilefnið er meðferðin á fjármálunum, að ráða fjárveitingavaldinu. M. ö. o.: einmitt þetta vald, valdið yfir fjárveitingunum, er hornsteinninn í þingræðinu. Það er í raun og veru alveg óþarfi að vera að hafa þing, ef við erum að samþykkja svona greinar, því að þetta er sama sem að segja við eina ríkisstj.: Hagið þið þessu bara eins og þið viljið. Við samþykkjum nú einhver fjárlög, en blessaðir, þið hafið það rétt eins og ykkur þóknast.

Þetta er ekki hægt. Slíkt eiga menn ekki að leyfa sér að bera fram.

Það hefur farið mjög versnandi með allt, sem heitir þingræði hjá okkur, mjög versnandi. Flokksræðið er að kæfa það. Sameining valdsins á hendur örfárra manna í flokkum og þá sérstaklega þeim flokkum, sem á hverjum tíma hafa ríkisvaldið, er að verða algert fámennisvald í þjóðfélaginu, sem er hætt að taka tillit til Alþ. sem slíks. Þetta er stórhætta, og sérstaklega vil ég biðja þá, sem nota orðið lýðræði, jafnvel líka þingræði, í annarri hverri ræðu, sem þeir halda, þótt það liggi nú stundum við, að þeir leggi guðs nafn við hégóma með því, að athuga ofur lítið, því að þetta hvort tveggja er meira en orð, meira en hræsni til að nota í blóðum og slíta svo út, að það væri orðið væmið að minnast á það. Lýðræði og þingræði eru hlutir, sem menn hafa barizt fyrir og fórnað lífinu fyrir, og það á ekki með tómu skeytingarleysi og ábyrgðarleysi smám saman að drepa niður, skapa slíkt andvaraleysi gagnvart þessu, að þetta svo að segja renni út úr höndunum á okkur, eins og það hefur gert. Og bara síðan þetta frv. var lagt fyrir, voru ofur litlar breytingar gerðar í dag. Þetta er gert helmingi verra en það var, og var það slæmt fyrir. Þessi 6. gr. byrjaði svona fyrir 2. umr., með leyfi hæstv. forseta: „Ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkissjóðs gerir það nauðsynlegt, þá er það heimilt.“ M. ö. o.: ef atvinnuástandið í landinu, ef fjárhagur ríkissjóðs gerir það nauðsynlegt, — það var þó sleginn ofur lítill varnagli hjá mönnunum, sem sömdu þetta. Þó að þeir væru að sökkva niður þarna í skeytingarleysið um þingræðið og fjárveitingavald Alþingis, þá lýsti enn þá ofur lítill neisti í dag kl. hálftvö. Og svo kom brtt. og hljóðar svona:

„Ríkisstj. skal leita samstarfs við lánastofnanir, sjóði, sveitarstjórnir og einkaaðila um að halda fjárfestingarframkvæmdum á árinu 1964 innan hóflegra takmarka, og er í því skyni heimilt að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum“ o. s. frv.

M. ö. o.: gr. er gersamlega kollvelt frá því að segja með ofur litlum tætlum af kurteisi gagnvart Alþ. sem fjárveitingavaldinu enn þá: Ef atvinnuástandið í landinu gerir það nauðsynlegt, — ef það gerir það, því er ekki slegið föstu, að það geri það. Nei, með 6. gr., eins og hún var kl. 1½ í dag, vildi ríkisstj. meina: Það kann að fara svo. — Enn þá var ofur lítið reynt að hneigja sig fyrir Alþ. Það kann að fara svo, að ég neyðist því miður til þess að skera niður eitthvað á fjárl., og þá er beðið um heimild til þess, ef atvinnuástandið í landinu, ef fjárhagur ríkissjóðs gerir það nauðsynlegt. Þarna var þó ofur lítill fyrirvari. Ef þorskurinn bregzt eða síldin bregzt og illa fer í ár, þá gátu margir skilið, að fjárhagur ríkisins hefði e. t. v. gert eitthvað slíkt nauðsynlegt. Þá var þó þetta pínulitla eftir af virðingunni fyrir þinginu. En hvað er þá 6. gr. núna? Hún er fyrirskipuð. Um hvað er hún fyrirskipuð? Ríkisstj. skal leita samstarfs við lánastofnanir, sjóði, sveitarstjórnir og einkaaðila um að halda fjárfestingarframkvæmdum á árinu 1964 innan hóflegra takmarka. M. ö. o.: nú er komin fyrirskipun, fyrirskipun til bankanna, fyrirskipun til sveitarfélaganna, fyrirskipun til einkaaðila í landinu, því að það er minnstur vandinn að ráða við þá gegnum bankana: Þið skuluð fara að draga úr framkvæmdum. — Það var ekki orð um það í dag kl. hálftvö í 6. gr., að ríkisstj. ætti að ganga út um borg og bý og prédika: Dragið úr framkvæmdum, dragið úr framkvæmdum. — En það kom inn núna. Það kom inn nú. Nú á að fara að skipuleggja atvinnuleysið, hóflegt atvinnuleysi vafalaust, nei, ekki almennt atvinnuleysi, bara hóflegt atvinnuleysi. Og því er skellt inn á eftir, og allur fyrirvari, sem ríkisstj. hafði enn þá kl. hálftvö, tekinn burt. Atvinnuástandið í landinu þarf ekkert að versna, fjárhagur ríkisins þarf ekki að versna. Nei, eins og fjárhagurinn er í dag, eins og atvinnuástandið er í dag, skal ríkisstj. hafa heimild til að skera niður. Og hún skal gera meira, hún skal fara í atvinnurekendurna og reka þá til þess að skera niður, stöðva þá. En hún skal halda verðbólgunni áfram um leið samkv. hinum gr. Þetta er hreint brjálæði. Svona haga menn sér ekki. Svona reka menn ekki efnahagspólitík.

Það var gert grín að stjórnarandstöðunni fyrir síðustu kosningar, að hún hefði haldið, að það mundi verða atvinnuleysi, þegar þessi ríkisstj. tók upphaflega við völdum. Og það var nú eitthvað annað en það yrði atvinnuleysi. Það var rétt hjá stjórnarandstöðunni, það sem hún sagði í upphafi. Pólitík ríkisstj. miðaði að því að skapa atvinnuleysi í landinu. Ríkisstj. réð hins vegar ekki við síldina. Það er ekki í

fyrsta skipti, sem síldin eyðileggur pólitík einnar ríkisstj. Ríkisstj. réð ekki við tæknina, hún réð ekki við miðunarstöðvarnar, hún réð ekki við nýju veiðitæknina. Nei, síldin kom þarna askvaðandi og eyðilagði alla slíka pólitík og hefur haldið þessu áfram, stjórnin hefur engan frið fyrir henni, hún eyðilagði allt atvinnuleysi, það var ómögulegt að koma því á. En 6. gr., eins og hún er eftir kl. 3 í dag, á að gera smátilraun til þess, hvort það sé ekki hægt að komast eitthvað í áttina. Það er verið að fikra sig áfram. Að ríkisstj. sjálf dragi eitthvað ofurlítið úr, jú, það gat verið ýmislegt skynsamlegt í því. Það er ekki skynsamlegt endilega að fara að byggja Hallgrímskirkju á þeim tíma, sem allir eru uppteknir við miklu nauðsynlegri störf. Það gat vel verið eðlilegt að gefa ríkisstj. heimild til þess að láta Hallgrímskirkju bíða. En að bæta því inn í, þegar ríkisstj. ekki aðeins fer að skera niður hjá sjálfri sér, heldur líka gangast fyrir því, að bankarnir láti einkaatvinnurekendurna fara að skera niður hjá sér, þá er auðséð, hvert er stefnt. Maður fer að kannast við gömlu bandormana aftur í sinni mynd og kannast við afkvæmi þeirra á stundum, þar sem þeir sköpuðust upp af kreppu og atvinnuleysi. Hins vegar skal nú anzi mikið til að koma því á á Íslandi. Það er nefnilega einn hlutur, sem ekki hefur tekizt að eyðileggja enn þá, sem stundum skapaði kreppu- og atvinnuleysi í gamla daga, og það eru markaðirnir. Það átti að vísu að gera það, en það tókst ekki. Og þess vegna verður nokkuð erfitt að ætla að koma slíku á á Íslandi.

En ég vil vekja athygli og undirstrika þessar herfilegu breytingar, sem orðið hafa á 6. gr. 6. gr. er þingræðislegt hneyksli. Hún er móðgun gagnvart Alþ. Það er ekki hægt að bjóða mönnum slíkt. Það er búið að samþykkja fjárl., og þau eru aðaltilgangur Alþingis og grundvöllurinn að þess valdi. Þess vegna var það mjög leitt, að hæstv. ríkisstj. skyldi fara þannig að, gera sig seka um þá ósvinnu, sem þessi gr. er. Það var reynt í dag að koma í veg fyrir þessa gr., en tókst ekki. Það er vafalaust ekki tími til þess að koma fram með till. nú um að fella hana niður. Sú till. var felld í dag og ekki einu sinni leyfilegt að koma með hana þannig. Ég veit ekki, hvort hægt er að setja nokkurt traust á Ed., að hún kunni að hafa vit fyrir, en það verða þá kannske einhverjir aðrir utan þingsins. Það eru þó 50 millj., sem ríkisstj. er búin að gangast inn á að borga milli 1. og 2. umr. til sjómanna, 6%. Kannske milli umr. í Ed. bætist við önnur 6%, kannske atvinnurekendur verði loksins látnir fara að borga eitthvað sjálfir og kannske þá meira að segja einhverjir í stjórnarherbúðunum sjálfum fari nú að ranka við sér um það, að svona, eins og gert er með 6. gr., er ekki hægt að afgreiða lög frá Alþingi.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þær umr., sem hér hafa orðið út af því frv. til aðstoðar við sjávarútveginn, sem hér hefur verið til umr. undanfarna daga. Erindi mitt upp í ræðustólinn að þessu sinni er það eitt að mæla fyrir tveim brtt., sem ég leyfi mér að flytja við frv., en þar sem þær eru seint fram komnar, þarf að leita afbrigða fyrir þeim.

Áður en ég byrja að mæla fyrir þeim, langar mig þó lítillega til þess að vekja athygli hv. alþm. á því, sem raunar hefur ítrekað komið fram í umr., að með þeim boðskap, sem frv. ríkisstj. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins flytur, er ríkisstj. óneitanlega að ganga gegn öllum þeim stefnumálum, sem hún hét að framfylgja í upphafi stjórnartímabilsins á árinu 1960. Ég fæ ekki betur séð en með frv. þessu og raunar ýmsu öðru, sem áður hefur gerzt á valdatímabili hæstv. núv. ríkisstj., hafi hún verið í sívaxandi mæli að feta inn á hið illræmda uppbótakerfi og niðurgreiðslukerfi, sem hún taldi vera stærstu syndir þeirrar ríkisstj., sem ríkti hér á árunum 1956—1958. Það má því segja um núv. hæstv. ríkisstj., að það, sem helzt hún varast vann, varð þó að koma yfir hana, og ég vil lýsa því yfir sem minni skoðun, að það sé ábyrgðarhlutur hjá hæstv. ríkisstjórn, sem svo sannarlega hefur glatað verulega trausti almennings í landinu og er sífellt að hopa, að ætla sér þá dul að sitja lengur ráðalaus við völd. Og ég hygg, að mesti greiði, sem hún gæti gert þjóðinni, væri sá að segja sem allra fyrst af sér.

Þær brtt., sem ég flyt við frv. við ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, eru svo hljóðandi:

Sú fyrri er þannig: „Á eftir orðinu: „freðfiski“ í 1. tölulið 1. mgr. 3. gr. komi: „af saltaðri og sérverkaðri síld.“ Efnislega þýðir þetta, að útflutningsgjald af saltaðri og sérverkaðri síld skuli lækka úr 6% í 4.2%, svo sem það er á saltfiski, skreið og freðfiski. Ég vil geta lítillega ástæðnanna fyrir því, að ég flyt þessa brtt., og vil þá sérstaklega ræða um Suðurlandssíldina, sem býr við nokkra sérstöðu í þessu efni.

Eins og menn vita, sem til þessa atvinnuvegar þekkja eitthvað, á Suðurvesturlandssíldin nú í sérstaklega harðri samkeppni um markaði í Vestur-Evrópu við Norðursjávarsíldina, sem á undanförnu ári hefur veiðzt í mjög miklu magni. Íslendingar búa að ýmsu leyti við mjög erfiða samkeppnisaðstöðu um þessa framleiðslu við Norðursjávarframleiðsluna. Ég vil nefna nokkur dæmi, sem ég hef úr grein, sem skrifuð var í dagblaðið Vísi af framkvæmdastjóra síldarútvegsnefndar í Reykjavík, Gunnari Flóvenz, en þar getur hann um 4 atriði, er sýna greinilega, við hvers konar erfiðleika er að etja á Vestur-Evrópumörkuðunum fyrir framleiðendur Suðvesturlandssíldarinnar. Í fyrsta lagi nefnir framkvstj. það, að Íslendingar þurfa að greiða af þessari framleiðslu um 350 kr. innflutningsgjald af hverri sérverkaðri flaktunnu. Í öðru lagi nefnir hann það, að Íslendingar verði að greiða af þessari framleiðslu 85 kr. í útflutningsgjald. Í þriðja

lagi þurfa þeir að greiða 95 kr. flutningskostnað inn á þennan markað. Og í fjórða og síðasta lagi greiða þeir um 200 kr. í umbúðakostnað, þ. e. a. s. tunnuverð. Samanlagður kostnaður þessi nemur um 730 kr., sem Íslendingar þurfa að greiða af þessari framleiðslu umfram Vestur-Þjóðverja og Hollendinga og fleiri, sem veiða síld í stórum stíl í Norðursjónum og selja á þessa gömlu markaði. Þessar 730 kr., sem Íslendingar þannig verða að greiða, eru um helmingur þess verðs, sem nú fæst fyrir saltsíldina á þessum mörkuðum. En það var í desembermánuði, ef ég man rétt, um 1400 kr. á tunnu. Til viðbótar þessu vil ég taka fram, að verð þetta er nú fallandi enn þá vegna áframhaldandi mikillar veiði í Norðursjónum. Ég veit, að þó að gegni ekki nákvæmlega sama máli um þá síld, sem veidd er fyrir Norður- og Austurlandi, af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að hún er í sérflokki hvað gæði snertir og býr ekki við sömu samkeppnisaðstöðu á sínum mörkuðum við útlenda framleiðslu, þá hygg ég samt, að það sé í fyllsta máta réttlætanlegt og eðlilegt, að lækkun útflutningsgjaldsins komi einnig til góða framleiðendum þessarar síldar og sjómönnum, sem veiða hana.

Önnur brtt. mín hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við bráðabirgðaákvæði. Á eftir b-lið komi nýr stafl., svo hljóðandi: Ríkisstj. skal láta fara fram endurskoðun á ákvæðum 3. gr. um útflutningsgjald. Skal endurskoðunin við það miðuð að breyta gjaldinu þannig, að það verði miðað við þunga útfluttra sjávarafurða í stað verðmætis og jafnframt lækkað verulega. Þessari endurskoðun skal lokið það snemma, að unnt verði að leggja fram frv. um þetta efni í upphafi næsta þings.“

Þessi brtt. er flutt til þess að reyna að stöðva þá öfugþróun, sem hið háa útflutningsgjald hefur í vinnslu og framleiðslu sjávarafurða. Gjaldið er, eins og hv. þm. eflaust vita, miðað við fob.-verðmæti, og þegar það er orðið eins hátt og raun ber vitni og þegar það jafnframt er miðað við verðmæti, þá vinnur gjald þetta í bókstaflegum skilningi gegn því, að Íslendingar reyni að fullvinna hráefni sjávaraflans í landinu. Það er hvatning til útflytjenda og framleiðenda að flytja sjávaraflann út sem mest óunninn til þess að þurfa ekki að greiða eins hátt útflutningsgjald af honum og þeir þyrftu ella að gera, ef hráefnið væri unnið í landinu. Allir hljóta að sjá, að það er hvorki réttlæti í þessari stefnu né nokkurt vit. Við þurfum að einbeita okkur á komandi árum að því að fullvinna sem mest sjávaraflann í landinu sjálfu og gera úr honum eins mikið verðmæti og frekast er unnt. Og þá má ekki óskynsamleg löggjöf verða til þess að hamla þessari framför. Af þessari ástæðu hef ég leyft mér að flytja þessa till. til breyt. á frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 219) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 219,1 felld með 20:13 atkv.
— 218 felld með 20:16 atkv.
— 219,2 felld með 20:12 atkv.

Frv. samþ. með 20:16 atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., 29. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., og var frv. á þskj. 217 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur þegar verið samþ. í hv. Nd. Um það var nokkur ágreiningur í þeirri d., en þó ekki um þau meginatriði, sem fela í sér nokkra aðstoð við sjávarútveginn, þ. e. a. s. ekki var um það deilt, að hann þyrfti á aðstoð að halda og að eftir atvikum væri það form, sem hér eru gerðar till. um að hafa þá aðstoð í, eðlilegasta aðferðin, eins og sakir standa. En hitt var af sumum talið, að frv. væri ekki nógu róttækt, að sjávarútvegurinn þyrfti meiri aðstoð en felst í þessu frv.

Út af fyrir sig er vel hægt á það að fallast, að þetta frv. er engin fullnaðarlausn á því vandamáli, sem nú er við að etja, og hér er gengið eins skammt í aðstoðinni og talið er hægt. En engu að síður stendur það eftir, að eftir þær kauphækkanir, sem urðu nú í desember, er óhjákvæmilegt að veita sjávarútveginum aðstoð, þó að hitt sé matsatriði, hversu langt eigi í henni að fara, og eins hvort þessi aðferð, sem hér er upp á stungið, stoði til einhverrar frambúðar, þó að hún sé óhjákvæmileg eins og sakir standa, svo sem ég áðan gat um.

Segja má, að ákvæðin í 1. gr., í síðustu mgr. 2. gr. og 3. gr. séu borin fram sem bein afleiðing kauphækkananna, sem urðu í des. Skv. 1. gr. er lagt til, að hraðfrystihúsunum verði á árinu 1964 veitt aðstoð úr ríkissjóði með 43 millj. kr., er verja skuli til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks, og skal úthluta fénu nánar skv. fyrirmælum sjútvmrh. fyrir milligöngu stofnlánadeildar sjávarútvegsins í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

Eins og kunnugt er, gengu samningar saman í des. fyrst eftir það, að ríkisstj. hafði heitið að beita sér fyrir því, að hraðfrystihúsin fengju uppbætt með einum eða öðrum hætti þau útgjöld, er þau yrðu fyrir vegna 15% kauphækkunarinnar, og hefur verið talið og er ekki vefengt, að sú fjárhæð muni nema kringum 62 millj. kr. Það er ætlazt til þess, að þau fái 43 millj. með þeim hætti, sem í 1. gr. er ákveðinn. Það hefur raunar verið gagnrýnt af sumum og þó lítið í hv. Nd., að þessi fjárgreiðsla skuli bundin því skilorði, að henni skuli varið til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks, en þar sem það verður að teljast eðlilegur þáttur heilbrigðs rekstrar, að stöðugar endurbætur eigi sér stað, þá verður það ekki talið ósanngjarnt, úr því að að-

stoð ríkisins þarf til að koma, að það hlutist til um, að fénu skuli varið á þann veg, sem í 1. gr. frv. segir.

Hinu hefur verið haldið fram, að þetta væri ófullnægjandi eða a. m. k. þyrfti að aðstoða fleiri greinar fiskframleiðslunnar með svipuðum hætti og þá einnig saltfiskframleiðslu og skreiðarframleiðslu. En eins og á stendur, þá er verð á þessum framleiðsluvörum mun hagstæðara, hækkanir hafa orðið meiri nú að undanförnu heldur en á hraðfrystum fiski, og hefur þess vegna ekki þótt fært að verða við óskum og till. í þá átt.

Hins vegar njóta bæði saltfiskur og skreið þeirra hlunninda, sem felast í 3. gr., þar sem útflutningsgjald er lækkað úr 6% ofan í 4.2% af þeirri framleiðslu, sem talin er í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. Að vísu er ekki þar um verulegt fé að ræða, má segja, en þó nokkra tilhliðran, svo að þessar greinar framleiðslunnar fá einnig nokkurn létti frá því, sem verið hefur. Ætlazt er til, að af því fé, sem þarna vinnst fyrir framleiðsluna, fari 19 millj. til hraðfrystihúsanna, en hitt í þá framleiðslu, sem ég áðan gat um.

Enn fremur er síðasta mgr. 2. gr., sem segja má að sé bein afleiðing af kauphækkununum í des. Þar er ákveðið, að frá 1. jan. 1964 sé ríkisstj. heimilt að greiða sem svarar 6% viðbót við það ferskfiskverð, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. jan. 1964. Þessu ákvæði var bætt inn í frv. í hv. Nd. Sá úrskurður, sem ákvað fiskverðið, var kveðinn upp, þegar samning þessa frv. var komin á lokastig, og þótti því ekki fært að kveða á um þetta í frv. sjálfu, en hv. fjhn. eða meiri hl. hennar hafði samráð við ríkisstj., og var unnið að málinu og þessi till. borin fram eftir sameiginlegri ákvörðun, ef svo má segja, ríkisstj. og meiri hl. hv. fjhn. Nd.

Þess hefur orðið vart, að nokkur ágreiningur er um lögmæti úrskurðarins, sem kvað á um fiskverðið. Eins og ég sagði í hv. Nd., er auðvitað sízt út á það að setja, sem Alþýðusambandsstjórnin vék að í samþykkt sinni, að lögmæti úrskurðarins verði borið undir dómstóla. Þeir eru sú stofnun í þjóðfélaginu, sem um slíkt á endanlegt úrskurðarvald, og aðrir geta ekki sagt með vissu um skilning laganna. Ég efast hins vegar ekki um sjálfur, að úrskurðurinn var fyllilega lögmætur og kveðinn upp með þeim eina hætti, sem fylgja verður, ef tryggja á, að lögmæt niðurstaða slíks gerðardóms fáist. Sú aðferð, sem fylgt var, er hin sama, sem viðurkennd er í okkar dómskaparétti og engum hefur komið til hugar að bera brigður á. Að mínu viti er því gagnrýni á lögmæti úrskurðarins gersamlega ástæðulaus og byggð á fullkomnum misskilningi, svo að þar stendur mín skoðun gegn skoðun annarra, og eina ráðið til þess að fá endanlega úr því skorið er að sjálfsögðu að bera þetta mál undir dómstóla, ef einhver telur ástæðu til þess.

Hitt er svo allt annað mál, hvort menn telja, að efni úrskurðarins sé sanngjarnt. Því hefur verið fleygt, að oddamaðurinn hafi fylgt þar fyrirmælum ríkisstj. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa það með öllu rangt. Að sjálfsögðu kom ríkisstj. ekki til hugar að gefa nein slík fyrirmæli né oddamanninum að leita fyrirmælanna og ekki einu sinni leiðbeiningar eða álits ríkisstj. um, hvert fiskverðið skyldi vera. Hann kveður það upp, dómkvaddur maður, eftir sinni eigin beztu samvizku, eftir að hafa aflað sér allra þeirra gagna, sem hann hefur talið sig þurfa á að halda.

Þá er einnig á það að líta, að eftir ákvæðum gildandi laga ber að miða fiskverðið við útflutningsverð vörunnar. Þessi gerðardómur, sem á að ákveða fiskverðið, á að byggja sinn úrskurð á allt öðrum forsendum heldur en t. d. nefndin, sem ákveður landbúnaðarverð. Þar er byggt á því, að bændur hafi sambærilegar tekjur við aðra landsmenn, tilteknar stéttir, sem upp eru taldar. Af hækkandi tekjum þeirra og hækkandi kostnaði við framleiðslu landbúnaðarvara leiðir það, að bændur eiga rétt á hækkandi verðlagi til sín. Um þetta eru ákvæði laganna varðandi ákvörðun fiskverðs gersamlega ólík. Þar er fyrst og fremst byggt á útflutningsverðinu. Það er leiðbeiningin, sem gefin er, og gagnrýnendur þessa úrskurðar oddamannsins hafa ekki sýnt fram á og ekki, að því er ég hef heyrt, einu sinni leitazt við að sýna fram á, að oddamaðurinn hafi í ákvörðun sinni misfarið með eða mismetið útflutningsverðið eða áhrif þess á fiskverðið nú. Þvert á móti hygg ég, að hann hafi með því að ákveða fiskverðið óbreytt frá því, sem var í fyrra, teygt sig eins langt og unnt er útgerðarmönnum og sjómönnum til hags, vegna þess að eftir gildandi lögum hlýtur aukinn tilkostnaður, hvort sem hann er af innlendum rótum eða erlendum rótum, að koma útgerðarmönnum og sjómönnum til kostnaðar.

Það var rækilega bent á það í umr. hér fyrir áramótin, a. m. k. af mér og ég hygg raunar fleirum, að hækkandi kaupgjald í landi hlyti eftir gildandi lögum að verða til þess, að fiskverðið til sjómanna lækkaði. Ég varpaði aftur á móti fram þeirri spurningu, hvort menn hefðu trú á því, að slík lækkun á fiskverði væri framkvæmanleg, þegar tilkostnaður ykist og aðrar stéttir fengju kauphækkanir. Ég minnist þess ekki, að þessari spurningu fengist þá svarað, en ég rek þetta nú, vegna þess að oddamaðurinn hefur orðið fyrir ómaklegu aðkasti fyrir sinn úrskurð og til þess að gera það alveg ljóst, að í þeirri till., sem samþ. var í Nd. um hækkun á fiskverði, felst síður en svo nokkur ómerking eða vanmat á úrskurði oddamannsins. Það er einungis byggt á þeirri staðreynd, sem fyrir höndum er, að úr því að fiskverðið gat ekki samkvæmt gildandi lögum hækkað, þrátt fyrir aukinn tilkostnað og þrátt fyrir hækkun á kaupi annarra stétta, þá er óumflýjanlegt, að mati ég hygg allra, eftir því sem fram kom í Nd., að gera nú ráðstafanir til, að fiskverðið hækki einnig. Það er sjálfstæð ákvörðun, sem byggir á þeirri staðreynd, sem nú liggur fyrir,

en í því felst engan veginn, að þar með sé sagt, að úrskurður oddamannsins sé rangur, því að það er fjarri lagi að mínu viti.

Um það má svo deila, hvort sú greiðsla, sem hér er ráðgerð, sé fullnægjandi. Það var borin fram till. um verulega meiri uppbótargreiðslur í hv. Nd. Hún náði ekki fram að ganga, en mér er nær að ætla, að miðað við allar aðstæður og miðað við þá hjálp, sem hraðfrystihúsunum er veitt, þá sé með svipuðum hætti og sízt óríflegar orðið við þeirri nauðsyn að bæta að nokkru hag útgerðarmanna og sjómanna eins og orðið var við nauðsyn hraðfrystihúsanna.

Um hin ákvæðin í 2. gr. er það að segja, að togurunum hefur verið veitt aðstoð á undanförnum árum, á árinu 1962 einnig, með beinu framlagi úr ríkissjóði, að vísu ekki eins háu og þessu. Á árinu 1962 var skipuð sérstök n. til þess að kanna hag togaranna og gera till. um ráðstafanir þeim til aðstoðar. Skv. þeirri skýrslu, sem ekki verður vefengd og ég hef ekki heldur heyrt gagnrýni á í einstökum atriðum varðandi þessa hlið málsins, þá er það lágmarkstillaga þeirrar n., að miðað við árið 1963 verði togurunum veitt þessi 51 millj. kr. aðstoð. Um ástæðurnar til þessa þarf ekki að fjölyrða. Þær eru öllum augljósar. Togararnir voru sviptir e. t. v. sínum beztu miðum hér við landið með útfærslu fiskveiðilögsögunnar og hafa síðan lengst af mjög átt í vök að verjast, gekk þó skaplega á árunum 1958 og 1959, meðan þeir gátu fiskað á uppgripakarfamiðum út af Nýfundnalandi. Þau mið entust því miður skammt, og önnur hafa ekki fundizt í þeirra stað, og verður að segja, að togaraútgerðin hefur mjög átt í vök að verjast síðan, enda hefur afli farið minnkandi, einnig utan fiskveiðimarkanna, hér við land nú hin síðustu missiri. Þessu til viðbótar kemur, að talið er, að vinnubrögð um borð í togurunum séu óhagkvæm og að sumu leyti úrelt og valdi það útgerðinni verulegum kostnaði. Þessu þarf að reyna að breyta. En langæskilegast er og vonandi, að svo verði, að sú breyting fáist með frjálsu samkomulagi, þannig að bæði útgerðarmenn og sjómenn geti við unað og skipt þeim fjármunum, sem sparast við breytta vinnutilhögun, sín á milli, þannig að báðir hafi gagn af.

Loks er í 3. mgr. 2. gr. gerð till. um það að greiða úr ríkissjóði til fiskileitar í þágu togara allt að 4 millj. kr. umfram þá fjárhæð, sem kann að verða greidd í þessu skyni skv. heimild í fjárl. Fiskileit hefur orðið síldarútveginum hér að ómetanlegu gagn. Hún hefur einnig verið reynd fyrir togarana, en þar ekki enn þá valdið neinum þvílíkum umskiptum eins og hún varð fyrir síldarútveginn. E. t. v. er þetta að nokkru því að kenna, að menn hafa ekki treyst sér til að verja nógu miklu fé í þessu skyni, og er leitazt við að bæta úr því með þeirri auknu fjárveitingu, sem í þessu ákvæði frv. felst.

Það skal skýrt tekið fram, að þau útgjöld, sem leiðir af þremur fyrstu mgr. 2. gr., eiga ekki rætur sínar að rekja til verðhækkana í des., en að öðru leyti má segja, að útgjöld frv. standi í beinu sambandi við þá lausn verkfallanna, sem þá fékkst, og enn fremur leiðir það af þeirri lausn, að hækka verður framlag til alþýðutrygginganna um 27 millj. kr., eins og ráðgert er í sérstöku frv., sem um það hefur verið flutt í hv. Nd., og enn fremur hefur þótt rétt að hætta við lækkun á niðurgreiðslum, sem menn voru að velta fyrir sér, hvort unnt væri að hætta við.

Allt gerir þetta það að verkum, að afla þarf fjár umfram það, sem ríkissjóður hefur þegar yfir að ráða, og skv. frv. upphaflega var ráðgert, að fjárþörfin yrði í kringum 210 millj. kr. Eftir að framlögin til hækkunar fiskverðs bætast við, koma þar rúmar 50 millj. hér um bil, svo að þá verða þetta nokkuð yfir 260 millj. kr., sem afla þarf fjár til að greiða, og eru ákvæði 5. gr. þess efnis að hækka söluskattinn til að tryggja það, að ríkissjóður fái staðið við þessar skuldbindingar. Þetta ákvæði frv. hefur sætt verulegri gagnrýni. Að mínu viti er sú gagnrýni þó ekki sanngjörn né fær staðizt. Alþingi hefur þegar samþ. fjárl. fyrir árið 1964 og að sjálfsögðu áætlað þau eftir því, sem þá þótti eðlilegt og sanngjarnt, og mun það margra manna mál, að þar sé teflt á nokkuð tæpt vað um tekjuöflun, þó að vonandi fái þar allt staðizt, áður en yfir lýkur. Enda er það víst, að á slíkum þenslutímum sem nú eru hér á landi væri það hið mesta óráð að tefla hag ríkissjóðs í hættu og láta hann verða fyrir greiðsluhalla eða tefla mjög í tvísýnu um slíkt. Það væri ekki aðeins hættulegt fyrir fjármál ríkissjóðsins sjálfs, heldur skv. allra skynbærra manna skoðun mjög til þess að auka á verðbólgu, á þá þenslu, sem allir eru a. m. k. öðru hverju sammála um að forðast beri. Enda sjáum við þess dæmi, að í öðrum löndum hefur, þegar svipað hefur staðið á og hér, beinlínis verið lagðir á sérstakir skattar til þess að draga fé úr umferð til að vinna á móti þenslu og verðbólgu og fé lagt til hliðar. Það er engan veginn ætlunin að gera slíkt að þessu sinni af hálfu ríkisstj., en hún telur óverjandi annað en að afla fjár til þeirra útgjalda, sem hún telur óhjákvæmilegt að taka á ríkissjóð.

Þessu máli er það óskylt, þó að nokkur og allríflegur greiðsluafgangur hafi orðið á árinu 1962 og verði sennilega einnig, þó nokkru minni, á árinu 1963. Tekjuafgangurinn 1962 hefur að mestu verið lagður í jöfnunarsjóð lögum skv., og vonandi verður unnt að gera slíkt einnig að nokkru fyrir árið 1963. Ef þetta fé væri nú þegar tekið og því eytt, mundi það verka verðbólguaukandi, verka til þess að auka á þenslu, magna þau vandræði, sem við erum að reyna að berjast gegn með þessu frv. og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum. Enda er það, eins og hæstv. fjmrh. glögglega sýndi fram á í Nd., ólíkt skynsamlegra að leggja til hliðar fé á þeim tímum, þegar yfirfljótanleg atvinna er, til þess síðan að geta gripið til þess fjár, ef til hins verra horfir um atvinnu, og geta þá ráðizt í framkvæmdir til að forðast hið mesta böl, sem atvinnuleysið er.

Það hefur einnig glögglega komið fram, að hv. Alþ. hefur í öðru sambandi viðurkennt nauðsyn á nýrri tekjuöflun til nýrra ráðstafana. Um það bil sem fjárl. voru samþ., voru einnig samþ. ný vegalög. Þar með var lagður á nýr skattur til þess til frambúðar að geta aukið og hraðað vegaframkvæmdum í landinu. Það verður ekki skilið samþykki þingsins á þeim viðbótarskatti öðruvísi en svo, að þm. hafi um þær framkvæmdir, er þeir sjálfir höfðu verulegan áhuga fyrir, verið reiðubúnir að leggja á nýja skatta til að tryggja fé í því skyni.

Þá hefur stjórninni einnig verið brugðið um það, að hún væri að koma aftan að verkalýðnum með því að gera nú tillögur um að hækka söluskattinn og að slík hækkun hlyti að leiða til frekari kauphækkana síðar. Af þessu tilefni er rétt, að það sé enn rifjað upp, sem raunar öllum er um kunnugt, að í sambandi við verkfallið var því margyfirlýst bæði hér á Alþ. og við rétta aðila af hálfu ríkisstj., að ef verkfallinu lyki svo, að ríkissjóður yrði að hlaupa undir bagga að einhverju leyti með atvinnuvegum, taka á sig aukin útgjöld, þá yrði það ekki gert nema með hækkun á tekjum ríkissjóðs, og var söluskattur þar beinlínis talfærður, eins og einnig nú nýlega hefur verið rifjað upp af andstæðingum stjórnarinnar, svo að slíkt getur engum komið á óvart. Mér er einnig nær að halda, að þegar kauphækkunin var ákveðin svo mikil sem raun ber vitni, þá hafi verið haft í huga það, sem allir vissu og urðu að gera sér grein fyrir, að ýmsar hækkanir hlaut að leiða af kauphækkuninni og m. a. hækkun á söluskatti, ef ríkið þyrfti að skerast í málið með þeim hætti, sem ég áður drap á.

Menn greinir að sjálfsögðu á um, hverjar séu orsakir þess vanda, sem við okkur blasir nú. Það er hluti af þeim almennu stjórnmálaumr., sem háðar eru daglega í blöðum og á mannfundum og hafa farið fram hvað eftir annað hér á hv. Alþ. í vetur, og skal ég því ekki þreyta menn á því að fara út í þá sálma, en um það eru þó allir sammála, að of mikil þensla sé nú í framkvæmdum hér og hún eigi verulegan þátt í vandanum. Til þess að fá við hana ráðið, læknað meinsemdina, er því höfuðnauðsyn, að dregið verði úr þenslunni, komið í veg fyrir vöxt hennar og reynt að koma á meira jafnvægi en á s. l. ári ríkti. Til þess að ríkið eigi hægara með að beita sér fyrir aðgerðum í þá átt, eru ákvæðin í 6. gr. frv. Það er engan veginn sýnt né öruggt, að þeim ákvæðum þurfi að beita. Þar kemur margt til álita. En vissulega á ríkið hægara með að beita sér gagnvart öðrum um að dregið sé úr framkvæmdum, sem allar, hverjar með sínum hætti, eru nauðsynlegar, þó að nauðsynin sé að vísu misjöfn, ef ríkið af sinni hálfu vill einnig nokkuð fram leggja og ekki einungis krefjast af öðrum. Því hefur verið haldið fram, að þetta ákvæði, heimild til að draga úr eða fresta framkvæmdum, skerti rétt þingsins, bryti á móti réttu þingræði og annað slíkt, en þetta fær auðvitað ekki staðizt. Slíkar heimildir hafa verið í lögum áður og engum umskiptum um þingræði eða úrslitavald Alþingis ráðið, svo að þar er með öllu að ástæðulausu verið að mála Grýlu á vegg.

Ég hef þá gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. og tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það að svo stöddu, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. Mér er það ljóst, að þessi hv. d. hefur ekki ýkjamikinn tíma til meðferðar málsins, en um meðferðina hafa átt sér stað viðræður á milli flokkanna, svo að ég vonast til þess, að um sjálfa meðferðina verði samkomulag, og því fremur sem mér er kunnugt um, að hv. fjhn. hefur a. m. k. að nokkru haft samvinnu við hv. fjhn. Nd. um meðferð málsins, og ætti það að auðvelda hraða afgreiðslu málsins í þessari hv. deild.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Glaðir og bjartsýnir voru um áramótin 1959—1960 menn þeir, sem mynduðu núv. ríkisstj. Þeir töldu hægt að horfast í augu við allan vandann í einu, eins og forustumaður þeirra komst þá að orði, og merkti það líkindamál, að þeir væru vandanum vaxnir og „hvergi hræddir hjörs í þrá, hlífum klæddir sínum.“ Sumir þeirra eða nánar til tekið Alþfl.-menn minntu kannske eilítið á þá, sem frelsast skyndilega í trúmálum. En svo ekki meira um það. Ríkisstj. gaf út bók sína, Viðreisn, með skjaldarmerki ríkisins á, auðvitað á kostnað landsmanna, en af svo mikilli rausn samt, að hún skenkti hana ókeypis öllum heimilum landsins í nokkurs konar nýársgjöf. Bókin hófst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stefnuyfirlýsingu þeirri, sem ríkisstj. birti, þegar hún tók við völdum í nóv. s. l., taldi hún það höfuðverkefni sitt að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Hefur síðan verið unnið að athugun á þessum málum. Þótt ekki séu nema rúmir tveir mánuðir, síðan ríkisstj. hóf störf sín, er nú lokið þeim rannsóknum, sem taldar voru nauðsynlegar.“ Þvílíkur dugnaður! „Þegar stjórnin og stuðningsflokkar hennar,“ heldur þar áfram, „höfðu kynnt sér þessar athuganir og niðurstöður,“ — það var nú ekki lengi gert á þeirri tíð af morgunglöðum mönnum, — „var ákvörðun tekin um, að ríkisstj. skyldi beita sér fyrir gagngerðri stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar, og nauðsynleg frv. samin, þar sem hin nýja stefna er mörkuð. Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og tíðkazt hafa,“ segir þar, nei, ónei, „heldur algera kerfisbreytingu.“ Það er skýrt tekið fram. Svo komu fyrirsagnir í bókinni eins og: „Heilbrigður grundvöllur“, „Bótakerfið afnumið“, „Jafnvægi í peningamálum“ o. s. frv.

Þetta var borið fram þá sem gleðiboðskapur. Hæstv. ríkisstj. kynnti sig sem frelsara í verklegum efnum a. m. k., og stuðningsmenn sína á þingi kynnti hún auðvitað sem postula, enda munu þeir hafa talið sig hafa postullegar skyldur við hana. Stjórnin skýrði stefnu sína „viðreisn“, minna mátti það ekki vera. Til þess

að vera ofur lítið raunhæf og líka til þess að gera ekki of lítið úr afrekum sínum, sagði stjórnin, að fyrst í stað kynni viðreisnin að kosta almenning nokkra áreynslu, en ef ekki kæmu alveg óviðráðanleg og ófyrirsjáanleg óhöpp fyrir, þá mundi fljótt skipta um, allt færi eftir skamma stund að leika í lyndi. Hið nýja efnahagskerfi væri nefnilega svo hagfræðilega fullkomið og sjálfvirkt, að þetta gæti eiginlega alls ekki brugðizt. Það leysti allan vanda efnahagsmála á einu bretti og gengi eins og klukka, þegar það væri komið af stað, — góð klukka, ný klukka.

En þetta mikla sigurverk reyndist hinn mesti gallagripur, þegar til kom. Ekki var óviðráðanlegum óhöppum um að kenna, síður en svo. Metaflagóðæri féllu þjóðinni í skaut. Þá var líka blásið í lúðra í stjórnarherbúðunum og hrópað: Viðreisnin hefur lánazt, sjáið árangur hennar! En það kom á daginn, að metaflinn nægði engan veginn. Dýrtíðareldur viðreisnarinnar sá fyrir því. Um hjón, sem hétu Ísfeld og Herdís, var á sínum tíma kveðin þessi lífseiga vísa:

Ísfeld veiðir og heim reiðir,
eins og beiðir þörfin frek.
En Herdís eyðir skörp á skeiði
skjótar en seyðir eldur sprek.

Þjóðin vann og veiddi eins og Ísfeld, en viðreisnin sá um hlutverk Herdísar, konu hans, að brenna og eyða því, sem aflað er og var, og er enn mjög skörp á því skeiði.

Nú eru 4 ár liðin, síðan hinir morgunglöðu menn gáfu út bókina Viðreisn, brosandi móti sínum nýja stjórnardegi. Ekki leynir það sér, að dimmt er þeim orðið fyrir augum og horfin eru stóryrðin um hið óbrigðula efnahagskerfi frá 1960, enda má heita, að orðið viðreisn sé ekki nefnt meðal almennings nema í þeim tón, að háðsmerki fylgir.

Frv. það, sem hér liggur fyrir um *ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., ásamt grg.* og ræðum þeim, sem því hefur verið fylgt úr hlaði með hér á Alþingi, er glögg sönnun um breytta útsýn. Í framsöguræðu sinni í hv. Nd. núna fyrir helgina boðaði hæstv. forsrh. eftir 4 ára viðreisnarstörf, að voði vofði yfir. Hann talaði um voða, sem yfir vofði. Á honum mátti glöggt heyra í þeirri ræðu og skilja, að hann taldi úrræði frv. aðeins til bráðabirgða og gerð af því, að ráðrúmstíma þyrfti að fá til að íhuga og kanna til hlítar, hvort unnt sé að finna sameiginleg úrræði, sem aðilar geti eftir atvikum unað við. Þetta var dapurleg ræða á fjögurra ára afmæli viðreisnarstjórnarinnar, og í henni var myrkur. Það bar minna á þessu í ræðu hæstv. ráðh. áðan hér í þessari hv. d., enda forðaðist hann í raun og veru að fara inn á þau almennu svið, en útskýrði einstök atriði frv. og lét við það sitja.

Ef hinir morgunglöðu menn 1960 hefðu heyrt þessa ræðu hæstv. forsrh. í hv. Nd. fram fyrir sig 1960, þá mundi þeim hafa brugðið í brún. En ætli þeir hefðu hikað? Auðvitað ætti ekki að þurfa að spyrja þannig, hik hefði verið skylda. En ég spyr af því, að enn halda þessir menn áfram í sömu stefnu þrátt fyrir ræðuna. Það sýndu atkvgr. í sambandi við frv. í hv. Nd. í gær.

Þá liggur líka fyrir játning frá mektarmanni úr hinum stjórnarflokknum, hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, ritstjóra Alþýðublaðsins. Hann skrifaði í Alþýðublaðið um síðustu helgi um þetta frv. og gildi þess. Greininni lauk hann með þessum orðum:

„Rétt er að minnast þess, að þessar aðgerðir, sem frv. felur í sér, eru aðeins lausn á þeim vanda, sem þegar hefur skapazt. Vandi framtíðarinnar er enn óleystur.“

Viðreisnarstjórnin fullyrti með ýmsum stórum orðum 1960, að hún hefði ráð á að leysa efnahagsvandamál þjóðarinnar til frambúðar, koma efnahagslífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Nú segir þm. og ritstjóri viðreisnarinnar eftir 4 ár í helgidagsgrein sinni: „Vandi framtíðarinnar er enn óleystur“. Þetta er þung stuna og ótvíræð játning.

Okkur framsóknarmönnum vekur það enga furðu, þótt niðurstaðan af hinni svokölluðu viðreisn hafi orðið eins og raun ber vitni. Við vöruðum stjórnarflokkana við þessari stefnu, strax og þeir hófust handa um að framkvæma hana. Og við höfum varað við henni öll þessi 4 ár og höfum flutt óteljandi till. til breytinga á henni, þótt fæstar þeirra hafi verið teknar til greina. Okkur duldist ekki, að stefnan hlaut að leiða til ófarnaðar, auka vanda efnahagsmála þjóðarinnar í stað þess að leysa vandann. Þakka má metaflaárunum fyrir það, að ekki hefur farið verr en orðið er.

„Voði vofir yfir,“ segir hæstv. forsrh. En hvað ætli hefði mátt segja, ef náttúran hefði ekki gefið góðæri?

Viðreisnarstefnan er fædd til að mistakast. Hún hentar ekki íslenzkri þjóð og íslenzkum landsháttum. Okkar litla þjóð, nýrisin úr umkomuleysi fátæktar, framgjörn samt og ung í allerfiðu landi, þarf miklu frekar að taka sér til fyrirmyndar stóra, samhenta fjölskyldu en framandi risaþjóðir, eins og viðreisnarstefnan vill þó vera láta. Hámenntaður maður sagði í grein, sem birt var í Stúdentablaðinu 1. des. í vetur: „Við eigum það sífellt á hættu, að þjóðfélagsfræðingar menntaðir erlendis flytji heim með sér meira og minna ómeltar þær skoðanir, þær kenningar og þau þjóðráð, sem sprottin eru upp úr allt öðrum þjóðfélagsháttum en hér ríkja og runnin af allt öðrum sögulegum rótum.“

Viðreisnarstefnan tók upp slík innflutt ómelt þjóðráð, og af því hefur illt hlotizt. Hjá okkur, þar sem segja má nærri því, að einn þekki alla og allir þekki einn og jafnréttiskröfur séu sérstaklega ríkar, blessast ekki efnahagsmisrétti og þjóðfélagslegar ráðstafanir, sem stuðla að því, að sá ríki verði ríkari en hinn fátæki fátækari, eins og viðreisnarstefnan hefur því miður gert. Valdstjórn á ekki heldur við hjá íslenzku þjóðinni, sem hlaut lýðræði í vöggugjöf, fékk beiska sögulega reynslu af að glata því aftur og þekkir bæði fögnuð og árangur af endurheimt þess.

Viðreisnarstjórnin hefur m. a. gert sig seka um einræðislegar aðgerðir og tilraunir til slíkra aðgerða. Hún felldi gengi krónunnar til þess að ónýta frjálsa, hóflega kaupgjaldssamninga 1961, mjög lýðræðislega samninga. Hún ætlaði að binda kaupið í nóv. í vetur, og enn örlar á einræðislegum ákvæðum í stjfrv. því, sem hér liggur fyrir. Á ég þar sérstaklega við 6. gr. þess.

Skal ég nú víkja beint að frv.

Við framsóknarmenn erum sammála því, að skjótra ráðstafana þurfi með vegna sjávarútvegsins og vinnslustöðva sjávarafurða. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 43 millj. kr. á þessu ári, er verja skuli til framleiðniaukningar og annarra endurbóta á framleiðslu freðfisks. Nú vita allir, að hér er farið rakleitt inn á bótakerfisbrautina, sem hæstv. núv. ríkisstj. fordæmdi í morgungleði sinni. Þessum styrk er ætlað að koma á móti síðustu kauphækkunum, og kallar það brátt að. Verður þess vegna ekki þessu fé úthlutað til þeirra, er framleiða freðfisk, í hlutfalli við athafnir þeirra til framleiðniaukningar um leið, enda hafa hæstv. ráðh., sem útskýrt hafa frv., sagt, að við úthlutun mundi verða miðað við vörumagn.

Það er vitanlega dálítið broslegt, að hæstv. ríkisstj. talaði um þetta bótaframlag sem fé til framleiðniaukningar, ekki af því að framlag til framleiðniaukningar sé broslegt, síður en svo, en hæstv. ríkisstj. er það auðheyranlega feimnismál eftir allt, sem hún hefur sagt um, að hún ætlaði að afnema bótakerfið, að nefna þetta framlag réttu nafni. Lofum henni að breiða yfir það þessar gagnsæju silkislæður. Það skiptir í raun og veru mjög litlu máli. Hins vegar má enginn halda, að þetta ákvæði sé nokkur lausn á þeirri þjóðarþörf, að ríkið geri ráðstafanir til framleiðniaukningar. Þar verður að gera sérstök, yfirskinslaus og sterk átök, eins og lagt er til í frv. því, sem við framsóknarmenn höfum lagt fram hér í þessari hv. d. og fór til n. nokkru fyrir jól í vetur og bíður þar afgreiðslu.

En þótt orðalag 1. gr. í frv. hæstv. ríkisstj. skipti ekki verulegu máli, heldur framkvæmdin, þá skiptir það máli, að fjárhæðin er of lág sem styrkur, 43 millj. Enn fremur er þar ekki hugsað fyrir bótum til annarra en freðfisksframleiðenda. Hækka verður þessa fjárhæð og láta bæturnar líka ná til þeirra, er framleiða saltfisk og skreið. Þá aðila má alls ekki sniðganga. T. d. eru sumir, sem framleiða saltfisk, þannig settir, að þeir hafa ekki önnur úrræði vegna einangrunar en saltfiskinn, hafa enga frystihúsaðstöðu eða aðstöðu til að ná til frystihúss. Það væri mikil fjarstæða að afskipta þessa aðila. Nauðsynlegt er einnig að mínu áliti að ætla fé til þess að greiða sérstaklega styrk þeim vinnslustöðvum, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu, vegna þess að hráefni þeirra er sérstaklega dýrt í vinnslu og nýtist verr en í meðallagi, eins og er um smáfiskinn. Þetta gerir það að verkum, að hækka verður til muna fjárhæð 1. gr.

Hjá styrk til togararekstrarins, eins og 2. gr. gerir ráð fyrir, verður sjálfsagt ekki komizt, eins og sakir standa. Verðbótagreiðslur, sem 2. gr. mælir fyrir um að gangi til fiskileitar, tel ég nauðsynlegar viðbótargreiðslur við það, sem ætlað var á fjárl., og veitir ekki af. Sjálfsagða tel ég í sambandi við þessa lagasetningu framlagsgreiðslu til hækkunar á fiskverði frá úrskurði yfirnefndar 20. þ. m. Innskot í frv., sem gert var í hv. Nd., að till. meiri hl. fjhn., þar sem framlag til verðhækkunar er ákveðið 6%, tel ég of lítið. Þá tel ég við eiga, að inn í þessa löggjöf verði felld ákvæði um lækkun vaxta af afurðalánum og enn fremur ákvæði um afurðalánin, bæði vegna sjávarútvegs og landbúnaðar, sem sé það, að afurðalánin verði hækkuð frá því, sem þau eru nú.

Lækkun útflutningsgjaldanna samkv. 3. gr. er spor í rétta átt, þótt stutt sé stigið.

5. gr., um hækkun hins almenna söluskatts úr 3% í 5½%, er ósvinna. Þessi hækkun nemur um 300 millj. á heilu ári og verður þá um það bil 1/10 af álöguþunga allra gjalda til ríkisins, eins og þau eru ákveðin, það sem af er þessu ári. Enginn veit vitanlega, hve oft koma fram frv. til að bæta á álöguþungann, þetta eru í raun og veru 3. fjárlögin, eins og bent var á í hv. Nd. Þriðja stigs söluskatturinn er skattur án tillits til efnahags og því löngum í algerlega öfugu hlutfalli við gjaldgetu fólks. Hann heimtist illa oft og einatt, þannig að það, sem ríkið á að fá, verður eftir í vasa milliliðarins, sem innheimtir skattinn hjá almenningi. Skattur þessi er, þegar um dýrtíð er að ræða, eitt allra viðsjálasta álöguform. Þessa skatthækkun á að fella úr frv. Ríkissjóður hefur haft mikinn greiðsluafgang tvö síðustu ár vegna frekra gjaldaálagninga. Enn er í fjárl. þessa árs stefnt að slíkri niðurstöðu. Ríkissjóður getur því vel án söluskattshækkunarinnar tekið á sig að standa straum af þeim útgjöldum, sem leiðir af þessu frv. Hvers vegna ætti ríkissjóður að hrúga upp sjóðum, þegar framleiðsla landsmanna, undirstaða efnahagsins, á í slíkri vök að verjast sem hæstv. ríkisstj. staðfestir með þessu frv. sínu?

Ég minntist áðan á efni 6. gr. frv. Þar fer hæstv. ríkisstj. fram á að fá heimild til að mega fresta til næsta árs verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til á fjárl. yfirstandandi árs. Sama gildir um greiðslur framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárl. þessa árs. Með þessu vill hæstv. ríkisstj. fá einræðisvald á þessu sviði. Hún vill fá að ráða því algerlega, hvort unnið verður að vegalagningu, brúagerð, hafnargerðum, skólahúsabyggingum, sjúkrahúsabyggingum, rafvæðingarframkvæmdum o. s. frv. á þessu ári, eins og nýafgreidd fjárlög gera ráð fyrir, eða ekkert unnið. Og hún vill hafa vald til að gera upp á milli framkvæmda, láta t. d. ekki vinna að þessu, þótt unnið sé að hinu. Þetta nær engri átt.

Hins vegar eiga fjárfestingarframkvæmdir annarra aðila, sem yfir fjármagni ráða, að leika lausum hala, þeir mega byggja stórhýsi og

gera hvað sem er. Aðeins hefur því verið skotið inn í frv. af stjórnarliðinu í hv. Nd., að ríkisstj. eigi að leita samstarfs við lánastofnanir, sjóði, sveitarstjórnir og einkaaðila um að halda fjárfrekum framkvæmdum innan hóflegra takmarka árið 1964. Lengra er ekki þar gengið og þetta sett inn í frv. til málamynda, eftir að gagnrýni var fram komin. Þarna er eðli stjórnarstefnunnar grímulaust og berhöfðað á ferðinni.

En svo er annað, sem kemur fram í sambandi við þessa ósk ríkisstj. um heimild til að fresta öllum verklegum ríkisframkvæmdum eftir geðþótta. Það er, hve hún telur ástandið hjá sér orðið kolsvart í lok 4 ára stjórnartímans, hve hún er svartsýn á framtíðina. Hún telur, að svo horfi, að grípa verði til þess að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins, sem eru í mörgum tilfellum mjög aðkallandi þjónusta við atvinnulífið og í þágu brýnna þarfa heilla byggðarlaga víðs vegar um land. Hæstv. forsrh. sagði að vísu áðan, að ekki væri „sýnt eða öruggt“, að þessi heimild yrði notuð, en sterkara kvað hann ekki að orði. Geta má nærri, að sterkara hefði verið að orðið kveðið, ef það hefði þótt fært skv. stjórnarstefnunni.

Á árum seinna stríðsins mun hafa verið einu sinni eða tvisvar heimilað að fresta slíkum framkvæmdum að 1/4 eða svo, ef nauðsyn krefði, vegna ástæðna af völdum heimsstyrjaldarinnar. Nú metur hæstv. ríkisstj. ástandið hjá sér þannig, að útlit sé fyrir, að fresta geti þurft öllum verklegum framkvæmdum ríkisins á þessu ári. Svo gífurlegt er hennar stríð og niðurstaða þess á 4 árum. Fyrr má nú rota en dauðrota. Ég tel fráleitt, að Alþ. veiti þessa heimild. Verði þörf á að fresta framkvæmdum, á Alþ. sjálft að taka um það ákvörðun. Það á alls ekki að afsala um þetta valdi sínu til hæstv. ríkisstj.

En þrátt fyrir það, þótt ég sé varla eins svartsýnn og ríkisstj. er eftir 6. gr. þessa frv. að dæma, þá er ég sammála því, sem hæstv. forsrh. sagði í hv. Nd., þegar hann mælti fyrir frv. Hann sagði: „Haldgóð úrræði fást ekki, nema um þau náist víðtækt samkomulag.“ Þetta eru hans orð: „Haldgóð úrræði fást ekki, nema um þau náist víðtækt samkomulag.“ Ég tel þetta mjög skynsamlega mælt. Því miður hefur hæstv. ríkisstj. ekki ástundað það á valdatíma sínum að ná víðtæku samstarfi. Ef hún hefði gert það, mundi betur hafa til tekizt. Þegar hún 1960 var að fara af stað með efnahagsmálabrölt sitt, fluttum við framsóknarmenn till. um, að skipuð yrði 8 manna nefnd, 2 frá hverjum þingflokki, til að leita víðtæks samkomulags um efnahagsaðgerðir. Hinir sjálfumglöðu menn á morgni stjórnarstarfsins felldu þá till. hiklaust. Þeir töldu sinn nauma meiri hluta víst nógu víðtækan. Við framsóknarmenn flytjum enn við umr. þessa neyðarúrræðafrv. hæstv. ríkisstj. sams konar till. og 1960. Við teljum okkur það skylt, ekki hæstv. ríkisstj. vegna, heldur þjóðarinnar vegna, því að við þykjumst þess fullvissir, að það sé rétt, sem hæstv. forsrh. sagði: Haldgóð úrræði fást ekki, nema um þau náist víðtækt samstarf. Þó að hæstv. forsrh. segði þetta ekki í framsöguræðu sinni áðan, sagði hann þetta í hv. Nd., og ég trúi því ekki, að honum hafi snúizt hugur á þeirri stund, sem síðan er liðin.

Nú eru hv. stjórnarflokkar reynslunni ríkari en þeir voru 1960. Nú er ekki bjart, heldur myrkt fyrir sjónum þeirra, eins og frv. ber með sér og mörg orð, sem þeir hafa látið falla. Meiri hl. þeirra er ekki síður naumur en 1960 og fenginn í kosningunum s. l. sumar út á rangar skýrslur um efnahagsástandið. Nú ættu þeir að samþykkja till. okkar um hið víðtæka samstarf við að leita úrræða í efnahagsmálavandanum. Stjórnarflokkarnir í hv. Nd. felldu till. að vísu í gær, en til þess er Alþ. í tveim deildum, að málin séu gerr athuguð og metin.

Björn Jónsson: Herra forseti. Sjálfsagt er því ekki að neita, að þetta frv. feli í sér tilraun af hálfu hæstv. ríkisstj. til að leysa til algerra bráðabirgða aðsteðjandi vanda, sem hún kemst ekki hjá að glíma við og finna nokkra lausn á. Það fer að vísu ekki hjá því, að ef þeirri bráðabirgðalausn vandans, sem hæstv. ríkisstj. leggur til, verður fylgt í öllum atriðum, þá hljóta afleiðingar þess að eiga eftir að reynast uppspretta enn nýrra vandamála, og kem ég að því nánar síðar. Hitt er sjálfsagt að meta og virða að maklegu, að nú kemur hæstv. ríkisstj. viðreisnarinnar í fyrsta skipti fram fyrir þing og þjóð með þá viðurkenningu á vörum, að hún hafi ekki í fórum sér annað en bráðabirgðaúrræði, og ekki verða ummæli hæstv. forsrh., sem hann mælti í nýbyrjaðri ræðu sinni, þegar hann fylgdi máli þessu úr hlaði í hv. Nd., og prentuð eru í Morgunblaðinu s. l. laugardag, skilin öðruvísi en svo, að ríkisstj. skorti nú öðru fremur svigrúm til þess að íhuga allan vanda efnahagsmála okkar frá rótum og leita um lausn hans haldgóðra úrræða, sem þó því aðeins fáist að hans dómi, að víðtækt samkomulag náist milli höfuðatvinnustéttanna og ríkisvaldsins.

Það verður vissulega að segja, að hér kveður við nokkuð annan tón en í ársbyrjun 1960, við upphaf viðreisnarinnar, þegar þjóðinni var heitið því, að komið skyldi á traustum og heilbrigðum grundvelli fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og nú skyldi ekki farið að sem áður hefði tíðkazt, að búa þyrfti við efnahagsráðstafanir, sem ekki stæðust nema stuttan tíma í senn. Nú væri megintilgangurinn með hinum nýju ráðstöfunum og þeirri stefnubreytingu, sem lögð væri til, að skapa atvinnulífinu traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll en áður, og lengur mætti það ekki eiga sér stað, að árlegar breytingar yrðu á aðstöðu atvinnuveganna. Eitt helzta ráðið til að koma þessari nýju og heilbrigðu skipun á var svo að afnema bótakerfið, sem við höfðum búið við í ýmsum myndum í tæpan áratug, og tryggja með stórfelldri gengisfellingu, að útflutningsframleiðslan yrði rekin án bóta og styrkja.

Enn var svo öllu þessu heilbrigða, ágæta kerfi til enn frekari tryggingar afnumið vísitölukerfið, og átti þannig að hindra, að sjálft höfuðvandamálið, sem talið var hjá okkur, kapphlaupið milli launa og verðlags, riði okkur til falls að nýju. Og enn var hert á fullyrðingunum, m. a. í þeirri frægu hvítbók ríkisstj., Viðreisn, og sagt: Nú mun nýtt viðhorf skapast, útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkuðum útflutningsbótum. Þá er það ætlun ríkisstj. að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana. — Svo mörg eru þau orð og þó miklu fleiri, þó að ég fari ekki að rekja þau frekar hér. En því skal aðeins bætt við, sem menn þó sjálfsagt muna jafnvel og það, sem hér hefur verið tilfært, að gjaldið, sem launastéttirnar áttu að greiða fyrir að fá þessa nýju skipun mála í gott horf og í kjölfar hennar síðan síbætt lífskjör, átti að vera það, að lífskjör launafólks, eins og vísitala framfærslukostnaðar mælir þau, áttu að skerðast um tæp 3%. En þetta átti þó ekki að standa til langrar frambúðar, heldur átti aðeins að þurfa svolítillar biðlundar við, e. t. v. ekki nema í nokkra mánuði, í allra hæsta lagi eins árs bið, þá færu menn að njóta ávaxta fórna sinna.

Ég ætla ekki að þessu sinni að rekja þá sögu ýtarlega, hvernig tekizt hefur til í þeim meginatriðum, sem ég hér hef aðeins minnt á, enda blasa staðreyndirnar við, hver annarri augljósari, og er nú orðið þarflaust með öllu um það að deila, hversu viðreisnarstefnan hefur reynzt, hvern vanda hún hefur leyst af þeim, sem fullyrt var að hún mundi ráða bót á. Drættir þeirrar myndar, sem sýna ætti traustleika þess grundvallar, sem atvinnulífið hvílir á, verða næsta skýrir, þegar það skeður, að þrem dögum eftir að hæstv. ríkisstj. lagði þetta frv. fram hér á hv. Alþingi sem eins konar bráðabirgðabót á slitið fat viðreisnar sinnar, neyðist hún til að skella annarri bótinni ofan á hina fyrri, svo að allt fatið gliðni ekki í sundur. Það ber auðvitað ekki að lasta, að hæstv. ríkisstj. opnar augun í hálfa gátt og viðurkennir, að fiskverðið, sem svokallaður yfirdómur ákvað með einu atkv., væri of lágt, til þess að útgerð héldist og sjómenn yfirgæfu ekki bátana. En hitt hljóta menn að undrast, að hæstv. ríkisstj., sem frá upphafi hefur talið það, a. m. k. í orði, sitt meginverkefni að skapa útflutningsatvinnuvegunum örugg starfsskilyrði, skyldi vera svo fákunnandi um hina raunverulegu stöðu þeirra, að hún hefur ekki virzt gá svo mikið sem til veðurs, fyrr en sjómennirnir voru unnvörpum teknir að flýja af skipunum og alger stöðvun þorskveiðiflotans blasti við. Og það er að vísu svo, að enn er óséð, hvort sú bót, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú sett á þetta fat, dugir til þess, að vertíð gangi truflunarlaust. Bendir fremur margt til þess, að svo verði ekki, heldur muni verulegur hluti bátaflotans liggja á þorskvertíðinni, og væri fróðlegt að fá t. d. réttar upplýsingar um það nú, hvernig ástandið er í þeim efnum, t. d. úr stórum verstöðvum eins og Vestmannaeyjum, hve mikið af bátaflotanum er raunverulega gangandi og hve mikið liggur í höfn. Og það er líka augljóst, að óeðlilega stór hluti flotans mun fremur hætta á síldveiðar í gúanó, meðan þær gefa einhverja raun eða einhverjar vonir til þess, enda er þar um að ræða atvinnugrein, sem hæstv. ríkisstj. hefur öðrum atvinnugreinum fremur dálæti á og hefur sífellt eytt meira og meira fjármagni þjóðarinnar til þeirrar atvinnugreinar, bæði í verksmiðjuframkvæmdir og til skipa, sem sérstaklega eru byggð til veiða í slíka frumstæða og tiltölulega verðlitla vinnslu.

Myndin af eindunum á öðru meginloforði viðreisnarflokkanna frá 1960, því að afnema bótakerfið og láta útflutningsatvinnuvegina ganga án allra bóta og styrkja, ætti líka að liggja sæmilega skýr fyrir nú eftir framlagningu þessa frv., því að ekki er nú lengur dregin nein dul yfir nýtt uppbótakerfi, sem í engu tekur hinu fyrra fram hvað ókostina snertir, en virðist einnig á góðum vegi með að slá það fyrra út líka að því er til umfangsins kemur, ef það hefur ekki þegar gert það. Hæstv. ríkisstj. afnam að vísu hið svonefnda vísitölukerfi, sem hún taldi frumorsök verðbólgunnar og flestra þeirra efnahagslegu meina, sem af henni leiddi. En reynslan af þeim aðgerðum hefur einnig orðið allt önnur og lakari en látið var í veðri vaka að hún yrði, því að hvorki hefur sú ráðabreytni hindrað öra og sívaxandi verðbólguþróun né tryggt öryggi atvinnuveganna og enn síður þau batnandi lífskjör vinnustéttanna, sem átti að verða afleiðing allra hinna aðgerðanna, sem stjórnarflokkunum hefur tekizt að láta fara út um þúfur, heldur hefur sú aðgerð aukið á alla erfiðleika, jafnt launafólks sem helztu greina atvinnulífsins, enda mun nú svo komið, að þeir sérfræðingar, sem í upphafi hvöttu ákafast til þessara aðgerða gegn launastéttunum, viðurkenni nú mistök sín og haldleysi þessara aðgerða, a. m. k. að því marki, að litlu skipti, hvort launafólk hafi verðtryggingu á launum eða ekki, því að reynslan sanni, að í síðara tilvikinu sé ávallt um að ræða þá reynslu, að hækkað verðlag nauðþurfta brjótist fyrr eða seinna fram í hækkuðu kaupgjaldi. Hér er því í raun um það tvennt að ræða, að launastéttirnar fái sínar verðlagsbætur til samræmis við verðlag með friðsamlegum hætti eftir umsömdum reglum eða sífelldar deilur og barátta í kjaradeilum hafni að lokum í svipaðri niðurstöðu.

Þannig verður naumast lengur um það deilt, að fyrirheit núv. stjórnarflokka frá 1960 hafa farið út um þúfur hvert af öðru, og smám saman hefur það leitt til þess ástands, sem núv. hæstv. forsrh. hefur lýst svo, að til hreinna vandræða horfi og leiða hljóti til stöðvunar útflutningsatvinnuveganna, ef ekki komi til gagnráðstafanir, í fyrstu til algerra bráðabirgða og síðan til meiri frambúðar. Um hitt er deilt, hverju og hverjum sé um að kenna. Hjá slíkum deilum verður heldur naumast

komizt með öllu. Þótt það eitt fyrir sig stoði lítið, þá er það þó að einhverju leyti a. m. k. óhjákvæmilegt, vegna þess að haldgóð úrræði fást tæplega, nema reynt sé að grafa fyrir rætur vandans.

Af hálfu stjórnarliðsins, ekki sízt í blöðum þess, en einnig að nokkru í öllum málflutningi þess hér á hv. Alþ., og örlaði m. a. á því nú áðan í framsöguræðu hæstv. forsrh., þá er því haldið fram, að vandi efnahagsmála okkar og atvinnuvega þjóðarinnar eigi að skrifast á reikning verkalýðssamtakanna. Hann sé því að kenna, að þau hafi hrifsað of mikið til skjólstæðinga sinna í kaupgjaldsbaráttunni á síðustu árum, og það vandamál, sem hér er sérstaklega um rætt, er svo beinlínis kennt lægst launuðu stétt þjóðfélagsins, verkamönnunum, og urðu ummæli hæstv. forsrh. nú áðan varla skilin á annan veg, þegar hann sagði, að einmitt þessar ráðstafanir væru nauðsynlegar vegna kauphækkananna, sem hefðu orðið í desembermánuði s. l.

Ég hef hér fyrir mér útreikninga frá Efnahagsstofnuninni, útreikninga, sem e. t. v. eru ekki óvefengjanlegir fremur en flestir aðrir reikningar, sem byggðir eru á hinum ófullkomnu tölulegu upplýsingum í okkar landi, en varpa þó áreiðanlega nokkru ljósi á það, hvort hlutur t. d. verkamanna, sem nú eru sérstaklega hafðir fyrir sök um allan vanda, hefur batnað um skör fram á viðreisnarárunum. En þær tölur, sem ég hér nefni úr þessum útreikningum, eru í fyrsta lagi árleg aukning hreinna þjóðartekna á mann árin 1960, 1961 og 1962, og hins vegar árleg breyting atvinnutekna verkamanna í Reykjavík sömu ár, og í þriðja lagi breytingar á kaupmætti almenns verkamanns í Reykjavík einnig þessi sömu ár. En þessar tölur sýna okkur eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að árið 1960 minnkuðu hreinar þjóðartekjur á mann frá fyrra ári um 0.9%, en á sama tíma minnkuðu atvinnutekjur reykvíska verkamanna ekki um 0.9%, heldur um 7%, og kaupmáttur almenns verkamannakaups rýrnaði ekki um 0.9%, heldur um 9%, eða tíu sinnum meira. En þessir reikningar sýna einnig í öðru lagi, að á næsta ári, árið 1961, uxu hreinar þjóðartekjur frá fyrra ári á mann um 5.1%, en það ár minnkuðu atvinnutekjur reykvíska verkamanna, sem árið áður höfðu minnkað um 7%, enn þá um 10% og kaupmáttur tímakaups þeirra rýrnaði um 5.4%. Þriðja viðreisnarárið, 1962, uxu þjóðartekjurnar um 1.6%, og það ár rétta atvinnutekjurnar nokkuð við, atvinnutekjur verkamanna, eða rösklega um 10%, en það gerist einvörðungu eða a. m. k. svo til einvörðungu fyrir aukið vinnuálag og lengri vinnutíma, sem auðsætt er á því, að á sama tíma stendur kaupmáttur tímakaups algerlega óbreyttur, og það getur þess vegna ekki verið um neina aðra ástæðu að ræða en aukið vinnuálag. Það er svo alveg víst, að fjórða viðreisnarárið, sem nú er nýliðið, hefur þróunin ekki verið miklu hagstæðari en á þessum árum, því að þótt ekki liggi fyrir sömu tölulegar upplýsingar um það, þá var svo komið í desembermánuði á s. l. ári, að kaupmáttur almenns verkamannakaups var kominn niður í 80 stig, miðað við 100 1945, eða það langlægsta, sem orðið hefur frá styrjaldarlokum, og töluvert lægra en hann hafði áður komizt á tímabili viðreisnarstjórnarinnar. Og á því ári var einnig um að ræða stórfellda dýrtíðaraukningu.

Ég nefni þessar tölulegu staðreyndir einkum vegna þess, að því er sérstaklega haldið á lofti af talsmönnum hæstv. ríkisstj., að eðlilegt sé, að launamenn fái laun sín bætt í hlutfalli við auknar þjóðartekjur. Ég tel að vísu, að þetta sé engan veginn einhlítur mælikvarði, en hann má þó a. m. k. prófast, og vissulega ber að taka nokkurt tillit til þess, hvernig sú þróun mála er. En ef við athugum þessar tölur ofur lítið betur, en notum þessa formúlu á þróunina í þessi þrjú umgetnu viðreisnarár með því að útfæra þær stærðir, sem ég áðan nefndi, ofur lítið öðruvísi, þá kemur í ljós, að á þessum þremur árum hafa hreinar þjóðartekjur vaxið um 10.4%. Og þá vaknar sú spurning, ef réttmætt væri, að t. d. atvinnutekjurnar — að við tölum nú ekki um kaupmáttinn — hefðu átt að vaxa um sama, þá hefðu í samræmi við þetta atvinnutekjurnar átt að standa í 121 stigi, miðað við 100 1948, í árslok 1962. En skyldu þær hafa staðið í því? Nei, þær stóðu í 102.9, eða tæpum 103 stigum, og þar skorti því rösk 18 stig á, að sjálfar atvinnutekjurnar ykjust að sama skapi í þessi 3 ár eins og aukning þjóðarteknanna hafði orðið. Með sömu reglu, þ. e. a. s. aukningu eftir vexti hreinna þjóðartekna í þessi 3 ár, hefði kaupmáttur almenns tímakaups verkamanna átt að standa í 112 stigum á sama tíma í árslok 1962, en kaupmátturinn stóð þá raunar ekki í 112 stigum, miðað við 100 1948, heldur var hann kominn niður í 86.6 stig. Það skorti þess vegna 25 stig á, að fullnægt væri reglunni um launabætur, þ. e. a. s. raunverulegar launabætur auðvitað, í samræmi við vöxt þjóðartekna.

Hliðstæður samanburður, gerður á milli áranna 1958 og 1962, sýnir að vísu ekki alveg sömu hryggðarmynd af breytingunni vegna þess, hve árið 1959 kom vel út á margan hátt, en sé sömu viðmiðunarreglu beitt milli þessara ára, verður vöxtur þjóðarteknanna 10.2%, hreinna þjóðartekna á mann, en vöxtur atvinnutekna verkamanna í Reykjavík verður á þessu tímabili ekki 10.2%, eins og hann hefði átt að vera, heldur 3.8%. En við það er þó það að athuga, að sá vöxtur byggist enn allur á meira vinnuálagi, því að á þessu tímabili hrapaði kaupmáttur tímakaupsins niður um rösk 12%.

Það skal tekið fram, að hér er ekki, eins og t. d. í þeim tölum, sem hæstv. forsrh. fór með í umr. í hv. Nd. og prentaðar eru í Morgunblaðinu og ég hef lesið þar, reiknað með skattabreytingunum og fjölskyldubótunum sem hagsbótum í þessu sambandi, enda mun það vera almennt viðurkennt af flestum, ef ekki öllum, sem eitthvert skyn bera á meðferð slíkra talna, að það sé mjög hæpið, að ekki sé meira

sagt, að reikna t. d. með skattabreytingum og öðru slíku, vegna þess, hve viðmiðunin er hæpin í þeim efnum og hve þau mál taka örum breytingum. En þó svo að heildarmyndin, sem fengist með því að taka þær breytingar inn í og reikna til hagsbóta, væri viðurkennd, þá væri a. m. k. jafnsjálfsagt, ef ekki miklu sjálfsagðara, að taka með í reikninginn þær stórfelldu kjaraskerðingar, sem verkamenn og aðrir launþegar hafa orðið fyrir og ekki eru mældar í neinum útreikningum, og hygg ég ekki hallað á neinn, þótt það sé látið mætast. En þar á ég alveg sérstaklega við hækkun húsaleigukostnaðar, sem kemur að sama og engu leyti inn í vísitöluna, og raunar byggingarkostnaðar og einnig aðrar lítt mældar útgjaldaaukningar á fleiri sviðum, svo að eitthvað sé nefnt, t. d. hitunarkostnaður. Það er því meira en öruggt, fullyrði ég, að sú mynd, sem ég hér hef dregið upp af því, hvernig kjör verkamanna, þeirra sem nú er kennt um vandann, sem fyrir hendi er, hafa versnað á þremur fyrstu viðreisnarárunum, — það er því meira en öruggt, að sú mynd, sem ég hef dregið upp af því, er fremur of björt en of dökk.

Auðvitað er það svo og hlýtur alltaf að verða, að það, sem verkalýðssamtökin fyrst og fremst sækjast eftir í kjarabaráttu sinni, er ekki aukin krónutala launa, heldur aukið verðgildi launanna, aukið verðgildi miðað við vinnuframlag eða vinnu fyrir ákveðna tímaeiningu. Þegar þau því gera kjarasamninga, er þeim fyrir öllu, að vitað sé um það, hvað raunverulega er verið að semja um. Grundvallarskilyrðið til þess er svo auðvitað aftur það, að annað tveggja sé tryggt, að verðlag lífsnauðsynja eða lífsþurfta breytist lítið eða ekki, eða þá, að samið sé um verðtryggingu kaupsins fyrir tiltekna tímaeiningu eða tiltekið vinnuframlag. Og auðvitað ætti slík verðtrygging ekki að saka, þótt verðlag væri tiltölulega stöðugt. Það hefur áreiðanlega verið ein af höfuðsyndum núv. hæstv. ríkisstj. að meina verkalýðssamtökum og atvinnurekendum nú í 4 ár að semja um raunveruleg laun. En í skjóli þess banns, sem lagt var við slíku við upphaf viðreisnarinnar, hefur hún talið sig geta sleitulaust framkvæmt árlegar aðgerðir, sem hafa hækkað verðlag stórkostlega og því hraðar sem valdaskeiðið hefur orðið lengra. Tvennar gengisfellingar, margfaldaðir verðhækkunarskattar, jafnvel hundruð millj. kr. umfram þarfir ríkissjóðs, eða öðru nafni söluskattur og tollar, hafa ýtt verðbólguskriðunni á undan sér, að því ógleymdu, að verkalýðssamtökunum hefur verið gerður sá kostur einn og nauðugur að berjast fyrir hækkuðu kaupi að krónutölu án nokkurra trygginga fyrir því, hverju gildi þær krónutölur héldu eða hve lengi.

Verkin sýna líka merkin. 80% hækkun á matvöru á 4 árum og fast að 70% meðaltalshækkun á neyzluvörum er þegar orðin staðreynd. Aðeins á s. l. ári hækkaði vísitala neyzluverðlags, frá jan. 1963 til jan. nú í ár, um 23 stig eða um tæp 16%. Og í árslokin síðustu, áður en kjarasamningar voru gerðir um 20. des., var vísitalan, eins og ég sagði áðan, vísitala kaupmáttar verkamannakaups, komin niður í 80 stig, miðað við 100 1945, eða miklu lengra niður en nokkru sinni áður á öllu tímabilinu frá stríðslokum.

Í sambandi við þetta og í sambandi við það, að það er mjög vefengt, að vísitala kaupmáttar almenns Dagsbrúnarkaups sé nokkur mælikvarði á kaupmátt tímalauna yfirleitt, vil ég aðeins benda á það, að kaup í almennri vinnu hefur yfirleitt hækkað meira en sértaxtar hjá verkamannafélögunum, þannig að ef viðmiðunin væri gerð við aðra taxta, yrði þarna miklu óhagstæðari útkoma. Að vísu hafa nokkrar tilfærslur átt sér stað milli kauptaxta, en þær eru áreiðanlega ekki meiri yfir heildina en sem munar því, að hærri taxtarnir hafa hækkað hlutfallslega minna á síðustu árum.

Í sambandi við þetta er svo eðlilegt, að menn spyrji um, hvað sé nú fram undan, eins og nú er komið málum í þróun verðlagsmálanna. Það skiptir kannske mestu máli, eins og nú er komið. En það var a. m. k. ekki séð um miðjan desember, þegar samningar stóðu þá yfir, að mikil birta væri þá í hugum ríkisstjórnarmanna um það, að stöðvun verðlagshækkana væri í aðsigi. Og ég vil í því sambandi taka það fram, að ég mun ekki halda því fram, að með hækkun söluskattsins sé nú komið að nokkru leyti aftan að verkalýðssamtökunum, því að það er rétt, sem hæstv. forsrh. skýrði frá í þeim efnum, þó að undarlega vilji til, að okkur var tilkynnt það í samninganefndunum og gefnar um það upplýsingar, að það yrði að hækka söluskattinn a. m. k. upp í 5%, þó að kaup hækkaði ekki nema um 8%, og jafnvel að það yrði að hækka hann verulega, þótt engin kauphækkun yrði, því að það var reiknað með í þeim upplýsingum, sem við fengum, að það ætti að hækka söluskattinn í 5%, eða um 220 millj., má ég segja, og af því áttu 175 millj. að fara til tekjuþarfa ríkissjóðs, eins og þær voru, áður en nokkrar kauphækkanir gengu í gildi, en aðeins 45 millj. til lækkunar á útflutningsgjöldum, svo að ég sé ekki betur en það hafi þá verið bjargföst ákvörðun hæstv. ríkisstj. að hækka söluskattinn í 5%, þótt engar kauphækkanir yrðu. Að öðrum kosti fæ ég ekki hlutina heim og saman. Og það er svo auðvitað í nokkru samræmi við þann málflutning, sem síðar er fram haldið hér, að raunverulega þyrfti að hækka söluskattinn, þótt engin þörf sé fyrir hann vegna þeirra aðgerða, sem nú standa fyrir dyrum. Söluskattshækkunin var ákveðin, áður en til nokkurrar kauphækkunar kom.

En svo að ég víki aftur að því, sem var í huga hæstv. ríkisstj. í sambandi við verðlagsþróunina um þetta leyti, þ. e. a. s. um miðjan desember, er frá því að segja, sem ég tel ekkert launungarmál, að þá fengu samninganefndir þær upplýsingar frá þeim ríkisstofnunum, sem gerst mega um vita, að fram undan væru þá vísitöluhækkanir á framfærsluvísitölu upp á

hvorki meira né minna en 9—10 stig, miðað við óbreytt kaupgjald og óbreytt útsvar og tekjuskatt. En hins vegar var reiknað með, ef fallizt væri á þá lausn á kaupdeilunni, sem ríkisstj. hafði lagt til, þ. e. a. s. með 8% kauphækkun á dagvinnu og 4% kauphækkun til iðnaðarmanna og hærri taxta verkamanna, að af þeim kauphækkunum leiddi 2.6 stiga hækkun. En þá var líka, eins og ég sagði áðan, gert ráð fyrir, að söluskattur yrði hækkaður, að vísu nokkru minna eða hálfu prósenti minna en nú er ráð fyrir gert.

Miðað við það, sem síðan hefur gerzt, og þá reglu, sem miðað var við í öllum þessum útreikningum frá Efnahagsstofnuninni, sem okkur voru fengnir í hendur í samninganefndunum, þá reglu að hleypa öllum kauphækkunum eins og þær lögðu sig út í verðlagið, — og menn minnast nú kannske fyrirheitsins, sem gefið var í upphafi viðreisnarinnar, að það skyldi aldrei ske á hennar valdatíð, að atvinnurekendur fengju að velta neinu af því yfir í verðlagið, fyrir það yrði alveg tekið, — en miðað við þessa reglu, sem þarna var beitt og ríkisstj. virtist vera ákveðin í og hefur þess vegna ekki að því leyti komið á nokkurn hátt í bakið á verkalýðssamtökunum, þá verður þarna gert ráð fyrir því, að allt að 15 stiga hækkun á framfærsluvísitölunni og e. t. v. meiri sé á næstu grösum að óbreyttri stefnu hæstv. ríkisstj. í verðlagsmálum og skattamálum. Og gefur þá auga leið, að tekin verður aftur á skömmum tíma, e. t. v. ekki lengri tíma en 3—5 mánuðum, öll sú kauphækkun, sem um var samið í des. eða gekk þá í gildi.

Það er svo augljóst, að með þessu frv. er fetað dyggilega í dýrtíðarslóðina. Hér er gert ráð fyrir því að hækka hinn almenna söluskatt, einn allra verst ræmda skattinn og það af mörgum ástæðum, um hvorki meira né minna en 83%, eða 280—300 millj. kr. á ári, enda þótt það liggi fyrir, svo að varla verður um deilt, að unnt væri að mæta þeim útgjöldum, sem nú eru talin óhjákvæmileg vegna verðbólgustefnunnar á undanförnum árum, með öðrum hætti án nýrrar skatthækkunar, sem óhjákvæmilega leiðir í fyrsta lagi til mikillar beinnar, almennrar verðhækkunar og kemur síðar til með ásamt öðru fleira að ýta undir aðrar verðhækkanir óbeint og þar af leiðandi áframhaldandi verðbólguskrúfu. Það liggur fyrir, að beinn greiðsluafgangur tveggja síðustu ára er hjá ríkissjóði sjálfsagt yfir 300 millj. kr. og rekstrarafgangur raunar stórkostlega miklu meiri, en þetta eru í rauninni upphæðir, sem ofheimtar hafa verið af þjóðinni algerlega að ástæðulausu og hafa valdið algerlega óþörfum verðhækkunum.

Ég minnist þess í því sambandi, þegar ég lagði það til hér á síðasta hv. Alþingi, sem raunar voru till. beint frá verkalýðssamtökunum og mjög í samræmi við þær kröfur, sem þau hafa gert oft í þessum efnum, að lækkaðir yrðu söluskattar á nokkrum vörutegundum, sem hefði verið metið mjög mikils af almenningi, þá var því svarað til af formanni hv. fjhn., Ólafi Björnssyni, að það væri ekki fært, vegna þess að það væri teflt á tæpasta vað með fjármál ríkisins á s. l. ári. Þá var það ekki látið í veðri vaka, að það væri nauðsynlegt að hækka skatta bara vegna ofþenslunnar. Nei, það var talið, að það væru svo ógætilega áætluð fjárlög, að það væri ekki vogandi að minnka ríkistekjurnar um 90 millj. kr., en frv. mitt hefði verið nálægt því að kosta þá upphæð. En eftir á, þegar það sýnir sig, að það er stórkostlegur greiðsluafgangur, þá er þetta orðið sjálfsagt vegna þenslunnar í þjóðfélaginu. Hvernig er nú svona röksemdum komið heim og saman? Það er sagt nákvæmlega sama núna, að fjárlög séu ekki afgreidd þannig, að það sé vogandi að leggja neinar nýjar byrðar á. En langlíklegast þykir mér nú, að reynslan verði ekki ósvipuð og á s. l. ári, að um mjög mikla ofheimtu verði að ræða.

Það liggur líka fyrir, að það hefði mátt létta mikið byrðar sjávarútvegsins með vaxtalækkun, jafnt stofnlána sem afurðalána, og með hagkvæmari tryggingastarfsemi. En í þeim efnum hefur dregizt úr hömlu, eins og öllum er kunnugt, að bæta um skipulagið. Enda þótt því hafi verið lofað, m. a. af hæstv. núv. sjútvmrh. fyrir mörgum árum, að gera þar gagngera breytingu á, þá hefur ekkert orðið úr framkvæmdum. Og það er allra dómur, að tryggingastarfsemin sé bæði allt of dýr og þar að auki orðin heilt spillingarfen.

Það liggur líka fyrir, að sú skattheimta, sem hér er lagt til nærri því að tvöfalda án brýnnar nauðsynjar eða jafnvel án nokkurrar nauðsynjar, er þess eðlis, að hún kemur að allra dómi illa til skila í ríkiskassanum og ótalinn hluti hennar er talinn lenda hjá ýmsum í þeim ærið mislita hópi, sem trúað er fyrir innheimtu hans af almenningi. Það er að vísu öruggt, að almenningur fær að borga skattinn, en hitt er tvísýnna, hver rýrnun verður á honum á leiðinni í ríkiskassann. Með aukningu söluskattsins er svo enn stigið verulegt skref til dýrtíðaraukningar, eins og ég áður sagði, og einnig í þá átt, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa gengið með skattabyltingu sinni á undanförnum árum og hefur leitt til þess, að sennilega má nú leita víða um lönd, ef á að finna hliðstæðu við hið íslenzka skattakerfi, eins og það er nú orðið, og þá sérstaklega hvað hlutfallið snertir milli beinna og óbeinna skatta. Hér er aðeins um tíundi hlutinn af sköttum og tollum ríkisins tekinn með beinum sköttum, en allt að 90% með óbeinum sköttum. Til samanburðar er fróðlegt að athuga það, að t. d. í Noregi hafa um fjölda ára skattar til ríkisþarfa verið teknir nokkuð að jöfnu með beinum sköttum og óbeinum. Þannig voru t. d. óbeinir skattar árið 1962 í Noregi 5 milljarðar, en beinir skattar 4.9 milljarðar, og þannig hefur þetta verið um mörg ár. Það er því alveg öruggt, að ef skattapatent hæstv. ríkisstj. er fengið erlendis frá, er það ekki frá frændum vorum Norðmönnum. Þar í landi þykir það enn góð latína að nota

skattakerfið, a. m. k. að nokkru leyti, til auðjöfnunar og tekjujöfnunar, en hér er slík stefna fordæmd. Hér eru þeir skattar einir hafðir í hávegum, sem nefna mætti kauplækkunarskatta, vegna þess að þeim er stefnt beint að því marki að hækka verðlagið og skerða þannig launatekjur almennings. Þeirra tilgangur er fyrst og fremst að lækka hin raunverulegu laun, og vegna þess og af fleiri ástæðum koma þeir tiltölulega þyngst niður á hinum lægst launuðu, en skerða ekki á nokkurn hátt þann gróða, sem fyrir er í þjóðfélaginu og aðeins verður tekinn með beinum sköttum.

Ég verð að segja, að það er því vissulega ekki góð byrjun á framkvæmd þess ásetnings, sem hæstv. forsrh. hefur látið í ljós að byggi með stjórn hans, að leita skuli samráðs við verkalýðssamtökin, þá er það ekki góð byrjun á þeim ásetningi að tvöfalda söluskattinn án brýnnar eða jafnvel án nokkurrar nauðsynjar, og væri þess vissulega óskandi, að frekari framkvæmd á þeim ásetningi yrði með öðrum og betri hætti. Við Alþb.-menn álítum, að ekki verði nú komizt hjá nokkurri aðstoð ríkisins við sjávarútveginn og að í heild sé ekki um neina sérstaka ofrausn að ræða í þessu frv. hvað snertir þá aðstoð, sem þar er gert ráð fyrir. Það verður þó að segja, að einstök frumvarpsákvæði, önnur en ákvæðin um söluskattinn og um heimild til hallærisráðstafana í sambandi við þegar lögfestar framkvæmdir ríkisins, eru þó langt frá því hafin yfir gagnrýni, þó að ég ræði þau ekki frekar að sinni. En tekjuöflunarleið frv. og hallærisheimildinni erum við algerlega andvígir og teljum hvort tveggja — og þó alveg sérstaklega tekjuöflunarleiðina — hreina fásinnu, til þess eins fallna að auka á allan vanda og ýta okkur enn lengra á óheillabraut dýrtíðar og verðbólgu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 217, n. 220 og 222, 221).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 221. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið á þskj. 220 og 222, bera með sér, hefur fjhn. ekki náð algerri samstöðu um það mál, sem hér liggur fyrir, þannig að tveir hv. nm., þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Sunnl., hafa skilað séráliti á þskj. 222 og brtt. á þskj. 221. Við þrír, sem að meirihlutaálitinu stöndum, leggjum hins vegar til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og álit okkar á þskj. 220 ber með sér.

Að mínu áliti er það óþarfi að rekja efni þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr., þar sem hv. þdm. er það þegar kunnugt, bæði af þskj. og svo af ýtarlegri grg. hæstv. forsrh. fyrir efni frv. við 1. umr. þessa máls. Það er ekki heldur mér vitanlega ágreiningur um það hér á hv. Alþingi, að nauðsyn sé ráðstafana til hjálpar útflutningsframleiðslunni, en það er, sem kunnugt er, aðalefni þessa frv., og frá stjórnarandstöðunni liggur jafnvel fyrir till. um viðtækari aðstoð en þá, sem í þessu frv. felst. En það, sem ágreiningur er hins vegar um, eru í fyrsta lagi leiðir til fjáröflunar vegna þeirrar aðstoðar, sem veitt er, og í öðru lagi eru mjög skiptar skoðanir um orsakir þess vanda, sem nú er við að etja, svo og það, hverja ályktun beri að draga af því, sem við blasir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég ætla þá fyrst að víkja að hinu fyrrnefnda þessara atriða, ágreiningnum um fjáröflunarleiðir.

Hv. stjórnarandstæðingar halda því fram, að það sé ekki þörf neinnar tekjuöflunar til að standa straum af kostnaðinum við aðstoðina til útvegsins. Þeir benda á það, að ráðstafa megi tekjuafgangi fyrri árs í þessu skyni. Hækkun söluskattsins auki dýrtíðina, segja þeir, og það gæti svo orðið til þess að ýta undir nýjar kaupkröfur.

Nú fer auðvitað ekki hjá því, að hækkun söluskattsins leiði til vísitöluhækkunar, og vera má einnig, að ýmsir í hópi launþega hafi ekki skilning á nauðsyn þess að standa straum af auknum útgjöldum og krefjist því hærra kaups, m. a. á þeim grundvelli. En það vandamál, sem hér er um að ræða og ég skal ekki bera brigður á að sé fyrir hendi, mundi að mínu áliti síður en svo leyst með því að ráðstafa fé úr jöfnunarsjóði, sem sá hluti tekjuafgangs ársins 1962, sem ekki hefur verið ráðstafað með öðru móti, hefur verið lagður í. Það mundi síður en svo verða lausn á þessu vandamáli, þó að fjárins væri aflað á þann hátt, því að að mínu áliti eru engar líkur á því, að sú dýrtíðaraukning, sem af því leiddi, yrði minni en sú, sem leiðir af hækkun söluskattsins, þó að dýrtíðaraukningin af halla á fjárlögum mundi að vísu sennilega ekki koma jafnfljótt fram og þær verðhækkanir, sem verða af hækkun söluskattsins. Og hvað sem öðru líður, held ég, að það sé ekki álitamál, að launþegar muni ekki spyrja að því, hvort sú dýrtíðaraukning, sem hefur átt sér stað, stafi frá söluskatti eða hallarekstri á ríkisbúskapnum. Ég lít svo á, að þetta úrræði hv. stjórnarandstæðinga, ef úrræði skyldi kalla, sé óraunhæf lausn með öllu.

Engu skynsamlegri er að mínu áliti till. hv. stjórnarandstæðinga um það, að útflutningsframleiðslunni eigi að hjálpa með lækkun vaxta. Sú vaxtalækkun, sem um gæti verið að ræða, mundi hafa lítil áhrif til beinnar lækkunar á framleiðslukostnaði útflutningsframleiðslunnar, vegna þess að vextir af rekstrarlánum eru óverulegur kostnaðarliður. Og væri einnig, sem auðvitað ber að gera í þessu sam-

bandi, tekið tillit til óbeinna áhrifa vaxtalækkunarinnar, sem mundu óhjákvæmilega verða aukin dýrtíð, þá tel ég engar líkur á því, að útflutningsframleiðslan yrði betur sett en áður, þó að sú leið yrði farin, heldur miklu fremur hið gagnstæða. Í rauninni finnst mér það furðulegt, að hv. stjórnarandstæðingar, sem annað veifið kvarta með miklum fjálgleik um ónóg framboð á lánsfé, skuli jafnframt bera fram till. um vaxtalækkun, sem óhjákvæmilega mundi leiða til minna framboðs á lánsfé. Ekki eru líkur á því, að fólk verði fúsara á að spara, ef bæta á lækkun innlánsvaxta ofan á þá skattlagningu sparifjárins, sem hið hækkandi verðlag hefur í för með sér. En jafnframt því, að vaxtalækkun hlyti þannig að hafa óhagstæð áhrif á framboðið af lánsfé, fer ekki hjá því, að eftirspurnin eftir lánsfé mundi aukast, ef vextir lækkuðu. Og ég sé, að í nál. hv. minni hl. fjhn. er einmitt kvartað um það og með réttu út af fyrir sig, að eftirspurnin eftir lánsfé sé miklu meiri en hægt sé að fullnægja. Áhrif vaxtalækkunarinnar, sem samkv. skoðunum hv. stjórnarandstæðinga á að vera snjallræði í þessu máli, hlytu því óhjákvæmilega að þýða bæði, að minna lánsfé væri til ráðstöfunar, en eftirspurn eftir því yrði meiri, þannig að lánsfjárskorturinn og lánsfjárkreppan hlyti að verða tilfinnanlegri en áður. Þarna er ekki um að ræða lausn á neinum vanda, heldur þvert á móti hlyti vandinn að aukast, ef þessi leið væri farin. Og ég vil leyfa mér að minna hv. framsóknarmenn, sem einna mest hafa barizt fyrir vaxtalækkuninni, á það, að þeir höfðu ábyggilega talsvert aðrar skoðanir á þessu máli fyrir ekki mörgum árum, þegar þeir voru í ríkisstj., heldur en þeir virðast hafa nú. Mér koma í hug í þessu sambandi þau furðulegu ummæli, er höfð voru eftir einum hv. forustumanni framsóknarmanna nú á dögunum, er hann talaði um það, að kaupgjaldið í landinu hlyti ávallt að laga sig eftir vaxtafætinum, þannig að það hækkaði, þegar vaxtafóturinn hækkaði, og svo öfugt. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minna á afstöðu hv. framsóknarmanna til vaxtamálanna, þegar þeir voru í ríkisstj.

Á nýsköpunarárunum var, eins og kunnugt er, rekin sú stefna að halda vöxtum mjög lágum, og ég skal fúslega viðurkenna, að það hefur alltaf verið mín skoðun, þó að ég væri í hópi stuðningsmanna þeirrar ríkisstj., að sú stefna í vaxtamálum, sem þá var rekin, hafi verið óraunhæf, enda var strax gerð breyting í þessum efnum, þegar hv. Framsfl. kom inn í ríkisstj. árið 1947. Þó leið ekki á löngu, áður en sú ríkisstj. beitti sér fyrir hækkun vaxta að nýju, þannig að enn voru vextirnir hækkaðir árið 1952, en þá sátu hv. framsóknarmenn, eins og kunnugt er, í ríkisstj. með Sjálfstfl., þannig að sú vaxtahækkun, sem átti sér stað á þessu tímabili, var hlutfallslega áreiðanlega meiri en sú vaxtahækkun, sem átt hefur sér stað í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Mér þykir með miklum ólíkindum, að hv. framsóknarmenn hafi þá verið þeirrar skoðunar, að vaxtahækkunin mundi auka dýrtíðina, ýta undir kaupkröfur o. s. frv. Það var áreiðanlega ekki þeirra skoðun, enda hefði það komið algerlega í bága við viðurkennd efnahagslögmál, þó að nú hafi blaðinu verið snúið við og vaxtahækkun gagnrýnd á þeim grundvelli, að hún leiði til hækkunar á verðlagi.

Ég fjölyrði svo ekki meira um þetta, en niðurstaðan af því, sem ég hef sagt, getur ekki orðið nema ein eða sú, að að því leyti sem hv. stjórnarandstaða sýnir viðleitni til að benda á aðrar leiðir í þessum efnum en þær, sem frv. gerir ráð fyrir, þá er það óraunhæft með öllu.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að ágreiningur væri um það, hverjar orsakir lægju til þess vanda, sem útflutningsframleiðslan nú er stödd í. Það má auðvitað oft lengi deila um það og ekki sízt í efnahagsmálum, hvað sé orsök og hvað afleiðing. Slíkar deilur eru oft ófrjóar, og skal ég ekki vera margorður um það efni. En hvað sem því líður, er það þó óvefengjanleg staðreynd, að almennt kaupgjald hefur á síðasta ári hækkað um 30% og jafnvel meira. Hvað sem líður skoðunum manna á því, hvort þessar kauphækkanir hafi verið réttmætar eða eðlilegar, er óhjákvæmilegt, að slík stökkbreyting kaupgjalds upp á við valdi mikilli röskun í atvinnulífinu. Það er óhugsandi, að þjóðartekjurnar geti undir nokkrum kringumstæðum vaxið á einu ári sem þessu nemur eða nokkuð í áttina við það, og ekki virðist vera ágreiningur um það atriði út af fyrir sig. Þetta kom að mínu áliti m. a. fram í umr. í Sþ. fyrir áramótin um till., sem nokkrir hv. framsóknarmenn hafa borið fram um að gera ráð fyrir meiri aukningu þjóðarteknanna en framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstjórnar gerir ráð fyrir. Ég held, að það sé rétt með farið hjá mér, að hv. 6. þm. Sunnl., sem sæti á í þessari hv. d., nefndi það í þeim umr., að í stað þess að gera ráð fyrir 4% aukningu þjóðarteknanna, eins og gert er ráð fyrir í framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj., þá væri eðlilegra að reikna með 6%. Og ef slíkar áætlanir eiga að vera raunhæfar, er ég hv. þm. vissulega sammála um, að það væri út í bláinn að nefna hærri tölur. Það gera sér allir ljóst, að aukning þjóðarteknanna getur aldrei nálgazt 30%, og jafnvel þó að sú tala væri lækkuð með tilliti til þess, að allur framleiðslukostnaður þarf auðvitað ekki að hækka til samræmis við kaupgjaldið, þá er það ljóst, að framleiðsluaukning getur ekki undir neinum kringumstæðum staðið undir svo miklum kauphækkunum á skömmum tíma.

Þessi hækkun hlýtur því óhjákvæmilega að valda mikilli röskun í efnahagskerfinu, og vitanlega bitnar þetta fyrst á útflutningsframleiðslunni, því að hún á þess ekki kost að fá samsvarandi hækkun á afurðaverði, á sama hátt og framleiðslan fyrir innlendan markað hefur e. t. v. möguleika á því að fá verðhækkanir til samræmis við þær hækkanir, sem orðið

hafa á framleiðslukostnaði. Hér endurtekur sig gamla sagan, að skila verður framleiðslunni aftur í einhverri mynd því, sem hún hefur verið ofkrafin um, ef hún á ekki að stöðvast.

Þá kem ég að því að gefnu tilefni m. a. í ræðum þeim, er fluttar voru í gær við 1. umr. málsins af hv. stjórnarandstæðingum, að ræða nokkuð ástand og horfur í efnahagsmálum, eins og það kemur mér fyrir sjónir, þó að ekki verði unnt að gera því umfangsmikla efni nema lítilfjörleg skil við þetta tækifæri.

Hv. stjórnarandstaða hefur haldið því fram, að með því að gera þær ráðstafanir, sem í þessu frv. felast, viðurkenni hæstv. ríkisstj. í rauninni gjaldþrot þeirrar stefnu í efnahagsmálum, sem fylgt hafi verið undanfarin ár, því að nú sé horfið að því ráði að greiða úr ríkissjóði bætur á útfluttar afurðir, en lofað hefði verið afnámi þess fyrirkomulags, er efnahagsráðstafanirnar voru gerðar árið 1960. Ef lögð væri sú merking í afnám uppbóta- og haftakerfisins, að með því sé átt við 100% niðurfellingu útflutningsuppbóta og innflutningshafta, mætti raunar með svipuðum rétti segja, að umræddar ráðstafanir hafi aldrei náð tilgangi sínum, því að það er ekki annað en staðreynd, sem öllum er kunn, að hvorki útflutningsuppbæturnar né innflutningshöftin hafa nokkru sinni verið afnumin með öllu. Uppbætur hafa allan þennan tíma verið greiddar á útfluttar landbúnaðarafurðir, enda óhjákvæmilegur liður í því niðurgreiðslukerfi, sem enn er við lýði, en það eru ekki sízt landbúnaðarafurðirnar, sem greiddar eru niður. Og auk þess hafa togararnir, eins og kunnugt er, fengið sérstakar bætur undanfarin missiri vegna örðugleika togaraútgerðarinnar. Þá hefur og ekki heldur þótt fært að afnema innflutningshöftin með öllu, að vísu ekki vegna gjaldeyrisskorts, heldur hins, að við getum ekki verið án markaðanna í jafnkeypislöndunum svokölluðu. En til þess að tryggja innflutning frá þeim og viðskipti við þau er óhjákvæmilegt að takmarka innflutning frá öðrum löndum á þeim vörum, sem þessi lönd selja okkur, og þarf það atriði ekki nánari skýringar við.

Mér finnst þó fráleitt að draga af þessum óvefengjanlegu staðreyndum í sjálfu sér þá ályktun, að allar þær ráðstafanir, sem gerðar voru til þess á árinu 1960 að afnema uppbóta- og haftakerfið, hafi verið unnar fyrir gýg, því að það er vissulega munur á því, hvort uppbótakerfið nær til allrar útflutningsframleiðslunnar, eins og var fyrir efnahagsráðstafanirnar, eða aðeins 10—15% af henni, sem láta mun nærri að hafi verið til þessa. Og alveg á sama hátt er vissulega munur á því, hvort allur innflutningur er háður leyfaveitingum, eins og var, áður en efnahagsráðstafanirnar voru gerðar, eða aðeins um 20% af honum. Í þessu sambandi má nefna, að samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hrósaði sér t. d. af því — og með fullum rétti að mínu áliti — að hafa afnumið hina óvinsælu vöruskömmtun eftir 1950, þó að smjör og smjörlíki væri að vísu skammtað allt fram á árið 1960, og að mínu áliti eru, hvað sem öðru líður, ekki líkur á því, að með gengisskráningunni einni verði í náinni framtíð hægt að tryggja það, að öll útflutningsframleiðsla geti borið sig án opinbers stuðnings. Það verða alltaf einhverjar greinar útflutningsframleiðslunnar, sem eiga við sérstaka örðugleika að stríða, þannig að ef gengisskráninguna ætti alltaf að miða við það, að sú útflutningsframleiðsla, sem lakasta gefur afkomu, gæti borið sig, þá gæti ekki orðið um jafnvægisgengi að ræða í þeirri merkingu, sem hagfræðingar venjulega leggja í það orð.

En þrátt fyrir þetta er það fjarri mér að draga fjöður yfir það, að hér er í bili stigið spor í þá átt að auka verulega svið þeirra eftirstöðva uppbótakerfisins, sem alltaf hafa verið við lýði. Og það er mér sízt fagnaðarefni, að hjá þessu skuli ekki verða komizt nú, og ég leyfi mér raunar að fullyrða, að í því felst síður en svo það, að hæstv. ríkisstj. og þeir, sem hana styðja, hafi skipt um skoðun á uppbótafyrirkomulaginu. Og það er e. t. v. aldrei meiri ástæða til þess en einmitt nú að gera sér grein fyrir ágöllum þessa fyrirkomulags og horfast í augu við það. En þessir ágallar eru að mínu áliti þrenns konar. Það fyrsta er, að þetta kerfi getur aldrei orðið til frambúðar. Með uppbótunum er innleitt það fyrirkomulag, að raunverulega er um að ræða mörg gengi til útflytjenda á íslenzku krónunni, ef við lítum á þetta frá okkar sjónarmiði. Það verður alltaf stöðug tilhneiging til þess, að þessi gengi, e. t. v. eru ekki nema 2—3 í upphafi, verði alltaf fleiri og fleiri. En þegar gengin eru orðin kannske 40—50, eins og var eftir lögfestingu jólagjafarinnar svokölluðu í árslok 1956, þá er kerfið í rauninni orðið óstarfhæft, eins og reynslan frá þeim tíma sýndi. Vinstri stjórnin gerði, eins og kunnugt var, örvæntingarfulla tilraun til þess með bjargráðunum svokölluðu að fækka gengjunum úr 40—50 í 2—3. Ástæðan til þess, að þetta var gert, var ekki sú, að þorri þeirra, sem studdu þá ríkisstj., hefði í sjálfu sér ótrú á uppbótakerfinu. Nei, ástæðan var hin, að þeir gerðu sér fyllilega ljóst, að kerfið með þessum mörgu gengjum var orðið óstarfhæft með öllu.

Mig minnir, að ég kæmist einhvern tíma þannig að orði við umr. um jólagjöfina, að henni mætti líkja við fjósvegg, sem hlaðinn væri af mér eða einhverjum þeim, sem ekki hefði neina kunnáttu á því, hvernig slíkan vegg ætti að hlaða, og væri því dæmdur til að hrynja. Sama máli gegndi með það kerfi, sem uppbyggt var með jólagjöfinni. Og ég held, að reynslan hafi sýnt, að þetta er rétt. Gengin voru orðin ein 40—50. Með því var slegið það met, sem Franco, einræðisherra Spánar, var talinn hafa á þeim tíma, en þá voru 14 gengi á pesetanum. En það hefur nú farið sömu leiðina þar, að þeim hefur orðið að fækka. Ég held, að í rauninni sé nú ekki nema eitt gengi á Spáni. Þetta, að það verður stöðug tilhneiging

til þess, að gengin verði alltaf fleiri og fleiri, þangað til út í algert öngþveiti er komið, er ein af ástæðunum til þess, að hvað sem menn álíta um ágalla eða um ágæti þessa skipulags eftir atvikum, þá fær það aldrei staðizt til lengdar.

Nú skal engin fjöður dregin yfir það, að með þessu frv. eru innleidd fleiri gengi, hvað aðstöðuna gagnvart útflytjendunum snertir. Engar uppbætur eru greiddar á síldarafurðir, en hins vegar nokkrar uppbætur á skreið og saltfisk og meiri aftur til hraðfrystihúsanna. En þó að sporið sé ekki stærra en þetta, hefur strax verið um tilhneigingu að ræða í þá átt, að kröfur hafa komið fram um það, að gengin þyrftu að vera fleiri. Það hefur verið á það bent, að meiri uppbætur eigi að greiða til togaranna, ef þeir landa fiskinum hér, heldur en ef þeir sigla með hann sem ísfisk, það þurfi að mismuna frystihúsunum eftir aðstöðu þeirra og hvers konar vöru þau vinni o. s. frv. Það er ekki vafi á því, að reynslan yrði í framtíðinni, ef lengra er haldið inn á þessa braut, sú sama og alltaf áður, að það yrði stöðugur þrýstingur á það að gera gengin fleiri og fleiri, þangað til út í öngþveiti er komið.

Þetta var nú fyrsta atriðið. Annað atriðið er það, að með uppbótakerfinu má að vissu leyti segja, að opnuð séu ný fiskimið fyrir þá, sem uppbótanna eigi að njóta, þar sem er ríkissjóðurinn og stjórnarráðið, þannig að nú skiptir það ekki eingöngu máli fyrir afkomu þessara aðila, hvernig reksturinn gengur, heldur samningarnir við stjórnarvöld. Og ég held, að varla geti verið ágreiningur um það, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það heilbrigðara, að framleiðendurnir einbeiti sér að bættum rekstri, heldur en að því að reyna að ná sem hagkvæmustum bótakjörum.

Þriðja atriðið, sem ekki er þýðingarminnst að mínu áliti, er það, að uppbótakerfið stöðvar alla framfaratilhneigingu, þegar frá líður. Af skiljanlegum ástæðum leitast stjórnarvöld eðlilega við að hafa uppbæturnar sem minnstar, svo að sem minnsta skatta þurfi að leggja á þjóðfélagsborgarana til að standa straum af kostnaðinum við uppbæturnar. Af þessu leiðir svo, að reynt er að meta það í hverju tilfelli, hver uppbótaþörfin sé, og sníða uppbæturnar eftir því. Af þessu mundi þá eðlilega leiða, að ef einhver atvinnugrein bætir sinn hag, t. d. með aukinni vöruvöndun, með því að afla nýrra markaða eða bæta sinn rekstur, þannig að afkoman batnar, þá segja stjórnarvöldin eðlilega við fulltrúa þessara atvinnugreina: Nú hefur ykkar hagur batnað, svo að þið þurfið á minni uppbótum að halda en áður, þær verða lækkaðar. — Það, að framleiðendurnir gera sér fyllilega ljóst, að þær endurbætur, sem þeir geri, muni leiða til lækkaðra uppbóta, gerir það auðvitað að verkum, að þeir sjá sér engan hag í því að koma á neinu, sem til bóta horfir. Þessir gallar uppbótakerfisins eru vitanlega fyrir hendi, hverjir sem að því standa að innleiða þetta kerfi, það væri fjarri mér að draga yfir það fjöður. Og eins og ég sagði áðan, þá er e. t. v. aldrei meiri ástæða en nú til þess að horfast í augu við þá ágalla, sem óhjákvæmilega eru á bótakerfinu.

En hvað er þá fram undan? er eðlilegt að menn spyrji. Uppbæturnar geta aldrei verið annað en bráðabirgðalausn. Það gerum við okkur fyllilega ljóst, sem að þessu frv. stöndum. En með þessu er þó ekki sagt, að róttækari ráðstafanir til þess að tryggja jafnvægi í efnahagslífinu verði undir öllum kringumstæðum óumflýjanlegar. Þó að það sé að vísu orðinn allstór hluti útflutningsframleiðslunnar, sem bætur í einhverri mynd ná til eftir samþykkt þessa frv., eða á að gizka um helmingur sjávaraflans miðað við magn, þá er þó að mínu áliti ekki hægt að bera aðstæður nú saman við það, sem var um áramótin 1959—1960 eða áður en efnahagsráðstafanirnar voru gerðar. Þá voru meðaluppbætur um 80% af verðmæti útfluttra afurða, og lægstu bætur, sem til voru, 55%. Það gaf auðvitað auga leið, að eina leiðin út úr uppbótakerfinu var þá samræming innlends og erlends verðlags, annaðhvort á þann hátt að færa innlenda verðlagið niður með almennri niðurfærslu kaupgjalds og verðlags innanlands eða þá að breyta genginu. Aðrar leiðir voru ekki fyrir hendi þá. Nú eru meðaluppbætur samkv. upplýsingum, sem hv. 6. landsk. þm., Davíð Ólafsson, gaf við 2. umr. þessa frv. í Nd., aðeins 4%. Að mínu áliti er hægt að gera sér vonir um það, að annaðhvort verðhækkanir á erlendum markaði eða afkastaaukning mundi að öllu öðru óbreyttu gera þessar uppbætur óþarfar á skömmum tíma. En skilyrði fyrir því, að hægt sé þannig sjálfkrafa að komast út úr bótakerfinu, er auðvitað í fyrsta lagi það, að ytri aðstæður breytist ekki í óhag frá því, sem nú er, og í öðru lagi, sem er ekki síður þýðingarmikið atriði, að hagsmunasamtökin telji sér hag í því, að ekki þurfi á ný að hverfa að því fyrirkomulagi, sem stöðva hlýtur alla framfaraviðleitni. Það verður að hafa hugfast, að allt vald í efnahagsmálum er ekki í höndum hæstv. ríkisstj. Hagsmunasamtökin í landinu, launþegasamtökin, bændasamtökin og atvinnurekendasamtökin o. s. frv., hafa í þessum efnum mikið vald og geta beitt því valdi og hafa gert það, eins og kunnugt er, til þess að hafa áhrif á þróun efnahagsmálanna í þá átt, sem þessi samtök telja að sérhagsmunir sínir krefjist. En þar sem ábyrgð og vald hljóta alltaf að fylgjast að, geta þeir aðilar, sem ég nú hef nefnt og hér eiga hlut að máli, ekki skorazt undan því, þar sem þeir hafa haft sín áhrif á framvindu málanna, að taka líka sinn hluta af ábyrgðinni á því, hver framvindan verður.

Því hefur eðlilega verið hreyft við þær umr., sem farið hafa fram um þetta mál, bæði í hv. Nd. og hér, að vinna þurfi að því að samhæfa afstöðu þeirra aðila, sem vald hafa til þess að hafa áhrif á framvindu efnahagsmálanna. Hversu þessi samhæfing megi verða, er eitt af þeim vandamálum, sem við stöndum gagnvart. Nú er það að vísu mín skoðun, að hægt sé að tryggja jafnvægi í efnahagsmálum án

þess, að slíkt samstarf við hagsmunasamtökin sé fáanlegt. Það eru til leiðir í því efni, en slíkar leiðir eru vissulega erfiðar í framkvæmd. Og í öðru lagi er samstarfið æskilegt í sjálfu sér. Ég vil taka það fram, svo að rangar ályktanir séu ekki dregnar af því, sem ég segi, að þegar ég tala um færar leiðir til þess að tryggja efnahagslegt jafnvægi, án þess að hægt sé að fá samstarf við hagsmunasamtökin, þá hef ég ekki í hug kaupbindingu eða slíkar ráðstafanir. En undir öllum kringumstæðum eru þær leiðir torfærar.

Mér dettur í þessu sambandi í hug fordæmi Hollendinga. Þeir hafa komið á fót hjá sér efnahagsmálastofnun með aðild bæði launþegasamtakanna og atvinnurekendasamtakanna, sem hefur mjög víðtækan tillögurétt og í rauninni víðtækt vald, þó að auðvitað komi aldrei til mála að setja slíka stofnun yfir ríkisstjórn og löggjafarþing. Það mundi auðvitað vera brot á lýðræðislegum reglum. En þar í landi mun ekki ágreiningur um það, að starfsemi þessarar stofnunar hafi gefizt vel. Nokkur vísir til slíkrar hugmyndar hefur komið fram í frv. hv. 3. þm. Reykv. um áætlunarráð ríkisins, en það frv. hefur legið fyrir hv. Alþingi nokkur undanfarin ár. Á síðasta þinginu, sem ég átti sæti í hv. Nd., man ég, að ég og hæstv. núv. dómsmrh., sem vorum þá fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn., skiluðum nál. um þetta frv. Vissulega var margt bæði í frv. og grg. fyrir því, sem okkur var mikill þyrnir í augum, og auðvitað treystum við okkur ekki til að mæla með samþykkt þess. En að mínu áliti var það nál., sem við skiluðum, ekki óvinsamlegt, og viðurkennt, að ýmsar athyglisverðar hugmyndir væru í frv., m. a. sú að koma slíkri efnahagsmálastofnun með aðild hagsmunasamtakanna á fót, þó að henni hafi að vísu alltaf verið ætlað þrengra starfssvið í því frv. en efnahagsmálastofnunin hollenzka hefur.

Það er ekki óeðlilegt, að þessi atriði komi til athugunar í sambandi við þann vanda, sem nú blasir við. Því miður verð ég samt að segja það, að ég hef ekki verulega trú á því, að árangur yrði af því, þó að nú væri reynt að fara inn á svipaða braut í þessum efnum og Hollendingar hafa gert með góðum árangri og raunar fleiri Vestur-Evrópuþjóðir. Ástæðan til svartsýni minnar í þeim efnum er sú, að því miður hefur reynslan verið sú, að fulltrúar launþegasamtakanna virðast hafa verið ófáanlegir til þess að ræða þau efnahagsmál, sem við er að etja, á grundvelli staðreynda. Það er ekkert við því að segja, þó að þessir aðilar geri sínar kröfur og slíkar kröfur kunni stundum kannske að virðast óbilgjarnar. Hitt er miklu verra, þegar neitað er að viðurkenna augljósar staðreyndir og efnahagslögmál, sem enginn ágreiningur er um, og höfðinu í því efni barið við steininn, en sú hefur reynslan hvað eftir annað orðið.

Þegar ég hef rætt um það, að æskilegt væri að samhæfa ráðstafanir þeirra aðila, sem vald hafa í efnahagsmálum, þá er e. t. v. eðlilegt, að á góma beri till. frá hv. framsóknarmönnum um að skipa 8 manna þingnefnd til að ræða efnahagsvandamálin og reyna að ná samkomulagi um till. í því efni. Ég svara nú aðeins fyrir sjálfan mig persónulega, þegar ég hér geri örstutta grein fyrir því, hvers vegna ég treysti mér ekki til þess að styðja slíka till. En ástæðan er sú, að ég er ekki bjartsýnn á árangur af slíku, meðan hv. framsóknarmenn temja sér þann málflutning, sem þeir hafa gert að undanförnu. Það er að vísu satt, að ýmsar till. hafa komið fram frá þeim um lausn efnahagsmálanna, en allar þær till., sem í seinni tíð hafa komið fram í því efni, hníga í einn og sama farveg, nefnilega í þann farveg að gera óhjákvæmilegt að endurreisa að nýju haftakerfið, sem horfið var frá 1960. Inn á það finnst mér ekki hægt fyrir stjórnarflokkana að ganga, vegna þess að vitað er, að yfirgnæfandi meiri hl. kjósenda hér á landi er því með öllu andvígur, að það kerfi verði tekið upp að nýju. Og sönnun þess, að hv. framsóknarmenn hafa hugmynd um þá afstöðu kjósenda, er, að þeir hafa aldrei viljað segja það hreinlega, að þeir stefndu að því að endurreisa innflutningshaftakerfið. Þeir vita, að ef þeir gerðu það, mundi fjöldi fylgismanna þeirra snúa baki við þeim. Þess vegna eru aðeins lagðar fram till., sem á mjög skömmum tíma hlytu að hafa það í för með sér, að endurreisn haftanna væri óumflýjanleg, en sú afleiðing er dulin fyrir þjóðinni. Ég álít, að það sé ekki heimild til þess að ljá máls á aðgerðum, sem vitað er að mikill meiri hluti þjóðarinnar er andvígur. Þeir einu, sem líklegir eru til að fylgja því, að innflutningshaftakerfið verði tekið upp, eru aðilar, sem gera sér vonir um, að þeir geti öðlazt fjárhagslegan ávinning í skjóli haftanna, t. d. með því að braska með innflutningsleyfi eða þess háttar. Allir aðrir, hvort sem þeir eru kjósendur stjórnarflokkanna eða stjórnarandstöðunnar, mundu telja, að slíkt fyrirkomulag væri sér aðeins til ama og óþæginda.

Að lokum ætla ég að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., sem hann flutti hér í gær, og skal ég taka það fram, að þegar ég talaði um tilhneigingu ýmissa verkalýðsleiðtoga til þess að neita staðreyndum í efnahagsmálum, þá hafði ég síður en svo ræðu hv. þm. í huga, því að hann leitaðist við að ræða málin á málefnalegum grundvelli og færa fram ýmsar tölur máli sínu til stuðnings, sem ég vefengi út af fyrir sig ekki að hafi verið rétt með farið. En sumt af því, sem fram kom hjá honum, gefur þó að mínu áliti tilefni til aths. Hann minntist á það, að orðaskipti hefðu farið fram milli hans og mín laust fyrir áramótin 1961 um það, hvort teflt væri á tæpt vað með fjárhagsafkomu ríkissjóðs. Ég mun þá hafa haldið því fram, — það er rétt með farið hjá hv. þm., — að ekki mætti tæpara tefla í þeim efnum. En það var byggt á þeirri innflutningsáætlun, sem þá lá til grundvallar afgreiðslu fjárl. Nú varð raunin sú, að innflutningur varð til mikilla muna meiri en þessi innflutningsáætlun gerði ráð fyrir, og það var meginástæðan til þess tekjuafgangs, sem varð. Sama máli

gegnir um árið 1963, að innflutningur á árinu hefur orðið meiri en gert var ráð fyrir. En það ber líka að hafa hugfast, að á viðskiptajöfnuði s. l. árs verður óhjákvæmilega talsverður halli, halli, sem nemur nokkrum hundruðum millj. kr., þó að það liggi að vísu ekki endanlega fyrir enn þá. En það bendir til þess, að til lengdar verður auðvitað ekki haldið áfram á þeirri braut. Þó að innflutningur þessi tvö ár hafi orðið meiri en gert var ráð fyrir við samningu fjárl. og tekjur ríkissjóðs þess vegna meiri, þá getur ekki orðið framhald á því óendanlega, það ætti að vera öllum ljóst.

Hv. þm. nefndi í sambandi við söluskattinn, sem hann tjáði sig mjög andvígan, að Norðmenn hefðu annan hátt á við skiptingu tekjuöflunar ríkissjóðs milli beinna og óbeinna skatta, þar sem beinu skattarnir álíka miklu og óbeinu skattarnir, en þetta væri allt öðruvísi hér hjá okkur. Og það er rétt hvað ríkisskattana varðar. En varlega skyldi samt fara í að gera í þessu efni samanburð við Norðurlöndin, því að aðstaðan er að ýmsu leyti önnur hjá þeim en hjá okkur. Tekjuútsvörin eru þar miklu þýðingarminni liður í tekjuöflun sveitarfélaganna heldur en hjá okkur. Sveitarfélögin í þessum löndum afla sér að verulegu leyti tekna með öðru móti en því að leggja á tekjuútsvör, og af því leiðir, að ríkið er svo að segja eitt um að nota þennan skattstofn. Hins vegar vitum við, að hjá okkur er það þannig, að tekjuútsvörin eru aðalskattstofn bæjar- og sveitarfélaganna. Og hvað sem skoðunum manna á skattamálum líður að öðru leyti, — það skal ég ekki fara út í, — þá hlýtur þetta að leiða til þess, að ríkið getur ekki notað þennan skattstofn á sama hátt og er í nágrannalöndum okkar.

Þá minntist hv. þm. á það, og held ég, að sé rétt með farið hjá mér, að hann taldi, að svo að segja eina ástæðan til þess, að kaupmáttur atvinnutekna hefði aukizt meira en kaupmáttur launa, hlyti að vera sú, að vinnutíminn hefði lengzt. Hann minntist að vísu í því sambandi á aðra taxta en lágmarkstaxta, en vildi halda því fram, og það skal ég út af fyrir sig ekki vefengja, að þessir taxtar hafi ekki hækkað meira en lágmarkstaxtarnir. En það er ýmislegt fleira, sem hér getur komið til og valdið því, að atvinnutekjur manna hækka meira en kaupmáttur tímakaupsins, án þess að um lengingu vinnutímans þurfi að vera að ræða. Það má t. d. nefna atriði eins og flutning á milli mismunandi vinnutaxta, ef menn fara úr lægri taxta í hærri taxta, og enn fremur breytingu á eftirvinnutöxtum, breytingu á hlutfallinu á milli tíma unninna í dagvinnu og eftirvinnu, og svo síðast en ekki sízt, ef ákvæðisvinna hefði verið tekin upp í ríkara mæli en áður, þá getur það leitt til verulegra launahækkana, án þess að um breytingu á lágmarkstaxta hafi verið að ræða og aukningu kaupmáttar þess taxta.

Þá minntist hv. þm. enn fremur á það, að undir öllum kringumstæðum mætti telja réttmætt og sanngjarnt, að kaupmáttur launa ykist þó a. m. k. í sama hlutfalli og þjóðartekjurnar. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að það, hvort menn teldu rétt að láta kaupmátt launa aukast í sama hlutfalli og þjóðartekjur vaxa, verður m. a. komið undir skoðunum manna á því, hvernig skuli ráðstafa auknum þjóðartekjum, hvað mikið af hinum auknu þjóðartekjum á að fara til aukinnar neyzlu eða kjarabóta, sem er eitt og það sama að mínu áliti, og að hve miklu leyti til aukinnar fjárfestingar. Ef menn eru þeirrar skoðunar, að aukin fjárfesting eigi að taka til sín bróðurpartinn af hinum auknu þjóðartekjum, þá er auðvitað auðsætt mál, að launakjörin geta ekki batnað í sama hlutfalli og þjóðartekjurnar aukast. Þetta er annars atriði, sem ég álít að full ástæða væri til og síður en svo mundi koma í bág við lýðræðislegar reglur, þó að haft væri samráð við verkalýðssamtökin um það og þau látin segja álit sitt á því, hvort þau kjósi heldur kjarabætur og minni fjárfestingu og hægari framfarir eða hið gagnstæða. Það er ekki nema sanngjarnt og eðlilegt, að þau hafi sín áhrif á það, og þetta yrði eitt af verkefnum þeirrar efnahagsmálastofnunar, sem ég minntist á og komið hefur verið á fót í ýmsum löndum. Hins vegar verða auðvitað alltaf takmörk fyrir því, hvað hægt er að koma langt til móts við þessi hagsmunasamtök, og það verða stjórnvöld að meta hverju sinni. Og að mínu áliti hefur einmitt verið sami ágalli á þeim till., sem komið hafa t. d. frá alþýðusambandsþingi og ýmsum aðilum verkalýðshreyfingarinnar, eins og ég lýsti áðan, varðandi þær till., sem hv. framsóknarmenn hafa borið fram í efnahagsmálum, nefnilega að ef eftir ábendingum undanfarinna alþýðusambandsþinga væri farið, mundi það leiða beint út í haftakerfið að nýju eða efnahagskerfi, sem vitað er að meginhluti þjóðarinnar er andvígur að tekið verði upp að nýju. En svo langt álít ég, að ríkisstj. megi aldrei ganga til móts við hagsmunasamtök, að það leiði til þess, að stefna verði tekin upp í þessum málum og öðrum, sem viðkomandi ríkisstj. telur sig þó vissa um, að sé í andstöðu við vilja mikils meiri hl. kjósenda.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, má segja að sé þrenns konar. Það er í fyrsta lagi stuðningur við útgerð og fiskiðnað, sökum þess að dýrtíðarþróunin hér innanlands hefur aukið svo tilkostnað þessarar starfsemi, að komið er fram úr útflutningsverðlaginu, í öðru lagi nýjar skattaálögur, sem nema, miðað við heilt ár, nærri 300 millj. kr., og í þriðja lagi heimild til að leggja á hilluna nýlega samþ. fjárlög frá Alþingi og fresta framkvæmdum, sem þar eru ákveðnar, svo sem skólum, sjúkrahúsum, höfnum o. s. frv.

Um fyrsta atriðið má segja það, að það má að sjálfsögðu gagnrýna einstök atriði, sem þar er gert ráð fyrir, og hafa ýmsar skoðanir um,

að þær ráðstafanir ættu að vera á einhvern annan veg, en um hitt verður ekki deilt, að það er nú svo komið, að það er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að halda þessum atvinnuvegum gangandi. Þessar ráðstafanir, sem í því efni eru gerðar, hafa hv. talsmenn ríkisstj., bæði hæstv. forsrh. og einnig frsm. meiri hl. fjhn. hér áðan, lagt áherzlu á að væru bráðabirgðaráðstafanir. Þessar bráðabirgðaráðstafanir kosta ríkisstj. um eða innan við 4 millj. kr. á viku. Ríkissjóður hefur undanfarin ár og enn á þessu ári, að því er bezt verður séð af nýsamþykktum fjárl., haugað upp greiðsluafgöngum. Hann getur vel greitt þessar 4 millj. kr. á viku um sinn, og það liggur ekkert á að samþykkja nýjar álögur af þessu tagi, sem hér er um að ræða. Þær ráðstafanir, sem er verið að gera, réttlæta það á engan hátt. Þessar nýju álögur geta þess vegna beðið, meðan kannað er, hvort ekki sé mögulegt að ná samstarfi, viðtæku samstarfi um nýja stefnu í efnahagsmálum, sem fleiri og fleiri gera sér ljóst, að hlýtur að vera óhjákvæmilegt á næsta leiti að upp verði tekin. Heimildina til framkvæmdastöðvunar kemur ekki til mála að samþykkja. Það kemur ekki til mála að ómerkja 5 vikna gamlar gerðir Alþ. um ákvarðanir til framkvæmda á árinu 1964, meðan einkaaðilar fá algerlega frjálsar hendur með hvers konar verðbólgufjárfestingu, sem þeim kann að detta í hug.

Þetta var í sem stytztu máli afstaða minni hl. fjhn. þessarar hv. d. til þess, sem kalla mætti þrjú aðalatriði þess frv., sem hér er til umr. Og áður en ég kem að því að rökstyðja þessa skoðun í einstökum atriðum og lýsa frekar brtt., sem við höfum að gera við einstök atriði í frv., þá verður ekki hjá því komizt að rekja nokkur atriði þeirrar stefnu og framkvæmdar hennar, sem hefur leitt okkur út í þær ógöngur, sem efnahagsmál okkar eru nú komin í.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. lýsti því vel í gær, hve morgungleði hefði einkennt þessa hæstv. ríkisstj., þegar hún settist að völdum fyrir 4 árum. Það var ekkert smáræði, sem þá stóð til. Þá átti að horfast í augu við allan vandann í einu og taka upp nýja þjóðfélagshætti. Það hefur aldrei nein stjórnarstefna verið kynnt með öðru eins yfirlæti. En raunar var viðreisnin ekki efnahagsmálastefna nema að nokkru leyti. Hún var í rauninni einstakar sundurlausar kenningar, hálfhugsaðar og gripnar úr samhengi við íslenzkan raunveruleika. En að öðru leyti, að því leyti sem hún var ekki efnahagsmálastefna, var hún skrumherferð, einhver sú ferlegasta, sem hér fara sögur af. Það var flaggað með verzlunarfrelsi, þó að verzlunin hafi raunar aldrei verið gefin frjáls nema að litlu leyti, því að þótt innflutningur hafi verið frjáls að talsverðu leyti, þá hefur útflutningur allur verið reyrður í fastari fjötra en nokkru sinni áður. Uppbótakerfið, sem algerlega var fordæmt á sínum tíma, var aldrei afnumið, niðurgreiðslur, sem í sjálfu sér eru ekki annað en eitt form fyrir uppbætur til útflutningsatvinnuveganna, hafa verið við lýði, miklar og jafnvel auknar, og einnig beinar útflutningsuppbætur, eins og hv. síðasti ræðumaður rakti að nokkru leyti. Allt þetta hástemmda skrum um þessa hluti, sem borið var á borð fyrir 4 árum, var engin efnahagsmálastefna, heldur aðeins skrumið eitt. Og í vor var viðreisnin lofuð háum rómi og talið, að hún hefði heppnazt í hvívetna. En í haust var komið annað hljóð í strokkinn. Þá var okkur skýrt frá því hér á hv. Alþingi, að stórkostlegur vöruskiptahalli væri við útlönd á þessu ári. Höflaus innflutningur hefði leitt til óeðlilegrar birgðasöfnunar í landinu. Gjaldeyrissjóðir hefðu hætt að vaxa og á löngum tímum ársins farið minnkandi. Sparifjáraukning væri sáralítil. Vinnuaflið væri á uppboði í meira og minna óþörfum framkvæmdum og halli á rekstri útflutningsframleiðslunnar.

Þetta var ástandið í haust, þó að viðreisnin hefði í raun og veru haft hin allra hagstæðustu skilyrði, sem um getur, til þess að ná þeim tilgangi, sem hún átti að ná. Aflabrögð hafa aldrei verið meiri en þessi ár, en samt hefur okkur orðið svo ákaflega lítið úr miklum tekjum þessara ára. Og það er ljóst, að það er röng stjórnarstefna, sem þarna á höfuðsök, en ekki hún ein, heldur einnig sinnuleysi stjórnarvalda um eðlilega stjórn efnahagsmála, sem flýtti mjög fyrir þeirri niðurstöðu af þessari stefnu, sem orðin er.

Því fer auðvitað víðs fjarri, að ríkisstj. hafi verið stefnu sinni, eins og hún var upprunalega kynnt, trú í öllum atriðum. T. d. gafst ríkisstj. fljótt upp við þá ætlan sína að tryggja jafnvægi á vinnumarkaðnum með stórfelldum samdrætti framkvæmda í landinu, og sízt skal ég álasa henni fyrir þetta, því að ef slík stefna er rekin á þann hátt, sem upprunalega var boðað, er vandstýrt fram hjá atvinnuleysi, sem ég álít það versta böl, sem yfir okkur gæti gengið. Nokkur þensla í efnahagslífinu er miklu betri en það, en hóf skal þó vera á hverjum hlut, og kem ég að því síðar.

Einni kenningu sinni hefur hæstv. ríkisstj. verið trú. Það er sú kenning, að við höfum, áður en viðreisnin kom til sögunnar, lifað um efni fram og þess vegna þyrfti að draga úr kaupgetu í landinu. Þetta átti að gera með því að tryggja það, að verðlag hækkaði jafnan meira en kaupið. Vaxtapólitík ríkisstj. var einn liður í þessari áætlun. Vaxtahækkunin var réttlætt með því, að hún ætti að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar fjármagns og væri feiknalegt réttlætismál fyrir sparifjáreigendur. Nú er það öllum ljóst, að við höfum aldrei verið fjær því en nú að hafa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar fjármagns, því að ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé hefur vafalaust aldrei verið meiri en hún er núna. Og sparifjáreigendur telja sig auðvitað illa svikna, því að hinir háu vextir hafa ekki komið að meira gagni en svo, að þeir hafa misst þá alla og hluta af höfuðstólnum í við-

bót á verðbólgubálið. Eftir eru þá aðeins verðhækkunaráhrif hinna háu vaxta, því að auðvitað eiga vextirnir þátt í dýrtíðarþróuninni.

Hv. síðasti ræðumaður, 10. þm. Reykv., hefur oftsinnis gert vaxtapólitíkina að umræðuefni og gerði það einnig í ræðu sinni áðan, og hann taldi, að lækkaðir vextir mundu hafa mjög litla þýðingu fyrir útflutningsatvinnuvegina. Það er þó alveg ljóst, að vaxtafóturinn hefur mjög veruleg áhrif á allt verðlag í landinu. Það dugir ekki að reikna dæmið þannig að reikna aðeins vexti af því fé, sem bankarnir lána út. Öll fjármunaþjónusta í landinu hlýtur að verðleggjast eftir ríkjandi vaxtafæti. Þessu sleppir hv. 10. þm. Reykv., þegar hann ræðir um þessi mál, sem hann gerði t. d. hér áðan og í nál. hv. meiri hl. og gerði raunar einnig með mjög svipuðum hætti við umr. um frv. um launamál hér í þessari hv. d. í nóv. Þá átti ég ýmislegt vantalað við hv. sessunaut minn um þau efni, en af hagkvæmniástæðum frestaði ég þá ræðu minni til 3. umr., sem mönnum er sjálfsagt í minni, að féll niður. Ég skal nú ekki taka það tal allt upp að nýju, en ég vil þó að gefnu tilefni í nál. meiri hl. að þessu sinni og í ræðu hv. 10. þm. Reykv. segja það, að höfuðröksemd hv. þm. gegn lækkuðum vöxtum er sú, að þeir mundu leiða til aukinnar þenslu. Þessu er slegið fram, og þá um leið þegjandi látið að því liggja, að lækkaðir vextir mundu leiða til aukinna útlána. Þetta er sú fullyrðing, sem ég get ekki fallizt á að sé rétt í okkar þjóðfélagi, eins og efnahagsþróun hefur verið hér á undanförnum árum. Útlánin takmarkast ekki vegna þess, að vextir séu svo háir, að þeir takmarki eftirspurnina, það vitum við allir, heldur takmarkast útlánin eingöngu af skömmtun bankanna. Og það er þvert á móti hægt að nefna þess dæmi úr okkar efnahagslífi undanfarin ár, að of háir útlánsvextir viðskiptabankanna hafi aukið á útlánin.

Á s. l. vetri höfðu Seðlabankanum safnazt allverulegir gjaldeyrissjóðir og á móti þeim stóð fé á bundnum reikningum hér heima fyrir. Gjaldeyrisvarasjóðurinn stóð í erlendum bönkum eða erlendum pappírum á mjög lágum vöxtum. Seðlabankinn mun hafa séð fram á alvarlegan vaxtahalla. Hann greip þá til þess ráðs að lækka vexti af vissum innstæðum viðskiptabankanna. Nú er það alveg ljóst, að þó að sparifé almennings hreyfist eftir ýmsum öðrum lögmálum en vaxtafætinum einum, t. d. hefur verðlagsþróunin o. fl. auðvitað áhrif á það, hvernig fólk ráðstafar peningum sínum, þá eiga viðskiptabankarnir ekki margra kosta völ í þessu efni. Þeir geta ekki varið það fé, sem þeir hafa undir höndum, fyrir verðbólgunni með því að koma því í föst verðmæti. Þó að fjárfestingar á vegum bankakerfisins í landinu séu nú allverulegar, þá eru þær sem betur fer ekki nema mjög lítið brot af því fé, sem þeir hafa yfir að ráða. Þess vegna geta viðskiptabankarnir aðeins valið á milli þess að lána fé sitt út til almennings eða atvinnuveganna eða leggja það inn í Seðlabankann. Þegar Seðlabankinn lækkar sína vexti, án þess að almennir útlánsvextir bankanna séu lækkaðir, þá mundi ég ekki ásaka bankastjóra viðskiptabankanna, þó að þeir ykju útlán sín, eftir því sem þeir gætu, og drægju þá jafnframt úr innistæðum sínum hjá Seðlabankanum. Og það skyldi þó aldrei vera, að þessi ráðstöfun, sem ég hér hef verið að gera að umræðuefni, ætti nokkurn þátt í því, að útlán bankakerfisins jukust um 400 millj. kr. meira en sparifé í landinu á því tímabili, eftir að þessi vaxtabreyting, sem ég var að nefna, var gerð og þangað til vöxtunum var breytt aftur í septembermánuði s. l. Það þarf nefnilega að vera þannig, ef rekin er ákveðin fjármálapólitík, þá verða menn að vera sjálfum sér samkvæmir. Menn þurfa að hafa gert sér grein fyrir því, hvert sú pólitík leiðir, og mega ekki grípa til panikráðstafana, þegar þeir allt í einu sjá, að einhver stofnun verður kannske að bíða af stefnu þeirra nokkurt tap.

Frysting sparifjárins var einn veigamikill liður í viðreisnarstefnunni. Það var ætlunin með henni að takmarka það fjármagn, sem almenningur hefði aðgang að, til þess með þeim hætti að takmarka eftirspurn og fjárfestingu í landinu. En nú er það svo, að bankarnir ráða ekki yfir öllum peningum í landinu, og það voru engar ráðstafanir gerðar í þessu sambandi til að hafa hemil á fjárfestingu þeirra, sem höfðu umráð yfir fé. Þegar menn gerðu sér það ljóst, hvert efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar leiddi í verðlagsmálum, hófst æsilegt fjárfestingarkapphlaup. Menn fóru að reyna að koma peningum sínum í fasta fjármuni, og var þá ekki alltaf hugsað um það, hversu nauðsynlegt það væri fyrir þjóðarheildina. Erlend vörukaupalán voru tekin, svo að nam hundruðum millj. kr., en slík erlend lán verka auðvitað á peningamarkaðinn hér innanlands með alveg sama hætti og útlán frá bönkunum. Þegar fullljóst var, hvert stefndi í verðlagsmálunum, bætti ríkisstj. gráu ofan á svart með því að taka erlent framkvæmdalán, án þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess, að þær framkvæmdir, sem þetta fé var ætlað til, kæmust áfram í samkeppninni um vinnuaflið. Með þessum hætti verður fjárfestingarmálum ekki stjórnað.

Það var eitt af loforðum viðreisnarinnar á sinni tíð, að jafnvægi í verðlagsmálum mundi skapast, þegar vísitalan, sem þá var 100, hefði náð 103 stigum. Nú hefur þessi vísitala komizt upp í 149 stig og ekkert jafnvægi sýnilegt, eins og allir sjá. Það var fullyrðingin í þá tíð, að frjáls innflutningur mundi skapa þá samkeppni, sem héldi verðlaginu í skefjum. En lánsfjárskorturinn, lánsfjársamdrátturinn í landinu hefur að mjög verulegu leyti takmarkað samkeppnina og verðlagsáhrif hennar því að verulegu leyti farið forgörðum.

Þegar hv. talsmenn ríkisstj. hafa á undanförnum mánuðum verið að leita skýringa á því, hvernig farið hefur í verðlagsmálunum, þá hefur þeim orðið tíðrætt um það, að sá farvegur, sem kauphækkanirnar skili sér eftir út

í verðlagið, eins og þeir gjarnan orða það, séu þær verðlagningarreglur, sem í gildi eru á landbúnaðarvörum. Því hefur verið haldið fram hér á hv. Alþingi í umr., sem hér voru fyrir nokkrum mánuðum, og oft síðan, að gegnum landbúnaðarvöruverðlagið fari kauphækkanirnar út í verðlagið og skapi þann skrúfugang, sem sé ein höfuðorsök verðlagsþróunarinnar í landinu. Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu frá Hagstofu Íslands, sem er fróðlegt að skoða í þessu sambandi. Þar segir, að 10% hækkun á lágmarkstaxta Dagsbrúnar mundi leiða af sér hækkanir á landbúnaðarvöruverði, sem mundu hækka vísitöluna um 1.8 stig eða 1.3%, — þegar þetta var skrifað, var vísitalan lítið eitt lægri en hún er nú, þ. e. 144 stig, — að 10% kauphækkun mundi gegnum þennan farveg, sem hér er um að ræða, leiða til 1.3% hækkunar í vísitölu eða 1.8 stiga hækkunar. Til þess að hækka vísitöluna um 4.5 stig eftir þessum farvegi þyrfti því 25% kauphækkun.

Í ágústmánuði s. l. hækkaði vísitalan einmitt um 4.5 stig. Hafði nú orðið 25% kauphækkun í ágúst? Nei, það hafði ekki orðið. Kauphækkanirnar, sem urðu í júní, höfðu komið inn í júlívísitöluna, og það voru raunar engar kauphækkanir, sem höfðu þessi áhrif á ágústvísitöluna. Hvað var það, sem hafði þessi áhrif á vísitöluna? Ég hef útreikning á því hér fyrir framan mig, og þar kemur í ljós, að gjöld til hins opinbera hafa þarna áhrif um 2.76 vísitölustig. Hækkað verð á sígarettum og áfengi, sem einnig er til tekjuöflunar í ríkissjóð, hefur þarna áhrif um ½ vísitölustig. Síðan koma bara nokkur smáatriði, leigubifreiðataxti, klipping karla, húsnæðisliður, m. ö. o. hreint óverulegir liðir. Þarna m. ö. o. eiga álögur til hins opinbera meginþáttinn í því að hækka vísitöluna um 4½ stig, sem raunar var hækkað upp í 5 stig, í þessum eina mánuði, sem þarna var um að ræða. Það er þess vegna vissulega ástæða til þess að hafa fleiri atriði í huga en verðlagningarreglur landbúnaðarins, þegar kannaðar eru ástæðurnar fyrir verðlagsþróuninni í landinu.

Nú skal því sízt neitað, að það hefur fleirum gengið illa að ráða við verðlagsþróunina í landinu en núv. hæstv. ríkisstj., jafnvel þó að þeir hafi reynt að berjast við hana á fleiri vígstöðvum en hæstv. núv. ríkisstj. gerir, því að hún beinir eingöngu geiri sínum gegn þeim þætti þessarar framvindu, sem eru kauphækkanirnar. Nú er það svo, að það hefur engum gengið eins illa að ráða við þessa framvindu og núv. ríkisstj. Skv. nýlegum útreikningum, sem ég hef hér fyrir framan mig, kemur í ljós, að vísitala neyzluvöruverðs hefur aldrei hækkað eins mikið á neinu ári síðan 1954 og hún hefur gert árin 1961, 1962 og 1963, og raunar 1960 líka, nema árið 1956. Önnur ár hefur tekizt miklum mun betur að ráða við verðlagsþróunina í landinu heldur en hæstv. núv. ríkisstjórn hefur tekizt á nokkru ári síns valdaferils.

Nú þykir mér rétt að vekja athygli hv. þdm. á því, að dýrtíðarþróunin verður ekki sigruð með aðgerðum í peningamálum eingöngu, eins og virðist hafa vakað fyrir mörgum talsmönnum hæstv. ríkisstj. Það er ekki hægt, ef ekki skapast trú á, að það takist að hafa hemil á verðbólgunni. Verðbólgan á sér ekki aðeins fjármálalegar orsakir, hún á sér einnig sálfræðilegar orsakir. Trúin á verðbólguna elur hana nefnilega, vegna þess að fólk hagar ráðstöfunum fjármuna sinna í samræmi við þá trú, ef það trúir því, að verðbólga sé á næsta leiti, og slíkar aðfarir verða aftur til þess að ala verðbólguna.

Ég er þeirrar skoðunar, að ásamt afnámi verðtryggingarinnar á laun og kaupgjald sé það fyrst og fremst ein hlið á viðreisninni, sem hefur gert það að verkum, að svo erfiðlega hefur gengið að skapa þá trú, sem nauðsynlegt er að skapa á stöðugu verðlagi, til þess að nokkur von sé til þess, að það náist, og þessi hlið viðreisnarinnar, sem ég hér á við, er þessi: Eitt af því, sem skeði við þær efnahagsaðgerðir, sem gerðar voru á öndverðu ári 1960, var það, að hlutfallið á milli stofnkostnaðar og fjármagnskostnaðar annars vegar og launatekna og atvinnutekna hins vegar raskaðist stórlega. Stofnfjárkostnaður allur hækkaði mjög mikið, og til viðbótar því hækkuðu svo vextir og lán styttust líka. Fjármagnskostnaðurinn hækkaði sem sagt mjög verulega, en kaupgjald og atvinnutekjur hækkuðu annaðhvort ekkert eða ekki að sama skapi. En þegar þetta hlutfall breyttist, minnkaði trú manna á því, að slíkt ástand gæti staðizt án verðbólgu. Það liggur í augum uppi, að þegar byggingarkostnaður einföldustu íbúðar er orðin fimmföld venjuleg árslaun og með þeim vaxtakjörum og lánskjörum, sem fyrir er að fara hér, getur fólk ekki fengið sig til að trúa því, að slíkt ástand geti verið varanlegt án verðbólgu. Það mundi gera öllum ómögulegt að ráðast í sjálfsögðustu og eðlilegustu fjárfestingu. Þess vegna hefur óafvitandi skapazt sú trú hjá mönnum, að verðbólguþróunin hlyti að halda áfram. Af þesum ástæðum er ég þeirrar skoðunar, að ein nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé að ráða við verðbólguþróunina, sé að koma aftur hlutfallinu á milli stofnkostnaðarins annars vegar og hins vegar launa og atvinnutekna í hóflegra horf en nú hefur verið um skeið.

Á vinnumarkaðinum hefur verið að skapast þessi ár ástand, sem er algerlega óþolandi. Gengislækkunin 1960 lagði þungar byrðar á allan almenning. Það var í sjálfu sér ekki vefengt í upphafi, að svo mundi verða, en sagt, að þær mundu aðeins verða um sinn, um stuttan tíma, og svo mundi úr rætast. Launþegastéttirnar lögðu á sig þessar byrðar og bjuggu við óbreytt kaupgjald fram til vors 1961, þegar þeim tókst að semja um hóflegar kauphækkanir. En í ágústmánuði 1961 svaraði ríkisstj. þessum kauphækkunum með því að lækka gengi krónunnar. Því var haldið fram, að það væri nauðsynlegt til að vernda þann litla gjaldeyrissjóð, sem þá hefði skapazt, og skapa skilyrði fyrir, að hann gæti haldið áfram að vaxa. Og það er athyglisvert, að þetta var notað sem höfuðröksemd í þessu máli, en ekki hitt, að

atvinnuvegirnir gætu ekki borið kauphækkunina, því að það gátu þeir sannarlega. Við þessa gengisbreytingu voru allir samningar ógiltir, vegna þess að þeir höfðu inni að halda ákvæði um, að þeir féllu úr gildi, ef genginu yrði breytt, eins og samningar hafa gert hér um alllangt skeið, og það var ekki fyrr en í maí 1962, að aftur voru gerðir hóflegir kjarasamningar. Í þeim var vísitöluventill, sem sprakk svo í október, þegar vísitalan hafði hækkað mjög verulega fram úr því marki, sem gert var ráð fyrir í samningunum, og nýtt kaupgjald var svo ákveðið, án þess að nýir samningar væru gerðir í jan. 1963, og sjálfsagt er hv. þdm. minnisstæð framvindan á s. l. ári í þessum efnum, samningarnir í júní, þjóðhátíðarsamningarnir, og síðan í des. s. l.

Á s. l. ári voru gildandi við þessar atvinnustéttir, sem ég hér hef gert að umræðuefni, verkamenn og iðnverkamenn, lægst launuðu stéttirnar, við þær voru í gildi samningar á árinu 1963 aðeins í 4½ mánuð, samningslaust var við þessar stéttir í 7½ mánuð á árinu 1963. Þrívegis á því ári urðu almennar kauphækkanir í landinu. Þetta kom ekki á óvart. Þegar verðtrygging kaupsins var bönnuð með 23. gr. l. um efnahagsmál frá 1940, vöruðum við framsóknarmenn við þessari þróun málanna. Ég vil leyfa mér að minna á það, að við 2. umr. í hv. Nd. um efnahagsmálafrv. í febr. 1960 átti ég þar sæti sem varamaður fyrir hv. 4. þm. Sunnl., þá ræddi ég um bannið við vísitölunni og lýsti þá þeirri skoðun minni, að þó að vísitölufyrirkomulagið hefði verið mjög gallað á ýmsa lund, væri tilgangslaust að ætla að banna það með lögum, ef ekki gætu náðst um það frjálsir samningar við launþegasamtökin að fella slík ákvæði úr samningum. Um þetta sagði ég skv. B-deild Alþt., 2. hefti 1959, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun mín, að þetta sé mjög hættulegt ákvæði í frv. og kannske það ákvæði, sem beri í sér örlög þeirra ráðstafana, sem hér eru til umr. Það hefur engan tilgang að setja svona ákvæði í lög, vegna þess að vilji launþegar ekki fallast á það með frjálsum samningum, þá leiðir lagaákvæði um það ekki til neins nema vandræða. Árangurinn verður þá aðeins sá, að kjarasamningar verða gerðir til styttri tíma, vinnudeilur og verkföll verða tíðari og eilífur ófriður á vinnumarkaðnum, sem leiðir til tjóns fyrir launþega, fyrir atvinnurekendur og fyrir þjóðfélagið allt.“

Ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið fleiri en ég, sem gerðu sér ljóst, að framvindan hlyti að verða þessi, og hæstv. ríkisstj. hefur því varla getað komið það mjög á óvart, þó að samningstími almennra kjarasamninga í landinu hafi sífellt verið að styttast. Þetta bann við vísitölunni hefur leitt til fleiri einkennilegra, óheillavænlegra fyrirbrigða en styttri samninga. Það hefur leitt til þess, að farið er að taka inn í kaup- og kjarasamninga ákvæði um, að þessi skuli hækka, ef hinn hækkar, og fæ ég ekki séð, að það sé heillavænlegra en miða við verðlagið, að menn fari að miða sig þannig við kaup hver annars. Og ég verð að láta í ljós harm minn yfir því, að hv. Alþingi skyldi hafa orðið fyrir því slysi að setja ákvæði af því tagi inn í 7. gr. l. um kjaramál opinberra starfsmanna í stað þess að miða þá heldur við að tryggja kaupgetu launa hinna opinberu starfsmanna með ákvæðum um verðlagstryggingu. En við það ástand, sem undanfarin 4 ár hefur verið að skapast á vinnumarkaðnum í landinu, verður að sjálfsögðu ekki lengi unað. Það verður að finna leiðir til að tryggja vinnufrið í landinu, og ég skal ekki draga fjöður yfir þá skoðun mína, að verðtrygging af einhverju tagi og í einhverju formi á launum og kaupgjaldi hljóti að vera meginþáttur í því.

Ég hef hér rakið nokkur atriði úr stefnu viðreisnarinnar til að leitast við að sýna fram á það með nokkrum atriðum, sem ég hef nefnt, að ófarir viðreisnarinnar hafa ekki verið neitt yfirnáttúrlegt fyrirbæri, heldur rökrétt afleiðing rangrar stjórnarstefnu og sinnuleysis og mistaka í framkvæmd. Örlagaríkasta orsökin fyrir því, hvernig komið er, er það, sem ég gat um áðan, það atriði stefnunnar, sem hæstv. ríkisstj. hefur ævinlega verið trú, en það er dýrtíðarstefnan: að takmarka kaupgetuna með því að tryggja það, að kaupið hækki ekki meira en verðlagið, heldur frekar öfugt. Uppbótastefnan, sem kölluð var, eða uppbótakerfin voru fordæmd á sínum tíma, en þau voru aldrei yfirgefin, eins og hv. 10. þm. Reykv. gat um hér áðan. Þeim var haldið áfram, og nú á að blása þau upp til þess að reyna að leysa til bráðabirgða þau vandamál, sem skapazt hafa af viðreisninni.

Ég skal ekki hafa þessar almennu hugleiðingar öllu lengri, en snúa mér að því að ræða um nokkur atriði frv. efnislega og gera grein fyrir brtt., sem við flytjum, minni hl. fjhn., hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég.

1. gr. í frv., eins og það liggur fyrir Ed., er um uppbætur til frystihúsanna. Ef þær kauphækkanir, sem urðu í des., hefðu ekki á neinn hátt verið bættar, hefði það skv. þeirri túlkun, sem ríkjandi er á lögum um verðlagsráð, orðið til þess að lækka fiskverðið. Það var þess vegna frá sjónarmiði þessarar túlkunar ekki óeðlilegt, að oddamaður í verðlagsnefnd tók inn í sína útreikninga fyrirheit hæstv. ríkisstj. um stuðning við þessa atvinnuvegi og reiknaði 30 aura á kg inn í fiskverðið. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, felast efndir ríkisstj. á því fyrirheiti, sem hún gaf, og þær eru með þeim hætti, að útflutningsgjaldið er lækkað sem svarar til u. þ. b. 10 aura á hvert hráefniskg. En 43 millj., sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., eiga þá að bæta hina 22 aurana, því að 32 aurar er þetta allt sagt vera á hráefniskíló.

Að þessu athuguðu er satt að segja einkennilegt að lesa svo í frv., að þessari fjárhæð, 43 millj., skuli verja til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Ég veit ekki, hvaða tilgangi það þjónar að vera

að gefa í skyn, að þetta fé sé hægt að nota til tvenns í einu. Þessir peningar eru ætlaðir til að borga 22 aura á fiskkg, og þeir geta þess vegna ekki komið að verulegu gagni til að auka framleiðni eða bæta aðstöðu í hraðfrystihúsunum. Það hefur einnig upplýstst í meðferð þessa máls, m. a. af hv. form. fjhn. Nd. á sameiginlegum fundi fjhn. deildanna, að gert sé ráð fyrir því, að öll frystihúsin fái af þessu framlagi í einhverju hlutfalli við sína framleiðslu, og þá liggur ljóst fyrir, að hér er um verðuppbætur að ræða. Framleiðnimálin eru góðra gjalda verð og þeim verður að sinna. En þeim verður að sinna með raunhæfari ráðstöfunum en þeim að segja, að uppbætur til að greiða fyrir fisk geti orðið til að borga ráðstafanir frystihúsanna til aukinnar framleiðni. Raunhæfari ráðstafanir í þessum efnum vil ég leggja áherzlu á að gerðar séu. Ég vil í því sambandi leyfa mér að minna á, að fyrir þessari hv. d. liggur frv. um framleiðnilánasjóð, flutt af okkur nokkrum framsóknarmönnum, sem ég mundi vilja láta í ljós von um, að d. sæi sér nú fært að láta fá eðlilega meðferð, en það hefur legið mánuðum saman óhreyft.

En það er ekki bara fé, sem þarf til að auka framleiðnina. Það þarf líka menn með þekkingu og nægilega menntun til að geta sagt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir. Og eitt af því, sem æskilegt væri að fá gert í þessu efni, er að fá komið á fót fiskiðnskóla, eins og till. liggur fyrir um í Sþ., og raunar var svipuð till. flutt sem brtt. við þetta frv. í hv. Nd., en var þar felld af einhuga stjórnarliði, og höfum við því ekki séð ástæðu til að endurflytja hana hér í Ed. En ef nú svo færi, að hægt væri að nota eitthvað af því fé, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., til þess að afla véla eða tækja, t. d. til þess að auka framleiðni, þá mundi ríkissjóður væntanlega fá um þriðjung af peningunum til baka í tollum á þessum nauðsynlegu vélum og tækjum. Ég segi þetta til að benda á og undirstrika þá skoðun, sem raunar hefur komið fram hjá mörgum öðrum en mér í seinni tíð, að það er í rauninni fráleitt, að við skulum leggja háa tolla á vélar og tæki til okkar útflutningsiðnaðar.

Við höfum gert brtt. við þessa grein, sem ég skal þó ekki ræða um nú, heldur kem ég lítið eitt að því síðar, þegar ég ræði um brtt. okkar allar í einu. En ákvæði 2. gr. í frv., eins og það liggur fyrir, gefur mér tilefni til nokkurra aths. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði aflatryggingasjóði 51 millj., sem úthluta skal til togara, sem gerðir voru út á árinu 1963, og að því er virðist jafnvel til þeirra, sem ekki eru gerðir út 1964, og einnig er heimilt að úthluta af þessu til togara, sem ekki voru gerðir út 1963, ef þeir væru gerðir út á árinu 1964. Þetta er nú dálítið hlálegt, en ég skal ekki fara frekar út í það, heldur langar mig að fara nokkrum orðum um þær ástæður, sem tilfærðar eru til þess, að togararnir þurfi þennan stuðning, sem ég ætla mér þó alls ekki að vefengja að þeir þurfi. Það er sagt, að höfuðástæðurnar séu tvenns konar: annars vegar úrelt vinnubrögð í skipunum og hins vegar minnkuð aflabrögð, og er þá m. a. látið að því liggja, að ein af orsökum þeirra sé útfærsla landhelginnar. Í sambandi við fyrra atriðið dettur mér í hug, að það sé næsta einkennilegt, að þar sem talið er, að úrelt vinnubrögð séu ein af orsökunum fyrir erfiðleikum togaranna, skuli þeirra framlag ekki vera bundið neinu skilyrði um framleiðsluaukningu, en hins vegar þeim, sem fá sitt framlag til að standa undir fiskverðinu, er gert að skilyrði, að þeir skuli gera ráðstafanir til framleiðniaukningar. Það hefði óneitanlega átt betur við í sambandi við togarana. En út í það skal ekki farið lengra að sinni.

Þá er það hitt atriðið, sem ég get ekki látið hjá liða að fara hér um nokkrum orðum, og það er, þegar sagt er, að togararnir eigi að fá bætur fyrir það, að við höfum fært út landhelgina. Togararnir voru aldrei keyptir til að veiða á þeim slóðum, þar sem nú er landhelgin. Þessir togarar voru keyptir aðallega til að sækja á fjarlægari mið, enda eru þeir mjög óhentug tæki til að nota á nálægum miðum, en einmitt þessi nálægu mið eru þau, sem verða bezt nýtt með bátaflotanum og raunar ekki fullkomlega nýtt á neinn annan hátt en með bátum, sem skila aflanum fullkomlega nýjum og ferskum í land. Eigi að síður hefur sú stefna verið ofan á nú um árabil að láta bátana borga í gegnum aflatryggingasjóð stórar fúlgur árlega til togaranna. Þetta er auðvitað hlálegt fyrirkomulag og þeim mun fjarstæðara, sem málum er nú þannig komið, að ríkissjóður þarf að borga bátunum uppbætur. En mér telst svo til, að af þeim uppbótum, sem bátaflotinn fær, verði nær helmingur, sem fer gegnum aflatryggingasjóðinn til togaranna, ef framvindan verður svipuð og verið hefur í aflatryggingasjóði á undanförnum árum. Mér virðist, að þessar hugleiðingar styðji mjög þá till., sem raunar hefur komið fram hér á hv. Alþingi, að nú sé fyllilega tímabært að endurskoða löggjöfina um aflatryggingasjóð í grundvallaratriðum.

Ég vil láta í ljós von um, að þær 4 millj., sem gert er ráð fyrir í þessari gr. að renni til fiskleitar í þágu togaranna, megi verða drjúgar, og hér er um að ræða raunhæfan stuðning, sem ástæða er til að fagna.

Síðasta ákvæði þessarar gr. fjallar svo um 6% hækkun á fiskverðinu, og það er ekki að ófyrirsynju, að slík till. er borin fram, þó að það sé ekki hægt að segja, að þarna sé um neina ofrausn að ræða hjá hæstv. ríkisstj. og það hefði þurft að vera hægt að hækka fiskverðið meira, og höfum við í þeim tilgangi gert till. um að lækka vaxtakostnaðinn og láta sparnaðinn, sem af því leiðir, ganga til hækkunar fiskverðsins.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um 3. gr. þessa frv., sem fjallar um útflutningsgjöldin. Útflutningsgjöldin eru og hafa verið allt of há. Það er meiningarlaust að skattleggja útflutningsframleiðsluna með þessum hætti. Útflutningsgjöldin þurfa að lækka verulega.

Það er líka alveg óeðlilegt, að ríkið taki að

sér skattheimtu til að borga ákveðna kostnaðarliði fyrir útgerðina, eins og t. d. vátryggingargjöldin, og a. m. k. verður að gera þá kröfu, að sé það gert, þá gangi ríkisvaldið úr skugga um, að þessum vátryggingum sé fyrir komið með sem allra hagstæðustum hætti, en í umr. hér á hv. Alþ. hafa hvað eftir annað verið leidd að því rök, sem ég skal þó ekki fella neinn dóm um, að hve miklu leyti eru rétt, en það hafa verið leidd að því rök, að þetta fyrirkomulag vátrygginganna sé með mjög dýrum og óhentugum hætti.

Ég vil svo í sambandi við þetta vekja athygli á því, að útflutningsgjaldið, eins og það er innheimt, miðað við útflutningsverðmæti, er í raun og veru skattur á vinnu, sem unnin er í landinu, og meiri ástæða væri til að leggja útflutningsgjaldið á þunga, og kem ég aðeins að því að nefna það síðar.

Ég þarf ekki að ræða neitt um 4. gr., en 5. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að söluskattur hækki úr 3% og upp í 5½%. Stuðningurinn, sem gert er ráð fyrir við sjávarútveginn, kostar 180 millj. kr. á ári. Hæstv. ríkisstj. notar svo tækifærið til að leggja skatta á fyrir ýmsu fleiru í leiðinni. Hún hefur aldrei verið smátæk í þeim efnum og vill nú innheimta nýja skatta, sem nema nærri 300 millj. kr. á ári. En ríkissjóð vantar ekki fé. Það er allt útlit fyrir, að á þessu ári verði framhald á því, sem verið hefur undanfarin ár, að greiðsluafgangar haugast upp í ríkissjóði. Það er nýjung, sem hér er á ferð, að verið er að leggja á nýja skatta, án þess að ríkissjóð vanti fé. Þetta er framhald stefnunnar um að tryggja það, að kaupgetan aukist ekki. Þetta er framhald dýrtíðarstefnunnar, og með þeirri skattlagningu, ef að lögum verður, hefst ný umferð á dýrtíðarhjólinu. Samningar við launastéttirnar í landinu eru lausir eftir 4—5 mánuði, og ég veit það, að hæstv. ríkisstj. gengur ekki að því gruflandi, að launastéttirnar munu leitast við að tryggja hagsmuni sína gagnvart hækkandi verðlagi. Ég veit ekki, hvar hæstv. ríkisstj. heldur að þetta mál endi, ef svona er haldið áfram.

Það eru í þessum málum núna tímamót. Ríkissjóður hefur sýnilega efni á því að taka á sig það, sem þessi bráðabirgðalausn kostar, og að gera það er eina vonin til þess, að nauðsynlegar sættir á vinnumarkaðnum geti tekizt. Af þessum ástæðum er það óhugsandi, að við framsóknarmenn getum fallizt á þessa hækkun, eins og nú standa sakir, þegar tekjuafgangur og greiðsluafgangur hrúgast upp hjá ríkissjóði.

Ég vil svo fara nokkrum orðum um 6. gr., sem felur í sér frestun á þeim framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í fjárl. Hér er um að ræða hreina hallærisráðstöfun, sem felur í sér að ómerkja það, sem Alþ. var að ganga frá í fjárl. fyrir 5 vikum. Ríkisstj. er þá í sjálfsvald sett, hvað af því hún vill framkvæma, hvort hún vill nokkuð af því framkvæma og hvort hún vill eitthvað af því framkvæma og þá hvað. Slíka samþykkt getur hv. Alþ. ekki gert, eins og nú standa sakir. Til þess er ekki tilefni.

Það er vissulega eðlilegt, að reynt sé að hafa einhverja eðlilega stjórn á fjárfestingarmálum. Í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem mikið er ógert og margt þarf að gera, er ekki hægt að gera allt í einu, eitthvað verður að víkja. Hér í landinu á sér stað nú um þessar mundir hóflaus verðbólgufjárfesting. En það er ekki hún, sem er ætlað að víkja. Nei, það eru skólarnir, sem eiga að víkja, sjúkrahúsin, vegirnir, brýrnar, hafnirnar, þetta á að víkja, ef eitthvað þarf að víkja.

Það er vissulega nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, ekki með fullyrðingum um skoðanir annarra, stóryrðum og furðulegum málflutningi, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, — það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að við verðum að hafa stjórn á fjárfestingunni og við verðum að finna skynsamlegar leiðir til að gera það. Það verða ekki fundnar leiðir í þeim efnum með því að gera andstæðingum sínum upp skoðanir og fara gífuryrðum um það, að þeir vilji halda uppi spillingu í þjóðfélaginu, heldur verður þetta gert með því að kryfja vandamálið til mergjar og leita að þeim leiðum, sem tryggðu hagsmuni þjóðfélagsins sem bezt án þess að ganga á frelsi og rétt einstaklinganna meira en frekasta nauðsyn krefur. Áður gerðust þessir hlutir með þeim hætti hér á landi, að það úthlutað af opinberum aðilum leyfum til að ráðast í fjárfestingu á svipaðan hátt og enn er gert í sumum nágrannalöndum okkar, t. d. Noregi og Danmörku. Hér voru það pólitískar nefndir, sem sáu um þessa úthlutun fjárfestingarleyfa og raunar gjaldeyrisleyfa líka og skömmtun verðlags einnig. Það hefur margt verið sagt ljótt um þá spillingu, sem sumir hafa talið að hafi þróazt í sambandi við þetta, og ég verð að segja, að fyrir nýliða í pólitík eins og mig var það nokkuð forvitnilegt að heyra mann, sem um langa hríð hefur verið í fremstu röð í forustuliði stærsta stjórnmálaflokks landsins, sem fulltrúa hefur átt í öllum slíkum nefndum, og mann, sem sjálfur hefur átt sæti í n. af þessu tagi, gera starfsemi þeirra að umræðuefni, en það gerði hv. 10. þm. Reykv. í ræðu, sem hann flutti við 2. umr. frv. um launamál hér í hv. d. í nóvembermánuði, og kom raunar verulega inn á þessi atriði hér áðan í ræðu sinni, þegar hann var að gera okkur framsóknarmönnum upp þær skoðanir, að við vildum umfram allt taka upp slík vinnubrögð á nýjan leik, en þá sagði hv. 10. þm. Reykv. um þessa hluti eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta, — hann var aðallega að ræða um gjaldeyrisleyfi, en að sjálfsögðu gilda sömu sjónarmið um úthlutun annarra leyfa, sem kaupsýslumenn hafa hagsmuni af að fá, svo sem í sambandi við verðlag og fjárfestingu og því um líkt, — hv. 10. þm. Reykv. sagði orðrétt:

„En eftir einhverjum reglum verður að fara við úthlutun gjaldeyrisleyfa. Til þess að gera

málið ekki of flókið hafa þær n., sem að þessu hafa unnið, sett sér vissar reglur, svo sem þær, að eitthvert fyrirtæki eigi rétt á því að fá vissan innflutningskvóta, eins og það er kallað o. s. frv. En að því leyti sem þær reglur nægja ekki til að leysa þau vandamál, sem þessar n. standa gagnvart, þá er það nú einu sinni þannig, að í þessum n. eiga sæti fulltrúar stjórnmálaflokkanna, og hver einstakur þessara fulltrúa telur það fyrst og fremst sitt verkefni að gæta þess, að hagsmunir fyrirtækja og einstaklinga, sem styðja hans flokk, séu ekki fyrir borð bornir."

Þetta sagði hv. 10. þm. Reykv. þá, og hann hélt áfram:

„Síðan er svo samið um það milli nm., hvernig úthluta skuli bílum o. s. frv., þar sem hver mælir með þeim, sem hann veit að eru hans flokksmenn, og eftir þeim leiðum eru vandamálin leyst. Það gefur auga leið," sagði hv. 10. þm. Reykv., „að fyrir utan þá spillingu, sem þetta fyrirkomulag býður heim, hefur þetta ekki heppileg áhrif á efnahagsvöxt þjóðarinnar, því að þótt fyrirtæki greiði í sjóð einhvers flokks eða jafnvel í sjóði fleiri flokka til þess að tryggja sig alveg, þá er það ekki víst, að þetta sama fyrirtæki geri sem hagstæðust innkaup."

Þetta voru orð hv. 10. þm. Reykv. við 2. umr. hér í Ed. um frv. til l. um launamál, sem hér var til meðferðar í nóvembermánuði s. l., og hér talar vissulega sá, sem ekki verður vefengdur, og mér virðist þessi yfirlýsing hans, sem ég hlustaði á með mikilli athygli, hafa haft þau áhrif á mig, að ég hef fjarlægzt það enn meir að vilja fela n. af því tagi, sem hann þarna ræðir um, og sérstaklega á vegum núv. stjórnarflokka, slík völd sem þarna er um að ræða.

En það eru vissulega fleiri leiðir til til þess að hafa áhrif á fjárfestinguna í landinu. Hv. 10. þm. Reykv. hlýtur að gera sér ljóst, að það eru ýmsar aðrar leiðir til til þess að hafa opinbera stjórn á fjárfestingunni. Ég skal bara nefna eitt dæmi, ekki vegna þess að ég telji, að það sé æskilegt, heldur bara til að benda á það, hvernig Svíar hafa snúizt við því vandamáli, þegar þeim þótti í haust vera of mikil eftirspurn eftir vinnuafli og vera að skapast þau þenslumerki á þeirra þjóðfélagi, sem þeir töldu mjög óæskileg. Ég er hér með fréttabréf frá Skandinaviska bankanum í Svíþjóð, þar sem segir frá því, að það hafi verið ákveðið í októbermánuði s. l., að á tímabilinu frá 1. nóv. og til mánaðamótanna febrúar—marz 1964 væri óheimilt að byrja á nokkurri nýrri fjárfestingarframkvæmd í Svíþjóð. Þessi ákvörðun mun vera byggð á gamalli lagaheimild frá því á stríðsárunum. Ég er ekki að segja, að það væri hæfilegt að fara nú að á sama hátt hér, en ég vildi þó vekja athygli manna á því, að það eru ýmsar leiðir til til þess að hafa hemil á fjárfestingu í landinu. Og það er auðvitað líka rétt að benda á það, að þó að Svíar hafi sett á þarna algera fjárfestingarstöðvun, þá er vel hugsanlegt að flokka fjárfestingu í ýmsa flokka og leggja áherzlu á það, sem þjóðarheildinni er nauðsynlegt.

En á þessu máli verður að taka af alvöru. Þetta er alvörumál, og það þarf að skoða þetta mál vandlega og leita að leiðum, eins og ég gat um áðan, sem kæmu þjóðfélagsheildinni að gagni, án þess að rýra rétt og frelsi einstaklinganna meir en frekasta nauðsyn býður.

Ég skal nú ljúka máli mínu með því að gera í örstuttu máli grein fyrir þeim brtt., sem við flytjum, hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, sem minni hl. fjhn.

Í fyrsta lagi flytjum við brtt. um það, að bæturnar, sem um ræðir í 1. gr., nái einnig til framleiðslu skreiðar og saltfisks, og í því skyni að rýra ekki bæturnar til frystihúsanna höfum við þá lagt til, að framlagið verði hækkað í 60 millj. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda hafa skrifað fjhn. Nd. bréf, þar sem þessi samtök rökstyðja nauðsyn þess, að þessu sé breytt á þennan veg, og þar sem þessi gögn liggja fyrir hér á hv. Alþingi, skal ég ekki rekja þau frekar, aðeins skýra frá því, að við í minni hl. fjhn. höfum fallizt á þessi sjónarmið og leggjum því fram brtt. í þessa átt.

Enn fremur er með þessu frv., sem hér liggur fyrir, farið inn á þá leið að viðurkenna í grundvallaratriðum sjónarmið séruppbóta, uppbóta til þeirra, sem erfiðara eiga, en ekki eitt gengi fyrir alla, eins og hv. 10. þm. Reykv. mundi hafa orðað það. Með því að þetta grundvallarsjónarmið er viðurkennt, teljum við eðlilegt, að þær fiskiðnaðarstöðvar, sem hafa erfiðasta sérstöðu vegna þess hráefnis, sem þær þurfa að nýta, en á hinn bóginn þurfa nauðsynlega að vera reknar vegna þess byggðarlags, sem hlut á að máli, fái séruppbætur á sumarveiddan fisk. Þetta er gamalt mál, sem þarna er um að ræða, og þarf ekki að eyða löngu máli í að gera grein fyrir því.

Enn fremur teljum við ekki eðlilegt, að fé því, sem um ræðir í 1. gr., sé úthlutað af stofnlánadeild sjávarútvegsins. Það hafa verið borin fram ýtarleg rök fyrir því, af hverju við erum þessarar skoðunar, m. a. við umr. málsins í Nd., og ég geri ráð fyrir, að hv. dm. sé þetta kunnugt. Við höfum þess vegna hugleitt það að finna annan aðila til að úthluta þessu fé, og e. t. v. hefði verið eðlilegt að leggja til, að það væri gert af þingkjörinni n., en við komumst að þeirri niðurstöðu, að rétt mundi að leggja til, að stjórn atvinnubótasjóðs úthlutaði þessu fé, enda hefur hún aðstöðu til að kanna skilyrði hinna einstöku framleiðenda og skilyrði til að þekkja þau til hlítar.

Í fjórða lagi leggjum við til, að efni 5. og 6. gr. falli burt, og ég er búinn að gera grein fyrir ástæðunum til þess.

Í fimmta lagi leggjum við til, að afurðalánin verði hækkuð upp í 67% og vextirnir verði færðir í það horf, sem þeir voru fyrir viðreisn, en sá sparnaður fyrir fiskframleiðendur, sem þetta mundi hafa í för með sér, yrði notaður til að hækka fiskverðið.

Í sjötta lagi leggjum við til, að sett verði

bráðabirgðaákvæði um það, að ákvæði 3. gr. um útflutningsgjald verði endurskoðað. Endurskoðunin skal miðuð við það að breyta gjaldinu þannig, að það verði miðað við þunga útfluttra sjávarafurða í stað verðmætis og jafnframt lækkað verulega. Þetta er till., sem hv. 4. þm. Reykn. bar fram í hv. Nd. og mér virðist ganga í mjög rétta átt. Eins og ég var að gera grein fyrir áðan, erum við að skattleggja vinnulaunin við útflutningsframleiðsluna með því fyrirkomulagi, sem núna er, og það verður að teljast mjög óhentugt.

Í sjöunda lagi gerum við svo þá till., að aðalefni þessa frv. verði það að endurskoða allt efnahagskerfið frá rótum í því skyni að rannsaka vandamálin til hlítar, að það verði skipuð 8 manna n., 2 frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra, til þess að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar og leita samkomulags um aðkallandi ráðstafanir í þeim efnum, er miði að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda atvinnulífinu í fullum gangi, auka framleiðni og framleiðslu og tryggja öllu vinnandi fólki viðunandi tekjur fyrir hæfilegan vinnutíma.

Það ríður nú mest á því að koma í veg fyrir nýja umferð dýrtíðarhjólsins, sem óhjákvæmilega mundi skapast, ef nú yrðu lagðar á nýjar álögur, sem næmu 300 millj. kr. miðað við eitt ár. Það, sem ríður mest á nú fyrir okkur Íslendinga, er að skapa okkur vinnufrið í landinu. Stuðningurinn, sem hér er gert ráð fyrir við sjávarútveginn, kostar innan við 4 millj. kr. á viku. Þó að því sé haldið fram af hv. stjórnarliðum, að ríkissjóður geti ekki borið allar þær 180 millj., sem þessi stuðningur kostar yfir árið allt, þá verður því ekki haldið fram með neinni sanngirni, að það setji ríkissjóð á höfuðið eða í nokkra hættu um greiðsluhalla, þó að beðið sé, meðan sú athugun, sem hér er lögð til, fer fram og gengið er úr skugga um það, hvort grundvöllur er fyrir viðtæku samkomulagi um nýjar leiðir í efnahagsmálum.

Viðreisnin er komin í þrot. Hæstv. forsrh. orðaði þetta þannig, — ég held ég fari rétt með það, að hann sagði, að þetta frv. ætti að firra vandræðum í bili. Álögur upp á 300 millj. kr. á ári eru engin lausn á þessum vanda, þær eru aðeins upphaf nýrra vandræða. Þess vegna bið ég hv. þm. stjórnarflokkanna um að hugleiða þetta mál enn einu sinni vandlega. Ég bið þá um það að fella 5. og 6. gr. burt úr frv., samþykkja þá athugun á efnahagsmálum þjóðarinnar, sem við leggjum til að gerð verði. Þeir hafa það alltaf á valdi sínu að taka málið aftur og samþ. 5. og 6 gr., ef ekki fæst niðurstaða af þeirri athugun.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. mjög með því að fara að ræða hér mikið um stefnu hæstv. ríkisstj. almennt, eins og frv. það, sem hér liggur fyrir, gefur þó óneitanlega töluvert tilefni til. Því hefur áður verið lýst rækilega af ræðumönnum úr röðum stjórnarandstöðunnar, hversu ljós vottur þetta frv. er um þá staðreynd, að viðreisnarstefnan svokallaða hefur mistekizt. Þær varanlegu lagfæringar á efnahagskerfinu, sem hæstv. núv. ríkisstj. boðaði og boðaði með miklu brauki og bramli í árdögum valdaferils síns, hafa látið á sér standa og eru nú fjær því að verða að veruleika en nokkru sinni. Hin nýja samræmda efnahagsmálastefna, viðreisnarpólitíkin í heild sinni, sem átti að verða framleiðslunni hin styrkasta stoð og bera því meiri ávöxt sem lengri tímar liðu, er nú að sliga aðalútflutningsatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, eftir að hafa valdið landbúnaðinum þungum búsifjum. Og nú er gripið til þess ráðs að koma á nýju umfangsmiklu styrkjakerfi sjávarútveginum til handa, einmitt því kerfi, sem viðreisninni var talið sérstaklega til gildis að hafa afnumið að mestu leyti. Nú er líka minni völlurinn á hv. stjórnarherrum en var fyrir 4 árum, þegar þeir börðu bumbur og blésu í lúðra til að vekja sem allra mesta athygli á viðreisnarpólitíkinni sinni, þessari varanlegu lausn efnahagsmálavandans. Nú játa hæstv. ráðh. og aðrir talsmenn stjórnarflokkanna hreinskilnislega, að þær ráðstafanir, sem ætlunin er að gera til að forða sjávarútveginum frá algeru strandi, séu bráðabirgðaráðstafanir hins vegar og hinar minnstu, sem komizt verði af með, eigi að verða hægt að bægja voðanum frá á líðandi stund.

Þetta er virðingarverð hreinskilni og ólíkt geðfelldari en hinn gamli falski söngur um ágæti viðreisnarinnar og frambúðarlausnina, sem hún átti að færa þjóðinni á vanda efnahagslífsins. Hitt hefði að vísu verið karlmannlegra, að játa nú af fyllstu hreinskilni, að viðreisnarpólitíkin hefði verið villuljós, ljósið sem hvarf, og taka síðan afleiðingum þeirrar játningar, breyta gagngert um stefnu. En það er nú einu sinni mannlegur veikleiki að tregðast við að játa skyssur sínar, svo að hæstv. núv. ríkisstj. er í þessu efni nokkur vorkunn. Hitt má þó ekki gleymast, að óvíða getur verið afdrifaríkara að elta mýrarljós en á vettvangi mikils háttar þjóðmála, þegar um er að ræða sjálfa meginstefnuna í efnahagspólitík heils ríkis. Og fyrr eða síðar munu staðreyndirnar knýja fram þá játningu af allra vörum, að viðreisnardraumurinn hafi endað í martröð. Því fyrr sem menn vakna upp af martröð, því betra.

Ég get ekki látið hjá líða að víkja lítils háttar að tveim eða þrem atriðum, sem hæstv. forsrh. gerði að umræðuefni við 1. umr. málsins í þessari hv. d. í gær. Það var hógvær ræða hjá hæstv. ráðh. og málefnaleg, þótt út af brygði einu sinni eða svo. Ég á þar sérstaklega við þau ummæli hans, að aðstoðin við sjávarútveginn nú, sú sem felst í þessu frv., væri að langmestu leyti bein afleiðing þeirra kauphækkana, sem hér urðu í desembermánuði s. l. Með þessari staðhæfingu, sem fram er sett án alls samhengis við það, sem á undan var gengið í verðlags- og kaupgjaldsmálum, getur tilgangurinn ekki verið annar en sá að reyna að skella skuldinni fyrst og fremst á verkalýðshreyfinguna. Þetta eru í hæsta máta ómak-

leg ummæli, og ég er satt að segja steinhissa á hæstv. forsrh., ef það hefur verið og er meining hans að kenna verkalýðsstéttunum um það sérstaklega og fyrst og fremst, að nú er talið óhjákvæmilegt að taka upp bótakerfi í allstórum stíl sjávarútveginum til handa. Það er sannarlega mál til komið, að ábyrgir og vel viti bornir stjórnmálamenn, þaulkunnugir sögu verðlagsþróunar síðustu ára, leggi niður þann óvanda að fara með svo staðlausa stafi.

Það er raunar ekki hæstv. forsrh. einn, sem gerir sig sekan um þetta, heldur flestir málsvarar ríkisstj. og þó alveg sérstaklega blöð hennar, sem reyna að læða að þeirri skoðun, að kauphækkanirnar séu jafnan orsök og undirrót verðhækkana, en sjaldan eða aldrei afleiðingar þeirra. Þegar dýrtíðarskrúfa er í fullum gangi, má vitanlega þjarka um það nokkurn veginn endalaust, hvað sé orsök og hvað afleiðing, og oftast verður uppskeran næsta lítil af slíkum og þvílíkum þrætumálum. En þegar sýna má fram á það með ljósum tölum, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði hér við umr. í gær, að kaupmáttur verkamannakaups hefur verulega rýrnað síðustu árin þrátt fyrir aukið vinnuálag, er erfitt að halda fram sem rökum, að vöxtur verðbólgunnar sé afleiðing þess, að verkamenn hafi fengið of mikið í sinn hlut. Séu þessi mál því skoðuð í samhengi við þróun efnahagslífsins í heild og metin af sanngirni, verður niðurstaðan sú, að hækkun tímakaups í krónutölu hefur verið knúin fram af illri nauðsyn og þó ekki af meira offorsi en svo, að einungis hefur nægt hverju sinni til að vega upp hluta þeirrar kjaraskerðingar, sem áður var fram komin. Hin raunverulega sök liggur því ekki hjá þeim, sem stjórnarsinnarnir vilja hér vera láta. Við skulum játa það hreinskilnislega, að aðstoðin við sjávarútveginn nú stafar ósköp einfaldlega af því, að ekki hefur tekizt að halda dýrtíðinni í skefjum. Svo getum við haldið áfram að deila um það endalaust, hvort stöðvun verðbólgunnar hafi mistekizt þrátt fyrir ágæti viðreisnarstefnunnar á ýmsum sviðum, eins og stjórnarsinnar vilja vera láta, eða vegna ágalla hennar og agnúa, eins og stjórnarandstæðingar telja. Hæstv. forsrh. væri það vissulega til sæmdar, en ekki vansa, ef hann við nánari athugun teldi ástæðu til að leiðrétta eða skýra þau ummæli sín frá í gær, sem naumast urðu skilin á annan veg en þann, að kauphækkanirnar í des. einar og út af fyrir sig væru orsök þess, að sjávarútvegurinn þarf nú aðstoðar við.

Eitt af ákvæðum þessa frv., eins og það liggur nú fyrir, er það, að ríkisstj. skuli heimilað að greiða 6% viðbót við það ferskfiskverð, sem ákveðið var með úrskurði 20. jan. s. l. Þetta ákvæði var ekki í upphaflega frv., en var fellt inn í það við meðferð málsins í hv. Nd. Hér er ætlunin að bæta sjómönnum og útvegsmönnum það dálítið upp, að fiskverð til þeirra var ákveðið nákvæmlega hið sama og gilti hið fyrra ár. Um þessa ráðstöfun, þótt væntanlega verði hún til einhverra bóta, gilda því miður að verulegu leyti orðin: of lítið og of seint. Það hefði strax orðið hálfu meira gagn, jafnvel að þessari fremur litlu hækkun fiskverðs, hefði hæstv. ríkisstj. tilkynnt þá fyrirætlun sína þegar í kjölfar eða jafnhliða því, sem úrskurðurinn um fiskverðið var birtur opinberlega. Slík tilkynning hefði dregið eitthvað úr þeim mikla óhug, sem setti að fiskimönnum, þegar þeim var frá því skýrt, að þeir svo að segja einir allra stétta ættu að fá holskeflu dýrtíðarinnar yfir sig af fullum þunga. Og hefði hæstv. ríkisstjórn tekið það ráð að beita sér strax fyrir 12—15% hækkun á fiskverði, tel ég vafalaust, að hægt hefði verið að firra vandræðum, sem nú blasa því miður við á næsta leiti. En eins og málum er komið í dag, eru allar horfur á, að verulegur hluti vertíðarbáta fari ekki á vetrarvertíð, annaðhvort alls ekki eða þá ekki fyrr en seint og síðar meir, ýmist vegna þess að útvegsmenn treysta sér ekki til að gera bátana út eða fá ekki á þá skipshafnir. Ég er hræddur um, að 6% uppbót þyki of lítil til að breyta viðhorfunum nægilega mikið, sérstaklega þar eð ekki kemur fram till. um þessa uppbót, fyrr en hálfgert upplausnarástand hefur skapazt á flotanum. Og hvort sem það er nú rétt eða ekki, þá býst ég við, að margir trúi því, að ríkisstj. hafi enga fiskverðshækkun ætlað að bjóða, einungis látið undan, þegar hún sá, að allt var að komast í óefni.

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum, að miklu máli skiptir fyrir þjóðarbúskapinn, hvort út er gerður á vertíð hverri þorri bátaflotans eða einungis hluti hans. Það mun láta nærri, að 600 tonn af fiski megi teljast meðalafli á vetrarvertíð. Utflutningsverðmæti þess afla eru röskar 2 millj. kr. Afli 50 báta gerir sem sagt yfir 100 millj. kr. Nú mundi hið þjóðfélagslega tap ekki vera jafnmikið á bát, eins og þessar tölur benda til, en það yrði mikið samt, allt of mikið. Það gefur því auga leið, að hér er verulegt vandamál á ferðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur engan veginn snúizt við á nógu skjótan og nógu raunhæfan hátt.

Um það hefur verið mikið deilt, sérstaklega í blöðum nú að undanförnu, hvort úrskurður formanns verðlagsráðs sjávarútvegsins, þar sem hann einn kvað á um óbreytt fiskverð, sé lögmætur eða ekki. Ég mun ekki blanda mér í þær deilur. Hæstv. forsrh. og fleiri lögfróðir menn telja þennan úrskurð fyllilega lögmætan. Aðrir, þ. á m. lögfræðingar, draga það í efa. E. t. v. verða dómstólar látnir skera úr um þetta. En þó að það verði gert og hvernig sem sá dómur kynni að falla á sínum tíma, breytir það ekki þeirri staðreynd, að örlög vetrarvertíðar þessu sinni ráðast í mikilvægum efnum næstu daga eða allra næstu vikur. Viðfangsefnið er því að koma flotanum af stað nú, ekki aðeins hluta hans, heldur sem allra flestum vertíðarskipum.

Þess hefur orðið nokkuð vart, að margir eru þungorðir og jafnvel stórorðir í garð þess manns, sem tók að sér það örðuga hlutverk að gegna formannsstörfum í verðlagsráði sjávarútvegsins, þess manns, sem kvað upp úrskurðinn um hið óbreytta fiskverð. Slíkt hnútukast í hita

dagsins kann að vera skiljanlegt, en ekki held ég, að það sé maklegt. Svipuð hrið var ekki alls fyrir löngu gerð að oddamanni í verðlagsráði landbúnaðarins, manni, sem allir, er til þekkja, vita, að er gæddur fágætri samvizkusemi, réttsýni og drenglund. Ég þori að fullyrða, að hvorki þá né nú sé um það að ræða, að viðkomandi embættismenn hafi ekki reynt af fremsta megni að taka tillit til mismunandi sjónarmiða og ástunda réttdæmi. Hitt er svo annað mál, hvort menn telja í hverju slíku tilfelli, að af hálfu löggjafans hafi verið tekið nægilegt tillit til allra atriða, þegar upp var talið það, sem við skyldi miða og byggja forsendur og dóma á. Það ætla ég, að í sambandi við verðlagsráð sjávarútvegsins þurfi sum atriði endurskoðunar við.

Í upphafi 1. gr. þessa frv. segir, að ríkissjóður leggi fram á árinu 1964 43 millj. kr., er verja skuli til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Því var varpað fram hér í þessum umr., m. a. í gær, að ákvæðið um framleiðniaukningu og endurbætur á fiskframleiðslu muni vera orðagjálfur eitt í þessu frv., eins konar slaufa, eins og Laxness mundi líklega orða það. Þetta standi einungis þarna af því, að hæstv. ríkisstj. þætti í því dálítið punt, þegar hún væri að fara inn á uppbótaleiðina, sem hún hefði áður fordæmt og viðreisnin átti að afnema í eitt skipti fyrir öll. Ég vil ekki alveg að óreyndu væna hæstv. ríkisstj. um þetta. Ég vil mega treysta því, að full alvara sé að baki þessa ákvæðis, sem ég tel vera mjög athyglisvert. Ég þykist vita, að hæstv. ríkisstj. sé þarna að benda á og undirstrika það, sem allir eru sammála um, að varanlegasta leiðin til aukinnar hagsældar sé meiri framleiðni, þ. e. hagkvæmari vinnubrögð, bætt framleiðsla með minnkandi tilkostnaði á verðmætiseiningu. Hitt er svo rétt, að í frv. sjálfu eru ekki frekari ákvæði um það, á hvern hátt fénu skuli úthlutað til þess að ná þessu sérstaka, yfirlýsta markmiði. En þar sem það samkv. skýrum ákvæðum frv. er eina, aleina forsendan fyrir því, að þessi 43 millj. kr. styrkur skuli veittur hraðfrystihúsunum, hlýtur maður að ætla, að tilgangurinn sé sá að setja um þetta eins glögg og ótvíræð ákvæði og við verður komið í þeim úthlutunarreglum, sem sjútvmrn. er ætlað að setja. Ég vil leggja mjög ríka áherzlu á þetta, því að ég tel, að ákvæðið um, að styrkurinn skuli renna til framleiðniaukningar, sé eitt hið allra jákvæðasta í þessu frv. Það fer því vissulega vel á því og væri enda mikils vert, ef hæstv. forsrh. vildi að gefnu tilefni frá í gær lýsa því yfir ótvírætt, að ætlunin sé að framkvæma þetta ákvæði frv. nákvæmlega eftir orðanna hljóðan og það sé algerlega úr lausu lofti gripið, að hér sé aðeins um að ræða fallegt orðalag, sem ekkert sé meint með.

En í sambandi við þetta vil ég vekja á því athygli, að í 2. gr. frv., sem fjallar að mestu um stuðning við togaraútgerðina, er ekkert ákvæði um framleiðniaukningu. Þetta stafar e. t. v. fyrst og fremst af því, að hér er aðallega um að ræða 51 millj. kr. styrk, sem greiða skal vegna mikils hallarekstrar togara á liðnu ári, árinu 1963. Skal við úthlutunina fyrst og fremst miðað við úthaldstíma hvers skips þetta umrædda ár. En það held ég að sé óhætt að fullyrða, að svo mikil þörf sem er á bættri rekstraraðstöðu hraðfrystihúsa og svo miklir möguleikar sem þar eru í sambandi við aukna framleiðni, er þörfin ekki síður brýn að því er varðar togaraútgerð landsmanna. Það vita allir, að nú í seinni tíð hefur togaraútgerð á Íslandi átt í miklum og vaxandi erfiðleikum. Mikill hluti togaraflotans er að verða gamall. Skipin eru mjög mannfrek. Þau eru dýr í rekstri og viðhaldskostnaður eykst eðlilega, eftir því sem flotinn eldist. Þessi skip, sem þóttu og voru ágæt á sínum tíma að mörgu leyti a. m. k., eru algerlega við það miðuð, að hægt sé, ef svo mætti segja, að róta upp miklum afla á ekki mjög fjarlægum miðum, aðallega við Ísland og Grænland að einhverju leyti.

Það er orðið ákaflega brýnt og hefur raunar dregizt miklu lengur en skyldi, að fram fari gagngger og margþætt könnun á togaraútgerð hér á Íslandi, á gildi hennar fyrir þjóðarbúskapinn og framtíðarmöguleikum þeirrar útgerðar. Ég vil nefna hér aðeins lauslega nokkur atriði, sem þyrfti að gefa sem fyllstan gaum í sambandi við slíka könnun eða athugun, þegar hún færi fram.

Það er þá í fyrsta lagi: Er þjóðhagslega hagkvæmt að stefna að því að endurnýja íslenzka togaraflotann og þá í hve stórum stíl? Eru fiskiskip af öðrum gerðum og stærðum hagkvæmari, miðað við þær aðstæður, sem skapazt hafa hér eftir útfærslu landhelginnar? Sé talið þjóðhagslega hagkvæmt að endurnýja togaraflotann eða verði það talið að lokinni slíkri könnun þjóðhagslega hagkvæmt að gera ráð fyrir útgerð þeirrar tegundar fiskiskipa um langa framtíð hér við land, vakna spurningarnar: Hvaða stærðir, hvaða gerðir og hvaða fyrirkomulag hentar bezt nútímaaðstæðum? Hverjar sem verða kunna niðurstöður slíkrar rannsóknar, þá er það staðreynd, að við eigum nú eitthvað um 40 togara. Þeir bera sig ekki, og miðað við svipuð aflabrögð og verið hafa undanfarin ár má gera ráð fyrir áframhaldandi taprekstri þeirra, nema því aðeins að hægt sé að koma við aukinni hagkvæmni í rekstri. Og þá vaknar enn ein spurning: Er tæknilega mögulegt og líklegt til aukinnar hagkvæmni í rekstri að breyta íslenzkum togurum þannig, að komizt verði af með færri menn á þeim en nú er, og er hægt að lækka rekstrarkostnaðinn að öðru leyti, t. a. m. í sambandi við sparneytnari vélar? Er sem sagt hægt að láta útgerð þessara skipa eftir breytingarnar bera sig með minna aflamagni en nú þarf til þess, að þau geti borið sig, þ. e. a. s. með því aflamagni, sem líkur benda til, að verði að reikna með í nánustu framtíð a. m. k.? Og í síðasta lagi: Eru einhver tiltök að auka verðmæti hins takmarkaða aflamagns togaranna, og ef svo væri, mundi það borga tilkostnað? Þetta eru aðeins fáein þeirra atriða, sem

rannsaka þarf, bæði að því er varðar togaraútgerð hér í framtíðinni og hinn mikla vanda, sem nú er á höndum um rekstur þeirra togara, sem við Íslendingar eigum í dag.

Væntanlega má gera ráð fyrir nokkrum árangri af aukinni fiskileit, en eitt af ákvæðum frv. felur það í sér, að veita skal nokkra aukafjárveitingu til fiskileitar. En möguleikarnir á því sviði eru þó takmarkaðir.

Með allt þetta í huga hefur mér þótt rétt að leggja áherzlu á nauðsyn þess, að hafizt verði þegar á þessu ári handa um alhliða rannsókn á gildi og möguleikum togaraútgerðar við Ísland. Ég geri mér ljóst, að sumir þættir slíkrar rannsóknar hljóta að taka alllangan tíma, e. t. v. nokkur ár, og kosta sennilega verulegt fé. En þessi rannsókn er óhjákvæmileg, og því fyrr sem byrjað er á verkefninu, því betra, og sumu kynni að vera hægt að kippa í lag á skömmum tíma.

Með hliðsjón af því, sem ég nú hef sagt, hef ég ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. leyft mér að leggja fram brtt. við 2. gr. frv., sem felur það í sér, að ríkisstj. skal heimilað að verja á þessu ári úr ríkissjóði allt að 5 millj. kr. til þess að láta framkvæma tilraunir um framleiðniaukningu og hagkvæmari rekstur togara, svo og til rannsókna á framtíðarmöguleikum togaraútgerðarinnar hér við land.

Nokkrar fleiri brtt., þær eru allar skriflegar, flytjum við hv. 4. þm. Norðurl. e. við frv. Ég skal nú víkja að þessum till. fáeinum orðum.

Það er í fyrsta lagi, að við 1. gr. bætist ákvæði, að í reglunum, sem setja skuli, verði ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem hafa erfiðasta aðstöðu, njóti hlutfallslega hærri styrkja en hinar, sem betri aðstöðuna hafa. Það má kannske segja í fljótu bragði, að þetta stangist nokkuð á við hitt, sem ég hef reynt að leggja sem ríkasta áherzlu á, að styrkurinn til hraðfrystihúsanna verði fyrst og fremst veittur til aukinnar framleiðni. En hér er um að ræða undantekningartilfelli, sem eru þess eðlis, að það er mikil ástæða til að taka þau til greina. Hér mundi sérstaklega vera um að ræða tiltölulega lítil frystihús úti á landsbyggðinni, sem í mörgum tilfellum fá ekki nægilegt fiskmagn til þess að vinna með fullum afköstum nema þá lítinn hluta ársins, fá mikið af smáum fiski o. s. frv., þ. e. a. s. aðstaðan er ekki góð og það er vissum erfiðleikum bundið e. t. v. að bæta hana, a. m. k. í skjótri svipan. En þó má segja um slík frystihús víða úti á landsbyggðinni, að þau séu lífakkeri þeirra þorpa eða byggðarlaga, sem þar eiga hlut að máli. Það virðist því vera sanngjarnt og eðlilegt, að tekið sé tillit til slíkrar sérstöðu.

Í öðru lagi flytjum við brtt. við 2. gr. frv. Leggjum við til í þeirri till., að hærri styrkur sé greiddur fyrir úthaldstíma þeirra togara, sem á árinu 1963 höfðu veitt fyrir innlendan markað, heldur en hinna, sem veiddu fyrir erlendan. Það er enginn efi á því, að það er verulegur ávinningur, í fyrsta lagi atvinnulega séð, að togararnir leggi sem mest upp af afla sínum til vinnslu hér innanlands. Þetta er líka alveg vafalaust í flestum tilfellum þjóðhagslega hagkvæmt, og þess vegna hefur það mikið til síns máls að gera þarna mun á, auðvelda sem sagt togurunum að veiða fyrir innlendan markað.

Við 2. gr. flytjum við einnig till. um ákvæði þess efnis, að heimilt skuli ráðh. að setja það að skilyrði fyrir greiðslu styrks til togaranna, að samningar hafi áður tekizt um sanngjarna hækkun á kaupi togarasjómanna. Þá leggjum við til, að fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna verði hækkað um 15% í stað 6%, eins og lagt er til í frv. Ég hef áður rökstutt nauðsyn þess, og sannleikurinn er sá, að ef réttlæti á að sýna hlutarsjómönnum, þá er varla um það að ræða, að kaup þeirra geti hækkað öllu minna en þetta, og í öðru lagi, að ef tryggja á eftir föngum nokkurn veginn snurðulausan rekstur bátaflotans á yfirstandandi vetrarvertíð, mun varla af því veita, að fiskverðið hækki sem þessu svarar.

Við 5. gr. frv. flytjum við brtt. um lækkun vaxta á afurðalánum og hækkun afurðalána í prósenttölum, svo og till. um almenna lækkun vaxta, bæði innláns- og útlánsvaxta, niður í það, sem var fyrir viðreisnarlöggjöfina 1960. Hér er um svo margþætt stórmál að ræða, eitt stærsta deilumál í sambandi við viðreisnarstefnuna, að það er nú e. t. v. að bera í bakkafullan lækinn að ræða það í löngu máli hér, enda mun ég ekki fara nánar út í þá sálma við þetta tækifæri.

Loks leggjum við til, að 6. gr. frv. falli niður. Við teljum ekki koma til mála, að Alþ. afhendi hæstv. ríkisstj. ótakmarkaða heimild til að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins, á sama tíma sem ekki virðist við það komandi, að taka megi upp neitt skipulag á fjárfestingu eða neina skipulagða fjárfestingarstefnu yfirleitt. Meðan einkaaðilar geta eftir sem áður ráðizt í hvers konar fjárfestingu hömlu- og eftirlitslaust, kemur ekki til greina að okkar dómi, að Alþ. geti samþ. slíka ráðstöfun sem þessi er.

Till. okkar eru, eins og ég áðan sagði, skriflegar, og æski ég þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 227 og 228) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég lít á þetta frv. um aukningu söluskatts og aðstoð við sjávarútveginn einungis sem skyndiráðstafanir til bráðabirgða. Með frv. er horfið frá viðreisnarstefnunni og hið fordæmda uppbótakerfi tekið upp á ný, að því er frystihús og bátaútvegsmenn varðar. Þessa lausn get ég því ekki aðhyllzt til frambúðar. Auk þess er fyrirkomulagið á framlaginu til frystihúsanna umdeilanlegt. Mörg þeirra eru að vísu illa stæð og þó einkum frystihúsin úti á landsbyggðinni, en bezta aðstoðin við þau væri að tryggja þeim fjárframlög til meiri hráefnisöflunar.

Mesta vandamálið í dag er dýrtíðin, og það vandamál verður að leysa af festu og réttsýni, án allrar hálfvelgju og undanlátssemi. Ég treysti hæstv. ríkisstj. til að einbeita kröftum sínum að þessu alvarlega verkefni næstu vikur og næstu mánuði, því að með bráðabirgðaúrræðum verður ekki stjórnað til lengdar.

Undanfarna mánuði hefur dýrtíðin vaxið með miklum hraða, og fram undan eru ýmsar blikur á lofti í þeim efnum. Söluskattshækkunin leiðir af sér aukna dýrtíð. Opinberir starfsmenn eru að leggja fyrir kjaradóm kröfu sína um 15% kauphækkun. Ef hún nær fram að ganga, kostar það ríkissjóð 100 millj. kr. yfir árið, en ekki er gert ráð fyrir neinni tekjuöflun í þessu frv. til að mæta auknum útgjöldum á þessu sviði. Uppmælingamenn eru að fara af stað með sinar kjarakröfur. Dómur um kjör verzlunarmanna fellur eftir nokkra daga, og í kjölfar hans koma áreiðanlega miklar kröfur um hækkun álagningar frá kaupmönnum og kaupfélögum. Hinn 1. marz n. k. hækkar búvöruverðið um 8—9% í kjölfar kauphækkananna í desember. Þannig heldur dýrtíðin áfram að magnast, og með sama áframhaldi þarf enginn að búast við því, að það verði vinnufriður í vor.

Á undanförnum árum og áratugum hefur þróazt hér svikamyllukerfi, sem færir allt heilbrigt efnahagslíf úr skorðum og er nú að komast í algleyming. Hækki verðlagið, hækkar kaupið, þá hækkar búvöruverðið, þá hækkar kaupið aftur, framleiðendur innlendrar vöru fá sína hækkun á vörum og þjónustu eftir formúlum frá verðlagsskrifstofunni. Í bili verða útflytjendur út undan, en þegar þeir standa ekki lengur undir auknum framleiðslukostnaði, þá er gengið lækkað eða útflutningsuppbætur greiddar. Allt þetta kallar svo á aukin útgjöld ríkissjóðs og nýjar skattaálögur.

Árangursríkustu leiðina út úr þessum ógöngum tel ég vera að færa niður kaupgjald og verðlag, á svipaðan hátt og gert var árið 1959 af stjórn Emils Jónssonar. Um leið þarf að binda kaupgjald, verðlag, búvöruverð og fiskverð til a. m. k. eins árs og taka svikamyllukerfið úr sambandi. Með þessu er ekki verið að vega að neinni stétt, heldur stöðva dýrtíðina og bjarga þjóðinni. Ekki hafa bændur og verkamenn grætt á verðbólgunni, svo að þeim er það mikið hagsmunamál, að hún sé stöðvuð, en verðbólgugróði atvinnurekenda er óheilbrigður, og hann má gjarnan taka af. Verðbólguþróunin hefur einmitt valdið óhagrænni fjárfestingu, sem ekki hefur getað skilað launastéttunum þeim arði, sem eðlilegur yrði talinn. Á þessu eina ári, sem allt yrði bundið, ætti síðan að kalla saman ráðstefnu launþega, bænda og atvinnurekenda, þar sem reynt væri að finna nýtt form fyrir skiptingu arðsins af þjóðarframleiðslunni, form, sem væri laust við víxláhrif svikamyllukerfsins.

Sumir vilja halda því fram, að ekki sé gerlegt að lögbinda kaupgjald og verðlag um skeið, því að stéttirnar muni ekki una því, að tekinn sé af þeim rétturinn til að fá hækkun á andvirði vinnu sinnar og vöru. Ég svara því til, að réttur verkamanna, bænda, útvegsmanna, sjómanna, opinberra starfsmanna, iðnrekenda og kaupmanna til að dansa hrunadans í kringum verðbólgubálið og kasta verðmætum á eldinn er ekki þess eðlis, að þjóðfélaginu beri að viðurkenna hann og varðveita. Þvert á móti ber því að stöðva slíkan dans. Hinni beinu niðurfærsluleið þurfa að fylgja ýmsar hliðarráðstafanir. Í henni felast mestu möguleikarnir á því að bæta hag almennings í landinu með lækkun útsvara og skatta. Til greina kæmu einnig vísitöluuppbætur á lægri laun og álagning verðbólguskatts.

Á undanförnum árum hefur ríkisstj. unnið að því að efla mjög undirstöðusjóði atvinnuveganna í landinu, svo sem fiskveiðasjóð, iðnlánasjóð og stofnlánadeild landbúnaðarins. Þá hefur benzínskatturinn einnig verið hækkaður mikið nú fyrir skömmu, til þess að unnt sé að stórauka vegagerð í landinu. Hvernig fer svo verðbólgan með þessa sjóði og þessi fjárframlög? Á stuttum tíma étur hún upp mestalla aukningu, svo að ávinningurinn verður lítill, þegar til lengdar lætur. Verðbólgan heggur sín stóru skörð í alla sjóði í landinu og færir þjóðina fjær þeim nytsamlegu markmiðum, sem sjóðirnir keppa að. Verðbólgan er þannig hinn mesti skaðvaldur. Það má því ljóst vera, að árangur viðreisnarinnar er í veði, ef verðbólgan verður ekki stöðvuð.

Bráðabirgðaráðstafanir eins og þær, sem hér eru á döfinni, geta átt fyllsta rétt á sér, þótt benda megi á ýmsa annmarka þeirra. En mest gildi hafa slíkar bráðabirgðaráðstafanir, ef þær opna augu manna fyrir brýnni þörf róttækari og varanlegri aðgerða til að leysa það mikla verðbólguvandamál, sem nú steðjar að þjóðinni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil láta ánægju mína í ljós yfir þeim umr., sem hér hafa fram farið. Ég tel, að þær hafi í heild verið málefnalegar, og þó að mönnum sýnist sitt hvað um orsakir þess ástands, sem nú hefur skapazt og við þurfum úr að leysa í bili, þá er það ekki tiltökumál, og skal ég ekki fara að rekja þá sögu frá mínu sjónarmiði. Ég hef gert það oft áður og tel, að það sé eðlilegast, að við höldum okkur nú að því umræðuefni, sem fyrir liggur, og geymum allsherjaruppgjör til annarra tíma. Ekki svo að ég skorist undan þeim umr., en hvert mál verður að skoðast fyrir sig, og nú erum við allir sammála um, að hér séu ákveðin úrlausnarefni, sem þurfi nú þegar að ráða fram úr og þá er eðlilegt að fást við að þessu sinni. Ég vil einungis geta þess út af því, sem fram hefur komið, að ef menn vilja rekja orsakir verðbólgunnar, þá verður að fara lengra aftur en til myndunar núv. ríkisstj. Hér er við að etja viðfangsefni, sem þjakað hefur íslenzka þjóð a. m. k. í nær aldarfjórðung og við verðum að játa að ekki hefur tekizt enn að ráða á

neinn viðhlítandi hátt bót á. Og ég tek náttúrlega undir það með hv. síðasta ræðumanni, að hér er mikið verkefni fram undan, sem menn verða að beina hug sínum að, eins og ég raunar gat um, þegar ég lagði þetta frv. fyrir hv. Nd.

En það eru aðeins örfáar aths., sem ég vildi gera og sé ekki ástæðu til að fjölyrða ýkjamikið um, þótt ég telji rétt, að þær aths. komi nú fram.

Það kemur fram í nál. hv. minni hl. og var endurtekið af hv. frsm. minni hl., að það væri fyrir álögur hins opinbera, að vísitalan hefði hækkað um 5 stig í ágústmánuði s. l. Hv. frsm. minni hl. gat þarna um stærsta liðinn, 2.76%, sem ég hygg að sé kallað opinber gjöld eða eitthvað þvílíkt í skýringum hagstofunnar. Hv. frsm. drap á það í þessu sambandi, að það væri síður en svo eingöngu að kenna verðlagningu á landbúnaðarvöru, að verðlagið hefði hér hækkað, og vitnaði til þessa sérstaka liðar í því sambandi. Um það atriði get ég verið honum fyllilega sammála. En ég vil sérstaklega gera þetta atriði að umræðuefni, vegna þess að það sýnir nokkuð, hvernig vandinn er til kominn.

Hv. þm. gerði grein fyrir kauphækkunum fyrst á árinu 1961 og síðan árinu 1962. Þessar kauphækkanir, ásamt vafalaust einnig vaxandi tekjum sakir aukinnar atvinnu í landinu, urðu til þess, að tekjur almennings urðu mun meiri á árinu 1962 en á árinu 1961. Þetta leiddi aftur til þess, að skattar og þá ekki síst útsvör urðu hærri á árinu 1963 en á árinu 1962, án þess að ríkið eða sveitarfélög hefðu breytt þeim reglum, sem höfðu áhrif á álagninguna. Það var ekki vegna þess, að skattstigar höfðu verið hækkaðir eða væru almenningi óhagstæðari 1963 en 1962, sem þessi hækkun hinna opinberu gjalda varð, a. m. k. aðallega. Liðurinn er samsettur, en hér tala ég um hann í heild. Hér er því dæmi þess, hvernig vaxandi tekjur, ýmist raunverulegar eða sökum verðbólguáhrifa að nokkru leyti, beinlínis leiða til alveg óvefengjanlega hækkandi verðlags í landinu, en ekki neinar nýjar ráðstafanir ríkisvaldsins eða sveitarfélaganna.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að varðandi vaxtalækkun hefur því verið haldið fram, — ég heyrði nú ekki hv. frsm. meiri hl. gera það, en því hefur verið haldið fram, að sú till. um vaxtalækkun, sem hv. minni hl. fjhn. gerir till. um, mundi samsvara 2% hækkun á fiskverði. Ég hygg, að óvefengjanlegar tölur sýni, að þetta mundi ekki nema meira en 1%. Það munar einnig um þá fjárhæð, það skal ég játa, en eins og ég gerði nokkra grein fyrir í hv. Nd., er hér um nokkuð flókið mál að ræða. Það krefst vaxtabreytinga hjá viðskiptabönkunum í einstökum atriðum, auk þess sem hugmyndir manna um einhvern ofsagróða Seðlabankans fá ekki staðizt, hvorki varðandi afkomu hans 1962 og að því er ég hygg enn þá síður varðandi 1963. Á það er auðvitað einnig að líta, að ef menn vilja, að Seðlabankinn geti greitt fyrir með endurkaupum afurðavíxla, eins og hugur allra manna stendur til, þá þarf hann auðvitað að safna einhverju fjármagni, auk þess sem hann þarf að hafa fjármagn á móti hinum erlendu gjaldeyrisinnstæðum, sem hann nú, sem betur fer, á í bili. Þetta er allt atriði, sem verður að taka tillit til. Ég vonast til þess, að þau útiloki ekki, að vaxtalækkun geti átt sér stað. Það er mál, sem er til íhugunar, þó að ekki þætti ástæða til né fært að taka það inn í þetta frv.

Ég ætla mér ekki að fara að ræða um ágæti viðreisnarinnar að þessu sinni. Um hana hefur verið rætt áður og verður vafalaust lengi rætt enn. Menn vita, að þetta frv. þarfnast skjótrar afgreiðslu, og þess vegna hef ég haldið mér sem mest frá almennum umr. að þessu sinni. En ég get þó ekki varizt því, að þegar því er haldið fram, að viðreisnin hafi t. d. ekki haft nein áhrif á verzlun hér í landinu, þá er það nú öllum almenningi augljóst, að vöruúrval er miklu meira nú en áður var. Og almenningur hefur þess vegna miklu betra færi á því að velja, hvað hann telur sér bezt henta sjálfur, heldur en verið hafði um langt árabil. Og sem betur fer hefur einnig komið í ljós á þessum síðustu árum, að vöruverð er að ýmsu leyti sízt óhagkvæmara hér en í ýmsum nágrannalöndum. En það eiga sér stað, ég veit það, vörukaupaferðir til útlanda, og vafalaust er eitthvað af smygli, sem vissulega ber að standa á móti, en allt er það þó smáræði miðað við það, sem verið hafði undanfarinn áratug.

Þá vildi ég einnig í því sambandi minna á, að því fer fjarri, að hagur almennings hafi þrátt fyrir allt versnað hér á landi á síðasta 5 ára bili. Það hefur áður verið bent á það af mér, að ef gerður er samanburður þjóðartekna á mann og atvinnutekna kvæntra launþega og tekið tillit til beinna skatta og fjölskyldubóta og miðað við annars vegar atvinnutekjur 1958 og tekin vísitalan 100, þá hafa verkamenn nú vísitöluna 108.7 og verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn vísitöluna 116.3. Þetta er raunveruleg lífskjarabót. Því hefur að vísu verið haldið fram, að þessar bætur hafi fengizt með óhæfilega mikilli aukavinnu. Það er að vísu órannsakað mál til nokkurrar hlítar, hvort aukavinna er nú meiri en var á árinu 1958. En jafnvel þótt gert væri ráð fyrir því, sannar það einungis það, sem ég hef áður tekið fram og ég veit að þm. greinir ekki á um og eru mér allir sammála um, að eitt okkar mest aðkallandi vandamál er að reyna að stytta vinnutíma með óbreyttu kaupi, og þetta á að vera hægt og hlýtur að vera hægt með svipuðum hætti á Íslandi og annars staðar, ef menn gefa sér tíma til þess að sinna því verkefni. Það er ekki auðleyst, en það hlýtur að vera hægt að leysa það. En það verður auðvitað ekki leyst, nema menn gefi sig að verkefninu, og það hlýtur undir öllum kringumstæðum að taka nokkurt árabil.

Þá mætti spyrja, hvort hlutfall þessara launastétta, sem ég hef nú vitnað til, miðað við þjóðartekjur, hefði versnað frá árinu 1958. Hv. 4. þm. Norðurl. e. las hér upp nokkrar tölur í

gær varðandi þetta efni. Ég skal ekki vefengja þær að neinu leyti. Ég játa, að ég áttaði mig ekki til hlítar á þeim. Töluröðin og hundraðshluti fer auðvitað nokkuð eftir því, hvar byrjað er og við hvað er miðað á hverjum tíma. Og árin 1959, 1960 og 1961 eru öll að ýmsu leyti óvenjuleg, m. a. vegna mikils verðfalls, sem varð á íslenzkri framleiðsluvöru fyrri hluta þessa tímabils, og einnig vegna langvinns verkfalls á árinu 1961. Þess vegna er hægt að fá nokkuð mismunandi hundraðshluta út úr dæminu eftir því, við hvað er miðað. Og auðvitað má segja, eins og hv. þm. raunar gat um, að tölurannsóknir í þessu efni eru e. t. v. ekki alveg fullnægjandi, þannig að menn vantar óyggjandi grundvöll til að reisa ályktanir á. Ef við miðum t. d. við árið 1958 og berum afstöðu atvinnutekna saman við þjóðartekjur og tökum allt landið, þá er það svo, að ef við teljum þetta hlutfall vera 100 1958, er það varðandi verkamennina eina á árinu 1962 98.6, þannig að verkamenn hafa þá orðið nokkuð aftur úr miðað við þær tölur, sem ég hef hér vitnað til. Aftur á móti ef verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn eru taldir og miðað við 100, hefur allur hópurinn fengið 100.5, þannig að þeirra hlutfall er mun betra í heild og hlutur þessara fjölmennu stétta hefur batnað, þegar á heildina er litið.

Ef þessar tölur sanna nokkuð, sýna þær, að full ástæða hefði verið til þess, sem ég raunar hygg að ég og hv. þm. séum sammála um, þó að leiðir skildi, þegar til úrslita kom, að full ástæða hefði verið til að bæta hag verkamanna hlutfallslega meira í kaupsamningunum fyrir jólin heldur en annarra stétta. Og ég viðurkenni fyllilega, að það er eðlileg krafa verkamanna, að þeirra hlutur í þjóðartekjum versni ekki, þegar til lengdar er litið. Og það er vissulega eitt af þeim verkefnum, sem menn ættu að geta sameinazt um að finna einhverja lausn á.

Það má vel vera, eins og hv. frsm. minni hl. sagði, að það hafi verið óhyggilegt að afnema vísitölubindinguna 1960, að reynslan hafi skorið úr um, að það hafi orðið til vaxandi ófriðar í landinu. Mér kemur ekki til hugar að vefengja þau rök, sem að því eru færð. Hitt verður að játa, að þáv. ástand stóðst ekki, þegar voru nærri því árlega samfara vísitölugreiðslum knúnar fram miklar kauphækkanir, langt umfram greiðslugetu atvinnuveganna. Það var ekkert nýtt fyrirbæri á síðasta ári vinstri stjórnarinnar, heldur hafði þetta átt sér stað æ ofan í æ undanfarinn áratug og ég vil segja allt frá árinu 1942. Hér var því úr vöndu að ráða, og ég hygg, að þótt að því ráði verði hnigið, eins og ríkisstj. í haust lýsti sig reiðubúna til viðræðna um, að fallast á einhverja verðtryggingu kaups, verði að taka hana upp í öðru formi og með öðrum hætti en vísitöluna gömlu. Það er sannarlega eitt af þeim atriðum, sem til íhugunar hljóta að verða og kanna þarf betur á þeim mánuðum, sem nú eru fram undan og e. t. v. veita nokkurt hlé, þótt ég taki undir það með hv. síðasta ræðumanni, að svo miklar kaupbreytingar eru nú í vændum alveg á næstu vikum, að alveg óvíst er, hver friður verður til mikillar umhugsunar eða til annars en ráða fram úr þeim vanda, sem að steðjar þá og þá. Vonandi verður hann nú samt einhver. En án þess að ég vilji fara að bítast um orð, þá gat ég ekki annað en brosað með sjálfum mér, þegar hv. frsm. minni hl. í öðru orðinu ávítaði ríkisstj. fyrir að hafa breytt vísitölukerfinu án samráðs við verkalýðinn, en ávítaði hana einnig fyrir að binda ekki togarastyrkinn nú skilyrði um það, að úreltu vinnufyrirkomulagi um borð í togurunum yrði breytt. Ég hygg, að það fái ekki staðizt að halda þessu hvoru tveggja fram samtímis. Það hefur þegar komið fram í þessum umr. af hálfu ríkisstj., að við bindum styrkinn ekki skilyrðum af þessum sökum, vegna þess að við teljum nauðsynlegt, að þetta mál verði kannað til hlítar með samningsumleitunum, svo að báðir aðilar megi vel við una, eins og mér skildist t. d. af orðum hv. 5. þm. Reykn., að hann teldi engan veginn útilokað að hægt væri að ná.

Sá hv. þm. skoraði á mig að gefa frekari yfirlýsingar en enn hafa verið gefnar varðandi 1. gr. frv. Ég vil einungis ítreka það, sem ég og hæstv. sjútvmrh. höfum áður um þetta sagt, og jafnframt mótmæla því, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að þetta væri með öllu gagnslaust, vegna þess að ekki væri samhliða eða samtímis hægt að verja þessu til að borga meira fyrir fisk og til endurbóta á rekstri. Nú veit ég, að hv. þm. er mér sammála um, að það tilheyrir góðum og heilbrigðum rekstri að verja nokkru fé til endurbóta, og það er ekki sízt í slíkum rekstri sem þessum, þar sem játað er af öllum, að það geri úrslitabreytingu á afkomu frystihúsanna, hvort rekstrinum er komið í það horf, sem unnt er að gera, eða ekki. Það er því eðlilegt, að ríkisstj. vilji nokkuð hlutast til um, að slíkar endurbætur eigi sér stað, og það er sú heimild, sem veitt er með greininni, eins og hún nú stendur.

Út af 6. gr. frv. vil ég einungis taka fram, að hvað sem menn segja um fjárfestingar almennt og hvort sem þeir telja, að ríkið eigi að takmarka framkvæmdir hjá sér eða einungis heimta það, að aðrir takmarki sínar framkvæmdir, og hvort sem menn telja, að ríkisstjórn fái nógu sterkt vopn í hendur gagnvart öðrum með gr., eins og hún nú er orðuð, þá er það misskilningur, sem fram hefur komið, að hér væri um einhverja algera nýjung að ræða, verið væri að svipta Alþ. á fáheyrðan hátt því valdi, sem það hefði, það væri óþingræðislegt og ýmislegt fleira, sem haldið hefur verið fram, raunar með vægari orðum í þessari hv. d. en í Nd. T. d. í fjárlögum nr. 35 frá 1947 er í 22. gr. 37. liður svo hljóðandi: „Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af

öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1948.“

Þetta er mjög hliðstæð heimild fyrir ríkisstjórnina og nú er veitt, og ég minnist hennar sérstaklega vegna þess, að þessi heimild var veitt þeirri ríkisstj., sem ég átti fyrst sæti í ásamt hv. þáv. menntmrh., núv. formanni Framsfl., Eysteini Jónssyni, og þáv. landbrh. Bjarna Ásgeirssyni, og minnist ég ekki annars en það væri mikill bróðurhugur okkar á milli um að fá þessa heimild og engum okkar kæmi þá til hugar, að við værum að níðast á rétti þingsins eða taka okkur nokkurt einræðisvald í hendur, eins og skilja mátti á hv. 1. þm. Norðurl. e. í gær, að núv. ríkisstj. hefði löngun til.

Ég er því sammála, að viðureigninni við verðbólguna er engan veginn lokið með þessu frv. Þetta er einungis til þess að firra bráðum vanda, og málið allt þarfnast mikillar íhugunar umfram það, sem nú er færi á. Segja mætti e. t. v., að hv. framsóknarmenn bentu á leið til þeirrar íhugunar með nefndaskipuninni, sem þeir gera till. um. En þeir segja jafnframt, að engar sættir geti á komizt, ef haldið sé fast við það að afla tekna til þeirra óhjákvæmilegu ráðstafana, sem nú þarf að gera, enda vilja þeir efnislega láta nefndarskipunina koma í staðinn fyrir tekjuöflunina, eins og hv. frsm. minni hl. rækilega tók fram. Af hálfu stjórnarinnar er ekki með nokkru móti hægt að fallast á þessa skoðun. Við teljum, að hér sé um ráðstafanir að ræða, sem ekki megi dragast, og það hlyti að auka á okkar vanda, magna verðbólguna, gera málið enn þá síður viðráðanlegt, ef látið væri vera að afla þess fjár, sem nauðsynlegt er til að taka á sig þær skuldbindingar, sem allir eru í meginatriðum sammála um að verði nú að inna af höndum.

Björn Jónsson: Herra forseti. Í tilefni m. a. af þeim ummælum hæstv. forsrh. hér í gær, að þær ráðstafanir, sem nú væri lagt til að gera í efnahagsmálum okkar, væru sérstaklega að kenna verkföllunum í desember og þeim kauphækkunum, sem þar urðu, fór ég hér með nokkrar tölur, sem að mínu viti sönnuðu það, að verkamenn a. m. k. hafa borið mjög skarðan hlut frá borði á hinum svokölluðu viðreisnarárum. Og ég tók aðeins tölur frá þeim árum, þ. e. a. s. 1960, 1961 og 1962, sem nokkrar ábyggilegar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um. Og ég gerði þetta af því sérstaka tilefni, að sú eina atvinnustétt manna, sem þarna getur átt hlut að, að um er kennt, að nú þurfi að leggja nýjar álögur á landsmenn, eru verkamennirnir, vegna þess að það eru fyrst og fremst þeir, sem vinna í fiskiðnaðinum, og það eru fyrst og fremst þeirra laun, sem hafa áhrif á vinnulaunaliðinn í frystihúsunum.

Ég hef sérstakar ástæður til, m. a. vegna fréttaflutnings af ræðu minni hér í gær og eins vegna þess, að hæstv. forsrh., sem að vísu alls ekki rengdi þær tölur, sem ég fór með, sagðist ekki hafa áttað sig á töluröðinni, og ætla ég þá, að aðrir hafi kannske enn síður gert það, eftir því sem ég þekki hæstv. ráðh., og eins þar sem ranglega hefur verið skýrt frá þessum tölum, þá gefur það mér tilefni til að rifja þær upp aftur. Enn eina ástæðu hafði ég fyrir því að rifja upp þessar tölur, og hún var sú, að því hefur verið sérstaklega haldið á lofti af talsmönnum núv. ríkisstj., að launþegar almennt ættu rétt á launabótum og þá að sjálfsögðu ekki bara í krónutölu, heldur raunverulegum launabótum í samræmi við auknar þjóðartekjur. Og þá stoðar auðvitað ekki sú aðferð, sem iðulega er beitt í umr. um þessi mál, að taka aðeins þjóðartekjurnar prósentvís, en krónuupphæðirnar hins vegar í laununum, en ekki raunverulegt verðgildi þeirra, þar sem þess vegna hlýtur að vera umdeilt, hvert er verðgildi launanna. Ef við tökum hið raunverulega verðgildi þjóðarteknanna annars vegar, þá verðum við að taka hið raunverulega verðgildi launanna hins vegar. Öll önnur viðmiðun hlýtur að lenda út í hreinni vitleysu.

Þetta hvort tveggja gefur mér tilefni, og ég skal ekki eyða löngum tíma hv. d., til þess að rifja upp þær tölur, sem ég nefndi í þessu sambandi og ég vil fagna að ekki eru rengdar, enda eru þær teknar upp úr þeim skýrslum, sem tiltækilegar eru um þessi efni. En það, sem ég sagði, var þetta, að í fyrsta lagi á árinu 1960 minnkuðu þjóðartekjurnar um 0.9%, en á sama tíma minnkuðu raunverulegar atvinnutekjur verkamanna í Reykjavík um 7%, og á sama tíma minnkaði kaupmáttur almenns verkamannakaups um 9%. Í öðru lagi sagði ég, að árið eftir, 1961, hefðu hreinar þjóðartekjur á mann vaxið um 5.1%, en það ár hefðu atvinnutekjur verkamanna í Reykjavík enn minnkað um 10% og kaupmáttur tímakaups almennra verkamanna um 5.4%. Og í þriðja lagi, að á þriðja viðreisnarárinu, 1962, hefðu þjóðartekjurnar vaxið um 6.1% og það ár hefðu atvinnutekjurnar rétt nokkuð við og hækkað um rösklega 10%. Það var þetta, sem ég sagði, og niðurstöður mínar urðu þær, að ef við settum þetta upp í vísitölu og miðuðum við verðlag 1948, þá vantaði, miðað við það, að hagur verkamanna hefði batnað í þessi 3 ár miðað við þá formúlu, sem stjórnarvöldin vilja gjarnan halda á lofti, þ. e. a. s. vöxtur venjulegra tekna miðað við hreinar þjóðartekjur á mann, þá skorti nú 18 stig á, að atvinnutekjurnar stæðust eftir þessi 3 ár, og 25 stig á það, að kaupmáttur launanna stæðist þessa viðmiðun. Og ég sagði líka, að ef við miðuðum þetta við árið 1958 og síðan, þá hefðu þjóðartekjurnar vaxið um 10.2%, en atvinnutekjur verkamanna hér í höfuðstaðnum hefðu aðeins vaxið um 3.8% á þessu tímabili, og það væri að vísu svolítið bjartari mynd af hlutunum.

Ég vil sérstaklega fagna því, að hæstv. forsrh. er á sama máli og ég, kemst að svipaðri niðurstöðu um það, að hlutur verkamanna hafi verið fyrir borð borinn, og ég tel, að með þeim ummælum sínum hafi hann í raun og veru tekið aftur það, sem hann sagði hér í gær, að þær

ráðstafanir, sem nú þyrfti að gera, væru sérstaklega vegna þess, að verkamenn hefðu hækkað laun sín núna í desembermánuði. Það munar sjálfsagt um minna en viðurkenningu hæstv. forsrh. á því, að nú þurfi að bæta kjör verkamanna alveg sérstaklega, vegna þess að þeir hafi orðið aftur úr. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni yfir þessum ummælum. Ég tel, að þær tölur, sem hann fór með annars vegar, og þær tölur, sem ég fór með hins vegar, — ég hef að vísu ekki rannsakað þær tölur, sem hann fór með, en ég tel, að þær þurfi ekki að rekast á, og ég gaf fulla skýringu á því í minni ræðu í gær, í hverju munurinn á okkar viðmiðun væri fólginn, og ætla ekki að endurtaka það.

Ég hefði haft nokkra ástæðu til að gera nokkrar aths. við framsöguræðu hv. form. fjhn., en ég ætla ekki að eyða tíma hv. d. í að lengja mál mitt. Það er allt of mikið. Þó get ég ekki stillt mig um það að nefna vafasama kenningu, sem hann fór með, eins og þá, að vextirnir í fiskiðnaðinum væru eitthvert smávægilegt atriði og það skipti í raun og veru ekki svo miklu fyrir fiskiðnaðinn, hverjir vextirnir væru. En ég hef tölulegar sannanir fyrir því, að a. m. k. í ýmsum greinum fiskiðnaðarins eru vextirnir um 12% af vinnslukostnaðinum, á meðan vinnulaunin eru um 20%, þ. e. a. s. vextirnir eru a. m. k. í ýmsum tilvikum meira en hálf vinnulaunin. T. d. nefni ég vinnslu þorskflaka, sem er einhver stærsta framleiðsla okkar í fiskiðnaðinum. Þar er samkv. skýrslum hraðfrystihúsanna vaxtakostnaðurinn af rekstrarlánunum 6.7% af vinnslukostnaðinum og vextir af höfuðstól 5.4, eða 12.1%, en vinnulaunin eru samkv. sömu skýrslum rétt um 20%. Menn sjá auðvitað af þessu, að það eru fleiri liðir í kostnaðinum hreyfanlegir en vinnulaunin, og það er auðvelt að bæta hag þessa atvinnurekstrar mjög mikið með því að breyta vöxtunum.

Annars fannst mér, — og ég ætla að ljúka máli mínu með þeirri aths., — að hv. frsm. fjhn. hafi í raun og veru beðið sitt skipbrot sem fræðimaður í þessari ræðu og ekki þurfi raunverulega að svara mörgu af því, sem hann fór hér með, öðru en því, sem ég nú ætla að svara. En það var, þegar hann fór að gera aths. við það, sem ég hafði sagt um skattamálin í Noregi og skattamálin á Íslandi og borið það saman, hvernig Norðmenn tækju langsamlega mestan hluta af sínum tekjum í ríkissjóð með beinum sköttum, en hvernig Íslendingar tækju aðeins um 1/10 með beinum tollum og sköttum. Hv. form. fjhn. rengdi þetta að vísu ekki, sem ég hafði um þetta sagt, en sagði á hinn bóginn, að það breytti öllu í þessum samanburði, að þegar kæmi til rekstrar sveitarfélaganna, væri þessu alveg öfugt farið, og hans orð urðu ekki skilin öðruvísi en svo, að í raun og veru, þegar allt kæmi til alls, tækju Norðmenn alveg eins mikið í óbeinum sköttum af almenningi og Íslendingar. Sannast að segja fór mér svo, að ég trúði hæstv. ræðumanni, meðan ég hlustaði á hann. En það vildi svo til, að ég hafði í tösku minni rit frá hagstofu Noregs, þar sem ég gat flett þessu upp, og mér virðist af þeim staðreyndum, sem ég þar komst eftir, að þessi fræði þessa hv. prófessors hafi verið orðin nokkuð gömul. Og ég vil sannast að segja vona það, að önnur þau fræði, sem hann kennir sínum nemendum, séu eitthvað nýrri af nálinni. En staðreyndin um þetta er sú, að Norðmenn tóku árið 1962 í beina skatta til þarfa sveitarfélaganna líklega töluvert mikið yfir 90% af tekjum sveitarfélaganna, eða samtals 3146 millj., í beinum sköttum á eignir og tekjur, en aðrir beinir skattar voru 31 millj. En óbeinir skattar til sveitarfélaganna voru þetta sama ár heilar 90 millj., og ég hef að vísu ekki reiknað það nákvæmlega, en mér sýnist, að af öllum sköttum, sem lagðir eru á vegna sveitarfélaganna, og þá eru að vísu ekki taldar með ca. 580 millj., sem bæjarfélögin fá frá ríkinu, þá séu beinu skattarnir um 96—97% af tekjum bæjarfélaganna. En svo fullyrðir hv. — (Gripið fram í.) Þessir skattar, sem ég nefndi, eru skattar bæði á eignir og tekjur. (Gripið fram í.) Já, að sjálfsögðu, en það var einmitt það, sem ég var að benda á, að það þætti góð latína með frændum okkar Norðmönnum að nota skattakerfið að nokkru leyti til auðjöfnunar, en einbeita ekki öllu skattakerfinu að svokölluðum kauplækkunarsköttum, sem hefðu það eitt markmið að rýra launatekjur almennings, en lentu að engu leyti á eignum og gróða. Ég verð þess vegna að ljúka máli mínu með því að biðja hv. form. fjhn. að endurskoða þessi fræði sín og þá gjarnan sitthvað af öðrum þeim fræðum, sem hann hefur hér haldið fram.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þó að ýmislegt hafi komið fram í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað, sem full ástæða væri til að svara, þá ætla ég samt ekki að tefja tíma hv. d. sem neinu nemur. En út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þar sem hann bar mjög brigður á þær upplýsingar, sem ég hafði gefið um skattamál Norðmanna, vildi ég upplýsa, að það, sem ég byggði á það, sem ég sagði um það mál, er skýrsla um norsk skattalög frá árinu 1960 eða 1961, ég man ekki, hvort heldur var. Þar eru upplýsingar um skattstiga, bæði til ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga. Eins og kom fram í framsöguræðu minni og vitað er þeim, sem einhvern kunnugleika hafa á skattamálum í Noregi, eru skattstigarnir til ríkisins til mikilla muna hærri en hér, þeir komast upp í 50% eða þar yfir. Hins vegar var skv. þessari skýrslu aðeins um að ræða 14—18% hámark skattstiga til bæjar- og sveitarfélaganna. Að vísu er heimild til að leggja aukaskatt á hærri tekjur til bæjar- og sveitarfélaganna, en það mun ekki nema meira en 3—4%. Miðað við það ættu skattar til bæjar- og sveitarfélaganna ekki að geta farið upp yfir 20—21%, en skv. núgildandi skattalögum hér á landi er lögboðinn hámarksskattstigi til bæjar- og sveitarfélaganna 30%, og að því er mig minnir, þá

er heimild til þess að hækka þetta upp í allt að 39%. Mér skilst það glöggt, að tekjuútsvörin eru til mikilla muna lægri í Noregi en hér, og það skapar möguleika á því fyrir Norðmenn að innheimta þá hærri tekjuskatta til ríkisins. Annars hugsa ég, að í sjálfu sér þurfi þær upplýsingar, sem ég gaf hér, og þær upplýsingar, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. kom með, ekki að stangast, því að hann talaði um, að skattar á eignir og útsvör næmu um 90%. Nú er ég ekki sérlega kunnugur skattamálum Noregs, það skal ég fullkomlega játa. Ég hafði ekki aðra heimild til að byggja á í þessu efni en þá, sem ég nefndi, og þar er ekki sérstaklega rætt um það, hve miklu hinar einstöku tegundir skatta nemi af heildartekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga. En annars staðar í nágrannalöndum okkar, svo og í engilsaxnesku löndunum, eru fasteignaskattar miklu stærri tekjuliður fyrir bæjar- og sveitarfélögin heldur en er hér á landi, þannig að ég tel líklegast, að skýringin á þessu liggi í því, að Norðmenn hafi haft hærri fasteignaskatta en hér eru og þannig komi fram þessi 90%, sem hv. þm. nefndi. Hugsanleg er sú önnur skýring, að tekjuþörf bæjar- og sveitarfélaganna sé yfirleitt minni þar en hér, en það mundi engu breyta um það, að miklu meiri möguleikar eru þar á því að leggja á háa tekjuskatta til ríkisins heldur en hér á landi.

Ég hafði í rauninni ekki ætlað mér að svara öðru í ræðum hv. stjórnarandstæðinga. En úr því að ég er á annað borð staðinn upp, get ég ekki stillt mig um það í tilefni af því, að hv. sessunautur minn, hv. 6. þm. Sunnl., fór að rifja hér upp fornar væringar okkar á milli frá því í nóv. í vetur og las þar upp ummæli, sem ég hafði um framkvæmd innflutningshaftanna. Þessi ummæli stend ég nú að öllu leyti við, þó að það gefi alltaf annan svip af ummælum, sem höfð eru um hönd, ef þau eru slitin úr því samhengi, sem þau voru í, þegar þau eru lesin upp. Þessi ræða mín í vetur hefur ekki verið til einskis, ef hún hefur sannfært hann um, að það að fela slíkum nefndum framkvæmd, hvort sem er útflutnings- eða innflutningsleyfa, fjárfestingarleyfa eða hvað það nú er, sé ekki fært. En það er aðeins eitt atriði í þessu sambandi, sem ég vildi taka fram að gefnu tilefni til þess að forða mistúlkun á þessum ummælum mínum, að það var ekki hugmynd mín með þessu að deila í sjálfu sér á stjórnmálaflokkana. Auðvitað hafa þeir sína ágalla og verðskulda það allir meira eða minna, að störf þeirra séu gagnrýnd. En sú spilling, sem að jafnaði siglir í kjölfar innflutningshafta og slíkra ráðstafana, er að mínu áliti ekki flokkunum að kenna eða því, að fulltrúar þeirra sitji í þessum nefndum, þó að hitt sé vitað, að fulltrúar flokkanna reyna auðvitað að halda fram hagsmunum sinna manna og fyrirtækja, sem þeir bera fyrir brjósti, eins og þeir geta. Ég skal að vísu taka það fram, að ég hef aldrei átt sæti í slíkum nefndum, en haft góða aðstöðu til að fylgjast með störfum þeirra. (Gripið fram í.) Já, það er annað, það er allt annað. Hún hefur sérstöku starfi að gegna, og það er annað að úthluta gæðum eða úthluta verðlagsákvæðum. En einmitt í gegnum það hafði ég um eitt skeið góða aðstöðu til þess að fylgjast með störfum þeirra nefnda og sat stundum fundi þeirra, þó að ég hefði ekki atkvæðisrétt. Nei, jafnvel þó að sú leið væri farin að skipa í þessa nefnd menn, sem ekki væru í neinum tengslum við stjórnmálaflokkana, og slíkt hefur stundum verið gert, þannig að hagsmunasamtök o. s. frv. hafa tilnefnt þar sína fulltrúa, og sú leið kæmi til greina að skipa í þetta menn, sem væru óháðir bæði hagsmunasamtökum og stjórnmálaflokkum, held ég, að það mundi engu breyta. Fulltrúar hagsmunasamtakanna mundu þá hlynna að sínum mönnum. Og jafnvel þó að um svokallaða ópólitíska menn væri að ræða, þá eiga allir sinn kunningjahóp, sína fjölskyldu o. s. frv., svo að ég álít, að það mundi ekki neinu breyta, hvort fulltrúar stjórnmálaflokkanna eiga hér hlut að máli eða einhverjir aðrir. Það er ekki þess vegna, að þessir menn vilji gera rangt eða framkvæma neitt það, sem til spillingar gæti talizt. En þegar á að úthluta einkabílum, þá er bara ekki nokkur mælikvarði til á það, eftir hvaða reglum eigi að fara, og því eðlilegt, að menn styðji frekar umsóknir þeirra, sem talað hafa við þá og gert grein fyrir nauðsyn þeirra til að fá þessi tæki, heldur en annarra, sem þeir þekkja ekkert til.

ATKVGR.
Brtt. 221,1 felld með 9:7 atkv.
— 221,2 felld með 10:5 atkv.
— 227,1 felld með 10:7 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 227,2.a—b felld með 10:2 atkv.
Brtt. 228 felld með 10:5 atkv.
— 227,2.c felld með 10:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 221,3 felld með 10:7 atkv.
— 227,3 felld með 10:6 atkv.
5. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 227,4 felld með 10:6 atkv.
— 221,4 felld með 10:7 atkv.
6. gr. samþ. með 10:7 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 221,5 felld með 10:7 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:6 atkv.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það virðist hafa verið tilgangslítið undir öllum umr. þessa máls á Alþingi að flytja brtt. Þó vil ég freista þess enn á elleftu stundu.

Söluskattur er óhlífisöm álaga, af því að hann leggst á brauð hins snauða með sama

þunga og brauð hins ríka. Nú má hver húsmóðir, sem fer út til innkaupa, sennilega gera ráð fyrir því frá næstu mánaðamótum að þurfa að láta í ríkiskassann 5.50 kr. af hverjum 100 kr. seðli, sem hún kaupir fyrir, í stað 3 kr. áður, síðan á árinu 1960. Þetta verða iðin útgjöld á öllum kaupsviðum. En sá verður munur á þessu eftir 1. febr. og fyrir hækkunina, að áður fór 1/5 parturinn af söluskattinum til sveitarfélaganna og dró úr álögunum þar, eða 60 aurar fyrir hverjar 100 kr., en nú á ekkert af viðbótarskattinum að fara þá leið. En þangað ættu vitanlega að renna af hækkunarhlutanum 50 aurar, eða 1.10 kr. af hverjum 5.50 kr.

Það var hæstv. fjmrh. til heiðurs, þegar hann innleiddi þá reglu, að af hinum annars illræmda söluskatti fengju sveitarfélögin fimmta hlutann. En nú ætla stjórnarflokkarnir að hverfa frá þeirri reglu. Hvernig stendur á því? Ekki getur það verið af því, að sveitarfélögin verði ekki fyrir barðinu á dýrtíðinni. Auðvitað þurfa þau að greiða þá kauphækkun, sem orðið hefur og mest er talað um að valdi því, að hækka þurfi söluskattinn vegna ríkissjóðs. Ekki eru nema fáar vikur síðan Alþ. ákvað með lagabreytingu hækkun á framlagi sveitarfélaga til almannatrygginga. Eins og allir vita, hafa sveitarfélögin takmarkaðar heimildir í lögum til tekjuöflunar á móti útgjaldaþörfinni. Hins vegar getur ríkið gefið sjálfu sér heimildir til tekjuöflunar. Því er ekki markaður bás í þeim efnum nema af gjaldgetu þegnanna.

Nú er spurn: Hvers vegna fylgdi ekki hæstv. fjmrh. sinni vinsælu reglu, þegar þetta söluskattsfrv. var samið, að láta 1/5 af söluskattshækkuninni renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna? Var hann ofurliði borinn af félögum sínum í ríkisstj. eða flokkum hennar? Mér þykir það ekki alls kostar líklegt, ef hann hefði viljað beita þeirri orku, sem hann á yfir að ráða. Eða taldi hann ríkissjóðinn svo illa kominn í höndum sér, að skattalækkunin yrði að renna öll í sjóðinn til að bjarga því skipi? Eða heldur hann, að sveitarfélögin séu ekki í erfiðleikum? Ég held, að hann hafi ekki gefið sér tóm til að athuga þetta nógu rækilega. Ég tel tvímælalaust, að Alþ. eigi að taka það tillit til sveitarfélaganna að ætla þeim 1/5 af söluskattshækkuninni. Það var að vel yfirveguðu máli, sem þeim var ætlaður 1/5 partur söluskattsins 1960, og mæltist mjög vel fyrir. Þegar þessi sami skattur er hækkaður vegna víðtækra almennra dýrtíðarráðstafana, er mjög fráleitt og óviturlegt að láta sem sveitarfélögin séu ekki til. Slíkt er uppgjöf. Að vísu má segja, að í mörgu sé uppgjöf hjá hæstv. ríkisstj., en svona uppgjöf má ekki eiga sér stað, meðan algert þrot er ekki formlega viðurkennt.

Við minnihlutamenn fjhn. ætlum að leyfa okkur að leggja fram skrifl. till. um að fella niður úr 5. gr. frv. mgr. þá, sem ákveður, að sveitarfélögin skuli ekki fá sinn hluta af hækkun söluskattsins. Hæstv. ríkisstj. ætlar, að hækkunin, sem gengur í gildi 1. febr., færi sér um 260 millj. kr. tekjur fyrir ríkissjóð á þessu ári. Till. okkar felur í sér, að um 52 millj. af þeirri fjárhæð gangi til sveitarfélaganna og reglan um hlutdeild þeirra í söluskattstekjunum sé ekki rofin. Dettur nokkrum í hug, að ríkissjóður, eins og hjá honum hefur verið í pottinn búið, geti ekki staðið að þessu? Er nokkur hér inni, sem telur, að sveitarfélögin þurfi ekki á þessu að halda, eða Alþ. þurfi ekki að taka hlutfallslega sama tillit til þeirra og síðustu ár? Svör við þessum spurningum koma fram í atkvgr. um brtt. okkar. Ég bið hæstv. forseta, um leið og ég afhendi honum till., sem er í skriflegu formi og hlaut að vera það nú, að leita afbrigða fyrir till.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég hafði gert ráð fyrir því, að það væri ráðgerður kvöldfundur um 3. umr. þessa máls, og hirti því ekki um það að koma á framfæri við 2. umr. þess nokkrum aths. Ég skal ekki á þessum tíma lengja þessar umr. mikið og ekki hafa kvöldmatinn lengi af hv. þdm., en það voru þó nokkur atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem ég vil aðeins gera að umræðuefni.

Hæstv. forsrh. sagði m. a., að hann hefði einhvers staðar séð, að reiknað hefði verið út, að vaxtalækkunartillaga okkar framsóknarmanna í sambandi við þetta mál svaraði til 2% hækkunar á fiskverðinu. Að vísu tók hann fram, að ég hefði ekki haldið þessu fram í minni ræðu, enda gerði ég það ekki, ég varaðist það, vegna þess að ég taldi ekki þörf á að fara út í neinn útreikning á því. En hann vildi mjög vefengja þennan 2% útreikning, sem hann hefur væntanlega séð í Tímanum í morgun, því að þar sá ég hann, og taldi, að það væri um 1% hækkun að ræða. Mér er þá engin launung á því, að ég hef reiknað þetta dæmi, þó að ég hafi ekki í ræðu minni áðan fullyrt um þetta, og ég skal fullyrða það nú, að reikningur hæstv. forsrh. er algerlega rangur. Ég veit ekki, hvort má komast eitthvað nærri útkomu hæstv. forsrh. með því að taka aðeins tillit til þess hluta vaxtalækkunarinnar, sem kemur fram við það, að vextir á 55% af framleiðsluverðmætinu lækka úr 7 eða 7½% og í 5 eða 5½%, en ef tekið er tillit til þess einnig, að gert er ráð fyrir, að lánin hækki úr 55% og upp í 67% og á þessum hluta verður vaxtalækkunin úr vixilvöxtum og niður í afurðalánavexti, þá mun koma í ljós, að hæstv. forsrh. hefur reiknað dæmið mikið skakkt.

Hæstv. forsrh. ætlaði nú ekki að fara út í það neitt að gera upp viðreisnina, eins og hann orðaði það. Hann gat þó ekki á sér setið að tala um kosti hennar, sem hann fann í fljótu bragði, og það var fljótgert hjá hæstv. forsrh. En hann upplýsti okkur um, að það væri þó meira vöruúrval í landinu. Vörukaupaferðir til útlanda væru þó nokkrar og eitthvað af smygli væri að vísu, en það væri miklu minna en áður hefði verið. Um þetta skal ég láta hæstv. forsrh. hafa sína skoðun í friði, en bara segja honum frá því, ef honum þætti það einhver

fróðleikur, að ég hafði aldrei á ævi minni heyrt það nefnt, að fólk brygði sér til útlanda til að fara í búðir gagngert fyrr en nú á seinustu tveimur árum.

Ég skal ekki fara að rekja mörg atriði þessa máls. En það voru þó einkum tvö atriði, sem ég skal nefna, sem gáfu mér tilefni til að fara í ræðustólinn. Annað var það, sem hæstv. forsrh. sagði um 6. gr. í þessu frv., sem hann taldi ekki vera neina nýjung, og hann benti á það, að þegar flokksbróðir hans, Jóhann Þ. Jósefsson, var fjmrh. 1947, hefði verið í 22. gr. fjárl. heimild af svipuðu tagi. Nú veit ég ekki, hvort hæstv. forsrh. finnst, að ástandið í efnahagsmálum okkar Íslendinga núna sé svipað og það var 1947, en þá urðum við Íslendingar, eins og kunnugt er, fyrir einhverjum mestu efnahagsáföllum, sem við höfum orðið fyrir, vegna hruns stríðsmarkaðanna og þeirrar uppbyggingar matvælaframleiðslu, sem þá átti sér stað í nágrannalöndum okkar. Á nokkrum árum um þetta leyti minnkaði þjóðarframleiðslan um 15% og verðmæti hennar eða þjóðartekjurnar um 25%. En þess er líka að gæta í sambandi við árið 1947, að þá var töluvert öðruvísi ástatt í framkvæmdamálum þjóðarinnar. Þá var það ekki ríkið eitt, sem tók það á sig að draga úr framkvæmdum sínum, heldur var af þessari sömu ríkisstj., sem hæstv. núv. forsrh. sat í, komið á mjög ströngu fjárfestingareftirliti og fjárfestingarleyfakerfi. Þessar framkvæmdir þeirrar hæstv. ríkisstj. voru að vísu ekki til neinnar fyrirmyndar, en hún hafði það sér til afsökunar, að það voru neyðartímar. Nú ætlar hæstv. forsrh. að telja ákvæði 6. gr. þess frv., sem hér er til umr., sambærilegt við þetta, og hygg ég, að flestir sjái þar nokkurn mun á.

Þá skal ég að endingu segja nokkur orð í sambandi við þá yfirlýsingu hæstv. forsrh., að það væri ekki með neinu móti hægt að fallast á þá till. okkar, sem nú hefur verið felld, um 8 manna n. og þær viðræður, sem þar var gert ráð fyrir, vegna þess að framsóknarmenn hefðu ekki verið til viðtals um að samþykkja tekjuöflunina. Nú hefur tekjuöflunargreinin verið samþykkt, þó að við værum ekki til viðtals um það. Hæstv. forsrh. og hans liðsmenn gátu vissulega samþykkt þá grein, þó að þeir hefðu einnig samþ. brtt. okkar um 8 manna n. Að vísu hefðu þeir þá gert allt starfið erfiðara, vegna þess að þá hefði verið búið að taka þá kollsteypu, sem fólgin er í 300 millj. kr. nýjum álögum.

Ég skal ekki lengja mál mitt. Hv. 10. þm. Reykv. gaf að vissu leyti nokkurt tilefni til að halda áfram viðræðum við hann, en eins og á stendur núna með fundartíma, þá sé ég nú ekki ástæðu til að lengja mikið orðræður okkar, en mér þótti kattarþvottur hans í sambandi við nefndarstörfin vera heldur vesældarlegur.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. flytur till. um, að af hækkun söluskattsins skv. þessu frv. skuli 1/5 hluti renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Hann lýsti því fögrum orðum, hversu gott verk það hefði verið og vinsælt 1960 að ætla sveitarfélögunum hluta af söluskattinum, sem þá var lögleiddur, en þá var ákveðið, að sveitarfélögin skyldu fá 20% af hinum nýja söluskatti. Á síðasta þingi var ákveðið, um leið og innflutningssöluskatturinn var niður felldur, að sú skipan skyldi verða á þessum málum, að jöfnunarsjóður sveitarfélaganna skyldi fá fimmtung af 3% smásöluskattinum og 5% af verðtollinum skv. nýju tollskránni. Skv. þessu er gert ráð fyrir í gildandi fjárl. fyrir 1964, að sveitarfélögin fái um það bil 140 millj. til úthlutunar milli sveitarfélaga.

Sú fjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., 2½% söluskattur, er ætlað að standa undir alveg tilteknum útgjöldum, sem að mjög litlu leyti snerta sveitarfélögin. Með þessu frv. er áformað að afla tekna, sem mundu nema á þessu ári u. þ. b. 260 millj., eða nánar tiltekið er áætlunin 262 millj. af þessum 2½%. Í hvað eiga svo þessar tekjur að fara? Skv. frv. eiga þær að fara, fyrst og fremst skv. 1. gr., í endurbætur hjá frystihúsunum eða hagræðingu, 43 millj., sveitarfélögin eiga ekki að taka neinn þátt í þeim kostnaði. Í öðru lagi eiga að fara 55 millj. til togaranna, sumpart í rekstrarstyrki og sumpart til fiskileitar. Sveitarfélögin eiga ekki að taka neinn þátt í þeim kostnaði. Í þriðja lagi eiga 30 millj. að ganga til fiskveiðasjóðs. Sveitarfélögin eiga ekki að taka neinn þátt í því. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir, að um 52 millj. gangi til hækkunar á fiskverðinu. Sveitarfélögin taka engan þátt í þeim tilkostnaði. Í fimmta lagi eru svo 55 millj. til að standa undir niðurgreiðslum þeim, sem komið hafði til orða að lækka, en nú er ákveðið að haldi áfram fyrst um sinn. Sveitarfélögin taka ekki þátt í útgjöldum vegna niðurgreiðslna. Þarna eru samtals 235 millj. af þessum 262. Sjötti liðurinn eru svo almannatryggingarnar, en það er gert ráð fyrir, eins og frv. liggur nú fyrir þinginu, að bætur almannatrygginga hækki um 15% til samræmis við kauphækkanirnar í des. Nú er það að vísu rétt, að vegna kauphækkana og hækkana á útgjöldum almannatrygginga aukast útgjöld sveitarfélaganna nokkuð. Hér er þó ekki um að ræða nema örlítið brot af þeim heildarútgjöldum, sem þetta frv. er miðað við og á að afla tekna til. Enn fremur má geta þess, að með hækkandi heildartekjum útsvarsgreiðenda, en það er auðvitað kunnugt, að heildartekjur útsvarsgreiðenda verða allmiklu hærri á árinu 1964 en 1963, þá hækka líka tekjur sveitarfélaganna af útsvörum töluvert að óbreyttum útsvarsstigum.

Að öllu þessu athuguðu er ekki sjáanlegt, að nein gild rök liggi til þess að ætla sveitarfélögunum hluta af þeim söluskatti, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þar sem sveitarfélögin taka yfirleitt ekki þátt í þeim útgjöldum eða tilkostnaði, sem frv. fjallar um.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 229) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 229 felld með 11:5 atkv.
Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 231).

11. Lækningaleyfi.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 6. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. á að greiða fyrir því, að nauðsynlegar skýrslur um heilbrigðismál berist til landlæknis, en hann hefur talið verða á því nokkurn misbrest og leggur því til, að þessi breyting verði gerð. Ég vonast til, að frv. fái vinsamlega athugun, og legg því til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 123).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í 1. málsgr. 14. gr. laga frá 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl., er ákvæði þess efnis, að í reglugerð megi ákveða dagsektir allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að breyta þessu ákvæði á þá leið, að í stað 5 kr., sem í sjálfu sér er löngu orðin úrelt upphæð, komi nýtt ákvæði, svofellt: „Má í reglugerð ákveða dagsektir og tiltaka sektarfjárhæð fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur.“ Þarna er sem sagt ákvæðið um 5 kr. fjárhæðina fellt niður, en í staðinn kveðið svo á, að um þetta skuli segja fyrir í reglugerð.
Þetta frv. er flutt að ósk landlæknis. Heilbr.- og félmn. hefur athugað það og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr þar.
Á 42. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kannast nú eiginlega ekki við þetta mál, en það stafar af því, að það hafði verið lagt fyrir Ed. af fyrrv. hæstv. heilbrmrh. Málið er, eins og sést, mjög lítið í sniðum, en það er lagt til að breyta sektarákvæðum, sem gilt hafa, og gert að till. landlæknis, sem telur þetta óhjákvæmilegt vegna breyttra viðhorfa, og í staðinn fyrir eldri ákvarðanir um vissar sektarupphæðir sé sett inn, að það megi í reglugerð ákveða dagsektir og tiltaka sektarfjárhæð fyrir hvern dag, sem vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur. Ég tel, að ekki verði um þetta neinn ágreiningur í þessari d. fremur en í Ed., og leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 224).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 13, um breyt. á l. nr. 47 frá 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl. Leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Hér er um mjög veigalitla breytingu á umræddum lögum að ræða, en breytingin er í því fólgin að nema úr lögum 5 kr. hámark dagsektar, ef læknar skila ekki landlækni eða viðkomandi rn. tilskildum skýrslum. Með tilliti til breyttra aðstæðna verður að telja þessa breytingu eðlilega og til samræmingar, og var n., eins og ég sagði, einróma sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Breytingin, sem þarna er um að ræða, eins og ég tók fram, er að afnema 5 kr. hámarkið, en veita í þess stað viðkomandi rn. heimild í reglugerð að ákveða hámark dagsekta. Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 242).

12. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1964.

Á 43. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1964 [120. mál] (stjfrv., A. 206).

Á 44. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 27. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Segja má, að þetta frv. sé einungis formsatriði. Það hefur nú í mörg ár verið föst venja að bera slíkt frv. fram. Það hefur tíðkazt, að regluleg þing hæfust að hausti, og þeim hefur ekki verið lokið á þeim tíma, sem stjórnarskráin ætlast til þess, að þing komi saman, ef lög kveða ekki á um annað. Svo er einnig að þessu sinni. Þing kom saman í fyrri hluta október, og er ljóst, að því verður ekki lokið fyrir 15. febr. Eðlilegt er að gera ráð fyrir, að næsta þing komi saman um svipað leyti og nú hefur tíðkazt undanfarin ár mörg, og er þetta frv. flutt í samræmi við það. Ég tel víst, að um frv. verði enginn ágreiningur. Mér er nær að ætla, að í mörg ár hafi frv. þessu líkt ekki verið sett til n., og sé ég ekki ástæðu til þess. Málið er svo einfalt í eðli sínu og um það enginn ágreiningur. Ég vil leggja til, að frv. verði afgr. til 2. umr., án þess að það sé sett í n., en ef einhver óskar þess, þá er sjálfsagt að verða við því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv., sem þegar hefur verið samþykkt ágreiningslaust í hv. Nd., fjallar um að breyta samkomudegi Alþingis í samræmi við það, sem tíðkað hefur verið í mörg ár og nauðsynlegt er miðað við þá breytingu á þinghaldi, sem á er komin. Hér er í raun og veru eingöngu um formlegt mál að ræða, og frv. var ekki sett í nefnd í hv. Nd., enda mun það ekki hafa verið siður um margra ára bil, og sé ég því ekki ástæðu til að leggja til, að frv. verði vísað til n., leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. Að sjálfsögðu, ef einhver óskar eftir því, að það gangi til n., hef ég ekkert á móti því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 251).

13. Hækkun á bótum almannatrygginga (frá 1. jan. 1964).

Á 34. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga [109. mál] (stjfrv., A. 195).

Á 41. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar frv. um hækkun á bótagreiðslum almannatrygginga lá hér fyrir hv. Alþingi fyrir þinghlé, var gert ráð fyrir því, að ef almenn laun í landinu hækkuðu meira en orðið var, mundi verða flutt frv. um frekari hækkun á bótagreiðslum almannatrygginganna í samræmi við þá hækkun, sem yrði á kaupi. Hækkunin á

bótagreiðslunum, sem samþykkt var hér 6. des. s. l., gekk út á það að hækka allar bótagreiðslur nema fjölskyldubætur um 15%, sem var svipað eða það sama og almenn laun í landinu höfðu hækkað á árinu. Þau hækkuðu í janúarmánuði um 5% og í júnímánuði um 7½%, eða samtals með öðrum lítils háttar breytingum, sem urðu, um ca. 15%. Nú urðu í des. almennar hækkanir, sem yfirleitt munu hafa numið í kringum 15%, og er því hér lagt til, að sama hækkun verði látin gilda á bótagreiðslum almannatrygginganna og hækkunin, sem varð á hinum almennu launagreiðslum. Því var heitið, eins og ég sagði, að þessi breyting yrði flutt í samræmi við þær breytingar, sem yrðu á launagreiðslum almennings, og er það loforð uppfyllt með flutningi þessa frv.

Þetta kostar alls, þessi síðasta hækkun, um 74.4 millj. kr., eins og greint er frá á fskj., sem með frv. fylgir, þannig að ellilífeyririnn hækkar um 47.3 millj., örorkulífeyrir og örorkustyrkur um 12 millj., aðrar bætur um 13.5 millj. og tillag til varasjóðs um 1.5 millj., samtals 74.4 millj. kr. Og þessi útgjaldaaukning skiptist þannig á aðilana, að ríkissjóður kemur til með að greiða 26.8 millj., hinir tryggðu 23.8, sveitarsjóðirnir 13.4 og atvinnurekendurnir 10.4. Þá er lagt til í bráðabirgðaákvæðum frv., að þessi greiðsla komi ekki til framkvæmda fyrr en í júnílok og verði þá greidd í einu lagi hækkunin fyrir fyrstu sex mánuði ársins, og er það gert vegna þess, að tekjur, sem almannatryggingarnar þurfa að fá vegna þessarar hækkunar, verða tæpast innheimtar fyrir þann tíma.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir, að hækkunin nái til fjölskyldubótanna, á sama hátt og það var ekki gert ráð fyrir því í frv., sem flutt var fyrir þinghléið, og kemur það til af því, að fjölskyldubæturnar eru á vissan hátt tengdar persónufrádrætti tekjuskattsins og útsvarsins jafnvel líka, og hefur þess vegna verið ákveðið að leggja ekki til, að þessar bætur yrðu hækkaðar, á meðan ekki yrði séð fyrir, hvernig fara muni með þessa persónufrádrætti skattalaganna. Í öðrum löndum, nágrannalöndum okkar, er hafður á þessu ýmiss konar háttur, t. d. er sums staðar sá háttur hafður á, að fjölskyldubætur eru greiddar með öllum börnum og þær þá ekki taldar fram til skatts, en persónufrádráttur fyrir börn er þá aftur á móti enginn leyfður í skattalögunum. Hjá okkur er þetta þannig, að til skatts má draga frá vissa upphæð fyrir hvert barn, en hins vegar eru fjölskyldubæturnar reiknaðar eins og aðrar skattskyldar tekjur. Hvernig úr þessu verður leyst, er ekki ákveðið enn, eða hvort nokkrar breytingar verða á þessu gerðar, en á meðan þær liggja ekki fyrir, hefur ekki verið talið rétt að leggja til hækkun á þessum bótagreiðslum að svo stöddu.

Ég sé, að það hefur verið flutt frv. í Ed., sem mjög fer í svipaða átt og þetta, af einum hv. þm. Alþb., og skoða ég það sem stuðning við afgreiðslu málsins á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, og vona, að málið hljóti einnig samþykki annarra hv. þm.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á. 50. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 225).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur kynnt sér frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga á þskj. 195 og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Efni frv. er eingöngu það, að bætur almannatrygginga, aðrar en fjölskyldubætur, skuli hækka um 15% til samræmis við þær almennu kauphækkanir, sem urðu í des. s. l. Þessi 15% hækkun hefur í för með sér, eins og fram kemur á fskj. með frv., 74.4 millj. kr. útgjaldaaukningu fyrir almannatryggingakerfið. Þar af koma í hlut ríkissjóðs 26.8 millj. kr. Samkv. lögum, sem hv. Alþingi hefur nýlega afgreitt, hafa verið gerðar ráðstafanir til að standa undir þessari útgjaldaaukningu af hálfu ríkissjóðs.

Samkv. breytingu, sem gerð var á almannatryggingalögunum s. l. ár, átti árlegur ellilífeyrir einstaklinga að verða 18 240 kr. Eftir 15% hækkunina skömmu fyrir áramótin hækkaði þessi tala í 20 976 kr., og eftir þá hækkun, sem ráðgerð er í þessu frv., verður árlegur ellilífeyrir einstaklinga 24 122 kr. Hækkunin frá því, sem ráðgert var í fyrra, er því tæpar 6 þús. kr., eða 5882 kr. Ellilífeyrir hjóna verður aftur á móti eftir þá hækkun, sem í þessu frv. felst, 43 420 kr. á ári.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til, herra forseti, að því verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að vekja athygli á því, áður en þetta frv. verður afgreitt frá d., að þrátt fyrir það að bætur vegna almannatrygginga hafi farið hækkandi í krónutölu að undanförnu, hefur hagur bótaþega farið versnandi á undanförnum árum. Þetta var mjög rækilega rakið í umr. þeim, sem urðu hér fyrr á þessu þingi,

þegar bætur vegna almannatrygginga voru hækkaðar þá, og tel ég ekki nauðsynlegt að rifja það rækilega upp að þessu sinni, sem þá var sagt um þessi mál. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að við meðferð þess máls var flutt till. hér í Nd. og eins í Ed. af hálfu okkar framsóknarmanna, þar sem lagt var til, að þessar bætur væru þá ákveðnar verulega hærri en lagt var til í því stjfrv., en það náði þá ekki fram að ganga, og þess vegna hefur ekki þótt ástæða til að reyna að fá þessar bætur frekar hækkaðar að þessu sinni, þó að ástæða væri til, þar sem búast mætti við, að afstaða ríkisstj. sé óbreytt og hún vilji ekki hækka bæturnar meira en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Mér finnst rétt að rifja það upp einu sinni enn í stuttu máli, hvernig bætur vegna almannatrygginga hafa farið rýrnandi, þrátt fyrir það að þær hafi hækkað í krónutölu. Og nú eins og fyrr finnst mér rétt að miða þetta við áþreifanlegt dæmi, ekki við tilbúið dæmi, eins og t. d. framfærsluvísitala hagstofunnar er, heldur við áþreifanlegt dæmi, þar sem er framfærslukostnaður á elzta og helzta elliheimili landsins. En ef maður ber saman árið 1958, bæturnar þá, við það, sem verður, eftir að þetta frv. verður að lögum, kemur þetta dæmi til með að líta þannig út: Á almennu deild elliheimilisins Grundar var dvalarkostnaðurinn árið 1958 21900 kr. Ellilífeyrir einstaklings þá var 9955 kr., eða m. ö. o. þurfti dvalarþeginn á þeim tíma að borga 12 þús. kr. umfram ellilífeyririnn, sem hann fékk. Nú lítur þetta dæmi hins vegar þannig út, að dvalarkostnaður fyrir einstakling á elliheimilinu Grund er nú 46800 kr. Ellilífeyrir verður, eftir að búið er að samþykkja þetta frv., 24122 kr., eða m. ö. o. þarf dvalarþeginn nú að borga um það bil 23 þús. kr. umfram ellilífeyrinn, þannig að nú þarf hann að borga um 11 þús. kr. meira umfram ellilífeyrinn en hann gerði árið 1959. Hygg ég, að þessar tölur varpi glöggu ljósi á það, hvernig hagur bótaþega hefur farið versnandi, þrátt fyrir það að bæturnar hafi farið hækkandi í krónutölu á undanförnum árum, þar sem t. d. dvalarþegi á elliheimilinu Grund, á almennu deildinni þar, þarf nú að borga um 11 þús. kr. meira umfram það, sem hann þurfti að borga 1958, þegar búið er að draga ellilífeyrinn frá í bæði skiptin. Þetta sýnir þá sorglegu staðreynd, að þannig hefur verið haldið á málum af þeim aðilum, sem hafa ráðið í landinu á undanförnum árum, að þrátt fyrir það að bætur samkv. almannatryggingalögum hafi hækkað verulega í krónutölu, þá er hagur bótaþega verri nú en var fyrir nokkrum árum.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég dreg í efa, að sá útreikningur sé réttur, sem þetta frv. byggist á, að kaupgjald í landinu hafi almennt ekki hækkað nema um 32% á s. l. ári. Ég hygg, að þetta sé lágmarkshækkun, sem hefur átt sér stað á árinu, en ekki meðaltalshækkun. Og þetta byggi ég á því, að t. d. er talið, að laun hjá opinberum starfsmönnum hafi hækkað til jafnaðar a. m. k. um 45% á s. l. ári, og ég hygg, að það sé ekki tekið til greina, þegar fundin er út sú meðaltala, sem hér er reiknað með. Ég minnist þess einnig, að nú fyrir nokkrum dögum hélt hæstv. sjútvmrh. því fram hér í þinginu, að kaupgjald hjá hraðfrystihúsunum hefði hækkað til jafnaðar um meira en 40% á s. l. ári, en ekki um 32%, eins og hér er gert ráð fyrir. Það er enn ekki séð fyrir, hver kauphækkunin verður hjá verzlunarfólki, en almennt hygg ég, að það sé reiknað með því, að verzlunarfólkið fái meiri hækkun en var t. d. hjá verkamönnum á s. l. ári, eða a. m. k. telja forsvarsmenn verzlunarsamtakanna það nokkurn veginn öruggt. Ég held þess vegna, að þegar þessar staðreyndir allar eru athugaðar, þá sé frekar reiknað hér með lágmarkshækkun, sem hefur átt sér stað, — þessar bætur séu miðaðar við lágmarkshækkun, en ekki við þá meðaltalshækkun, sem hefur átt sér stað í landinu á þessum tíma. Þetta verður þess vegna til þess, að bótaþegar samkv. almannatryggingunum dragist frekar aftur út en hið gagnstæða.

Því miður er ekki aðstaða til þess hér eftir í þessari d. að athuga þetta nánar, en ég vildi í tilefni af þessu segja það, að mér fyndist ástæða til, að sú nefnd, sem fær þetta til athugunar í Ed., tæki það til gaumgæfilegrar athugunar, hver hafi orðið raunveruleg meðaltalskauphækkun í landinu, sem hækkun á bótum almannatrygginganna er miðuð við, og hvort sú athugun mundi ekki leiða í ljós, að það væri ástæða til að hafa þessar bætur nokkru hærri en gert er ráð fyrir í þessu frv., þó að ekki sé miðað við annað en þær meðaltalskauphækkanir, sem hafa orðið í landinu á þessum tíma. Ég hef hins vegar látið þá skoðun uppi, að ég teldi vera miklu eðlilegra en að miða við þetta atriði, að það væri tekið fyrst og fremst tillit til þess, hver hefði orðið aukning dýrtíðarinnar í landinu, og bæturnar væru miðaðar við það, að bótaþegar stæðu a. m. k. ekki lakar eftir en áður.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni, en mér fannst sérstök ástæða til að vekja athygli á þessu, áður en málið fer hér úr deildinni.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. dró í efa, að þessar hækkanir á lífeyrisgreiðslum samkv. almannatryggingalögunum væru til jafns, að mér skildist, við þá almennu launahækkun, sem orðið hefur í landinu á þessu tímabili. Hækkunin á bótunum hefur orðið nú með þessu frv. tvisvar sinnum 15%, eða samtals í kringum 32%. Hann taldi ekki ástæðu til í þessu sambandi að minnast á ýmsar aðrar breytingar, sem orðið hafa á tryggingalögunum, eins og t. d. þær, að landið hefur verið gert að einu verðlagssvæði, og þær bætur, sem menn á öðru verðlagssvæði hafa fengið á þessu tímabili, hafa verið miklu meiri en sem svarar þeim hækkunum, sem orðið hafa á verðlagi. En ég vil líka benda á, að þær hækkanir, sem orðið hafa á almennu

verðlagi í landinu á árinu 1963, eru minni og það verulega minni en 32%.

Hann sagði, að opinberir starfsmenn hefðu fengið 45% hækkun, og það mun vera rétt. En í því sambandi vil ég benda á, að sú hækkun, þessi 45%, er fyrst og fremst fram komin vegna þess, að hærri launaflokkur opinberra starfsmanna hafa fengið verulega meiri hækkun í sinn hlut en almenningur hefur fengið í landinu, vegna þess að mismunurinn á milli þeirra hæst launuðu og þeirra lægst launuðu var ekki eins mikill og ástæða hafði verið til að hann væri, og það gerir þessa hækkun svo mikla eins og hann nefndi eða 45%.

Hann minntist líka á verzlunarfólkið. Um þá hækkun, sem það fær, vitum við ekki neitt á þessu stigi málsins og þess vegna ekki eðlilegt, að það sé dregið inn í umr. En ég vil halda því fram, að sú hækkun, sem fengizt hefur á lífeyrisgreiðslum almennings í landinu á s. l. árum, hafi vaxið miklu meira en dýrtíðaraukningin hefur orðið. Þó að hækkanir hafi orðið á dvalarkostnaði elliheimila á þessu tímabili og alveg sérstaklega á dvalarheimili aldraðs fólks á elliheimilinu Grund, þá segir það út af fyrir sig ekki mikið, vegna þess að þeir, sem þar dveljast, fá sinn dvalarkostnað venjulegast og ég vil segja flestir á þann hátt, að hann er greiddur að fullu af almannatryggingunum og hlutaðeigandi sveitarsjóði, þannig að þeir koma ekki til með að greiða neinn hluta af sínum dvalarkostnaði á sjúkrahúsinu, vegna þess að það er heimild í tryggingalögunum til þess, að bæturnar séu hækkaðar allt upp í 100% handa þeim, sem rúmliggjandi eru eða dvalarmenn á elliheimilunum.

Hv. þm. vildi með þessu reyna að gera lítið úr þeim hækkunum, sem ríkisstj. hefur ætlað þessu fólki, en geta vil ég þess þó í lokin, að Framsfl. bar fram, þegar 15% hækkunin var ákveðin fyrir nýár, till. um, að þessi kostnaður yrði hækkaður, ekki um 32%, heldur um 25%, og stjórnarandstaðan hefur í hv. Ed. borið fram frv. um 15% hækkun, alveg nákvæmlega eins og ríkisstj. hefur borið fram, þannig að ég ætla, að með þessari hækkun sé ekki ósanngjarnlega í sakirnar farið og að þeir, sem bótanna eiga að njóta, séu ekki verr haldnir, og ég vil segja að sumu leyti talsvert betur með þessari hækkun en þeir voru áður.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. félmrh. sagði um till. þá, sem við framsóknarmenn fluttum um hækkun bóta samkv. almannatryggingunum fyrir jólin, var hún miðuð við það ástand, sem þá var. Að sjálfsögðu var gert ráð fyrir því, að ef hækkanir yrðu á kaupgjaldi frá þeim tíma, sem sú till. var flutt, þá kæmi það til viðbótar síðar meir, og meira að segja var hún miðuð við, að það kæmi þá 25% hækkun á þær uppbætur, sem launþegar fengju fyrir nokkurn hluta s. l. árs, í staðinn fyrir það, að þeir fengu ekki nema 15% samkv. till. ríkisstj. Það var skýrt tekið fram hér í umr. af hálfu þeirra manna, sem fluttu þessa till., sem framsóknarmenn stóðu að, að þetta væri eingöngu miðað við þær kauphækkanir og dýrtíðarhækkanir, sem þá voru orðnar, en svo að sjálfsögðu yrði að bæta að nýju, ef frekari kauphækkanir og verðhækkanir yrðu síðar, þannig að ef það hefði verið farið að okkar till., hefði komið 25% hækkun strax þá og 15% nú samkv. því frv., sem nú liggur fyrir og við styðjum. En hins vegar hefur verið talið tilgangslaust að vera að flytja frekari hækkun að þessu sinni, eins og gert var seinast, vegna þess að það er orðið greinilegt, hvað hæstv. ríkisstj. vill, og þess vegna tilgangslaust að vera að flytja hér slíka till. Hins vegar var vert að reyna að freista þess á s. l. hausti, hvort ekki væri hægt að þoka neinu áleiðis í þessum efnum frá því, sem hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir þá.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um elliheimilið Grund, vil ég enn á ný geta þess, að ég hef tekið þetta dæmi vegna þess, að ég tel það nokkuð ljóst um það, hvernig dýrtíðin hefur þróazt í landinu á undanförnum árum. Það skiptir ekki neinu sérstöku máli í þessum efnum, hvort sumt af því fólki, sem er á Grund eða öðrum elliheimilum, nýtur einhvers frekari styrks en ellilífeyris. Það, sem er aðalatriðið, er það, að þessar hækkanir, sem hafa orðið á dvalarkostnaði Grundar, sýna nokkurn veginn þá almennu þróun, sem hefur átt sér stað í landinu í þessum efnum, og svipaðar hækkanir hafa að sjálfsögðu átt sér stað á framfærslukostnaði þeirra, sem ekki eru á elliheimilum, því að sá framfærslukostnaður hefur að sjálfsögðu lotið sams konar lögmálum. Og ég tel það miklu öruggara að leggja til grundvallar áþreifanleg dæmi um það, hve framfærslukostnaðurinn hefur hækkað í landinu á þessum árum, heldur en þótt það sé lagt til grundvallar, hvað hægt er að lesa út úr tilbúnum tölum um þetta efni, eins og t. d. framfærsluvísitalan gerir.

Það er líka alrangt, sem hæstv. félmrh. hélt fram, að það nægi til að bæta dýrtíðina að fullu, ef bæturnar hækka prósentvís eins mikið og framfærsluvísitalan. Þetta stafar einfaldlega af því, að bæturnar samkv. almannatryggingalögunum koma ekki niður nema á nokkurn hluta framfærslukostnaðarins, eða eitthvað í kringum 40%. Ef það væri þannig, eins og ég hef verið að benda á, að uppbæturnar ættu að ná til alls framfærslukostnaðarins, þyrftu þær að sjálfsögðu að vera miklu hærri en hér er gert ráð fyrir, því að bæturnar ná núna aðeins til nokkurs hluta framfærslukostnaðarins, eða eitthvað í kringum 40% hjá gamla fólkinu, eftir að þessi hækkun hefur átt sér stað. Og þó að hægt sé að benda á það, eins og ráðh. gerði, að uppbætur samkv. almannatryggingum hafi hækkað eitthvað meira en framfærsluvísitalan hækkaði á s. l. ári, liggur í augum uppi, að það nægir ekki til þess að bæta að fullu þá hækkun, sem hefur orðið á framfærslukostnaði, þar sem bæturnar ná aðeins til ákveðins hluta hans.

Mér finnst líka rétt að benda á það í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstj. er strax byrjuð

á því að taka aftur nokkurn hluta þeirrar hækkunar á bótum, sem felst í þessu frv. Nú fyrir nokkrum dögum voru afgr. hér á Alþingi lög um verulega hækkun á söluskatti. Þessi hækkun á söluskattinum er það mikil, að þó að aðeins sé miðað við þá áætlun, sem er nú í fjárl., þá nemur þessi hækkun um 1600 kr. á hvert mannsbarn í landinu, þegar þessi hækkun er að fullu komin út í dýrtíðina. Í þeim efnum dugir ekki að benda á það, hvað vísitalan hækkar í fyrstu vegna söluskattshækkunarinnar, því að söluskattshækkunin á síðar eftir að koma inn í framfærslukostnaðinn á margan annan hátt en sést á framfærsluvísitölunni til að byrja með. En það er kannske mælikvarðinn á það, hvaða áhrif söluskattshækkunin hefur á framfærslukostnaðinn, að deila þessari hækkun nokkurn veginn jafnt á hvert mannsbarn í landinu, og þá sést, að þessi hækkun verður um 1600 kr. á mann. Bara með þessari einu stjórnarráðstöfun er tekinn aftur nokkru meira a. m. k. en helmingurinn af þeim uppbótum, sem gamla fólkið fær samkv. því frv., sem hér er verið að afgreiða, og eru þó margar aðrar hækkanir, sem verða á þessu ári og leiðir af því, sem gert var á síðasta ári, óframkomnar, þannig að það er nokkurn veginn ljóst, að þær uppbætur, sem bótaþegar almannatryggingarnna fá samkv. þessu frv., er búið að éta upp og miklu meira með söluskattshækkuninni og öðrum slíkum ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur átt þátt í og unnið að að undanförnu.

Það dæmi, sem ég hef hér nefnt um elliheimilið Grund, sýnir, svo að ekki verður á móti mælt, að hinn almenni framfærslukostnaður í landinu hefur hækkað mun meira hlutfallslega undanfarin 5 ár en svarar til þeirra bóta, sem almenningur hefur fengið, þrátt fyrir þær krónuhækkanir, sem hafa orðið á bótunum. En það er alls ekki rétt hjá þessum hæstv. ráðh., að ég hafi verið að gera nokkuð lítið úr þeim hækkunum, sem hafa átt sér stað í þessum efnum að undanförnu. Það er síður en svo. Ég álít, að þær hafi stefnt í rétta átt. En þær breyta hins vegar ekki því, að vegna þeirrar stjórnarstefnu, sem hefur verið fylgt í landinu á undanförnum árum, hefur dýrtíðin vaxið þannig, að hún hefur gleypt hinar auknu bætur að fullu og raunar miklu meira, þannig að bótaþegar hafa staðið verr á eftir en áður þrátt fyrir þær hækkanir, sem hafa orðið. Þess vegna þyrftu þessar hækkanir að verða talsvert meiri, ef aðstaða bótaþega ætti ekki að vera lakari en áður var. Þessari staðreynd er ekki hægt að hnekkja, og við hana verður hæstv. ríkisstj. að sætta sig, og þess vegna er það ekki hægt fyrir hæstv. félmrh., þótt hann hafi átt sinn þátt í þessum hækkunum á bótunum, að vera neitt sérstaklega státinn yfir þeim, vegna þess að hann hefur átt þátt í því á öðrum sviðum, að dýrtíðin hefur vaxið svo mikið, að þessar bætur hafa verið gerðar að engu og bótaþegarnir staðið verr eftir en þeir áður gerðu. Þetta er mikil sorgarsaga, og það eru ekki neinar horfur á því, að þetta sé neitt að breytast, eins og sést á söluskattshækkuninni, sem hér átti sér nýlega stað, þar sem með þeirri einu aðgerð er tekinn aftur af bótaþegum, t. d. gamla fólkinu, meira en helmingurinn af þeirri hækkun, sem felst í þessu frv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það gleður mig mjög að heyra um þann aukna áhuga fyrir almannatryggingunum, sem kemur fram í ræðum hv. 5. þm. Reykv. Það hefur ekki alltaf verið svo, að Framsfl. væri svo áhugasamur um almannatryggingarnar, og stundum hefur það verið svo, að hann hefur ekki treyst sér til að vera með þeim bótagreiðslum og þeim hækkunum á bótagreiðslum, sem lagt hefur verið til hér á Alþingi að gerðar væru, og skal ég ekki rekja þá sögu frekar.

Hv. þm. sagði, að hækkunartillaga Framsfl. á bótagreiðslunum fyrir jólin hefði verið við það miðuð, að auðvitað kæmu fram síðar þær hækkanir, sem mundu verða gerðar á almennum launum í landinu eftir þann tíma. En ég vil þó benda á, að þær till., sem fram komu fyrir jólin um hækkun á bótunum, voru að verulegu leyti miðaðar við þær hækkunartill. á launum, sem komnar voru fram þá. Það komu fram till. frá Alþb. um 40% hækkun, miðaðar við það, að hækkunin, sem um var talað fyrir jólin á almennu tímakaupi, mundi verða um 15%. Ríkisstj. taldi ekki rétt á því stigi, á meðan ekki var frá þeim hækkunum gengið, að miða hækkanir á bótunum við annað en það, sem þegar var orðið, og lofaði því, eins og hún hefur nú staðið við, að síðar mundu verða bornar fram tillögur um hækkanir á bótagreiðslunum, sem svaraði þeim hækkunum, sem síðar væru gerðar á almennum launum. Ég held þess vegna, að í þessari 25% hækkunartill. Framsfl. fyrir jólin hafi falizt það, að það ætti að mæta þeim hækkunartill. á launum, sem þá voru uppi og líklegt var að mundu koma fram.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki ástæða til að taka til greina þær umframgreiðslur, sem dvalargestir eða vistmenn á elliheimilum fengju umfram almannatryggingalögin. En ég vil benda honum á, að einmitt í almannatryggingalögunum er heimild til þess að hækka lífeyrisgreiðslurnar um allt að 100% hjá þeim mönnum, sem verða að vera á sjúkrahúsi eða á elliheimili eða einhverju slíku, og það er samkv. þeim lögum, sem vistmenn á þessum sjúkrahúsum hafa fengið sinn dvalarkostnað að fullu greiddan á þennan hátt.

Þá sagði hv. þm., að 1600 kr. mundu koma á hvert mannsbarn í landinu af þeirri söluskattshækkun, sem hér hefur verið lögleidd nú með lögum um aðstoð við sjávarútveginn o. fl. Eftir því ætti 4½ manns fjölskylda, sem miðað er við venjulega, að hafa í útgjöld vegna þessarar hækkunar söluskattsins um 7200 kr. En 2½%, eins og söluskatturinn er af nauðþurftum, er ekki af 100 þús. kr. meiri en 2500

kr., þannig að einhvers staðar hlýtur hér að skakka. Hv. þm. getur ekki sannfært neinn mann um það, að almenn fjölskylda á Íslandi þurfi að borga vegna hækkunar söluskattsins 7200 kr., þar sem hún hefur ekki nema rúmar 100 þús. kr. tekjur, og þó að hún eyddi því öllu í nauðsynjar, yrði það ekki í útgjöldum fyrir hana nema 2500 kr. á ári, og sanni hann það með sínum framsóknarreikningi, að það skuli vera öðruvísi.

Hann sagði, að við værum státnir af þeim breytingum, sem við höfum gert á almannatryggingalögunum. Það hefur hvergi komið fram, að við værum það. Við vildum aðeins hækka bæturnar nú á svipaðan hátt og laun almennings í landinu hafa hækkað, og það hefur verið gert. Þær hafa verið hækkaðar á árinu sem leið um 15%, og hér er lagt til, að 15% verði bætt við, þannig að hækkun bótanna í þessum tveim áföngum verður um 32%, alveg eins og hækkun launa almennings í landinu hefur orðið. Hvernig launagreiðslur til almennings og greiðslur til þessara bótaþega eru, skal ég ekki segja og skal ekki rekja, né hvernig hlutfallið er þarna á milli. En ég ætla, að ef bótaþegum almannatryggginganna er veitt svipuð hækkun eða sú sama og almennum launþegum í landinu, verði þeir a. m. k. ekki verr úti en þeir.

Hinu mótmæli ég svo algerlega, að sú 2½% söluskattsaukning, sem orðið hefur með l. um aðstoð við sjávarútveginn, sem nýlega hafa verið samþykkt hér á þinginu, baki meðalfjölskyldu 7200 kr. í aukin útgjöld, því að það á hreint ekki stoð neins staðar, það getur hver einn maður sagt sér, því að til þess að fá 7200 kr. aukin útgjöld, þyrfti það að miðast við a. m. k. upp undir 300 þús. kr. tekjur.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. félmrh. sagði hér síðast, vil ég aðeins nefna honum þessar tölur:

Söluskattshækkunin, sem nýlega var samþ., mun nema um 300 millj. kr., ef lögð er til grundvallar sú áætlun um söluskattinn, sem er í fjárlögum þessa árs og margir telja of lága. Sem sagt, söluskattshækkunin er áætluð um 300 millj. kr. og verður sennilega meiri. Íbúatala landsins mun vera eitthvað í kringum 185 þús., og hæstv. félmrh. getur svo deilt þetta og fundið út, hver niðurstaðan yrði, en ég er hræddur um, að það komi út talsvert hærri tala en sú, sem hann var með hér áðan. Hins vegar hljóta menn að sjá, að þessi aðferð er rétt, vegna þess að þann skatt, sem hér er um að ræða, borga engir aðrir en fólkið í landinu. Og þó að það megi segja, að þessi hækkun komi ekki strax inn í framfærsluvísitöluna, það sé einhver minni upphæð, sem kemur inn í framfærsluvísitöluna, heldur leggist þetta til að byrja með á atvinnuvegina og annað þess háttar, þá getur hver og einn sagt sér það sjálfur, að sú byrði, sem er lögð á atvinnurekstur í landinu, en ekki beint á einstaklingana strax, kemur fyrr eða síðar niður á einstaklingunum og þeir verða að bera hana. Það tekur kannske nokkurn tíma, að þetta sé komið til fullra framkvæmda, en þannig verður það að lokum. Þess vegna er það algerlega rangt, sem hæstv. félmrh. var að tala um, að það komi ekki nema nokkur hluti af þessari upphæð fram á einstaklingunum í landinu. Fyrr eða síðar leggst þetta allt á þeirra bak. Það er nefnilega náttúra söluskattsins, það þýðir ekki að setja hann þannig upp, að hann komi þannig fyrst bara sem 2½% með hækkuninni á það, sem almenningur kaupir í dag. Hann margfaldast smátt og smátt í umferðinni, vegna þess að hann hefur lagzt á ýmsa kostnaðarliði, sem hækka síðar, og leiðir auk þess af sér fyrr eða síðar hækkanir á kaupgjaldi og öðru slíku, og það kemur svo aftur inn í framfærslukostnaðinn, svo að það verður ekki umflúið, að þessar 300 millj., sem hæstv. ríkisstjórn leggur nú á með nýjum sköttum, leggjast á allan almenning í landinu fyrr eða síðar með fullum þunga. Og hin rétta reikningsaðferð er þess vegna að deila íbúatölunni í þessa upphæð, ef menn vilja fá út, hvað raunverulega þessi skattur þýðir fyrir hvern einstakling í landinu.

Ég skal svo ekki reyna á þolinmæði hæstv. forseta með því að endurtaka í löngu máli þau atriði, sem hæstv. félmrh. kom fram með hér áðan, enda var ég í raun og veru búinn að svara því áður. En ég tel rétt að leiðrétta það hjá honum, að sú till., sem flutt var af hálfu okkar framsóknarmanna, bæði hér í Nd. og í Ed., um hækkun almannabótanna á haustþinginu, var að sjálfsögðu miðuð við það ástand, sem þá var, og það skýrt tekið fram af okkar hálfu, að það var eingöngu miðað við þær verð- og kauphækkanir, sem þá voru orðnar, en ekki við það, hvað kynni að gerast í þessum efnum í framtíðinni. Það var mjög greinilega tekið fram. Og ég held, að það hafi líka verið rangt hjá honum, svo að ég fari að leiðrétta það, sem hann sagði um till. hv. 5. þm. Vestf., ég held, að sú till. um hækkun almannabótanna, sem hann flutti hér, hafi ekki verið miðuð við þær kauphækkanir, sem kynnu að verða í framtíðinni, heldur væri þetta látið fylgja þeim hækkunum, sem væru orðnar hjá opinberum starfsmönnum, vegna þess að það hefði verið venjan að miða við hækkunina hjá þeim. Ég held, að það sé algert rangminni hjá hæstv. félmrh., að till. sú, sem flutt var hér af hálfu Alþb., væri miðuð við væntanlegar kauphækkanir, heldur við þær kauphækkanir, sem þá voru orðnar, og þetta sýnir það, að hæstv. félmrh. rangminnir um fleira en þá till., sem við framsóknarmenn fluttum um þetta atriði.

Ég hverf svo ekki frá því, og það skal vera það seinasta, sem ég segi að þessu sinni, að það sé rétt að miða við elliheimilið Grund, ef menn vilja gera sér grein fyrir þróun framfærslukostnaðarins í landinu á undanförnum árum. Ég hygg, að elliheimilið Grund sé sæmilega rekið og þar sé gætt hins fyllsta sparnaðar í öllum rekstri og þær hækkanir, sem hafa orðið á framfærslukostnaði eða dvalar-

kostnaði þar, gefi þess vegna nokkuð glögga mynd um þá almennu hækkun framfærslukostnaðarins í landinu á þessum tíma og þess vegna sé enn réttara að miða við þá niðurstöðu, sem er alveg áþreifanleg, heldur en við einhverjar áætlanir, eins og t. d. framfærsluvísitalan er, og því verður ekki á móti mælt, að hækkunin hjá Grund hefur orðið sú, sem ég hér benti á. Og ef miðað er við hana, þá verður niðurstaðan sú, eins og hægt er að sanna með öðrum tilfellum, að hagur bótaþeganna er lakari nú en hann var fyrir fáum árum, þrátt fyrir þær tölulegu hækkanir, sem hafa orðið á almannabótum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginganna lá hér fyrir hv. Alþingi fyrir áramótin, var sú hækkun, sem það frv. gerði ráð fyrir, miðuð við, að hækkanirnar skyldu verða þær sömu og almennar launahækkanir höfðu þá orðið á árinu 1963 eða kringum 15%. Þess var getið í umr. um það mál þá, að ef frekari launahækkanir yrðu á árinu, eins og við mátti raunar búast, þar sem kjaradeilur stóðu þá yfir, mundi verða flutt annað frv. til hækkunar á bótagreiðslunum, sem jafngilti þeim hækkunum, sem almennt yrðu þá á launum.

Með flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, er orðið við því loforði, sem þá var gefið, þannig að í þessu frv., sem hér liggur fyrir þessari hv. d. nú, er lagt til, að bæturnar verði hækkaðar um 15%, eða sömu hundraðshlutatölu og kaup hækkaði yfirleitt í des. s. l. Annað og meira felst ekki í þessu frv., svo að ég þarf ekki að hafa um það langa framsögu. Þess er getið í ákvæðum til bráðabirgða þó, að það er gert ráð fyrir, að þessar greiðslur komi fyrir sex fyrstu mánuði ársins 1964 til framkvæmda 1. júlí n. k., í einu lagi þá fyrir þessa mánuði, þar sem tekjurnar, sem afla þarf upp í þessar greiðslur, verða ekki komnar inn fyrr.

Þá er þess líka getið í þessu frv., að undanþegnar þessum hækkunum eru fjölskyldubæturnar, sem liggur í því, að enn er ekki gengið frá þeirri endurskoðun á tekjuskatts- og eignarskattslögunum og lögunum um útsvör, sem er verið að framkvæma, en fjölskyldubætur og persónufrádráttur í þessum lögum eru mjög hliðstæð fyrirbrigði, og er þess vegna tæplega rétt að afgreiða annað, án þess að hitt fylgi þá með. Kostnaðurinn við þessa hækkun nemur, eins og segir á fskj., sem frv. fylgir, alls 74.4 millj. og skiptist á þátttakendurna þannig, að ríkissjóður greiðir 26.8 millj., hinir tryggðu 23.8, sveitarsjóðirnir 13.4 og atvinnurekendur 10.4 Þetta er til viðbótar við það, sem hækkanirnar námu á s. l. ári, mjög veruleg hækkun, þó að ekki sé í heild óhætt að segja um miklu meira að ræða en að mæta þeirri dýrtíðaraukningu, sem orðið hefur á þessu tímabili, en þessi hækkun ætti að geta mætt henni og raunar vel það.

Hv. 9. þm. Reykv. hefur flutt frv. svipaðs efnis og þetta frv. er, og vænti ég þess vegna, að um það geti orðið samkomulag í þessari hv. d. að afgreiða þetta mál fljótlega og fyrirhafnarlítið. Það er að vísu sá munur á hans frv. og þessu, að þar eru fjölskyldubæturnar teknar með, en ég lýsti því, að þær eru ekki með í þessu frv. ríkisstj.

Ég vildi svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. yrði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með, að þetta frv. hæstv. ríkisstj. er fram komið. Ég hafði satt að segja ekki búizt við, að hæstv. ríkisstj. brygði svo fljótt við sem raun varð á í þessu efni. Ég hafði um sömu mundir og þetta frv. var lagt fram hér á Alþingi að loknu jólaleyfi lagt fram frv. sama efnis að mestu leyti, þ. e. a. s. um 15% hækkun tryggingabóta, en eins og hæstv. ráðh. tók fram hér, er sá aðalmunurinn á þessu frv. og mínu, að í mínu frv. er gert ráð fyrir, að þessi hækkun, 15%, nái til allra bótafjárhæða tryggingalaganna.

Ég vil aðeins drepa lítillega á þetta atriði og minna á, að fjölskyldubæturnar eru smám saman að rýrna og nálgast það að verða sáralítil hjálp. Að krónutölu hafa fjölskyldubæturnar verið látnar standa í stað síðan á miðju ári 1961, og allir vita um dýrtíðaraukninguna síðan. Það er óhætt að segja, að á þessum tíma, sem liðinn er síðan á miðju ári 1961, hefur kaupmáttur þessara bóta minnkað um svo að segja helming, og er þá miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta gefur nokkuð glögga hugmynd um, hvert stefnir með verðgildi þessara bóta. Bótafjárhæðir voru auknar um 7% í júlí 1962. Í apríl 1962 var samþykkt veruleg hækkun á bótum tryggingalaganna almennt. Í des. s. l. voru bætur hækkaðar um 15%. Og nú er enn lagt til, að þær hækki um 15%. Í öll þessi fjögur skipti, sem ég taldi upp, eru fjölskyldubætur undanskildar hækkuninni. Mér finnst ekki óeðlilegt, að ókunnugir spyrji: Hvers eiga barnmörgu fjölskyldurnar að gjalda? Það er lagt til, að bætur almennt hækki nú um 15% í des. Ég minni bara á þessi tvö skipti. En fjölskyldubæturnar hafa hækkað um ein 15% síðan í marz 1960, á meðan aðrar bætur hafa hækkað svo sem ég hef nefnt dæmi um.

Með þessu finnst mér greinilega stefnt að því að gera fjölskyldubæturnar verðlausar, og það er kannske gert í ákveðnum tilgangi. Skýring hæstv. ríkisstj. er sú, að það standi til að breyta lögum um skattálagningu á þann

veg að hækka persónufrádrátt vegna barna við álagningu útsvars og skatta. Þetta var boðað við síðustu bótahækkun og þetta er boðað enn í dag. En það er ekki komið.

Við þetta hef ég auk þess ýmislegt að athuga, þessa leið að hækka persónufrádráttinn, en láta fjölskyldubæturnar standa í stað. Ég skal fyrst minna á, að það mun hafa verið árið 1962, sem persónufrádrátturinn, eins og hann er nú í krónutölu við skattaálagningu, var ákveðinn. Síðan hafa þessi hlunnindi barnmargra fjölskyldna rýrnað um a. m. k. 35%, svo að út af fyrir sig finnst mér full ástæða til að taka það mál upp aftur og það sem allra fyrst að endurskoða og hækka persónufrádrátt við álagningu skatta vegna barna. Það er ástæða til þess. En ég sé ekki, að það sé ástæða til að láta fjölskyldubæturnar verða lítils sem einskis virði af þeirri ástæðu.

Ef við viljum halda því, sem var árið 1962, eigum við m. ö. o. að hækka bæði persónufrádrátt verulega og fjölskyldubætur verulega. Við eigum að auka persónufrádráttinn a. m. k. um 35%, og við eigum að auka fjölskyldubæturnar um a. m. k. 50%, til þess að þessi hjálp við barnmargar fjölskyldur verði svipuð og hún var 1962.

Nú mætti kannske segja sem svo, að það megi að meinlausu gera fjölskyldubæturnar verðlausar, því að svo mikið megi auka persónufrádrátt. Ég hef ekki trú á því út af fyrir sig, að persónufrádrátturinn verði hækkaður það mikið, að það vegi upp á móti rýrnun beggja þessara þátta. En svo er annað. Hæstv. ráðh. tók það fram hér áðan, að persónufrádrátturinn og fjölskyldubæturnar væru samhliða aðgerðir. Þetta er rétt, en aðeins að vissu marki. Ég skal aðeins nefna, að fyrir tekjulága, barnmarga fjölskyldu er ekki alveg sama, hvor þátturinn er gerður verðlaus og hvor er hækkaður. Það skiptir þvert á móti mjög miklu máli. Ég held þess vegna, að það sé gott að sýna báðum þessum þáttum í hjálpinni við barnmargar fjölskyldur fullan sóma, hækka fjölskyldubætur nú og hækka einnig, áður en þessu þingi lýkur, persónufrádráttinn við álagningu skatta vegna barna. Þetta vildi ég aðeins mega benda á nú, vegna þess að hæstv. félmrh. er staddur hér, en þegar ég mælti fyrir mínu frv. hér fyrir nokkru, var hann ekki viðstaddur, en þá minntist ég á sumt af þessu í sambandi við fjölskyldubæturnar.

Það er annað atriði, sem ég vildi minnast á fáum orðum, annað atriði, sem mér finnst skipta nokkru máli. Í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir því, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða þá 15% bótahækkun, sem felst í frv. þessu, í einu lagi fyrir tímabilið 1. jan. 1964 til 31. júní 1964 með bótagreiðslum fyrir júlímánuð. Í þessu felst, að hækkunin á ekki að komast í hendur bótaþeganna eða þarf ekki að komast í hendur bótaþeganna fyrr en í júlí í sumar. Auðvitað er þetta gert eingöngu til hægðarauka fyrir greiðandann. En út á það hef ég ekki í sjálfu sér að setja. En ég vil bara spyrja: Liggur bótaþegunum ekkert á að fá þessa peninga? Geta þeir beðið hálft ár? Hafa þeir svo litla þörf fyrir þetta, að það megi allt eins vel geyma það í sex mánuði að greiða þeim hækkunina? Ég er þeirrar skoðunar, að svo sé ekki. Bótaþegar hafa fulla og brýna þörf fyrir að fá þessa hækkun. Og ég teldi, að hér þyrfti að gera breytingu á í frv., gera ráð fyrir því, að þetta fé verði greitt bótaþegunum, sem áreiðanlega flestir hafa fulla þörf fyrir það, svo fljótt sem unnt verður, helzt strax mánaðarlega frá 1. jan. eða a. m. k. með einhverjum minni biðtíma en hér er gert ráð fyrir. Væri t. d. ekki unnt að fara meðalveginn og miða við apríl í staðinn fyrir júlí?

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð til andsvara hv. síðasta ræðumanni, hv. 9. þm. Reykv. — Skal ég þá fyrst minna á síðara atriðið af þeim tveimur, sem hann gerði að umtalsefni, þ. e. a. s. það, hvort ekki væri ástæða til að greiða þessa hækkun á bæturnar jafnóðum og þær raunverulega ættu að falla til, þ. e. a. s. mánaðarlega, eins og aðrar bætur. Ég skal vissulega ekki draga það í efa, að bótaþegunum er þörf á því að fá þessa hækkun og fá hana sem fyrst. En það hefur verið ákvarðandi um þetta, að peningarnir í Tryggingastofnuninni eru í fyrsta lagi fyrir hendi og verða tæpast á miðju ári, en þó þannig, að það er talið hægt og forsvaranlegt að miða við þann tíma. Og í öðru lagi held ég, að flestir bótaþegar mundu sætta sig við það, þegar þeir vita, að þeir eiga að fá þessar bætur og þá í einu lagi fyrir sex mánuði, 1. júlí, vegna þess að þeir munu þá geta gert sínar ráðstafanir þannig, að það komi þeim allt að því að eins miklum notum, þó að þetta komi ekki fyrr en allt í einu fyrir sex mánuði.

Um hitt atriðið, um fjölskyldubæturnar, skal ég svo fara nokkrum orðum. Ef fjölskyldubæturnar eru hækkaðar, kemur það í fyrsta lagi fram á þann hátt í skattgreiðslum og útsvarsgreiðslum, að fjölskyldubæturnar eru reiknaðar viðkomandi manni sem tekjur, og eftir því, sem fjölskyldubæturnar eru hækkaðar, er hlutfallslega meiri hluti af fjölskyldubótunum af þeim tekinn aftur. En það er á ýmsan hátt farið með þessi mál annars staðar. Sums staðar eru fjölskyldubæturnar alls ekki taldar fram til skatts, þannig mun það t. d. vera í Svíþjóð og í Danmörku, þannig að skattur eða útsvar er ekki af þeim greiddur. En þar er ekki heldur persónufrádráttur fyrir börn reiknaður neinn. Þetta er talsvert mikið vandamál, hvernig með skuli fara, og hefur verið í athugun og vonandi, að þeirri athugun verði bráðlega lokið. En ég er hreint ekki viss um, að með óbreyttri skattalöggjöf hjá okkur væri þeim meiri greiði ger, barnmörgu fjölskyldunum, að hækka einhliða fjölskyldubæturnar, heldur en að miða persónufrádráttinn við það, að barnmörgu fjölskyldurnar komi sem bezt út í heild, þegar hvort tveggja er tekið saman, fjölskyldubæturnar og persónufrádrátturinn. Það má vel

vera, að sú verði niðurstaðan af þessari athugun, að það verði horfið að sama ráði og gert hefur verið í Danmörku og Svíþjóð, þ. e. a. s. láta ekki fjölskyldubæturnar koma til skatts, og þá er náttúrlega sýnilegt, að hver hækkun fjölskyldubótanna kemur að fullum notum. En ef hin leiðin verður áfram farin að telja fjölskyldubæturnar fram sem venjulegar tekjur hjá viðkomandi manni, er ósýnt, hvort kemur betur út að hækka persónufrádráttinn eða hækka bæturnar. En sem sagt, þetta er í athugun, og þeir, sem hafa með þessa athugun að gera, m. a. ráðuneytisstjórinn í félmrn., — en hann er nú einn af þeim, sem fást mest við þessa athugun, — hafa upplýst, að það sé mjög óvíst, hvort að óbreyttu fyrirkomulagi þetta sé réttasta leiðin til að hjálpa hinum barnmörgu fjölskyldum, að hækka fjölskyldubæturnar og láta annað vera óbreytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 17. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 195, n. 259, 272).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Með stjfrv. því, sem hér liggur fyrir, er lögð til hækkun á bótum almannatrygginga, öðrum en fjölskyldubótum, og samsvarar hækkunin þeim almennu launum, sem urðu í des. s. l. Þegar annað stjfrv. um 15% hækkun bóta, annarra en fjölskyldubóta, var lagt fram hér á hv. Alþ. í haust, stóðu yfir vinnudeilur, sem ekki var þá vitað, hvernig ljúka mundi, og var í athugasemdum við það frv. tekið fram, að ef almennar launahækkanir yrðu, þyrfti að endurskoða bótaupphæðir með hliðsjón af slíku. Er þetta stjfrv. því í beinu framhaldi af því, sem raunin varð í þeim efnum.

Áætluð útgjaldaaukning samkv. þessu frv. er 74.4 millj. kr., sem skiptist á aðila eftir reglum almannatryggingalaganna. Í hlut ríkissjóðs kemur þannig að greiða 26.8 millj. kr. Með lögum, sem nýlega hafa verið afgr. frá hv. Alþ., var söluskattur hækkaður og áætlað að verja hluta af þeirri tekjuaukningu, sem ríkissjóður fær samkv. þeim lögum, til þess að standa straum af útgjöldum ríkissjóðs vegna bótahækkana samkv. þessu frv. Nú er það vitað, að tekjur af hækkun söluskattsins innheimtast ekki fyrr en alllöngu eftir gildistöku laganna, og m. a. af þeirri ástæðu, svo og öðrum ástæðum, þá er í frv., í ákvæði til bráðabirgða, heimild til handa Tryggingastofnuninni að borga þessa 15% uppbót fyrir fyrri helming þessa árs með bótagreiðslum í júlímánuði n. k. Auk þess, að söluskattur mun fyrirsjáanlega ekki innheimtast fyrr en eftir alllangan tíma, þá verður Tryggingastofnunin til þess að sjá sér fyrir tekjuaukningu til að standast straum af útgjöldum samkv. frv. að fá hækkanir á framlögum annarra aðila, og heimild til slíks er einnig í bráðabirgðaákvæði frv.

Undanskildar þessari hækkun eru fjölskyldubæturnar, og um það atriði er vitnað til grg. með frv. því um hækkun á bótum almannatrygginga, sem varð að lögum 6. des. s. l., en þar segir, að ákvæði laga um persónufrádrátt séu í athugun hjá ríkisstj. og þyki rétt að hreyfa ekki að svo stöddu upphæð fjölskyldubóta, þar sem þetta tvennt, fjölskyldubætur og persónufrádráttur, geti haft lík áhrif við álagningu tekjuskatts og útsvars og því eðlilegt að hafa báða möguleika tiltæka í þessu sambandi og því ekki talið ráðlegt, eins og áður sagði, að hreyfa við upphæð fjölskyldubótanna að svo stöddu.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar hefur haft frv. til athugunar og leggur til að það verði samþ. Ég vil taka það fram, að fyrir n. lá einnig frv. frá hv. 9. þm. Reykv. um hækkun á bótum almannatrygginga. Með því frv. er lagt til, að allar bætur hækki um 15%. Ég vil taka það fram, að af hálfu okkar þm. stjórnarflokkanna í heilbr.- og félmn., sem eru auk mín 9. landsk. þm. og 4. þm. Vestf., er litið svo á, að með því að mæla með samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir, sé um leið tekin afstaða til frv. hv. 9. þm. Reykv., enda ætla ég, að hann muni sjálfur hafa litið svo á, þar sem hann hefur flutt brtt. við þetta frv., sem hann að sjálfsögðu mun mæla fyrir.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Á þskj. 272 flyt ég tvær brtt. við þetta frv. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þær till., ég hef gert grein fyrir þeim báðum við 1. umr. málsins.

Fyrri till. er við 1. gr. og fjallar um, að orðin „að undanskildum fjölskyldubótum" falli burt. Ég gerði grein fyrir því síðast, að ég hygg rækilega, að það er fullkomin ástæða til að láta hækkun bóta nú að þessu sinni ná einnig til fjölskyldubóta. En það er nú í fjórða skipti í röð, sem fjölskyldubætur eru undanskildar, þegar aðrar bætur trygginga eru hækkaðar. Þetta getur ekki gengið svo til endalaust af auðskildum ástæðum, með því verða fjölskyldubæturnar áður en varir einskis verðar. Það er ekki heldur næg átylla að lofa hækkun fjölskyldufrádráttar vegna barna við álagningu skatta, vegna þess að sú hækkun þarf einnig að koma, ef þessar kjarabætur til handa barnafjölskyldum, persónufrádrátturinn og fjölskyldubæturnar, eiga að halda því gildi, sem þær höfðu, þegar ákvæði um þær voru sett fyrir nokkrum árum.

Ég tel því nú fullkomna ástæðu til að lofa fjölskyldubótunum að fylgja með við þessa hækkun. Ef það verður ógert látið af hlíf við ríkissjóð, þá tel ég, að aðrar leiðir eigi frekar að fara en þessa, að gera fjölskyldubæturnar smátt og smátt verðlausar. Það er hugsanlegt, ef menn umfram allt vilja hugsa

um velferð ríkissjóðs, ef svo mætti segja, að gera þá aðra breytingu, eins og þá að hætta að greiða fjölskyldubætur með fyrsta barni í fjölskyldu, en gagnvart barnmörgu fjölskyldunum er þetta ranglæti, að undanskilja þessar bætur í hvert skipti sem aðrar bætur almannatrygginga eru hækkaðar.

Önnur brtt. mín er við ákvæði til bráðabirgða og er þess efnis, að 15% bótahækkunin skuli greidd ekki síðar en í aprílmánuði í stað þess, sem heimilað er í frv., að það skuli ekki gert fyrr en í júlí. Ég hafði einnig orð um þetta atriði við 1. umr. málsins og benti á, að fátækum bótaþegum veitir ekki af að fá þessa hækkun sem allra fyrst og því má ekki draga útborgun þeirra lengur en nauðsyn krefur. Ég hygg, að það sé ekki ósanngjarnt og að öllu leyti fært þeim aðilum, sem eiga að greiða bæturnar ásamt hækkun, að ætlast til þess, að þessi hækkun verði greidd ekki síðar en í aprílmánuði. Þannig yrði biðtíminn styttur um helming.

ATKVGR.
Brtt. 272 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 195, 272).

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég hafði lagt fram tvær brtt. við frv. við 2. umr. og dró þær báðar til baka til 3. umr. Varðandi fyrri till., sem efnislega felur í sér, að fjölskyldubætur skuli einnig hækka um 15% frá 1. jan., vildi ég láta þess getið, að í gær utan þingfundar var mér bent á, að misskilja mætti þá till., þannig að orkað gæti tvímælis, hvort við væri átt, að fjölskyldubætur frá 1. jan. 1964 skyldu hækka um 15% eða um 32.25%. Vitanlega var það og er meining mín, að fjölskyldubæturnar hækki eins og aðrar bætur frá 1. jan. um 15%, en í frvgr. er af vissum ástæðum nefnd talan 32.25%. Til þess nú að taka af allan vafa um þetta og orða þetta sem ljósast, óska ég að taka þessa fyrri till. mína á þskj. 272 til baka, en flytja í hennar stað skriflega till., sem tekur af öll tvímæli í þessu efni. En brtt. mín hljóðar svo, hún á við 1. gr. og er um það, að greinin orðist svo:

„Frá 1. jan. 1964 skulu bætur samkv. l. nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar, greiddar með 32.25% álagi í stað þeirra 15% hækkunar, sem ákveðin var með lögum nr. 72 1963, um hækkun á bótum almannatrygginga. Frá sama tíma skulu fjölskyldubætur hækka um 15%."

Með þessu hygg ég, að öll tvímæli séu af tekin um það, að fyrir mér sem flm. vakir, að fjölskyldubæturnar hækki aðeins um 15% eða til jafns við aðrar bætur frá 1. jan. 1964.

Herra forseti. Ég vil mælast til þess, að þessi till. verði leyfð, þrátt fyrir það að hún kemur of seint og er skrifleg.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 296) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Nál. heilbr.- og félmn. var einfalt og einróma í þessu máli. Nefndin lýsti því yfir, að hún legði til, að stjórnarfrv. yrði samþ. Undir þá yfirlýsingu skrifuðum við framsóknarmennirnir í nefndinni, hv. 1. þm. Vesturl. og ég. Hins vegar lá ekki í þessari yfirlýsingu, að við afsöluðum okkur rétti til að fylgja brtt., ef fram kæmu, ef við teldum þær til bóta, og svo mun að sjálfsögðu einnig vera um alla, sem undir nál. rituðu, eins og það var orðað.

Nú liggja fyrir brtt. frá hv. 9. þm. Reykv. Það er þá fyrst skrifleg brtt., sem hann er rétt búinn að gera grein fyrir, og hún er sú, að fjölskyldubætur verði hækkaðar um 15% frá 1. jan. s. l. að telja, eins og aðrar bætur samkv. 15. gr. almannatryggingalaganna,, nr. 40 frá 30. apríl 1963. Ekki er hægt að neita því, að fjölskyldubætur eru að því leyti annars eðlis en aðrar bætur, sem kenndar eru við Tryggingastofnun ríkisins, að ríkissjóður leggur einn til allt fé í fjölskyldubæturnar. Tryggingastofnunin annast aðeins dreifingu þessa fjár fyrir ríkissjóðinn. Hún er handlangari milli ríkissjóðsins og bótaþeganna. Rétt er því að líta á fjölskyldubæturnar, eins og nú er komið, sem verðlags- eða dýrtíðarbætur frá ríkissjóði. Dýrtíðin hraðvex dag frá degi. Það virðist því næsta eðlilegt, að þessar bætur séu auknar til mótvægis henni, að því leyti sem þær ná. Ég segi ekki, að fjölskyldubætur til allra jafnt, hvernig sem fjárhagur þeirra er, og jafnmiklar á barn, hvort sem þau eru mörg í heimili eða fá, séu heppilegasta form til dýrtíðarbóta. En samt eru þær form, sem er notað, og því þá ekki að láta þær vaxa með vexti þess, sem þær eiga að mæta?

Í grg. frv. þess, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram í vetur um 15% hækkun bóta þá, að undanskildum fjölskyldubótum, er þess getið eins og í afsökunarskyni fyrir, að fjölskyldubæturnar voru undanskildar, að verið sé að athuga um verulega lækkun persónufrádráttar við framtal tekna til skatts og því þyki ekki að svo stöddu rétt að hækka fjölskyldubæturnar. Er þar sagt: að svo stöddu. Ekkert hefur enn mér vitanlega komið í ljós um, að hækkun persónufrádráttar verði lögleidd, frekar en þetta, sem þarna stóð, og ekkert liggur heldur fyrir um það, hvernig frádráttarhækkuninni verður fyrir komið og í hvaða mæli hún verður. Ég tel því rétt að hækka nú fjölskyldubætur um 15% frá síðustu áramótum. Það eyðir alls ekki þörf fyrir réttmæti hækkunar persónufrádráttar, því að svo langt er frá,

að hækkun fjölskyldubótanna um 15% sé í samræmi við dýrtíðarvöxtinn, eða jafnvel í samræmi við hækkun annarra bóta, eins og hún er þó orðin.

Ég hef kynnt mér, hve miklu þessi hækkun mundi nema í heild fyrir árið 1964. Samkv. áætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir 1964, sem birt er í 3. hefti tímaritsins Sveitarstjórnarmál, er heildarupphæð fjölskyldubóta áætluð á árinu 1964 209 millj. kr. 15% hækkunin mundi eftir því verða í heild á þessu ári 31 millj. og 350 þús. Ekki er hægt að segja, að það muni stórmiklu, þótt sú upphæð bætist við ríkisútgjöld á árinu. Það er í raun og veru eins og einn dropi af þeirri miklu mjólk, sem þar er á skál. Og í raun og veru er það þannig með fjölskyldubæturnar, að eitthvað af þeim kemur til baka frá a. m. k. sumum í auknum sköttum.

Þá er önnur till. frá hv. 9. þm. Reykv., seinni till. frá í gær. Hún er um, að greiðsla hækkunarinnar á bótunum dragist ekki nema fram í apríl. Mér finnst þetta sanngjörn till. og mun styðja hana með atkvæði mínu.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Það er góðra gjalda vera að flytja till. um að hækka fjölskyldubætur og raunar nauðsynlegt, eins og málum er nú háttað í okkar þjóðfélagi. En ég vildi benda á aðra leið, sem náskyld er þeirri till., sem hér liggur fyrir, leið, sem mundi koma að meira gagni en hækkun á fjölskyldubótunum, þó að ég telji hana alveg fullkomlega eðlilega og muni styðja hana. Það er sú leið að undanþiggja þær skatti og útsvari. Það mundi verða til þess, að notagildi fjölskyldubótanna mundi vaxa stórlega frá því, sem verið hefur að undanförnu. Eins og málum er nú háttað, mun það vera mjög algengt, það er það a. m. k. í Reykjavík og mörgum kaupstöðum, að 25% af fjölskyldubótunum eru teknar í útsvör til bæjarfélaga. Sums staðar kann það að vera meira en 25%, en sums staðar minna. Á ég þá við það, að sá, sem fær fjölskyldubætur, hafi 100 þús. kr. launatekjur, og þegar fjölskyldubæturnar bætast ofan á, þá verða tvímælalaust 25% þeirra teknar í útsvör til bæjarfélaga. Eins og skattalögunum er nú háttað, með 70 þús. kr. frádrátt fyrir hjón og 10 þús. kr. fyrir barn, þá fer nokkur hluti fjölskyldubótanna einnig í tekjuskatt, og gæti í mörgum tilfellum 25% þeirra farið í tekjuskattsviðauka, og þar með er búið að taka helminginn af fjölskyldubótunum til baka sem greiðslu til ríkis og bæja.

Nú er það raunar svo í lögum frá 16. apríl 1962, 33. gr., um tekjustofna sveitarfélaga, að þar er að vísu heimilt að undanþiggja bætur almannatrygginga við útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti. Sveitarfélögin hafa framkvæmt þetta með ýmsum hætti. Sum hafa ekki tekið neitt tillit til þessa og lagt á allar fjölskyldubæturnar eins og um venjulegar tekjur væri að ræða. Önnur sveitarfélög hafa framkvæmt það þannig að undanþiggja fjölskyldubætur með 3. barni og fleirum. Og í þriðja lagi eru sveitarfélög, sem hafa undanþegið allar fjölskyldubætur útsvarsálagningu. Ég tel alveg sjálfsagt og eðlilegt, að fjölskyldubætur verði algerlega undanþegnar skatti og útsvari, og þá koma þær að verulegum notum, en nú getur, eins og áður er sagt, helmingur þeirra farið í skatta og útsvar.

Fjölskyldubótunum er ætlað að vega upp á móti sívaxandi framfærslukostnaði þeirra gjaldenda, sem marga hafa á framfæri sínu, og þessi framfærslukostnaður þyngist jafnt og þétt með hækkuðum neyzlusköttum, eins og t. d. söluskattinum, sem nýlega hefur verið hækkaður hér á hv. Alþ., og er hækkun sú þegar komin til framkvæmda. Slíkar ráðstafanir, slíkar hækkanir á hinum almennu neyzlusköttum, koma verulega illa við barnafjölskyldurnar og því verr sem þeir eru fleiri, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, og því meiri þörf er á því að auka og drýgja þær fjölskyldubætur, sem þegar eru greiddar.

Ég skal viðurkenna, að þetta á ekki heima í þessum lögum, en þetta er mál, sem þarf að taka til athugunar í sambandi við önnur lög, og verður ef til vill tækifæri til þess síðar hér í hv. Alþ. En ég vil benda á þetta sem náskylt atriði, sem gæti komið að verulegum notum og kannske beztum notum í sambandi við þær fjölskyldubætur, sem eru greiddar.

ATKVGR.
Brtt. 272,1 tekin aftur.
— 296 felld með 9:6 atkv.
— 272,2 felld með 9:7 atkv.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 297).

14. Laun forseta Íslands.

Á 55. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um laun forseta Íslands [152. mál] (stjfrv., A. 275).

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég óskaði eftir því, að þetta mál kæmi nú þegar fyrir, er sú, að ég fer í burtu nokkurn tíma, eins og kunnugt er, og kunni betur við að leggja málið fram og fylgja því eftir með nokkrum orðum. Þau þurfa ekki að vera mörg.

Þetta mál er svipað og hið fyrra mál, sem var hér til umr. á þeim fundi, sem var að ljúka, um þingfararkaup alþm., samkomulagsmál.

Hefur verið athugað og þykir sjálfsagt og raunar óhjákvæmilegt, að laun forseta Íslands séu færð til samræmis við þær launabreytingar, er orðið hafa í landinu, þ. á m. hjá opinberum starfsmönnum. En ég hygg, að hlutfallið á milli launa hinna æðri embættismanna og forseta sé eftir þessa lagasetningu, ef frv. verður samþykkt, forseta sízt hagstæðara en áður var og þess vegna hér um fullkomið sanngirnismál að ræða. Það er vitað mál, að slíku embætti sem embætti forseta Íslands hljóta að fylgja margs konar útgjöld, sem erfitt er að gera fullan reikning fyrir, og því mundi hér sízt of mikið í lagt, miðað við þann kostnað, sem þessu embætti óhjákvæmilega fylgir.

Ég vonast til þess, að málið verði samþykkt ágreiningslaust, og leyfi mér að leggja til, að það fari til 2. umr. og hv. fjhn. eins og fyrra málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 280).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur fjallað um þetta frv. á þskj. 275, og nál. er á þskj. 280, þar sem n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Við flutning þessa frv. hér í hv. d. var af hálfu ríkisstj. gerð grein fyrir efni þess og tilgangi, og er ekki ástæða til þess að rekja það frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 303).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Með tilliti til þeirra miklu launabreytinga, sem orðið hafa á s. l. ári, m. a. á launakjörum opinberra starfsmanna, getur það varla verið álitamál, að óhjákvæmilegt er, að endurskoðuð verði núgildandi ákvæði um laun forseta Íslands. Það er auðvitað matsatriði, sem um má deila, hversu há skuli ákvarða þessi laun. En það frv., sem fyrir liggur, hefur gengið ágreiningslaust, að því er ég bezt veit, gegnum hv. Nd., og eins og álit fjhn. á þskj. 303 ber með sér, erum við, sem í nefndinni eigum sæti, sammála um, að frv. verði samþ. óbreytt. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. fyrir frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 322).

---

15. Innlend endurtrygging.

Á 6. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. [39. mál] (stjfrv., A. 39).

Á 6. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Ed., 29. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var flutt frv. samhljóða þessu, en varð ekki útrætt. Það er þess vegna flutt aftur nú, samhljóða nákvæmlega og frv., sem flutt var á síðasta þingi.

Efni málsins er það, að frv. fer fram á heimild til að breyta til um afgreiðslu af innborguðu áhættufé. Þegar þetta fyrirtæki var upphaflega stofnað, var ákveðið, að þessi arðgreiðsla skyldi vera 6%, síðan var þessi upphæð lækkuð ofan í 5% og enn aftur hækkuð upp í 6%. Nú hafa heyrzt raddir um það frá þeim, sem þetta áhættufé hafa lagt til, sumum, að eðli-

legt sé, að þessi arðgreiðsla væri hækkuð með hækkandi vöxtum af sparifé. Þess vegna er lagt til í 2. gr., að ef innlánsvextir sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands af sparifé á almennum innlánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests verði hærri en 4% yfir árið, þá verði stjórn innlendrar endurtryggingar og slysatryggingar skipshafna o. fl. heimilað, að arðgreiðslan sé 2% hærri en þessir innlánsvextir voru á því ári.

Önnur efnismálsgr. frv. er svo sú, að ef arður verði ekki greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, þá getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, sem síðast fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára.

M. ö. o.: það, sem hér er um að ræða, er að heimila, að greiddur arður verði hafður allt að 2% hærri en vextir af almennum innlánssparisjóðsbókum Landsbanka Íslands. Þeir, sem eiga eða hafa lagt til þetta áhættuhlutafé, eru að vísu að miklu leyti opinberir aðilar, en þó nokkrir einkaaðilar líka. Ríkissjóður lagði til í upphafi 1.85 millj. kr., 3 tryggingarfyrirtæki lögðu til 136 þús. kr. hvert, en það voru Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Sjóvátryggingafélag Íslands. Þetta nemur samtals 2.25 millj. kr. En auk þess hafa svo útgerðarmenn ýmsir lagt til, þegar fyrirtækið var stofnað, samtals 2.7 millj. kr. Og eftir því sem mér hefur skilizt, eru það þeir, sem fyrst og fremst hafa óskað eftir því, að þeir fengju þennan arð af sínu áhættufé. Áhættufé er raunar meira, en það er ekki innborgað nema þetta, og kemur þess vegna ekki til að greiða arð af öðru fé en því, sem hér er um að ræða. Ráðuneytið telur þetta eðlilegt og rétt, að þessi arðgreiðsla verði heimiluð og á þann hátt, og ég leyfi mér þess vegna að mæla eindregið með því, að þetta verði leyft.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn., þegar þessari umr. lýkur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 101).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í grg. hæstv. sjútvmrh. fyrir þessu frv. við 1. umr. málsins, er aðalefni þess það að samræma ákvæðin um innlenda endurtryggingu o. s. frv. þeim vaxtafæti, sem gildir á hverjum tíma. Eins og kunnugt er, eru að vísu skiptar skoðanir um það hér á hv. Alþ., hver vaxtafóturinn í þjóðfélaginu eigi að vera. En hvað sem því líður, getur það varla verið álitamál, að eðlilegt sé, að ákvæði um þá arðsúthlutun, sem hér er um að ræða, hljóti að vera í samræmi við þann vaxtafót, sem er á hverjum tíma. Með tilliti til þessa hefur allshn. orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt, þó með einni lítils háttar breytingu, eins og nál. á þskj. 101 ber með sér, nefnilega þeirri, að nafni Landsbanka Íslands verði breytt til samræmis við það, sem nú er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 101 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 108).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hafði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið samþ., að ég ætla samhljóða. Það var lagt hér fram á síðasta þingi, en náði þá ekki að fá afgreiðslu.

Efni frv. er það að heimila íslenzkri endurtryggingu og slysatryggingu skipshafna o. fl. að miða arðgreiðslu sína ekki lengur við 6%, eins og verið hefur, heldur fá hana hækkaða nokkuð. Þegar arðgreiðslan var ákveðin í upphafi 6% og síðar, þegar hún var ákveðin 5%, var við það miðað, að innlánsvextir af sparifé voru í kringum 4% og arðgreiðslan þess vegna nokkru hærri, og það er nú einnig talið eðlilegt, að arðgreiðslan sé nokkru hærri en þeir vextir, sem menn fá af sparifé því, sem lagt er á almennar innlánsbækur án sérstaks uppsagnarfrests. Frv. fer fram á það, að þessum arðgreiðslum megi nú haga þannig, að arðurinn verði allt að 2% hærri en vextir af almennum innlánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests eru.

Efni frv. er raunverulega ekki annað en þetta, en til glöggvunar skal ég gera grein fyrir því, hvernig það fé skiptist, sem er undirstaðan undir þessari starfsemi. Innskotsfé ríkisins í þessa starfsemi er 1.85 millj., 3 tryggingafélög hafa lagt fram 136 þús. kr. hvert, þ. e. a. s. Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Sjóvátryggingafélag Íslands. Þetta eru samtals 408 þús. kr. Og ýmsir útgerðarmenn hafa lagt fram 2 millj. 706 þús. kr. Þetta eru samtals 4 millj. 964 þús. kr. Auk þess er svo áhættufé, sem ríki og tryggingarfélögin hafa bundið í fyrirtækinu eða heitið að láta standa þar sem áhættufé, þ. e. ríkið með 856 þús., vátryggingarfélögin þrjú með samtals 180 þús., eða í allt 1 millj. og 36 þús. kr. Alls er þess vegna það fé, sem þessi stofnun hefur til umráða, bæði innskotsfé og áhættufé, að upphæð samtals 6 millj. kr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta

fleiri orð og vildi leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 281).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl., og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og Ed. afgreiddi það, en þar var aðeins gerð sú breyting á frv. við 2. gr., að orðið „viðskiptabanka" í 2. málslið 1. mgr. var fellt niður.

Hámarksarður af áhættufé íslenzkrar endurtryggingar var í l. frá 1943 ákveðinn 6% af innborguðu áhættufé, og í lögum frá 1947 var hann lækkaður í 5%, en með lögum 1955 var hann aftur hækkaður í 6%. Hámarksarður af áhættufé félagsins hefur verið öll þessi ár nokkuð yfir innlánsvöxtum á almennum sparisjóðsbókum án sérstaks uppsagnarfrests hjá sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands, en þar sem vextir hafa nú á síðustu árum hækkað svo, að sparisjóðsvextir hafa verið hærri en leyfilegur hámarksarður hjá íslenzkri endurtryggingu, þykir sanngjarnt og eðlilegt að heimila örlítið hærri arðgreiðslu, þegar sparisjóðsvextir eru yfir 4% á ári. Eigendur áhættufjár hafa mjög takmarkaðan yfirráðarétt yfir áhættufénu og starfsemi félagsins, og hefur nokkurrar óánægju gætt, að ekki skuli heimilað að greiða hærri arð en 6%, þegar vextir af innlánsfé eru almennt svo háir sem nú er.

Mér þykir rétt að geta þess, að eigendur íslenzkrar endurtryggingar eru ríkissjóður, sem á 45.1%, eigendur inneignarskírteina, sem eiga 45.1% og 3 vátryggingarfélög, sem eiga 9.8%. Eigendur inneignaskírteina eru þeir, sem tryggðu skipshafnir í síðasta stríði, útgerðarfélög, útgerðarmenn, bæði farskipa, togara og mótorbáta, og enn fremur Skipaútgerð ríkisins. Einstaka bréf þessara aðila hafa verið seld með samþykki félagsstjórnar hverju sinni. Tryggingafélögin, sem eiga 9.8%, eru tvö opinber félög, Brunabótafélag Íslands og Tryggingastofnun ríkisins, en þriðja félagið er Sjóvátryggingafélag Íslands, hlutafélag. Stjórn félagsins er þannig skipuð, að félmrh. skipar tvo stjórnarmenn, eigendur inneignaskírteina kjósa tvo og vátryggingarfélögin 3 tilnefna fimmta manninn. Á árunum 1960 var tekjuafgangur félagsins 2.4 millj. kr., þar af greiddur arður af innborguðu áhættufé 595 þús. kr. Árið 1961 var tekjuafgangur 960 þús. kr., þar af greiddur arður af áhættufé 446 þús. kr., og árið 1962 var tekjuafgangur 790 þús. kr. og þar af greiddur arður af áhættufé 446 þús. kr.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 324).

---

16. Afnám laga um verðlagsskrár.

Á 34. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um afnám laga nr. 27 1954, um verðlagsskrár** [108. mál] (stjfrv., A. 194).

Á 34. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með lögum frá 1954 er svo ákveðið, að gera skuli verðlagsskrár og yfirskattanefndir setja verðlag á búpening og innlenda vöru, sem venja er til, að í verðlagsskrám sé talið. Með nýju skattalögunum frá 1962 voru yfirskattanefndir lagðar niður, en gert ráð fyrir, að skattstjórar tækju við þeim verkefnum yfirleitt, sem þær höfðu. Hins vegar er það svo með hinar svonefndu verðlagsskrár, að það er álit manna, að þær hafi ekki lengur neina hagnýta þýðingu og sé því ástæðulaust að gera sér þann kostnað og fyrirhöfn, sem af samningu þeirra leiðir. Þetta frv. fer því fram á, að verðlagsskrárnar séu afnumdar. Hefur verið leitað álits Búnaðarfélags Íslands um það og stjórn þess látið í ljós, að samning verðlagsskránna hafi ekki lengur neina praktíska þýðingu.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 230).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, er aðalefni frv. þess, sem hér liggur fyrir til umr., afnám hinna svonefndu verðlagsskráa. Verðlagsskrárnar höfðu á sínum tíma mikilvægu hlutverki að gegna og eru mikilvæg söguleg heimild um þróun verðlagsmála hér á landi. En tímarnir breytast, og ýmis af þeim hlutverkum, sem verðlags-

skrárnar áður áttu að gegna, eru nú úr sögunni, en önnur hlutverk, svo sem mat búpenings, hafa nú verið falin öðrum aðilum, eins og grg. frv. ber með sér. Með tilliti til þessa hefur fjhn. orðið sammála um það, eins og nál. á þskj. 230 ber með sér, að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 298).

Frsm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Hér er um að ræða stjfrv. þess efnis, að lög nr. 27 1954, um verðlagsskrár, séu felld úr gildi, en þau lög voru framlenging á l. nr. 16 frá árinu 1897. Fjhn. d. hefur athugað þetta frv. og er sammála því efnislega.

Frv. er fram komið vegna þess, að það var eitt af verkefnum yfirskattanefndanna að semja verðlagsskrár, hver á sínu svæði. Nú voru yfirskattanefndir lagðar niður með l. nr. 70 1962, en skattstjórum hvers umdæmis var falið að sinna þessu verkefni. En það er talsvert starf, og segir svo í gömlu lögunum um það: „Við verðlagningu búpenings skal hún fara eftir því, á hvaða verði búfé hverrar tegundar hefur gengið kaupum og sölum manna á milli á verðlagsskrársvæðinu, og sé miðað við meðalverð. Við verðskráningu innlendra framleiðsluvara skal hún fara eftir skýrslum, er hún aflar sér frá verzlunum þeim, er íbúar viðkomandi verðlagsskrárumdæmis hafa aðalviðskipti við, og skal leggja til grundvallar það verð, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína."

Verðlagsskrár hafa samkv. þessum lögum til þessa verið birtar í B-deild Stjórnartíðindanna einu sinni á ári og taka þar allmikið rúm ár hvert.

Með þeirri breytingu, sem orðin er á viðskiptaháttum landsmanna, er almennt talið, að verðlagsskrár þessar hafi ekki lengur neitt hagnýtt gildi, og er því lagt til, að lögin séu algerlega afnumin. Fjhn. hefur fallizt á þetta sjónarmið og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af þessu máli vil ég leyfa mér að beina fsp. til hv. frsm. fjhn., vegna þess að það hringdi til mín bóndi af Vestfjörðum. Hann býr á leigujörð og greiðir leigugjaldið samkv. verðlagsskrá. Nú vil ég spyrja: Eftir hvaða reglu á þessi bóndi að greiða leigugjald eftir jörðina, þegar búið er að afnema verðlagsskrár?

Frsm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Ég verð að viðurkenna, að þetta atriði kom ekki upp í n. Það var upplýst og stendur reyndar í grg. fyrir frv., sem er stjfrv., að ákvæðin um verðlagsskrár hafi ekki lengur hagnýtt gildi. Þetta stendur í grg. fyrir stjfrv., og út frá því var gengið við afgreiðslu frv., að það væri rétt. Vegna þessarar fsp. mundi ég vilja leggja til, að n. kynnti sér þetta ákveðna tilvik, með hvaða hætti þessi vandi yrði leystur, og umr. málsins yrði frestað á meðan. Þetta mundi ég vilja leggja til við hæstv. deildarforseta.

Umr. frestað.
Á 62. og 64. fundi í Nd., 27. febr. og 3. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 194, 373).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þann 25. febr. hófst 3. umr. um þetta frv. hér í hv. d. Þá kvaddi hv. 3. þm. Vestf. sér hljóðs og skýrði frá því, að bóndi einn á Vesturlandi, sem býr á leigujörð, hefði átt tal við sig og skýrt sér frá því, að samkv. ábúðarsamningi greiddi hann landsskuld samkv. verðlagsskrá, og hann spurðist fyrir um það, hvernig ætti að ákveða landskuldina, eftir að hætt væri að semja verðlagsskrár. Í tilefni af þessari aths. hv. 3. þm. Vestf. fékk fjhn. málinu frestað í það sinn til þess að athuga það betur og þá sérstaklega þetta atriði. Sú athugun hefur farið fram, m. a. hjá fjmrn. Rn. skýrir svo frá, að hagstofustjóri hafi tjáð sig fúsan til að hafa milligöngu um umreikning slíkra ákvæða til peningaverðs, þar sem um sé að ræða, að greiðsluákvæði í samningum séu miðuð við verðlagsskrár. Sú hefur því orðið niðurstaðan á athugun málsins, að fjhn. flytur brtt. við frv. á þskj. 373, og var henni útbýtt nú í upphafi fundar. Brtt. er um það, að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er í gildi samningur um, að greiðsla skuli miðuð við verðlagsskrá, og skal hagstofustjóri þá meta greiðsluna til peningaverðs, nema aðilar komi sér saman um annað.“

Það er till. fjhn., að þessi breyting verði gerð á frv. og það síðan endursent hv. Ed.

ATKVGR.
Brtt. 373 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 392).

Á 62. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Á þessu frv. hefur verið gerð sú breyting í hv. Nd., að við það hefur verið bætt ákvæði til brb., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er í gildi samningur um, að greiðsla skuli miðuð við verðlagsskrá, og skal hagstofustjóri þá meta greiðsluna til peningaverðs, nema aðilar komi sér saman um annað.“

Venja er, eins og hv. þdm. mun kunnugt, sé frv. vísað aftur til d. vegna breytingar í annarri d., að sú nefnd, sem hefur haft frv. til meðferðar, tekur það þá til athugunar að nýju. Nú hefur að vísu ekki verið þess kostur að taka málið til meðferðar á formlegum fundi í fjhn., en hins vegar hef ég síðustu daga haft samband við alla hv. nm. í fjhn., að undanteknum einum, sem haft hefur fjarvistarleyfi að undanförnu, hv. 6. þm. Sunnl. Aðrir nm. hafa allir tjáð mér, að þeir hafi ekkert við það að athuga, þó að þessu brbákv. sé bætt inn í, og telji það eðlilega ráðstöfun. Telji hv. þd., að sú meðferð á málinu sé nægileg, sem ég nú hef lýst, ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu, að hv. d. afgreiði þetta mál endanlega.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 406).

---

17. Aukatekjur ríkissjóðs.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs** [149. mál] (stjfrv., A. 270).

Á 47. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í l. nr. 40 frá 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, er ákvæði um gjald af veitingabréfum fyrir embættum og sýslunum. Þetta gjald er mismunandi hátt fyrir skipunarbréf og miðað við launaflokk samkv. launalögum. Vegna þeirrar breytingar, sem er á orðin um skipan launamála opinberra starfsmanna, þarf að gera breytingu á þessum lögum, og er þetta frv. í því skyni flutt. Þar sem nú er ekki lengur um launalög að ræða, verður að miða þetta gjald við þá launaflokka, sem ákveðnir eru nú í kjarasamningum eða kjaradómi. Við ákvörðun gjaldflokka í frv. hefur verið reynt að komast sem næst þeirri skiptingu, sem gilt hefur til þessa.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 270, n. 293).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv. svo og í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv. við 1. umr. málsins, er aðalefni þess það að færa hinar svokölluðu aukatekjur ríkissjóðs til samræmis við þá breytingu, sem orðið hefur á launakjörum opinberra starfsmanna með kjarasamningi þeim, sem gerður var á s. l. ári. Fjhn. hefur athugað þetta frv., og eins og nál. á þskj. 293 ber með sér, hefur orðið samkomulag um það í n. að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum frá 1954 um aukatekjur ríkissjóðs er ákvæði um gjald af veitinga- eða skipunarbréfum fyrir embættum og sýslunum. Þetta gjald er mismunandi hátt og miðað við launaflokka samkv. launalögum. En vegna þeirrar breytingar, sem á er orðin um launamál opinberra starfsmanna, þarf að gera breytingu á

þessum lögum, og er þetta frv. í því skyni flutt. Þar sem nú er ekki lengur um launalög að ræða, verður að miða þetta gjald að sjálfsögðu við þá launaflokka, sem ákveðnir eru með kjarasamningi eða kjaradómi. Við till. um gjaldflokka hefur í þessu frv. verið reynt að komast sem næst þeirri skiptingu, sem gilt hefur til þessa.

Þetta frv. hefur legið fyrir hv. Ed. og verið samþykkt þar einróma. Ég vænti þess, að sama verði niðurstaðan hér, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 270, n. 386).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 40 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, er flutt af hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. og hefur verið til athugunar í fjhn. þessarar deildar. Hér er um það að ræða að breyta ákvæðum þessara laga til samræmingar við þá breytingu, sem gerð hefur verið á ákvörðun launa opinberra starfsmanna, en í gildandi lögum voru þau gjöld, sem hér er um að ræða, ákveðin með tilliti til flokka launalaga. Með breytingum á því fyrirkomulagi, sem var á ákvörðun launa opinberra starfsmanna, sem fólust í l. um kjaradóm, hefur orðið nauðsynlegt að breyta ákvæðum þessara l. til samræmis. Það er ekki um neina breytingu á peningaupphæðum, þ. e. gjöldunum sjálfum, í þessu frv. að ræða, heldur aðeins breytingu til samræmis við kjaradómslögin.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og ekkert fundið við það athugavert og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það var flutt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 72. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 422).

---

18. Jarðræktarlög (stjfrv.).

Á 51. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. l. nr. 29 9. maí 1955 og l. nr. 23 12. maí 1960 [131. mál] (stjfrv., A. 236).

Á 52. og 53. fundi í Nd., 6. og 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 11. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til breytinga á jarðræktarlögunum. Það hefur verið til umræðu nú ein 2—3 ár að endurskoða jarðræktarlögin. Búnaðarþing skipaði á sínum tíma mþn. í því skyni, og skilaði sú n. áliti til rn. á árinu 1962. Rn. skipaði síðan n. til að athuga þetta frv. mþn. búnaðarþings, og skilaði sú nefnd áliti fyrri hluta ársins 1963. Frv. var síðan til athugunar hjá ríkisstj., réttara sagt hjá landbrh., og var um það talað, að það yrði flutt eins og það kom frá hinni stjórnskipuðu n. En á s. l. sumri, þegar farið var að ræða um þessi mál, hvað það væri, sem lægi mest á að gera í ræktunarmálum, og er ég fór að velta þessum málum fyrir mér, gerði ég mér ljóst, að þetta heildarfrv. til breytinga á jarðræktarl. væri að vísu gott, það sem það náði, en þótt það væri lögfest, dygði það ekki til að ýta á ræktunina, þar sem mest þörf var á að flýta fyrir henni.

Frv. mþn. og stjórnskipuðu n. gerði ráð fyrir árlegum auknum útgjöldum til jarðræktar og annarra styrkja, 14—15 millj. kr. Og þá var gert ráð fyrir að styrkja alla ræktun jafnt á þeim jörðum, hvort þær voru skammt á veg komnar eða langt á veg komnar, en það var dálítið mismunandi eftir því, á hvers konar landi ræktunin átti að fara fram. Það var t. d. miklu lægra á söndum en á mýrlendi og lægra í vallendi en á mýrlendi. Það var frá 1300 kr. á ha. og upp í 3 þús. kr., þar sem talið var dýrast að rækta.

Út af fyrir sig er nauðsynlegt, að allsherjarendurskoðun jarðræktarl. fari fram. En það verður ekki að þessu sinni, vegna þess að sú ákvörðun var tekin að flytja frv. til breyt. á stofnlánadeildarl., eins og lýst hefur verið í frv. því, sem var til umr. hér á undan, með það fyrir augum að flýta sérstaklega fyrir ræktuninni, þar sem þörfin er brýnust. Og eins og getið var um, gerir það frv., sem við vorum áðan að ræða um, ráð fyrir hér um bil jafnmikilli hækkun á útgjöldum til ræktunarmála á hverju ári og þótt frv. til heildarendurskoðunar jarðræktarl. hefði verið samþykkt. Þótt við séum nú sammála um, að það frv., sem við áðan vorum að ræða um, sé harla gott og nauðsynlegt, voru þó nokkrir þættir í jarðræktarl. þess eðlis, að nauðsyn bar til að taka þá strax til meðferðar og hækka styrki á þeim sviðum.

Það, sem er þá fyrst skv. þessu frv., er 1. gr. Þar er gert ráð fyrir að styrkja plógræsi, en ákvæði um það hefur hreinlega vantað í jarðræktarlögin, vegna þess að plógræsi, eins og þau nú eru gerð, eru nýtilkomin eða komu um leið og finnski plógurinn var fluttur inn, en hann byrjaði að starfa á s. l. sumri. Það hefur verið gert ráð fyrir að styrkja plógræsin með 20 aura grunngjaldi á metra, sem verður rúmlega 1.20 kr., þegar vísitalan er komin þar á, en það er áætlað, að heildarkostnaður við plógræsi verði frá 1.50 kr. til 1.70 kr. eftir því, hvernig aðstaðan er á hverjum stað, og eftir því, hve mikið er hægt að vinna í einu. Það er kominn til landsins aðeins einn plógur af þessari gerð, og hann starfaði á s. l. ári. En það er gert ráð fyrir, að á næsta sumri vinni a. m. k. 2 slíkir plógar, og það eru miklar vonir bundnar við þessa aðferð í framræslunni. Það eru miklar vonir við það tengdar, að á þennan hátt megi stórum auka framræsluna, flýta fyrir henni og hún megi með þessum hætti verða mun ódýrari en áður. Reynsluna vantar vitanlega fyrir því, hversu endingargóð þessi ræsi verða, og má reikna með, að það verði á hverjum stað nokkuð eftir jarðlagi. En ræktunarmenn vænta hins bezta í þessu efni. Pálmi Einarsson gerir ráð fyrir því, að ein vélasamstæða með finnskum plógi, sem hefur nóg verkefni allt sumarið, muni vinna það mikið, að styrkur til hennar muni nema um 1.1 milljón króna árlega.

Skv. 2. gr. þessa frv. eru taldir hér upp nokkrir liðir, einnig þeir, sem enga hækkun fá, og er það gert til þess, að greinin geti verið samfelld í l., og því ekki tekið út úr aðeins það, sem á að hækka. Heyhlöður, þ. e. þurrheyshlöður, steyptar með járnþaki og úr öðru efni, styrkur á þær er óbreyttur. Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni, styrkur á þær er einnig óbreyttur. Og votheyshlöður steyptar með þaki úr varanlegu efni, styrkur á þær er einnig óbreyttur og sömuleiðis á garðávaxtageymslur. En styrkur á súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöðum er hækkaður mjög mikið frá því, sem áður var, eða úr 5 kr. grunngjald í 12 kr. grunngjald, og er þá gert ráð fyrir, að allur kostnaðurinn við súgþurrkunarkerfi í gólfi hlöðunnar fáist greiddur með þessum styrk. Þá er f-liður skv. 2. gr., það er gert ráð fyrir, að styrkurinn hækki upp í 18 kr. grunngjald, sé súgþurrkunarkerfið með fasttengdum blásara. Súgþurrkunarkerfið kostar vitanlega jafnmikið, hvort blásarinn er fasttengdur eða ekki, og það, sem hér er umfram, verður þá sem styrkur á blásarann. Miðað við 18 kr. grunngjald verður styrkurinn um 110 kr. á hvern fermetra í hlöðunni. Miðað við þann styrk, sem hér er nefndur, bæði með fasttengdum blásara og án blásara, má gera ráð fyrir því, að allir bændur geti komið sér upp súgþurrkunarkerfi. Og það er vitanlega mjög nauðsynlegt að ýta undir það, að bændur bjargi heyjunum frá skemmdum, en eins og kunnugt er, þá hefur það oft átt sér stað, að grasið hefur skemmzt á túninu eða engjunum, eftir að það hefur verið slegið.

Það er kostnaðarsamt að rækta, það er kostnaðarsamt að kaupa áburð til þess að tryggja sprettuna, en það gera bændur í vaxandi mæli. Ég hef ekki tölur hér mörg ár aftur í tímann, en mig minnir, að bændur hafi keypt áburð á árinu 1963 fyrir 120 millj. kr., og það má ætla, að þeir kaupi áburð á árinu 1964 fyrir 150—160 millj. kr. Áburðarnotkun vex með ári hverju með aukinni ræktun, og það er þess vegna mjög nauðsynlegt, að það sé fyrir því séð, að heyið náist grænt af vellinum og að áburðarkaupin fari ekki til ónýtis með því, að heyið fari í hrakning.

Ég býst við, að einhverjir spyrji að því: Af hverju er ekki styrkur hækkaður á votheysgeymslur jafnframt? En því er til að svara, að flestir bændur munu nú hafa þegar talsvert af votheysgeymslum, og það er vitað, að það hentar ekki að fóðra í of ríkum mæli á votheyi. En um leið og styrkurinn til súgþurrkunar er aukinn, minnkar þörfin fyrir að byggja votheysgeymslur, og það má vænta þess, með því að styrkurinn er hér hækkaður svo verulega sem raun ber vitni, að allir bændur, hvort sem þeir eru efnaðir eða ekki, stuðli nú að því að koma upp súgþurrkunarkerfi og tryggja sig þannig gegn rigningu og rosa.

Samkv. 3. gr. er gert ráð fyrir hækkun á jarðræktarstyrk til þeirra jarða, sem hafa ræktun undir 25 ha., og er þessi gr. í samræmi við hitt frv., sem við vorum að ræða hér um áðan. Skv. þessari gr. hækkar jarðræktarstyrkurinn um rúml. 1500 kr. á ha. frá því, sem verið hefur. Og er þá gert ráð fyrir, að allar jarðir, hvort sem þær eru nýbýli eða gömul býli, sem hafa komizt aftur úr, njóti svipaðs styrks í heild, þ. e. 5000—5500 kr. á ha., auk þess kostnaðar, sem af framræslunni leiðir, eins og segir á öðrum stað í frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv., það skýrir sig sjálft, það eru teknir hér aðeins fjórir þættir úr jarðræktarlagafrv. mþn., en það, sem tekið er, það er tekið á myndarlegan hátt, þannig að ræktunarstyrkurinn er verulega aukinn og styrkurinn á súgþurrkun aukinn það mikið, að bændum er kleift að koma á hjá sér súgþurrkun yfirleitt.

Nú geri ég ráð fyrir því, að ýmsir vilji segja: Hvers vegna var ekki frv. mþn., sem að verulegu leyti var byggt á frv., sem búnaðarþingsnefndin skilaði af sér, flutt hér í heilu lagi? Hvers vegna að vera að taka út úr því nokkra þætti? Hvers vegna ekki að hækka jarðræktarstyrkinn á einu ári um 30—35 millj. kr. í staðinn fyrir 18—20 millj.? Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það, en ég vil minna á, að með því að lögfesta þetta frv. og það, sem við áðan vorum að tala um, hefur verið stigið stærra skref í stuðningi við ræktun og framfarir í sveitum en nokkru sinni áður, og við þá, sem nú koma og telja, að það hefði átt að koma hvort tveggja, frv. mþn. og stuðningurinn við nýbýlin og afturúrjarðirnar, vil ég aðeins segja,

að það er ekki við því að búast, að á sama árinu komi öllu meira en þetta. Og ég vil minna á, að það er ekki lengra síðan en 6 ár, að það þótti stórt og merkilegt framfaraspor að auka styrkinn til nýbýla og jarða, sem áður var bundinn við 5 ha., upp í 10 ha. Það þótti ákaflega merkilegt spor til framfara. Og þegar að því var fundið þá af þáv. stjórnarandstöðu, að ekki var gengið lengra, þá taldi þáv. landbrh. ekki eðlilegt að vera að koma með óskalista í ræktunar- eða framfaramálum landbúnaðarins, það yrði að miða við það, hvað hægt væri að gera á hverjum tíma. Og ég býst við því, að þótt fjárráðin megi teljast í sæmilegu horfi nú hjá ríkissjóði, verði eigi að síður að miða að einhverju leyti við það, sem fært þykir hverju sinni.

Frv. þetta og hitt frv., sem ég áðan ræddi um, munu kosta ríkissjóð árlega 18—20 millj., að vísu ekki gott að fullyrða, hvað þetta frv. kemur til með að kosta í rauninni, þar sem um áætlunarupphæð er að ræða, en það gæti verið 4—7 millj., en 18—20 millj. alls, sem útgjöld ríkissjóðs mundu hækka á einu ári vegna beggja þessara frv.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. fór fram á það áðan í sambandi við umr. um málið, sem næst var á undan þessu á dagskránni, að menn hættu þessum eilífa samanburði á því, sem áður var, og því, sem er nú, t. d. varðandi landbúnaðinn, en sneru sér á hinn bóginn að því að ræða um það, hvað þyrfti að gera.

Ég skal verða við þessu í sambandi við þetta mál og ekki fara að ræða hér á sama hátt almennt um þessi efni og gert var í sambandi við hitt málið, sem var hér á undan, enda skiptir auðvitað mestu af öllu, hvað ætlunin er að gera til að bæta úr þeim vandkvæðum, sem landbúnaðurinn á nú við að etja. Og þá sýnir þetta frv., sem hér liggur fyrir, hvaða breytingar hæstv. ráðh. telur nauðsynlegt að gera á jarðræktarlögunum, en í þeim lögum eru ákvæði um bein framlög af hendi ríkisins til uppbyggingarinnar í sveitunum. Nú hafa menn verið að lýsa því hér yfir, þ. á m. hæstv. landbrh., að það yrði að auka verulega beinan stuðning við uppbygginguna í landbúnaðinum, og við höfum nýlega rætt frv., sem gengur í þá átt, og skal ég ekki fara að endurtaka umr. um það hér.

En hér kemur annað frv., sem fjallar um beinu framlögin til uppbyggingar í landbúnaðinum og sýnir þá, hvað hæstv. ráðh. telur eðlilegt og fært að gera í þessu. Áður en ég fer að lýsa því, sem hæstv. ráðh. telur þarna hæfilegt að gera og hægt að gera, þá vil ég benda á og undirstrika það, að 1960 var sett það ákvæði í lög á Íslandi, að jarðræktarframlagið skyldi standa óbreytt í krónutölu eins og það var þá, þótt dýrtíðin hækkaði. Þetta þýðir það, að undir stjórn hæstv. núv. landbrh. og núv. ríkisstj. hafa jarðræktarframlögin, þau sem ákveðin eru í sjálfum jarðræktarlögunum, lækkað ár frá ári. Þau hafa raunverulega lækkað ár frá ári með vaxandi dýrtíð. Um þetta er vitaskuld ekki hægt að deila, og sannast að segja datt mér ekki annað í hug en hæstv. landbrh. kæmi með ný jarðræktarlög, þegar hann kæmi með þessi málefni inn í þingið, þar sem m. a. þetta ákvæði væri afnumið og leiðréttar einnig þær stórkostlegu lækkanir, sem orðið hafa á jarðræktarframlögunum, síðan yrðu jarðræktarframlögin þar til viðbótar hækkuð, miðað við hið nýja ástand, sem orðið er varðandi stofnkostnað í búskap, og önnur þau atriði, sem við höfum verið að ræða hér undanfarna daga. Mér datt ekki annað í hug en hæstv. ráðh. mundi beita sér fyrir þessu.

En í staðinn fyrir það kemur hæstv. ráðh. nú með jarðræktarlagafrv., sem ráðgerir, að jarðræktarframlagið til allra þeirra greina, sem ekki eru teknar undir sérákvæði, skuli halda áfram að lækka með vaxandi dýrtíð, og í þessu frv., er ekki að finna annað en lagfæringu á einu tæknilegu atriði, því að það er ekki hægt að kalla það annað en lagfæringu á tæknilegu atriði, að nú skuli plógræsi koma undir jarðræktarframlög eins og önnur ræsi, og þar umfram er aðeins eitt verulegt efnisatriði, þar sem er hækkun á framlögum til súgþurrkunarkerfa. Öll önnur atriði í jarðræktarlögunum skulu standa óbreytt og menn m. a. búa áfram við það, að jarðræktarframlögin til annarra framkvæmda skuli fara lækkandi áfram með vaxandi dýrtíð.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að framsóknarmenn hafa lagt fram frv. hér í hv. d. um breyt. á jarðræktarlögunum. Það frv. er í fyrsta lagi miðað við að koma í veg fyrir, að jarðræktarframlögin geti lækkað framvegis vélrænt, þótt dýrtíð fari vaxandi, og það er gert ráð fyrir, að framlögin verði ákveðinn hundraðshluti af kostnaðarverði, eins og sjálfsagt er og eins og raunar að nokkru leyti var áður, þar sem framlögin voru hækkuð eftir vísitölu, þ. e. a. s. áður en núv. ríkisstj. beitti sér fyrir því að setja framlögin föst í krónutölu og þar með lækka þau árlega, eins og ég sagði. Það er sem sé gert ráð fyrir því að lagfæra þetta sjálfsagða atriði. En þar að auki er gert ráð fyrir því í frv. framsóknarmanna að auka verulega framlög til þeirra framkvæmda í sveitunum, sem brýnasta nauðsyn ber til að styðja. Og ég verð að segja, að mér eru það mikil vonbrigði, ef hæstv. ríkisstj. telur sér ekki fært að fallast á þær till., sem þarna eru gerðar af hendi framsóknarmanna.

Ég verð að taka það fram, að hér hefur það skeð, að hæstv. ráðh. hefur í raun og veru ekki tekið nema eitt efnisatriði upp úr þessu frv. okkar inn í sínar tillögur, en hinum atriðunum virðist hann ekki að svo komnu máli a. m. k. vilja sinna, þó að ég verði að vonast eftir því, að breyting gæti orðið á því í n. og við meðferð málsins í þinginu.

Ég ætla að rifja upp, hvernig ástatt er orðið um jarðræktarframlögin til einstakra framkvæmda og hverjar till. framsóknarmanna eru um breytingar í því efni. Ég tek fyrst þurrheyshlöður. Það er nú þannig komið eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, að framlag í þurrheyshlöður mun vera komið niður í kringum 2.3% af kostnaðarverði, en við leggjum til, að þurrheyshlöður verði studdar með 15% framlagi af kostnaðarverði. En hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir í sínu frv., að þetta verði óbreytt áfram og haldi því áfram að lækka með vaxandi dýrtíð.

Þá eru það votheyshlöðurnar. Vitanlegt er, að votheyshlöður skortir stórkostlega enn þá víðs vegar í landinu, enda sívaxandi þörf fyrir þær með aukinni ræktun. Framlagið í votheyshlöðurnar er mér tjáð að sé nú komið niður í 8.5% og hefur lækkað ár frá ári og á sýnilega enn að halda áfram að lækka, því miður. En við leggjum til, að framlag í votheyshlöður verði 25% af kostnaðarverði.

Um garðávaxtageymslur er þannig háttað, að þær eru komnar niður í 8.5%. Við leggjum til, að þær verði studdar með 15%, en hæstv. ráðh. leggur til, að framlag verði óbreytt og haldi því áfram að lækka.

Áburðargeymslur eru nú komnar niður í 16% af kostnaðarverði, en við leggjum til, að þær verði studdar með 25% framlagi, en hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir því í þessu frv., að þetta verði óbreytt, haldist í krónutölu og haldi þá áfram að lækka með vaxandi dýrtíð.

Girðingar um ræktunarlönd eru nú komnar niður í 11%, en við gerum ráð fyrir, að framlögin fari í 25%, en hæstv. ráðh. ráðgerir það óbreytt í krónutölu og haldi því áfram að lækka. Framlag til súgþurrkunarkerfa er nú talið vera komið niður í 10% eða þar um kring, og við gerum ráð fyrir að hækka það í 40%, og að því er mér skilst eru till. hæstv. ráðh. miðaðar við, að framlag þetta verði frá 24—36% eftir ástæðum og miðist við verðlag í dag, og er þetta því eina stóra atriðið, sem hæstv. ráðh. tekur upp úr okkar frv. Verð ég að segja, að það finnst mér lélegri frammistaða en í því frv., sem hér var rætt á undan, því að í það frv. tók hæstv. ráðh. þó upp tvö atriði af þrem úr tilsvarandi frv. okkar, en úr jarðræktarlagafrv. okkar, sem fjallar um mjög veigamikla liði í stuðningnum við landbúnaðinn, tekur hæstv. ráðh. í raun og veru ekki upp nema einn efnislið og gengur þar þó mun skemmra.

Hæstv. ráðh. segir, að menn verði að skilja, að það sé ekki hægt að gera meira en hann stingur upp á, og hann færir þær afsakanir fram í því sambandi, að það, sem hann er hér með á ferðinni, kosti samtals um 18—20 millj. kr. á ári, og vegna þess, að þessar lagfæringar, sem hann leggur til í þessu frv. og í frv., sem við vorum að ræða hér á undan, kosti 18—20 millj. kr. á ári, verði endurskoðun jarðræktarlaganna að bíða. Hæstv. ráðh. lýsti því hér yfir áðan, að hún yrði þar með að bíða, það gæti ekki orðið úr því, að almenn endurskoðun á jarðræktarlögunum færi fram, vegna þess að þessi atriði, sem hann hefði valið úr, væru svona kostnaðarsöm, þau kostuðu 18—20 millj. kr. á ári, og þá verði menn að sætta sig við það, að framlögin til að gera votheyshlöður, framlögin til að gera þurrheyshlöður, framlögin til að koma upp garðávaxtageymslum og áburðargeymslum, girðingum og öðrum slíkum lífsnauðsynlegum framkvæmdum fari áfram lækkandi ár frá ári, eins og verið hefur með vaxandi dýrtíð. Lengra væri ekki hægt að ganga í því að styðja landbúnaðinn.

En ég vil segja hæstv. ráðh., að ég er honum algerlega ósammála um þetta. Ég er hissa á því, að hann skuli sætta sig við að flytja þennan málstað hér á Alþ., þegar þess er gætt t. d., að fjárlögin eru núna komin raunverulega upp í um 3000 millj., og þegar við athugum, að t. d. aðeins núna fyrir nokkrum dögum var samþ. 50 millj. kr. framlag beint úr ríkissjóði til togaranna og rúml. 40 millj. kr. framlag beint úr ríkissjóði til hraðfrystihúsanna, og var ákvarðað á nokkrum dögum að gera þetta, af því að það þótti nauðsynlegt. En eftir að hafa skoðað þessi mál í 2—3 ár, þá er allur sá stuðningur, sem hæstv. ráðh. hefur fram að færa landbúnaðinum til handa til þess að gera nýtt átak í framkvæmdum og auka stuðning við að stækka smærri búin, upp á 18—20 milljónir samtals. Meira sé ekki hægt að gera, þegar landbúnaðurinn á hlut að máli.

Nú vil ég alls ekki eiga þátt í því að gera manni getsakir, en ég get ekki stillt mig um að benda á, að þetta er í lélegu samræmi við látlausar yfirlýsingar um, að það þurfi einmitt að gera ný átök í sambandi við landbúnaðinn til þess að stækka smærri búin. Hvernig á að stækka smærri búin? Hvaða atriði eru það, sem mestu máli skipta fyrir smærri búin, til þess að þau geti stækkað? Jú, við vitum, að það eru betri lánskjör, lægri vextir. — Hæstv. ráðh. er algerlega ófáanlegur til þess að beita sér fyrir því að bæta lánskjörin, þau hafa versnað stórkostlega. — Enn fremur meiri bein framlög til lífsnauðsynlegustu framkvæmda, að leggja meira fé fram beint úr ríkissjóði til að styðja uppbygginguna á smærri búunum. Hvaða framkvæmdir eru það, sem þarf að styðja á smærri búunum? Ræktunin, — og það verður aukinn stuðningur við hana, eins og hér hefur verið rakið, — og súgþurrkunin, það er alveg rétt. En það er ekki bara ræktunin og súgþurrkunin, sem þarf að styðja. Það er engu síður alveg lífsnauðsynlegt að auka stuðninginn við votheysgerðina, við að koma upp þurrheysgeymslunum og aðrar þær framkvæmdir, sem ég taldi hér áðan. Þetta verður allt að haldast í hendur, og sannleikurinn er sá, að jafnvel þó að farið væri eftir till. framsóknarmanna um þessi efni, sem eru í jarðræktarlagafrv., sem nú liggur fyrir þessari hv. d., þá er þar um að ræða lága fjárhæð í heild samanborið við þær fjárhæðir, sem fjallað er um svo að segja daglega hér og veittar eru í alls konar skyni. Og ég verð að draga mjög í efa

vilja þeirra manna til að gera ný átök í þessum efnum, sem láta sér það blæða í augum, hvort það er 10—20 millj. kr. meira eða minna á ári, sem lagt er fram í þágu landbúnaðarins, ef það gæti orðið til þess að hjálpa til að leysa þann vanda, sem nú liggur fyrir. Og ég vil leyfa mér líka að segja, að þeir menn hafa ekki neinn brennandi áhuga á því að stækka smáu búin, sem horfa á það aðgerðarlaust ár eftir ár, að jarðræktarframlagið fari lækkandi til sumra þýðingarmestu framkvæmdanna, sem þarf að sinna, til þess að smærri búin geti stækkað.

Ég vil þess vegna mjög eindregið óska eftir því, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, geri úr þessu máli raunverulega endurskoðun á jarðræktarlögunum og taki a. m. k. upp þau helztu atriði, sem eru í jarðræktarlagafrv. framsóknarmanna og ég hef hér gert grein fyrir í sambandi við þetta mál.

Það hefur verið almennt rætt um landbúnaðarmálin, og ég skal ekki fara út í almennar umr. um þau, en að lokum vil ég aðeins segja þetta um stefnu okkar framsóknarmanna í þeim málum:

Við viljum láta laga verðlagsmálin, en okkur er algerlega ljóst, að það er margt fleira, sem þarf að gera og þá fyrst og fremst til þess að styðja þá til að koma undir sig fótum, sem hafa ekki enn þá nægilega stór bú, og til þess að ýta undir frumbýlinga, að þeir geti raunverulega tekið við búskap.

Við höfum flutt hér æðimörg mál á Alþ., og ég ætla að leyfa mér að lokum að telja upp nokkur þeirra. Það er jarðræktarlagafrv., sem við höfum flutt og ég hef lýst. Frv. okkar um að breyta stofnlánadeildarlögunum og lækka vextina verulega. Enn fremur frv. um að koma á fót bústofnslánasjóði, sem láni hagfelld lán til vélakaupa og bústofnsaukningar. Enn fremur till. um að auka fjármagn veðdeildarinnar, sérstaklega til þess að hún geti sinnt í mun ríkara mæli en nú á sér stað lánveitingum í sambandi við eignaskipti á jörðum. Enn fremur eigum við hér till. í hv. Alþ. um aukningu á afurðalánum landbúnaðarins, sem við teljum lífsnauðsyn að verði sinnt, og till. um, að athugað sé um tryggingar í þágu landbúnaðarins til þess að hjálpa til að mæta áföllum, sem verða í sambandi við búskapinn. En slíkar tryggingar eru ekki lögleiddar enn sem komið er vegna bændanna, enda þótt segja megi, að hliðstæðar tryggingar séu komnar fyrir allar aðrar stéttir. Við munum líka beita okkur fyrir því að koma á löggjöf um samvinnubú með tilliti til þess, að augljóst er, að vandamál einyrkjabúskapar verður að reyna að leysa í vaxandi mæli á næstunni með aukinni samvinnu bændanna.

Fleiri mál mætti telja, en ég vil minna á þessi, og við leggjum mjög mikla áherzlu á, að jarðræktarframlagið sjálft verði aukið á þann hátt, sem við höfum lagt til í okkar frv., og við teljum það fjarstæðu, að ríkinu sé ofvaxið að standa undir slíkum framlögum.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið allmiklar umr. um landbúnaðarmálin undanfarna daga hér á Alþingi. Ég hef ekki tekið neinn þátt í þeim umr. og ætla mér ekki að eyða hér löngum tíma, en mig langar þó aðeins að drepa á örfá atriði í sambandi við þetta frv., sem nú er hér til umr.

Ég veit, að fátt hefur verið meira brennandi spursmál í hugum bænda hér á landi núna undanfarin ár heldur en það, hvenær lagt yrði fram nýtt jarðræktarlagafrv. á Alþ. Ég veit, að bændur hafa um fátt spurt mig meira en það, hvað ég héldi um það, hvenær slíkt frv. kæmi fram og hvaða breytingar það mundi gera á þeirra högum. Sannleikurinn er sá, að það veltur mjög á því um farsæld bændastéttarinnar, hvernig hið opinbera, ríkisvaldið, býr að starfi bænda og hvort það styður þeirra starf rausnarlega ellegar ekki.

Nú hefur þetta jarðræktarlagafrv. séð dagsins ljós. Og ég verð að segja, að þegar ég sá þetta frv., fann ég til vorkunnsemi með hæstv. landbrh., og er ég þó ekki vanur að vera mjög miskunnsamur við hann, — vorkunnsemi vegna þess, að ég er viss um, að hann hefur viljað gera miklu meira og betur en honum hefur tekizt í sambandi við þetta frv. Ég er viss um, að hann er vel minnugur þess, að það eru ekki mjög mörg ár síðan, að þegar bóndi byggði sér votheysgryfju, safnfor eða áburðarkjallara, þá borgaði jarðræktarstyrkurinn efnið í slíkar framkvæmdir. Það eru fá ár síðan þetta var þannig. Nú er jarðræktarstyrkurinn, sem bændur fá út á slíkar framkvæmdir, svo að segja einskis virði, hann er orðinn svo lítill. Og þetta á að standa óbreytt skv. þessu frv. Ég bjóst við, að þarna yrði gerð veruleg hækkun, og hefði ekki veitt af, því að þær eru mjög nauðsynlegar, þessar framkvæmdir, fyrir búnaðinn í landinu, og þess vegna hefði verið þýðingarmikið að hækka nú framlög til þessara framkvæmda í staðinn fyrir að þau standa í stað.

Ég vil þá enn fremur minnast á jarðræktarframlagið til þeirra, sem komnir eru með yfir 25 ha. tún. Ég hygg, að margir bændur, sem hafa yfir 25—35—40 ha. tún, geri ekki betur en komast sæmilega af og sumir kannske ekki það. Þeim hefði sannarlega ekki veitt af því, að það hefði eitthvað verið betur gert við þá í sambandi við ræktunina heldur en þarna er ætlazt til. Það eru 1223 kr., styrkurinn á ha., eins og það er núna og eins og það á að vera, þegar komið er yfir þetta mark. Af sérfræðingum er talið, að það þurfi 40 kg af grasfræi í ha., og kg af grasfræinu kostar um 50—60 kr. Þá sjáið þið það, að þetta er ekki nema fyrir kannske rúmlega helmingnum af því grasfræi, sem maðurinn þarf að sá í ha.

Má segja, þegar trúnaðarmenn búnaðarsambandanna fóru og tóku út jarðabætur bændanna á s. l. sumri, þá sögðust þeir eiga aldrei þessu vant að taka út það land, sem brotið hefði verið í vor, þótt í það hefði verið sáð einærum jurtum, höfrum eða grænfóðri, því að þetta væru fyrirmæli, að mér skildist, frá rík-

isstj. eða landbrh., því að jarðræktarlögunum mundi verða breytt í það horf, að nú væri tekið upp á því að borga jarðræktarframlag á þessar framkvæmdir strax, sem hefur ekki verið gert að undanförnu, ekki fyrr en hefur verið búið að loka flögunum með grasfræsáningu. En ég sé ekki í þessu frv., að það sé gert ráð fyrir því, að þetta verði framkvæmt, eins og gert var ráð fyrir og eins og þessir úttektarmenn framkvæma þetta í haust um mælingarnar, sem hefði þó verið mjög eðlilegt, því að það er áreiðanlega þýðingarmikið, að bændur ræekti þessar jurtir, kál og hafra og annað grænfóður, til beitar fyrir búpening á haustin og fram eftir vetri. Það er eins konar heyöflun fyrir búpeninginn og engu þýðingarminna en að rækta gras og afla heyja. En mér skilst, það kann að vera misskilningur úr mér og landbrh. leiðréttir það þá, ef þetta er misskilningur úr mér, að frv. geri ekki ráð fyrir þessu.

Mig langaði að minnast á, að það eru tvö atriði í þessu frv., þar sem um hækkun er að ræða, og ég skal viðurkenna það, að viðvíkjandi plógræsunum er þarna um nýmæli að ræða, sem er mjög gott og ég tek undir á allan hátt, og í öðru lagi er þarna um verulega hækkun að ræða til súgþurrkunarkerfa í þurrheyshlöðum. En þó verð ég að segja það, að ég gerði ráð fyrir, að þarna mundi verða betur gert en fram kemur. Ég hygg, að bónda, sem hefur 20—25 ha. ræktun, veiti ekki af að hafa heyhlöðu, sem telur 800—1000 hesta af heyi, og sú hlaða hlýtur að verða að vera 120—130 fermetrar að flatarmáli. Ég hygg, að í slíka hlöðu kosti núna ekki minna en 60—70 þús. kr. að setja upp súgþurrkunarkerfi ásamt blásara og mótor, það kosti 60—70 þús. kr. Nú má vera, að það sé hægt að fá eitthvert lán út á þetta í Búnaðarbankanum til fárra ára, en framlagið, — ég var að reyna að reikna það út áðan, ég skal játa, að ég er ekki fljótur reikningsmaður, — en mér skilst, að framlagið á slíkt súgþurrkunarkerfi, þar sem fasttengdur blásari er, verði ekki nema rúmlega 13 þús. kr. og á kerfi án fasttengds blásara verði þetta eitthvað tæpar 9 þús. kr. Mér finnst þetta ekki vera rausnarlegt framlag. Úr því að farið var nú að hreyfa þetta, sem nauðsynlegt var, hefði þurft að gera betur, því að sannleikurinn er sá, að það eru þeir bændurnir, sem verst eru settir efnahagslega, sem enn eiga eftir að koma þessum tækjum upp hjá sér, og það hefði sannarlega ekki veitt af því að styðja þá nú með ráðum og dáð til að koma þessu upp. Ég er sannfærður um, að það er hægt með rösklegu átaki hins opinbera að hjálpa bændum til að koma upp þessari tækni á fáum árum.

Við framsóknarmenn höfum flutt hér þing eftir þing þáltill. um stuðning hins opinbera við þessar framkvæmdir, en sú till. hefur ekki fundið neina náð fyrir augum stjórnarinnar. En þetta er eitt þýðingarmesta atriðið í sambandi við framleiðni í landbúnaðinum. Það er, að bændur geti verkað þau hey eða það gras, sem sprettur af ræktuninni. Það er gífurlega mikill kostnaður við að rækta jörðina, og það er hörmulegt til þess að vita, að þegar þekking og tækni eru fyrir hendi til að bjarga verðmætunum, þá skuli ekki verða gengið í það rösklega af hálfu hins opinbera að hjálpa til við það, heldur láta árlega grotna niður svo og svo mikið vegna óþurrka af heyjum af hinu nýræktaða landi. Við getum áreiðanlega gert þetta, ef samstaða væri um það.

Um votheysgerð er það að segja, að frá mínu sjónarmiði er hún alveg jafnþýðingarmikil og súgþurrkun, og hvort tveggja þarf að fara saman. Ég hygg, að votheysturn, sem tekur 8 kýrfóður, kosti núna uppkominn um 60—70 þús. kr., en auk þess þarf að kaupa tæki til þess að koma grasinu í turninn. Þegar hann er orðinn 8—10 m hár, þarf blásara og allkraftmikið afl til að knýja blásarann. Kostar mikið fé að kaupa þetta, svo að ég hygg, að það sé ekki hægt að koma upp votheysgeymslu fyrir 8 kýrfóður fyrir minna en nokkuð á annað hundrað þús. kr. Og ég verð að segja það, að mér bregður í brún, að það skuli ekki hafa verið gert neitt til að bæta úr hvað þetta snertir. Framlagið til votheysgeymslnanna á að vera eins og það hefur verið undanfarið, síðan löngu fyrir gengisfellinguna miklu, 5.50 kr. á rúmmetra, sem er að vísu margfaldað með vísitölu 611, en allir sjá, að þetta er ekki nema smáupphæð og þetta getur ekki gengið að mínu áliti. Það verður að koma lagfæring á þessu. Ég vildi fara fram á það við hæstv. landbrh., að hann gerði nú sitt ýtrasta til þess, meðan málið er hér í þinginu, að leiðréttingar fengjust á þessu, og ég vil taka það fram, að við framsóknarmenn munum bera fram brtt. um þetta atriði og ýmis önnur í sambandi við þetta frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þeir hv. framsóknarmenn, sem hér hafa talað um þetta frv., hafa talað í þeim tón eins og með þeim till., sem í þessu frv. felast, væri verið með einhverjar lokatill. í stuðningi við ræktunarmálin. Eins og ég tók fram áðan, taldi ég og fleiri eðlilegt að fá lögfest á þessu þingi þann stuðning við ræktunarmálin og uppbyggingu sveitanna, sem mest væri aðkallandi, og ég hef gert mér ljóst, að það er ekki frekar hægt á þessu þingi en undanfarin ár að fá allt, sem æskilegt mætti telja. Og hv. framsóknarmenn mundu tæplega telja upp svo mörg mál sem þeir hafa flutt og hafa jafnvel í hyggju að flytja til aukins stuðnings við atvinnuvegina, ef þeir, á meðan þeir voru í stjórn og sennilega með góðum vilja á stuðningi við uppbygginguna, hefðu getað komið öllu fram, sem þeir vildu. Og hvernig stendur á því, að svo mikið er af smájörðum og smábýlum í landinu og þá kannske ekki síst í kjördæmi hv. 1. þm. Austf.? Hann hefur verið þm. í þessu kjördæmi í 30 ár og ég skrifaði niður setningu hér áðan, sem hann viðhafði, þegar hann sagði: „Það dugir ekki að horfa aðgerðalaus

ár eftir ár, án þess að gera raunhæfar ráðstafanir til að stækka smábúin og auka ræktunina, þar sem hún er minnst.“ Í 30 ár virðist svo vera sem þessi hv. þm. hafi aðgerðalaus horft á smábúin á Austurlandi án þess að gera raunhæfar ráðstafanir til, að þau yrðu stækkuð. Og það er ekki lengra en 6 ár síðan, 1957, að þessi hv. þm. neitaði að greiða styrk, aukastyrk til túna, sem væru yfir 10 ha. Og ég spyr: Var það vegna þess, að þessi hv. þm. taldi þá svo nauðsynlegt að útrýma smábúskapnum og auka ræktunina? Ef þessi hv. þm. hefði verið stórtækari þá, mætti svo vera, að það væri minna um smábú og meira um bjargálna bændur.

Það er ekki hægt að komast hjá að minna á þetta, þegar hv. þm., sem hafa setið 30 ár á þingi og lengi setið í ríkisstj., tala nú eins og það sé hægt að gera allt og fá lögfest á einu þingi allt, sem við teljum að vanti og til úrbóta kunni að verða. Og það er áreiðanlegt, að ef þessi hv. þm., 1. þm. Austf., ætti að sjá um ríkiskassann í dag, þá talaði hann ekki um 20 millj. kr. hækkun á fjárl. til ræktunarmála á einu ári eins og eitthvert smáræði. Og hv. 2. þm. Sunnl. hefði ekki talið það smáræði, á meðan hann studdi ríkisstj., ef jarðræktarstyrkurinn væri aukinn í svo ríkum mæli sem gert er ráð fyrir með þessum tveimur frv., á hverju ári. Ég er dálítið undrandi yfir því, þegar svo þingvanir menn tala í þessum hræsnis- og einfeldnistón um mál, sem við allir þekkjum vel til og erum innst inni sammála um að beri að fylgja fram til sigurs eftir þeim leiðum, sem færar mega teljast.

Hv. 2. þm. Sunnl. talar um, að bændur hafi spurt um jarðræktarlagafrv. og vonazt eftir að fá það. Ég kannast við það líka. En ég veit, að bændastéttin, ef hún hefði verið spurð um það, hvort hún vildi jarðræktarlagafrv., sem búnaðarþingsnefndin samdi og stjórnskipaða n. endurskoðaði, heldur en þessi tvö frv., sem við nú erum að flytja, þá er ég viss um, að stór meiri hl. bændanna hefði sagt: Við viljum heldur þetta. — Og það tjáir ekki að tala um, að það sé eitthvað lítið, sem hér er á borð borið, þegar það er 4—5 millj. meira á ári en það, sem framsóknarmenn í mþn. lögðu til að yrði lögfest.

Hvaða þýðingu hefur það að ræða í þessum dúr, sem þessir hv. tveir þm. hafa gert hér í dag, ræða þannig um þessi mál eins og þeir, sem á hlusta, séu þessu alls ókunnugir og það sé fyrst nú verið að lögfesta einhverjar hækkanir til framkvæmda eða ræða till., sem áður hafi ekki komið fram í þessu efni. Ég er alveg sannfærður um, að framsóknarmennirnir, sem unnu að undirbúningi jarðræktarlagafrv., hafa ekki viljað hugsa neitt smátt í styrkveitingum til ræktunarmála. En till. þeirra bara miða skemmra en þær till., sem við nú erum að ræða um og þessir 2 þm. eru að reyna að gera lítið úr. Það hefði verið miklu sæmra fyrir þessa hv. 2 framsóknarþm. að viðurkenna það, að með þessum tveimur frv. væri stigið stórt og mikilvægt spor til framfara í ræktunarmálum landsins, en að með þessu væri þó ekki um neitt lokatakmark að ræða, heldur það að fikra sig áfram á þessari braut, eftir því sem unnt væri.

Það er í rauninni ekki þörf á að ræða um það, sem þessir tveir hv. þm. drápu hér á, frekar en gert hefur verið. Hv. 2. þm. Sunnl. var að tala um, að þeir, sem eru komnir yfir 25 ha. markið, hafi orðið fyrir vonbrigðum. Það má segja það, þeir fá ekki hækkun á sínum jarðræktarstyrk. En eitt er þó víst, að þeir hafa meiri möguleika til að stækka túnin af sjálfsdáðum með þessum lága styrk heldur en hinir, sem skemmra eru komnir, og ég vil því vænta þess, að síðar meir verði hægt að hækka jarðræktarstyrkinn einnig til þeirra, sem eru komnir yfir 25 ha., því að 25 ha. ræktun á hverju býli getur vitanlega ekki verið neitt lokatakmark.

Annað var það, sem hv. 2. þm. Sunnl. var að tala um, að það hafi verið mæld og tekin út flög, sem sáð hafði verið í einærum jurtum, káli og öðru slíku, eftir fyrirmælum mínum, að mér skildist. Þetta er alger misskilningur. En ég minnist þess, að á s. l. vori ræddi búnaðarmálastjóri þetta við mig og taldi eðlilegt, að þetta yrði mælt ásamt öðrum jarðabótum á bæjunum, ef til þess kæmi, að væri unnt að veita styrk á þetta, sem aldrei hefur verið gert. Og úr því að ráðunautur var kominn á staðinn hvort sem var, þá hefur ekki farið mikil vinna í það að slá máli á þessi flög. En það er rétt, sem hv. þm. sagði, að skv. þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að veita styrk á þetta frekar en áður hefur verið. Það hefur aldrei verið gert, en mætti segja, að hefði nokkra þýðingu, ef það nýmæli væri tekið upp.

Við hv. 2. þm. Sunnl. ætla ég nú ekki að þrátta um gagnsemi votheysins. Við þekkjum það ósköp vel báðir, sveitamenn. En við ættum að geta verið sammála um, að það eru takmörk fyrir því, hve mikið má nota af votheyi, en það eru í rauninni engin takmörk fyrir því, hve mikið má nota af grænu og vel þurrkuðu, hraðþurrkuðu heyi. Þá er engin þörf fyrir votheyi, ef það er til nóg af grænu, vel þurrkuðu heyi. Þess vegna er súgþurrkunin vitanlega miklu nauðsynlegri. Og ef bændur gætu almennt komið súgþurrkun upp hjá sér og varið sig þannig gegn votviðri og hrakningum, þá er ekki þörf fyrir votheysgryfjur. Hitt er svo annað mál, að styrkurinn á votheysgryfjur mætti gjarnan hækka og vera hærri en nú er.

Hv. 2. þm. Sunnl. taldi, að styrkurinn til súgþurrkunarinnar væri ekki hár þrátt fyrir þá hækkun, sem hér er lagt til. En ég vil bara veita þær upplýsingar, að hér er verið með sömu tölurnar og búnaðarþingsnefndin lagði til, að þessi styrkur væri hækkaður um, og það þótti ríflegt þá, það sem lagt var til skv. því frv. Og úr því að það þótti vel að verið með þeim till., þá hlýtur það einnig að vera, þó að þær séu teknar upp í þetta frv. Ég er dálítið hissa á hv. 2. þm. Sunnl. að vera að gera

litið úr því, og ég vefengi það, að kostnaðurinn við súgþurrkun sé svo mikil eins og hann gerir ráð fyrir, 50—60 þús. í hlöðu, sem er svo og svo stór, eins og hann nefndi, það vefengi ég alveg, það er ekki svo dýrt sem betur fer. Og það er einnig rangt, að þetta hafi hækkað síðan mþn. búnaðarþings skilaði af sér á árinu 1962. Timbur hefur ekki hækkað síðan, sem er notað í súgþurrkunarkerfi, blásarinn hefur ekki hækkað síðan, vegna þess að nú er gert ráð fyrir að lækka tollinn á blásurum, þannig að hann verður ódýrari. Súgþurrkunarkerfið með þar til gerðum blásara verður þess vegna ódýrara nú en það var á því ári, sem mþn. skilaði af sér. Og ég vænti þess, að þegar hv. þm. gerir sér grein fyrir þessu, fallist hann á það, að till. um súgþurrkun séu jafngóðar, þó að þær séu komnar í þetta frv., eins og þær voru að hans áliti, meðan þær voru í frv. mþn. búnaðarþings.

Um það, þegar hv. 1. þm. Austf. var að halda því fram hér áðan, að 18—20 millj., sem þessi frv. tvö gæfu á ári, væru hreinn hégómi, þá er ég viss um, að menn hafa rennt huganum til þeirra ára, þegar þessi sami hv. þm. var fjmrh. Og alltaf munu menn staðnæmast við árið 1957, þegar þessi hv. þm. neitaði að veita aukinn styrk til stærri túna en sem höfðu 10 ha., neitaði því að stækka túnin, t. d. á Austurlandi, og fjölga þeim, sem gætu orðið bjargálna, en segir nú, þegar gert er ráð fyrir að veita aukastyrk til 25 ha. og auka framlag ríkissjóðs kannske um 18—20 millj. á ári í þessu skyni, að þá sé það hreinn hégómi. Ég held nú, að þegar menn hlusta á slíkar orðræður, geti menn verið sammála um, að það sé ekki ástæða til að taka slíkt alvarlega.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira að svo stöddu.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 17. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér í sambandi við þetta mál mikið almennt um landbúnaðarmálin, vegna þess að það var búið að ræða þau allýtarlega almennt í sambandi við frv. til l. um breyt. á l. um stofnlánadeildina. En ég hlýt að segja hér nokkur orð út af ræðu þeirri, sem hæstv. landbrh. flutti og var eins konar ávarp í minn garð, þegar síðast var um þetta talað hér í hv. deild.

Ég þykist vita, að þótt hæstv. landbrh. muni vera nokkurt karlmenni, muni honum veitast allþungt það hlutskipti að vera landbrh. í þessari ríkisstj. Og það get ég skilið, enda kveinkaði hæstv. ráðh. sér nokkuð í þeim umr., sem síðast urðu hér, og kom þá fram hjá honum óneitanlega nokkur illkvittni í minn garð. Lýsti hún sér í því m. a., að hann gaf mér þau ráð að hafa ekki mjög hátt í sambandi við þessi efni, því að mér færist ekki, það hefði ekki verið haldið svo myndarlega á þessum málum, þegar ég hefði ráðið meiru en ég nú réði. Í því sambandi flutti ráðh. smáþátt um, að það væri ekki að sjá, að ég hefði áorkað miklu í þessum efnum, það sýndu hin mörgu smáu býli á Austurlandi o. s. frv. Í þessum tón talaði hæstv. ráðh. Áður var hann að vísu búinn að óska eftir því, að menn héldu sér við efni frv. og væru ekki með eilífan samanburð varðandi það, hvernig nú væri búið að landbúnaðinum og áður hefði verið. En sem sagt, hæstv. ráðh. missti sjálfur þolinmæðina og fór að ræða um þessi efni á þennan — ég vil segja nokkuð nýstárlega hátt.

Út af þessu vil ég fyrst taka fram, að ef það er mér að kenna, að æðimörg bú eru smá á Austurlandi, eins og hæstv. ráðh. virtist vilja halda fram, ætti það eftir sama hugsanagangi, — ég segi, eftir sama hugsanagangi, — að vera mér að þakka, að ærið margir bændur víðs vegar um landið voru búnir að stækka bú sín, áður en núv. ríkisstj. kom til með viðreisnina sína. Sem sagt, ef það er mér að kenna, að æðimargir bændur hafa smábú, þá ætti það eftir sama hugsunargangi að vera mér að þakka, að æðimargir voru þó búnir að koma sér sæmilega fyrir, áður en hæstv. ráðh. tók til með sína landbúnaðarstefnu, því að allir bændur landsins búa við sams konar aðbúnað af hálfu ríkisvaldsins, nema alveg sérstakar ráðstafanir komi til vegna áfalla af völdum harðinda og sauðfjársjúkdóma og þvílíkra búsifja í einstökum héruðum. En á því hafa áreiðanlega engir bændur hagnazt að þurfa á slíku að halda. Þetta segi ég til að sýna, hve lítilfjörlegar svona röksemdir eru.

Það hefur áður verið á það minnzt, að það væri ærið mikið af smáum búum á Austurlandi, og ég get ekki stillt mig um að minnast aðeins á það mál. Þetta hefur komið fram áður í sambandi við önnur efni. Ég vil fyrst og fremst minna á, að þannig er ástatt á Austurlandi, að það er æðimargt bænda þar, sem verða að treysta bæði á sjó og land, sem búa meðfram fjörðunum, og jarðir á þeim slóðum fram með fjörðunum margar eru ekki hentugar til stórbúskapar á landi. Menn stunda jöfnum höndum sjó og land, og þar verða búin, landbúin sjálf, auðvitað miklu smærri en annars staðar, og þetta dregur niður meðaltalið, þegar borin eru saman búin í einstökum byggðarlögum.

Í annan stað vil ég segja það um Austurland og sérstaklega um Fljótsdalshéraðið, að þar herjaði garnaveikin árum saman og felldi nær með öllu sauðfé. Og eins og menn vita, var það svo árum saman, sem menn kunnu engin ráð við garnaveikinni, og það var ekki lagt út í fjárskipti hennar vegna. Það var ekki fyrr en meðulin fundust við henni, að hægt var að byrja að rétta við, því að þótt menn fengju nokkrar bætur, var aldrei hægt að bæta

mönnum þetta óskaplega tjón, sem þeir urðu fyrir. Á þessum slóðum, t. d. á Fljótsdalshéraði, var þannig ástatt, að menn gátu ekki fært sig yfir í aðrar búgreinar, eins og þeir gátu víðs vegar annars staðar á landinu. Það var ekki mögulegt í sama mæli og á Suðurlandi, Suðvesturlandi og Norðurlandi sums staðar, þar sem menn urðu líka fyrir miklum búsifjum af mæðiveiki og sums staðar raunar garnaveiki. Menn gátu ekki á Fljótsdalshéraði fært sig yfir í aðrar búgreinar, eins og víða annars staðar í grennd hinna stóru bæja á landinu. Þess vegna hlaut þetta að hafa miklu alvarlegri afleiðingar fyrir menn á þessum slóðum en nokkurs staðar annars staðar. Auðvitað var svo alveg óhugsandi annað en þessi gífurlegu áföll og þetta ástand allt yrði til þess, að framfaraátök yrðu minni en annars staðar. Það hefði verið kraftaverk, ef slíkt hefði ekki orðið.

Ofan á þetta allt bættust svo gífurleg harðindi, meiri en dæmi eru til á þessari öld nokkurs staðar annars staðar á landinu, og ekki í eitt skipti, heldur oftar, þannig að gera varð sérstakar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja landauðn af þessum sökum, bæði vegna sauðfjárpláganna og harðindanna. Og þó að nokkrar ráðstafanir væru gerðar til þess að fyrirbyggja það versta, náði það auðvitað alls ekki svo langt, að þarna gæti orðið um voldugar framfarir að ræða á þessum árum. Það er af þessum ástæðum hreinlega, sem bú á þessum slóðum sums staðar eru smærri en annars staðar á landinu, fyrst og fremst af þessum ástæðum, sem ég nú hef verið að rekja. En auðvitað hafa Austfirðingar búið við sömu landbúnaðarlöggjöf og aðrir og eru sízt óvaskari bændur eða til annarra starfa heldur en aðrir landsmenn. Það er ósæmilegt að vera með óræktstuddar slettur í þeirra garð. Ég hef nú reyndar ekki orðið var við, að hæstv. landbrh. hafi svo mjög gert það fyrr en nú, en hinir og aðrir hafa leyft sér það. Það, sem ég nú hef sagt um þetta, sýnir, að það er ekki sanngjarnt að bera þessi efni saman án skýringa, þ. e. a. s. skýrslur um bústærð í einstökum landshlutum.

Þá sagði hæstv. ráðh. í sambandi við þessar umr. um daginn, að ég ætti ekki að beita mér svo mjög í þessum málum núna, því að mér færist það ekki, eða eitthvað á þá lund. Það hefði ekki verið svo vel fyrir þessum málum séð, meðan ég hefði haft ríkiskassann, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Þetta gefur mér tilefni til að bera þessi efni nokkuð saman. Það ætla ég að leyfa mér að gera. Ég ætla að bera einmitt saman dálítið í fáeinum orðum, hvernig búið er að landbúnaðinum nú og hvernig búið var að honum, á meðan ég hafði ríkiskassann, eins og hæstv. ráðh. vildi orða það.

Það eru tveir þættir, sem mestu máli skipta varðandi landbúnaðinn og ríkiskassann. Það eru lánskjörin, sem landbúnaðurinn á kost á, sem eru eitt höfuðatriðið í öllu þessu, og það er hinn beini stuðningur ríkisvaldsins við uppbygginguna í landbúnaðinum. Það eru þessir tveir þættir, sem mestu máli skipta í því tilliti, og það skiptir auðvitað höfuðmáli fyrir landbúnaðinn, hvaða stefna er framkvæmd í þessum málum. Ég ætla því að leyfa mér að bera saman í fáeinum orðum, hvernig ástatt var í þessu tilliti, þegar ég hafði ríkiskassann, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, og hvernig það er núna, þegar hann beitir sér fyrir þessum efnum og hans félagar.

Það eru þá fyrst lánamál landbúnaðarins. Hvernig eru þau núna, og hvernig voru þau þá? Nú er mönnum ætlað að taka lán til íbúðarhúsabygginga í sveitum með 6% vöxtum. En áður var mönnum séð fyrir lánum með 3½% vöxtum, og það er því engin smávegis breyting, sem hefur átt sér stað til hins verra fyrir landbúnaðinn. Nú er mönnum ætlað að taka lán úr ræktunarsjóði og greiða 6% vexti, en áður, meðan ég og minir félagar fóru með þessi mál, voru þessir vextir 4%. Þeir hafa hækkað hvorki meira né minna en úr 4% og í 6½%. Þannig er búið að landbúnaðinum núna, og þannig var búið að honum, meðan ég fór með ríkiskassann, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. En það er ekki þar með sögð öll sagan í lánamálunum. Nú verða menn að borga sérstakan skatt af tekjum sínum til þess að geta fengið lán með þessum hærri vöxtum. Þá borguðu bændur engan skatt af tekjum sínum til að geta fengið lán með 3½—4% vöxtum. En nú verða þeir að borga sérstakan skatt, sem nemur um það bil 2% af launatekjum þeirra, til þess að geta fengið lánin með hærri vöxtunum. Það er ekki að furða, þó að hæstv. ráðh. sækist eftir því að bera saman, hvernig þetta var, meðan ég hafði ríkiskassann, og hvernig það er núna. Það er ekki furða.

Og á þetta bætist, að kostnaður við byggingar og aðrar framkvæmdir í sveitunum, eins og annars staðar, hefur hækkað alveg gífurlega á þessu tímabili. Það munar tugum þúsunda á ári, sem sá bóndi verður að borga í vextina eina, sem nú ætti að byggja bú sitt upp að nýju, tugir þúsunda, bara í vaxtamismun, sem hann verður að borga meira en áður. Það er ekki að furða, þótt hæstv. ráðh. sé státinn af þessari frammistöðu.

Ef við svo athugum hinn aðalþáttinn, þ. e. a. s. beinu framlögin, beina stuðninginn við uppbygginguna í sveitunum, tekur ekki betra við. Þá kemur í ljós, að hæstv. ráðh. og hans félagar hafa verið að lækka jarðræktarframlagið skv. jarðræktarlögunum sjálfum. Þeir hafa verið að lækka þetta framlag raunverulega ár frá ári í 5 ár. Ár frá ári í 5 ár hafa þeir verið að lækka þetta framlag. Engum, sem til þekkir, dettur í hug, að það sé nokkuð sambærilegur sá stuðningur, sem menn fá núna, skv. jarðræktarl., við þann stuðning, sem áður var, meðan ég og minir félagar fórum með þessi efni. Framlögin hafa farið lækkandi ár frá ári, og ekki nóg með það. Þeim er ætlað að fara áfram lækkandi. Það er ætlun hæstv. ráðh. eftir því frv., sem hér liggur fyrir,

að þessi framlög haldi áfram að lækka í öllum greinum skv. jarðræktarl., nema til súgþurrkunarinnar einnar.

Síðan kemur stórkostlegur þáttur í þessum efnum, sem ég hefði átt að minnast á í sambandi við lánamálin, lánamál bændanna, og það eru afurðalánin. Á meðan ég hafði kassann, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, var búið að byggja upp lánakerfi í því sambandi, byggt á því að lána 67% út á verð afurðanna. Nú hefur þetta verið skorið niður í 52—55% eftir því, hvernig grundvöllurinn er reiknaður, en þó munu þeir, sem til þekkja, fremur telja, að það ætti að nota töluna 52%, vegna þess að grundvöllurinn hefur verið skekktur í framkvæmdinni. Þessi lán hafa verið skorin niður úr 67% niður í 52–55%, en fyrirframlánin, sem ætluð eru til að greiða fyrir rekstrarvörukaupum bændanna á vorin, hafa þó verið skorin miklu, miklu meira niður, því að þau hafa verið látin standa í stað í krónutölu þrátt fyrir gífurlegar verðhækkanir á öllum sviðum. Þetta er búið að koma þessum rekstrarfjármálum bændanna í stórkostlegan hnút, sem allir þekkja, og verður auðvitað að reyna að finna einhverja leið til þess að leysa.

Þannig er þessi samanburður í örfáum orðum, og skal ég ekki fara lengra út í hann. En að lokum vil ég svo aðeins benda á, hvernig hæstv. ráðh. bregzt við, þegar menn krefjast þess, að nú verði gerðar nýjar ráðstafanir til að rétta hlut landbúnaðarins. Enginn ber sér það í munn, að hlutur landbúnaðarins standi ekki verr en áður. Það er eingöngu rætt um, hvort þessir eða hinir hafi verið búnir að búa nægilega vel um sig til að mæta þessum áföllum, sem orðið hafa undir stjórn hæstv. ráðh. Það er eingöngu rætt um þetta manna á meðal. Og meira að segja stuðningsmenn stjórnarinnar koma ekki fyrir sig öðrum áróðri í þessum málum en því helzt að segja sem svo: Framsóknarmenn áttu að vera búnir að búa enn betur um landbúnaðinn, til þess að hann gæti þolað betur þessi áföll, sem orðið hafa af völdum stjórnarstefnunnar á síðustu árum. — Það er eiginlega hugsunin í áróðrinum.

En vitaskuld er, að það verður að miða landbúnaðarlöggjöfina við núverandi ástand, en ekki það ástand, sem var. Þess vegna verður að fá fram á henni mjög þýðingarmiklar breytingar. En hvernig tekur hæstv. ráðh. undir þær kröfur? Það hefur verið sýnt fram á, að verðbólguþróunin og hækkun stofnkostnaðarins hafi grafið alveg grundvöllinn undan verðlagningu landbúnaðarafurðanna, þannig að verðlagning þeirra er algerlega komin úr skorðum, vegna þess að nýi stofnkostnaðurinn og nýi rekstrarkostnaðurinn fæst ekki tekinn til greina. Og þetta fæst ekki lagað með óbreyttri löggjöf. Það virðist ekki vera mögulegt að knýja fram á þessu nægilega lagfæringu að óbreyttri löggjöf. Því hafa samtök landbúnaðarmanna farið þess á leit við hæstv. ráðh., að hann beiti sér fyrir breytingu á löggjöfinni, til þess að þeir geti fengið sinn rétt. En hæstv. ráðh. vill ekki sinna þessu né meiri hl. sá, sem hann styðst við, — vill ekki sinna þessu og neitar að beita sér fyrir lagfæringum í þessu efni.

Næst koma svo lánskjör landbúnaðarins, sem hafa verið færð í óviðunandi horf, eins og ég var að lýsa. Það eru kröfur gerðar um, að þessu verði breytt, vextirnir verði færðir aftur í það horf, sem þeir voru, — það er nú ekki hugsað hærra, — og hætt að láta menn borga sérstakan skatt í lánasjóðinn. En hæstv. ráðh. vill ekki sinna þessu. Hann þverneitar að sinna þessu, þverneitar sem sé að sinna óskum bændanna um að breyta afurðalöggjöfinni og þverneitar að sinna því að breyta lánalöggjöfinni til hagsbóta fyrir landbúnaðinn.

Loks kemur svo sá þáttur, sem lýtur að beinum stuðningi við uppbygginguna í sveitunum, þ. e. a. s. jarðræktarlögin. Og þá er það allt og sumt, sem hæstv. ráðh. vill gera, að hann vill slíta eitt atriði út úr till. framsóknarmanna um endurbætur í þeim efnum, varðandi súgþurrkunina. Hann vill slíta það atriði eitt út úr og sinna því, og þó ekki til fulls, en láta annan stuðning skv. jarðræktarl. fara minnkandi áfram. Þetta eru því miður þær undirtektir, sem þessi lífshagsmunamál bændastéttarinnar fá hjá hæstv. ráðh. og þeim meiri hl., sem hann styðst við.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. var hér með hálfgerða kveinstafi út af því, sem ég hafi sagt hér um smábýlin á Austurlandi. En hv. þm. veit, af hvaða tilefni hann var minntur á það, að þar væri mikið um smábýli, eins og reyndar víða annars staðar á landinu. Það var þessi hv. þm., sem talaði af miklum þjósti og gorgeir um það, að ekki dygði að horfa aðgerðalaus á það, að ekki tækjust meiri framfarir í landbúnaðinum og breytingar á smábýlunum heldur en verið hefur. Það varð þá ekki hjá því komizt að minna hv. þm. á það, að hann hafði verið 30 ár þm. fyrir þann landshluta, þar sem mest er um smábýli, og á þessu 30 ára tímabili áhrifamaður og oft ráðh. Ég hygg, að þeir, sem hlýddu á umr., hafi talið allt þetta eðlilegt frá minni hendi, og ég hygg líka, að flestir hafi gert sér grein fyrir því, að hv. 1. þm. Austf., með þá fortíð sem hann hefur, ætti ekki að gera lítið úr þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til viðreisnar landbúnaðinum síðan hann fór frá völdum.

Hv. þm. fór áðan að tala um landbúnaðarsjóðina, og hafði ég eiginlega búizt við því, að hann hliðraði sér hjá því að gera það, þar sem vitað er, hvernig þeir voru, þegar núv. ríkisstj. komst til valda. Þessir sjóðir voru gjaldþrota, gersamlega gjaldþrota, áttu 31 millj. kr. minna en ekki neitt, og vinstri stjórnin felldi krónuna, eins og vitað er, vorið 1958 og með áframhaldandi dýrtíð árið út 1958, þannig að sú króna, sem skráð var 1960, var vinstristjórnarkróna, en hv. 1. þm. Austf. undir-

bjó fjárlögin fyrir árið 1959. Var gert ráð fyrir í því frv. að rétta við landbúnaðarsjóðina? Ég hygg, að margir minnist þess, að í fjárl. hefur verið mörg undanfarin ár og jafnvel áratugi 4 millj. kr. framlag til búnaðarsjóðanna, og hv. 1. þm. Austf., þáv. fjmrh., lét það vera að hækka þessa upphæð, þegar hann undirbjó frv. til fjárl. fyrir árið 1959. Þetta var hans framlag til stuðnings sjóðunum, eftir að búið var að grafa undan þeim með 55% yfirfærslugjaldi vorið 1958 og aftur aukinni gengisfellingu út allt það ár.

Ég hygg, að flestir hafi nú sannfærzt um, að það hafi verið vel að því unnið að byggja upp lánasjóði landbúnaðarins, og ég hygg, að bændur séu þegar farnir að finna fyrir þeirri breytingu, sem orðin er í lánamálum landbúnaðarins. Áður þurftu bændur mánuðum saman og jafnvel árum að bíða eftir lánum eftir að hafa ráðizt í framkvæmdirnar, vegna þess að fé var ekki fyrir hendi. Og loks þegar lánin komu, þá voru þau það við nögl skorin, að þau voru ekki nema lítill hluti af því, sem raunverulega bar að láta af hendi, og urðu bændur því að bjarga sér á víxlum og söfnuðu lausaskuldum, sem vitanlega varð að borga víxilvexti af. Og það er skemmst að minnast þess, að núv. ríkisstj. varð að gera ráðstafanir til að rétta hag bænda með því að losa þá við lausaskuldir, sem höfðu safnazt, sérstaklega á árunum 1957 og 1958, eins og menn minnast, og breyta þessum lánum í 20 ára lán.

Það er dálítið einkennilegt, þegar hv. 1. þm. Austf. er að tala um hina miklu vaxtabyrði, sem bændur bera nú, vegna þess að vextirnir hafi verið hækkaðir frá því, sem þeir voru. Í fyrsta lagi hefur það gerzt, að nú fá bændur stærri hundraðshluta af byggingarkostnaði úr stofnlánadeild landbúnaðarins heldur en áður var og nota þess vegna minna af víxillánum og lausaskuldalánum, sem verður að borga hæstu vexti af, heldur en áður var. Og nú hefur það gerzt, að mikil leiðrétting hefur fengizt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins hvað vextina snertir, þannig að vextirnir eru nú teknir til greina í mun ríkari mæli en áður var til útgjalda í grundvellinum. Meðan vextirnir voru ekki teknir til greina í grundvellinum, sem bóndinn raunverulega greiddi út, var verið að taka af hans kaupi, og þá fékk bóndinn ekki það verð, sem honum var ætlað að fá. 1958 er bændunum reiknað til útgjalda aðeins 8188 kr. í verðgrundvelli landbúnaðarvara. En haustið 1963 er þessi upphæð reiknuð 31162 kr. Dettur nokkrum manni í hug, að bændur séu ekki betur settir en áður hvað vaxtaútgjöldin snertir? 1958 er bændum reiknað aðeins 8188 kr., en nú er þeim reiknað 31162 kr. Dettur nokkrum manni í hug, að vextirnir hafi raunverulega hækkað sem þessu nemur? Það vita allir, að vextirnir hafa ekki hækkað nálægt því sem þessu nemur.

Við skulum vera sammála um, að vextirnir hafi hækkað um 50%. Við skulum einnig vera sammála um, að skuldir hafi aukizt nokkuð síðan 1958 og af þeim ástæðum hljóti vaxtaupphæðin að vera hærri. En við skulum einnig vera sammála um, að hér hefur fengizt stórkostleg leiðrétting, bæði á þeim vöxtum, sem eru út greiddir vegna skulda, og einnig og ekki síst fyrir það, að nú er farið að reikna vexti af eigin fé bóndans, sem bundið er í bústofni, jörð og húsum. En á meðan hv. 1. þm. Austf. var fjmrh., fengu bændurnir enga vexti af því kapítali, sem bundið var í búinu, jörðinni og húsunum. Þeir urðu að hafa þetta vaxtalaust, og það er ekki fyrr en haustið 1960, sem farið er að reikna þessa vexti, þá að vísu lágt, ekki nema 3½% til að byrja með. Það var leiðrétt aftur 1962, fært upp í 5% og á s. l. hausti 6%. Hér er því stórkostleg leiðrétting á verðlagsgrundvellinum. Og þegar tekið er tillit til þess, hvaða vaxtaupphæð er tekin inn í verðlagsgrundvöllinn nú og að bændur fá hærri hundraðshluta úr stofnlánadeildinni en áður og búa þess vegna við minna af víxil- og lausaskuldum en þá, þá er enginn vafi á því, að það er betur búið að bændum í lánamálunum nú en áður var, og á þó eftir að sjást betri útkoma í þessum efnum, þegar stofnlánadeildinni vex fiskur um hrygg, en eins og kunnugt er, er hún ekki enn nema tveggja ára. Lögin eru ekki nema tveggja ára um stofnlánadeild landbúnaðarins. Ef lögin væru 10 ára eða 20 ára, væri þarna kominn stofnlánasjóður fyrir landbúnaðinn, sem tryggði landbúnaðinn gegn lánsfjárskorti. Og það er það, sem flestir bændur eru farnir að sjá, að er mikils virði. Og það á ekki að telja eftir þetta 1%, sem greitt er af búvörunni til uppbyggingar lánasjóða landbúnaðarins. Neytendurnir telja ekki eftir að greiða 0.75%, og bændurnir munu ekki heldur gera það. Það eru enn aðeins nokkrir forustumenn Framsfl., sem halda áfram þessu nuddi í pólitískum tilgangi gegn hagsmunum bænda. Og það þarf talsverða kokhreysti til, þegar sami maðurinn furðar sig á því, að bændur skuli vilja láta 1% til uppbyggingar stofnlánadeildinni, en þeir eiga með glöðu geði að láta 1% eða nálægt því í Bændahöllina, sem a. m. k. er mjög vafasamt til hagnaðar fyrir bændastéttina, en út í það mál skal ég ekki fara hér. En það er áreiðanlega ólíku saman að jafna að byggja upp lánsstofnun til að tryggja það, að lán fáist til uppbyggingar í sveitunum, eða láta gjald af búvörunni til Bændahallarinnar, — e. t. v. ekki til byggingar Bændahallarinnar, heldur e. t. v. miklu fremur til að borga taprekstur á þessu húsi.

Hv. 1. þm. Austf. verður að viðurkenna það, að hann setti ekki markið hátt, þegar hann var fjmrh. Hann passaði ríkiskassann, vildi hafa ballans á fjárl. og neitaði m. a. um það að hækka framlag til búnaðarsjóðanna úr 4 millj., eftir að vitað var, að þeir voru orðnir gjaldþrota. Þessi hv. þm. neitaði því einnig að setja hærra markið í ræktunarmálunum en sem miðast við 10 ha. 1957, þegar rætt var um

aukinn stuðning til þeirra býla, sem skemmst voru á veg komin. Og það hefur verið minnt á það hér áður, að þegar aðrir töldu markið of lágt sett, þýddi ekki að vera að tala um óskalista að þessu sinni, heldur aðeins það, hvað væri fyrir hendi af peningum til þess að ráðstafa.

Það er áreiðanlegt, að það eru margir, sem taka eftir því nú, þegar hv. 1. þm. Austf. er að gera lítið úr þeim tveim frv. til aukinnar jarðræktar, sem hér hafa verið lögð fram af ríkisstj. Þessi frv. gera ráð fyrir útgjaldaaukningu hjá ríkissjóði, sem nemur 20 millj. kr. á ári. Frv., sem þessi hv. þm. var að tala um hér áðan, frv. til jarðræktarlaga, hefði aukið útgjöld ríkissjóðs um 15 millj. Það kom ekki að eins góðum notum og þau frv., sem nú hafa verið lögð fram. Það er betra fyrir landbúnaðinn að fá þessi frv. lögfest heldur en þetta margumrædda jarðræktarlagafrv., og það er eingöngu þess vegna, sem þessi stefna hefur verið tekin og þessi frv. lögð fram, þ. e. að ýta undir ræktunina, þar sem hún er skemmst komin, og þar eru smábýlin höfð helzt í huga, því að það liggur vitanlega mest á að auka ræktunina þar, sem hún er minnst. Það er um það að ræða hjá smábýlunum, sem litla ræktun hafa, annaðhvort að þau fari í eyði eða ræktunin verði aukin. Og ríkisstj. hefur tekið þá stefnu að koma í veg fyrir, að smábýlin fari í eyði, og ýta undir það, að ræktunin verði aukin þar og þær jarðir, sem eru í ábúð, verði ábúðarhæfar. Þetta munu bændur kunna að meta. Það eru 3800 jarðir, sem njóta góðs af þessum lögum, en það eru óneitanlega nokkur hundruð jarðir, eða á annað þúsund jarðir, sem eru komnar það langt með ræktunina, að þær fá ekki að sinni hækkaðan jarðræktarstyrk. Ég er þeirrar skoðunar, að þær jarðir eigi að fá hækkaðan jarðræktarstyrk, þegar tíma líða, en það er tvímælalaust meiri nauðsyn að ýta undir ræktunina á smábýlunum.

Hér var fyrir nokkrum dögum fundur með forustumönnum ræktunarsambandanna víðs vegar af landinu. 50—60 menn munu hafa mætt á þessum fundi, og tel ég það vel farið, að til slíks fundar var stofnað. Margir fundarmanna tóku til máls og lýstu sinni skoðun á ræktunarmálunum og á þessum frv., sem hér hafa verið lögð fram og eru til umr. Og það kom greinilega fram í umr. þessara forustumanna ræktunarmálanna, að nú mundi koma fjörkippur í ræktunina í landinu. Það væri enginn vafi á því, að þessi frv. mundu verða til þess, að ræktunin mundi stóraukast strax á þessu ári. Þá er tilganginum náð. Og þessir forustumenn ræktunarmálanna lýstu ekki óánægju sinni yfir því, að sú stefna hefur verið tekin, sem hér er um að ræða, að koma ræktuninni á öllum byggðum jörðum upp í a. m. k. 25 ha. Sú skoðun mun hafa verið ráðandi á þessum fundi, að þetta væri það, sem brýnasta nauðsyn bæri til að stefna að, þótt vitanlega bæri að stefna að aukinni ræktun á sem flestum sviðum.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. 1. þm. Austf., — og má vel vera, að hann hafi þegar sagt það hér, — vilji halda því fram, að frv. um stofnlánadeildina og 25 ha. markið út af fyrir sig sé ekki að lasta, en hitt jarðræktarfrv. hefði átt að fylgja í heild. Það væri alveg eftir honum að segja það, og það væri þá alveg í samræmi við stórhug þessa hv. þm., þegar hann er ekki í ríkisstj. og þarf ekki að útvega fjármuni til framkvæmdanna. En ég veit, að flestir hv. þm. skilja, að það verður ekki gert allt í einu, og þegar mþn. samþykkti frv. til jarðræktarlaga, sem gerði ráð fyrir 15 millj. kr. útgjöldum á ári, reiknaði mþn. ekki með því, að 25 ha. takmarkið yrði einnig sett og aukinn ræktunarstyrkur á jarðir, sem hefðu tún undir því marki.

Bændur og þeir, sem fylgjast með ræktunarmálum og hagsmunamálum bændanna, eru samþykkir því, að þetta sé betra en þótt jarðræktarlagafrv. hefði verið flutt. Og það er áreiðanlegt, að hv. 1. þm. Austf. talar ekki í umboði meiri hl. bænda, þegar hann er að gera lítið úr því, sem hér hefur verið flutt fram, og telja, að annað hefði verið betra og jafnvel þetta látið vera. Hv. þm. var að tala hér um, að það hefði aukizt kostnaður við byggingar í sveitum, vélakaup og annað. Þetta vita vitanlega allir hv. þm., allir, sem hlusta á þessar umr. En spursmálið er þetta: Hefur rekstrarkostnaðurinn hækkað meira, hefur byggingarkostnaðurinn hækkað meira en það, sem bændum hefur verið gefinn kostur á að fá til viðbótar því, sem áður fékkst, vegna dýrtíðarinnar? Og ef menn ætla að gera sér grein fyrir þessu, verður að vera ljóst, hvað byggingarkostnaðurinn hefur aukizt, og þá verður byggingarvísitalan, sem við höfum, þar til hliðsjónar, og ég ætla, að byggingarvísitalan muni vera nú nálægt 50 stigum. Ég vil ekki fullyrða, hvort hún hefur farið rétt undir eða rétt yfir. Og ef við viljum gera okkur grein fyrir því, hvernig er með vélakaupin, þá hygg ég, eftir að tollarnir voru lækkaðir á vélunum s. l. vetur, að það muni vera milli 50 og 60% hækkun á vélum frá því 1958 og eins og var á s. l. ári. Þá er spurningin þessi: Hvaða ráð hafa bændur til þess að mæta þessum hækkunum? Og þá er að gera sér grein fyrir því, hver hækkunin hefur orðið á framleiðsluvörum landbúnaðarins. Það var tekið fram hér, þegar rætt var um þessi mál síðast, hver sú hækkun var, að sauðfjárafurðir hafi hækkað um 77% og mjólkurafurðir um nálægt 50%, og reyndar er þessi hækkun meiri en hér er nefnt, vegna þess að 1958 fengu bændur ekki það verð, sem skráð var í grundvellinum, eins og alkunnugt er, og það vantaði frá 7 og upp í 10% á verðið, vegna þess að bændur fengu ekki bætt það tjón, sem þeir urðu fyrir, þegar landbúnaðarvörur voru seldar úr landi fyrir lægra verð en markaðsverðið innanlands.

Það var mikið um það rætt á búnaðarþingi 1957 og 1958, hvernig bregðast ætti við þessum vanda, að bændur þurftu að bera tapið

af útflutningnum. Og eina ráðið, sem þá var fyrir hendi, og það ráð gaf þáv. ríkisstj., var að miða framleiðsluna eingöngu við innanlandsmarkaðinn, draga úr framleiðslunni. Það var ekki undarlegt, þótt búnaðarþing eyddi miklu af sínum tíma í umr. um þetta mál 1957 og 1958. Einhverjum datt í hug, að e. t. v. gæti ríkissjóður tekið að sér að borga þennan halla, og ég býst við, að það hafi verið talað við hv. 1. þm. Austf., þáv. fjmrh. En víst var það, að búnaðarþing fékk engin ráð til lausnar á þessu önnur en þau að draga úr framleiðslunni, og það var gert með þeim árangri, að það varð að flytja inn smjör í ársbyrjun 1960. Bændur voru sammála um, að það væri tilgangslaust að vera að framleiða meiri mjólk en svo, að hún seldist öll í landinu, því að það lækkaði meðalverðið. Fjmrh. neitaði að opna ríkiskassann til þess að koma til móts við bændur og rétta þeirra hlut. Framleiðslan dróst saman. Það, sem síðan hefur gerzt, er öllum kunnugt, að ríkissjóður borgar þann halla, sem verður á útfluttum landbúnaðarvörum, og bændur hafa aukið framleiðsluna síðan. Í staðinn fyrir það að flytja inn smjör, vegna þess að mjólkurafurðir vantaði í landinu, stendur til að flytja út 250 tonn af smjöri á þessu ári. Og nú spyr ég: Dettur nokkrum manni í hug, að þetta hefði verið gert, ef hv. 1. þm. Austf. hefði verið við kassann? Mundi ekki bændur enn vanta 10—15% á grundvallarverðið, ef þeir ættu að bera hallann af útflutningnum eða hefðu þeir tekið þann kostinn að halda áfram að draga saman seglin og hafa hér skort á landbúnaðarvörum, eins og farið var að brydda á um það leyti, sem vinstri stjórnin gafst upp? Það hefði verið mikil óheillaþróun, ef sú stefna hefði verið ráðandi lengur, að bændur hefðu dregið saman seglin. En líklega var það óhjákvæmilegt, ef ríkissjóður hefði ekki komið til móts við bændur og tryggt þeim þannig fullt verð fyrir allar afurðirnar. Og það er gert ráð fyrir, að á þessu verðlagsári muni útflutningsuppbætur verða 130 millj. kr. Þessar 130 millj. hefði bændur vantað upp á verðlagið, ef þeir hefðu þurft að flytja út vörur eins og nú, ef hv. 1. þm. Austf. hefði passað kassann og gætt hans eins vel og hann gerði 1958, þegar búnaðarþingsfulltrúarnir gengu á hans fund.

Hv. þm. talar um afurðalánin, og hefur mikið verið rætt um þau í vetur. Það er rétt, að afurðalánin eru nú 55%, en voru áður 67%. Afurðalán til landbúnaðarins eru hin sömu og til sjávarútvegsins, en bændum hefur verið borgað út á afurðirnar eins fljótt og eins mikið og áður, og það er vegna þess, að í viðbót við afurðalán Seðlabankans lána viðskiptabankarnir það mikið, að útborgunin þarf ekki að lækka til bændanna eða dragast lengur en áður var. Nú er að því stefnt að auka afurðalánin frá Seðlabankanum, og víst hafa afurðalán til landbúnaðarins aukizt mikið á einu ári. Þannig var það 1962, að afurðalán til landbúnaðarins urðu þá mest 294 millj., en urðu á s. l. ári í nóvemberlok 383 millj., eða 89 millj. kr. hærri. Ég hef oft látið þá skoðun mína í ljós við hv. 1. þm. Austf. og aðra, að ég teldi æskilegt, að afurðalánin gætu hækkað, og ég vil, að því verði unnið. Ég tel eðlilegt, að bændur geti fengið strax allt að 90% út á afurðirnar, og það beri að stefna að því. Ég tel hins vegar ekki fært að borga bændum, jafnvel þótt fé væri fáanlegt, 100%, eins og hér hefur verið gerð till. um, einfaldlega vegna þess, að vörurnar eru teknar í umboðssölu, og það mundi enginn, sem tekur vörur í umboðssölu, fást til þess að borga 100% út strax við móttöku. Þetta er eitt af þeim verkefnum, sem eru fram undan og ber að vinna að, og ég tel, að það muni stefna í rétta átt með það og vinnast smátt og smátt. Fyrirframlánin, sem hv. 1. þm. Austf. talaði um hér áðan, það er alveg rétt, sem hann sagði um það, að þau hafa staðið í stað og hafa ekki verið hækkuð. Það er vitanlega til athugunar, hvort það getur orðið. En það hefur áður verið lýst hér, hvernig á því stendur, að Seðlabankinn veitir ekki hærri lán en 55%. Það er vegna þess, að Seðlabankinn hefur ekki meira fjármagni yfir að ráða en þetta, þar sem Seðlabankinn þarf að hafa fé, sem nemur jafnmikilli upphæð og þau lán, sem eru úti hjá honum, og gjaldeyrisvarasjóðurinn.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala um verðlagningu búvaranna hér áðan og vildi jafnvel gefa í skyn, að verðlagsgrundvöllurinn hefði skekkzt. E. t. v. hef ég heyrt skakkt, en mér heyrðist hann segja, að verðgrundvöllurinn hefði skekkzt nú síðasta ár. Ég tel, að ef hann hefur sagt það, hafi það verið mismæli hjá honum. Það getur ekki verið, að hann ætli að halda því fram, því að allir, sem þekkja til þessara mála, eru samþykkir því, að verðgrundvöllurinn hafi verið leiðréttur mjög mikið, allir, sem þekkja til þessara mála, vita, að verðgrundvöllurinn hefur verið leiðréttur mjög mikið, þótt enn séu skekkjur í honum, sem þarf að leiðrétta. Og það hefur verið spurt að því, hvernig á því standi, að það eru skekkjur í verðgrundvellinum. Verðgrundvöllurinn var myndaður fyrst með sex manna nefndar lögunum frá 1943 og aftur endurskoðaður með framleiðsluráðslögunum 1947. Það gæti ekki verið skekkja í verðlagsgrundvellinum nema af því, að þær hefðu verið myndaðar einhvern tíma, og ég held, að ég hafi minnt hv. 1. þm. Austf. á það fyrir ekki alllöngu, hvenær stærsta skekkjan var mynduð. Það var haustið 1957, þegar landbúnaðarvörurnar voru hækkaðar um 1.88%, þegar þessi hv. þm. var fjmrh., eftir að kaupgjaldið hafði verið hækkað um 11—12%, en annar rekstrarkostnaður landbúnaðarins hækkað um allt að 20%. Það var þá, sem var mynduð skekkja, og það er þessi skekkja meðal annarra, sem nú hefur verið leiðrétt haustið 1962 og aftur á s. l. hausti. Og ég segi það aftur: ég vona, að hv. 1. þm. Austf. hafi sagt þetta af misgáningi áðan, að það hafi myndazt skekkja í verðlagsgrundvellinum nú í seinni

tíð, ef hann hefur sagt það, því að hafi hann sagt það, speglar það svo mikla vanþekkingu á þessum málum, að það er ekki leyfilegt fyrir hann að tala um þau, ef hann veit ekki betur.

Hv. þm. talaði hér um frv., sem stjórn Stéttarsambandsins hafði sent mér og óskað eftir því, að ég flytti. Ég lýsti því við setningu búnaðarþingsins, að ég hafði látið stjórn Stéttarsambandsins vita, að ég mundi ekki flytja þetta frv. Og það er eingöngu vegna þess, að eftir að ég hafði lesið frv. og kynnt mér það vel, sannfærðist ég um, að það væri ekki bændum til hagnaðar að fá það flutt. Ég hef hins vegar sagt stjórn Stéttarsambandsins, að ef frv. kemur inn í þingið, verða um það umr., þá geta menn speglað sig í því og áttað sig á því, hvað er til vinnings og hvað er til taps. Og ef hv. 1. þm. Austf. hefur lesið þetta frv., sem ég býst nú varla við að hann hafi gert enn, en hann ætti að gera, hann ætti að taka frv. og lesa það og gera sér grein fyrir því, hvort það er til hags fyrir bændur að fá það flutt. Og hvernig stendur á því, að stjórn Stéttarsambandsins hefur ekki komið frv. inn í þingið enn þá, því að það var í nóvembermánuði, sem ég lét stjórn Stéttarsambandsins vita, að ég var ófáanlegur til þess að flytja frv.? Og ég er tilbúinn, hvar og hvenær sem er, að gera grein fyrir því. En ég ætla nú ekki að fara að ræða þetta frv., ég ætla að bíða með það, þangað til það kemur hér inn í þingið, því að mér þykir líklegt, að hv. 1. þm. Austf. taki að sér að flytja það, ef hann telur, að það sé svo mikils virði sem hann var að gefa hér í skyn áðan.

Ég held, að það sé nú ekki ástæða til að taka lengri tíma í að svara hv. 1. þm. Austf. Hann hefur gert þetta mál að umtalsefni, og ég reikna með því, að það hefði staðið á sama, hvernig frv. um breytingu á jarðræktarlögunum og stofnlánadeildinni hefði verið, þá hefði þessi hv. þm. reynt að koma með yfirboð, og hv. 5. þm. Austf. hefur nú flutt þarna brtt., það hafði verið talsverð keppni um það, hvor gæti orðið á undan. Hv. 5. þm. Austf. varð á undan með till., og kannske er það vegna þess, sem hv. 1. þm. Austf. vill nú láta að sér kveða hér í umr. En það verður ekki hv. 1. þm. Austf. eða hans flokki til framdráttar að koma með öllu meiri öfgar og fjarstæður en fram hafa verið dregnar nú þegar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og vænta mátti, gat hæstv. ráðh. ekki í þessu langa máli, sem hann flutti hér áðan, hnekkt neinu af því, sem ég hafði sagt um samanburð á því, hvernig búið var að landbúnaðinum, þegar ég hafði, eins og hann kallaði það, sjálfur ríkiskassann, og hvernig búið er að honum nú. En hann gerði dálitla tilraun til þess að draga athyglina frá aðalatriðunum í því sambandi, og það var allt og sumt, sem hann aðhafðist allan þann langa tíma, sem hann stóð hér í ræðustólnum.

Í fyrsta lagi hélt ég því fram, og um það þarf ekkert að deila, að bændur búa nú við meira en 50% óhagstæðari vexti á aðallánum sínum en áður var. Þetta neyddist hæstv. ráðh. til að játa. Í annan stað neyddist hæstv. ráðh. vitaskuld til að játa, að til þess að fá þessi verri lánskjör nú verða bændur að borga sérstakan skatt af tekjum sínum, sem áður kom ekki til greina. Allt þetta stendur fast þrátt fyrir þessa löngu ræðu hæstv. ráðh. til að reyna að draga athyglina frá þessu. En hann reyndi að gera það með því að halda því fram, að bændur fengju tiltölulega meiri lán úr ræktunarsjóði en áður var. En þetta veit hæstv. ráðh., að er rangt. Það er ekki lánað meira tiltölulega nú úr ræktunarsjóði en áður var. Og hæstv. ráðh. veit líka, að það er rangt, að bændur hafi áður orðið að bíða árum saman eftir lánum úr ræktunarsjóði. Sá háttur var á kominn að útvega ræktunarsjóðnum það, sem þurfti, til þess að hann gæti fullnægt eftirspurninni eftir lánum. Þannig var þetta, hvað sem hæstv. ráðh. segir um það nú. Það er því alger fjarstæða, að menn þurfi minna á víxlum að halda nú en áður og þar komi eitthvað á móti til þess að bera þennan hærri vaxtakostnað á föstu lánunum. Ég hugsa, að það séu engar ýkjur að segja, að það þurfi á mun meiri víxlum og lausalánum að halda nú en nokkru sinni fyrr til þess að byggja upp í landbúnaðinum. Það mun vera sönnu næst, þó að hæstv. ráðh. láti sér sæma að halda því fram, að menn muni nú þurfa minna af lausalánum til þess að byggja upp í landbúnaðinum en áður var.

Þá er það náttúrlega hneyksli að heyra hæstv. ráðh. halda fram, að það sé allt í einu orðið ómögulegt að sjá lánasjóðum Búnaðarbankans fyrir peningum, nema með því að skattleggja bændur sérstaklega. Það var þó gert áður, þeim var séð fyrir peningum án þess að skattleggja bændur sérstaklega. Og þessi saga um gjaldþrot landbúnaðarsjóðanna er ekkert annað en þjóðsaga. Ef núv. ríkisstj. hefði látið ríkissjóð standa við það, sem hann átti að gera í sambandi við gengistöpin, sem urðu, stóðu þessir sjóðir vel, og það var enginn vandi að útvega þeim fjármagn þessi árin umfram það, sem áður hafði verið.

Þeir, sem kunnugir eru þessum málum, geta gert sér í hugarlund, hvort það mundi hafa verið meira átak nú þjóðfélagslega séð að sjá bændum fyrir þessum hagstæðu lánum heldur en áður var, miðað við þjóðartekjurnar á þessum uppgripaárum, sem verið hafa nú. En á þessum uppgripaárum hefur þannig verið hallað á bændastéttina í þessu tilliti, að vextirnir hafa verið hækkaðir um 50% og innleiddur sérstakur skattur á þá í sambandi við lánin. Áður var reynt að byggja upp lánakerfið vegna bændanna sjálfra og til þjónustu við þá, en núna virðist það vera aðalmarkmiðið, að bændur byggi lánakerfið upp sjálfir til þess að hlífa ríkiskassanum við útgjöldum, og því eru nú gjöldin lögð á bændurna sjálfa, þeir látnir lána sjálfum sér.

Hæstv. ráðh. sagði, að bændur væru farnir að finna fyrir þeirri breytingu, sem hefði orðið í lánamálunum. Það er víst alveg áreiðanlegt. Það eru ekki neinar ýkjur í þessu hjá hæstv. ráðh. Þeir eru sannarlega farnir að finna fyrir því, og a. m. k. þeir, sem eru að byggja upp á jörðunum sínum núna, finna meira en lítið fyrir því. En bara ekki á þá lund, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta, því að ég hugsa, að það sé öllu þyngra að borga 6% en 3½% og líka nokkuð þyngra að borga 6% en 4% — og svo skattinn að auki.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þetta væri svo léttbært fyrir menn núna, vegna þess að nú hefðu menn fengið þetta allt svo rækilega sett inn í verðlagsgrundvöllinn, að manni skildist. — Það væru eiginlega aðrir, sem væru farnir að borga vextina. En hvernig er ástatt um verðlagsgrundvöllinn í því sambandi? Ég vil biðja hann að taka eftir því, að það er gert ráð fyrir því í verðlagsgrundvellinum, að meðalbóndinn skuldi 111500 kr. Hvernig halda menn, að það sé í samræmi við raunveruleikann hjá þeim, sem nú þurfa að koma fyrir sig búi, að gera ráð fyrir því, að meðalbóndinn skuldi 111500 kr.? Og vextir af ræktunarsjóðslánum eru reiknaðir á 4.7% í grundvellinum, en ekki 6%, eins og þeir raunverulega eru.

Hvernig halda menn, að þetta taki sig út fyrir ungu bændurna og þá, sem eru að taka við, að eiga að búa við þetta? Og svo kemur hæstv. ráðh. og státar af því, að menn eigi nú auðveldara með að þola hærri vextina, *vegna þess að þeir séu svo rækilega teknir* inn í verðlagsgrundvöllinn. En það er í verðlagsgrundvellinum, segi ég og skrifa, gert ráð fyrir 111500 kr. skuld. Það er eins og tekið er núna út á eitt lítið útihús.

Síðan kemur hæstv. ráðh. og segir, að það komi hér þm., sem tali eins og álfar út úr hól um það, að verðlagsgrundvöllurinn hafi skekkzt. Ja, þvílíkt hneyksli að tala um, að verðlagsgrundvöllurinn hafi skekkzt. Verðlagsgrundvöllurinn hefur auðvitað rammskekkzt við þá geysilegu verðlagsbyltingu og byltingu í fjármagnskostnaði, sem orðið hefur á undanförnum árum, þannig að hann hefur aldrei verið skakkari en nú. En hvað segja menn um, þegar gert er ráð fyrir því, að fyrningarafskriftir af vélum séu miðaðar núna við 80 þús. kr.? Það er ekki gert ráð fyrir, að á meðalbúi sé einn traktor. Og eftir því sem stofnkostnaðurinn og fjármagnskostnaðurinn vex, eftir því skekkist verðlagsgrundvöllurinn meira, ef ekki er fullt tillit tekið til breytinganna í honum sjálfum.

Ég óttast, að hæstv. ráðh. hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, hvað hér hefur raunverulega skeð. Það, sem hér hefur raunverulega skeð, er það, að þó að Stéttarsambandið, sem ekkert er honum að þakka vitaskuld, hafi getað barið fram einstaka leiðréttingu á verðlagsgrundvellinum og einstökum liðum í glímu sinni við neytendurna, þá hefur verðlagsbyltingin, sem orðið hefur í landinu, grafið undan verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, það er m. a. þess vegna, sem hann alls ekki getur staðizt, þess vegna ekki sízt. Enda veit ég, að hæstv. ráðh. er þetta náttúrlega vel ljóst. Honum er það auðvitað vel ljóst, að þessar skuldatölur og þessar stofnkostnaðartölur og þessir kostnaðarliðir, sem settir eru núna inn í verðlagsgrundvöllinn vegna fjármagnskostnaðar og vegna uppbyggingarinnar, eru ekki í neinu samræmi við raunveruleikann, og þeir skekkjast óðfluga, eftir því sem óðadýrtíðin vex og stofnkostnaðurinn, og þetta er auðvitað alvarlegasta vandamálið.

Ég hef aldrei haldið því fram, að verðlagsgrundvöllurinn, sem orðið hefur niðurstaðan á viðureign fulltrúa frá neytendum og framleiðendum, hafi á undanförnum árum verið sá rétti. Mér hefur aldrei dottið í hug að halda því fram, þó að hæstv. ráðh. tali eins og ég hafi gert það. Mér er fullkomlega ljóst, að það hefur aldrei náðst það, sem kalla mætti rétta niðurstöðu. En hinu ætla ég að halda fram, að skekkjurnar í þessu hafi farið versnandi. Þó að leiðréttir hafi verið einstakir liðir í þessari glímu, hefur þróunin grafið jafnóðum undan enn örara, og þróunin stafar af þeirri dýrtíðar- og verðbólgustefnu, sem hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir. Það er þess vegna algerlega ljóst, og hæstv. ráðh. kemst ekki undan því, að varðandi lánakjörin hefur þessu verið kippt aftur á bak til stórtjóns fyrir landbúnaðinn og verðlagsgrundvöllurinn versnað frá því, sem áður var, og dugir þar ekkert yfirklór.

Í annan stað hefur hæstv. ráðh. vitaskuld orðið að játa það með þögninni, að bein framlög samkv. jarðræktarlögunum hafa farið lækkandi ár frá ári, og hæstv. ráðh. fæst ekki til þess enn að gera annað en slíta út úr einstaka liði í jarðræktarlögunum, en láta framlögin halda áfram að lækka á öllum hinum liðunum. Þetta hefur hæstv. ráðh. orðið að játa með þögninni og kemst ekki fram hjá því.

Ráðh. segir, að ég tali ekki hér í umboði meiri hluta bænda, þegar ég er að gagnrýna þetta. Ég veit ekki, hvar hæstv. ráðh. hefur haldið sig, ef hann hefur ekki orðið þess var, að bændur yfirleitt vilja ekki sætta sig við það, að framlög til þýðingarmestu uppbyggingar í landbúnaðinum fari lækkandi ár frá ári. Þeir benda á, að það er lífsnauðsyn að hækka þessi framlög, og það eru uppi till. um það, sem hæstv. ráðh. fæst ekki til að taka til greina nema að sáralitlu leyti. Og í fyrra vildi hæstv. ráðh. ekki ganga lengra en það að fara með markið í sambandi við smærri túnin upp í 15 ha. Hæstv. ráðh. vildi ekki ganga lengra í fyrra, og það er eingöngu vegna þess, að Framsfl. hefur hamrað á 25 ha. hámarkinu, að ráðh. — mér liggur við að segja dragnast til þess að bæta sig á þessu nú í ár.

Baráttunni verður haldið áfram fyrir þessum málum, og það gengur allt of hægt að fá fram leiðréttingarnar. Og það er alveg óhætt að fullyrða, að ég tala fyllilega í umboði bænda yfirleitt, þegar ég krefst þess, að það verði líka gerðar leiðréttingar á öðrum liðum jarðræktar-

laganna. Og bændur láta sér ekki nægja hártoganir og útúrsnúning hæstv. ráðh. í þessu sambandi.

Ég vil svo segja út af afurðalánunum, að það er auðvitað ekkert annað en hótfyndni hjá hæstv. ráðh., að Seðlabankinn hafi ekki fjármagn til þess að lána út á landbúnaðarafurðir fullkomlega eins og áður. Það var hægt áður að lána 67% út á landbúnaðarafurðir, og fyrirframlánin voru miðuð við þann sama grundvöll. Þetta hefur verið dregið saman, og fyrir bragðið eru margar þær stofnanir, sem eiga að sjá um þýðingarmestu þjónustuna fyrir bændur, mjög lamaðar orðnar og eiga erfitt með að annast þessa þjónustu, t. d. innkaup á rekstrarvörum og annað slíkt, eins og hæstv. ráðh. mætavel veit. Það er auðvitað ekkert annað en fjarstæða að halda því fram, að Seðlabankinn geti ekki nú eins og áður innt þessar skyldur af hendi. Það getur hann fullkomlega. Það þýðir ekkert í því sambandi að vera að koma með þessar kenningar um ofþensluhættu, því að það var rækilega sýnt fram á það hér í sambandi við umr. um Seðlabankann, að dýrtíðarvöxturinn hefur orðið miklu meiri, síðan nýja lánastefnan var tekin upp, heldur en var áður, þannig að því fer alls fjarri, að þessi stefna að draga saman rekstrarlánin til atvinnuveganna hafi haft þau áhrif, sem þeir töldu hana eiga að hafa, sem fyrir henni beittu sér.

En núna er þannig ástatt í þessum efnum, að atvinnuvegirnir bæði til lands og sjávar eru lamaðir af rekstrarfjárskorti, af því að ríkisstj. beitir samdrættinum í lánamálunum. Þeir eru lamaðir af rekstrarfjárskorti og njóta sín ekki. Það hefur áhrif og minnkar framleiðsluna bæði til sjávar og sveita, en ofþenslan heldur áfram eftir sem áður. En það eru bara allt önnur verkefni, sem fjármunirnir eru látnir í, en þau, sem greiða fyrir rekstri framleiðslunnar, — allt önnur verkefni. Samdrátturinn, sem ríkisstj. beitir sér fyrir, kemur fram í því, að undirstöðuatvinnuvegirnir eru lamaðir fyrir féleysi og rekstrarfjárskort, en aðrir geta farið sínu fram. Það sjáum við á því, sem er að gerast í kringum okkur. Og alveg eins er þetta í sambandi við framlögin til uppbyggingar í landbúnaðinum. Þau hafa verið látin dragast saman ár frá ári, einstakir liðir teknir og leiðréttir, þegar búið er að halda uppi harðri baráttu langa hríð, en framlögin í heild látin fara lækkandi, enda þótt ríkissjóður safni stórfé af rekstrar- og greiðsluafgöngum. Hæstv. ráðh. getur ekki borið við fjárskorti, þegar hann vill ekki leiðrétta jarðræktarlögin. Það getur hann ekki, því að það er nægilegt fjármagn til, 160 millj. kr. greiðsluafgangur 1962, stórkostlegur greiðsluafgangur 1963, fyrirsjáanlegar alveg gífurlegar umframtekjur á þessu ári, svo framarlega sem ekki verða einhver stóráföll í atvinnurekstrinum, svo að hæstv. ráðh. getur ekki borið við fjárskorti. Á hverju stendur? Hvers vegna eru þá ekki leiðrétt jarðræktarlögin? Hvers vegna eru þá ekki aukin framlögin til uppbyggingar í sveitunum, ef þessir menn meina eitthvað með því, sem þeir segja um, að þeir vilji vinna að því að stækka stærri búin? Þeir geta ekki borið við fjárskorti í þessu sambandi. Það er ekki hægt.

Að lokum varðandi afurðasölulöggjöfina. Hæstv. ráðh. segist ekki vilja flytja frv., sem Stéttarsambandið hefur beðið hann fyrir. Hann um það. En varðandi flutning á því máli er það alveg fullvíst, að málið verður flutt hér í þinginu, ef stjórn Stéttarsambandsins vill láta flytja það. Mér er sagt, að það hafi verið farið fram á það við landbn. Nd. að flytja það mál. Ég veit ekki, hvort það hefur endanlega verið gert upp í n. eða hvort stjórn Stéttarsambandsins bíður eftir svari þaðan eða ekki. Mér er það ekki kunnugt. En hitt er augljóst mál, að það verður áreiðanlega enginn vandi að fá flm. að því máli, ef stjórn Stéttarsambandsins telur rétt, að það verði flutt í þinginu, þrátt fyrir neitun hæstv. ráðh. um að flytja það. Það er vitanlega mál, sem stjórn Stéttarsambandsins verður að gera upp við sig, því að ég geri ráð fyrir því, að neitun hæstv. ráðh. á því að flytja þetta mál þýði það, að stjórnarflokkarnir séu á móti málinu. Þá verður stjórn Stéttarsambandsins að gera það upp við sig, hvort hún leitar til annarra um flutning á málinu nú eða ekki.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég vil taka það fram, að neitun mín við að flytja frv. það, sem stjórn Stéttarsambandsins hefur beðið mig fyrir, byggist á því, að ég tel, að það sé ekki til bóta að fá það lögfest í heild, eins og það er. Það eru bæði plúsar og mínusar í þessu frv., og ég hef talað alveg hreinskilnislega við stjórn Stéttarsambandsins um þetta. Ég tel það ekki til bóta, ef það á að vera eins og það er úr garði gert. Og það er þess vegna, sem málið hefur ekki verið flutt.

Um vaxtaútreikning hv. 1. þm. Austf. held ég að sé alveg óþarfi að vera að deila. Hann segir, að það sé hallað á bændur núna, þegar reiknað er til útgjalda fyrir bændur 31 þús. í vexti sem kostnaður við búið, en aðeins 8 þús. 1958. Það er aðeins rúml. fjórði partur 1958, sem bændur fengu tekið til greina sem kostnað vegna vaxta, miðað við það, sem núna er. Og ég er dálítið undrandi yfir því, þegar hv. 1. þm. Austf. er að reyna að halda því fram, að þarna hafi komið skekkja í verðgrundvöllinn. Ég held, að allir bændur séu sammála um, að þarna hafi komið stórkostleg leiðrétting, eins og ég benti á áðan, út af hverju sem vextirnir eru komnir, það kemur bóndanum að sama gagni. Og ég vil segja, að það er dálítið hart, að hv. 1. þm. Austf. skuli halda því fram, að verðgrundvöllurinn hafi verið skekktur eða raunverulega versnað fyrir bændur nú síðustu árin, þar sem bændur voru sammála í 6 manna nefnd, sömdu við neytendur í sept. 1962. Ég er alveg viss um það, að fulltrúar bænda í 6 manna nefnd 1962 gerðu samkomulagið af því, að þeir sannfærðust um, að það væri sæmilegt,

enda viðurkennt, að þá fékkst nokkur leiðrétting, 6—7% leiðrétting, og það er einnig viðurkennt, að það fékkst 6—7% viðurkenning s. l. haust, þótt ekki væri samið. Þetta viðurkenna bændur, þótt hv. 1. þm. Austf. vilji ekki við það kannast, og ég undrast það, að hann skuli reyna að gera tilraun til að mótmæla þessu hér, sem bændur út af fyrir sig eru sammála um, þótt þeir viðurkenni það og haldi því fram, að þetta sé ekki nægileg leiðrétting. (**Gripið fram í:** Meinar ráðh. þetta?)

Hv. áheyrandi, Hermóður á Sandi, það gleður mig, að hann skuli vera kominn hér til að hlusta á okkur og til að lesa mína ræðu, sem vitanlega var sjálfsagt að hann fengi að gera til þess að sjá, hvaða ummæli ég hafði um hann, alveg sjálfsagt, og það gleður mig, að hann er kominn hér á áheyrendabekk. En hv. þm. þarf ekki að spyrja að því, hvort ég meini það, að verðgrundvöllur landbúnaðarvara hafi verið leiðréttur s. l. haust og 1962, því að allir útreikningar sanna það. En við Hermóður á Sandi gætum verið sammála um það, að þetta hafi ekki verið nægileg leiðrétting. Við skulum vera sammála um það. En við skulum ekki neita staðreyndunum.

Hv. þm. var að tala um fyrningarafskriftir, að þær hefðu eitthvað versnað. Þetta er ekki rétt, en fyrningarafskriftir eru teknar af of lágri upphæð, 80 þús., það er ég sammála honum um. En hvað var þetta 1958? Voru þetta ekki 30 þús.? Við skulum ekki setja alveg kíkinn fyrir blinda augað, þegar við erum að ræða um þessi mál og gera samanburð. Við getum verið sammála um, að það séu skekkjum í verðlagsgrundvellinum, sem þurfi að leiðrétta. En við getum þá líka verið sammála um, að það hafi verið enn þá meiri skekkjur 1958, þegar bændur fengu enga vexti reiknaða af eigin fé og fyrningarafskriftirnar voru enn þá minni en þær eru nú. Af hverju ekki að viðurkenna það í leiðinni?

Og það er nú alveg vonlaust fyrir hv. 1. þm. Austf. að halda því fram, að það hafi alla tíð verið baráttumál Framsfl. að koma ræktunarmarkinu upp í 25 ha., þegar hv. þm., meðan hann hafði völd, neitaði að setja markið yfir 10 ha. fyrir 6 árum? Það eru ekki nema 6 ár síðan þessi hv. þm. neitaði að setja markið hærra en 10 ha., og það er ekki fyrr en hv. þm. er kominn í stjórnarandstöðu, að hann telur fært að hækka markið. Við skulum vera sammála um það, hv. 1. þm. Austf. og ég, að það er ánægjulegt, að við höfum þó sett þetta mark nú og að því verður keppt að koma túnstærðinni a. m. k. upp í þetta. Og við skulum ekki vera að gera lítið úr því, við skulum vera sammála um það, að þetta sé gott og mikilvægt spor, og ég er sannfærður um það, að við eigum eftir að sjá góðan árangur af því.

Það er ekki ástæða til að fara mörgum fleiri orðum um það, sem hv. þm. sagði. Hann talar um, að það gangi of hægt, það gangi allt of hægt að fá leiðréttingar og framfarir. Ég get verið sammála hv. þm. um það. Það væri æskilegt, að þetta gæti allt gengið betur og hraðar. Það væri vissulega æskilegt, að ræktunin gæti gengið örar og uppbyggingin og efnahagur bænda og annarra landsmanna mætti breytast til batnaðar á örari máta en orðið hefur. En það er ekki við öðru að búast en þetta gangi nokkuð hægt. Aðalatriðið er, að það miði í rétta átt og að við förum heldur hraðar í ár en árið áður. Þá stefnum við rétt.

Um afurðalánin talaði hv. þm. hér áðan og sagði, að það hefði verið lánað 67%, þegar hann var við völd, og það hafi vel verið hægt að gera það og það væri ekkert nema blekking að halda því fram, að nú væri ekki nægilegt fjármagn í Seðlabankanum til þess að halda sama hlutfallinu. En ég vil minna hv. 1. þm. Austf. á það, að þegar hann var í ríkisstjórn, þá var enginn gjaldeyrisvarasjóður til, sem þurfti að tryggja. Nú eru 1350 millj. kr. í gjaldeyrisvarasjóði, og Seðlabankinn þarf að hafa fé, sem er jafnvirði þess, til að tryggja það, að gjaldeyrisvarasjóðurinn eyðist ekki upp. Og erum við nú ekki sammála um, að við eigum að reyna að halda þessum gjaldeyrisvarasjóði við og vera sammála um, að í rauninni hafi Seðlabankinn ekki getað lánað 67%, þegar hann gerði það í tíð fyrrv. stjórnar, vegna þess að þá var enginn gjaldeyrisvarasjóður til, og það sem verra var, það söfnuðust gjaldeyrisskuldir, sem voru svo geigvænlegar, að lengra mátti ekki fara í því efni? Þegar við athugum það, þá ættum við að vera sammála um, að það er ekki hægt að lána 67% úr Seðlabankanum, eins og gert var áður, þótt það hafi verið brýn nauðsyn, en nú er að því unnið að auka afurðalánin til aðalatvinnuveganna, landbúnaðar og sjávarútvegs, og meira að segja um það rætt að taka iðnaðinn þar inn líka. Og við skulum vona, að það megi takast, og við stefnum að því, að afurðalánin geti orðið allt að 90%, svo að bændur geti fengið út á afurðirnar sem fyrst eftir að þær eru lagðar inn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. endaði ræðu sína hér áðan ákaflega skemmtilega, finnst mér. Hann segir, að vinstri stjórnin hafi lánað bændastéttinni miklu meira en hún hafi getað, og þetta kalla ég góðan hug í garð bændanna. Annars ætlaði ég aðeins að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hefði ekki eitthvað misreiknað sig, þegar hann var að tala um hækkunina á landbúnaðarafurðunum. Mig minnir, að hann segði, að þær hefðu hækkað um 77% frá 1958. Er það ekki rétt munað? (**Gripið fram í:** Jú, sauðfjárafurðir.) Nei, hann sagði landbúnaðarafurðir. Á að fara að flokka það í tvennt núna? Ég heyrði ekki, að hæstv. ráðh. flokkaði það neitt, heldur hefðu landbúnaðarafurðirnar hækkað um 77%. Nú stendur í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða frá 1958, að kjötkg er reiknað á 22.20, en s. l. haust 36.10. Mismunurinn er 13.90. Ekki get ég fengið nein 77% út úr þessu og ekki neitt nálægt því. Ég fæ út 62%. Hæstv. ráðh. getur athugað, hvort ég hef reiknað rangt.

Í verðlagsgrundvellinum var mjólk reiknuð á 3.92 kr. haustið 1958, en 6.19 kr. s. l. haust. Ekki fæ ég 77% út úr þessu. Ég fæ ekki einu sinni 60% út úr þessu. (*Gripið fram í.*) Hv. þm. hefur reiknað það 57.91, það munar nú svo litlu. Hvernig getur þá hæstv. ráðh. fengið þessi 77% út. Er það ekki þannig, að hann taki heildartöluna af afurðunum eins og þær eru reiknaðar, en þá er búið að koma inn í dæmið allri aukningu á framleiðslunni, stækkun búanna, og það er ekki venjuleg verðhækkun á vöru. Eða mundi nokkur sjómaður kalla það verðhækkun á fiski, þó að hann kæmi með helmingi fleiri tonn að landi þennan daginn en hinn?

Hæstv. ráðh. talaði um, að byggingarkostnaður mundi hafa hækkað um 50% frá 1958, og það er mjög nálægt sanni. En hann sagði annað. Hann sagði, að vélarnar mundu líka hafa hækkað um 50%. Ég veit ekki betur en algeng dráttarvél hafi kostað fyrir 5 árum kringum 51—53 þús. kr., en ég er búinn að sjá reikning yfir eina núna fyrir 8 dögum, hún kostaði 93 þús. Ég held, að landbúnaðarvélar hafi hækkað um 85—90% a. m. k. En svo komst hann að þeirri niðurstöðu, að því er mér virtist, að ef vélar og byggingar hækki ekki nema um 50% og afurðir bænda hækki t. d. um 50% líka, þá sé allt í himnalagi, þá sé ekki undan neinu að kvarta, — ef hvort tveggja hækkar um jafnmörg prósent, þá þurfi bændurnir ekki að vera að kvarta. En dæmið er ekki svona einfalt. Ég skal nefna eitt til skýringar og fer þá eftir byggingarvísitölunni, sem hæstv. ráðh. nefndi og er rétt. Ef bóndi hefur byggt 300 kinda fjárhús 1958, ætti það að hafa kostað um 255 þús., eftir því sem Teiknistofa landbúnaðarins skýrir frá, en núna 382 þús. Það er 50% hærra. Ef lánin hafa verið 55% bæði þessi ár, þá hefur eigið framlag bóndans verið 115 þús. kr. í þetta fjárhús fyrir 5 árum, en núna 192 þús. kr. Hann varð að leggja fram úr eigin vasa 77 þús. kr. meira en fyrir 5 árum til þess að geta byggt yfir kindurnar sínar. Svona eru nú horfurnar fyrir þá, sem ætla t. d. að fara að búa. Ég skal taka 20 kúa fjós með tilheyrandi byggingum eins og fjárhús. Það mun hafa kostað um 320 þús. fyrir 5 árum, en um 480 þús. núna. Bóndinn þarf að leggja fram 72 þús. kr. meira úr eigin vasa til þess að geta byggt yfir kýrnar.

Hæstv. ráðh. segir, að vextirnir séu ekkert óhagkvæmir bændunum. Hvað hafa þeir hækkað? Ekki um 50%, eins og hæstv. ráðh. sagði, þeir hafa hækkað um 62½%. Þegar 4% hækka upp í 6½%, þá er það 62½%. Hann má til með að reyna að hafa þessar tölur réttar. Bóndinn, sem byggði 20 kúa fjósið sitt, hefur fengið 176 þús. kr. lán fyrir 5 árum og þurfti að borga í vexti, eins og vextirnir voru þá, rúmar 7 þús. kr. En hvað þarf hann að borga núna af láninu í jafnstórt fjós? Af 264 þús. kr. láni, það er 55% af byggingarkostnaðinum, þarf hann að borga núna 17160 kr., eða um 10120 kr. meira, bara í vaxtahækkun af þessu eina fjósi. Ætli saxist ekki eitthvað á afurðaverðið, þegar dæmið er reiknað alveg? Nei, það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að horfurnar fyrir unga menn til að reisa núna bú *eru þannig, að engum óvitlausum manni dettur það í hug*, svo er nú komið.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 18. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég á ekki eftir nema örstutta aths. og ætla að ljúka henni nú og ekki taka fyrir nein ný atriði. En ég vil aðeins segja þetta:

Hæstv. landbrh. komst þannig að orði í síðustu ræðu sinni, að það, sem mestu máli skipti, væri, að það miðaði áfram í landbúnaðarmálunum, og þá á hann vafalaust við líka í landbúnaðarlöggjöfinni. Mín síðustu orð í þessum umr. verða þau, að það, sem er einmitt höfuðatriðið nú, er, að það miðar ekki áfram, heldur hefur hæstv. ráðh. gengið aftur á bak í þessum málum, eins og hefur verið sýnt fram á í þessum umr. Og þetta er kjarni málsins. Það hefur verið gengið aftur á bak undir forustu hæstv. ráðh. í lánamálum landbúnaðarins, þannig að lán til stofnkostnaðar eru stórum dýrari en áður, og í búbót fylgir svo sérstakur skattur til þess að fá þessi hærri lán. Þetta er að ganga aftur á bak, en ekki áfram. Jarðræktarframlög hafa farið lækkandi óðfluga ár frá ári undir forustu þessa hæstv. ráðh. samkv. jarðræktarl., sem ekki er hægt að mótmæla og allir þekkja, sem um þessi mál fjalla. Þannig hefur einnig verið gengið aftur á bak undir forustu þessa hæstv. ráðh. í því, að það hefur verið dregið úr framlögum ríkisins til uppbyggingar í landbúnaðinum. Þetta er ekki að ganga fram, þetta er ekki að sækja fram, þetta er að ganga aftur á bak. Þetta heitir ekki, að málum miði áfram. Og það er alveg sama, hversu lengi hæstv. ráðh. stendur hér og bætir við nýjum vífilengjum um einstök atriði, sem ekki koma þessum meginkjarna við. Í þessum höfuðmálum hefur verið gengið aftur á bak, og m. a. þess vegna er nú ástandið í landbúnaðinum eins og það er. Sem sé þannig, að skrum hæstv. ráðh. um heppilegt ástand í landbúnaðinum hljómar eins og storkun í eyrum þeirra, sem þekkja til þeirra mála.

Það hefur líka miðað aftur á bak um afurðalán landbúnaðarins, sem hæstv. ráðh. hefur orðið að játa, þannig að það hefur verið stórminnkað, sem lánað er út á afurðir bændanna, og það svo, að þau mál eru komin í mjög slæman hnút ofan á allt annað.

Hæstv. ráðh. talaði í því sambandi um gjaldeyrisvarasjóðinn. Heldur hæstv. ráðh., að það auki gjaldeyrisvarasjóðinn að klemma þannig að landbúnaðinum, að landbúnaðarframleiðslan bíði stórkostlegan hnekki? Nei, ég held, að hæstv. ráðherra sé óhætt að gera sér grein fyrir því, að það eflir ekki gjaldeyrisvarasjóðinn að haga þannig rekstrarlánaveitingum til landbúnaðarins. Það verður því að endurskoða það sjónarmið, að það sé einhver

sérstakur búhnykkur vegna gjaldeyrisvarasjóðsins að draga sem allra mest saman rekstrarlán til landbúnaðarins.

Ég skal ekki brjóta af mér við hæstv. forseta og læt því þessa aths. duga. en það undarlega við ástand hæstv. landbrh. og hans málflutning og framkomu er það m. a., að þegar hann hefur stigið 4—5 stór skref aftur á bak, stígur hann eitt lítið skref áfram og segir: Það sjá allir, að ég er að sækja fram, og það er ástæða til að þakka mér fyrir það, — ég er á hraðri framfaraleið, — ég er að sækja fram. — En það, sem skeð hefur, er, að hann var sjálfur kominn aftur á bak langa leið, en steig svo þetta litla skref fram. Þannig er öll framkoma hæstv. landbrh. og allur málflutningur hans, 4—5 stór skref aftur á bak, lítið skref áfram og síðan: Sjáið, ég er í hraðri framsókn: ég er að sækja fram.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur haldið því fram m. a. í umr. um þetta mál, sem hér er á dagskrá, að lánasjóðir landbúnaðarins, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, hafi verið gjaldþrota, þegar núv. stjórn kom til valda. Þetta er ekki rétt. Það er ekki skemmtilegt að þurfa að segja, að ráðh. segi ósatt í þingræðum, en hjá því verður ekki komizt. Þegar athugaðir eru reikningar sjóðanna í árslok 1959 og yfirfærslugjaldinu, sem þá gilti, bætt við þau erlendu lán, sem tekin höfðu verið vegna sjóðanna, kemur fram, að báðir sjóðir, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, áttu þá eignir umfram skuldir. Sá, sem á meiri eignir en skuldum hans nemur, er ekki gjaldþrota. Samanlagðar hreinar eignir sjóðanna í árslok 1959, reiknaðar á þennan hátt, eins og rétt er, námu yfir 40 millj. kr. Ríkisstj. og ýmsir hennar stuðningsmenn hafa oft áður sagt þessa skröksögu um gjaldþrot sjóðanna í ræðu og riti. Oft hefur hún verið rekin ofan í þá, en henni skýtur alltaf upp aftur. E. t. v. eru þeir sjálfir farnir að trúa sínum eigin ósannindum, búnir að fá þetta á heilann, sem svo er nefnt, og þá getur lækningin orðið erfið.

En hvers vegna bjuggu þeir til þessa skröksögu? Eins og kunnugt er, fann núv. ríkisstj. upp á því snemma á sínum valdaferli að leggja sérstakan skatt á eina stétt manna, bændastéttina. Þetta athæfi var óverjandi með öllu, og þegar engar frambærilegar ástæður var hægt að finna til stuðnings ákvörðuninni um aukaskattinn á bændurna, var skröksagan búin til um gjaldþrot sjóðanna. Sagt var, að vegna þess hefði þurft að skattleggja bændur sérstaklega. Þetta eru ljótar aðfarir.

Sagan um gjaldþrot lánasjóða landbúnaðarins, þegar núv. stjórn kom til valda, er skröksaga, og hún heldur áfram að vera það, hve oft sem hún er endurtekin í ráðherraræðum og í blöðum stjórnarflokkanna.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Umr. hafa nú orðið nokkuð langar við þessa 1. umr. um frv. um breyt. á jarðræktarl., og það er náttúrlega ekkert að undra, þegar athugað er, hvernig málflutningur stjórnarandstöðunnar er.

Hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, og ég veit, að allir, sem eru hér í hv. d., hafa heyrt það, að landbúnaðinum hafi miðað aftur á bak síðustu árin. Þetta fullyrti þessi hv. þm. En hvað segja skýrslur, sem landbúnaðinn varða? Hefur verið þrengt þannig að honum, að framleiðslan hafi dregizt saman? Hefur ræktunin dregizt saman? Hafa lán til landbúnaðarins dregizt saman? Það er alveg dæmalaust, að maður, sem hefur setið 30 ár á þingi og lengi verið ráðh., skuli leyfa sér að koma með slíkt fleipur eins og þetta fram hér í hv. Alþingi. Þegar lítið er í landbúnaðarskýrslurnar, hefur framleiðslan aldrei aukizt meira en síðustu 3—4 árin. Þegar litið er í lánaskýrslur Búnaðarbankans, hafa lánveitingar til landbúnaðarins aldrei numið meiru en nú. Og s. l. ár voru lánaðar um 103 millj. kr. til bænda úr stofnlánadeild landbúnaðarins. 1962 námu þessi lán 70 millj. kr. 1961 námu lán úr sjóðum Búnaðarbankans um 50 millj. kr., og var þá mest, miðað við það, sem hefur verið lánað áður á einu ári. Er þetta samdráttur í útlánum eða framkvæmdum, því að ekki er lánað nema út á framkvæmdir?

Hv. þm. talar um, að jarðræktarframlögin dragist saman og það hafi verið stigið spor aftur á bak. En var ekki styrkur til íbúðabygginga hækkaður 1960? Var ekki styrkur til íbúðabygginga og ræktunar hækkaður 1961? Var ekki styrkur til íbúða í sveitum og ræktunar aftur hækkaður 1963? Og eru þessi frv., sem við höfum rætt hér nú í þessari hv. d. um aukningu á jarðræktarframlögum og styrk til hinna minni býla eða þeirra, sem hafa ekki ræktaða 25 ha., eru þau spor aftur á bak? Það skiptir í sjálfu sér litlu máli, hvað hv. 1. þm. Austf. segir um þetta. Það skiptir miklu meira máli, hvað bændurnir sjálfir segja um það og hvaða álit þeir hafa á því. Bændurnir hafa gert sér grein fyrir því, að það hefur aldrei verið stigið stærra spor í ræktunarmálunum en með þessum frv., aldrei. Framlög til landnámsins eru hækkuð með því fyrra frv., sem hér var flutt, um allt að 80%, og framlög samkv. seinna frv. eru næstum því hálfdrættingur við það, sem frv. mþn. var, en ætlazt var til, að væri flutt eitt út af fyrir sig. Þegar þetta er nú athugað, hygg ég, að menn séu ekki í neinum vafa um, að það voru öfugmæli, sem hv. 1. þm. Austf. mælti hér áðan.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. segir, að það sé skröksaga, að búnaðarsjóðirnir hafi verið gjaldþrota. Ég undrast það, að jafnreikningsglöggur maður og þessi maður er skuli fara með slíka staðleysu. Það liggur fyrir samkv. opinberum skýrslum og reikningum, að ræktunarsjóður og byggingarsjóður áttu 31 millj. minna en ekki neitt, þegar gert var upp, — og hvers vegna á þá að vera að þrátta um þetta, úr því að það liggur fyrir samkv. opinberum skýrslum? Hvers

vegna þarf að þrátta um það? Getur það verið rangt? Það getur ekki verið rangt. Og þess vegna getum við sparað okkur öll orð um þetta, að það liggur fyrir útreiknað, að sjóðirnir áttu 31 millj. kr. minna en ekki neitt, og það hafa menn leyft sér að kalla gjaldþrot. Og það verður ekkert annað en gjaldþrot, þótt 1. þm. Norðurl. v. vilji kalla það eitthvað annað.

Nú er hv. 1. þm. Norðurl. v. bókhaldsfróður maður og þess vegna því undarlegra, að hann skuli bera þetta fram. Hvernig stendur á því, að hv. framsóknarmenn leggja sig svo mikið fram að gera allt svart, sem að landbúnaðinum lýtur? Þeir sjá ekkert nema svart og vilja ekki viðurkenna neitt, sem til bóta má verða fyrir landbúnaðinn. Hv. 3. þm. Vestf. sagði hér í gær: Enginn óvitlaus maður lætur sér detta í hug að byrja búskap í sveit. — Þetta er söngurinn, sem er kveðinn af hv. framsóknarmönnum. Þetta er það, sem menn geta næstum á hverjum degi lesið í Tímanum. E. t. v. halda þessir menn, að þeir séu að vinna fyrir landbúnaðinn, þeir séu að tryggja framtíð sveitanna með þessu.

En það er þó virðingarvert, að það er einn hv. þm. í liði framsóknarmanna, sem sagði hér fyrir fáum dögum: „Barlómurinn er mesti bölvaldur landbúnaðarins," — og það er það. Þessi áróður gegn sveitunum er hættulegur, ef tekið væri mark á honum. Með þessum áróðri er stöðugt verið að vinna gegn því, að fólk vilji vera í sveitunum. En sem betur fer er árangur af þessum áróðri framsóknarmanna og skrifum Tímans næsta lítill, því að það er ekki rétt, að fólki hafi fækkað meira nú í sveitunum en áður, fleiri jarðir farið í eyði nú en áður. Miklu fremur má marka það, að nú sé verið að veita viðnám og koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði. Og ég vildi óska þess, að augu framsóknarmanna opnuðust fyrir því og þeir gerðu sér grein fyrir því, að þeir eru að vinna skemmdarverk með þessum barlómi og með því að telja ungum mönnum og eldri trú um, að það sé alls staðar betra að vera en í sveitinni, að allir hafi betri kjör en bændurnir og að jafnvel verkamaðurinn á eyrinni sé öfundsverður, ef kjör hans eru borin saman við kjör bænda. Það er illt verk, sem hér hefur verið unnið, og það er mál til komið, að hv. framsóknarmenn taki sig nú saman og reyni að bæta fyrir þetta og viðurkenni það, sem vel er gert fyrir landbúnaðinn, og standi með þeim, sem að því vilja vinna.

Hv. framsóknarmenn geta ekki bætt fyrir ódugnað sinn í sambandi við landbúnaðinn, meðan þeir höfðu ráð, með því nú að reyna að snúa öllum staðreyndum við. Ég vitnaði í gær í umsagnir ýmissa forustumanna ræktunarmála í landinu, sem voru hér á fundi í síðustu viku. Þeir hafa lesið þessi frv., sem hér er um að ræða. Þeir hafa gert sér grein fyrir því, að þau munu marka tímamót og ræktunin fá nýjan fjörkipp, eftir að þessi frv. hafa verið lögfest.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umr., en umræðan hefur orðið almennar umr. um landbúnaðarmál og svo hefur að vísu orðið um fleiri umr. hér á hv. Alþingi að þessu sinni, jafnvel þó að óskyld mál hafi verið á ferðinni. T. d. henti það á s. l. hausti, að þegar rætt var hér um till. um þjóðhagsáætlun, þá flutti hæstv. viðskmrh. geysilega mikla landbúnaðarræðu, og hún verkaði svo á hæstv. ráðh., að á þeim sama þingfundi kvaddi sér hljóðs hæstv. forsrh. og á næsta þingfundi á eftir hæstv. landbrh. og sáu svo um, að ekki kæmust aðrir að í ræðustólinn þá að ræða það mál, og síðan hefur verið svo vel frá því máli gengið, að það hefur ekki komið hér á dagskrá, nema þá þannig, að það hefur ekki komið til umr. Hins vegar fór hæstv. viðskmrh. út til Noregs, og útvarpið var látið segja frá því, að hann hefði athugað um samstarf við Norðmenn um aðskilnað á þeli og togi í ferð sinni, þar sem áður var nú búið að tilkynna, að hann væri sérstaklega farinn til þess m. a. að flytja þar fyrirlestur um efnahagsmál — og sumir sögðu til þess að kenna Norðmönnum að koma af stað verðbólgu. En landbúnaðarmálin virtust hafa verið það, sem ráðh. átti sérstaklega að hafa athugað, og ýmsum varð á að hugsa, að nú ætti að reyna að bæta fyrir það, sem ofsagt var í ræðu þeirri, sem hann flutti hér í haust.

Nú hefur það farið svo í sambandi við þessi tvö frv., sem hæstv. landbrh. hefur flutt hér á hv. Alþingi, að það hefur orðið til þess, að almennar umr. hafa orðið um landbúnaðarmálin. Nú síðast talaði hæstv. ráðh. um, að það væri barlómur framsóknarmanna, sem mundi hafa mjög slæm áhrif í landbúnaðinum, og þeim væri um það að kenna, ef eitthvað gengi þar úr leið. Ég vil nú minna þennan hæstv. ráðh. á, að það hafa ekki verið forustumenn Framsfl., sem mest hafa haft orð á því, að bændum í landinu þyrfti að fækka. Guðjón, formaður Iðju, er ekki í forustusveit Framsfl., en hann ræddi um þetta fyrir nokkrum árum, að bændunum í landinu þyrfti sérstaklega að fækka. Og hæstv. ráðh. ætti að athuga það, að ráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónas Haralz, hefur einnig haft orð á því, að bændunum í landinu þyrfti að fækka. Og hæstv. viðskmrh. sagði hér í ræðu þeirri frá í haust, sem ég vitnaði til, að nauðsyn bæri til að fækka bændum í landinu til þess að fá vinnukraft þeirra í aðrar atvinnugreinar. Landbúnaðurinn stæði hagþróuninni fyrir þrifum og þess vegna þyrfti að fækka bændum, til þess að hagþróunin yrði eðlileg. Og vill svo hæstv. landbrh. halda því fram, að þetta sé fyrir áróður Framsfl., sem skoðanir þessara manna eru slíkar. Og nú hefur einn af fyrrv. frambjóðendum Sjálfstfl. gengið berserksgang um landið til að prédika það, að raunverulega þyrfti að fækka bændunum niður í 1000, þá væri tala þeirra orðin eins og hún þyrfti raunverulega að vera, og það má hver trúa því, sem trúa vill, að þetta

sé fyrir áróður Framsfl., þessar endurteknu prédikanir sjálfstæðismanna.

Við skulum ekki vera að blekkja okkur neitt með það, að sú staðreynd er því miður til staðar, að það eru meiri erfiðleikar í landbúnaði nú en verið hefur um langt árabil. Og því miður er það svo, að þar eru ýmsar blikur á lofti, hvað sem hæstv. ráðh. kann að segja hér á hv. Alþingi. Og þegar hæstv. ráðh. talar um, að bændur hafi ekki minni tekjur en aðrir menn í landinu, ætti hann að lesa skýrsluna, sem annað stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, birti um tekjur manna í landinu, sem sýndi, að bændastéttin í landinu er tekjulægsta stéttin. Þessum staðreyndum þýðir ekki að mótmæla. Hvað sem hæstv. ráðh. kann að segja hér á Alþingi, verður þeim ekki breytt.

Það er svo sem ástæða til, að það hefur verið margt erfitt fyrir bændastéttina í landinu hin síðari árin, og hefur stjórnarstefnan valdið þar nokkru um. Upphaf þessarar stjórnarstefnu voru brbl., sem Alþfl.-stjórnin setti haustið 1959 með stuðningi Sjálfstfl., og áframhaldið hefur svo verið ýmis atriði, sem má minna á, eins og lækkun afurðalánanna, hærri vextir, styttri lánstími, hlutfallslega minni stuðningur við ræktunina í landinu með óbreyttum jarðræktarlögum o. fl., o. fl. Og það þarf enginn að vera hissa á því, þó að þessi stefna segi til sín, og hún hefur líka gert það. Og hvort sem okkur líkar betur eða verr, er ástandið í landbúnaðarmálunum mjög erfitt og vonandi, að það eigi eftir að breytast verulega á næstu árum, og það verður að breytast til batnaðar, ef vel á að fara.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara að ræða sérstaklega um það, hvernig þessu var varið, eða aðstoð ríkisins á tímabili Framsfl., þó að fullkomin ástæða hefði verið til þess, sérstaklega í sambandi við ræðu hæstv. viðskmrh. á s. l. hausti, en vil þó aðeins víkja nokkuð að lánasjóðum landbúnaðarins, sem hæstv. landbrh. virðist eiga afskaplega erfitt með að átta sig á, hver staða þeirra hefur verið, þegar núv. stjórnarflokkar tóku við stjórn í þessu landi.

Framsfl. fór með landbúnaðarmálin óslitið frá 1947, frá byrjun þess árs til ársloka 1958. Þegar Framsfl. tók við þeim málum í ársbyrjun 1947, var hrein eign búnaðarsjóðanna 11.1 millj. kr. En samkv. reikningi sjóðanna í árslok 1958 var hrein eign þeirra 105 millj. kr. Og það er alveg sama, hvernig hæstv. ráðh. veltir þessu fyrir sér. Þetta er staðreynd, sem ekki verður hægt að mótmæla.

Hæstv. landbrh. talaði um það hér í gær, að hv. 1. þm. Austf. hefði ekki af miklu að státa í sambandi við búnaðarsjóðina eða framkomu sína sem ráðh. gagnvart þeim. En hver er nú ástæðan fyrir því, að búnaðarsjóðirnir juku svo eign sína sem raun ber vitni um á þessu tímabili? Ástæðan er m. a. sú, að af greiðsluafgangi ríkissjóðs fengu ræktunarsjóður, byggingarsjóður sveitanna og veðdeildin 52 millj. kr. á þeim árum, sem hv. 1. þm. Austf. var fjmrh. Þetta var m. a. ástæðan fyrir því, að sjóðunum tókst að safna fé á þessu tímabili. Auk þess voru á þessum árum gerðar ráðstafanir til þess, að sjóðirnir fengju gegnum mótvirðissjóðinn nokkra fjárhæð. Þetta var ástæðan fyrir því, að sjóðirnir juku eignir sínar á þessu tímabili.

Hæstv. ráðh. segir, að gengisbreytingin eða erlendu lántökurnar hafi hins vegar gert það að verkum, að eignir sjóðanna hafi engar verið. Nú hefur hæstv. ráðh. oft og mörgum sinnum verið að því spurður, hvort hann telji, að það hefði verið hyggilegra, að búnaðarsjóðirnir hefðu ekki tekið þessi lán, hvort hann telji, að það hefði verið hyggilegra, að búnaðarsjóðirnir hefðu ekki tekið lán til að endurlána á tímabilinu frá 1947—1958. Ég hygg, að hæstv. ráðh. sé mér sammála um það, að fyrir bændurna og fyrir landbúnaðinn í landinu hafi verið betur farið, að þær framkvæmdir áttu sér stað, sem þá voru gerðar, þótt fyrir lánsfé væri. Það er líka staðreynd, að ríkissjóður bar ábyrgð á öllum lántökum þessara sjóða, og það er líka staðreynd, að það, sem ríkissjóður þurfti að greiða árlega vegna gengisbreytinganna og yfirfærslugjaldsins, er álíka upphæð og greitt er fyrir tvo útgerðarmenn á árinu 1963 í ríkisábyrgðir vegna togarakaupa. Það var ekki meiri fjárhæð árlega en gert er, og þeir mega ganga fram fyrir skjöldu, sem telja það meira virði að hafa átt tvo togara hér í landinu heldur en aðstoð við landbúnaðinn.

Og það, sem hér er um að ræða, er ekkert sérmál landbúnaðarins. Með gengisbreytingunni 1961 skapaðist vandamál, sem ríkisstj., sem stóð fyrir þeim breytingum, varð að leysa gagnvart landbúnaðinum eins og öðrum atvinnuvegum. Í grg., sem fylgdi frv. stjórnarinnar um stofnlánin til landbúnaðarins hér á hv. Alþingi 1961, var gerð sú grein fyrir þessu, að rekstrarhallinn ásamt gengistöpunum til búnaðarsjóðanna væri um 150 millj. kr. Hér á hv. Alþingi fyrir nokkrum dögum voru samþ. lög um aðstoð við atvinnuvegina, sem voru um 150 millj. kr. útgjöld fyrir ríkið. Ríkissjóður var látinn afla sérstakra tekna til að mæta þessu vandamáli atvinnuveganna. En þegar um vandamál, sem snúa að landbúnaðinum, er að ræða, þá eru þau afgreidd með því að kalla þau syndir Framsóknar og ekkert annað. Hæstv. ríkisstj. þarf ekki að taka þetta mál á annan veg en að kenna Framsfl. um það. Það er ekki hennar mál að leysa úr vandamálum, sem skapast gagnvart landbúnaðinum. Og það hefur áður verið á það drepið hér á hv. Alþingi, að í skýrslu Seðlabankans fyrir starfsárið 1961 er skýrt frá því á bls. 19, að í bráðabirgðaákvæðum í l. um Seðlabankann séu þau ákvæði, sem þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í bráðabirgðaákvæðum seðlabankalaganna er fjmrn. heimilað að semja við Seðlabankann um það, að inn á gengisreikning ríkissjóðs, sem varð til vegna gengistaps ríkissjóðs og bankanna 1960, verði greiddar óráðstafaðar innstæður ríkissjóðs vegna mótvirðissjóðs, allt að 62.5 millj. kr., og sérstakar mótvirðissjóðs-

innstæður Framkvæmdabankans, að upphæð 50 millj. kr. Jafnframt taki Seðlabankinn að sér að greiða eftirstöðvar skuldarinnar á gengisreikningnum. Lagaheimild þessi um gengisreikninginn varð að samkomulagi við fjmrn., að notuð yrði í árslok 1961."

Þannig var nú farið að með gengistöpin, sem bankarnir og ríkissjóður urðu fyrir í sambandi við gengisbreytinguna 1960. Hefði nú ekki verið ástæða til, að þá hefði jafnframt verið séð fyrir gengistapi, sem búnaðarsjóðirnir urðu fyrir og ríkissjóður bar ábyrgð á? Það er alveg sama, hvernig með þetta mál er farið. Þetta mál búnaðarsjóðanna er gert að sérstöku máli, sem hæstv. ríkisstj. lætur eins og sér komi ekki við, og það er lagður sérstakur skattur á bændurna í landinu til að mæta þessum gengistöpum. Gengisbreytingarnar eru gerðar vegna atvinnuveganna, og ríkissjóður og Seðlabankinn eru látnir taka á sig gengistöp, sem urðu vegna þessara gengisbreytinga. Í staðinn fyrir það, að þannig átti einnig að fara að gagnvart búnaðarsjóðnum, þá blæs hæstv. landbrh. sig út hér í hverri ræðunni á fætur annarri og óskapast yfir viðskilnaði Framsóknar á þessum búnaðarsjóðum, þegar hann á að gera grein fyrir því, hvernig hann hefur staðið að því að leysa þau vandamál, sem sköpuðust við gengisbreytinguna 1960 og 1961 hjá búnaðarsjóðunum.

Og svo kemur hæstv. ráðh. og segir: Ekki var nú hæstv. fyrrv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, að sjá fyrir þessum þætti í fjárlagafrv. fyrir árið 1959, vegna yfirfærslugjaldsins, sem þá var á fallið. — Hvað var mikið á fallið til útborgunar vegna yfirfærslugjaldsins í árslok 1958? Það var 1.9 millj. kr. Hæstv. landbrh. veit vel, að hv. 1. þm. Austf. gekk ekki frá fjárlagaafgreiðslunni fyrir árið 1959 og hefði þess vegna getað gert þar ýmsar breytingar, ef hann hefði stjórn á fjármálunum áfram, eins og hæstv. núv. landbrh. lét gera breytingar á áætlun til raforkumála á þinginu í haust, en það var ekki í fjárlagafrv., þegar það var lagt fram. Og þessi hæstv. ráðh. veit það ósköp vel, að margar brtt. bera ráðh. fram í hinum stærri málum, meðan fjárlfrv. er í meðferð Alþingis. Þess vegna segir þetta enga sögu, og það er staðreynd, að sú ríkisstj., sem stóð fyrir gengisbreytingunni 1960 og 1961, átti að leysa þennan þátt vandamálsins, sem skapaðist við þá breytingu, og getur engum um kennt. Hitt er svo annað mál, að hér erum við að ræða um stórmál. Ég er sannfærður um, að það er fátt, sem hefur jafnmikil áhrif í landbúnaðarmálunum núna og uppbyggingin, og ég er líka sannfærður um það, að framtíð landbúnaðarins verður ekki tryggð á eðlilegan hátt, nema okkur takist að leysa betur uppbyggingarþáttinn en enn er.

Í öllum þeim umr., sem hér hafa farið fram á hv. Alþingi um landbúnaðarmál, og meira að segja í hinni frægu ræðu hæstv. viðskmrh., er það niðurstaðan, að landbúnað verðum við að hafa og við getum ekki reiknað með því að flytja inn landbúnaðarvörur. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að landbúnaðurinn á ekki eðlilega framtíð í þessu landi frekar en aðrar atvinnugreinar, ef fólk, sem landbúnað stundar, lifir ekki við sambærileg kjör og annað fólk. Til þess að það megi verða, eru það þrjú meginatriði, sem við verðum að hafa hugföst. Það er í fyrsta lagi verðlag á landbúnaðarafurðum. En ég er sannfærður um, að við getum aldrei leyst þann þátt, að fólk, sem landbúnað stundar, njóti sambærilegra kjara eftir verðlagsleiðinni einni. Þess vegna verða bein afskipti ríkissjóðs að koma þar til. Ég er sannfærður um, að við eigum meira og minna að fara inn á það, að ríkissjóður styrki með beinum framlögum ræktunina í landinu, enda er ræktunin í landinu ekkert sérmál bændastéttarinnar. Það er skylda hverrar þjóðar að rækta sitt land, og við eigum að ganga lengra í því en við höfum gert að rækta landið og styðja þá, sem að ræktuninni vinna. Og þriðji höfuðþátturinn er aðstoðin við uppbygginguna.

Hvað sem hæstv. landbrh. segir, er það staðreynd, að þeir, sem nú standa í uppbyggingunni, verða að leggja fram fleiri krónur en nokkru sinni fyrr með hærri vöxtum í þann hluta af uppbyggingunni, sem stofnlánin ná ekki til, auk þess sem það er líka staðreynd, að vextirnir á lánum stofnlánadeildarinnar til uppbyggingarinnar núna eru allt of háir. Ég er því sannfærður um, að það, sem verða okkar verkefni í byggingarmálum landbúnaðarins á næstunni, eru hlutfallslega hærri lán og lengri lán og lægri vextir. Enda er það staðreynd, að þessi þáttur er ekkert sérmál landbúnaðarfólksins, heldur þjóðarinnar allrar. Því betur sem við búum að landbúnaðinum, því öruggari framleiðslu og því ódýrari framleiðslu fáum við. Þess vegna eigum við ekki að horfa á þessi landbúnaðarmál sem sérmál landbúnaðarins, heldur málefni þjóðarinnar í heild, og þess vegna eigum við ekki, þegar við gerum ráðstafanir í efnahagsmálum, að láta þá landbúnaðinn taka á sig skakkaföll vegna aðstoðar við aðra atvinnuvegi, eins og gert var með gengisbreytingunum 1960 og 1961.

Fram undan eru mikil og stór verkefni í landbúnaðinum, og það verður að búa þannig að þessari atvinnugrein, að fólkið, sem þá atvinnu stundar, búi við sambærileg kjör og annað fólk í landinu og atvinnugreinin verði örugg og hagkvæm fyrir þjóðina í heild.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er ekkert gaman með hæstv. landbrh. Hann heldur enn áfram að segja skröksöguna sína um það, að lánasjóðir landbúnaðarins hafi verið gjaldþrota, þegar núv. stjórn tók við. Þetta er auðvitað atriði, sem ekki á að þurfa að deila um, því að reikningar Búnaðarbankans og sjóðanna eru birtir ár hvert, og þeir eru meira að segja prentaðir í Stjórnartíðindunum. Það er hægt að lesa þá í Stjórnartíðindunum, sem eru hér á skrifstofunni. Reikningar ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sýna, að í árslok 1959 var samanlagður höfuðstóll sjóðanna, þ. e. a. s.

hreinar eignir, 100 998 524.06 kr. Frá þessu er rétt að draga yfirfærslugjaldið, sem þá var í gildi, af þeim hluta af skuldum sjóðanna, sem reiknaðar voru í erlendri mynt. Og þegar það er gert, eru samt eftir af hinni hreinu eign sjóðanna eða höfuðstólnum um þessi áramót, 1959—1960, rúmar 40 millj. samtals, eins og ég sagði áðan. Nákvæmlega eru það 41 636 - 506.26 kr. Þetta var hrein eign sjóðanna samanlögð í árslok 1959, samkv. reikningum Búnaðarbankans. Svo kom núv. stjórn til skjalanna, og eftir að hún var búin að ráðskast hér í eitt ár, 1960, og framkvæma sína stórkostlegu gengislækkun, var þó hagur þessara sjóða ekki verri en það í árslok 1960, að þegar þeir voru teknir báðir saman, var ekki eignahallinn hjá þeim nema tæplega 2½ millj. kr. Hann var nú ekki lakari en þetta eftir allt, sem yfir þá hafði dunið af völdum þessarar ríkisstj. á hennar fyrsta ári. Um þessi mál á ekki að þurfa að deila, eins og ég sagði. Reikningar sjóðanna eru birtir opinberlega, og þar er hægt að sjá þetta, hvað sem hæstv. ráðh. segir um einhverjar skýrslur, sem sýni allt annað.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem síðasti hv. ræðumaður sagði hér áðan, vil ég taka undir það, að vegna þess að skýrslur staðfesta, hvernig hagur sjóðanna var, þá er óþarfi, að við séum hér að fjölyrða um það. Það eru reyndar 33.6 millj. kr., sem sjóðirnir áttu minna en ekki neitt, þegar búið var að reikna með öllum skuldum sjóðanna og þegar vinstri krónan var reiknuð rétt út. Það er þetta, sem liggur alveg skjalfest fyrir, og þess vegna þurfum við ekki að eyða fleiri orðum um það, — 33.6 millj. í staðinn fyrir 31, sem ég sagði áðan.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. á í vök að verjast út af gjaldþrotinu. Það verður erfitt að sanna þetta gjaldþrot. En hvað ætli margir viðreisnarhöfðingjar hafi nú gefið sig upp sem gjaldþrota, sem áttu 40 millj. umfram skuldir í seinni tíð? Ég er hræddur um, að þeir séu ekki margir. En þeim er alveg lífsnauðsyn, viðreisnarmönnum, að reyna að koma þessu inn í höfuðið á fólki, að þeir hafi verið gjaldþrota, sjóðirnir. Hann sagði líka annað í gær, gengið hafi verið fellt 1958. Ég veit ekki til þess, að skráning á erlendum gjaldeyri hafi nokkru sinni verið breytt á árinu 1958. Það var lagt á yfirfærslugjald, en það er ekki gengisbreyting. Hvað ætli það sé á móti öllum sölusköttunum hjá þessari stjórn? Hæstv. ráðh. lítur víst svo á, að ef einhverjir skattar eða álögur eða innflutningsgjöld valda verðhækkun á vörum, þá sé það gengislækkun. Við skulum láta það heita svo. Hvað hefur þá núv. stjórn fellt oft gengið? Það fer fram skráning á verðlagi í landinu einu sinni í mánuði allt árið. Mér sýnist þá, að viðreisnarstjórnin sé búin að fella gengið 48 sinnum á 4 árum. Það er hvorki meira né minna.

Hæstv. ráðh. segir, að það hafi verið lánað meira nú til landbúnaðarins í krónum en áður, og hann nefndi tölur. En ég tók eftir því, að hann nefndi tölurnar ekki nema fyrir 3 ár. Hann nefndi árin 1961, 1962 og 1963. Af hverju nefndi hann ekki hin árin? Ekki vitum við neitt um þau, nema þá að fletta því upp. Það er aumi samanburðurinn.

Hæstv. ráðh. segir, að styrkur til íbúðarhúsa hafi verið hækkaður, og það er rétt. Mig minnir, að hann væri 25 þús. kr., þegar stjórnin tók við. Og hann mun vera kominn upp í 50—60 þús. núna, — ráðgerður 60 þús., hann er víst ekki kominn nema upp í 50. En þetta er 25 þús. kr. hækkun. Það er rétt, að lánin munu hafa verið hækkuð úr 75 þús. kr. upp í 150. Við skulum segja, að þarna sé 100 þús. kr. hækkun. En hvað hafa íbúðarhúsin hækkað hjá bændunum á meðan? Hvað græddu þeir á viðreisninni að fá þetta í staðinn fyrir verðhækkunina? Samkv. skýrslum hagstofunnar kostar íbúðarhús af lítilli gerð, sem nú er byggt í sveitum, um 675 þús. kr. og hefur hækkað um þessi 50%, sem hæstv. ráðh. talaði um í gær og er rétt. M. ö. o.: verðlagið á húsinu hefur þá hækkað nokkuð yfir 200 þús. kr. Hækkunin á lánunum og hækkunin á styrknum er ekki nálægt því á móti hækkuninni á íbúðarhúsinu.

Ég ætla að endurtaka það, sem ég sagði í gær, að það er ekkert vit í því að fara að byrja búskap, eins og nú standa sakir. Þetta þykir hæstv. ráðh. hart og segir, að með þessu sé verið að beita áróðri gegn sveitunum, hættulegum áróðri, framsóknarmenn séu að spilla fyrir sveitunum, spilla fyrir landbúnaðinum, að segja hlutina svona. Hvað gera bændurnir sjálfir? Hvað hefur Stéttarsambandið gert? Hvað hefur búnaðarþing gert? Hvað hafa bændafundir um allt land gert? Ég held, að þeir hafi sagt frá ástandinu eins og það er. Eru nú bændurnir farnir að beita áróðri gegn sjálfum sér? Það er alveg hroðalegt að heyra þetta, þeir skuli segja sömu hlutina og við. Þeir eru þá að beita áróðri gegn sér, vinna gegn sveitunum, tæma sveitirnar. Þetta eru bændurnir sjálfir að gera. Það er trúleg saga þetta! Hitt skil ég vel, að hæstv. ríkisstj. kæmi betur, að það væri þagað yfir þessu og væri ekkert verið að segja frá því, hvernig ástatt er orðið fyrir þeim, sem hugsa til að fara að hefja búskap í sveit. Annars er þetta ekki nema reikningsdæmi, hvort það er betra að búa í sveit núna en var t. d. fyrir 5 árum.

Nú liggur hér fyrir frv., þar sem m. a. er lagt til, að hækkaður verði styrkur allt upp í 25 ha. af ræktuðu landi. Ég lít þannig á, að þetta sé þá hugmyndin, að bændur geti haft allt að því 25 ha. tún og þá að sjálfsögðu bústofn í samræmi við það. Slíkur bóndi þyrfti þá t. d. að vera með 15 kýr og í kringum 200 fjár, ef það á að vera í samræmi við þetta tún. Og ef bóndi ætlar að fara að búa í sveit, verður hann að gera sér grein fyrir, hvað þetta muni kosta. Það er óhjákvæmilegt, ef við viljum vita, hvort það er betra að búa núna en var

fyrir 5 árum, þá verðum við líka að setja dæmið upp eins og það var þá. Samkv. skýrslum, sem fyrir liggja og ekki eru vefengdar, mundi þetta 15 kúa fjós kosta um 360 þús. kr., 200 kinda fjárhús með tilheyrandi fóður- og áburðargeymslum um 260 þús. kr. Áhaldahús þarf á sveitabæ, ekki má láta vélarnar standa úti. Það er lágt reiknað að segja, að það kosti um 90 þús. eftir þeim upplýsingum að dæma, sem ég fékk frá Teiknistofu landbúnaðarins. Svo eru það vélarnar. Það er útilokað að fá viðunandi vélar á sveitaheimili fyrir minna en um 280 þús. núna, þar sem traktorinn einn með sláttuvél kostar upp undir 110—120 þús. kr., og er þá engin bifreið, enginn jeppi talinn þar með. En það þarf meira. Það þarf sjálfa ræktunina. Og við skulum hugsa okkur, að ríkið væri farið að rækta helming, bera kostnaðinn að hálfu. Hvað mundi nú 25 ha. ræktun kosta? Eftir því sem mér er tjáð af landnámsstjóra, kostar núna mjög nálægt 13 þús. kr. að rækta ha., áætlað fyrir árið 1963. Hálfur kostnaðurinn við að rækta 25 ha. yrði þá um 160 þús. kr. Svo er eftir bústofninn, þessar 15 kýr og 200 kindur, og eftir því sem ég get bezt reiknað og fengið upplýsingar um, er þetta ekki undir 270 þús. kr. Þetta er þá stofnkostnaðurinn fyrir unga manninn, sem langar til að fara að búa í sveit, eða til samans 1 millj. 420 þús., og er þá íbúðarhúsið ekki talið með. Það er glæsilegt, — eða hitt þó heldur. En þetta hefði kostað fyrir 5 árum, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, um 900 þús. Hækkunin ein losar hálfa milljón.

Hvað reikna á í vexti af þessum stofnkostnaði, skal ég ekkert segja um. En jafnvel þó að maður reiknaði ekki nema 6½%, eins og nú er á landbúnaðarlánunum, þó að maður reiknaði ekki meira, eru vextirnir einir af stofnkostnaðinum yfir 90 þús. á ári. Hvernig sem þetta er reiknað, er það vonlaust fyrir nokkurn mann að ætla að láta bú bera sig með þessum stofnkostnaði og þeim lánakjörum, sem bændur hafa nú, þegar eitt sveitabú — þó ekki stærra en þetta samsvarar, 25 ha. af landi og tilheyrandi bústofn með því, kostar með íbúðarhúsinu a. m. k. um 2 millj. kr. Og þá kemur spurningin: Hvar á bóndinn, t. d. ungur maður, sparsamur og myndarmaður að taka eigið framlag í þetta bú? Hvar á hann að taka það? Við skulum segja, að hann fái öll þau lán, sem nú er hægt að fá. Mér telst svo til, að það sé innan við hálfa millj., sem hann geti fengið lánað. Hann fær ekkert út á bústofninn. Hann fær einar 30 þús. út á allar vélarnar sínar, þ. e. út á einn traktor. Og eftir því sem ég veit bezt, geta þessi lán ekki orðið mikið yfir hálfa millj. Hvaðan á þá hitt að koma? Hvaðan á milljónin að koma? Frá manninum sjálfum víst! Og þá er eftir íbúðarhúsið, en í það verður hann að leggja frá sjálfum sér a. m. k. 400 þús. Það þarf ekki að reikna dæmið lengra, það er vonlaust að reka bú með þessum kjörum. Það er ekki áróður gegn sveitunum, þegar barizt er fyrir því, að bændastéttin í landinu fái bætt þessi kjör. Og út af því ákvæði frv., að styrkurinn skuli vera jafn út á ræktunina, allt upp í 25 ha., hefði ég talið hollara að hafa styrkinn meiri til fyrstu 10—15 ha., svo að það væru meiri líkur til þess, að bóndinn geti einhvern tíma komizt upp í þetta mark, því að það er ekkert gagn í að fá styrk upp í 25 ha., ef maðurinn hefur ekki fjárhagslega möguleika til að rækta 10. (Gripið fram í.) Ja, það getur verið, að viðreisnin meini það, hlaupi yfir þessar 10 og hafi það svo aldrei nema 15.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 20. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 2. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 236, n. 308 og 312, 309).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á jarðræktarlögunum var flutt af hæstv. ríkisstj. samhliða frv. um breyt. á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins. Landbn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, en varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Við í meiri hl. leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., sem var að vísu ekki á móti frv. sem slíku, kvaðst mundu bera fram brtt. og skila séráliti.

Með frv. um breyt. á stofnlánadeildarlögunum, sem var verið að afgreiða hér áðan úr þessari hv. d., er lagt til, að aukinn verði mjög styrkur hins opinbera við ræktunina. Ég tel, að með því frv. sé stigið mjög heillavænlegt spor, því að aukin ræktun landsins er vissulega ein meginundirstaða undir því, að hér megi reka blómlegan landbúnað. Með þessu frv., sem hér er til 2. umr., er einnig lagt til, að aukinn verði styrkur við ræktunina með því að taka það nýmæli inn í jarðræktarlögin að greiða styrk vegna plógræsa með 20 aura grunngjaldi á lengdarmetra, sem verður með vísitöluálagi 6.118 rúml. 1.20 kr. Þessi plógræsi er nú farið að vinna með stórvirkum tækjum og sú reynsla þegar fengin, að með þessari ræsagerð megi flýta mjög fyrir framræslunni, og jafnvel er þess vænzt, að plógræsin geti gert framræsluna talsvert ódýrari en hún er nú, m. a. vegna þess, að þá þurfi ekki að grafa jafnmikið af opnum skurðum, til þess að hægt sé að fullþurrka landið. Þá miða einnig ákvæði 3. gr. þessa frv. að því að efla og styrkja ræktunina, þar sem lagt er til, að hækkaður verði styrkur til þeirra jarða, sem hafa minni ræktun en 25 ha., og er þetta ákvæði í samræmi við breyt. á stofnlánadeildarl., og með þessu er þá gert ráð fyrir, að allar jarðir, einnig gömul býli, sem hafa minna en 25 ha. tún, njóti sama styrks, sem

verður samkv. þessum frv. 5000—5500 kr. á hvern ræktaðan ha.

Við erum víst allir sammála um, að það ber að auka ræktun lands okkar og styðja þær framkvæmdir með fjárframlögum úr ríkissjóði. En það er þó ekki nóg að rækta, það þarf einnig að tryggja, eftir því sem kostur er, að uppskeran af hinu ræktaða landi nýtist sem bezt. Reynslan hefur sýnt, að súgþurrkunin er mjög mikilvægur þáttur í því að tryggja, að bændur geti haft gott og óhrakið fóður fyrir búfénað sinn. Því er það, að með þessu frv. er lagt til, að styrkur á súgþurrkunarkerfi í heyhlöðum verði hækkaður verulega, eða úr 5 kr., eins og hann er nú að grunngjaldi, í 12 kr. Og sé fasttengdur blásari við súgþurrkunarkerfið, gerir frv. ráð fyrir, að styrkurinn verði 18 kr. að grunngjaldi. Með því vísitöluálagi, sem ég nefndi áðan, 6.118, á það er hér um mikla hækkun að ræða, og þess er að vænta, að með svo hárri styrkveitingu til þessara framkvæmda geti flestir — ég vil vona allir bændur komið sér upp súgþurrkun í þurrheyshlöðum sínum og þannig að verulegu ráði tryggt sig gegn rosanum, eins og stundum er sagt, og fengið viðhlítandi arð af dýrum ræktunarframkvæmdum og miklum og kostnaðarsömum áburðarkaupum.

Hv. minni hl. landbn. ber fram allmargar brtt. við frv. á þskj. 309. Allar miða þessar brtt. minni hl. að hækkun styrkja samkv. jarðræktarlögunum. Við getum víst verið sammála um, að það væri æskilegt, ef hægt væri að hækka ýmsa styrki. Meiri hl. getur þó ekki mælt með samþykkt brtt. minni hl. að þessu sinni. Það hefur aldrei verið svo, að hægt hafi verið að fá allt í þessum efnum í einu, og það er ekki hægt fremur nú. En með þessu frv. og frv. um breyt. á stofnlánadeildarlögunum er stigið stærra spor í einu í stuðningi við ræktunarmálin en áður hefur verið stigið — mér er nær að halda allt frá því að jarðræktarlögin voru sett árið 1923.

Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í hv. d., urðu um það talsverðar umræður og um landbúnaðarmálin í heild. Ég ætla ekki að þessu sinni að fitja upp á þeim umr. á ný, ég læt þessi örfáu orð nægja fyrir hönd okkar í meiri hl., enda þarf ekki að hafa um frv. mörg orð, það er einfalt og skýrt.

Matthías Ingibergsson: Herra forseti. Það hefur komið í minn hlut að hafa framsögu fyrir brtt. og nál. minni hl. landbn., þeirra Ágústs Þorvaldssonar og Björns Pálssonar, vegna fjarveru Ágústs Þorvaldssonar um stundarsakir.

Eins og frsm. meiri hl. landbn. gat hér um áðan, eru það nokkrar brtt., sem hér eru bornar fram. Þær brtt. eru á þskj. 309, og nál. minni hl., sem er á þskj. 312, er að vísu undirritað eingöngu af Ágústi Þorvaldssyni, en það er vegna brottfarar Björns Pálssonar, er frá þessu var gengið, en það er sameiginlegt álit þeirra beggja engu að síður.

Frv., eins og það hefur verið borið hér fram, er að áliti minni hl. til bóta, en hins vegar litur hann svo á, að það gangi allt of skammt. Í rauninni hefði þurft að leggja fram frv. til nýrra jarðræktarlaga, sem hefðu byggzt á heildarendurskoðun þeirra. En að þessu sinni er lagt fram frv. til breyt á jarðræktarlögunum og teknir þar út úr nokkrir liðir þeirra laga og gerðar till. um breyt. á þeim.

Í þessu frv. er í rauninni ekki um nema eitt nýmæli að ræða, það, sem fjallar um plógræsi. Miklar vonir eru bundnar við þessa nýju tækni, og vonandi munu þær rætast, en hins vegar er margt annað í sambandi við ræktun og skipulagningartækni þeirra mála, sem gjarnan hefði mátt koma að. Í sambandi við framlög til ræktunar veldur það miklum erfiðleikum, að þau eru bundin fastri krónutölu, en hins vegar vex kostnaðurinn stöðugt vegna verðbólgunnar, og þessi framlög greiða því sífellt minni hluta kostnaðarins, eftir því sem tíminn líður og verðbólgan eykst.

Það er skoðun minni hl. landbn., að miklu heilbrigðara sé að koma þessu þannig fyrir, að framlögin verði ekki bundin tiltekinni krónutölu, heldur við tiltekinn hundraðshluta af kostnaði, eins og hann er áætlaður og útreiknaður af sérfræðingum landbúnaðarins. Þessi stöðuga rýrnun á framlögunum vegna dýrtíðarinnar hefur ekki komið að verulegri sök í sambandi við túnræktina, vegna þess að ha.-fjöldi hefur verið aukinn, fyrst úr 10 ha. upp í 15 og síðan úr 15 ha. upp í 25, og er það til mikilla bóta. En að því er varðar annað, er fylgir jarðrækt og nýtingu fóðursins, sem jörðin gefur af sér, eru ákvæði frv. ófullnægjandi. Þar er einkum um að ræða byggingar, girðingar, geymslur, bæði votheys, garðávaxta, og svo súgþurrkunarkerfin, safnþrær og áburðargeymslur. Í frv. er veruleg aukning á framlögum til súgþurrkunarkerfanna, og er það mikið til bóta, enda þótt það gangi of skammt.

Í sambandi við þessar till. um það, hver framlögin skuli vera, kom það fram hjá frsm., að það væri æskilegt, að þau gætu verið hærri, en því miður væri ekki hægt að fá allt, sem menn óskuðu sér, og meira en þetta væri ekki hægt að fá. Þetta heyrist oft í sambandi við framlög hins opinbera til verklegra framkvæmda, en ég held, að það sé nokkuð erfitt fyrir aðra en þá sérfræðinga að kveða upp úr um það, hvað sé hægt í þessum efnum, að þarna sé þröskuldurinn og markið, lengra verði ekki farið og við þetta verði að binda sig. Ég hef a. m. k. ekki heyrt nein rök um það, sem frambærileg eru, að þessar tölur séu það eina, sem hægt er, og ekki meira. Hafi Alþ. á sínum tíma komið sér saman um, að framlögin skyldu greiða svo og svo mikinn hluta af kostnaði við ræktun, þá þætti mér ekki óeðlilegt, að sá hundraðshluti væri a. m. k. ekki lækkaður. En miðað við það, að landbúnaðurinn þarf stöðugt að skila meiri afurðum til þjóðfélagsins, fjölbreyttari, bæði vegna stöðugrar og mikillar fólksfjölgunar og vegna aukinna krafna fólksins og fjölbreytni í mataræði, þá þarf hann stöðugt meiri tækni í sína þjónustu og meiri fjárfestingu. Og öll sú tækni kemur því að-

eins að notum, að jörðin sé ræktuð og tæknilegt skipulag í því sambandi sé sem fullkomnast. Þess vegna hlýtur krafan í dag að vera sú, að framlög til þessara mála minnki ekki miðað við hundraðshluta kostnaðarins, heldur a. m. k. standi í stað, en þó fremur aukist.

Með hverju ári sem líður vex mjög þörfin fyrir leiðbeiningarstörf kunnáttumanna í hin um ýmsu greinum landbúnaðarins. Búnaðarsamböndin, sem nú bera verulegan kostnað í þessu sambandi við störf héraðsráðunauta, bæði hluta kaups þeirra og ferðakostnaðar, eru ekki fær um að standa undir þeim útgjöldum, hvað þá að auka þau með fjölgun ráðunauta, sem þó væri hin mesta þörf. Minni hl. telur nauðsynlegt að taka tillit til þessa ástands og leggur til, að hækkaður verði hluti ríkisins af kostnaði við laun og ferðir héraðsráðunauta. Það eru sífellt auknar kröfur í landbúnaðinum um að auka vísindalegar athuganir, leiðbeiningar sérfróðra manna, og það er spor aftur á bak, ef ekki er hægt að mæta bændunum í þessu tilliti og styðja ráðunautastörfin meira en nú er. Á því er mikil nauðsyn, að verkleg þekking, vísindaleg þekking á verklegri tæki og rannsóknir á jarðvegi og rannsóknir á fóðurgildi og auknu fóðurgildi þess grass, sem við getum ræktað hér með góðu móti, komi landbúnaðinum til hagsbóta, og það verður aðeins með því móti, að ráðunautastörfin verði ekki minnkuð frá því, sem nú er, heldur aukin. En eins og fjárhagsafkomu búnaðarsambandanna er háttað, er útilokað, að þau taki þetta á sig umfram það, sem þau gera nú. Þvert á móti þarf að styðja þau við þessi atriði eftir föngum, og telur minni hl. landbn. nauðsynlegt að taka tillit til þessa og að hluti ríkisins af kostnaði við laun og ferðir héraðsráðunauta verði aukinn.

Sjálfsagt er að viðurkenna, að hið nýja framlag, sem með frv. er ákveðið til plógræsa, er þýðingarmikið og mun hjálpa verulega til við þurrkun landsins, en þetta þarf að ganga miklu lengra, því að það er mjög áríðandi, að þurrkun mýrlendisins gangi sem hraðast og verði sem víðtækust vegna mjög aukinnar þarfar á auknu beitilandi. Ekki er með frv. gert ráð fyrir hækkuðu framlagi til annarrar framræslu en plógræsanna, en þau eiga að fá, að því er virðist, um 60% af kostnaði. Minni hl. telur, að framlag til hvers konar framræslu og annarra framkvæmda, sem framlagsskyldar eru, eigi að verða ákveðinn hluti af kostnaðinum, eins og ég hef áður getið um, og sé kostnaður við hverja tegund framkvæmdanna árlega metinn af sérfræðingum landbúnaðarins, og ætti það að tryggja það, að ríkisstj. geti gert áætlanir, sem hún þarf að gera hvað þessu viðvíkur í sambandi við útgjöld ríkissjóðs. Lagt er til, að framlagið til framræslu, bæði opinna skurða og hvers konar lokaðra ræsa, verði 75% af kostnaði.

Þá vill minni hl., að framlag til frumvinnslu lands til túnræktar verði hækkað, og leggur til, að það verði 25% af kostnaði, en nú mun þetta nema um 10%, og að það verði látið ná einnig til frumvinnslu vegna grænfóðurs og kornræktar, því að slík fóðuröflun er jafnþýðingarmikil og taðan.

Án girðingar kemur ræktunin ekki að gagni, en slíkar framkvæmdir eru kostnaðarsamar, og mun núverandi framlag til þeirra ekki vera nema um 11% af verði girðinganna. Minni hl. leggur til, að þetta framlag hækki og verði 25%.

Framlag þurrheyshlöðubygginga, sem eru mjög dýrar framkvæmdir, er svo lágt, að litlu máli skiptir fyrir þá, sem slíkar framkvæmdir gera, hvort þeir fá það eða ekki, en það mun vera sem næst 2.3% af kostnaði. Í till. minni hl. er gert ráð fyrir, að það verði 15%.

Bændur hafa mjög verið hvattir til að koma upp votheysgeymslum til að auka öryggi í heyverkuninni. Þær hvatningar stafa m. a. af okkar ótrygga veðurfari, og þarf ekki að lýsa því hér. Framlag til þeirra er mjög lágt, eða um 8.5% af kostnaðarverði. Er í till minni hl. gert ráð fyrir allriflegu framlagi, 25% af kostnaði, og mætti þá gera ráð fyrir örum framkvæmdum af þessu tagi, en aukin votheysgerð er mjög aðkallandi og þýðingarmikill þáttur til að efla afkomu bændanna.

Þá leggur minni hl. einnig til að hækka verulega framlag til áburðargeymslna, fyrir safnþrær, áburðarhús, haugstæði og kjallara, og það verði 25% af kostnaðarverði slíkra bygginga, enn fremur, að framlag til garðávaxtageymslna, sem nú mun vera um 8.5%, verði 15%.

Í frv. er framlag til súgþurrkunarinnar hækkað allmikið, eins og ég hef áður getið um, og er það góð ráðstöfun, svo langt sem hún nær. Minni hl. vill þó ganga lengra og hafa þetta ákveðinn hl. af kostnaði og leggur til, að það verði um 40%.

Eins og ég gat um í upphafi, er margt í þessu frv., sem er til bóta, og reyndar er það allt til bóta að dómi minni hl. landbn., en hins vegar gangi það allt of skammt, bæði að því leyti, að þurft hefði að taka heildarendurskoðun jarðræktarlaganna fyrir nú, það hefur dregizt of lengi og er mál til komið, og enn fremur, að þau atriði, sem hér hafa þó verið tekin fyrir, gangi of skammt. Er það von minni hl., að hv. alþm. geti fallizt á það, að ekki beri að hverfa frá því, að framlögin greiði a. m. k. þann hundraðshluta af kostnaðarverði, sem áður var greiddur, eða þegar jarðræktarlögin voru upphaflega sett, og reyndar stærri af þeim ástæðum, sem ég hef áður greint.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 309,1 felld með 18:18 atkv.

— 309,2 felld með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KTh, MI, ÓskJ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, IG, JSk, LJós, RA, SE, SkG.
nei: BGr, BF, BBen, DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, AJ, PS, SÁ, SI, SvJ, SB.
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 236, 359).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. flytur á þskj. 359 brtt. við jarðræktarlagafrv. um, að 1. gr. frv. orðist eins og þar segir. Þessi brtt. er flutt samkv. ábendingu og að tilmælum stjórnar vélasjóðs. Í jarðræktarlögunum segir, að styrkhæfur rekstrarkostnaður við skurðgröft skuli ákveðinn og samþykktur af stjórnendum vélasjóðs. Það mun hafa verið svo yfirleitt, að skurðgröfturinn mun hafa verið framkvæmdur með gröfum vélasjóðs. Þó hefur orðið á þessu nokkur breyting, því að bæði búnaðarsambönd og einstaklingar hafa eignazt skurðgröfur og vinna einnig þetta verk, þannig að það eru fleiri aðilar en vélasjóður einn, sem annast skurðgröftinn, og er því vélasjóður orðinn samkeppnisaðili um þessi verk. Er því eðlilegt, að öðrum en stjórnendum sjóðsins sé falið að ákveða og samþykkja þann kostnað, sem styrkur er greiddur á. Það er lagt til í brtt., að stjórn Búnaðarfélags Íslands verði falið þetta, enda má það líka kallast eðlilegt, því að samkv. jarðræktarlögunum er framkvæmd þeirra í höndum Búnaðarfélagsins í umboði landbrn.

Þá segir einnig í brtt., að ríkisframlög á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd og búnaðarfélög og einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðist ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði. Stjórn vélasjóðsins telur, að þetta ákvæði miði að því að halda kostnaðinum við skurðgröftinn innan eðlilegra marka, og hefur hún því óskað þess, að landbn. flytti þessa brtt. við jarðræktarfrv.

Ég sé ekki ástæða til að segja fleiri orð um þetta, en vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á að samþykkja þessa brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 359 samþ. með 32 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 362).

Á 59. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd. og var talsvert rætt þar. Þar var gerð ein lítils háttar breyting á 1. mgr., eins og greinir á þskj. 359, sem hv. þm. hafa væntanlega fyrir framan sig.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að bæta nýjum lið inn í jarðræktarlögin, þ. e. plógræsi, að styrkur á þau verði að grunntölu 20 aurar á m, eða rúml. 1.20 kr., þegar vísitala er lögð við. Í jarðræktarlögunum er þessi liður ekki, vegna þess að plógræsi eru alveg ný. Það er ekki fyrr en finnski plógurinn kemur og er tekinn í notkun á s. l. ári, að um þetta er að ræða, svo að nokkru nemi. En hann vann á s. l. sumri allmikið, og er gert ráð fyrir, að notkun finnska plógsins geti valdið byltingu í framræslu og uppþurrkun hinna blautu mýra. Það er gert ráð fyrir, að á komandi vori verði teknir í notkun 1 eða 2 finnskir plógar til viðbótar.

Með því að þurrka mýrarnar notast þær mun betur en áður, en hinar blautu mýrar hafa yfirleitt ekki notazt sem bithagi eða slægjur, eins og kunnugt er. Það hefur sprottið mikið gras að vísu, en þannig, að búfé hefur naumast lagt sér það til munns. Við skulum vona, að þessi framkvæmd bregðist ekki vonum manna. En verði það svo, að vonirnar rætist, sem á þessu eru byggðar, þá mun það, eins og ég áðan sagði, valda byltingu í framræslu. Hún verður ódýrari en áður, miklu fljótvirkari og landið verður mun betra en áður hefur verið.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að hækka styrk á súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöðum miðað við gólfflöt, 12 kr. grunngjald, sem gerir 73 kr., ef fasttengdur blásari er ekki með, en sé blásarinn fasttengdur, er grunngjaldið 18 kr. eða 110 kr. á fermetra. Þetta er stór aukning frá því, sem verið hefur, og nokkru meiri en gert var ráð fyrir í jarðræktarlagafrv., sem mþn. búnaðarþings samdi, og það er ætlazt til, að ef þetta verður lögfest, geti flestir bændur komið sér upp súgþurrkunarkerfi. Og það er vitanlega mikið atriði að tryggja sig þannig gegn rigningum og rosa, sem oft hefur skemmt heyið, eins og kunnugt er. Bændur leggja árlega mikið í kostnað við ræktunina og við áburðarkaup, og þess vegna er mjög mikilvægt að koma í veg fyrir, að grasið verði ónýtt, eftir að það hefur verið slegið. Með þessu frv. er stefnt að því, að svo geti orðið.

Ég býst við, að sumir spyrji: Hvers vegna er ekki einnig hækkaður styrkur á votheyshlöður eða votheysturna? Sú spurning er að vísu ekki óeðlileg, en það má þó segja, að hitt sé nauðsynlegra, að hafa styrkinn ríflegan á súgþurrkunarkerfi, því að það er vitað, að margir bændur hafa þegar komið upp hjá sér votheysgeymslum, og einnig er vitað, að ef

súgþurrkunarkerfi kemst yfirleitt til bændanna, minnkar þörfin fyrir votheysgeymslurnar. Ég er hins vegar reiðubúinn að taka það til athugunar á seinna stigi, hvort nauðsyn beri til að hækka styrk á votheyshlöður, og er nú verið að safna skýrslum um, hvernig því er varið, hversu margir bændur hafa komið upp hjá sér votheysgeymslum, hversu margir eiga það eftir. Og þegar það liggur fyrir, væri hægt að taka afstöðu til þess, hvort eðlilegt þætti að hækka styrkinn hvað það snertir.

Þá er gert ráð fyrir samkv. 3. gr. að hækka hinn beina jarðræktarstyrk á tún, sem er undir 25 ha., hækka hann úr 1230 kr., sem hann er nú, um 1500 kr. eða í 2730 kr. En býli, sem hafa tún meira en 25 ha., fá ekki þessa hækkun samkv. l. Ég býst við, að ýmsir vildu halda því fram, að þetta takmark sé óeðlilegt, og út í það skal ekki farið að þessu sinni. Hitt er þó ljóst, að þar sem túnin eru minnst, er þörfin mest á aukningu og mest fyrir, að styrkurinn verði hækkaður þar. Og þess má geta, að það eru 3800 jarðir í landinu, sem hafa tún undir þessari stærð. Og ef gert er ráð fyrir, að það séu 5500 býli í landinu, er það þó mikill meiri hl. jarða, sem nýtur þessa hækkaða styrks.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er annað frv. samferða þessu frv., frv. um breyt. á l. um stofnlánadeild, sem gerir ráð fyrir hækkuðum styrk til jarða, sem hafa tún undir 25 ha. Og þegar tekið er tillit til þessara beggja frv., verður jarðræktarstyrkurinn hjá þeim bændum, sem hafa túnstærð undir þessu marki, 5500 kr. á ha. auk framræslukostnaðarins. Hér er um verulega hækkun að ræða, sem mun verða þess valdandi, að ræktunin eykst, og það er það, sem ber að keppa að. Og ég veit, að hv. þm. eru mér sammála um það, að með því að leggja megináherzluna á ræktunina, þar sem túnin eru minnst, og á þeim jörðum, sem hafa orðið aftur úr, er verið að stuðla að því, að sem flestar eða allar jarðir, sem núna eru í ábúð, verði ábúðarhæfar. Það er verið að stuðla að því, að þeir bændur, sem nú reka búskap á hinum smærri jörðum, þurfi ekki að hrökklast í burtu og hætta búskap, en það hefur borið við mörg undanfarin ár vegna þess, hversu búin eru smá og ræktunin lítil.

Það eru enn mörg býli í landinu með aðeins 5—10 ha. túnstærð. Það eru enn margir bændur í landinu með aðeins 100—120 kindur og 2—3 kýr. Og það er eðlilegt, að þessir bændur hafi lágar tekjur, hafi lág laun. Það er eðlilegt, ef fjöldi bænda hefur ekki meiri tekjur en þetta, að þá séu meðaltekjur bændanna lágar samanborið við aðrar stéttir. Og það er eðlilegt, að þessir menn kvarti og telji lífsafkomuna lélega. Með þessum tveim frv., sem hér er um að ræða, er verið að stuðla að því að bæta lífsafkomumöguleika þessara bænda, gera þeim mögulegt að stækka búin, að auka ræktunina, sem er vitanlega undirstaðan undir landbúnaðarframleiðslunni.

Það er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta frv. Það skýrir sig sjálft. En í hv. Nd. var allmikið rætt um jarðræktarlögin, landbúnaðarmálin, landbúnaðarframleiðsluna, og hv. framsóknarmenn þar lýstu óánægju sinni yfir því, að frv. til jarðræktarlaga, sem mþn. búnaðarþings hafði samið og ríkisskipuð nefnd hafði endurskoðað, skyldi ekki hafa verið flutt. Með því frv. var gert ráð fyrir að hækka jarðræktarstyrkinn árlega um 15 millj. kr. Með þessu frv. hækkar jarðræktarstyrkurinn fyrir árið 1963 um 4—5 millj. kr., en eftirleiðis um 7—8 millj. kr. eða kannske meira. Frv. um breyt. á l. um stofnlánadeildina gerir ráð fyrir árlegri útgjaldaaukningu um 13 millj. kr., þannig að bæði þessi frv. gera ráð fyrir um 20 millj. kr. eða þar yfir í árlegri aukningu á jarðræktarstyrk og byggingarstyrk, eða allmiklu meira en fólst í hinu frv.

Nú skal ég viðurkenna, að það er eðlilegt, að það sé athugað nánar, hvort nauðsyn beri til að endurskoða jarðræktarlögin í heild. Og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að 25 ha. túnstærð sé eitthvert lokatakmark. Ég er sannfærður um, að það líða ekki mörg ár þangað til sú túnstærð þykir of lítil og það þykir sjálfsagt að setja markið hærra. En að þessu sinni má segja, að vel hafi tekizt að keppa nú að því með auknu fjárframlagi frá ríkissjóði að koma túnstærðinni á öllum jörðum upp í 25 ha., gera allar jarðir búsetuhæfar með því að láta þær fá hæfilegt af ræktuðu landi til umráða, og ég er sannfærður um, að þetta mun sýna sig og sannast að verða stærsti þátturinn í því að koma í veg fyrir, að smábændur flosni upp, eins og þeir hafa gert mörg undanfarin ár. Og þótt stjórnarandstaðan e. t. v. hér í hv. Ed. telji sjálfsagt að ganga lengra en hér er lagt til, tel ég ástæðu til að minna á, að með þessum tveimur frv., sem hér um ræðir, er stigið stærra skref í stuðningi við ræktunarmálin en gert hefur verið nokkru sinni áður, síðan jarðræktarlögin voru sett.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Halldór Kristjánsson: Herra forseti. Fyrst vil ég segja lítils háttar út af því, sem hæstv. ráðh. endaði sitt mál á. Mér þykir sú fullyrðing hans, að með þessu frv. sé stigið stærra skref en nokkru sinni hafi verið gert í ræktunarmálum landsins, síðan jarðræktarlögin voru sett, álíka hæpin og sú fullyrðing hans áðan, að það hafi verið meira atvinnuleysi í þorpum víða úti um land á tímum vinstri stjórnarinnar heldur en nú. Og ég veit ekki betur en þegar sett voru lög um almannatryggingar 1946, var landinu skipt í verðlagssvæði, vegna þess að okkur, sem bjuggum úti um land, var ekki treyst til þess að kaupa okkur jafndýra tryggingu og Reykvíkingum, og þetta lagaðist ekki fyrr en á tímabili vinstri stjórnarinnar. Þá var tekjujöfnuður landsmanna, okkar úti um land og Reykvíkinga, jafnaður þannig, að þá fyrst þótti Alþingi fært að leggja á okkur að kaupa jafndýra tryggingu. Og ég veit ekki betur en þetta sé staðfest með opinberum, öruggum tölum.

En það er erfitt að gera sér grein fyrir því í fljótu bragði, hversu stórt hvert skref er stigið fram á við. Það er ekki hægt að miða við krónufjöldann, vegna þess að þeirra gildi hefur svo mjög breytzt. En það er ekki ástæða til að vera mikið að þrefa um þetta. Það er rétt, að hér er verið að stíga spor í rétta átt. Hins vegar fannst mér lítilvæg þau rök, sem ráðh. bar fram fyrir því, að það væri ekki ljóst, hvort nauðsyn bæri til að hækka framlagið fyrir votheyshlöður, vegna þess, sagði hann, að margir bændur hafa vothey. Ef votheysgerðin skyldi nú vera á svo háu stigi í landinu, að enginn bóndi hefði tilhneigingu til að bæta þar við, þá mundi það ekki kosta ríkissjóð nein útgjöld, þó að þetta framlag væri hækkað, það kæmi ekki til útborgunar. Hins vegar veit ég ekki betur en Hagstofa Íslands gefi enn út búnaðarskýrslur. Hún hefur gert það fram undir þennan dag, og þar hefur verið getið um, hve mikill heyfengur væri í hverjum hreppi, hvað mikið af því væri þurrhey og hve mikið vothey. Og ef menn vildu glugga í þetta, gætu þeir gert sér dálitla hugmynd um það, á hvaða stigi votheyssskapur í landinu er. Og ég er alveg sannfærður um það fyrir mitt leyti, að nokkuð af þeim heyfeng, sem bætist við, þegar hæstv. ráðh. hefur hjálpað bændastéttinni til að koma sinni túnstærð upp í 25 ha., þessum 3800, sem eru þar innan við, langt innan við, verður verkað sem vothey. Þó að ræktunin sé undirstaða búskaparins, þá er hún ekki nóg. Hún gefur ekki af sér peninga hjá bóndanum, fyrr en búið er að byggja yfir heyfenginn og yfir bústofninn, sem á heyfengnum á að lifa.

Það er sambandið milli þessara mála og verðlagsmálanna og efnahagsmálanna í heild, sem ég tel að sérstök ástæða sé til að athuga. Við vitum, að það er reynt að miða verðlag landbúnaðarafurða við framleiðslukostnaðinn, og því meiri sem stofnkostnaður bændanna er við að koma sínu búi á fót, því hærra verður verðlagið. Ég er alveg sannfærður um, að það öngþveiti, sem ríkir nú í verðlagsmálum og efnahagsmálum yfirleitt, verður ekki lagað öðruvísi en þannig, að það verði lagður hemill á stofnkostnað og rekstrarkostnað. Það þarf auðvitað að gera margar, margs konar og margvíslegar ráðstafanir til þess, en þetta stendur í beinum og órjúfandi tengslum við það, hvern þátt ríkið tekur í ræktunarkostnaði og uppbyggingarkostnaði á jörðum, þannig að hækkað jarðræktarframlag gerir minni stofnkostnað hjá bóndanum við að koma sínu búi upp. Og þess vegna hygg ég, að það sé alls ekki hið ósnjallasta ráð í meðferð opinberra fjármuna til þess að hafa hemil á þróun verðlagsmálanna í landinu að leggja lið á þessu sviði.

Ég held, að það muni lengst af vera talið svo, að setning jarðræktarlaganna 1923 og jafnvel það, sem samkv. þeim og öðrum slíkum lögum var greitt til landnáms á Íslandi á kreppuárunum eftir 1930, verði talið meira afrek en það, sem greitt verður eftir jarðræktarlögunum næsta ár, enda þótt þessar breytingar verði samþykktar, sem þær væntanlega verða. Það mun enginn vera svo tregur, að hann greiði atkv. á móti þeim, skilst mér.

Það hafa, eins og hæstv. ráðh. gat um, ýmsir bændur gefizt upp við búskap. Það eru því miður ekki eingöngu bændur á smáum jörðum. En samt er það nú þannig, hefur mér virzt og sýnist af því, sem ég hef séð og ég hef heyrt stéttarbræður mína segja, að vandamálið er nú ekki fyrst og fremst það, að þeir, sem búa í dag, hafi kannske ekki einhver ráð með það að búa áfram án þess að flosna upp. Vandinn er sá, að það getur yfirleitt enginn maður byrjað búskap undir venjulegum kringumstæðum, vegna þess að stofnkostnaðurinn, byrjunarkostnaðurinn er orðinn svo gífurlegur, og það er alveg sérstaklega á því sviði, sem verður að mæta vandanum.

Með þessu frv. er vitanlega stigið spor í rétta átt, en það er ekki nema eitt spor af mörgum, sem stíga verður til þess að rétta þá hluti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 362, n. 404 og 411, 412).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 404, hefur meiri hl. landbn. lagt til, að frv. um breyt. á jarðræktarl. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur hér fyrir þessari hv. d., komið frá Nd.

Í þessu frv. felast einkum tvær veigamiklar breytingar á gildandi jarðræktarlögum. Í fyrsta lagi styrkur til plógræsa, sem er ný gerð af holræsum, gerð með nýju tæki, sem er búið að nota eitthvað um tvö ár hér á landi og þykir hafa gefizt vel, kr. 0.20, þ. e. a. s. 20 aurar á metra, sem umreiknast síðan með þeirri vísitölu, sem jarðræktarstyrkir eru annars reiknaðir eftir. Í öðru lagi er það styrkur til súgþurrkunarkerfa, sem nú er lagt til að verði allverulegur, eða 12 kr. að viðbættri þeirri hækkun, sem jarðræktarstyrkur er reiknaður eftir, á fermetra í súgþurrkunarkerfi, sem ekki er fasttengt við blásara, og í öðru lagi 18 kr. á súgþurrkunarkerfi fasttengt við blásara. Þessi styrkveiting er hugsuð sem hvatning til bænda að koma upp súgþurrkunarkerfum til þess að auðvelda heyverkun, og er það reynsla allra bænda um allt land, sem notað hafa súgþurrkun, að þetta auðveldar mjög heyþurrkun og sparar vinnu, svo að óþurrkar, síðan þessi aðferð kom til, koma miklu minna við þá, sem heyja þurfa að afla. Að öðru leyti gerir þetta frv. ekki ráð fyrir að hreyfa teljandi við gildandi jarðræktarlögum, en hins

vegar hefur verið lagt fram samhliða því annað frv., sem er sérstakt mál, breyt. á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, og í því felast einkum veigamiklar breytingar á styrkveitingu til jarða, sem hafa tún innan við 25 ha.

Landbn. varð ekki að öllu leyti sammála um þetta frv. til breyt. á jarðræktarl. Öll n. var þó á einu máli um það, að breyt. þessar væru til bóta, en 2 nm. töldu, að breyta þyrfti öllum jarðræktarlögunum til verulegrar hækkunar, og hafa þeir skilað séráliti og koma fram með brtt. við þetta frv. Það er að sjálfsögðu hægt að halda því fram, að þörf sé á að breyta fleiri ákvæðum í jarðræktarlögunum. En þegar það er athugað, að samhliða þessu frv. liggur fyrir annað frv., sem er mjög til hækkunar á jarðræktarstyrk fyrir ræktun á þeim jörðum, sem ekki hafa náð 25 ha. túnstærð, má segja, að það frv. komi að nokkru leyti fyrir það eða á móti því, að ekki er nú hreyft við hinum eiginlega jarðræktarstyrk, sem mun þá verða, ef þessi frv. verða bæði samþykkt, óbreyttur á tún, sem eru stærri en 25 ha.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að styrkja ræktun sem mest, því að hún er undirstaða alls búskapar í landinu, og búskapurinn og ræktunin og framleiðsla landbúnaðarins er að sjálfsögðu mjög nauðsynleg allri þjóðinni vegna matvælaframleiðslu og einnig það að dreifa fólkinu um landið við nauðsynleg störf og framleiðslu. En ég er á því, að eins og nú standa sakir, sé mest þörfin á því að koma verulega til móts við smærri bændurna og smærri býlin og efla þau eins og framast þykir fært með fjárframlögum til þess að stækka og til þess að fleiri bændur geti komið undir sig fótum og búið á búum, sem séu það stór, að þar sé hægt að hafa lífvænlega afkomu af búrekstri. Að því leyti ganga bæði þessi frv. samanlagt mjög til réttrar áttar, og ég vænti þess, að þau muni verða til að lyfta verulega undir með þeim, sem erfiðasta eiga aðstöðuna.

Það má einnig geta þess í sambandi við jarðræktarlagafrv., að jarðræktarlögin hafa verið endurskoðuð nú fyrir stuttu, og liggja fyrir till. um breyt. á þeim í heild, sem munu ganga í þá átt, eftir því sem áætlað er, að framlög til jarðræktar hækki í kringum 15 millj. kr. En þegar athuguð er niðurstaðan af áætlunum um þessi frv. tvö, sem hér liggja fyrir, og ég er nú sérstaklega að mæla fyrir öðru þeirra, þá telst glöggum mönnum og þeim, sem nærri fara um áætlanir í þessum efnum, að þau muni valda í kringum 20 millj. kr. útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð, eða talsvert meiri styrkjum til ræktunar samanlagt heldur en jarðræktarfrv. eitt hefði gert, ef sú leið hefði verið tekin að taka það eitt fyrir og afgreiða það á þessu þingi. Þá verður hver og einn að gera það upp við sjálfan sig, hvort muni vera betra fyrir bændastéttina í heild, að fá þessi frv. bæði afgreidd eða annað þeirra, þ. e. a. s. jarðræktarfrv. Og ef um það tvennt væri að gera að fá annaðhvort fram, en ekki hvort tveggja, eins og ég tel að hér liggi fyrir, þá tel ég, að það muni vera happasælla fyrir bændastéttina að fá þessa tvöföldu breytingu, aðra á jarðræktarl. og aðra á stofnlánadeild landbúnaðarins, heldur en þó að jarðræktarlögin hefðu verið afgreidd hér á þessu þingi. Um þetta geta að sjálfsögðu verið nokkuð skiptar skoðanir. Það kemur auðvitað ekki alveg í einn og sama stað niður, útkoma á þessum breytingum. Það fer eftir því, hvort bóndinn er lítill, þ. e. a. s. hefur litla jörð á að búa og litla ræktun, eða það eru stærri bændur, sem eru komnir yfir 25 ha., sem fá ekki aðstoð eftir þessum frv., sem hér eru til umr., heldur er stefnan, eins og ég sagði, að styðja meira við þá, sem versta hafa aðstöðuna, en hinir verði þá frekar að bíða eitthvað.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Í n. var samstaða um, að þetta frv. væri til bóta, og allir nm. styðja það, svo langt sem það nær, en minni hl., eins og ég sagði, hefur góðar óskir um það og frómar, að meira verði gert en þetta frv. gerir ráð fyrir, að því er snertir breyt. á jarðræktarlögunum, og gerir að sjálfsögðu grein fyrir sinni afstöðu í nál.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég er sammála hv. frsm. meiri hl. um það, að jarðræktin er undirstaða velmegunar bændastéttarinnar og búskaparins almennt í landinu. Um það geri ég ekki ráð fyrir að við þurfum neitt að deila, því að það er okkur báðum ljóst. En sú löggjöf, sem við ræðum hér nú, jarðræktarlögin, er frá ríkisins hálfu og Alþingis hálfu sá grundvöllur, sem bezt hefur stutt að þessum almennu velferðarmálum, sem hv. 8. landsk. þm. drap hér á. Og það eru áratugir síðan Alþingi var það viðsýnt, að það setti sérstök lög með tilliti til þessa, og hafa þau jafnan verið endurskoðuð með tilliti til þeirra breyttu tíma og breyttu þjóðfélagshátta, sem hafa verið til staðar hverju sinni. Og ég efast um, síðan jarðræktarlög öðluðust fyrst gildi hér á landi, að jafnmikil kyrrstaða hafi verið á greiðslum samkv. þeirri löggjöf, miðað við dýrtíðaraukningu í landinu, eins og verið hefur nú hin síðari ár. Þess vegna er það, að mér finnst sá þáttur, sem hér er tekinn út úr þeirri löggjöf, engan veginn fullnægja þeirri þörf, sem bændastéttin hefur fyrir heildarendurskoðun á löggjöfinni, og er ég ekki á þann hátt að rýra neitt þau fáu atriði, sem hér eru tekin. Þeim eru að vísu gerð góð skil, en þau eru engan veginn fullnægjandi, þegar á málið er litið í heild, og mun ég nánar koma að því síðar.

Ég vil leyfa mér að gera hér grein fyrir till. okkar, sem urðum í minni hl. í n. Það er hv. 4. þm. Austf. ásamt mér. Eins og fram kemur á þskj. 412, flytjum við allmargar brtt., við þetta frv., og er á þann hátt reynt að bæta úr því brýnasta, sem þarf að breyta varðandi jarðræktarlögin nú í dag.

1. brtt. okkar er um það, að ríkið greiði 2/3 hluta launa héraðsráðunauta og búnaðarsamböndin 1/3, í stað þess að ríkið greiðir helming launa nú. Auk þess leggjum við til, að ferðakostnaður, sem ekki hefur verið tekinn neinn þáttur í af hálfu ríkisins að undanförnu, sæti

sömu hlutföllum og sama kostnaði milli ríkis og búnaðarsambanda og laun héraðsráðunauta. Hér er um mikið hagsmunamál fyrir búnaðarsamböndin í landinu að ræða, geysimikið hagsmunamál, vegna þess að með þessum hækkaða kostnaði, sem verið hefur hin síðari ár, bæði á launum og öðru, hafa þær tekjur, sem búnaðarsamböndin hafa jafnan yfir að ráða, orðið miklu minna virði en áður var og erfitt að afla tekna í hlutfalli við þær greiðslur, sem samböndin þurfa að inna af hendi. Þessi mál eru fyrir löngu komin á dagskrá meðal búnaðarsambanda, Búnaðarfélags Íslands og er m. a. farið fram á þessi hlutföll í því frv., sem búnaðarþing sendi til hæstv. ríkisstj. fyrir á þriðja ári. En það frv. eða annað því líkt hefur ekki séð dagsins ljós hér í sölum hv. Alþingis enn þá, og sætir það nokkurri furðu. Það er vitað mál, að eins og vísindastarfsemi landbúnaðarins er háttað nú og tilraunastarfsemi, er útilokað fyrir bændur landsins að vera í nánu sambandi við það, sem þar fer fram, án þess að þar séu lifrænir milliliðir. Það eru héraðsráðunautarnir, sem jafnan eiga að fylgjast með þeim nýjungum, sem þar eiga sér stað, og koma á framfæri við bændurna og vinna þannig að aukinni þekkingu þeirra og stuðla þar með að bættum skilyrðum landbúnaðarins í þjóðfélaginu. Þess vegna tel ég það mjög aðkallandi mál, að ríkið taki meiri þátt í launum héraðsráðunauta en verið hefur og það greiði 2/3 hluta, bæði af launum ráðunautanna og einnig af ferðakostnaði þeirra. En ferðakostnaður hlýtur að fara stórhækkandi sakir mikillar hækkunar á benzíni, bifreiðum og varahlutum til þeirra.

Þá er 2. brtt. okkar. Hún er við 11. gr. jarðræktarl., en það er sá kafli jarðræktarl., sem fjallar um hin almennu framlög ríkisins til landbúnaðarframkvæmda, bæði ræktunar og annarrar uppbyggingar í landinu. Og ber þá fyrst að líta á framræsluna. Það var erfitt, áður en tæknin kom til sögunnar, að sinna þeim verkefnum í jafnstórum stíl og þurfti til þess að skapa sjálfri ræktuninni grundvallarskilyrði. Því var það, að alltaf á undanförnum árum hefur ríkið tekið stærri og stærri hlut í þeim kostnaði, sem framræslan hefur kostað. Frá upphafi mun þetta hafa verið þriðjungur kostnaðar, en er nú 65%, og förum við fram á, að þessi þátttaka ríkisins verði 3/4 af kostnaði við framræslu lands, og á það jafnt við, hvort heldur er um handgrafna skurði eða vélar eða plógar eða hvaða önnur tæki sem notuð eru til þess að þurrka landið. En það hefur sýnt sig á undanförnum árum, að ný tækni hefur komið þarna til sögunnar, og ný tækni getur enn þá komið þarna til sögunnar, sem við þekkjum ekki nú, og mundi hún að sjálfsögðu sæta sömu kjörum og þessi og vera kostuð að 75% af því opinbera. Það er líka réttlætanlegt, að ríkið taki meiri þátt í framræslunni en öðru því, er lýtur að jarðræktinni, vegna þess að framræslan kemur sjaldnast þeim til góða, sem framkvæma hana, heldur er hún meira gerð fyrir þá, sem landið erfa í framtíðinni, og þegar um dýrar framkvæmdir er að ræða, sem borga sig ekki nema á löngum tíma, er það vitanlega alls þjóðfélagsins að reyna að standa sem mest straum af þeim framkvæmdum. Á þann hátt er betur hægt fyrir bændur landsins að gegna skyldu sinni og koma til móts við aðra þegna þjóðfélagsins með hagkvæmari vörur en ella væri, heldur en ef afurðaverðið eitt þyrfti að bera allan þennan kostnað uppi samstundis. Því er það, að við leggjum til, að þetta framlag verði nokkuð hækkað frá því, sem verið hefur, eða upp í 75%.

Þá er það hin almenna jarðrækt. Við leggjum til, að hún verði kostuð að 1/4 hluta til af ríkinu. Þegar þær breytingar, sem nú liggja fyrir á stofnlánadeildarlögum landbúnaðarins, verða samþykktar, nær þessi breyting einungis til ræktunar á þeim býlum, sem hafa yfir 25 ha. ræktaðs lands. Hér er farið fram á, að núverandi framlag til jarðræktar verði sem næst þrefaldað frá því, sem nú er, enda er vitað mál, að rúmlega 1200 kr. segja ekki stórt varðandi kostnaðarsama framkvæmd, enda mun hér ekki vera um að ræða meira en 1/10 af þeim kostnaði, sem er við ræktun landsins, að fráskildum skurðgreftinum. Og þetta brúar líka mikið bilið á milli þeirra, sem eru með ræktun innan við 25 ha., en þeir fá samkv. þeim lagabreytingum, sem nú liggja fyrir, helming kostnaðar greiddan við ræktunina. En það hefur löngum verið stefna, og það er bændastéttin sammála um, að það beri að hafa sem minnst bil í þessum efnum, mismuna bændum ekki mikið í framlögum þess opinbera, og till. okkar í þessum efnum miðar að því að grynnka á því bili, sem ella væri að löggjöfinni óbreyttri.

Þá er einnig lagt til, að frumvinnsla lands vegna grænfóðurs og kornræktar njóti ríkisframlags til jafns við túnrækt, enda ryður grænfóðurræktin sér til rúms með hverju ári og á því ríkan þátt í þeirri fóðuröflun, sem fram fer í landinu. Sama máli gegnir um kornrækt. Í þessu sambandi er vert að minna á, að það færist mjög í vöxt að beita kúm og kindum á ræktað land, ýmist að beita á akra með sérstöku fóðurkáli eða venjulegum túngróðri. Sérfræðingar telja, að þessi beit auki afurðagetu búfjárins svo mikið, að um verulegan ávinning sé að ræða í þeim efnum. Hér ber því að hafa lagasetninguna það rúma, að hún sé ekki þrándur í götu þeim nýjungum, sem eru að ryðja sér til rúms í landinu nú. Því er það, að við höfum lagt þessa breytingu til ásamt öðru, sem heyrir undir 3. lið á þskj. 412 í 2. brtt. okkar.

Þá eru það girðingar um ræktunarlönd. Þær eru nauðsynlegar til að vernda ræktun landsins. Þær ber því að skoða sem hluta af ræktuninni sjálfri, og leggjum við til, að þær njóti framlags að 1/4 hluta til, eins og jarðræktin sjálf. Girðingarkostnaður hefur líka farið stórum hækkandi hin síðari ár, eins og byggingarkostnaður hefur almennt farið í landinu.

Það leiðir af sjálfu sér, að samfara rækt-

unarframkvæmdum eru heygeymslur nauðsynlegar, því að veðurfari er þannig háttað hér á landi, að hey verður, ef vel á að fara, að vera innan dyra í góðum geymslum. Á þetta jafnt við um verkun á þurrheyi sem votheyi. Hvorar tveggja geymslurnar þurfa að vera vel gerðar og vandaðar á allan hátt. Það mun láta nærri, að framlag ríkisins á steyptar þurrheyshlöður sé núna nálægt 2.3% af kostnaði. En í brtt. okkar leggjum við til, að ríkið greiði 15% af kostnaði við þessar þurrheyshlöður. Það hefur sýnt sig, að byggingarkostnaður hefur stórum hækkað síðan 1958. Lætur nærri, að hver rúmmetri í þurrheyshlöðu hafi hækkað um 100 kr. og sé því nú nálægt því 275 kr. að mati. Sama máli gegnir um votheyshlöður. Þar hefur hver rúmmetri hækkað um 230 kr. síðan 1958 og kostar nálægt 400 kr. rúmmetrinn í vönduðum votheysgryfjum. Framlag ríkis á votheysgeymslur er nálægt því 9% nú af kostnaðarverði, en við leggjum til, að ríkið leggi fram 1/4 hluta kostnaðarins, og gerum við það með tilliti til þess, að vothey, ef vel er til þess vandað, heldur öllum þeim eiginleikum hins græna grass á jörðinni og því um litla rýrnun á fóðurgildi þess að ræða, ef vel er á allan hátt til þess vandað og vandaðar geymslur, auk þess sem þessi fóðuröflun hefur sýnt sig í því að vera bjargvættur margra bænda í votviðrasveitum og kannske þorra bænda í óþurrkasumrum. Því ber að efla þessa votheysgerð með því að hækka framlag ríkisins til að byggja votheysgeymslurnar.

Þess ber að geta í þessu sambandi, að hin nýja tækni, sem nú er að ryðja sér til rúms í landbúnaði, auðveldar bændum að koma votheyi í geymslu og líka til að leysa það úr geymslum og koma því í jöturnar, auk þess sem ný efni, svo sem maurasýra, útiloka hina slæmu lykt af votheyi, sem var þyrnir í augum margra bænda áður fyrr og er enn í dag. En þessi nýja tækni kostar mikla peninga, og engin lán fást til að kaupa þá tækni nema víxlar, ef þeir þá fást, og þeir eru jafnan með mjög háum vöxtum. Hér verður því, ef vel á að fara, að hækka ríflega ríkisframlagið, eins og við leggjum til, að ríkið greiði 25% af kostnaði við þessar byggingar.

Þá kem ég að áburðargeymslum. E. t. v. dettur mörgum í hug að hugsa sem svo, að það borgi sig ekki að kosta miklu til við að byggja yfir húsdýraáburð. Þetta er að sjálfsögðu hagfræðilegt atriði. Reynslan af okkar tilbúna áburði er misjöfn. Eitt er víst, að Kjarninn, sem er íslenzk framleiðsla, stóreykur grasvöxtinn og hefur bætt til stórra muna heyöflun bænda. Hitt er líka komin reynsla á, að þar sem húsdýraáburður er notaður með tilbúnum áburði, þar er búfé hraustara, af því að jarðvegurinn fær þar ýmis lífræn efni, sem hann þarfnast og búfé okkar getur ekki verið án og ekki heldur mannfólkið sjálft. Því ber því opinbera skylda til að taka verulegan þátt í kostnaði við áburðargeymslur, og leggjum við til, að framlag ríkisins verði fjórði hluti af þeim kostnaði, og þar er um verulega hækkun að ræða frá því, sem verið hefur.

Þá kem ég að garðávaxtageymslum. Það skortir talsvert á það, að neyzla okkar Íslendinga á garðávöxtum, svo sem kartöflum, rófum, gulrótum, káli, með mörgu meiru, nálgist það, sem aðrar þjóðir telja sér mannsæmandi í þeim efnum. Fyrir þessu liggja að sjálfsögðu ýmsar orsakir, svo sem lega landsins, veðurfar og misjafnt árferði ásamt fleiru. Hér hefur þó oftast verið hægt að rækta kartöflur og káltegundir ýmsar í flestum landshlutum með góðum árangri, — og sums staðar, þar sem bezt eru skilyrði, með ágætum árangri. En til þess að geta nýtt vel og geymt forða garðávaxta vetrarlangt þarf góðar geymslur, og sums staðar stendur vöntun á geymslum á garðávöxtum ræktun þeirra fyrir þrifum. Þess vegna verður að gefa þessum málum meiri gaum en verið hefur og hækka framlag ríkisins til garðávaxtageymslna. Það er betra fyrir ríkið að spara á þann hátt dýrmætan gjaldeyri en flytja inn í stórum stíl garðávexti frá öðrum löndum, eins og oft hefur átt sér stað og alltaf á sér eitthvað stað á hverju ári. Við leggjum því til, að framlag ríkisins í þessu skyni verði 15% af kostnaði við byggingar á garðávaxtageymslum.

Þá kem ég að lokum að þeim þætti í okkar brtt., sem miðar að því frv., sem hér liggur fyrir. Það er súgþurrkunin. Við erum vafalaust allir sammála um, að mjög nauðsynlegt sé, að ríkið komi verulega til móts við bændur að öllu því, er lýtur að betri nýtingu á heyforða landsmanna en tök hafa verið á til þessa. Þess vegna er það, að við höfum lagt til í okkar brtt., að ríkið greiði 40%, eða 2/5 af kostnaði bæði við blásarann sjálfan og súgþurrkunarkerfið í heild. Hér er um verulega endurbót að ræða frá því, sem verið hefur, og mundi gera mörgum kleift að koma upp súgþurrkunarkerfi, ef þessar till. væru samþykktar. Ég skal játa, að meginmunur er ekki á þeim breytingum, sem fyrir liggja í frv. sjálfu, og brtt. okkar, að því er varðar súgþurrkunarkerfið sjálft, en aftur á móti meginbreyting í hinu, er lýtur að því tæki, sem skapa á blásturinn og skapa á skilyrðin til þess að þurrka heyið, ef þess þarf með í stórum stíl. Því er það, að ég vænti þess, eftir að hafa gert grein fyrir okkar brtt., að meiri hl. endurskoði afstöðu sína og hv. þm. þessarar d. sjái sér fært að fylgja okkur að málum, vegna þess að hér er um geysiþýðingarmikið mál og þýðingarmikil atriði að ræða varðandi hag bændastéttarinnar í landinu og ekki sízt þeirra bænda, sem eru að leggja út í lífsbaráttuna nú og eiga mjög undir högg að sækja með það, hvernig þeim reiðir af með sínar framkvæmdir í landbúnaði.

Auk þess er ein meginbreyting á jarðræktarlögunum í heild af okkar hálfu, sem ég vil sérstaklega undirstrika. Það er, að allar breytingar okkar eru miðaðar við sérstakt hlutfall af kostnaði, þannig að þótt miklar verðbreyt-

ingar eigi sér stað í landinu, heldur hlutfallið sér af kostnaði framkvæmdanna. En með því fyrirkomulagi, sem verið hefur og nú ríkir og engin breyting liggur fyrir um af hálfu meiri hl., dregst hlutur þess opinbera undireins aftur úr, að því er ríkisframlag varðar, þegar um stórfelldar verðbreytingar er að ræða í landinu. Þannig er það, að sú vísitala, sem jarðræktarlögin greiðast eftir nú, var fastsett 1960 og hefur verið það síðan, einmitt á því tímabili, sem dýrtíðarvöxturinn hefur verið örastur í þjóðfélaginu, og á þann hátt hafa jarðræktarlögin orðið til mun minna gagns fyrir bændastéttina í heild og þjóðfélagið allt en til var ætlazt í upphafi. Og ég veit, að við erum allir sammála um, að það þurfi að vera jafnan svo búið að bændunum, að þeim geti vel vegnað.

Það er líka nauðsynlegt að skoða þessi mál í heild og gera á þeim breytingar, vegna þess að þótt jarðræktin sjálf sé undirstaða búskaparins, eru aðrir þættir þess máls, sem tilheyra jarðræktinni, svo sem heygeymslur og annað, hluti af ræktuninni sjálfri og verður að greiða hærra framlag til en verið hefur, vegna þess að bændurnir eiga með hverju árinu sem líður erfiðara með að rísa undir miklum kostnaði, ekki sízt vegna þess, að lánakjör til landbúnaðarins hafa svo stórum versnað hin síðari ár, að til vandræða horfir, ekki sízt fyrir hina ungu bændur, sem vilja leggja út í búskapinn. Og því er það, að ég vona, að við getum sameinazt um þessar till. og gert átak í þessum efnum á næstu árum og mætt þar með þörfum bændastéttarinnar og innt þær skyldur af hendi, sem hvert menningarríki telur sér hag í að gera fyrir framtíðaruppbyggingu landbúnaðarins. Það er sú fyrirmynd, sem við eigum að breyta eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Ed., 6. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 412,1 felld með 10:8 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 412,2 felld með 10:8 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj atkv.

Á 65. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 437).

---

19. Stofnlánadeild landbúnaðarins (stjfrv.).

Á 51. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. l. um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963 [130. mál] (stjfrv., A. 235).

Á 52. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er stjfrv., og er lagt til, að sérstakur styrkur, viðbótarstyrkur, verði veittur til ræktunar á jörðum allt upp í 25 hektara. Eins og kunnugt er, var þetta mark lengi aðeins 5 ha. 1957 var markið hækkað upp í 10 ha. Á s. l. þingi var markið enn hækkað upp í 15 ha. Þegar það frv. var til umr. hér í hv. Alþingi, var ljóst, að það var ekkert lokamark að miða við 15 ha., því að 15 ha. tún væri of lítið til að framfleyta því búi, sem til þess þarf að geta lifað sæmilega og veitt sér þann vélakost og önnur þægindi, sem nauðsynleg eru talin í nútímabúskap og nútímaþjóðfélagi. En það þótti eigi að síður gott á s. l. þingi að fikra sig áfram í þessa átt, og nú ári síðar hefur orðið samkomulag um það í ríkisstj. að setja markið upp í 25 ha., sem að vísu getur ekki talizt vera lokatakmark, það er það vitanlega ekki, en 25 ha. ræktun á hverju býli gefur möguleika til að hafa svo stórt bú, að það gefi af sér viðunandi tekjur.

Það hefur verið um það rætt og það ekki að ástæðulausu, að á undanförnum árum og áratugum hafi bændur flutt úr sveitunum og jarðirnar farið í eyði. Það er mín skoðun, og ég hygg, að það megi segja, að það sé skoðun ríkisstj., að það sé ekki hollt fyrir þjóðfélagið, að jarðir haldi áfram að fara í eyði, það sé ekki eðlilegt, að því fólki, sem í sveitunum er, fækki, það sé miklu heldur eðlilegt og blátt áfram nauðsynlegt, að að því verði stefnt, að fólki, sem að sveitastörfum vinnur, fjölgi. Það er ástæða til að ætla, að um næstu aldamót verði landsbúar um 350 þús. manns, eða e. t. v. allt að helmingi fleiri en þeir eru í dag. Í dag framleiðum við talsvert meira af landbúnaðarvörum en notaðar eru í landinu. En hversu mikið sem tækninni fleygir áfram og þótt ræktunin aukist, þarf ekki að gera ráð fyrir því, að sá fólksfjöldi, sem nú er í sveitunum, geti fullnægt innanlandsþörfinni með landbúnaðarvörur, þegar þjóðinni hefur fjölgað um tugi þúsunda, sem hún gerir á allra næstu árum, og allra sízt þegar henni hefur fjölgað um allt að helming. Það er þess vegna nauðsynlegt að stemma á að ósi og koma í veg fyrir, að þeir, sem eru með of litla ræktun og of lítil bú, flosni upp, en þannig hefur það verið

á síðustu áratugum, og allt frá því að 20. öldin byrjaði hefur verið fólksflutningur úr sveitunum og til sjávarins, og má segja, að það út af fyrir sig hafi verið eðlilegt í vissum mæli. En það er eðlilegt, að þetta hætti nú og að smátt og smátt snúist straumurinn við, eftir því sem tímar líða.

Við höfum heyrt talað um smábúin, og það er kunnugt, að smábúin eru algengust í vissum landshlutum og ræktunin þar er skemmst á veg komin. Frv. það, sem hér er um að ræða, miðar að því að gera þær jarðir, sem nú eru í ábúð, ábúðarhæfar, byggilegar, með því að auka ræktunarlandið. Og þá er talið nauðsynlegt af þeim, sem bezt þekkja inn á þessi mál, að ræktað land sé helzt ekki minna en 25 ha. Á 25 ha. vel ræktuðu landi, jörð, sem hefur einnig sæmilegan bithaga, má framfleyta a. m. k. 30—35 kúa þunga, t. d. hafa 20 kýr og 150—200 fjár. Og það má segja, að slíkt bú gefi af sér sæmilegar tekjur miðað við það, sem um er að ræða.

Það hefur verið talað um, að bændur séu jafnvel lægst launaða stéttin í þessu þjóðfélagi, og það má segja, að það sé að meðaltali, sem er vegna þess, að smábændurnir eru margir. Í skýrslu frá hagstofunni, sem ég hef séð og að nokkru hefur verið birt í blöðum, hefur verið tekið meðaltal af um 3000 bændum. Það eru, að mig minnir, í þessari skýrslu um 1200 bændur með tekjur 100—150 þús., það eru nokkrir með 150—200 þús. og það eru 1200—1300 af þessum 3000, sem eru með tekjur frá 50—99 þús., og örfáir eru með tekjur undir 50 þús. Það liggur í hlutarins eðli, að þeir, sem eru með smæstu búin, hafa ekki um annað að velja en annaðhvort að hætta búskap eða auka ræktunina og stækka búin. Það verður aldrei hægt að láta bændur með smæstu búin hafa svo hátt verð fyrir afurðirnar, að þeir geti af því búi lifað. Menn geta alltaf deilt um, hversu afurðaverðið eigi að vera hátt, en ég hygg þó, að einn mælikvarði hljóti að teljast réttur, þegar um það er að ræða að finna réttlátt afurðaverð. Það hlýtur að eiga að miða við framleiðslukostnað á eðlilega stóru búi, sem er kallað meðalbú, sem miðast við það, að bóndinn hafi þar eðlilega mikið starf við framleiðsluna. Og ég hygg, að ef menn athuga þessi mál ofan í kjölinn, hvar sem þeir eru staddir, hvort sem þeir telja sig málsvara verkamanna eða annarra stétta, þá vilji enginn sanngjarn maður gera kröfu til þess, að búvaran verði seld undir kostnaðarverði, sé miðað við það, að sá, sem að framleiðslunni vinnur, vinni eðlilegan tíma og leggi hæfilega mikið að sér eða sambærilega við það, sem aðrar stéttir gera. Og lög um verðlagningu landbúnaðarvara eru vitanlega byggð á þessari hugsun, þótt oft og tíðum hafi ekki tekizt að ná tilgangi laganna, m. a. vegna þess, að ekki hefur alltaf orðið samkomulag um kostnaðarliði í verðgrundvellinum, og eins það, að það hefur oft heyrzt frá fulltrúum neytenda, að meðalbúið væri tæplega nægilega stórt, til þess að eðlilegt verðlag gæti komið samkv. lögunum. Ef bóndi með litla búið sækir ekki atvinnu utan heimilis, má sennilega oft með sanngirni segja, að þessi bóndi hafi tæplega fullkomið starf heima á sínu býli, og þá eru ýmsir, sem segja: Það er ekki sanngjarnt, að þessi bóndi með þessari vinnu fái fullt kaup í gegnum verðlagninguna.

Með þessu frv. er að því stefnt að fækka smábúunum, að því stefnt að útrýma smábúunum og gera öllum, sem landbúnað stunda, lífvænlegt, þar sem þeir eru komnir, með því að taka í þjónustu sína tæknina, auka ræktunina og stækka búin. Og eitt er það, sem hefur gert smábóndanum mjög erfitt fyrir nú síðustu árin, og það er að standa undir þeim kostnaði, sem vélabúskapur hefur í för með sér. En það hefur hins vegar þótt sjálfsagt og eðlilegt, að allir bændur, hvort sem þeir hafa stór bú eða minni, hafi vélar við framleiðsluna, enda þykir engum lengur fært að stunda heyskap eða vinna önnur verk með handaflinu, og er vissulega ekki nema gott um það að segja. En hins vegar er augljóst, að smábúin geta ekki borið þann kostnað, sem vélakostinum fylgir. Vélarnar nýtast ekki og svara ekki vöxtum og fyrningu, nema þær séu notaðar nægilega mikið og verði til þess að auka afköstin og framleiðslu búanna.

Með þessu frv. verður aukið það framlag, sem landnámið hefur til umráða. Landnámið hefur til umráða samkv. gildandi lögum milli 14 og 15 millj. kr., en gert er ráð fyrir, að með þessu frv. verði það fjármagn aukið um tæpar 13 millj. kr. Það er gert ráð fyrir með þessu frv., að þeir, sem hafa minna en 25 ha. tún, fái jarðræktarstyrk, sem svarar 50% af ræktunarkostnaðinum. En sá styrkur verður vitanlega meiri, ef tekið er tillit til framræslu, sem venjulega er gerð, áður en ræktað er. Þá fær framræslan einnig aukalegan styrk, þannig að ræktunarstyrkurinn verður í reyndinni fram yfir þetta. Það er gert ráð fyrir, að það séu 3500—3800 býli, sem njóti góðs af þessum lögum, og sjáum við þá, hversu stór hluti af býlum í landinu er með ræktun undir þessu marki, þar sem talið er, að öll býli í landinu séu eitthvað á milli 5000 og 6000 alls, sennilega nærri 5500. Eftir því ættu að vera innan við 2000 býli, sennilega 1600—1800 býli, sem hafa ræktun yfir 25 ha.

Þá er gert ráð fyrir með þessu frv. að hækka nokkuð byggingarstyrk til íbúðarhúsa, þ. e. úr 50 þús. í 60 þús. 1957 var tekið í lög að veita styrk á íbúðarhús, 25 þús. kr., en það var þá bundið aðeins við nýbýli. 1960 var þessi styrkur hækkaður upp í 40 þús., og þá var ekki lengur bundið við nýbýli, heldur einnig aðrar jarðir, sem hætta var á að gætu farið í eyði, vegna þess að þær hefðu orðið aftur úr. 1963 var styrkurinn hækkaður upp í 50 þús. kr. til nýbýla og til þeirra bænda, sem eftir eiga að byggja og hafa meðaltekjur eða minna. Og nú loks er gert ráð fyrir að hækka styrkinn upp í 60 þús. með sama ákvæði og sett var inn í lögin í fyrra. Það er gert ráð fyrir, að það séu byggð um 40 nýbýli árlega, og það hefur

verið nálægt því undanfarin ár, og það verði endurbyggð um 100 íbúðarhús á eldri jörðum, sem njóta þessa styrks. Það er því gert ráð fyrir, að hækkun á byggingarstyrknum nemi 400 þús. til nýbýla og 1 millj. til annarra býla. Og eins og ég sagði áðan, er gert ráð fyrir, að aukin útgjöld vegna þessa frv. nemi 12 millj. 850 þús. Þetta er vitanlega áætlun, þetta gæti orðið meira á hverju ári, því að það er ekki vitað nema þessi lög hafi þau áhrif að ýta undir ræktunina meira en verið hefur áður, þannig að 25 ha. markið náist fyrr en jafnvel þessi lög gera ráð fyrir, og er þá vitanlega ekki nema gott um það að segja.

Ég sagði áðan, að það væru 3500—3800 jarðir, sem mundu njóta góðs af þessum lögum. En það eru 438 jarðir með túnstærð frá 2.5—5 hektara og eru þannig settar, að þær hafa alls ekki 25 ha. af ræktanlegu landi og geta þess vegna aldrei fengið 25 ha. tún. En sem betur fer er þetta minni hlutinn, talið, að það séu 438 jarðir með slík smátún, en sennilega ekki nema helmingurinn af þessum býlum, sem ekki getur vegna landleysis fengið sæmilega túnstærð, frá 20 jafnvel upp í 25 ha.

Það er enginn vafi á því, að okkur ber nauðsyn til að ýta undir ræktunina, jafnvel þótt við stefndum ekki hærra en að framleiða matvæli fyrir innanlandsmarkaðinn. Þjóðinni fjölgar, eins og áður hefur verið á minnzt, og ef framleiðslan hætti að vaxa, væru ekki nema örfá ár, þangað til við hefðum ekki nægilegar mjólkurafurðir. Þótt við nú flytjum dálítið út af mjólkurdufti og jafnvel smjöri, yrðu ekki nema kannske 3—4—5 ár, þangað til það væri kominn skortur á þessum vörum, ef við höldum ekki áfram að rækta og auka framleiðsluna. Og það yrðu ekki heldur nema tiltölulega fá ár, þangað til okkur færi að vanta kjöt. Þetta munu allir sjá, sem setja sig inn í þessi mál, og skilja það, að ræktun er mjög þýðingarmikil fyrir landið, ekki aðeins túnræktunin, heldur þarf einnig og jafnvel ekki síður að stuðla að því, að bithaginn verði ekki skemmdur. Og það hefur orðið mikið tjón fyrir bændur nú 2 síðustu árin, að það virðist svo sem það sé orðið of margt sauðfé í högunum. Það hefur verið byrjað á því, þótt það sé ekki í stórum stíl, að auka beitarþol afrétta og heimahaga með því að dreifa áburði úr flugvélum. Það eru ekki nema 3—4 ár síðan þetta byrjaði og í fyrstu í smáu, en það hefur farið vaxandi. Fyrst var byrjað með eina flugvél, en á s. l. ári var keypt önnur flugvél, og eru þær nú tvær, sem geta unnið að dreifingu áburðar, og þannig verður að því stefnt, að dreifing áburðar úr lofti yfir bithaga, heimahaga og afréttir geti aukizt. Og þá kemur einnig til greina að dreifa fræi úr lofti yfir bithaga, og er þá enginn vafi á því, að með þessum hætti má auka beitarþolið til mikilla muna frá því, sem verið hefur.

Það er ekki langt síðan Sturla Friðriksson skrifaði merka grein um þetta og taldi, að með því að auka beitarþolið í afréttum og heimahögum og nota ræktað land til sauðfjárbúskapar, ekki síður en til nautgriparæktar, geti Íslendingar haft margar milljónir sauðfjár í landinu í staðinn fyrir rúmlega 800 þús., eins og er nú. Og það er vissulega ánægjulegt til þess að vita, að við höfum þessa möguleika, og það eru fleiri og fleiri að átta sig á því, hversu geysilega þýðingarmikið þetta getur verið fyrir þjóðina. Það er stutt síðan menn töldu, að með því að rækta landið væri nauðsynlegt og sjálfsagt að hafa eingöngu nautgripa- og mjólkurframleiðslu á þessu ræktaða landi. En það er einnig og ekki síður arðvænlegt að nota ræktaða landið til sauðfjárræktar. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, við höfum reynsluna fyrir því, og það er enginn vafi á því, að ef Íslendingar gætu aukið sauðfjárræktina og við færum að hafa hér milljónir fjár í landinu í staðinn fyrir hundruð þúsunda og gætum gert ullina og gærurnar að þeirri ágætisvöru, sem hún raunverulega er, með því að vinna þetta í landinu, þá gæti útflutningur landbúnaðarvara orðið þýðingarmikill liður í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Það er enginn vafi á því, að skilningur á þessum málum hefur stórum aukizt nú upp á síðkastið, og það er enginn vafi á því, að því almennari sem sá skilningur er og verður, því auðveldara verður að hrinda framfaramálum landbúnaðarins fram og lyfta grettistökum á þessu sviði.

Landbúnaðurinn mun verða mikill þáttur og vaxandi í þjóðarbúskapnum. Landbúnaðarvörurnar munu verða í framtíðinni stór og vaxandi liður í útflutningsframleiðslunni og gjaldeyristekjum þjóðarinnar, og því fólki, sem vinnur og vill vinna við landbúnaðinn, mun fara fjölgandi. Það er talið, að nú vinni við landbúnað aðeins um 15% af þjóðinni. Það má vel vera, að þetta hlutfall eigi eftir að skekkjast eitthvað enn, vegna þess að fólkinu fjölgar, og að meiri hlutinn af fjölguninni þrátt fyrir stefnubreytingu muni lenda í þéttbýlinu. En það væri alveg fráleitt að hugsa sér það, að öll fjölgunin lenti í kaupstöðunum, því að ef öll fjölgunin lenti í kaupstöðunum, yrði um næstu aldamót e. t. v. ekki nema 7—8% af þjóðinni, sem ynni að landbúnaði, og það væri útilokað, að sá litli hópur, það litla hlutfall af þjóðinni, gæti brauðfætt hana eða fullnægt eftirspurninni eftir landbúnaðarvörum.

Við erum skammt á veg komnir í ræktun, Íslendingar, sem eðlilegt er, því að það er ekki langt síðan ræktunarbúskapur hófst á Íslandi. Það er ekki langt síðan hér voru lítil og kargaþýfð tún kringum bæina, sem voru girt með hlöðnum görðum, ýmist úr grjóti eða torfi eftir því, hvort grjótið var handhægt eða torfið, og engjabúskapur var það, sem þjóðin bjó við. Það var slegið með orfum og rakað með hrífum, og framleiðslan var lítil af eðlilegum ástæðum, miðað við þann mannafla, sem að henni vann. En það verður þó að segja, að síðustu áratugina hefur þjóðin ræktað, og nú er ræktað árlega nærri 4000 ha., og má ætla, að við síðustu áramót hafi

túnin verið um 85 þús. ha., eða 850 ferkm. Hins vegar er talið, að það sé vel ræktanlegt til túns 25 þús. ferkm og það sé vel mögulegt að gera að samfelldum gróðri og jafnvel túni 45 þús. ferkm. En þá er komið í 500—600 m hæð, og þá fer vitanlega að verða erfiðara til gróðurs og ræktunar. En miðað við það, að við höfum 25 þús. ferkm af vel ræktanlegu landi, en höfum í dag aðeins 850 ferkm., þá sjáum við, hvað við eigum mikinn forða til ræktunar og hversu þjóðin er rík á þessu sviði miðað við t. d. aðrar þjóðir, sem hafa ræktað hvern fermetra í sínu landi og nýtt til fullnustu alla þá möguleika, sem landið hefur yfir að ráða, og verða af þeim ástæðum að flytja úr landi sem svarar árlegri fjölgun, eins og ýmsar Evrópuþjóðir gera.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Hv. alþm. þekkja þetta frv. og þekkja þetta, sem hér hefur verið lýst, og ég vona, að það sé enginn ágreiningur um að gera þetta frv. að lögum, og ég reyndar veit það, að við erum sammála um, að þetta er stórt framfaraspor. Og jafnvel þótt ýmsir hefðu tilhneigingu til að segja: Styrkurinn á að vera meiri en hér er lagt til, — þá er ég sannfærður um, að við erum sammála um, að hér er stigið stórt spor í framfaraátt og stærra en áður hefur verið gert á þessu sviði.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn. að lokinni þessari umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hélt hér ræðu almennt um landbúnaðarmálin. Ég hafði ekki ætlað mér að ræða landbúnaðarmálin almennt eða stefnuna í þeim í sambandi við þetta frv., en mun þó gera það nokkuð hér á eftir, vegna þess að hæstv. ráðh. ræddi málin talsvert almennt. En áður en ég kem að því að ræða nokkuð um stefnu hæstv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, og svo rifja dálítið upp stefnu Framsfl. í þeim málum, þá vil ég víkja fyrst að þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil fyrst minna á, að Framsfl. innleiddi hér þá stefnu að greiða mun hærra jarðræktarframlag til þeirra, sem skemmra voru á veg komnir með ræktunina. Og þessi stefna hefur síðan þróazt áfram í áföngum. Fyrst var þetta miðað við 5 ha., að þeir fengju mun meiri stuðning, sem höfðu ekki komið túnum sínum upp í 5 ha. Síðan var það miðað við 10 ha., þá við 15 ha., og nú er ætlunin að miða þetta við 25 ha. Þetta hefur orðið mjög gagnlegt fyrir landbúnaðinn og fjölda bænda, eins og að líkum lætur, og var hið merkasta mál, þegar inn á þessa braut var farið. Framsóknarmenn hafa haldið áfram að berjast fyrir því, að þessi þróun gengi áfram í þá átt, og m. a. lagt á þessu Alþingi fyrir hv. Ed. frv. til l. um breyt. á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. varðandi þessi efni.

Í því frv. eru þrjú atriði. Í fyrsta lagi að hækka ríkisframlag til bygginga, íbúðarhúsabygginga í sveitum, úr 50 þús. í 60 þús. til samræmis við aukna dýrtíð. Í annan stað að færa hámarkið úr 15 ha. í 25 ha., þeirra túna sem fengju sérstakan stuðning, fengju aukið ræktunarframlag úr ríkissjóði. Og í þriðja lagi að auka stuðninginn sjálfan úr 50% af ræktunarkostnaði í 65% af ræktunarkostnaði.

Nú liggur það fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp tvö af þessum atriðum, sem Framsfl. hefur lagt til í sínu frv. Í þessu frv., sem nú liggur fyrir, eru tvö af þessum atriðum tekin upp, sem sé að hækka ríkisframlag til íbúðarhúsabygginga í sveitum úr 50 þús. upp í 60 þús. og að hækka hámarkið, sem er mjög þýðingarmikið mál, úr 15 ha. upp í 25 ha. En ég sakna þess, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki líka taka upp þriðja atriðið úr frv., sem sé það að auka framlagið úr 50% í 65%, því að sannleikurinn er sá, að það er lífsnauðsyn að auka jarðræktarframlögin verulega frá því, sem þau eru nú, og kem ég að því síðar í sambandi við það, sem ég ræði almennt um landbúnaðarmálin. En það er stefna Framsfl. og mjög þýðingarmikið atriði í hans stefnu að auka jarðræktarframlögin verulega, ekki aðeins til þess að koma túnum upp í 25 ha., heldur einnig í öðrum greinum, eins og líka mun koma fram í sambandi við umr. um það mál, sem næst er á dagskrá, en það er um breytingu á sjálfum jarðræktarl. Í samræmi við þessa stefnu hefur Framsfl. lagt áherzlu á að hækka framlagið úr 50% af ræktunarkostnaði upp í 65%.

Ég tók eftir því, að hæstv. landbrh. sagði í sinni ræðu, að það væri stefna stjórnarinnar, að þeim fjölgaði, sem búa í sveitunum, — ég heyrði a. m. k. ekki betur en hæstv. ráðh. segði þetta, — og stjórnin vildi stuðla að eflingu landbúnaðarins. Þessar yfirlýsingar gaf hæstv. ráðh. og lagði dálítið út af þeim. En ég verð að benda í fáeinum orðum á, hvernig málefnum landbúnaðarins er komið, og þá ekki sízt vegna stjórnarstefnunnar, vegna þess, hvernig stjórnarstefnunni hefur verið breytt. Ég held, að það sé alveg einróma álit allra, sem til þekkja í sveitunum, að landbúnaðurinn sé nú kominn í hina alvarlegustu úlfakreppu, ef svo mætti að orði komast, og það hafi þrengt stórkostlega að landbúnaðinum á undanförnum árum vegna þess, hvernig að honum hefur verið búið af hálfu ríkisvaldsins þennan tíma.

Og þá kemur spurningin: Hvað hefur raunverulega gerzt, hvað hefur verið gert, hvers vegna á landbúnaðurinn svona erfitt? Í fyrsta lagi er hér um að ræða að sjálfsögðu afleiðingar af þeirri almennu dýrtíðarstefnu, sem haldið hefur verið uppi. Stofnkostnaður í landbúnaði hefur hækkað óðfluga, hækkað með ofsahraða, gífurlega. Kostnaður við ræktun, byggingar, vélakaup og hvað eina, sem til landbúnaðarins þarf, hefur hækkað með ofsahraða. Jafnframt hefur allt það, sem þarf að kaupa til rekstrarins, einnig hækkað, áburður, fóðurbætir og hvað eina, sem nöfnum tjáir að

nefna. Og það, sem hefur svo skeð, er einfaldlega þetta, að þessi gífurlega hækkun á stofnkostnaði í landbúnaðinum og þessi gífurlega hækkun á öllu því, sem þarf að kaupa til landbúnaðarins, þessi hækkun hefur ekki fengið að koma inn í verðlagið á landbúnaðarafurðunum. Það hefur verið staðið á móti því, að þessi hækkun kæmist inn í verðlagið á landbúnaðarafurðunum, og enginn vafi leikur á því, að þar hefur hæstv. ríkisstj. líka verið að verki með, að þetta hefur ekki komizt inn í landbúnaðarverðið. Og þetta gengur svo langt, eins og glöggt er sýnt fram á af fulltrúum landbúnaðarins, Stéttarsambandsins sérstaklega, að jafnvel hækkun á rekstrarliðum fæst ekki tekin til greina. Þetta hefur svo að sjálfsögðu haft þau áhrif, að kaup bændanna er lægra en það á að vera, því að að því leyti sem þessi kostnaður hefur ekki fengizt tekinn til greina í verðlaginu, gengur það beint út yfir kaup bændanna og verður frádráttur af kaupi þeirra. Niðurstaðan verður því sú, að þeir bera ekki það úr býtum fyrir störf sín, sem þeir eiga að fá samkv. gildandi lögum um verðlagningu landbúnaðarafurða, þar sem meginstefna laganna er sú, að þeir skuli hafa sambærilegar tekjur við aðrar stéttir, sem þar er nánar tilgreint. Þeir bera ekki þetta úr býtum, vegna þess að þeir hafa ekki getað komið því fram, að dýrtíðarvöxturinn á stofnkostnaðinum og rekstrarkostnaðinum, sem eru afleiðingar stjórnarstefnunnar, fengist tekinn inn í verðlagið.

Ævinlega þegar um þetta er rætt, rís hæstv. landbrh. upp og segir, að það hafi verið gert ýmislegt til bóta í verðlagsmálunum, sem manni skilst að eigi að verða til þess, að bændur sætti sig við þetta. Hann nefnir í því sambandi oft, að það hafi verið komið á útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðum, og það er náttúrlega rétt, að þetta hefði staðið jafnvel enn verr núna, ef það hefði ekki verið gert. Enn fremur bendir ráðh. á, að það hafi verið tekinn upp sá háttur að umreikna oftar verðlag miðað við kaupgjaldsbreytingar. Þetta er líka rétt. Það er líka rétt hjá honum, að það hefði staðið enn þá verr en það stendur núna, ef þetta hefði ekki verið gert. En bændur lifa ekki á því út af fyrir sig, þó að slíkar leiðréttingar hafi verið gerðar, ef önnur atriði ganga þeim svo í óhag, að útkoman verður þrátt fyrir þetta miklu verri en áður. En þrátt fyrir þessar leiðréttingar, sem hæstv. ráðh. dvelur ætíð við, þegar rætt er um þessi mál, er þannig komið þessum málum, að þar hefur skapazt stórkostlega vaxandi ósamræmi bændunum í óhag, þrátt fyrir þessar ráðstafanir.

Það verður að gera dæmið upp í heild og horfast í augu við þessi efni, eins og þau liggja fyrir. Þetta er ekki það, sem ég hef fundið út, þessar staðreyndir, sem ég er að minna á. Þetta er það, sem bændasamtökin hafa sýnt fram á með alveg óyggjandi dæmum og allir eru sammála um, sem nálægt þessum málum koma, hvar í flokki sem þeir standa. Þeir eru allir sammála um, að þróunin í þessum efnum hafi orðið landbúnaðinum hættuleg og ástandið sé afar alvarlegt. Og þar er náttúrlega ekki sízt orsakanna að leita í þeirri ofboðslegu dýrtíðarholskeflu, sem reist hefur verið og velt yfir þjóðina og hefur sennilega komið verr við landbúnaðinn en nokkra aðra starfsgrein og verr við bændurna en nokkra aðra stétt vegna þess, hvað þeir þurfa að leggja í gífurlega mikinn stofnkostnað í hlutfalli við þær tekjur, sem þeir geta haft. Þessi óskaplega aukning á stofnkostnaði í landinu, þ. á m. í landbúnaði, kemur sennilega verr við þá en nokkra aðra.

Það er svo eitt atriði í þessu einnig, að með þessu er auðvitað dregið algert járntjald á milli þeirra, sem voru búnir að búa um sig, áður en þessi stjórnarstefna var tekin upp, og hinna. En það er ekki hægt að miða verðlag eða dæma um afkomu bændastéttarinnar í heild eftir því, hvernig þeim vegnar, sem búnir voru að byggja upp vænleg bú og koma sér fyrir á heppilegasta hátt fyrir viðreisn. Hinir þurfa líka að lifa. Eða er það meiningin, að öll þróun í landbúnaðinum eigi að stöðvast og ekki eigi að miða þessi mál við það, að nokkur eigi sér nokkurrar viðreisnar von, sem þarf að leggja verulega í stofnkostnað, eins og nú er komið, eða er að byrja búskap? Það þýðir ekkert að standa sífellt og vitna í þá, sem eru handan við járntjaldið í þessu tilliti, járntjald viðreisnarstefnunnar. Það verður að horfast í augu við hlutina, eins og þeir eru, og miða þessi mál við þá, sem þurfa að búa við núverandi stofnkostnað í búskap.

Nú eru bændur ákaflega uggandi út af þessu og eru með ýmsar ráðstafanir til að fá fram leiðréttingar og bjarga landbúnaðinum frá því, sem þeir telja bráðan háska. Og nú heyri ég, að hæstv. ráðh. segir, að ríkisstj. hafi áhuga fyrir því, að landbúnaður geti ekki aðeins haldið áfram, heldur einnig þróazt, og þá er fyrsta spurningin: Hvað ætlar ríkisstj. að gera? Og ég spyr um það af því, að hæstv. landbrh. fór að flytja hér einhvers konar stefnuræðu í landbúnaðarmálum, notaði tækifærið til þess, og því spyr ég: Hvað ætlar ríkisstj. að gera í verðlagsmálum landbúnaðarins?

Við vitum, að Stéttarsamband bænda hefur farið fram á það við hæstv. landbrh., að hann beiti sér fyrir breytingum á verðlagslöggjöfinni, og ég hygg, að það sé heldur ekkert leyndarmál, að stjórn Stéttarsambandsins hefur farið fram á þetta. Og þá kemur spurningin: Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera í verðlagsmálum landbúnaðarins? Ætlar hún að láta sitja við þetta eins og er eða ætlar hún að gera þar úrbætur, eitthvað í samræmi við þær óskir, sem Stéttarsambandið hefur beint til hæstv. ríkisstj.?

Þá er annað atriði, sem ég vil nefna í sambandi við þessa feiknalegu breytingu til hins verra, sem orðið hefur í landbúnaðinum, og það er varðandi lánakjör landbúnaðarins. Ég gat um það áðan, að fjármagnsskorturinn, þ. e. a. s. stofnkostnaður í landbúnaði, væri gífurlega hár, og það vitum við öll. Hann er óskap-

lega hár, og sennilega hefur það meiri áhrif í landbúnaði en í flestum öðrum atvinnugreinum, upp á hvaða lánskjör boðið er, við hvaða lánskjör menn þurfa að búa. En núv. ríkisstj. hefur, á sama tíma sem stofnkostnaðurinn hefur hækkað svona gífurlega, innleitt hér í landinu miklu verri lánskjör fyrir bændur en áður áttu sér stað. Íbúðarlán, sem áður voru fáanleg með 3½% vöxtum, kosta nú 6% vexti, og lán úr ræktunarsjóði, sem tekin eru til útihúsabygginga og ræktunar, voru á 4%, en munu nú vera 6—6½%. Lánskjör hafa versnað alveg gífurlega í landbúnaðinum, á sama tíma sem stofnkostnaðurinn hefur hækkað, svo sem ég var að lýsa. Þar af leiðandi þurfa menn að taka miklu, miklu hærri lán en áður með miklu, miklu hærri vöxtum. Og ekki nóg með það, heldur bætist það svo ofan á, að þessir nýju vextir fást ekki einu sinni á fullnægjandi hátt teknir til greina inn í verðlagið og alls ekki miðað við þann stofnkostnað, sem nú er orðinn í landbúnaðinum, svo að það má nærri geta, hvaða áhrif þetta hefur á afkomu bændastéttarinnar og landbúnaðarins. En ofan á þetta hefur því svo verið bætt, að til þess að fá þessi verri lán, svona miklu verri lán en áður átti sér stað, þurfa menn að borga aukaskatt, sem áður kom ekki til greina og mun nema á ári eitthvað í kringum 2500 kr. á meðalbú, a. m. k. einhvers staðar frá 2000—2900 kr. Hér er um tugþúsundir að ræða í aukin útgjöld fyrir meðalheimili, í verri lánskjörum og sköttum, og þetta fæst alls ekki tekið inn í verðlag landbúnaðarvaranna.

Þegar verið er að ræða um þessi mál, er blandað inn í þessi efni fjárhagsafkomu stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það, sem mestu skiptir fyrir bændurna og landbúnaðinn, er það, hvaða lán þeir geta fengið og með hvaða vöxtum. Það er það, sem mestu skiptir máli: Hvaða lán geta þeir fengið og með hvaða vöxtum? Áður voru fáanleg lán með þessum lágu vöxtum, nú aðeins með háu vöxtunum og skattur innheimtur að auki. Þetta er dæmið, eins og það snýr við bændunum. Þetta er það, sem þá varðar. En það bætist svo ofan á, að þessi skattur, sem innheimtur er af bændunum til lánasjóðanna, er raunverulega notaður til að greiða gengistöp, sem lánasjóðir landbúnaðarins urðu fyrir, sem eru þó hliðstæð því, sem það opinbera greiddi fyrir aðra sjóði. Þegar ráðstafanir voru gerðar til að gera upp gengistöpin við gengislækkanirnar, var það opinbera látið taka á sig gengistöp í opinberum sjóðum og stofnunum, nema fyrir lánasjóði landbúnaðarins. Þau gengistöp voru skilin eftir ógreidd og sjóðirnir látnir greiða þau sjálfir, þ. e. a. s. í raun og veru eru gengistöpin greidd af þessum skatti, sem innheimtur er af bændunum.

Það er undarlegt, ef þjóðfélagið hefur ekki ráð á því núna að veita landbúnaðinum aðgang að jafngóðum lánum og fyrir árið 1958, og auðvitað eru full ráð til þess, en það vantar skilninginn og það vantar viljann. Það er auðvitað ekkert einfaldara en að þjóðfélagið í heild taki á sig það, sem þarf, til þess að landbúnaðurinn geti haft a. m. k. hliðstæð lánskjör og áður. Og ég er sannfærður um, að það er eitt af því, sem þarf og verður að gera, ef sæmilega á að takast til í framtíðinni.

En það er fleira, sem komið hefur til, og mun ég þó ekki minnast á allt í sambandi við stefnuna í landbúnaðarmálum á síðustu árum, sem veldur vandkvæðum og veldur þessari stórfelldu breytingu, sem orðið hefur. Bein framlög hafa verið lækkuð og farið lækkandi ár frá ári, vegna þess að jarðræktarframlagið skv. jarðræktarlögunum hefur verið látið standa óbreytt í krónutölu. Þannig hefur farið ört lækkandi það, sem ríkið hefur lagt fram beint til þessarar uppbyggingar, og gengur þetta auðvitað alveg í öfuga átt, eins og ég skal koma að, þegar ég fer nokkrum orðum um, hvaða úrræði Framsfl. bendir á í landbúnaðarmálum.

Það væri hægt að nefna mjög marga fleiri þætti, en ég læt nægja að nefna aðeins einn þátt í viðbót, sem er mjög þýðingarmikill, og það eru afurðalánin til landbúnaðarins, en þau eru í raun og veru rekstrarlán landbúnaðarins. Þau hafa verið lækkuð stórkostlega frá því, sem áður var, eins og margsinnis hefur verið upplýst á hv. Alþingi, lækkuð úr 67% og niður í 55%, og þó mun meira vegna fyrirkomulagsbreytinga. Þar að auki hefur verið dregið gífurlega úr fyrirframlánunum út á væntanlegar afurðir, þ. e. a. s. rekstrarlánunum til landbúnaðarins, sem veitt eru frá því í marz og fram á haustið, og það svo, að þær stofnanir, sem hafa milligöngu um þessi rekstrarlán fyrir bændurna, eiga í hinum mestu erfiðleikum, og verður áreiðanlega að gera sérstakar ráðstafanir til að breyta stefnunni í þessum málum, ef ekki eiga að verða stóróhöpp í þessu sambandi.

En þá kemur spurningin: Hvaða aðferðir eru líklegastar til þess að komast út úr þessari sjálfheldu? Ég vil fara um það örfáum orðum. Í fyrsta lagi verður alveg tvímælalaust að taka verðlagsmál landbúnaðarins nýjum tökum. Það verður að hækka verðið á landbúnaðarafurðunum, sem bændur fá. Um það er ekkert að efast. Þetta getur ekki staðizt eins og er. Allar skýrslur sýna, að bændur fá ekki sinn rétt í þeim málum, og nefni ég þessi mál fyrst. Á hinn bóginn er það augljóst mál, að ekki verður allur vandi landbúnaðarins, eins og nú er komið, leystur á þann hátt einan að hækka landbúnaðarverðlagið. Þess vegna vil ég nefna næst aukin bein framlög af almannafé til að standa undir uppbyggingunni í sveitunum. Það er enginn vafi á því, að það er lífsnauðsyn að auka mjög bein framlög til uppbyggingarinnar í sveitunum, ef nokkur von á að vera um viðunandi leiðréttingar í þessum efnum. Og í þessa átt flytja framsóknarmenn ýmis frv. og till., m. a. þá till., sem stjórnin hefur nú tekið upp í þessu frv., að hækka hámarkið hjá þeim, sem fá hærra jarðræktarframlagið, upp í 25 ha., og till. um að auka framlagið á ræktunina í þeim tilvikum úr 50% í 65%.

Enn fremur nefni ég í þessu sambandi frv. framsóknarmanna um breytingu á jarðræktarl., sem ég mun gera að umtalsefni í sambandi við næsta mál hér á dagskránni, en þar er gert ráð fyrir að auka mjög framlög til ýmissa þýðingarmikilla landbúnaðarframkvæmda.

Þá verður einnig alveg tvímælalaust að auka mjög beinan stuðning við nýbýlamyndun í landinu og landnám. Það má heita alveg óhugsandi, að nokkur maður geti komið upp nýbýli í sveit, eins og nú er orðið háttað stofnkostnaði og lánakjörum, nema með því að fá stóraukin framlög frá því, sem nú er gert ráð fyrir. Á þetta jafnt við, hvort menn hugsa sér að byggja nýbýli upp í landnámi ríkisins, sem kallað er, eða einstök býli.

Þá vil ég nefna bætt stofnlán. Eins og nú er komið í landbúnaðinum, verður að keppa að því að fá lengri lán en áður hafa komið til, — stofnkostnaðurinn er orðinn svo gífurlegur miðað við tekjuvonirnar, jafnvel þótt verðlag afurða verði bætt, — og mun lægri vexti. Við höfum lagt fram frv. um þessi efni, fleiri en eitt, eins og kunnugt er, hér á hv. Alþingi. Enn fremur þarf að gefa kost á lánum til bústofnskaupa með viðráðanlegum kjörum, og höfum við einnig lagt fram frv. um það efni, sem liggur fyrir hv. Ed. Þá verður alveg óhjákvæmilegt að auka mjög afurðalánin frá því, sem þau hafa verið undanfarið, bæði fyrirframlánin og haustlánin, ef stofnunum bændanna á að verða unnt að veita þeim þá þjónustu varðandi innkaup á rekstrarvörum framan af árinu og útborgun á afurðaverði, sem bændur eiga réttmæta kröfu til. Bændur eiga réttmæta kröfu til þess, að þjóðfélagslega sé búið þannig að bændastéttinni, að stofnunum hennar sé mögulegt að veita rekstrarlán til þess að kaupa nauðsynjar til búrekstrar og til þess að greiða verð afurðanna út, jafnóðum og þær eru lagðar inn.

Það mætti nefna mörg fleiri atriði. Ég nefni þessa meginþætti. Það eru verðlagsmálin, það eru stóraukin bein framlög til uppbyggingar í landbúnaðinum, og það eru aukin og bætt lán. Það mætti nefna einnig í þessu sambandi félagsleg stórátök, sem þyrftu að eiga sér stað og sérstaklega til framræslu, ekki aðeins til að breyta aðstöðunni til ræktunar, heldur einnig til beitar, og er þá einnig komið inn á landgræðslumálin, sem ég skal ekki gera í þessu sambandi.

Loks má nefna eitt alveg stórfellt málefni og það er aukin samvinna í búrekstrinum, sem tvímælalaust verður tekin upp og þyrfti að styðja og greiða fyrir, til þess að bændur gætu átt þar leið frá vandamálum einyrkjabúskaparins með meiri samvinnu við sjálfan búrekstrinn. Fleira mætti að sjálfsögðu nefna, en ég skal ekki fara út í það hér.

Það leiðir af því, sem ég hef þegar sagt, að framsóknarmenn munu styðja þetta frv., þar sem í því eru tvö atriði af þremur úr því frv., sem þeir hafa lagt fram um þessi efni í Ed., en við munum líka freista þess að fá lagfæringar á frv., a. m. k. munum við freista þess að fá inn í frv. ákvæði um að hækka framlögin upp í 65%, og einnig munum við beita okkur fyrir flutningi fleiri brtt. Það verður ákveðið, á meðan málið er í nefnd.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður taldi, að þetta frv. væri gott, a. m. k. að því leyti sem það væri líkt frv. hv. framsóknarmanna, sem þeir hafa flutt á þessu þingi. Það, sem hv. þm. finnur helzt að því, er, að styrkurinn skuli ekki vera hærri, 65% í staðinn fyrir 50. Það var svo að skilja sem hv. þm. teldi, að þetta frv. væri nú fram komið jafnvel vegna þess, að framsóknarmenn hafi markað sporin og stefnuna í þessum málum. Ég vil aldrei gera lítið úr því, sem er vel gert og rétt gert. Ég hef verið að fletta upp í umr. frá 1957, sem fóru fram, þegar ákveðið var að hækka markið úr 5 ha. upp í 10 ha. Og það má sjá það í Alþingistíðindunum, að hv. framsóknarmönnum fannst það ákaflega stórt og merkilegt spor, sem þá var stigið til framfara í ræktunarmálum landsins. Síðan eru nokkur ár. Það eru 6 ár, síðan sú breyting var gerð, og það gerist vitanlega margt á 6 árum, m. a. það, að 1957 voru hv. framsóknarmenn í ríkisstj. og hv. 1. þm. Austf. gætti þá að ríkiskassanum, að það væri ekki of mikið úr honum tekið, og við þær aðstæður þótti ekki fært að stíga sporið hærra en 10 ha.

Þegar þessi mál voru til umr. þá, hafði þáv. forsrh. og landbrh., Hermann Jónasson, framsögu í málinu og talaði oftar í því, og það voru umr. um málið af eðlilegum ástæðum. Hv. fyrrv. þm. A.-Húnv., Jón Pálmason, vildi ganga lengra í þessum málum en þá þótti fært, en frsm. taldi, að það væri ekki raunhæft að vera með óskalista og byggja sínar ræður út frá því. Það yrði að gera sér grein fyrir, hvað væri fært að gera hverju sinni og hve miklum útgjöldum ríkissjóður gæti staðið undir. Ég geri ráð fyrir því, að ýmsir hv. framsóknarmenn hafi viljað ganga lengra 1957 heldur en í 10 ha. markið, en það þótti ekki fært að láta meira úr ríkissjóði þá heldur en þetta, og sumir hv. framsóknarmenn töldu, að þetta væri svo mikilvægt og stórt spor og merkilegt, að það birtust margar greinar um það í Tímanum, og ýmsir framsóknarmenn vildu láta stimpla sig sem sérstaka framfara- og velgjörðarmenn sveitanna, að koma nú svona langt til móts við þarfir bænda.

En hér erum við að ræða um það í alvöru að lögfesta aukinn stuðning upp að 25 ha. stórum túnum, og ég segi: það er gott, að svo er komið. Það er raunhæfur stuðningur við ræktun í landinu og raunhæfur stuðningur við smábýlin og þá, sem erfiðast eiga. Og í sjálfu sér er ekkert undarlegt, þótt hv. 1. þm. Austf. sé nokkuð svartsýnn á landbúnaðarmálin, þar sem hann er nýkominn úr sínu eigin kjördæmi, sem hefur orðið illu heilli aftur úr hvað framfarir snertir í ræktun og búnaði. Þó er Fljótsdalshérað, að manni sýnist, þegar maður kemur þangað, eitt bezta landbúnaðarhérað. En

ég skal viðurkenna, að ég hef ekki nægilega þekkingu á staðháttum þar eystra til að gera mér grein fyrir, hvers vegna þeir hafa orðið svo aftur úr í ræktun og búnaði miðað við aðra landsfjórðunga og önnur héruð, og sem betur fer er ástandið ekki eins slæmt víða annars staðar um landið, eins og sagt er, að það sé í þessum landshluta.

Hv. 1. þm. Austf. sagði, að ástæður landbúnaðarins væru geigvænlega slæmar nú og verri en nokkru sinni fyrr vegna stjórnarstefnunnar, vegna dýrtíðarstefnunnar, sem núv. ríkisstj. hafi markað, enda kæmi dýrtíðin e. t. v. harðast niður á landbúnaðinum. Ég er samþykkur því, að dýrtíðin er ekki til blessunar fyrir landbúnaðinn, og bændurnir hafa ekki kynt undir henni. En hafa bændur átt stuðningi að fagna hjá hv. 1. þm. Austf. í baráttu gegn dýrtíðinni síðustu árin? Má það vera, að hv. 1. þm. Austf. hafi verið baráttumaður gegn dýrtíð síðustu árin? Ég hygg, að það sé flestum ljóst, að hann ásamt öðrum í stjórnarandstöðunni hafi miklu fremur beitt sér fyrir dýrtíðarvagninn og hvar og hvenær sem hann hefur haft tækifæri til hjálpað til að kynda undir dýrtíðinni. Og bændur hafa tekið eftir þessu og vita um þetta. Og það er hægt að finna þessum orðum stað, ef þess verður óskað síðar.

Hv. þm. fullyrti hér áðan, að bændur hafi á engan hátt fengið verðlagningu sinna afurða í samræmi við dýrtíðina. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að bændur hafi í rauninni aldrei fengið nægilega hátt verð. Hins vegar er ég sannfærður um það, að bændur hafa fengið ýmiss konar leiðréttingar á verðgrundvellinum frá því, sem áður hefur verið, og að nú síðari árin hafa þeir fengið grundvallarverðið, sem þeir fengu ekki áður. Það dugir ekki fyrir hv. 1. þm. Austf. að tala hér í hv. Alþingi í þeim dúr, að bændur hafi, áður en núv. ríkisstj. kom til valda, búið við einhver sældarkjör og betri kjör en aðrar stéttir þessa þjóðfélags. Það er þýðingarlaust að halda því fram, að bændur hafi lifað einhverju sældarlífi, á meðan hv. 1. þm. Austf. var í stjórn, og allt hafi gengið verr síðan hann komst í stjórnarandstöðu. Ég hygg, að bændur hafi gert sér grein fyrir því, hvað að þeim snýr, og þeir eru fullkomlega færir um að gera samanburð á kjörum sínum nú og kjörum sínum áður. Og bændur eru þess vegna ekki sammála hv. 1. þm. Austf., þegar hann heldur því fram, að bændastéttin sé nú að falli komin vegna þess, hve að henni hefur verið kreppt, og hún hafi aldrei fundið eins tilfinnanlega til þess og nú, að ýmislegt skortir á það, sem æskilegt er að hafa.

Það mátti jafnvel skilja ræðu hv. 1. þm. Austf. þannig, að ríkisstj. hafi verið einhver hemill á verðlagningu landbúnaðarvara. Ef einhver vildi halda því fram, væri það mikil ósanngirni í garð ríkisstj., því að ríkisstj. hefur ekki haft afskipti af verðlagningunni, enda hefur verðlagningin farið fram samkv. lögum um það efni. Og ég vil minna hv. þm. á, að það er ekki lengra síðan en haustið 1962, sem samkomulag varð í 6 manna nefnd um verðlagninguna. Það varð samkomulag í 6 manna nefnd haustið 1962 um verðlagninguna, og var þá talið, að bændur fengju leiðréttingu á grundvellinum, sem svaraði 6%.

Mér þykir hv. 1. þm. Austf. deila nokkuð hart á flokksbræður sína í 6 manna nefnd, ef hann vill halda því fram, að ríkisstj. hafi neytt þá til samkomulags um verðlagninguna haustið 1962. Það varð samkomulag haustið 1962, vegna þess að bændur fengu þá nokkra leiðréttingu frá því, sem áður var, og þeir, sem fóru með málstað bændanna við verðlagninguna, töldu óforsvaranlegt annað en að semja, þegar það stóð til boða. Haustið 1963 varð ekki samkomulag, og fór málið í yfirdóm. Hins vegar liggur það skjalfest fyrir, að þá var eigi að síður gerð leiðrétting á grundvellinum, sem svarar 6—7%. Hvernig má það vera, að bændur séu nú verr settir í verðlagningunni en áður var, úr því að það er sannað, að þeir hafa fengið 6% leiðréttingu haustið 1962 og 6—7% leiðréttingu 1963, og er þá vitanlega reiknað með tekjum annarra stétta og kostnaði við búreksturinn, því að annars væri ekki hægt að segja, að það væri leiðrétting? Ég hygg, að þeir, sem vinna í 6 manna nefnd, séu dómbærari á þetta en hv. 1. þm. Austf., þótt ég vilji á engan hátt vefengja hans reikningskunnáttu.

Hv. 1. þm. Austf. og fleiri hv. framsóknarmenn hafa nú um nokkurra mánaða skeið borið fyrir sig fullyrðingar, sem einn bóndi viðhafði í viðtali við Tímann, þegar hann sagði, að landbúnaðarvörurnar hafi ekki hækkað nema um 34% frá því 1958. Þessi bóndi var Hermóður Guðmundsson í Árnesi. Síðan hefur Tíminn oft vitnað í þessi ummæli, og allar ræður og greinar framsóknarmanna hafa verið byggðar á þessum forsendum, þegar um landbúnað hefur verið að ræða. Og það er ekkert undarlegt, þótt útkoman verði dálítið skrýtin, þegar byggt er á þeirri forsendu, að landbúnaðarvörurnar hafi ekki hækkað nema um 34% síðan 1958. Ef þetta væri rétt, var vitanlega hægt að sýna fram á og sanna, að það hefði verið búið verr að bændunum nú en var. Við getum ýmsir verið sammála um það, í hvaða flokki sem við erum, að það sé nauðsynlegt að búa betur að bændunum en nú er gert. En þegar við erum að ræða um þessi mál, þurfum við að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvernig ástandið var áður, og reyna að ræða um þessi mál af rökvísi og byggja á réttum tölum, en ekki röngum.

Ég gæti nú bezt trúað því, af því að ég held, að hv. 1. þm. Austf. sé reikningsglöggur, að hann hafi alla tíð vitað, að tölur bóndans í Árnesi eru rangar. Þess vegna hefur hann ekki sjálfur viljað viðhafa þessa fullyrðingu, heldur hefur hann borið þennan mann fyrir sig. Hann hefur haft hann eins og skjöld fyrir framan sig, þegar hann hefur verið með fullyrðingarnar um það, hversu kreppt hefur verið að bændum nú seinni árin og sérstaklega í verðlagningunni. Og það er náttúrlega ákaflega

þægilegt, það er Hermóður í Árnesi, sem hefur fullyrt þetta, og við skulum þá bara taka það gott og gilt, byggja okkar ræður og greinar, sem um þetta fjalla, á þeim forsendum, að þetta sé rétt. Það væri hugsanlega hægt að fá flesta, sem lesa Tímann, til þess að trúa því, að þessar tölur séu réttar. Þá er tilganginum með áróðrinum náð, ef það væri hægt að fá bændur til þess að trúa því, að það hafi verið betur búið að þeim, þegar framsóknarmenn voru í stjórn, heldur en nú.

En tæplega verður það skynsamari hluti bændastéttarinnar, sem tekur þessi rök góð og gild, því að það vill til, að margir bændur fá Árbók landbúnaðarins og bera tölurnar saman og gera sér að fullu grein fyrir því, hver hækkun hefur orðið á landbúnaðarverðinu á þessum tíma. Hvernig á því stendur, að Hermóður í Árnesi, sem ég hygg að sé mjög glöggur maður, hefur ekki reiknað rétt, það er mér út af fyrir sig ráðgáta. En ef við viljum hafa það, sem satt er í þessu efni, þá vil ég segja það hér, hvað afurðirnar hafa hækkað á þessum tíma.

1958 um haustið er grundvallarverð á einum dilk 380.47 kr. Haustið 1963 er grundvallarverðið 664.15 kr. Hækkunin er 74.56%. Og auk þess hefur ullin á þessu tímabili hækkað um 85.16%, þannig að ef við tækjum sauðfjárafurðir alveg sér, nálgast það að vera 77% hækkun. Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að ég telji þetta út af fyrir sig nægilega hækkun. Ég tel, að þrátt fyrir þetta eigi bændur ýmislegt inni, vegna þess að ýmsir kostnaðarliðir í verðlagsgrundvellinum hafi ekki enn verið teknir að fullu til greina þrátt fyrir leiðréttingarnar, sem ég áður nefndi. En ég segi þetta vegna þess, að ég tel sjálfsagt að byggja á þeim tölum, sem eru réttar, en ekki rangar. Og það getur ekki verið bændum eða landbúnaðinum til neins gagns, að það sé verið að fara með blekkingar, þegar um þeirra hagsmunamál er að ræða.

Ef við tökum mjólkurafurðirnar, er því til að svara, að grundvallarverð mjólkur var 1958 3.92 kr. S. l. haust var grundvallarverðið 6.19 kr. pr. lítra, hækkun 2.27 kr. eða 57.91%. En til viðbótar þessu má geta þess, að 1958 vantaði bændur víða um land 8—10% á grundvallarverðið, sem eykur vitanlega þennan mismun, vegna þess að nú fá bændur grundvallarverðið.

Þetta eru tölur, sem eru teknar upp úr Árbók landbúnaðarins og verða á engan hátt vefengdar, og er sjálfsagt og nauðsynlegt fyrir alla alþm. að vita, hvað er rétt í þessu. Og ég veit, að hv. alþm. eru þannig gerðir, að þeir vilja byggja á því, sem er rétt, en ekki því, sem er rangt. Til viðbótar þessu vitanlega kemur af sjálfu sér einhver hækkun á mjólkina 1. marz n. k., hvað mikil, það skal ég ekki segja um, það hlýtur að vera það, sem nemur kauphækkun bóndans í verðlagsgrundvellinum. Þetta tel ég sjálfsagt að komi fram, þegar hv. 1. þm. Austf. og reyndar ýmsir áður hafa byggt sína málfærslu á algerlega skökkum forsendum, vonandi óviljandi, e. t. v. af pólitískum ástæðum viljandi að einhverju leyti, vegna þess að tækifærið kom upp í greiparnar og mjög freistandi að nota það. Og það gerist nú svo margt í pólitíkinni, að ég skal ekki fara hörðum orðum um hv. 1. þm. Austf., þótt hann hafi að þessu leyti fallið í freistni, en ég veit, að hann er það glöggur, að hann hættir að nota þetta dæmi oftar, jafnvel þótt Hermóður í Árnesi eigi viðtal við hann eða hans blað.

Hv. 1. þm. Austf. talaði hér í spurnartón áðan um það, hvort væri meiningin, að þróun í landbúnaði ætti að stöðvast. Það er vitanlega alls ekki meiningin. Þess vegna er verið að flytja frv. eins og það, sem hér er á dagskrá. Það er verið að koma í veg fyrir, að þróunin stöðvist, þ. e. vinna að því, að þróunin verði eðlileg og æskileg í landbúnaðinum, og ég hygg, eftir að hafa hlustað á ræðu hv. 1. þm. Austf. hér áðan, að við höfum svipaðan áhuga fyrir því, að þetta megi takast, þótt hv. þm. hafi fallið í þá freistni að reyna hér í nokkuð löngu máli að telja hv. alþm. trú um, að það sé eitthvað skakkt stefnt nú og verr búið að landbúnaðinum nú en á meðan hann hafði meiri áhrif en hann nú hefur haft um sinn. Og hv. þm. spyr að því, hvað ríkisstj. ætli sér að gera í verðlagsmálunum. Hvenær sem ég er spurður að þeim málum, og þótt ég sé ekki spurður, er ég ekkert myrkur í máli um það, hvað ber að gera í verðlagsmálunum, þ. e. að bændur fái framleiðsluverðið og þeir fái kostnaðarliðina viðurkennda. Það getur ekki orðið öðruvísi. Og ég segi það, að úr því að það hefur tekizt að fá verðgrundvöllinn leiðréttan um 6% 1962 og 6—7% 1963, er vissulega stefnt í rétta átt í þessu efni. Og ég vil spyrja hv. 1. þm. Austf.: Hvernig stendur á því, að það þarf að vera að tala um leiðréttingu á verðgrundvelli landbúnaðarvara? Hvernig stendur á því? Það þyrfti ekki að vera að leiðrétta verðgrundvöllinn, ef hann hefði ekki einhvern tíma skekkzt. Og hvenær var það, sem verðgrundvöllurinn skekktist? Það var haustið 1957, og þá var hv. 1. þm. Austf. fjmrh. Það gerðist haustið 1957, að landbúnaðarvörurnar voru hækkaðar þá um haustið um aðeins 1.88%, eftir að kaupgjald hafði hækkað um 12% og margs konar kostnaður við búrekstrinn allt að 20%. Það var þá, sem verðgrundvöllurinn var skekktur, og það er vegna þessarar skekkju, sem hefur þurft að vinna að því að fá leiðréttingar. Og ég kemst ekki hjá að minna hv. 1. þm. Austf. á þetta, vegna þess að hann gaf tilefni til þess hér í þeirri ræðu, sem hann flutti áðan.

Þá talaði hv. þm. um lánakjör landbúnaðarins, að þau þyrfti að bæta. Ég er alveg sammála um það, að lánakjör landbúnaðarins hafa ekki komizt í það horf, sem þau þurfa að komast. En einnig það hefur verið lagfært til muna frá því, sem áður var, og með l. um stofnlánadeild landbúnaðarins kemur það tiltölulega fljótt, að bændur eiga greiðari að-

gang að lánum en nokkru sinni fyrr. Það er alveg tilgangslaust fyrir hv. þm. að halda því fram, að það hafi allt verið í lagi með lánamálin 1957 og 1958 og áður. Það var alls ekki í lagi. Þau lán, sem bændur fengu, fengu þeir að vísu með vægum vaxtakjörum. Þau voru með vægum vaxtakjörum, 3½% og 4%. En það var allt of lítið, sem þeir fengu af þessum lánum. Og veit ekki hv. þm., að lausaskuldalánin, sem voru hér til umr. á Alþ. 1961, stöfuðu af lausaskuldum, sem söfnuðust á árunum 1957 og 1958, af því að bændur fengu svo lítið af hagstæðum lánum í Búnaðarbankanum? Bændur voru að byggja og bændur voru að rækta. Bændur fengu 75 þús. kr. lán út á íbúðarhús 1957 og 1958, en engan byggingarstyrk, og bændur sátu þá eftir með víxla, því að það bættist við þetta, að það voru hlutfallslega lægri lán þá út á ræktun og útihúsabyggingar heldur en nú, og engin lán til vélakaupa eins og nú hefur verið tekið upp að framkvæma. Nú hafa vextirnir að vísu verið hækkaðir á lánunum, eins og hv. þm. nefndi, en það er rangt hjá honum, að vextirnir hafi ekki verið teknir inn í grundvöllinn. Það eru fulltrúar bænda í 6 manna nefnd sammála um, að sá liður hafi fengizt inn í verðlagsgrundvöllinn. Það er ekki það, sem vantar að leiðrétta, það er ýmislegt annað, og þess vegna kemur vaxtabyrðin ekki eins þungt niður á bændum og ætla mætti, vegna þess að það er tillit tekið til þeirra í kostnaðinum við búreksturinn, þegar landbúnaðarvaran er verðlögð.

Og ég vil spyrja hv. 1. þm. Austf.: Hvernig stendur á því, að hann reyndi ekki að hafa áhrif á það, þegar hann var í ríkisstj., að vextir af eigin fé bænda væru teknir inn í grundvöllinn, en það var ekki gert fyrr en 1960? Bændur höfðu sitt kapital vaxtalaust þangað til 1960. En síðan hefur þetta þó verið hækkað. Það var byrjað að reikna 3½% 1960, og nú er þessi liður þó kominn upp í 5%, sem er vitanlega of lítið. Það þarf að hækka þá upphæð, sem reiknað er af, og einnig vaxtafótinn, til þess að bændur beri ekki skarðan hlut að þessu leyti. En mér finnst, að hv. 1. þm. Austf. hafi veika aðstöðu til þess að tala um vaxtamálin, þegar það heyrðist aldrei í honum, meðan hann hafði völd, að það væri vont fyrir bændur að vera með vaxtalaust kapital í búrekstrinum. Það eru þeir ekki lengur.

Þá talar hv. þm. um búvörugjaldið, þetta 1%, og segir, að það séu 2500 kr. á bónda. Til þess að það séu 2500 kr. á bónda, þyrfti hver bóndi að framleiða fyrir 250 þús. að meðaltali. En það er því miður ekki svo, enda ef talað er um, að bændurnir séu 6000, en búvörugjaldið 9 millj., þá mun þetta láta nærri að vera 1500 kr. á bónda. En þess ber að geta, og hv. þm. reyndar sleppti nú að reikna með því, að búvörugjaldið, sem fer til bændahallarinnar, er náttúrlega ekkert lægra. En látum það vera. Ég get vel sætt mig við það, að hv. 1. þm. Austf. haldi áfram að tala um búvörugjaldið sem eitthvert böl fyrir bændur, þegar þeir eru að byggja upp stofnlánadeildina. Ég er miklu ánægðari með það, að bændurnir sjálfir eru hættir að tala um þetta. Þetta fær ekki lengur hljómgrunn. Bændur skilja, að þetta er eitt af þeirra nauðsynjamálum og stofnlánadeildin er sú lyftistöng, sem þeir mega ekki án vera og verður í ríkari mæli, eftir því sem árin líða.

Þess ber að geta, að neytendur, sem borga 0.75% í stofnlánadeildina og stuðla þannig að uppbyggingu landbúnaðarins, telja þetta aldrei eftir, og er sannarlega virðingarvert, því að vissulega eru neytendurnir minntir á þetta, þegar framsóknarmenn eru að telja þetta eftir. Bændur greiða í sína eigin sjóði. Og skyldu nú bændur hafa fengið að láni úr stofnlánadeildinni 103 millj. kr. á árinu 1963, ef ekki hefði verið unnið að endurreisn lánasjóðanna, eins og gert var?

Hv. þm. sagði hér áðan, að þetta gjald hefði runnið til þess að borga gengistap búnaðarsjóðanna, en það opinbera hafi greitt gengistap allra annarra sjóða og banka. Þetta er algerlega rangt. Hið opinbera greiddi ekki töpin fyrir aðra sjóði, en ríkissjóður lagði fram 60.5 millj. kr., þegar lög um stofnlánadeild voru samþykkt, og væri þá ekki miklu nær að segja, að hluti af þeirri upphæð hefði farið í gengistapið, heldur en það, sem bændur nú leggja sjálfir til? Þetta veit hv. þm., og er því ekki ástæða til að fjölyrða meira um það.

Jarðræktarframlagið hefur verið óbreytt í mörg ár, það er rétt, og það er vissulega mál til komið, að það hækki, og það eru gerðar ráðstafanir til þess, ekki aðeins með þessu frv., heldur einnig hinu frv., sem á dagskrá er. Og ég held, að það sé ekki sanngjarnt að vera að átelja núv. ríkisstj. fyrir það, að hún hafi tafið þetta mál, a. m. k. ekki lengi. Búnaðarþing kaus mþn. til þess að semja frv. til l. um ræktunarmál, og hún skilaði því frv. á árinu 1962, það er rétt. Það frv. var endurskoðað af stjórnskipaðri nefnd, sem skilaði því til ríkisstj. 1963, en það frv. hefur ekki enn verið lagt fram, en í stað þess þau tvö frv., sem nú eru á dagskrá. Og vissulega er það betra fyrir landbúnaðinn að fá þessi tvö frv. heldur en hitt frv., og er kannske ástæða til þess að fara út í það nánar, þegar frv. til breytinga á jarðræktarlögunum verður rætt, enda gert ráð fyrir meiri hækkun á jarðræktarstyrknum samkv. þessum frv. heldur en var í frv. mþn. Og jarðræktarlögin eru búin að vera óbreytt í mörg ár og undrunarefni, hve lengi það hefur dregizt að laga þau og breyta þeim.

Afurðalánin höfum við svo oft rætt um, að það er ekkert nýtt um þau að segja, aðeins endurtaka það, að landbúnaður og sjávarútvegur búa við sömu kjör í þessum efnum: 55% afurðalán og viðbótarlán í viðskiptabönkunum til þess að geta borgað út a. m. k. 2/3 hluta, eins og áður var. Hitt er svo alveg rétt, að það er æskilegt, að þessi lán verði hækkuð, og ég vil segja nauðsynlegt að stefna að því

og vinna að því. En það gerist ekki allt í einu, og það er vitanlega ekki hægt að lána hverju sinni meira fé en er fyrir hendi. En við skulum vona, að það megi takast. Um fyrirframlánin er rétt, sem hv. þm. sagði, þau hafa staðið í stað, ekki verið hækkuð. En landbúnaðurinn hefur þó þetta fram yfir sjávarútveginn að fá fyrirframlánin, og vissulega hlýtur að vera til athugunar, hvort fært þykir að hækka þau frá því, sem verið hefur. Þannig er rétt að taka undir það, sem hv. þm. hefur sagt rétt frá. Og við getum verið sammála um, að það er ákaflega margt, sem stendur til bóta í verðlagningunni, í ræktunarmálunum og ýmsu því, sem til framfara og heilla má horfa í landbúnaðinum. En það dugir ekki fyrir hv. 1. þm. Austf., sem hefur verið í ríkisstj. árum saman, að hugsa sér það, að nú, vegna þess að hann er ekki í ríkisstj., sé hægt að gera allt á örstuttum tíma, það sé fé til alls, það sé hægt að framkvæma óskalistann, sem Hermann Jónasson talaði um 1957, vegna þess að nú séu nógir peningar fyrir hendi. Þetta er ekki svo. Það eru hverju sinni takmörk fyrir því, hvað unnt er að framkvæma, og ég staðhæfi, að núv. ríkisstj. hefur gert sér fulla grein fyrir því, hvað til framfara og heilla má horfa fyrir landbúnaðinn og aðra atvinnuvegi þessa lands og stefnir að uppbyggingu og eflingu þeirra. Og þetta frv. og annað, sem á dagskrá er í dag, er ljósasti votturinn um það, að ríkisstj. vill öflugan landbúnað í landinu, og það hefur aldrei verið stigið eins stórt skref til víðreisnar landbúnaði og aukinni ræktun og með þessu frv.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 10. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við það frv., sem hér er til umr., og þó að það sé ef til vill ekki venja að mæla fyrir brtt. við 1. umr. málsins, þá er það nú svo, að þessi till. hefur legið á borðunum hjá hv. alþm. í nokkra daga, og þess vegna hef ég kosið að mæla nú þegar nokkur orð um hana. En hún er á þskj. 241 og fjallar um breytingu á einni gr. í lögunum um stofnlánadeild landbúnaðarins, sem er að vísu allt annars eðlis en það meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, en á það sammerkt, að það er breyting við sömu lög. En aðalinntak þessarar brtt. er að setja inn í lögin nýtt form fyrir bústofnslán.

Eins og oft hefur komið fram að undanförnu, er það eitt af vandamálum búskaparins, þetta með bústofn handa þeim, sem eru að hefja búskap, þ. e. á hvern hátt þeir geti komið sér upp bústofni. Í núgildandi lögum er heimild fyrir stofnlánadeild Búnaðarbankans að veita lán í þessu skyni, en það hefur hins vegar enn þá ekki verið annað en heimild, það hefur ekki fundizt, að ég hygg, neitt form, sem talið væri framkvæmanlegt til að láta þessi ákvæði ná gildi.

Ég hef verið að velta þessu máli fyrir mér — raunar í nokkur ár að undanförnu, og sú hugmynd, sem hér er sett fram í tillöguformi, er í raun og veru mótuð út af framkvæmd á þessu formi í a. m. k. tveimur hreppsfélögum á Austurlandi. Upphafið á þessu má ef til vill rekja til þess, að einn framsýnn aldraður bóndi í Fellahreppi gaf fyrir nokkrum árum 100 gimbrar til að mynda slíkan bústofnsleigusjóð í sínu hreppsfélagi, og síðan hefur þessi litli vísir að bústofnsleigusjóði verið þar til, og þessar gimbrar hafa myndað ofur lítinn hluta af bústofni nokkurra manna, sem þar voru að hefja búskap. Að því er ég bezt veit, var sett sérstök skipulagsskrá fyrir þennan sjóð, sem mun vera eða átti a. m. k. að birta í Stjórnartíðindum, en ég hef hins vegar ekki séð aðalinntak þeirra reglna, en það skiptir ekki svo miklu máli. Aðalatriðið er, að þarna er í raun og veru að leita fyrirmyndanna að þeirri till., sem ég hef hér leyft mér að flytja. Þetta var svo einnig tekið upp í öðrum nágrannahreppi á Héraði, og var það þá hreppsfélagið sjálft, sem myndaði þennan sjóð. En í þessari till. er gert ráð fyrir, að stofnlánadeildinni sé heimilt að lána í hreppsfélag, þar sem slíkur sjóður hefur verið stofnaður, einhverja upphæð gegn þeirri tryggingu, sem sjóðstjórnin metur gilda, og er þá hér sérstaklega nefnt annars vegar fasteignaveð, sem er hin algengasta trygging, sem stofnlánadeildin tekur. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að sýsluábyrgð geti komið þarna til greina.

Ég taldi rétt að láta fylgja nokkur höfuðatriði, sem ég tel að þurfi að vera í reglum bústofnsleigusjóðanna, sem myndaðir kynnu að verða í hreppunum, og væru þá skilyrði þess, að það væri rétt fyrir stofnlánadeildina að veita þessi lán. Og þessi höfuðatriði, sem ætlazt er til að séu í reglum bústofnsleigusjóða hreppanna, eru í fyrsta lagi, að það sé hreppsnefnd, sem hafi á hönd stjórn sjóðsins, í öðru lagi, — og það er nokkuð sérstætt einmitt fyrir þetta, — að höfuðstóllinn sé hafður aðeins í lifandi peningi, annaðhvort haustlömbum, gimbrum eða kelfdum kvígum. En eins og allir vita, þá er bústofn íslenzkra bænda svo að segja eingöngu í þessum tveim búfjártegundum. Það er að vísu hesturinn, þriðja búfjártegundin, sem ávallt hefur verið til í íslenzkum búskap, en aðalundirstaðan að afkomu og tekjuöflun búanna er í þessum tveim búfjártegundum. Þá er þriðja atriðið, að þessi höfuðstóll, þessi búpeningur, hann sé leigður frumbýlingum í hreppnum, fyrst og fremst frumbýlingum, en einnig geti komið til greina, að bændur, sem kynnu að verða fyrir einhverjum sérstökum óhöppum, t. d. af skepnumissi, geti einnig fengið leigðan slíkan bústofn, ef á því eru tök, ef t. d. væri ekki um að ræða neinn frumbýling, sem frekar ætti að sitja fyrir.

Leigutíminn er hér ákveðinn 6—10 ár. Þetta er atriði, sem mjög mikið má um deila, og ef til vill sýnir nánari reynsla, að annaðhvort þetta sé óþarft eða það þurfi einhverra breyt-

inga við. En ég taldi þó heppilegra að hafa það einnig með í upphafi. Og síðan er það ákvæði, að það sé gert ráð fyrir, að lánin séu jafnan endurgreidd í sama formi og þau eru tekin, sem sagt í lifandi peningi. Og enn fremur eru ákvæði um það, hver eigi að vera leiga eða vextir af þessum bústofnslánum og vextirnir, leigan, skuli greidd í sama formi, í lifandi peningi, og komi þá einn gripur fyrir hverja 30, þ. e. a. s. fyrir hverja 30 á ári, en í því felst það nánar tiltekið, að vextir séu 3⅓%.

Þetta ákvæði kann sumum að virðast dálitið óeðlilegt. Ég hef velt þessu atriði talsvert fyrir mér, og þau meginrök fyrir því, að þessir vextir eru ákveðnir allmiklu lægri en nú er í gildi almennt í lánastarfsemi, eru, að þessi höfuðstóll er verðtryggður, hann hefur það umfram venjulegar peningainnstæður, að hann breytist í svipuðum mæli og almennt verðlag í landinu. Og það er öllum ljóst, að þeir vextir, sem nú eru í gildi í þjóðfélaginu — margir mundu segja: þeir háu vextir, sem nú eru í gildi í þjóðfélaginu, t. d. miðað við sparifé, þeir eru ákveðnir svona háir vegna þess, að þeir eiga að sumu leyti að vera verðtrygging fyrir sparifjáreigendurna. Það er svo önnur saga, hvort þeir uppfylla það að vera verðtrygging, en það er mjög mikill munur á því, hver vaxtakjör ættu að vera, ef höfuðstóllinn væri alltaf í svipuðu gildi, og það er mitt mat, að þetta séu hæfilegir vextir, sem þarna eru ákveðnir, af verðtryggðum höfuðstól.

Nú liggur það í augum uppi, að þetta lán, sem sennilega yrði 20 ára lán, eins og flest hin almennu lán úr stofnlánadeildinni, það kemur til með að rýrna fljótlega eða notagildi þess í sjóðum hreppanna, og ég hugsa þetta líka þannig, að þessir bústofnsleigusjóðir verði að fá nokkra blóðgjöf, ef svo mætti segja, heima fyrir úr hreppsfélögunum sjálfum. Það kann að vera, að mönnum sýnist misjafnt um það, hvort það sé rétt að gera ráð fyrir þessu, að hreppsfélögin vilji eiga þátt í að mynda slíka sjóði heima fyrir. En það er nú þannig með fjölda hreppsfélaga í þessu landi, að afkoma þeirra byggist fyrst og fremst á landbúnaði. Það eru bændur og þeir, sem að búskap vinna, sem aðalafkoma sveitarfélagsins byggist á. Það eru fjölmargir hreppar í landinu þannig settir, og ég fæ ekki betur séð en það sé mjög eðlilegt, að þau hreppsfélög a. m. k. veiti nokkurn stuðning til þess, að þessar stoðir, sem það byggist á, megi verða sem öflugastar.

Mér hefur dottið í hug að benda á í þessu sambandi, að það eru allmargir hreppar í landinu t. d., sem hafa nokkrar tekjur árlega af óskilafé. Þetta er að vísu óviss tekjustofn. Fjöldi hreppa hefur aldrei neinar slíkar tekjur, en þeir eru líka nokkuð margir, sem árlega hafa nokkrar tekjur af þessu svokallaða óskilafé, og það væri sannarlega ekkert óeðlilegt, þó að þessum tekjum, þar sem þær falla til, væri að einhverju eða verulegu leyti varið til að byggja upp slíka sjóði. Nú má að vísu segja, að þetta sé hægt að gera án þess, að til komi þetta ákvæði í lögunum um stofnlánadeild landbúnaðarins. En ég held, að það muni verða frekar til að vekja athygli á þessu og ýta undir, að þessi leið verði farin, auk þess sem það er tvímælalaust talsverður stuðningur við slíka sjóði í upphafi að geta átt kost á nokkru láni, þannig að það skapast þá frestur, þegar það er hægt á nokkuð mörgum árum að byggja slíkan sjóð upp með framlagi heima fyrir í hreppunum sjálfum.

Ég geri ráð fyrir því, að þetta form sé mun auðveldara í framkvæmd, þar sem bændur búa að mestu leyti við sauðfé. Mér er það alveg ljóst. En ég fæ þó ekki séð, að það sé með öllu útilokað, síður en svo, að það gæti einnig hentað í búskap, sem byggist aðallega á mjólkurframleiðslu. Sumir reka ef til vill augun í það, að þarna sé ekki talað um tryggingar fyrir sjóðina sjálfa í hreppunum heima fyrir. Ég sé ekki, að það sé nein nauðsyn í þessum lögum, vegna þess að vitanlega setja hreppsfélögin sjálf nánari reglur í sínar samþykktir um bústofnsleigusjóði, og ég tel, að það sé sanngjarnt og eðlilegt að leggja það í vald hreppsfélaganna, á hvern hátt þau vilja tryggja sig gagnvart hverjum einstaklingi í hreppnum, sem kynni að njóta þessara bústofnslána. En eitt er víst, og það er, að þetta bústofnsspursmál er í vaxandi mæli að valda erfiðleikum við stofnun búskapar fyrir frumbýlinga. Þetta var leyst hér og hefur verið leyst eiginlega um langa sögu í byggð Íslands að nokkru leyti með því, sem kölluð voru kúgildi og látin voru fylgja jörðunum. Það var skynsamleg tilhögun. Nú er hún mjög að hverfa, auk þess sem sú breyting hefur orðið, að 1—2 kúgildi voru fyrir 50—100 árum miklu meira virði fyrir mann, sem var að hefja búskap, heldur en þau eru orðin nú. Það þarf ekki að skýra það, en það liggur fyrst og fremst í því, að nú er hlutur fjármagnsins orðinn svo miklu stærri við stofnun bús en áður var, alveg eins í búskap og öllum atvinnurekstri yfirleitt. En ég vildi nú vænta þess, að enda þótt svo hafi verið núna síðustu árin, að stofnlánadeild landbúnaðarins hafi lánað allt það fé út, sem hún hefur haft til umráða, og í raun og veru kannske tæpast haft nægilega mikið til að fullnægja eftirspurn, þá sé rétt að opna þennan möguleika, sem að vísu er nýtt svið.

Það er framkvæmd á nýju sviði í þessari löggjöf, og liggur þá í því, að það hafi í för með sér eitthvað aukin útlán. Ég lít þó þannig á, að það séu ekki líkur fyrir því, að þar verði um stórar upphæðir að ræða til að byrja með, þannig að eins og stofnlánadeildin er byggð upp, þá er það vitað, að möguleikar hennar til útlána fara vaxandi ár frá ári, og ég tel þess vegna ekki ástæðu til að óttast það, þó að þessi möguleiki væri opnaður með þessari breytingu, að þá yrði það til að valda neinum sérstökum erfiðleikum fyrir stofnlánadeildina að geta valdið sínu ætlunarverki næstu ár. Aðalatriðið er það, að við verðum að fara að reyna að finna eitthvert form, sem mætti verða að nokkru liði til þess að leysa þetta vandamál, sem það er fyrir frumbýlinga sér-

staklega að koma sér upp bústofni, þegar þeir hefja búskap í sveit. Ég vil þess vegna vænta þess, að þessi brtt. mætti fá góðar undirtektir hér á hv. Alþ.

Ég ætla ekki að þessu sinni að snúa mér neitt að aðalverkefni frv. Landbrh. hefur fylgt því ýtarlega úr hlaði, og þetta mál kemur væntanlega til meðferðar í landbrn. deildarinnar, sem ég á sæti í, þannig að ég mun slá á frest frekari umr. um málið í heild.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég tel, að með þessu frv., sem hér liggur nú fyrir um aukin framlög í sambandi við ræktun, sé stefnt í rétta átt. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að hið aukna ræktunarframlag geti gengið til 3500—3800 býla í landinu, því að með ákvæðum frv. er gert ráð fyrir því, að hið hækkaða ræktunarframlag geti náð til heildarræktunar, sem nemur 25 ha. á jörð. En þetta aukaframlag hefur fram til þessa verið miðað við 15 ha. ræktun. Eftir því sem gert er ráð fyrir í frv., getur hér orðið um að ræða aukið framlag til landbúnaðarins, sem nemur á milli 12 og 13 millj. kr. á ári. Það er að vísu ekki ýkja há upphæð, þegar þess er gætt, að hún getur þurft að skiptast á milli 3000 bænda eða jafnvel fleiri. Í hlut hvers mundi þá ekki koma nema í kringum 4000 kr. á ári, ef skiptingin yrði tiltölulega jöfn, og þá má öllum ljóst vera, að hér er ekki um ýkja stórt framlag að ræða til þess að fá ráðið fram úr þeim vanda, sem hér er raunverulega við að glíma. En það vandamál, sem hér er verið að fást við, er það, sem oft hefur verið um rætt, að reyna að hafa áhrif á það, að hægt sé að hverfa sem mest frá smábúskapnum í landinu, hægt sé að lyfta upp bústærðinni, þannig að sem mest af búunum í landinu nái þeirri meðalbústærð, sem nú er lögð til grundvallar í sambandi við útreikning á verðlagi á landbúnaðarvörum.

Það er enginn vafi á því, að þær hækkanir, sem samþykktar hafa verið í svipuðu formi og þessi, sem hér liggur nú fyrir till. um, á undanförnum árum, hafa áorkað nokkru. Þær hafa nokkuð lyft undir það að fækka smábúunum, vinna að því, að búin mættu stækka. En þó hygg ég, að flestir, sem um þessi mál hafa hugsað, viðurkenni, að raunverulega hefur miðað grátlega seint í þessum efnum, og enn stöndum við frammi fyrir því, að allt of margir bændur í landinu búa við bústærð, sem er algerlega ófullnægjandi og getur í raun og veru, miðað t. d. við þann verðlagsgrundvöll, sem búin eru rekin eftir, ekki gefið lífvænlegar tekjur.

Það hefur verið upplýst í þessum umr., að fyrir rétt rúmu ári stóðu málin þannig, að rúmlega 2700 jarðir í landinu höfðu þá ræktun, sem var undir 15 ha. ræktun á býli. Þetta mun vera nærri því að vera um helmingur jarðanna í landinu. Enda liggja einnig fyrir aðrar tölur, sem sýna, að sá fjöldi bænda í landinu, sem býr við svo smá bú, að engar líkur eru til, að þau bú geti fært meðaltekjur, er yfir 30% allra bænda. Vandamálið, sem hér er við að glíma, er það, hvað þarf að gera, hvað er hægt að gera til þess að ná meiri árangri í því að fækka smábúunum, til þess að stækka raunverulega meðalbúið í landinu.

Eins og ég sagði, tel ég, að ákvæði þessa frv. stefni út af fyrir sig í rétta átt. En ég held, að hér þurfi miklu stærra og meira átak til að leysa þann vanda, sem hér er við að glíma. Það liggur sem sagt fyrir, að þau bú eru æðimörg, sem gefa bændum árstekjur, sem liggja langt undir þeim árstekjum, sem nú er almennt viðurkennt, að meðalheimili verði að hafa, ef það á að geta lifað mannsæmandi lífi. Þó að bónda, sem býr við þau kjör að hafa nú, eins og opinberar skýrslur sýna, árstekjur, sem nema frá 50—90 þús. kr., — þótt slíkum bónda sé boðið upp á örlítla hækkun á ræktunarframlaginu, held ég, að í mjög mörgum tilfellum og þeim tilfellum, þar sem mest ríður á að ná árangri, náist tiltölulega mjög lítill árangur. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að sá bóndi, sem í dag býr við ræktun á sinni jörð undir 10 ha., á miklu erfiðara með að auka ræktun sína og stækka sitt bú, auka sína ræktun t. d. um 5 ha. og stækka sitt bú að sama skapi, heldur en sá bóndi, sem í dag býr við ræktun, sem nemur 20 ha. Sá bóndi á miklum mun léttara með að auka sína ræktun og stækka sitt bú, sem nemur 5 ha. ræktun. Ástæðurnar liggja auðvitað í því, að sá bóndi, sem í dag býr við ræktun, sem nemur um 20 ha., og hefur tilsvarandi stórt bú, er þegar búinn að tryggja sér sómasamlegar tekjur í flestum tilfellum. En hinn býr við tekjumark, sem er langt undir því, sem þarfirnar kalla á. Hann á erfitt með að standa í miklum fjárfestingarframkvæmdum, jafnvel þótt honum sé boðið upp á lítils háttar hækkun á ræktunarframlaginu.

Við vitum, að það þarf meira til en aðeins að auka ræktunina, og er þó vitanlega ekki hér gert ráð fyrir að veita framlög, sem kosta jafnmikið og ræktunarframkvæmdirnar kosta. Framlögin mega aldrei fara hærra en sem nemur 50% af þeim kostnaði, sem þar um ræðir. En til þess að hægt sé að stækka meðalbúið, þarf miklu meira til en að koma ræktuninni upp. Til stækkunar búsins þarf vitanlega að leggja í aukinn stofnkostnað við útihúsabyggingu, við byggingar yfir stækkandi bústofn, í byggingar yfir aukið fóður o. s. frv. Slíkar framkvæmdir kosta vitanlega mikið fé, eins og nú er komið, og þau lán, sem til þessara framkvæmda eru veitt, eru ekki nema hluti af þeim kostnaði, sem leggja þarf í. Og það kostar einnig mikið fé að stækka sjálfan bústofninn, og eins og ég sagði, þeir bændur í landinu, sem búa við þau kjör, að tekjur þeirra eru nú í dag óumdeilanlega langt undir því að vera mannsæmandi eða mögulegar til að halda uppi mannsæmandi lífskjörum bóndans og hans fólks, slíkur bóndi á vitanlega mjög erfitt með það að ráðast í slíkar framkvæmdir eins og í því eru fólgnar að lyfta upp meðalbústærðinni.

Ég hygg, að það þurfi því að horfast í augu við það, þegar þessi vandamál eru rædd, hin allt of mörgu smáu bú í landinu, hinir allt of mörgu bændur í landinu, sem búa við tekjur langt undir þeim tekjum, sem nú er almennt viðurkennt að þurfi til framfærslu meðalheimilis, — þá þurfi að horfast í augu við það, að það þarf að gera miklu stærra átak en raunverulega felst í þessu frv., þó að hér sé stefnt í rétta átt. Það er ekki langt síðan við ræddum hér á Alþingi um, að það væri mikil þörf á að leggja fram talsvert verulega fjárfúlgu í því skyni að auka framleiðni í frystihúsum landsins, bæta þar alla vinnuaðstöðu, reyna að fá þar fram meiri vinnuafköst, til þess m. a. að hægt væri að standa þar undir hærra kaupgjaldi. Og það var samþ. hér á Alþ., að á yfirstandandi ári skyldi varið 43 millj. kr. sem beinu framlagi í þessu skyni, og upphæðinni átti að skipta á milli frystihúsanna í landinu.

Ég held, að það þurfi að gera í þessum efnum nokkuð svipað varðandi þetta vandamál í íslenzkum landbúnaði. Ég held, að það þurfi að horfast í augu við það, að ef á að fækka verulega smábúunum í landinu, ef á að stækka meðalbúið, ef á að leysa vandamál þeirra fjölmörgu bænda í landinu, sem búa nú við miklu lægri tekjur en t. d. meðaltekjur verkamanna í landinu eru, ef á að leysa þennan vanda, þarf að koma til miklu meiri stuðningur frá hinu opinbera en í þessu frv. felst. Mér fyndist t. d. mjög eðlilegt, að lögð yrði fram á þessu ári svipuð upphæð t. d. og var lögð til frystihúsanna gagngert í þessu skyni. Það mætti vel leggja fyrir nýbýlastjórn, sem hefur mjög með þessi mál að gera, að setja reglur um það, hvernig þessu fé skyldi úthlutað, til þess að það kæmi að sem beztu gagni. Ég held, að það leiki heldur enginn vafi á því, að afkoma ríkissjóðs sé með þeim hætti, hafi verið með þeim hætti á s. l. ári, að ríkissjóður gæti vel séð af þessari upphæð til þess að vinna slíkt þarfaverk eins og það væri að lyfta verulega upp bústærðinni og bæta þar með afkomu þeirra bænda, sem búa við lökust kjör.

Það er rétt að hafa það í huga í sambandi við afgreiðslu þessa frv., að allar líkur benda auðvitað til þess, að það fari svipað nú og áður, að fyrst og fremst gangi þær hagsbætur, sem felast í þessu frv., til þeirra bænda, sem lengra eru komnir áleiðis, að sem sagt meginhlutinn af þessu 12 millj. kr. framlagi á ári, sem gert er ráð fyrir, gangi a. m. k. fyrstu árin fyrst og fremst til þeirra bænda í landinu, sem búnir eru þó að koma sér út úr mesta vandanum, eru búnir að rækta þannig upp á jörðum sínum, að þeir eru t. d. komnir yfir 15 ha. ræktun. Ég held, að þeir bændur hafi þegar öðlazt þá aðstöðu, að þeir geti haldið áfram í mjög mörgum tilfellum að fjárfesta nokkuð, að stækka bú sín, að halda áfram byggingum, að þeir geti sem sagt notfært sér það, sem í þessu frv. felst, en að hættan sé sú, að hinir, sem búa enn við minni búskapinn, geti ekki náð þessu nema að litlu leyti. Ég veit þó, að nokkur hluti þessarar fjárhæðar mun til þeirra renna, og tel því, að það eigi að samþykkja frv. En það er alveg rétt að gera sér samt sem áður grein fyrir því, að mestar líkur benda til þess, að svona fari um framkvæmdirnar. Einmitt af þessum ástæðum álít ég, að það hefði þurft að fylgja með í þessu frv. eitthvert svipað átak og það, sem ég hef hér nefnt, þar sem til kæmi alveg sérstakt framlag, sem ekki má vera minna en 40—50 millj. kr., sem gagngert verður veitt í því skyni að auka framleiðnina í íslenzkum landbúnaði, en það verður m. a. gert með því að vinna skipulega að því, að smærri búin nái því að stækka.

Í sambandi við þetta frv. hafa hér farið fram nokkuð almennar umr. einnig um landbúnaðarmál. Ég skal ekki blanda mér mikið í þær, en vil þó víkja hér að nokkrum atriðum.

Hér hefur nokkuð verið rætt um verðlagningarmál og tekjur bænda, talsvert rætt um lánakjör, vexti af lánum og lánstíma, og sitthvað fleira hefur hér borið á góma. Í sambandi við það vildi ég segja, að það hefur verið alveg skýr afstaða okkar Alþb.-manna, að við teljum, að kjör íslenzkra bænda almennt séð séu þannig, að þau þurfi að batna, ekki síður en hin almennu kjör verkamanna í landinu. Það var af þessum ástæðum, sem við mörkuðum þá afstöðu í ársbyrjun 1959, þegar Alþfl. og Sjálfstfl. lögðu hér fram frv. á Alþ. um að lækka beinlínis kaup íslenzkra bænda með lögum frá því, sem um hafði verið samið, jafnhliða því sem kaup verkamanna og annarra launþega var líka lækkað með lögum frá því, sem um hafði verið samið, — þegar þetta var lagt til hér í ársbyrjun 1959, stóðum við gegn því. Því miður bar Framsfl., sem mjög talar um áhuga sinn á hagsmunum bænda, ekki gæfu til að standa á móti þessari beinu kauplækkun, sem þá var ákveðin hér á Alþingi. Framsfl. sat hér hjá við atkvgr. um það, þegar þannig var verið að færa niður umsamið kaup bænda. Við Alþb.-menn höfum á undanförnum árum mjög barizt fyrir því, að launakjör verkamanna yrðu ekki rýrð, eins og þó hefur greinilega verið stefnt að með þeirri efnahagsmálastefnu, sem hér hefur ríkt. Þessi barátta, sem oft hefur komið fram á þann hátt, að barizt hefur verið fyrir nokkurri kauphækkun til handa verkamönnum í landinu vegna vaxandi dýrtíðar, hefur jafnframt verið barátta fyrir því að hækka kaup bænda í landinu, en það hefur verið samkv. lögum bundið saman við launakjör verkamanna.

Það var árið 1955, sem ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. lagði það til hér á Alþ. að hækka vexti á stofnlánum landbúnaðarins. Þá voru vextir á stofnlánum landbúnaðarins hækkaðir úr 2% og 2½% upp í 3½% og 4%. Við sósialistar, sem vorum hér á Alþingi þá, börðumst gegn þessari vaxtahækkun og töldum hana óréttláta og ranga. Síðan kom ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. og lagði til að hækka vextina enn þá meira og stytta lánstímann, þá var auðvitað óspart í það vitnað, að þegar Framsfl. hefði verið í stjórn, hefði hann verið með því að hækka vextina á þessum sömu lánum. Afstaða

okkar sósialista og Alþb.-manna var hin sama allan tímann, við vorum á móti því, að vextirnir væru hækkaðir 1955, og við vorum einnig á móti því, að þeir væru hækkaðir 1960. Og við vorum á móti því, að lánakjörin til landbúnaðarins væru gerð verri, eins og þau voru þá gerð, með styttingu lánstímans. Okkar afstaða hefur verið sú að vera á móti því, eins og kjörum íslenzkra bænda nú er háttað, að á þá væri lagður sérstakur skattur. Við greiddum hér alltaf atkv. á móti því, þegar verið var að leggja á eða framlengja skattinn til bændahallarinnar, sem þeir framsóknarmenn og sjálfstæðismenn stóðu saman um. Við vorum líka á móti hliðstæðri skattaálagningu á bændur, þegar núv. ríkisstj. beitti sér fyrir henni í sambandi við uppbyggingu stofnlánasjóðanna. Og það er fyrst og fremst vegna þess, að við töldum, að kjör og aðstæður íslenzkra bænda væru þannig, að þeirra kjör þyldu ekki sérstaka skattlagningu. Við Alþb.-menn stóðum með því að auka ræktunarframlagið árið 1957 og greiddum einnig atkv. með því, þegar gengið var lengra í sömu átt hér síðar. Og við erum fyllilega sammála því frv., sem hér liggur fyrir um það að auka nokkuð þessi framlög. En við bendum bara á það, að til þess að ná nokkrum verulegum árangri í því að gera smábúin í landinu stærri, afkastameiri, og í því að hægt sé að skapa bændum landsins verulega bætt kjör frá því, sem nú er, þeim þeirra, sem búa við lökust kjör, til þess þarf miklu meira og stærra átak en það, sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir. Hér þarf til að koma alveg greinilega allmyndarlegt fjárframlag frá hálfu hins opinbera, sem gagngert sé miðað við það að gera þeim fátækustu kleift að stækka sín bú.

Í sambandi við hinar almennu umr., sem hér hafa farið fram um landbúnaðarmál, verður vitanlega ekki heldur gengið fram hjá því, að það er orðin knýjandi nauðsyn á að marka hér nýja stefnu í sambandi við þróunina í íslenzkum landbúnaði. Það er út af fyrir sig mjög þarft verk að fækka smábúunum og auka á þann hátt framleiðnina í íslenzkum landbúnaði. En það er líka alveg augljóst mál, að það þarf að huga vandlega að því, á hvaða hátt íslenzkur landbúnaður á að þróast. Á áfram að byggja á einyrkjafyrirkomulaginu, því sem byggt er á núna, eða á að reyna að sveigja þróunina inn á nýjar brautir, sem sýnilega eru meira í samræmi við tækniþróun nútímans? Í sambandi við hugleiðingar um það höfum við Alþb.-menn lagt hér fram frv. á Alþingi um að veita aukin lán og lán til lengri tíma til félagsbúskapar, til þess að reyna að ýta undir þá þróun í íslenzkum landbúnaði, að meiri félagsrekstur mætti koma þar til greina heldur en nú er. Ég held, að það sé heldur enginn vafi á því, að það er orðin aðkallandi nauðsyn að reyna að hafa nokkur áhrif gegnum lagasetningu einmitt í þessa átt. Ég veit, að það er auðvitað létt verk að segja, að það skuli lagt til meira og meira fé til þess að auka afköst í íslenzkum landbúnaði, og ég býst við því, að hæstv. landbrh. afsaki sig með því, að hann hafi náð þeim árangri, sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir, hann hafi fengið því framgengt, að nú skuli auka framlög til landbúnaðarins, sem nemur 12 millj. kr. á ári, en hann hafi hins vegar ekki treyst sér til þess að ganga lengra að sinni. En þegar hæstv. landbrh. íhugar það, hvað gert hefur verið nú, t. d. á þessu þingi, við aðra atvinnuvegi landsins, og þegar hann hefur það einnig í huga, hver aðstaða ríkissjóðs er í raun og veru til þess að láta nokkuð af hendi rakna í þessum efnum, held ég, að það sé í rauninni ekki farið fram á neitt of mikið, þó að slíkt framlag kæmi til, eins og það sem ég hef bent á hér í þessum umr., vegna þess að það er engu minni þörf á því að auka framleiðni í íslenzkum landbúnaði heldur en t. d. bara í sambandi við vinnuaðstöðu í frystihúsum landsins.

Ég veit vel, að það má miklu áorka með breyttum vinnubrögðum í frystihúsunum, sem mundi hafa mikla þjóðhagslega þýðingu. En ég held, að þrátt fyrir vissa erfiðleika, sem frystihúsareksturinn í landinu á við að búa, standi þó frystihúsarekstur landsmanna miklu nær því að geta leyst þennan vanda sjálfur að langmestu leyti heldur en sá hluti landbúnaðarins stendur, sem nú á við kröppust kjör að búa. Ég held nefnilega, að vandinn þar sé þess eðlis, að það dugi ekki að bjóða þeim bændum, sem þar búa við lökustu kjörin, upp á einhverja smávægilega hækkun á vissum framlögum, sem litið draga í sjálfu sér til þess að leysa aðalvandann, þar þurfi að koma til miklu, miklu stærra átak.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál að sinni, en vil vænta þess, að hæstv. landbrh. alveg sérstaklega vilji nú taka til athugunar, hvort hann teldi ekki vera möguleika á því, að mætt verði að einhverju leyti a. m. k. þessum sjónarmiðum okkar Alþb.-manna, sem við höfum sett hér fram, hvort ekki væru tök á því í sambandi við afgreiðslu þessa máls að leggja fram allmyndarlega fjárhæð til þess að auka framleiðnina í íslenzkum landbúnaði, t. d. á eitthvað svipaðan hátt og gert var við frystihúsin á þessu þingi.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er meira talið alltaf um þessa blessaða bændur. Það er verið að tala um, að þeir fái þessa óskapa styrki. Lítið þið svo bara yfir þessa styrki, Jú, athugið fjárveitingar til landbúnaðarmála. Jú, það er hrúgað á þá lagagrein húsmæðraskólum og bændaskólum. Hvernig stendur á, að það er ekki sett á fjárlagagreinar t. d. sjávarútvegs og iðnaðar? Húsmæðraskólarnir eru þar allir, bændaskólarnir, sandgræðslan, peningarnir, sem er mokað í Gunnarsholt til þess að fleygja þar í sandana og reka bú, sem ekki gefur neitt af sér, en er grobbað af. Ég hef ekki orðið var við neinn rekstrarafgang þar. Svo eru fjárveitingar til skógræktar og til nýbýla. Deila má um, hve langt á að ganga í því að reisa nýbýli, meðan jarðir eru að fara í eyði í stórum stíl. En það skal þó viðurkennt

viðvíkjandi þessu nýbýlafrumlagi, að það hefur mörgu býli verið bjargað frá því að fara í eyði. Hinn óbreytti bóndi hefur gegnum þessar fjárveitingar engan annan styrk fengið en jarðræktarstyrkinn, sem hefur verið svo hverfandi lítill, að hann er nær einskis virði. Ég segi þetta af því, að það er sífellt verið að sífra um, hve bændur fái mikinn styrk til búskapar. Ég er orðinn hálfleiður á því.

Lúðvík Jósefsson, hv. 5. þm. Austf., var að tala á móti því að lækka kaup til bænda og verkamanna og vildi láta okkur hafa sem allra mest kaup og stækka búin sem allra mest. Það er ekkert nýtt, að þeir séu á móti öllum lækkunum, þeir vilja alltaf gera allt fyrir alla, þessir elskulegu menn. En svo bara þegar þeir eru öllu farnir að ráða, eins og t. d. í Rússlandi, þá gera þeir ekki neitt fyrir neinn, nema ef þeir senda fólk til himnaríkis öðru hverju, eins og Stalín sálugi gerði. Þá mátti svelta fólkið, og ef einhver möglaði, var hann sendur til Síberíu eða hreinlega drepinn. Ég veit, að hv. 5. þm. Austf. verður miklu betri en Stalín, ég líki þeim ekki saman, en það er samt ekki óliklegt, ef hann réði öllu einn í þessu landi, að hann gæti ekki gert allt fyrir alla.

Þegar Alþb.-menn eru að tala um, að þeir vilji allt hækka, þá getur það þýtt það, að þeir vilji fjölga krónunum, en verðmætið minnki jafnmikið eða meira. Það hefur gengið þannig, að menn hafa fengið fleiri og fleiri krónur í kaup, bæði bændur og verkamenn, en verðmætið hefur ekkert aukizt.

Svo vil ég bara segja þessum góðu mönnum, sem vilja okkur bændum svona óskaplega vel og segja, að við eigum að stækka búin, að það er til lítils að stækka búin með löggjöf, eins og hún er nú. Við erum búnir að tvöfalda búin á rúmlega 10 árum, en verðlagið hefur alltaf lækkað jafnóðum. Það á að miða við það, að bændur hafi sama kaup og aðrir, sama hvað þeir framleiða, þannig að bændur eru algerlega hafðir fyrir fífl, þeir eru farnir að framleiða helmingi meira en þeir gerðu, en hafa ekkert fengið meira fyrir vinnu sína, þannig að ef bændur vilja vera klókir, þá gengju þeir bara í félag og segðu: Við framleiðum þetta, hver bóndi hefur svona 200 rollur, og fáum jafnt kaup eftir sem áður. — Í staðinn fyrir það hafa þeir stritað án þess að fá neitt fyrir það. Ég kom með till. í fyrra um, að þetta yrði lagað og bændur fengju helming af aukinni framleiðslu í sinn hlut og neytandinn helming, skiptist jafnt á milli. Það var ekki afgreitt úr nefnd, og Stéttarsamband bænda var svo vesælt að þora ekki að mæla með því, heldur suðu þeir saman frv., þar sem er imprað á þessu, en orðað svo illa og klaufalega og bjánalega, að það er ekkert gagn að því. Sannleikurinn er sá, að hvorki Framsfl. né Sjálfstfl. hefur ástæðu til að grobba af þessari afurðasölulöggjöf. Hún er með fádæmum vitlaus, og í heild er strit bænda alveg unnið fyrir gýg, nema þessum ákvæðum sé breytt og bændur fái eitthvað af aukinni framleiðslu í sinn hlut.

Hæstv. landbrh. er búinn að jagast hér við fyrrv. fjmrh. út af því, hvor flokkurinn hafi staðið sig betur í bændanna garð, Framsfl. eða Sjálfstfl. Báðum flokkunum hefur sézt yfir þetta aðalatriði, og Framsókn hefur af engu að hæla sér í afurðasölumálunum — sannleikurinn er sá — öðru en því að skipuleggja þetta 1934. En það er eitt, sem Framsókn getur hælt sér af umfram Sjálfstæðið, og það er það, að bændum voru útveguð hagkvæm lán, og það er ómetanlega mikils virði. Lánin í ræktunarsjóðnum hafa hjálpað bændum til að byggja og rækta landið. Þeir fengu lánin með hagstæðum kjörum, löngum afborgunum og lágum vöxtum. Það var ekki bústærðin, sem gerði þeim kleift að gera umbætur, heldur þeirra eigin vinna og þessi lánaaðstoð. En það er bara þessi lánaaðstoð, sem Sjálfstfl. kippir í burtu með sínum furðulegu ráðstöfunum 1960. Og það var alveg furðulegt að gera þær ráðstafanir í einu, fella gengið og hækka vextina. Þetta gerir engin þjóð, sem hefur fjármálavit. Enda var það annar hagfræðingurinn, sem sagði: Það á að hækka vextina, það dregur úr fjárfestingunni. En hinn hagfræðingurinn sagði: Það þarf að lækka gengið, til þess að útvegurinn beri sig. — En það er ekki til neins að gera hvort tveggja í einu. Það verkar hvað á móti öðru og var verra en gagnslaust. Það er þetta, sem Sjálfstfl. er sekur um, að stytta lánatímann, hækka vextina og hækka verðlagið um 70%. Þetta gerir það að verkum, að þeim bændum, sem eru nú að byrja búskap eða hafa gert miklar umbætur síðan 1960, er ómögulegt að rísa undir vöxtum og afborgunum.

Ég skal játa það, að þessi stjórn hefur reynt að bæta ofur lítið fyrir sínar syndir, en það er bara hverfandi lítið. Stjórnin er nú að koma með frv. um það að hækka jarðræktarstyrk, að miðað sé við 25 ha. Það er gott, svo langt sem það nær. Það er líka í þessu frv. um að hækka óendurkræft framlag til íbúðarhúsabygginga um 10 þús. Það er líka gott, það sem það nær. En þetta hefur ekkert að segja á móti hinu. Og svo get ég sagt ykkur það, að þeir, sem eru að byggja upp nú, eru svo skuldum hlaðnir, að þeim er ómögulegt að rísa undir þeim, á meðan við, sem erum búnir að gera hlutina og skuldum lítið sem ekki neitt og eigum jafnvel peninga, meðan við leikum okkur, guggna hinir.

Í heild er það þannig með bændastéttina íslenzku. Það var talið í blöðunum, að hún hefði átt að hafa um 100 þús. kr. meðaltekjur, á meðan verkamaðurinn átti að hafa 101 þús. Kona og börn verkamanna höfðu 12 þús. í viðbót, sjómennirnir höfðu 128, iðnaðarmenn 125 og konur þeirra eitthvað 10 þús. Nú vitum við það með iðnaðarmenn, að þeir hafa dregið undan, það er óhætt að segja það hér í þinginu, það er ekki hægt að sekta menn fyrir það. Við vitum það líka, að tekjur sjómanna voru óeðlilega háar 1962. Bændur áttu að hafa um 100 þús. kr. samkv. þessu, en fjölskylda verkamanna um 110, en bændur höfðu þetta ekki. Ég er búinn að kynna mér það. Ég furðaði

mig á þessari frétt, þegar ég heyrði hana, en veit nú, að það átti eftir að draga frá alla vexti og það átti eftir að draga frá viðhald fasteigna og það átti eftir að draga frá tryggingagjöld, þannig að raunverulega hefur bóndinn ekki haft nema rúmlega 70 þús., og það kemur heim við 10 ára útreikning, sem ég reiknaði í fyrra viðvíkjandi frv., sem ég flutti um, að bændur færu að fá hluta af aukinni framleiðslu í sinn hlut. Það kemur heim við það, að bændur hafa allan tímann, bæði hjá Framsókn og Sjálfstæðinu, haft um 30% lægra kaup en aðrar stéttir, sem sagt 30% lægra kaup en þeir áttu að hafa lögum samkv. Það væri því alveg óhætt, að bændur færu að njóta aukinnar framleiðni, vegna þess að þeir færu ekki upp fyrir aðra fyrir það, enda hafa íslenzkir bændur framleitt hlægilega ódýrar landbúnaðarafurðir.

Ég ætlaði nú að svara hæstv. menntmrh. einhvern tíma, en ég veit ekki, hvort málið verður nokkurn tíma tekið á dagskrá aftur. Ég er búinn að kynna mér það um alla Evrópu, að það eru Danir einir, sem selja ódýrari landbúnaðarvörur. Það er alveg sama, hvað þessir herrar væla og berja lóminn fyrir hönd bænda, það er nákvæmlega sama, þótt þeir tvöfaldi hjá þeim búin, meðan löggjöfin er eins og hún er, að bændur njóta þess á engan hátt, þótt búin stækki, þá er ekkert gagn að því að stækka búin. Hitt er annað mál, að ef það eru sérstaklega lítil bú á Austurlandi, þá verða þeir fyrir borð bornir í samanburði við aðra landshluta, það er allt annar hlutur. En sem heild getur bændastéttin ekki grætt á því að stækka búin, meðan löggjöfin er eins og hún er. Þeir hafa sama kaup og þeir hafa haft, um 30% lægra en aðrir. Annars er rétt að unna mönnum sannmælis og viðurkenna, að í ár var leiðrétt verðlagið til bænda, það varð stórhækkun á því í haust, það er alveg rétt hjá landbrh., og ég veit, að landbrh. hefur alltaf viljað íslenzkum bændum vel og reynt að berjast fyrir þeirra hag, eins og hann hefur getað, en hann hefur átt örðuga aðstöðu.

Ég álít, að verðlag til bænda hefði stórlagazt í haust og sennilega aldrei orðið betra, ef við hefðum ekki orðið fyrir tvenns konar áföllum, þ. e. hækkandi verðlagi á öllu, það flýgur upp, og í öðru lagi, að tíðarfar var í mörgum landshlutum mjög óhagstætt s. l. haust, þannig að það át upp nokkuð af verðhækkuninni. Það er engin ástæða að vera að vanþakka það, sem vel er gert, en það er líka rétt að segja það, sem illa er gert. Sem sagt, grundvöllurinn undir því, að það hafi einhverja þýðingu fyrir bóndann að stríða og strita og stækka búin, er, að löggjöfinni sé breytt, að bóndinn njóti þess að einhverju leyti, ef hann eykur sína framleiðni og framleiðslu, og neytandinn að einhverju leyti. Þetta er grundvöllurinn. Og það þýðir þess vegna enginn barlómur, það er alveg sama, hvað þessir hv. þm. berja hér lóminn fyrir bændur, meðan það er ekki tryggt, að bóndinn njóti á einhvern hátt ávaxta af sínu striti, þá er ekki til neins að vera að hvetja hann til þess að stækka búið.

Ég get að sjálfsögðu verið með stjfrv., það sem það nær, en það læknar ekki þann vanda, sem nú steðjar að, og það er þetta misræmi, sem búið er að skapa hjá bændum og raunar hjá fleirum, hjá þeim, sem hafa verið að koma sér upp íbúðarhúsum, hjá útgerðarmönnunum, sem eru nú að kaupa báta, þó að þar komi fleira til greina, sem breytir aðstöðunni dálítið. Þetta misræmi hefur komið fram í fleiru, sem eðlilegt er, þegar vextir voru hækkaðir, verðlag hækkað og lánstími styttur. Þá er ósköp eðlilegt, að menn búi við misjöfn kjör. Vandinn verður ekki leystur, nema kjörum þeirra bænda, sem hafa ráðizt í framkvæmdir síðan 1960, verði breytt, vextirnir verði lækkaðir, lánstími lengdur og þeim á einhvern hátt annan hjálpað. Það þarf ekkert að hjálpa þeim, sem voru búnir að búa um sig. Þeim hefur verið hjálpað með gengislækkun. Við erum að borga okkar skuldir með margfalt verðminni krónum en þegar við fengum þær Þetta skilur ríkisstj. að vissu marki, á það bendir þetta frv. Allt leitar jafnvægis að lokum, og ef lánskjörum þessara bænda verður ekki breytt, þá borga þeir ekki sínar skuldir og bankinn verður að taka jarðirnar. Það mun fara að koma í ljós nú, að bændur geta ekki staðið í skilum, eins og þeir hafa gert í Búnaðarbankanum. Ég hef heyrt Magnús Jónsson, sem nú er bankastjóri, segja það, að bændur séu allra manna skilsamastir. Þeir hafa verið það. En það rekur vitanlega að því, að þeir geta ekki verið það, því að þegar skuldir eru komnar upp í 500—600 þús. á býli, er gersamlega útilokað fyrir bóndann að standa undir vöxtum og afborgunum af þessum upphæðum, þær eru orðnar það miklar. Það fer einfaldlega þannig, eins og með dýru bátana, sem verið er að kaupa nú og menn verða að borga 6½% af, þeir geta ekki borgað vextina, og þeir verða annaðhvort seldir eða það verður að breyta lánskjörum eða í þriðja lagi, að fiskveiðasjóður tapar. Það fer þannig með bændur, sem eru stórskuldugir nú, að þeir geta ekki borgað, og bankinn fer þá að taka jarðirnar, og svo fara þær annaðhvort í eyði eða verða leigðar fyrir einhverja smámuni. Það sækir allt í eðlilegan farveg.

Svo er hér mjög merkileg brtt. frá hv. 3. þm. Austf. Það, sem er sérkennilegast við þessa brtt., er, að það er farið 3—4 aldir aftur í tímann. Það var þannig, áður en bankarnir urðu til hér á landi, þá þurftu menn að ávaxta fé sitt, og þá höfðu biskupsstólarnir það þannig, að þeir áttu kúgildi hér og þar og jarðir, svo leigðu þeir bændum þetta. Bændur gátu ekki átt sínar kindur, vegna þess að þeir urðu að taka þessi kúgildi. Svo urðu þeir að borga leiguna í smjöri. Þetta skapaði tekjur fyrir biskupsstólana. Það má vel vera, að það geti verið gott fyrir bændur að fá lifandi pening til leigu, en dálítið vafstur er nú við þetta. Það eru hreppsnefndirnar, sem eiga að stofna þessa bústofnsleigusjóði, taka, að mér skilst, lán, sennilega

í Búnaðarbankanum. En okkur hefur alltaf þótt leiðinlegt, sveitamönnunum, að fara til hreppsnefndanna, því að það var talað um, að þeir væru orðnir hálfgerðir sveitarlimir, sem væru að leita til hreppsnefnda með ábyrgð og aðra fyrirgreiðslu, þannig að bændur hafa alltaf hlífzt við þessu og þykir þetta leiðinlegt og auðmýkjandi. En þegar hreppsnefndirnar eru búnar að kaupa þessar skepnur og lána bændum þær, hvort það eru heldur kvígur eða haustlömb, þá á að borga eitt lamb eftir 30, það eru lágir vextir, mjög lágir vextir. Ég heyrði hv. 3. þm. Austf. einu sinni tala um það í útvarpsumræðum, að það væri yfirsjón, hvað vextir hefðu verið lágir hér á landi. En hvað sem því líður, held ég, að það sé á vissan hátt hagstætt fyrir bændur, sem eiga að borga eina gimbur eftir 30 og eina kvígu eftir 30. Raunar yrði það dálítið óþægilegt, ef maður tæki t. d. 5—6 kvígur á leigu eða jafnvel þrjár, þá er ekki hægt að borga nema brot úr kvígu, og þá yrði annaðhvort að fara með halann, bóginn eða einhvern hluta af kvígunni í leiguna. Það er óþægilegt, það nefnilega vantar skiptimyntina, eins og við höfum í bönkunum, það er dálítið óþægilegt. En náttúrlega er það allt í lagi, ef það væru 30 kvígur, því að þá er hægt að greiða með einni kvígu.

Viðvíkjandi lömbunum er sérstaklega hagstætt fyrir bændur að láta 1 haustlamb í leigu af 30, því að vanalega er nú hægt að finna eitt lamb af 30, sem er litils virði, þannig að vextirnir yrðu litlir, og þá gætu þeir kjagað með þetta á bílum, því að það er orðið svo mikið um vélar, til útibússtjórans, sennilega yrði það Halldór okkar fyrir austan og svo hér í Búnaðarbankann til Magnúsar, þeir sem væru í Gullbringu- og Kjósarsýslu, svo að þetta væri baul og jarm þar í kring á haustdögunum. En fyrir bændur yrði þetta ágætt, ég sé ekki neitt við það að athuga. Náttúrlega gæti þetta sóðað eitthvað út, sérstaklega kvígurnar í kringum bankahúsið, en það er hægt að verka alla hluti, það væri hægt að ákveða að hafa þetta bara vissa daga og sprauta svo vatni yfir. Yfirleitt eru finar stofnanir, þessir bankar, eins og við vitum, því að banka vantar ekki í okkar landi eða bankaútibú. Það er nóg af því, en minna um peningana, þannig að þetta er ekki svo vitlaust fyrir bændur, þó að farið sé dálítið aftur í tímann. Hitt er vitanlega aðalatriðið, að bændur fái einhvers staðar lán, svo að þeir geti stækkað búin. Undirstaðan undir öllu er, að löggjöfinni sé breytt þannig, að þeir vinni eitthvað við að stækka búið. En ég vona, að þetta fari að miða allt í rétta átt, löggjöfin breytist, áður en langt um líður, og búin stækki.

Annars skal ég segja ykkur það, hvað er miklu meira virði en allir sjóðir og allar haustgimbrar og allar kvígur, kelfdar eða ókelfdar, og það er kjarkur og manndómur hjá bændum. Ef þeim er talin trú um, að það sé það versta, sem þeir geri, að búa, það sé eiginlega ekki hægt, þá er útilokað, að þeir búi vel. Við vitum, að ómögulegt er að vinna stríð, ef hermennirnir trúa því, að þeir bíði ósigur, og við vitum, að ef við erum á ferðinni í mugguveðri og trúum því, að við villumst, þá villumst við áreiðanlega, en ef við erum öruggir um að rata, þá er mikil von til, að við komumst á leiðarenda. Ég held því, að það, sem við þurfum fyrst og fremst að sannfæra bændur um, þrátt fyrir það að tekjur séu takmarkaðar af búum okkar, þá sé þetta heilbrigðasta og skemmtilegasta starfið. Við þurfum að trúa á framtíðina, trúa á þennan atvinnuveg. Sannleikurinn er sá, að það er hægt að efnast á búskap. Það er ekkert annað en heyja vel á sumrin og setja svo gimbrarnar á, vera ekki að kaupa of mikið og nota beitina vel, nenna að vinna. Ég hef aldrei verið í vandræðum með að hafa gimbrar, hef aldrei þurft að fá lán fyrir gimbrum að hausti. Svo geta menn neitað sér um ýmislegt. Til þess að stækka bú þarf maður bara að trúa því, að það sé hægt, haga sér skynsamlega, en ekki vera með væl og vantrú, hafa sjálfstraust. Það er áreiðanlegt, að þetta er hægt á Austurlandi eins og annars staðar.

Það, sem þm. ættu fyrst og fremst að gera, er að fara milli kjósenda sinna og telja í þá kjark og stórhug, en ekki segja þeim að fá kvígur að láni hjá hreppsnefndinni og haustgimbrar. Þeir geta sett á sínar gimbrar. Ég lifði engu sældarlífi mín fyrstu ár, ég borðaði rúgbrauð og tólg og velling og var stundum svangur. En mér datt aldrei í hug að fara til hreppsnefndar og fá gimbrar að láni. Ég komst alltaf af fyrir því. Og ég held, að það bezta, sem þessir blessaðir þm. gerðu, væri að sýna bændum fram á, að það sé leikur einn að lifa á búskap. Það er ekkert aðalatriði að hafa búið mjög stórt. Þessir herrar, eins og Gunnar Bjarnason og aðrir, sem alltaf eru að tala um stórbú, — því búa þeir ekki sjálfir stórbúi? Á Hvanneyri og Hólum eru einhver stærstu bú hér á landi, en ég man ekki, 1962 held ég að það hafi verið, þá var eitthvað 1/2 millj. kr. halli á hvoru búi og þó er allt lagt til: vélar, jörð, bústofn. Hvað gefa þessi stóru bú þá af sér? Við eigum að hafa búin hæfilega stór, það borgar sig, að það sé full vinna fyrir fjölskylduna. Það er ekki hægt að treysta á aðkeypt vinnuafl, og það er fíflska að hafa búin sérstaklega stór, meðan bændurnir í heild fé ekkert meira fyrir það, þó að þeir framleiði mikið. Undirstaðan er heilbrigð og breytt löggjöf og hæfilega stór bú. En verst af öllu þó og verra en vitlaus löggjöf og allar vitleysur allra ríkisstj. er það, ef hægt er að telja bændum trú um, að allt sé ómögulegt, og gera þá kjarklausa og manndómslausa.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð aðallega til þess að svara nokkrum atriðum í ræðu hæstv. ráðh., en hann flutti hér alllanga svarræðu um þessi efni, eftir að ég hafði talað fyrir helgina.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki réttmætt að halda því fram, að hagur bænda stæði verr nú en áður, t. d. áður en núv. stjórnarstefna kom til framkvæmda. Hann sagði, að í

þessu sambandi mundu menn mest vitna til þess, sem Hermóður Guðmundsson bóndi í Árnesi í Suður-Þingeyjarsýslu hefði sagt um afkomu bænda, og til talna, sem hann hefði komið fram með í því sambandi. Og fór hæstv. ráðh. æðimörgum orðum um, að niðurstöður Hermóðs Guðmundssonar í þessu tilfelli væru rangar og þar af leiðandi væri þessi dómur um afkomu bændastéttarinnar ekki réttur. Ég vitnaði alls ekki til Hermóðs Guðmundssonar bónda í Árnesi og er ekki nógu kunnugur því, sem hann hefur upplýst um þessi efni, til þess að hafa það á takteinum. En ég kunni satt að segja ekki við, hvernig hæstv. ráðh. talaði um þau efni, og vona ég, að einhverjir, sem kunnugri eru því, sem Hermóður Guðmundsson hefur haldið fram, en ég, verði til þess að svara fyrir hann, þar sem hann hefur ekki aðstöðu til þess að gera það hér. En ýmislegt af því, sem hæstv. ráðh. sagði um það efni, er þannig, að mér finnst því þyrfti að gera nokkur skil. Vona ég, að einhver taki sig til, áður en þessum umr. verður lokið.

En það er undarlegt hlutskipti, sem hæstv. landbrh. hefur valið sér, ekki aðeins í þessum umr., heldur í umr. yfir höfuð um landbúnaðarmál á síðustu árum. Tónninn í því, sem kemur frá hæstv. ráðh. í því sambandi, er nánast sá, að ástandið í landbúnaðinum sé alltaf batnandi og aldrei betra en nú. Og það var svikalaust tónninn í því, sem hæstv. ráðh. hélt fram um þessi efni fyrir helgina.

Ég er alveg steinhissa á hæstv. ráðh. að velja sér þetta hlutskipti og þennan málflutning, og það má svo sem nærri geta, hvernig hæstv. ráðh. gengur að koma fram málefnum bændanna, sem honum er trúað fyrir í ríkisstj. og stjórnarherbúðunum, þegar hann hefur þetta viðhorf sjálfur og hamrar þetta dag út og dag inn, eins og ástandið er þó í þessum efnum, og eins og bændur sjálfir upplýsa um þessi efni, bæði hver í sínu lagi og eins þegar þeir koma saman. Ég er alveg steinhissa á þessu, og sannleikurinn mun vera sá, að þessi undarlegi málflutningur hæstv. ráðh. þvert ofan í staðreyndir, sem fyrir liggja, og glögga vitnisburði, verkar eins og beiskasta stórkun í garð bændanna, því að það er ekki til neins að berja höfðinu við steininn í þessum efnum.

Það er öllum augljóst, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að það er miklu erfiðara t. d. að fást við þessi efni nú en var áður en þessi nýja stjórnarstefna var tekin upp, t. d. 1958. Og það þarf ekki lengi að leita að ástæðunum fyrir þessu. Ástæðurnar eru fyrst og fremst, eins og ég þóttist sýna fram á og hæstv. ráðh. hnekkti ekki í einu né neinu, sú stórkostlega verðlagsbylting, sem orðið hefur vegna verðbólgu- og dýrtíðarstefnu hæstv. ríkisstj. Og þessi ofsalega verðlagsbylting, sem orðið hefur í landinu, hefur verkað þannig, að allur verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins, sem var áreiðanlega ekki áður of hagstæður bændum, hefur skekkzt stórkostlega í óhagstæðari átt fyrir landbúnaðinn. Það þarf ekki annað en sjá verðlagsgrundvöll landbúnaðarins, þennan síðasta, sem gefinn hefur verið út, til þess að sannfærast alveg um þetta og um þá erfiðleika, sem fram undan eru, meira að segja því miður í landbúnaðinum, vegna þessarar verðlagsbyltingar.

Við sjáum t. d., ef við lítum í verðlagsgrundvöll landbúnaðarins, að þar er fyrning reiknuð af húsum af kostnaðarverði, 180 þús. kr. Auðvitað nær þessi húsakostnaður ekki nokkurri átt. Hann er ekkert í áttina við það að vera raunhæfur, eins og nú er komið, 180 þús. kr. Enn fremur er í þessum sama verðlagsgrundvelli t. d. gert ráð fyrir að afskrifa 80 þús. kr. stofnkostnað á vélum, — 80 þús. kr. stofnkostnað á vélum. Það er ekki fyrir einni dráttarvél af minnstu gerð, sem gert er ráð fyrir að bóndinn geti afskrifað af vélakosti sínum í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins. Það tekur lítið betra við, ef íhugað er um liði eins og t. d. vextina. Þar er gert ráð fyrir, að þetta bú skuldi ræktunarsjóði 60500 kr. og annars staðar um 51 þús. kr. En hvernig er hugsanlegt, að nokkurt bú, sem hefur orðið að sæta þeim stofnkostnaði, sem nú er orðinn, komist af með að skulda jafnlágar fjárhæðir og hér er gert ráð fyrir? Þetta nær vitanlega engri átt, miðað við ástandið, eins og það er orðið. Þetta eru algerlega úreltar tölur, og verðlagsbylting sú, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir, hefur skollið á þennan hátt á landbúnaðinum og skekkt á þennan hátt verðlagsgrundvöllinn, að hann er ekki orðinn nærri því að geta staðizt.

Hæstv. ráðh. var að tala hér um einar og aðrar leiðréttingar, sem hefðu verið gerðar á einstökum liðum í verðlagsgrundvellinum. Ég sé nú ekki ástæðu til að fara að ræða um þau atriði fram og aftur, en hitt má segja í því sambandi, að ef einhverjar leiðréttingar hafa orðið á verðlagsgrundvellinum á þessum árum, hafa þær áreiðanlega ekki fengizt fyrir tilverknað hæstv. ráðh. á nokkurn hátt, heldur hefur það verið verk Stéttarsambands bænda einvörðungu, að þær hafa fengizt fram. En eitt vil ég segja, og það ætla ég, að hverjum manni sé ljóst, sem þessi mál vill kynna sér af einhverri alvöru, að slíkar leiðréttingar, ef þær hafa fengizt, hafa reynzt hreinasti hégómi samanborið við þær skekkjur, sem komið hafa inn í verðlagsgrundvöllinn vegna stjórnarstefnunnar, vegna verðbyltingarinnar, sem orðið hefur í landinu. Það er verðbyltingin, sem orðið hefur í landinu af völdum stjórnarstefnunnar, sem búin er að grafa algerlega grunninn undan verðlagsgrundvellinum og hefur auðvitað verkað til tjóns margfalt á við þessa einstöku liði, sem hæstv. ráðh. var að benda hér á áðan, að Stéttarsambandinu hefði tekizt að knýja fram eitthvað til lagfæringar, og ég skal ekki leggja neinn dóm á.

Við þetta bætist svo vaxtapólitík hæstv. ríkisstj., sem verkar þannig, að bændur verða að greiða miklu hærri vexti og búa við óhagstæðari lán en áður, og ég vil benda hér á það, út í hvílíka fjarstæðu þetta er komið, að hér er gert ráð fyrir því, að vextir af skuldum til annarra í verðlagsgrundvellinum séu 7200 kr., aðeins 7200 kr. í heild. Þarna sjáum við,

hvílík fjarstæða þetta er orðin samanborið við hin nýju kjör, sem landbúnaðurinn þarf að búa við, bæði stofnkostnaðinn og lánskjörin. Ég sé ekki betur en í verðlagsgrundvellinum sé t. d. aðeins reiknað með 111500 kr. skuldum samtals. Hvaða glóra er orðin í þessu, þegar það kostar vafalaust mikið á aðra millj. að koma upp meðalbúi? Það er svona, sem búið er að fara með landbúnaðinn með þessari verðlagsbyltingu, sem orðið hefur, með þessari dýrtíðarstefnu.

Þýðingarlaust er fyrir hæstv. ráðherra í því sambandi að vera að halda því fram, að stjórnarandstaðan eigi verulegan þátt í því, hvernig farið hefur að þessu leyti, og í þeirri dýrtíðarbyltingu, sem orðið hefur í landinu. Þetta er auðvitað hrein fjarstæða. Það var byrjað með því að innleiða hér stórfellda gengislækkun, mikla vaxtalækkun, stórfellda tollahækkun og söluskattshækkun, allt í einu lagi, — byrjað með þessu. Síðan var annarri gengislækkun bætt við. Og stjórnarstefnan hefur frá fyrstu tíð ætíð verið miðuð við að láta dýrtíðina vaxa örar en kaupgjald hækkaði og afurðaverð til bænda, því að allt var þetta byggt á því, að þjóðin lifði um efni fram, sem var falskenning, og það yrði að leiðrétta þetta með því að minnka kaupgetuna í landinu, — og það ætti að gera með því, að verðlagið hækkaði meira en kaupgjald og afurðaverð til bænda. Þannig ætti að lækna þá meinsemd, að þjóðin eyddi meiru en hún aflaði.

Þessi stefna hefur leitt til þessarar verðlagsbyltingar og til þeirrar óðadýrtíðar, sem við höfum búið við, og hlaut að gera það, og var það raunar sjáanlegt fyrir fram og margvarað við því, þó að hæstv. ríkisstj. og hennar fylgilið vildi ekki á það hlýða, þá hefur reynslan orðið svona. Og þetta hefur skekkt m. a. verðlagsgrundvöll landbúnaðarins svo stórkostlega, að þau einstök atriði, sem hæstv. ráðh. ræddi í því sambandi, verða smávægileg, þegar þetta er skoðað ofan í kjölinn.

Ég viðurkenndi í ræðu minni um daginn, að það, sem hæstv. ráðh. var að telja sér til gildis, að innleiddar voru útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir og oftar umreiknað verð landbúnaðarafurða miðað við kaupgjaldsbreytingar en áður var, væri til bóta og auðvitað hefði ástandið verið enn verra, ef þetta hefði ekki verið gert, en þessi atriði hafa auðvitað ekki megnað að forða landbúnaðinum frá því öngþveiti, sem nú er orðið vegna stjórnarstefnunnar, eins og ég hef sýnt fram á með þeim dæmum, sem ég hef tekið.

Það er alveg þýðingarlaust við þessar aðstæður að berja höfðinu við steininn og halda því fram, að ekkert sé að marka vitnisburði bænda og samtaka þeirra um þann vanda, sem í er komið í þessu sambandi og ég leyfði mér að kalla úlfakreppu, — þykjast ekki sjá þetta og halda því fram, að hér sé ekki um neinn sérlegan vanda að ræða og sízt meiri en áður hefur verið. Það færi betur, að svo væri, en því er sannarlega ekki þannig varið, eins og menn mega af þessu sjá.

Ég vil svo skjóta því hér inn í, vegna þess að ég er að ræða hér almennt um þessi efni og það kom fram hjá síðasta ræðumanni, að afurðasölulöggjöf landbúnaðarins mundi aldrei hafa verið landbúnaðinum sérlega þýðingarmikil eða hagstæð. Ég held, að menn séu þá illa búnir að gleyma, hvernig hér var ástatt, áður en afurðasölulöggjöfin var sett, ef menn telja það. Auðvitað var afurðasölulöggjöfin geysilega þýðingarmikil á sínum tíma og hefur unnið landbúnaðinum mjög mikið gagn. Hitt er annað mál, að það hafa komið fram ágallar á löggjöfinni í framkvæmd, þannig að það er lífsnauðsynlegt að breyta löggjöfinni, ekki sízt miðað við hina nýju staðhætti, því að hvernig í ósköpunum á landbúnaðurinn að komast út úr þessari úlfakreppu, sem ég hef verið að lýsa, vegna verðbyltingarinnar, án þess að nýjum tökum sé tekið á verðlagsmálunum? Það er ekki hugsanlegt.

Það er nefnilega eins og ég leyfði mér að benda á um daginn, að það lítur út fyrir það núna, að þessi verðlagsbylting, sem orðin er, krefjist svo mikilla breytinga í verðlagningu landbúnaðarvara, að hún komist aldrei í framkvæmd að óbreyttri afurðasölulöggjöf, því að þessi verðlagsbylting, sem ég hef leyft mér að kalla, hefur grafið grunninn undan framleiðsluráðslögunum.

Ég spurði hæstv. ráðh., hvort hann ætlaði að beita sér fyrir því að koma fram breytingum á afurðasölulöggjöfinni í samræmi við það, sem stjórn Stéttarsambandsins hefur farið fram á, og hæstv. ráðh. svaraði því engu, sagðist bara vilja það bezta í þessum efnum. En hann svaraði því engu, hvort hann ætlaði að beita sér fyrir þessu, og þótti mér það miður, að hann skyldi ekki gefa yfirlýsingu um, að hann ætlaði að gera þetta. Og sannast að segja fannst mér miður um það, sem hann sagði um það, hvað ástandið í landbúnaðinum væri gott og æskilegt, og það allt gaf síður en svo bjartar vonir um skelegga forustu hans til að bæta úr þeim vanda, sem menn standa frammi fyrir.

Ég minnti á, hvað hækkandi vextir hefðu örlagaríkar afleiðingar í landbúnaðinum, og skal ekki endurtaka neitt af því hér. En hæstv. ráðh. kemst aldrei fram hjá þeirri staðreynd, að áður þurftu bændur að borga 3½% af aðallánunum, sem þeir tóku, en núna þurfa þeir að borga 6—6½%. Áður borguðu bændur engan sérstakan skatt af tekjum sínum, persónulegum tekjum sínum, til þess að fá þessi lán með 3½%—4% vöxtum. En nú verða bændur að borga persónulegan skatt til þess að fá lán með 6—6½% vöxtum. Þetta ætla ég, að sé nokkuð mikil og örlagarík breyting á aðstöðu bændanna. Og auðvitað á að leysa lánamál landbúnaðarins fyrir bændurna, fyrir landbúnaðinn. Fyrst og fremst skiptir máli, hvað að landbúnaðinum og bændunum snýr í því tilliti. Ég veit ekki betur en bændur fengju yfirleitt lán úr ræktunarsjóði og byggingar- og landnámssjóði áður, eftir því sem eftirspurnin sagði til, og að því leyti til hafi ástandið ekkert breytzt. Hitt er rétt, að það hefur

verið bætt við smálánum til vélakaupa, sem þó hrökkva ekki nema fyrir litlum hluta af þeirri verðhækkun, sem hefur orðið á vélunum, og þannig mætti náttúrlega lengi telja. Það eru ólíkt verri lánskjör, sem landbúnaðurinn býr við nú, þegar á heildina er litið, en áður var, og er það sannast að segja furðulegt, að slíkt skuli hafa átt sér stað, að gengið væri aftur á bak í þeim málum. Og svo sjáum við afleiðingarnar af þessu. Nýju vextirnir komast ekki inn í verðlagsgrundvöllinn, nýi stofnkostnaðurinn kemst ekki inn í hann heldur nema að mjög takmörkuðu leyti, og afleiðingin verður svo sú, að það er klipið af kaupi bændanna til þess að greiða þessi vaxandi útgjöld.

Þetta er myndin, sem við blasir í dag og er algerlega óhrekjanleg, og þarf ekkert annað skjal að skoða í því sambandi en verðlagsgrundvöll landbúnaðarins einan, eins og hann liggur fyrir nú. Þar sjáum við, að þessir liðir eru ekki í neinu sambandi við raunveruleikann eins og hann er í dag. Og svo er þar fyrir utan margt annað, sem ég fer ekki út í, eins og t. d. það, að talið er, að ýmsir einstakir rekstrarliðir séu vantaldir, en út í það skal ég ekki fara fremur en umr. um hina einstöku liði, sem hæstv. ráðh. ræddi í sambandi við verðlagninguna.

Ég sagði, að þegar gengið var fellt, hefði ríkið tekið á sig gengistöpin hjá opinberu lánsstofnununum yfirleitt og nær undantekningarlaust, nema hjá lánastofnun landbúnaðarins, og þetta er rétt. Töpin voru færð yfir á sérstakan reikning í Seðlabankanum, sem ríkissjóður tók á sig að standa undir, en gengistöp landbúnaðarlánasjóðanna voru skilin eftir, af því að það þótti henta til þess að nota það sem áróðursatriði, að sjóðir landbúnaðarins stæðu höllum fæti og þess vegna þyrfti að leggja lánaskatt á bændurna, — framsóknarmenn hefðu skilið þannig við sjóði landbúnaðarins, að þeir hefðu staðið höllum fæti, var sagt, og þess vegna þyrfti að leggja skatt á bændurna. Þetta var áróðursbragð, ljótt bragð og ómaklegt, að haga sér svona í garð bændastéttarinnar, vegna þess að hún hefur ekki aðstöðu til þess að borga aukaskatt jafnhliða því, sem lánskjör fara versnandi, síður en svo. Þessi mál var hægt að leysa á auðveldan hátt og einfaldan, aðeins með því, að þjóðfélagið tæki á sig gengistöp þessara sjóða eins og hliðstæðra sjóða velflestra, og ekki þá sízt þegar ríkissjóður sjálfur var í ábyrgð fyrir skuldbindingum sjóðanna og var þess vegna í raun og veru skylt að taka þetta á sig eins og aðrar ríkisábyrgðargreiðslur. Það var ekki gert, heldur tekið upp þetta bragð, sem ég var að lýsa. Og bændur mega svo borga brúsann með þessum nýja skatti.

Hæstv. landbrh. ræddi dálítið um, að með þessu frv. væri stigið stórt skref í uppbyggingarmálum landbúnaðarins. Ég vil ekki gera lítið úr því gagni, sem verður af því að hækka jarðræktarframlagið, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., og miðað við 25 ha. hámark, enda er það framhald af þeirri stefnu, sem Framsfl. mótaði í öndverðu. En ég vil benda á, að hér eru þó ekki ráðgerð hærri útgjöld á ári en kringum 13 millj. kr., þannig að hér er náttúrlega ekki um stóra fjárhæð að ræða. En ég vil í því sambandi minna hæstv. ráðh. á það, að nú fyrir örstuttu, nokkrum dögum, var samþykkt að leggja allverulegt fé fram til að bæta hag hraðfrystihúsanna í landinu og 51 millj. til að styðja togaraútgerðina í landinu. Hvernig væri nú, að hæstv. ráðh. beitti sér fyrir því, að eitthvað hliðstæðum fjárhæðum yrði veitt til landbúnaðarins til þess að greiða fyrir uppbyggingu hans, t. d. til að standa undir kostnaði við eitthvað af þeim frv., sem framsóknarmenn hafa lagt fram nú ár eftir ár og ganga í þá átt, en ætíð hafa verið felld?

Ég nefni í því sambandi t. d. nýju jarðræktarlögin, sem Framsfl. hefur flutt, lög um bústofnslánadeild, lög um lagfæringar á vöxtunum í stofnlánadeild landbúnaðarins, og fleiri frv. mætti nefna, sem Framsfl. hefur lagt fram og hann berst fyrir í þessa átt. Hvernig væri að taka nokkra fúlgu og verja henni skipulega og skynsamlega til þess að gera átak í landbúnaðarmálunum og greiða fyrir málefni landbúnaðarins hliðstætt við málefni annarra stétta og velja þá úr það, sem að beztu manna yfirsýn væri talið þýðingarmest fyrir landbúnaðinn? Nú mun hæstv. ráðh. kannske segja, að þetta væri ágætt, ef það væru peningar til að koma þessu í framkvæmd. En ég vil leyfa mér að minna hæstv. ráðh. á, að árið 1962 mun hafa verið um 160 millj. kr. greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, og ríkisstj. segist hafa lagt 100 millj. af því á bók. Og á árinu 1963 hefur áreiðanlega einnig orðið mjög verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, þannig að það eru mörg hundruð millj., sem ríkisstj. hefur yfir að ráða af greiðsluafgöngum, sem búið er að taka af þjóðinni með sköttum og er hreint afgangsfé, sem hún hefur til ráðstöfunar.

Hvers vegna ekki að taka eitthvað af þessu fé og verja því til að greiða fyrir uppbyggingu landbúnaðarins, ef menn meina eitthvað með því, að þeir vilji gera það, ef það er eitthvað annað en fögur orð, því að peninga vantar ekki?

Og núna síðast, þegar þessi mál voru til meðferðar, nýjar „bráðabirgða efnahagsmálaráðstafanir" af hendi hæstv. ríkisstj., voru hamraðar hér fram nýjar álögur, stórfelldar, til þess að þurfa ekki að skerða greiðsluafgangana, þannig að þeir eru til óskertir. Þeir eru þess vegna til óskertir.

Hér á árunum, þegar greiðsluafgangar urðu, og það kom fyrir nokkrum sinnum, beitti ég mér fyrir því, að fé var notað til þess að greiða fyrir ýmsum þeirra mála, sem þá lágu þyngst á. Sumt af því fé var lagt fram í lánasjóði landbúnaðarins og sjávarútvegsins og íbúðarlánakerfið o. s. frv., o. s. frv. Og yfirleitt voru greiðsluafgangar þá notaðir í þessu skyni. Það er sagt núna, að þetta hafi verið hin mesta óráðsía, að haga sér á þessa lund,

og hefði heldur átt að liggja á þessum peningum, skilst mér. En ég hef ekki skilið, að við hefðum ráð eða möguleika á því að liggja þannig á peningum með öll þau óleystu verkefni, sem við þurfum hér að sinna, bæði í landbúnaðinum og í öðrum efnum. Og ég held, að það væri skynsamlegra fyrir hæstv. ríkisstj. að fallast nú á það að samþykkja eitthvað af þeim frv. t. d., sem hér liggja fyrir frá Framsfl., með það fyrir augum að verja til þess að standa undir þeim fé af þessum greiðsluafgöngum, eða þá taka eitthvað af greiðsluafgöngunum og verja eftir öðrum leiðum til gagns fyrir landbúnaðinn, ef þær finnast heppilegri en þær, sem við höfum stungið upp á, en sem sagt verja einhverju verulegu af þessu fjármagni til að greiða fyrir landbúnaðinum í þeim vanda, sem þar hefur nú skapazt. Það væri áreiðanlega talsvert hægt að gera fyrir þetta fé, ef menn sameinuðust um að verja því skynsamlega.

Það má vel vera, að hæstv. ráðh. eða einhverjir úr stjórnarherbúðunum mundu vilja segja, að þetta fé megi ekki nota, það verði að liggja ónotað, til þess að það skapi ekki ofþenslu. Mér finnst þetta vera heldur einkennilegar röksemdir, t. d. ef ætti að halda því fram, að það skapaði hættulega ofþenslu að verja einhverju af þessu fé til að styðja aukna ræktun, til að styðja aukna uppbyggingu í sveitunum o. s frv., það skapi ofþenslu. A. m. k. held ég, að sú stjórn geti ekki borið sér það í munn, sem lætur allt það handahóf og ég vil segja: alla þá eyðslu og sóun viðgangast afskiptalaust, sem nú á sér stað í fjárfestingarmálum á Íslandi. Ég held, að það sé ekki frambærilegt, þegar svona er haldið á málum, að halda því fram, að það mundi valda óeðlilegri ofþenslu að verja einhverju af því fjármagni, sem ríkið raunverulega á ónotað, til þess að greiða fyrir aðkallandi málefnum landbúnaðarins.

Ég sé nú, að fundartimi er nú á þrotum, enda skal ég ekki halda hér lengri ræðu, en vildi aðeins segja að lokum út af brtt. frá hv. 3. þm. Austf. um bústofnslán, að ég vildi, að athugað væri í því sambandi frv. það til l. um bústofnslánasjóð, sem framsóknarmenn hafa flutt í Ed. Alþingis, þar sem gert er ráð fyrir að koma upp allmyndarlegum bústofnslánasjóði. Fer ég ekki að rekja efni frv. hér, en aðeins fer fram á, að efni þessa frv. verði skoðað og hvort menn gætu ekki fallizt á að taka efni þess að einhverju verulegu leyti a. m. k. upp í þessa löggjöf.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., 11. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka hér upp neinar almennar umr. um það frv. til breytinga á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., sem hér liggur fyrir, enda er þegar búið að ræða þetta mál á tveim fundum og hefur komið fram flest af því, sem ég mundi hafa viljað taka fram um málið almennt. Ég vil mega vænta þess, að þetta mál fái gaumgæfilega athugun í hv. landbn. og að henni takist að gera þær breytingar á frv., sem nauðsynlegar mega teljast með tilliti til þess, hvernig nú er ástatt fyrir íslenzkum landbúnaði.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að í umr. á fimmtudaginn var, að ég ætla, veittist hæstv. landbrh. að fjarstöddum manni, sem ekki hefur aðstöðu til að skýra mál sitt á þessum vettvangi. Þessi maður er Hermóður Guðmundsson bóndi í Árnesi í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu, formaður Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga. En Hermóður Guðmundsson hefur, eins og kunnugt er, ritað töluvert í blöð um vandamál landbúnaðarins á seinni tíð og tekið þátt í fundarstörfum ýmsum varðandi þau mál.

Hæstv. landbrh. sagði, að Hermóður Guðmundsson hefði í viðtali við Tímann sagt, að afurðir landbúnaðarins hefðu í verðlagsgrundvelli hækkað um 34%, ca. 34%, ég man ekki, hvort orðalagið ráðh. notaði, og að þetta væri rangt. Sjálfur nefndi hann aðrar tölur, sem hann taldi réttar, og vildi þar með leiðrétta það, sem hefði verið ranghermt hjá Hermóði Guðmundssyni í nefndu viðtali. Það var ekki nóg með það, að þessi ummæli féllu hér á Alþingi af vörum ráðh., heldur sá útvarpið, ríkisútvarpið, ástæðu til þess í sínum fréttaflutningi af umr. hér á Alþingi að geta sérstaklega um það, að ráðh. hefði leiðrétt þessar röngu tölur Hermóðs Guðmundssonar, eftir því sem mér er tjáð, að þingfréttamaður ríkisútvarpsins hafi skýrt frá þessu, þannig að það virðist hafa átt að ná eyrum þjóðarinnar rækilega, að þessi maður hefði þarna farið með rangar tölur. Nú veit ég ekki, hvaða efnislega þýðingu það hefur að vera að gera á þennan hátt aths. við þessar tölur, nema ef það væri til þess að vekja ótrú á þeim rökum, sem forsvarsmenn bændastéttarinnar hafa haft í frammi í afurðasölumálum sínum, og það út af fyrir sig tel ég nokkuð alvarlegt mál. Ég mundi eftir því, þegar þessi umræða fór fram, að Hermóður Guðmundsson hefði átt viðtal við Tímann, en hins vegar var það mér úr minni liðið, hvað hann hafði sagt um þetta atriði í viðtalinu. Ég fór þess vegna, eftir að fundinum var lokið, að leita uppi þetta viðtal og kynna mér efni þess. Það viðtal, sem hæstv. ráðh. hlýtur að eiga við, er viðtal, sem birtist í Tímanum 10. des. s. l., 1963. Og ég vil nú leyfa mér að rifja það hér upp, sem fram hefur komið í þessu viðtali varðandi þetta efni.

Það er Tíminn 10. des. 1963, viðtal við Hermóð Guðmundsson. Blaðið spyr m. a.: „Hvað viltu segja um samband stofnkostnaðar og afurðaverðs?“ Og Hermóður Guðmundsson svarar, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er sannfæring okkar bænda, að það sé ekki sama fyrir framleiðslukostnaðinn hjá okkur, hvort stofnkostnaður vísitölubúsins sé t. d. ekki nema um 640 þús. kr., eins og hann var 1958 fyrir viðreisn, eða ca. 1100 þús. kr. á s. l.

ári. Þessi ca. 70% hækkun stofnkostnaðarins hefur t. d. í för með sér um 24—25 þús. kr. útgjaldaaukningu fyrir bóndann á s. l. ári umfram það, sem áætlun verðgrundvallarins gerði ráð fyrir haustið 1962. Þessi eini liður jafngildir allt að 26%, beinni skerðingu hjá bóndanum verðlagsárið 1962—1963. Sé rekstrarkostnaðurinn athugaður á þessu tímabili, hefur hann einnig hækkað um svipaða hundraðstölu, þótt landbúnaðarvörur hafi ekki hækkað nema um ca. 34%."

Nú segir hæstv. landbrh., að hér sé um ranga tölu að ræða, landbúnaðarvörurnar í verðlagsgrundvelli hafi hækkað um miklu meira en 34%. Og svo kemur hann með nýjar tölur, sem ég man nú ekki nákvæmlega, en þær voru allmiklu hærri. En ég fæ ekki betur séð en sá samanburður, sem Hermóður Guðmundsson hefur gert, sé réttur og sá samanburður, sem hæstv. ráðh. hefur gert, sé rangur. Og það liggur í því, að Hermóður Guðmundsson er ekki að bera saman tölur ársins 1958 og 1963, ekki haustverðið 1958 og 1963, heldur 1958 og 1962. Hann segir það beinlínis á tveim stöðum í því, sem ég las nú upp, að hann sé að tala um verðlagsárið 1962—1963, og það hlýtur hæstv. ráðh. að gera sér ljóst, að þær tölur, sem gilda fyrir verðlagsárið 1962—1963, eru tölurnar í þeim verðlagsgrundvelli, sem ákveðinn var haustið 1962, en ekki þær, sem ákveðnar voru s. l. haust. Þær gilda aftur á móti fyrir verðlagsárið 1963—1964. Hér sýnist mér því, að hæstv. ráðh. hafi orðið á í messunni. En til þess að menn geti gert sér grein fyrir því, hvort þær tölur, sem Hermóður Guðmundsson nefndi í viðtalinu, þ. e. a. s. hækkun um ca. 34% frá 1958—1962, því að það er það, sem hann á við og greinilega fram tekið, þá vil ég hér með leyfa mér að lesa upp tölurnar, sambærilegar tölur frá þessum tveimur árum um verðlagningu landbúnaðarafurða í verðlagsgrundvelli. Og svo getum við sjálfir reiknað út, hvort 34% sé þar fjarri lagi.

Í verðlagsgrundvelli, sem ákveðinn er 1958 um haustið, er mjólkurverðið 3.92 kr. á lítra, en í verðlagsgrundvelli, sem ákveðinn var haustið 1962, er mjólkurverðið 5.27½ kr. Ég ætla, að þessi hækkun sé milli 34 og 35%. Hæstv. ráðh. bar nú ekki saman kg af kjöti, enda er það vorkunnarmál, heldur bar hann saman dilkinn 1958 og 1962, og það dæmi er ekki alveg eins einfalt. Menn þurfa að gefa sér ákveðnar forsendur um það, hvers konar dilk um er að ræða, og væri e. t. v. eðlilegast að reikna fremur afurðir eftir einlembda á t. d. En ef borið er saman verð á þessum tveimur verðlagsgrundvallarárum, 1958 og 1962, á kjöti, gærum, slátri og mör, sem eru þrjár aðalafurðir af dilkum, þá verður samanburðurinn svona: 1958 er eitt kg af kjöti í verðgrundvellinum kr. 22.20, en 1962 28 kr. 1958 er eitt kg af gærum reiknað á 8.35 kr. og 1962 á 29.40 kr. Og 1958 er slátur og mör verðlagt á 30 kr. og 1962 á 33.60 kr. Það kemur fram, að þarna hefur að einu leyti orðið allmikil breyting á. Verðið á gærum var reiknað mun hærra 1962 en 1958. Þess vegna er það rétt í sjálfu sér, eins og hæstv. ráðh. gerði, að búa sér til dæmi um dilk, og ég ætla, að ef það er gert með þessum tölum, muni hækkunin frá 1958—1962 vera mjög nærri 34%. En menn geta reiknað út sjálfir eftir þessum tölum.

Nú vildi ég mega vænta þess, þar sem hér hefur verið um misgáning að ræða og sjálfsagt ekki með vilja, að hæstv. ráðh. leiðrétti á einhvern hátt þau ummæli, sem hann hefur haft um Hermóð Guðmundsson í þessu sambandi og þær upplýsingar, sem hann gaf Tímanum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er algerlega rangt, að ég hafi veitzt að einhverjum manni sérstaklega fjarverandi hér á föstudaginn var, þegar rætt var um frv. til l. um stofnlánadeild landbúnaðarins. Hv. ræðumaður minntist á Hermóð á Sandi og segir, að ég hafi veitzt að honum. Ég gerði ekki annað en vitna í tölur, sem dagblaðið Tíminn hafði eftir honum og hv. ræðumaður staðfesti hér áðan, þar sem í viðtali 10. des. er sagt, að landbúnaðarvörurnar hafi hækkað um 34%. Þetta er 10. des. En svo er sagt annars staðar í greininni frá samanburði á 1958 og 1962, og er það dálítið undarlegt, þegar rætt er um verðlagningu landbúnaðarvara 10. des. 1963 og verðlagningin frá haustinu 1963 liggur fyrir, að nota þá til samanburðar árið 1962. Og ég vil minna á það, að hv. framsóknarmenn hafa í ræðu og riti, síðan þetta viðtal átti sér stað, vitnað í þessa prósenthækkun og lagt út af henni í samanburðinum á kjörum bændastéttarinnar nú og 1958.

Nú er hægt að gera hv. síðasta ræðumanni það til geðs að segja, að í þessu viðtali hafi aðeins verið átt við árið 1962. Það hafi að vísu verið gert til þess að gera dæmið verra í áliti almennings gagnvart bændum, en hv. ræðumaður sagði hér áðan, að það væri rétt, að það hafi hækkað um 34%, ef það væri miðað við árið 1962. En það er bara ekki heldur rétt og dugir ekki hér að vera að tala aðeins um kjöt, þegar talað er um hækkun á sauðfjárafurðum, það verður að tala um, hvað dilkurinn hefur hækkað, því að gæruverðið og innmaturinn hefur áhrif á það, hvað kjötverðið er ákveðið. Og þegar verið er að tala um, hvað verð sauðfjárafurða hafi hækkað frá árinu 1958, verður að tala um það, hvað dilkurinn er í grundvellinum bæði þessi ár, og það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, því að það liggur fyrir og það er rétt, sem ég sagði hér á föstudaginn, að dilkurinn var í grundvellinum 1958 kr. 380.47, og hann er í gildandi grundvelli kr. 664.15. Hækkunin er 74.56%. Og auk þess hefur ullin hækkað um 85%. Og þegar tekið er þá tillit til þess, hvað sauðfjárafurðirnar hafa hækkað, lætur það nærri að vera 77%. Þetta er staðreynd, sem ekki er hægt að komast hjá og ekki er hægt að hrekja, og þetta eru þær tölur, sem ber að nota í samanburði á kjörum bænda 1958 og 1963, en ekki þær tölur, sem menn telja að hafi

verið í verðlaginu 1962. Þegar verið er að tala um kjör bænda árin 1958 og 1963, þá verður að tala um verðlagið, sem gilti bæði þau ár, en ekki verðlagið 1958 og 1962.

Ef við tökum mjólkurafurðirnar, sjáum við, að það er fjarri lagi, að það geti verið rétt að tala um 34% 1962, þar sem afurðirnar hækkuðu til jafnaðar um 20.8% s. l. haust, en verðlag á mjólk hefur hækkað, eins og ég sagði hér á föstudaginn, um 57.91%, auk þess að 1958 vantaði bændur 7—9% á verðgrundvöllinn, en fá hann væntanlega að fullu 1963.

Ég er dálítið hissa á því, að hv. 3. þm. Norðurl. e. skuli koma hér upp í pontuna í því skyni að reyna að leiðrétta það, sem ég sagði hér s. l. föstudag. Þess þurfti ekki með, vegna þess að það var rétt. Það er líka algerlega ástæðulaust að koma til þess að bera skjöld fyrir Hermóð á Sandi, vegna þess að það hefur ekkert verið að honum veitzt annað en að nefna þær tölur, sem hann hefur viðhaft í viðtali við Tímann og framsóknarmenn hafa alltaf síðan notað. Það er þess vegna, sem ég gerði þessar tölur Hermóðs að umtalsefni, um leið og ég gat þess í umr. á föstudaginn, að mér væri ráðgáta, hvernig þessar tölur væru til komnar hjá Hermóði, sem ég þekki að skýrleik og samvizkusemi.

Það er ástæðulaust að segja meira um þetta. Tölurnar liggja fyrir, og þær bera sjálfar vitni um það, hvað hér er rétt. En hv. 3. þm. Norðurl. e. ætti ekki að undrast það, þótt dæmi eins og þetta sé nefnt í umr. um landbúnaðarmál, þegar annar stjórnarandstöðuflokkurinn notar tölur, sem þannig eru til komnar, fyrir öllum röksemdafærslum sínum, þegar rætt er um það, hvernig hagur bænda sé settur nú miðað við það, sem var 1958.

Nú er það svo, að við, sem ræðum um landbúnaðarmál hér á hv. Alþingi, erum sammála um það, að kjör bændanna þurfi að batna frá því, sem er. Og við viljum vinna að því. Ég trúi því, að hv. 3. þm. Norðurl. e. sé mér alveg sammála um það. En það, sem okkur greinir á um, er, að hv. framsóknarmenn vilja láta í það skína, að bændur hafi lifað einhverju kóngalífi, meðan framsóknarmenn fóru með þessi mál, að smábændurnir, sem nú framleiða fyrir 50—100 þús. kr., hafi eiginlega lifað við sældarkjör, áður en núv. ríkisstj. komst til valda. Það er tilgangslaust að vera að reyna að slá slíku fram. Við getum verið sammála um, að smábændurnir hafi lifað við kröpp kjör fyrr og þeir geri það enn og þess vegna sé það meginverkefnið að vinna að því, að búin megi stækka, framleiðslan aukast og tekjur þessara manna vaxa þannig, að fjölskyldan geti lifað sómasamlega af því. Og þetta frv., sem við höfum verið að ræða um hér að þessu sinni, miðar í þá átt, að búin stækka, þar sem ræktunin er enn skemmst á veg komin. Það er þetta, sem við viljum vinna að, og þess vegna er takmarkið sett samkv. þessu frv., að það beri að styrkja ræktunina ríflega þar, sem túnstærðin er ekki enn komin upp í 25 ha.

Ég verð svo að segja, að umr. um þetta frv. hafa að sumu leyti verið skemmtilegar og ekki nema eðlilegt, að þær verði nokkrar um svona mál. En þá skaðar ekki, að við gerum okkur grein fyrir því, að bændurnir í landinu og þá sérstaklega þeir, sem minnstar tekjurnar hafa, lifðu ekki sældarlífi, áður en núv. ríkisstj. komst til valda, og ég er þeirrar skoðunar, að þeir hafi þurft þá og þeir þurfi nú að auka sínar tekjur. Og í sjálfu sér er ástæðulaust að metast um það, hvort þeir hafi það sem kallað er betra nú en þá, þar sem við hljótum að vera sammála um, að þeir þurfi að framleiða meira og fá betri kjör en þeir hafa búið við.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að svara þeim almennu hugleiðingum, sem hæstv. ráðh. var hér með síðast í ræðu sinni, enda hafði ég ekki gefið neitt tilefni til þeirra. Honum er velkomið að ræðast einn við um þau atriði, enda virtust þau vera fullrædd í gær. En hæstv. ráðh. var að reyna að leysa þá þraut, sem ég hygg að sé óleysanleg, bæði fyrir hann og aðra í þessu tilfelli, og það er að draga í land í þessu máli án þess að leiðrétta það, sem hann lét sér um munn fara hér á fimmtudaginn. Það er ekki von, að hæstv. ráðh. takist þetta, því að það er ekki hægt.

Það getur vel verið, að sá samanburður, sem hæstv. ráðh. gerði á verðlagsgrundvallarverðinu 1958 og 1963, sé nærri lagi. Ég hef ekki athugað það mál. Það er ekki það, sem um er að ræða, heldur það, sem ég gerði hér að umtalsefni, aðeins það, hvort Hermóður Guðmundsson, sem var hér sérstaklega nefndur í umr. á fimmtudaginn, hafi farið hér með réttar tölur eða rangar, og ég leyfi mér að halda því fram, að hann hafi farið með réttar tölur og að þau rök, sem hæstv. ráðh. reyndi að færa fyrir því, að hans tölur hefðu ekki verið réttar, séu röng.

Ég las ekki allt, sem eftir Hermóði var haft um þetta efni, sleppti því m. a., sem þarna er tekið fram seinna í viðtalinu, að síðan þetta gerðist, þ. e. a. s. þetta verðlagsgrundvallarverð var ákveðið, hafi verðlag á landbúnaðarvörum verið hækkað nokkuð. Þar er auðvitað átt við haustið 1963. En það, sem hæstv. ráðh. virðist ekki hafa áttað sig á í þessu máli, er, að fyrir verðlagsárið 1962—1963 gildir verðlagsgrundvöllurinn, sem ákveðinn er haustið 1962, en verðlagsgrundvöllurinn, sem ákveðinn var á s. l. hausti, gildir fyrir verðlagsárið 1963—1964. Á þessu þarf hæstv. ráðh. að átta sig, þegar við ræðum þetta mál, og sérstaklega þegar hann vill bera aðra menn þeim sökum, að þeir fari með rangar tölur.

En nú segir hæstv. ráðh. í þessu sambandi, að það hljóti að hafa verið gert til þess að láta dæmið líta verr út að bera haustið 1962 saman við haustið 1958, það hljóti að hafa vakað fyrir Hermóði Guðmundssyni að láta dæmið líta verr út með því móti, þannig að það er

verið að læða þarna inn nýrri grunsemd um óæskilegan málflutning af hendi þessa manns. En það er ákaflega eðlilegt, að Hermóður gerði einmitt þennan samanburð, því að hann var að bera saman stofnkostnað og rekstrarkostnað á árinu 1958 annars vegar og hins vegar á árinu 1963 eða mestum hluta þess árs, ég ætla 1962—1963. Hann er að ræða um þær framkvæmdir, sem unnar eru á því ári og þann rekstrarkostnað, sem á því ári fellur til, og þá er eðlilegt, og alveg sérstaklega með tilliti til framleiðslunnar, sem hann hefur einkum í huga, þar sem bændur fá afurðirnar greiddar eftir á, að hann nefni verð á þeim afurðum, sem áttu að ganga til þess að greiða þessar framkvæmdir og þennan rekstrarkostnað. Það er það rétta. Ef hæstv. ráðh. hefur hugsað sér, að annað væri réttara, er það misskilningur hjá honum.

Ég skal hins vegar ekki fara nánar út í þetta mál. Tilgangur minn var aðeins sá að leiðrétta þarna ummæli um mann, sem getur ekki leiðrétt þau sjálfur hér á þessum vettvangi. Það, sem hæstv. ráðh. er að segja hér, er, að hann hafi verið að tala um þetta, af því að framsóknarmenn hafi vitnað svo mikið í þessa tölu, 34% hækkun, hjá Hermóði Guðmundssyni, og ég veit ekki, hvers vegna hæstv. ráðh. segir það. Það var upplýst hér í gær, að hv. formaður Framsfl. hefði aldrei vitnað í þessa tölu, ekki af því, að hún sé ekki rétt, heldur lá ekki fyrir að vitna í hana. Ég man ekki eftir, að ég hafi gert það heldur, enda var það ekki það, sem málið snerist um, heldur snerist málið um það, að hæstv. ráðh. var að bera til baka staðreyndir, sem einn af forustumönnum bændastéttarinnar hafði farið með, og það er það, sem ég hef gert hér að umræðuefni. Annars vonast ég nú eftir því, þrátt fyrir það að ráðh. tregðist við að leiðrétta þetta, eins og hann átti að gera, að þá muni hann nú eigi að síður gera það.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú aðeins örlítið. — Hv. 3. þm. Norðurl. e. ætlaði að reyna að fara að telja hv. þm. trú um það, að ég vissi ekki, hvenær verðlagsárið byrjar og hvaða verð raunverulega væri í gildi þann dag, sem Tíminn talaði við þennan nefnda mann. Viðtalið var 10. des. s. l. Verðgrundvöllurinn nýi byrjaði 1. sept. Og það var þess vegna verðlagið, sem ákveðið var 1963, sem var þá í gildi og bændur fá fyrir sauðfjárafurðirnar frá s. l. hausti, — ekki það verð, sem ákveðið var haustið 1962, heldur það verð, sem ákveðið var í sept. 1963. Þess vegna er það vitanlega algerlega rangt að bera saman verðið, sem gilti 1962, þegar talað er um aðstöðu bænda í des. 1963, borið saman við það, sem var 1958. Það er verið að bera saman kjör bændanna 1958 og 10. des. 1963, þegar viðtalið fer fram, annars vegar er talað um verðlagið 1958, en hins vegar verðlagið 1962. Út úr þessu kemur skökk útkoma.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. vildi helzt ekki við það kannast, að framsóknarmenn hefðu vitnað í þessar tölur og byggt á þessum forsendum ræður og ritgerðir um landbúnaðarmál. Ég hef séð í Tímanum vitnað í þetta og lagt út af þessu á þennan veg. Og það er það, sem gaf mér tilefnið. *Ég hef einnig heyrt framsóknarmenn* tala um þessi mál með því að byggja á þessum forsendum. Það er aðeins þess vegna, sem þetta hefur komið fram í umr. um þessi mál, og algerlega án þess að meiða þennan mann, sem fjarverandi var. Það eru þeir, sem vitnað hafa í þessar tölur og þennan samanburð, sem ekki er réttur, sem eru valdir að því, að í umr. um þessi mál hér á hv. Alþingi hefur verið vitnað í þær tölur. Og hv. 3. þm. Norðurl. e. vefengir ekki, að þær tölur, sem ég hef lesið um hækkun landbúnaðarvara síðan 1958, séu réttar. Og með því finnst mér, að hann hafi í rauninni viðurkennt, að það, sem ég *hef sagt um þessi mál, sé rétt.*

Gísli Guðmundsson: Þessi aths. skal vera örstutt, herra forseti. Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. hafi einhverjar afsakanir fyrir því, að hann sagði það, sem hann sagði á fimmtudaginn var, að einhver hafi gert honum *gramt í geði í þessu máli með því að nota* tölur þær, sem hafðar voru eftir Hermóði Guðmundssyni, á þann hátt, sem ekki er hægt að nota þær. Ég þekki það ekki. Ég vil aðeins mælast til þess við hæstv. ráðh. og skal svo ekki segja fleira um þetta mál, að hann hlutist til um það, að eins og *fréttastofa ríkisútvarpsins birti umsögn hans á fimmtudaginn* var um, að Hermóður Guðmundsson hafi farið með rangar tölur, eins birti hún nú þær upplýsingar, sem fram hafa komið og sýna það, að Hermóður Guðmundsson fór með réttar tölur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 235, n. 305 og 306, 241, 258, 307).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar, og hún varð ekki á eitt sátt um afgreiðsluna, svo sem kemur fram í *nál. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ.* eins og það liggur fyrir á þskj. 235.

Svo sem fram kom hér við 1. umr. málsins, hefur að undanförnu staðið yfir endurskoðun á jarðræktarlögunum. Upphaflega var sú endurskoðun framkvæmd af nefnd hjá Búnaðarfélagi Íslands, og um þá endurskoðun fjallaði síðan búnaðarþing og afgreiddi málið til ríkisstj. Landbrh. skipaði þá aðra nefnd til þess að yfirfara og endurskoða málið á ný, og sú nefnd skilaði af sér nýju áliti um það bil, er þingi var að ljúka s. l. vor. Síðan hefur þetta mál verið nánar til athugunar hjá hæstv. ríkisstj., og þetta frv., sem hér liggur fyrir ásamt með öðru frv. um breyt. á jarðræktarlögunum, sem einnig liggur fyrir þessari hv. d.,

þau tvö frv. eru í raun og veru árangurinn af þeirri endurskoðun.

Ég þarf ekki að rekja þetta nákvæmlega. Þetta var rætt allýtarlega hér við 1. umr., auk þess sem það er nokkuð að því vikið í nál. meiri hl. landbn. En það er í skemmstu máli að segja, að við vandlega yfirvegun á þessum málum, þessum ræktunarmálum, hefur niðurstaðan orðið sú, að bera fram þessi tvö frv., og er þó meginstuðningurinn sá aukni stuðningur, sem ætlað er að veita til ræktunarmálanna samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það hefur einnig komið fram, bæði kemur það fram í nál. og hefur einnig komið fram hér við umr., að um þessa leið er í raun og veru ekki teljandi ágreiningur. En það hefur í vaxandi mæli hin síðari ár verið horfið inn á þá braut með þann stuðning, sem upphaflega var lögfestur með jarðræktarlögunum, að beina honum meir og meir í þá átt að vera stuðningur til að jafna búrekstraraðstöðuna í landinu, — meira og meira í átt til þess að vera stuðningur við þá bændur, sem hafa mesta þörf fyrir aukna ræktun, en það er ekki nú lengur um það deilt, að það er ræktunin, sem er alger undirstaða landbúnaðarins.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði. N. var raunar í heild nokkuð sammála um þessa hlið, og ég vil láta það í ljós sem mína skoðun, að ég tel þessa stefnu vera rétta, og í raun og veru er óhætt að segja það, að með þessu frv. ásamt því frv. um breytingu á jarðræktarl., sem einnig liggur fyrir þessari hv. d., er gert mesta átak til stuðnings búskapnum eftir þessum leiðum, — eftir leiðum með stuðningi til ræktunar, — mesta átak til stuðnings búskapnum, sem hefur verið gert, frá því að jarðræktarlögin voru sett í upphafi. Það hefur komið fram, að það megi áætla þennan aukna stuðning allt að 20 millj. kr., a. m. k. 15—20 millj. kr. á ári, og það er óhætt að segja, að það hefur ekki áður verið gert slíkt átak í einu til stuðnings þessum málum.

Oft ber á góma í umr. nú í seinni tíð hina svokölluðu auknu framleiðni, og það hafa einnig komið fram við þessi frv. brtt., sem m. a. fjalla um það að styðja aukna framleiðni í landbúnaðinum. En út af þessu þykir mér rétt að undirstrika það, að auðvitað er sú breyting, sem hér er verið að gera, stuðningur til aukinnar framleiðni í landbúnaði. Allur stuðningur samkv. jarðræktarl. frá upphafi og sá stuðningur, sem veittur er í þessu skyni með stofnlánadeildarlögunum, er auðvitað til aukinnar framleiðni í landbúnaði.

Það liggja fyrir nokkrar brtt., og eins og tekið er fram í nál., tók n. ekki sérstaklega afstöðu til þeirra brtt., sem þá lágu fyrir. Aðra þessa brtt. hef ég flutt og ég mælti nokkur orð fyrir henni við 1. umr. málsins, en hún er um nýtt form, ef svo mætti segja, fyrir bústofnslán. Ég hygg, að það muni verða skoðun meiri hl. n., að rétt sé að samþykkja þessa till., og ég vil vænta þess, eins og ég hef lýst hér við 1. umr., ég vil vænta þess, að hún nái samþykki hv. þd. Þetta mál er í raun og veru mjög ljóst og einfalt, og það var rætt mjög ýtarlega, eins og ég sagði áðan, hér við 1. umr. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að tala langt mál um það. Það kann að vera, að mér gefist tækifæri síðar við þessa umr. að bæta hér einhverju við. En eins og fram kemur í áliti minni hl., leggja þeir hér fyrir allmiklar brtt. Það er hvorki meira né minna en þeir taka heilt frv., sem framsóknarmenn hafa flutt í hv. Ed., og skella hér inn sem brtt. við þetta frv., en það er frv. um bústofnslánasjóð.

Ég ætla ekki að ræða þetta á þessu stigi málsins, en ég vænti þó, að flestum sé það ljóst, að þetta mál er yfirgripsmeira en svo, að það liggi ljóst fyrir, að hægt sé að samþykkja þessar till., eins og þær koma fram hér í brtt. minni hl. n. En á hitt vil ég leggja áherzlu, að með brtt. minni er gerð tilraun til að bæta að nokkru úr þessu vandamáli. Það skal að vísu játað, að það er nokkuð ósýnt, að hve miklu liði það kann að koma. En ég held þó, að það sé þess virði að samþykkja till. og sjá, að hverju gagni hún má koma.

Meiri hl. n. leggur sem sagt til, að frv. verði samþykkt, eins og það liggur fyrir á þskj. 235.

Frsm. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Það er eins og fram kemur í nál. meiri hl., þá varð ekki fullt samkomulag í landbn. Minni hl., ég og Björn Pálsson, telur, að miklu viðtækari breytingar þurfi að gera á stofnlánadeildarlögunum heldur en þær, sem frv. felur í sér, og þar sem meiri hl. vildi ekki fallast á neinar breytingar á frv., klofnaði n. og gefur hvor nefndarhluti út fyrir sig sitt sérálit, og auk þess leggur minni hl. fram brtt. Nál. minni hl. er á þskj. 306 og brtt. eru á þskj. 307.

Mér þykir rétt að geta þess, að samnm. minn, Björn Pálsson, gat ekki tekið þátt í að semja nál. minni hl. né brtt., sökum þess að hann varð af ófyrirsjáanlegum orsökum að hraða ferð sinni norður í Húnaþing. Ber ég þess vegna einn ábyrgð á orðalagi þeirra tveggja þskj., er ég nefndi hér. Hins vegar veit ég ekki annað en flokksbræður mínir hér í hv. d. séu mér efnislega sammála.

Framsfl. hefur lagt fram fjölda mála varðandi landbúnaðinn og framtíð íslenzkrar bændastéttar nú á þessu þingi. Þessi frv. fjalla t. d. um almenna vaxtalækkun og að hætt verði við að binda sparifé eða hluta af því inni í Seðlabankanum, en nota þess í stað það fjármagn, sem myndast og þjóðin sparar saman, til þess að styðja uppbyggingu atvinnuveganna og þá ekki sízt í landbúnaðinum, svo að heilbrigð og eðlileg þróun geti átt sér stað í sveitum og fólk geti haft þar þau lífskjör, sem boðleg eru og sambærileg við það, sem aðrir atvinnuvegir eru látnir veita þeim, er við þá starfa.

Þá er að nefna hið ýtarlega frv. okkar framsóknarmanna um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. e. a. s. til að koma í veg fyrir fólksfækkun og eyðingu

byggðarlaga. En með því frv. er ráðgerð sjóðsstofnun, er fái 1½% af tekjum ríkissjóðs, og skal verja því fé til eflingar atvinnulífi og framkvæmda, þar sem hætta er á því, að byggðarlög eyðist. Með slíkum ráðstöfunum hafa Norðmenn t. d. komið í veg fyrir eyðingu byggðarlaga í Noregi og telja, að fé til þeirra ráðstafana hafi verið mjög vel varið.

Framsfl. telur sjálfsagt að styðja myndun samvinnubúskapar í landinu, því að með þeim hætti má vafalaust létta störf bænda og koma í veg fyrir, að jarðir og kannske heilar sveitir fari í eyði. Er frv. nú nýlega komið fram hér á hinu háa Alþingi af flokksins hálfu um þetta, og er þar gert ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi á ári í 10 ár til stofnunar samvinnubúa eða til stuðnings slíkum búum, að koma þeim á fót. Nýbýlastjórn á samkv. till. okkar að hafa með höndum yfirstjórn þessara mála og úthluta því fé, sem þarna er gert ráð fyrir að verði lagt fram.

Þá hefur flokkurinn einnig lagt fram fjölda till. um hin ýmsu vandamál bændanna, svo sem um búfjártryggingar og tryggingar gegn uppskerubresti, sem eru allmikið mál, og hafa fleiri flokkar að vísu verið með till. um það hér.

Við höfum einnig lagt fram till. um aukin afurðalán og rekstrarlán til bænda, um aukin ríkisframlög til súgþurrkunar og votheysgerðar, um nýja rafvæðingaráætlun, sem gerir ráð fyrir, að öll býli í landinu fái rafmagn fyrir árslok 1968.

Þá vil ég einnig geta þess, að við höfum lagt fram tvö frv. um breytingar á stofnlánadeildarlögunum. Annað þeirra er um afnám bændaskattsins og um eflingu veðdeildar Búnaðarbankans í þeim tilgangi að auðvelda eigendaskipti á jörðum, en það er eitt af hinum mestu vandamálum landbúnaðarins nú á þessum árum, hvernig á að fara að því að hafa eigendaskipti á jörðum. Hitt frv. um breytingu á stofnlánadeildarlögunum fer í sömu átt og frv. þetta, sem hér er verið að ræða, frv. hæstv. ríkisstj. á þskj. 235, nema frv. okkar gerir ráð fyrir 65% framlagi af ræktunarkostnaðinum upp að 25 ha. markinu, en stjfrv. gerir þar ekki ráð fyrir nema 50%.

Ég hef aðeins drepið á þessi málefni, því að þessi málaflutningur okkar framsóknarmanna hér á hinu háa Alþingi markar stefnu flokksins í landbúnaðarmálum eða þá stefnu, sem flokkurinn telur að fara verði til þess að tryggja framtíð bændastéttarinnar. Þess vegna hef ég, bæði í nál. því, sem ég hef gefið út. og svo einnig nú gert nokkurt yfirlit um þessi mál.

Þá mun ég fara nokkrum orðum um þær brtt., sem minni hl. flytur á þskj. 307. Þar er fyrst lagt til, að 2. og 3. mgr. 7. gr. l. falli niður. Þessi brtt. er borin fram til þess að koma í veg fyrir, að sá, sem framkvæmir t. d. framræslu, missi lánsmöguleika, þó að framlagið hækki, en með till. minni hl. er gert ráð fyrir framlagshækkun.

Þá gerum við ráð fyrir nýjum kafla, sem komi á eftir II. kafla l. og verði III. kafli, undir fyrirsögninni: Um bústofnslán. Þessi nýi kafli verður með 8 nýjum greinum, og kveða þær á um sérstök bústofnslán til frumbýlinga og að lánað verði einnig öðrum bændum til bústofnsauka, svo að þeir geti stækkað bú sín, og þá einnig til vélakaupa. Stofnfé til bústofnslána er þetta samkv. okkar till.: 40 millj. kr. óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal deildinni á næstu 8 árum með 5 millj. kr. framlagi á ári. Og enn fremur 60 millj. kr. lán, er stjórn deildarinnar heimilast að taka, og ábyrgist fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins. Þá vil ég nefna skilyrðin, sem í till. eru fyrir lánum af þessu tagi. Það er í fyrsta lagi, að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg. Í öðru lagi, að hann hafi ekki það mikinn bústofn, að áliti bankastjórnarinnar, sem á að veita lánin og sjá um lánveitingarnar, að hann geti framfleytt fjölskyldu sinni. Í þriðja lagi, að umsækjandi sé að dómi bankastjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mælir þá hreppsnefnd með lánveitingunni. Í fjórða lagi, að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er bankastjórnin tekur gilda. Og í fimmta lagi, að umsækjandi geti að dómi bankastjórnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið samkv. þessum lögum.

Um tryggingarnar gerum við þær till., að tryggingar fyrir þessum lánum verði í fyrsta lagi gegn veði í fasteign eða í öðru lagi gegn veði í vélum og verkfærum og þá enn fremur gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár og gegn hreppsábyrgð, enn fremur gegn sjálfsskuldaábyrgð tveggja eða fleiri aðila, en bankastjórnin meti hverju sinni, hvaða tryggingu skuli taka gilda, og að upphæð lánanna fari eftir mati bankastjórnarinnar á hverjum tíma. Um vextina er það að segja, að við leggjum til, að þeir verði ekki hærri en 5% og lánstíminn fari eftir ákvörðun bankastjórnarinnar, hann sé ekki fastákveðinn, en hann skuli þó ekki vera lengri en 10 ár, og það sé áskilið, að ef efnahagur lántakandans breytist svo, að honum verði auðvelt e. t. v. að greiða lán sitt á skemmri tíma en um var samið upphaflega, þá geti bankastjórnin gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars var tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántakendur breyti um atvinnuveg, þá sé bankastjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið. Enn fremur eru ákvæði um það í þessum till. okkar, að það megi ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin. Umsóknir um þessi lán til bústofnskaupanna, eða bústofnslán, eiga að sendast bankastjórninni.

Þá gerum við í öðru lagi brtt., það er 2. brtt. á þskj., um það, við 6. gr., að í stað 50% í 3. mgr. komi 65%, og var ég áður búinn að geta um þá breytingu.

3. brtt. er við 8. gr., að hún orðist þannig:

„64. gr. l. orðist svo: Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkv. 63. gr., greiðir ríkis-

sjóður árlega á árunum 1964—1972, að báðum árum meðtöldum, þá fjárupphæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkv. ákvæðum þessara laga.“

4. brtt. er um það, að á eftir 8. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

„Ríkissjóður greiðir stofnlánadeild landbúnaðarins sérstakt framlag, 25 millj. kr., árlega næstu 5 ár. Fé þetta skal lánað bændum og búnaðarfélögum til framleiðniaukningar í landbúnaði, og skulu lánin vera til 30 ára með 2% vöxtum. Lánin skulu veitt, að fengnum till. nýbýlastjórnar, til vélvæðingar og tæknibúnaðar á sveitabýlum, svo sem til endurbóta á fóðurgeymslum og peningshúsum, súgþurrkunar, færibanda, mjaltavéla, dráttarvéla og jeppabíla. Enn fremur til steypuhrærivéla, jarðtætara og annarra jarðyrkjuverkfæra, sem búnaðarfélög kaupa.“

Ég hef þá að nokkru lýst þessum brtt. og tel mig ekki þurfa að fara um þær fleiri orðum að þessu sinni. Ég hygg, að flestir geti orðið nokkurn veginn sammála um það, að til þess að hefta fólksstrauminn, sem núna liggur úr sveitunum, þarf að gera eitthvað róttækt, eitthvað verulega róttækt. Og þessar till. okkar, sem hér eru nú bornar fram og ég var að lýsa, um bústofnslánin og um lánin til framleiðniaukningar, verða vafalaust taldar róttækar, ég efast ekki um það, og ekki sízt af þeim, sem vilja láta bændum fækka. Við framsóknarmenn viljum hefta fólksstrauminn úr sveitunum og teljum, að bændum eigi ekki og megi ekki fækka úr því, sem nú er orðið. Ef við nytjum ekki landið okkar sjálfir, má gera ráð fyrir, að þær þjóðir, sem búa við landþrengsli, vilji fá að flytja hingað fólk, sem hjá þeim er ofaukið, og þá eigum við Íslendingar ekki lengur land okkar einir fyrir okkur og okkar niðja, sem ættu þó að eiga að mínum dómi frumburðarréttinn til landsins.

Ég minnist þess í sambandi við þetta, að í sumar sem leið átti ég tal við bifreiðarstjóra einn á hópferðabifreið og hann sagði mér þá sögu, að hann var á s. l. sumri að aka hollenzkum og belgískum ferðamönnum hér um Suðurland. Þegar hann var að aka þeim um Holtin og Rangárvellina í Rangárvallasýslu, sem er hið fegursta hérað og gróðurvænlegasta, sem við eigum hér á Íslandi, sennilega, þá voru þessir útlendingar, þegar þeir sáu þetta mikla og fallega hérað, að tala um það, að hingað þyrftu þeir að koma sem skjótast 5 milljónum Hollendinga, hér væri landrými og athafnasvæði fyrir þetta fólk, sem nú væri ofaukið í þeirra landi.

Ég hef dálítið hugsað um þetta. Ég held, að við Íslendingar verðum vel að gæta að því að halda landi okkar sem mest byggðu og láta sveitir ekki fara í eyði. Það kynni að vera, að það væri sjálfstæðisbarátta að hamla gegn eyðingu sveitanna, það væri sjálfstæðisbarátta, sem síðar borgaði sig fyrir þjóðina að hafa barizt fyrir, þó að hún e. t. v. kosti verulega fjármuni nú um skeið, sú barátta.

Ég sá í nál. meiri hl. landbn., að þar var talað um það, að frv. um jarðræktarlögin gengi lengra en frv. það, sem búnaðarþing samdi í fyrra eða hittiðfyrra — eða hvenær það nú var. Ég álít, að þetta sé ekki rétt, því að mér skilst, að þegar meiri hl. heldur þessu fram, eigi hann við bæði frv., bæði frv. um stofnlánadeildina og jarðræktarlagafrv. En hitt er það rétta, að búnaðarþing hafði aðeins til endurskoðunar jarðræktarlagafrv., en ekki lögin um stofnlánadeildina.

Ég ætla nú ekki að fjölyrða öllu meira um þetta, en vil þó segja það, að um málefni bændanna og landbúnaðinn væri auðvitað hægt að tala langt mál, en mér finnst það ekki rétt af mér að nota langan tíma til þess, þar sem umr. urðu miklar og langar hér um málið við 1. umr. Ég ætla því að takmarka mjög mál mitt. En ég vil aðeins segja það að lokum nú við þessa umr., að ef hér á að þróast frjáls og óháð bændastétt, sem vissulega er lífsnauðsyn fyrir þjóðina, eins og ég hef áður rakið, þá verður ríkisvaldið að styðja á öflugan hátt frumbýlinga og þá bændur, sem aftur úr hafa dregizt með framkvæmdir á jörðum sínum. Frv. hæstv. ríkisstj. er að vísu spor í þá átt og stefnir að mínu viti alveg í rétta átt, en ég álít þó, að bezta hjálpin og sú, sem yrði þjóðinni að sem allra mestu gagni, yrði sú, að ríkisvaldið minnkaði verulega með einhverjum ráðum fjárfestingar- og fjármagnskostnað frumbýlinganna. Það er áreiðanlega það, sem öllum yrði farsælast, bæði bændastéttinni og öðrum þegnum þjóðfélagsins. Ég hygg, að það hafi verið talið, að ábúendaskipti þurfi að fara hér árlega fram á um 300 jörðum, það sé hin eðlilega þróun, og það þýðir, að það þarf nú eins og sakir standa að hjálpa ungu fólki til þess að hefja búskap á þessum 300 býlum árlega. Brtt. okkar í minni hl. eru fyrst og fremst miðaðar við þetta, að það verði gert, til þess að halda landbúnaðinum í horfinu og tryggja það, að í bændastéttinni fækki ekki.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls sagði ég, að ég teldi, að þetta frv. stefndi í rétta átt, en hins vegar teldi ég, að það gengi of skammt til þess, að þess væri að vænta, að það gæti leyst þann mikla vanda, sem við væri að glíma í sambandi við stöðu landbúnaðar okkar nú í dag, og þá sérstaklega varðandi vandamálið um hin allt of mörgu smábýli í landinu. Frv. miðar vissulega að því að hvetja til aukinnar ræktunar. Það er gert ráð fyrir því með frv., að ræktunarstyrkurinn frá ríkinu verði aukinn talsvert verulega. En þó er það svo, að sú aukning, sem þar er um að ræða, er í rauninni harla lítil, þegar þess er gætt, hvað margir aðilar hljóta að verða aðnjótandi þessarar hækkunar, sem þarna er um að ræða. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að heildarútgjaldaaukningin geti orðið í kringum 12 millj. kr. á ári, en hins vegar munu það vera milli 3 og 4 þús. jarðir í landinu, sem geti orðið aðnjótandi þessa

aukna framlags. Það er því augljóst mál, að á ári hverju getur ekki komið meira í hlut hvers og eins en 3—4 þús. kr.

Ég tel, að það sé nokkurn veginn víst, að þau býlin í landinu, sem þegar eru komin yfir mestu örðugleikana í sambandi við ræktun, þ. e. a. s. hafa náð nú meðaltalsræktun eða rúmlega það, mundu flestöll geta notfært sér það aukna framlag, sem gert er ráð fyrir með þessu frv. Þau hafa fyllilega aðstöðu til þess, og þau munu halda áfram að auka við ræktunina og verða þessa aukna framlags aðnjótandi. En það leikur hins vegar allmikill vafi á því, að þau býlin í landinu, sem nú búa við minnsta ræktun og minnstu búin eða tiltölulega minnstu búin, — það leikur mikill vafi á því, að þau geti notfært sér þessi auknu framlög, sem hér um ræðir, nema þá að litlu leyti. Þetta stafar af því, að svo er ástatt, að það munu vera um 1500—2000 bændabýli í landinu, þar sem búin eru svo lítil, að þau gefa langt undir þeim meðaltalstekjum, sem nú er talið að meðalfjölskylda í landinu verði að hafa sér til lífsviðurværis. Þar sem svona stendur á, er það meira en lítið átak að koma fram nokkurri verulegri stækkun á búunum. Það þarf meira til en aðeins að auka ræktunina á þeim býlum, þar sem svona er háttað. Það þarf vitanlega að auka bústofninn á þessum jörðum líka, og það kostar mikið fé. Það þarf vitanlega að byggja yfir aukinn bústofn og yfir aukinn heyfeng, og slíkar byggingar kosta líka mikið fé. Og það eru engar líkur til þess, að meginhlutinn af þessum bændum, sem svona er ástatt hjá, geti brotizt gegnum þennan vanda, jafnvel þó að þeim sé boðið upp á slíkt aukaframlag eins og það frv. fjallar um, sem hér er nú til umræðu. Það vandamál, sem hér er við að glíma, er það, hvernig á að fara að í því að koma fram stækkun á smábúunum, á allt of mörgum smábúum í landinu, hver er leiðin til þess.

Við vitum, að verðlagning landbúnaðarvara nú er miðuð við það, að meðalbúið í landinu eigi að gefa atvinnutekjur á ári svipaðar tekjum vinnustétta í kaupstöðum, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Því er mjög haldið fram af bændum, að þessi verðlagsgrundvöllur gefi þeim ekki þessar tekjur, þeir fái ekki þessar tekjur út úr meðalbúinu. En hvað sem því líður, er alveg augljóst eða um það verður varla deilt, að það þarf a. m. k. bú af þessari meðalstærð til að geta fengið þessar meðaltalstekjur.

Nú liggur hitt fyrir, að það eru svona margar jarðir í landinu, eins og ég sagði, milli 1500 og 2000, sem hafa miklum mun minni bú en meðaltalsbúið er, og þar af leiðandi eru tekjur bænda á þessum búum langt fyrir neðan það meðaltal, sem hér er miðað við. Við 1. umr. þessa máls benti ég því á, að það, sem nú þyrfti að gera í þessum efnum, væri, að nú yrði lagt fram af hálfu ríkisins allmyndarleg fjárhæð, beinlínis í því skyni að vinna að stækkun þessara smáu búa. Og mér fannst eðlilegt, að þetta framlag yrði á svipuðum grundvelli og framlag, sem hér var ákveðið á þessu þingi nú fyrir nokkru, til þess að koma á hjá þeim aðilum, sem þar áttu hlut að máli, en það voru frystihúsin í landinu, aukinni framleiðni, auknum afrakstri við vinnuna, en þar var ákveðið að leggja frystihúsunum í landinu að þessu sinni 43 millj. kr. sem óafturkræft framlag í þessu skyni, til þess að auka framleiðnina í frystihúsunum. Á sama hátt álít ég, að eigi að fara að nú í sambandi við þetta vandamál, sem hér er um að ræða. Nú hefði átt að leggja fram t. d. 43 millj. kr. á þessu ári, sem varið yrði alveg gagngert til þess að vinna að stækkun þessara smábúa, og stefna þannig alveg ákveðið að því að útrýma smábúunum og ná því marki tiltölulega fljótlega, að ekkert bændabýli á Íslandi væri minna en það meðaltalsbú, sem verðlagningin er nú miðuð við. Þessu marki þarf að ná. Það þarf að setja sér áætlun um að ná þessu marki ekki síður en um margt annað.

Í framhaldi af því, sem ég sagði um málið hér við 1. umr., flutti ég brtt., sem er á þskj. 258, en sú brtt. fjallar einmitt um þetta atriði. Brtt. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 64. gr. l. komi ný gr., sem verði 65. gr., svo hljóðandi: Ríkissjóður leggur fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skal til framleiðniaukningar í landbúnaði. Fjárhæð þessari skal sérstaklega varið til stækkunar á þeim búum í landinu, sem eru undir stærð meðalbúsins. Nýbýlastjórn skal setja reglur um ráðstöfun fjárins, en ráðherra staðfestir reglurnar."

Ég geng að sjálfsögðu út frá, að þær reglur yrðu settar í þessum efnum, að þessari fjárhæð yrði einvörðungu varið til þeirra býla í landinu, sem þannig er ástatt um, að nýbýlastjórnin telur, að þar geti orðið um framtíðarbúskap að ræða, því að vitanlega getur svo staðið á um einstaka jarðir í landinu — og gerir, að það er ekki við því að búast, að þær verði í byggð, a. m. k. í náinni framtíð, og þá er vitanlega ekkert við því að segja, þó að slíkar jarðir verði ekki byggðar og þær hverfi úr byggð. Aðrar geta þar komið í staðinn, þar sem möguleikarnir eru meiri. Og það vitanlega nær engri átt að vera að eyða fé í gagnsleysu á þann hátt að veita styrki til þeirra aðila, sem svo er ástatt um. Það er enginn vafi á því, að það eru möguleikar á að gera þetta, sem í þessari till. felst. Afkoma ríkissjóðs hefur verið með þeim hætti nú á seinustu tveimur árum, bæði árið 1962 og 1963, og það eru allar líkur til þess, að afkoma ríkissjóðs verði einnig með þeim hætti á yfirstandandi ári, að ríkið getur vel séð af þessari upphæð. Það er enginn vafi, að þetta er hægt. Spurningin er aðeins sú: Á að stíga þetta skref nú eða á að bíða enn?

Hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, sem hér talaði næstur á undan mér, sagði, að hann

teldi, að nú þyrfti að gera verulega róttækar ráðstafanir í málefnum landbúnaðarins til þess að koma í veg fyrir verulega flutninga á fólki úr sveitum landsins. Ég held, að þetta sé rétt, að það þurfi á róttækum ráðstöfunum að halda. En ég held, að það, sem mest liggur við í þessum efnum, ef á að stöðva fólksflóttann úr sveitunum, sé einmitt að gera þær ráðstafanir, sem lagt er til að gerðar verði með þeirri till., sem ég flyt, þ. e. einmitt að gera róttækar ráðstafanir til að stækka hin of smáu bú í landinu og gera þeim, sem við þau búa, lífvænlega búskaparaðstöðu. Auðvitað verða það bændurnir á þeim búum, sem gefast fyrst upp, þeir, sem í dag búa við árstekjur, sem nema 50—60 þús. kr. Það er ofur skiljanlegt, að það verði þeir, sem gefast fyrst upp og flýja sveitirnar. Og það sjá allir, að þeir, sem við slíka aðstöðu búa, hafa ekki getu til að leggja fram það fé, sem til þess þarf að stækka búin. Þeir hafa enga möguleika til að fá lán fyrir hinum nýja stofnkostnaði öllum, og tekjur þeirra leyfa ekki, að þeir geti af þeim klipið til þess að leggja fram á móti lánunum og brjótast í gegnum þennan vanda af eigin rammleik. Það er því alveg áreiðanlega ekki um aðrar leiðir að ræða en þær, sem bent er á í minni till. Það verður að koma til beint ríkisframlag, og verði það ekki samþykkt nú, verður það samþykkt á næsta ári, og ef ekki á næsta ári, þá á árinu þar á eftir. Það er enginn vafi á því, að undan þessum vanda verður ekki vikizt. Þetta er eitt af því, sem skiptir einmitt mestu máli í sambandi við landbúnaðinn. Það er einmitt þetta, að koma því fram, að meðalbúið í landinu verði stækkað og sérstaklega að verði ekki neitt bú í landinu minna en það meðalbú er, sem verðlagsgrundvöllurinn er í dag miðaður við.

Mér þótti nokkuð á skorta hér í sambandi við framsögu, bæði frá hálfu meiri hl. landbn. og eins af hálfu minni hl. landbn., að þeir viku ekki einu einasta orði að þessari till., sem ég hafði hér flutt og n. hlýtur að hafa haft til athugunar jafnhliða málinu. Þeir minntust ekki einu orði á afstöðu meiri og minni hl. n. til þessarar till. Nú hlýt ég að spyrja þessa aðila um það: Hver er afstaða þeirra til þessarar till.? Þannig getur landbn. ekki skilað frá sér þessu máli, að hún lýsi því ekki yfir, hver er hennar afstaða til slíkrar till. sem þessarar. Ég vil vænta þess, að það megi skilja þessa þögn frá hálfu landbn.-manna um þessa till. mína á þá lund, að þeir séu henni ekki mótfallnir og séu kannske enn að hugsa sig um og eigi eftir að ljá henni fylgi sitt, þótt síðar verði.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Út af ræðu hv. síðasta ræðumanns vil ég segja nokkur orð.

Það kemur fram í nál. meiri hl. n., að hún hafi ekki tekið afstöðu til þeirra brtt., sem fyrir lágu, og þ. á m. var einmitt brtt. hv. 5. þm. Austf. En mér þykir rétt að fara um hana nokkrum orðum, og það var raunar af ásettu ráði, að ég frestaði að gera það áðan, en ég bjóst við því, að hv. þm. mundi koma hér og mæla fyrir henni við þessa umr. En mér finnst, að það, sem aðallega liggur í henni, eins og raunar till. hv. framsóknarmanna, sé að ganga allmiklu lengra en gert er með frv. ríkisstj. Þetta er aðeins venjulegur gangur mála, skilst mér, hér á Alþingi, að stjórnarandstaðan vill yfirleitt ganga lengra en þeir, sem ábyrgðina bera, telja sér fært að gera í fjárframlögum, og það þarf ekki að vera nokkur mælikvarði á það, hver vilji er til þess að verða þeim málum að liði, sem um er að ræða, heldur er það fyrst og fremst mælikvarði á það, að aðrir bera ábyrgðina, en hinir ekki. En það segir í þessari brtt. hv. 5. þm. Austf., að verja skuli 43 millj. kr. til framleiðniaukningar í landbúnaði. Ég vakti athygli á því áðan í minni ræðu, að auðvitað er enginn munur á þessu og þeim aukna stuðningi, sem fyrirhugaður er með frv. því, sem hér liggur fyrir, ásamt með frv. um breyt. á jarðræktarlögunum, að þau auknu framlög, sem þar er gert ráð fyrir, — auðvitað eru þau til framleiðniaukningar í landbúnaði.

En það er annað í sambandi við þessa till., sem ég vildi þó vekja athygli á, og það er þetta: Af hverju er miðað þarna við þessa upphæð, 43 millj. kr.? Þetta kom einmitt fram í ræðu hv. þm. núna áðan, því að hann sagði, að samkv. l., sem nýlega er búið að samþykkja um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., er þar samkv. 1. gr. einmitt ákveðið að verja 43 millj. kr. til framleiðniaukningar við framleiðslu freðfisks. En mér þykir rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi, að þess er einmitt getið í aths., sem fylgdu því frv. frá ríkisstj., að þetta ákvæði er til þess að fullnægja því samkomulagi, sem gert var við lausn vinnudeilunnar fyrir jólin, þegar samið var um 15% kauphækkun. En frystihúsin í landinu töldu sig með engu móti geta tekið á sig þessa kauphækkun nema fá hana bætta eftir öðrum leiðum. Og það eru einmitt þessar 43 millj. kr., sem þarna er um að ræða, þær eru einmitt til þess að bæta frystihúsunum það, sem þau tóku á sig með 15% kauphækkuninni, sem samið var um fyrir jólin. En ég vil vekja athygli á því, að samkv. l. um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. kemur þessi kauphækkun sjálfkrafa inn í landbúnaðarvöruverðið, og væntanlega kemur hún til framkvæmda núna 1. marz. Þess vegna er að mínum dómi ekki að finna rökstuðning fyrir þessari till. með þessu ákvæði úr l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. En mig grunaði einmitt, af því að þarna var tekin til þessi upphæð, að þá mundi vera hugsað þarna eitthvert samband á milli. Það er annað mál að gera till. um það að verja meira fé til framleiðniaukningar í landbúnaðinum en gert er með þessu frv. ríkisstj., bæði þessu og frv. um breyt. á jarðræktarl. En mér þykir rétt og ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að ég tel það algeran misskilning, að það sé hægt að rökstyðja slíka till. sem þessa um 43 millj. kr. framlag með 1. gr. laga um ráðstafanir til aðstoðar við sjáv-

arútveginn o. fl. En þess vegna er afstaða n. eða a. m. k. meiri hl. n. til þessarar till. eins og fram kemur í nál., að n. mælir með frv. ríkisstj., eins og það liggur fyrir á þskj. 235, og þess vegna mælir hún ekki með samþykkt þessarar brtt.

Hv. þm. vildi gera heldur lítið úr stuðningi til hinna smáu býla samkv. þessu frv., reiknaði út, að það væru ekki nema 3000—4000 kr. á býli árlega. Það má vera, að þetta sé rétt reiknað hjá hv. þm., ég held, að hann sé yfirleitt góður í reikningi. En ég vil nú bara benda á það tvennt, annars vegar sýnir reynslan, að það eru aldrei allir, sem taka þátt í þessum framkvæmdum á hverju ári, og á hinn bóginn, að samkv. hinu frv., frv. um breyt. á jarðræktarl. sem fylgir þessu, og það skulu menn muna, að þau eru algerlega tengd, enda þótt það sé í tveimur frv., — þá kemur líka veruleg upphæð þar til viðbótar við það, sem veitt er til stækkunar á túnunum undir 25 ha. samkv. þessu frv. Ég hef ekki reynt að leggja það niður fyrir mér, hverju þetta kynni að nema á hvert býli. Hitt vil ég aðeins undirstrika, sem ég sagði hér áðan, að það hefur ekki áður verið gert jafnstórt átak til stuðnings ræktunarmálunum eins og er gert með þessum tveimur frv. ríkisstj. nú.

Það er annað, sem ég vil líka vekja athygli á og skiptir hér miklu máli, að sú grundvallarhugsun, sem fylgt er í þessum málum, sem var fylgt með jarðræktarlögunum í upphafi og hefur yfirleitt verið fylgt síðan, þó að dálitið hafi verið breytt um stefnu, þá er grundvallarhugsunin sú, að láta bændurna sjálfa hafa frumkvæðið. Ég tel þetta ákaflega þýðingarmikið atriði. Það er aðeins, að ríkisvaldið segir: Ef þið framkvæmið þetta, ef þið gerið þessar umbætur í búskap ykkar, þá skulum við koma til móts við ykkur á þennan hátt. — En ef ætti að fara aðra leið, þannig að það væri beinlínis af hálfu ríkisvaldsins farið að framkvæma umbætur hjá bændunum, — inn á þá leið vildi ég fara í síðustu lög. Ég vildi ekki fara inn á þá leið, fyrr en ég sæi, að allar aðrar væru lokaðar. Ég hef trú á því, að okkur takist að rétta landbúnaðinn við, rétta við þessi smáu býli gegnum þessa frjálsu leið, ef svo mætti segja, með því að leitast við að láta bændurna sjálfa hafa frumkvæðið. Og ég verð að játa, að það er mikill vafi, hvort það er hægt eða rétt að koma til liðs við þá bændur, sem ekki geta eða vilja taka á móti þeim stuðningi, sem veittur er á þennan hátt. Það kann að vera í einstaka tilfelli, að nauðsynlegt sé að ganga lengra, en þau tilfelli eru að minni hyggju ekki mörg. Við skulum ekki gera lítið úr því, að það verður mjög mikil breyting á aðstöðunni til framkvæmda á litlu býlunum, sem hafa undir 25 ha. túnstærð, eftir að þessi frv. hafa verið samþykkt.

Ég vildi láta þetta koma fram. Það var engan veginn af því, að við ætluðum að humma fram af okkur í landbn. að láta uppi álit um þessa brtt. Lúðvíks Jósefssonar, en ég taldi réttara, að hann hefði mælt fyrir henni á undan.

Ég held, að það sé ekkert sérstakt, sem ég hef ástæðu til að svara úr ræðu hv. þm. Ágústs Þorvaldssonar. Hann segir, að Framsfl. hafi markað sína stefnu með þeim frv., sem hann hefur lagt fram hér á Alþingi til stuðnings landbúnaðinum. Ég ætla ekki að fara að deila við hann um þetta, en á hinu vil ég vekja athygli, að það hefur þó orðið talsverð breyting á þessari stefnu Framsfl. frá því, að þeir voru sjálfir í ríkisstj. Ég ætla aðeins í því sambandi að minna hér á eina samþykkt, sem gerð var á aðalfundi Stéttarsambands bænda í Bifröst í Borgarfirði sumarið 1958, en þá var hin sæla vinstri stjórn við völd, Framsfl. fór með landbúnaðarmálin, svo sem menn muna, en þessi samþykkt var á þessa leið:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1958 telur ekki rétt né æskilegt, að stöðvuð sé sú fjárfesting, er bændur af knýjandi nauðsyn hafa með höndum, og skorar því á ríkisvaldið að tryggja ræktunarsjóði fé til áframhaldandi lánastarfsemi, eftir því sem heilbrigt getur talizt og verða mætti m. a. til að koma í veg fyrir, að byggilegar sveitir fari í eyði."

Jafnvel þá virðist viðhorfið hafa verið líkt og þeir tala nú um, að það væri hætta á, að jafnvel heilar sveitir færu í eyði. Þessi till. er samþ. vegna þess, að þá var öllum orðið ljóst, að lánasjóðir landbúnaðarins voru orðnir gersamlega vanmegnugir að valda því hlutverki, sem þeir áttu að valda, og það var nokkuð rifjað upp í umr. hér við 1. umr. þessa máls, að lánasjóðir landbúnaðarins voru raunverulega gjaldþrota, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum.

Mér finnst, að þessi samþykkt beri það með sér, að þeir, sem að henni stóðu, hafi ekki haft hugmynd um það, að svo mikill stórhugur væri þá ríkjandi í stefnu Framsfl. eins og hv. þm. Ágúst Þorvaldsson vildi vera láta. En það kann að vera, að það sé af því, sem ég var að vekja hér athygli á áðan, að það er nokkuð annað að vera í ríkisstj. og bera ábyrgð á hlutunum eða geta borið fram frv. og till. án þess að þurfa að bera ábyrgð á þeim.

Frsm. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Það er aðallega vegna þeirrar fsp., sem hv. þm. Lúðvík Jósefsson bar fram um afstöðu mína til till. hans um framleiðnimálin, þar sem hann leggur til á þskj. 258, að varið verði úr ríkissjóði á árinu 1964 43 millj. kr. til framleiðniaukningar í landbúnaði.

Ég lýsti hér áðan till. okkar minni hl. í sambandi við þetta mál. Við leggjum þar til sérstakan bústofnslánasjóð til þess að auka möguleika smábændanna til að stækka bú sín, og auk þess leggjum við til framlag úr ríkissjóði, 25 millj. kr. á ári í 25 ár, til að lána til framleiðniaukningar, þ. e. til þess að hjálpa bæði smábændum og frumbýlingum til að eignast tæknibúnað, sem nauðsynlegur er í sambandi við búreksturinn. Ég álít, að þessar till. okkar

gangi nokkru lengra en sú till., sem hann hefur hér lagt fram og er eigi að síður góðra gjalda verð, og þess vegna verð ég að segja fyrir mitt leyti og tala þá eingöngu um mína eigin afstöðu, að ef till. þær, sem minni hl. hefur borið fram, skyldu falla hér við atkvgr., mun ég að þeim föllnum greiða atkv. með till. hv. 5. þm. Austf.

Hv. 3. þm. Austf. vildi koma því orði á um till. minni hl., að þær væru af ábyrgðarleysi fram bornar. Þetta hefur maður heyrt áður hér um okkar till., og er kannske ekki nema mannlegt, að stjórnarliðið vilji stimpla minni hl. þannig, að hann sé ábyrgðarlaus. En sannleikurinn er sá, að það hefur nú verið þannig, að þær till., sem taldar voru ábyrgðarleysi í fyrra og við bárum þá fram, einmitt um það að færa ræktunarprósentuna upp að 25 ha. markinu, þ. e. breyta hlutfallinu úr 15 ha. í 25, það var talið ábyrgðarleysi þá, en nú ber stjórnin þetta frv. fram ári seinna, svo að þetta er gamall söngur, sem ég að vísu geri lítið úr. En sannleikurinn er sá, að með því að bera fram allróttækar till. til umbóta á hinum ýmsu sviðum mála í þjóðfélaginu fær maður þó að síðustu verulegar lagfæringar á þeim sviðum, sem slíkar till. fjalla um. Og þess vegna mun ég ekki glúpna á nokkurn hátt fyrir því, þó að mínar till. eða minna samherja séu hér taldar ábyrgðarleysi, og mun halda áfram að bera slíkar till. fram eftir sem áður.

Hv. 3. þm. Austf. las hér upp till., sem samþykkt var vestur í Borgarfirði, ég man nú ekki, hvaða ár hann sagði það hafa verið, en á tímabili vinstri stjórnarinnar þar sem hafi verið farið þeim orðum um, að þá væri hætta á, að sveitir færu í eyði. Vitanlega hefur þessi hætta alltaf verið fyrir hendi, að sveitir gætu farið í eyði, ef ekki væri af hálfu löggjafarvaldsins búið þannig um hnútana og í garðinn búið þannig, að þessi atvinnuvegur gæti fengið þá aðstoð, sem honum væri nauðsynleg. Um ræktunarsjóðinn er það að segja, að ég veit ekki til þess, að þessi till. hafi verið á þeim rökum reist, að ræktunarsjóður hafi ekki lánað mönnum. Og ég hef aldrei heyrt það, að nokkur maður hafi farið bónleiður til búðar frá ræktunarsjóði á þeim árum. Ég hygg, að menn hafi yfirleitt fengið þau lán, sem þeir báðu um, og flestir voru leystir út með þessi lán fyrir jólin, alveg eins og er nú enn í dag eftir þá breyt., sem gerð hefur verið á lögum þessara lánastofnana. Og það var þá, eins og er auðvitað enn í dag, það varð að útvega þetta fjármagn að láni, — það varð að útvega þetta fjármagn að láni til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, og sama sagan er enn í dag, þó að það heiti stofnlánadeild. Ég hygg, að ríkisstj. verði að útvega meginhlutann af þessu fé, sem lánað er úr þessari stofnlánadeild, hún verði að útvega það að láni. Þetta er eðlilegt og ekkert við því að segja. En það er þannig alveg að þessu leyti sama ástandið og var.

Hins vegar fer það ekki á milli mála, að ástandið í sveitunum er þannig nú, að sveitafólkið er á hröðum flótta frá landbúnaðinum. Það dettur engum manni með fullu viti í hug annað en viðurkenna það, fólkið er á hröðum flótta frá landbúnaðinum. Það hefur ekki sömu tekjur og sömu lífsmöguleika, fjöldinn allur af þessu fólki, og það getur haft eða því er boðið við aðra atvinnuvegi, hvort sem þeir atvinnuvegir nú bera það kaupgjald, sem þeir hafa verið látnir borga fólkinu og auglýsa eftir því fyrir. En ýmsir atvinnuvegir við sjávarsíðuna auglýsa mjög eftir fólki fyrir hátt kaup, og það er ekki nema mannlegt, að menn fari þangað, sem eldurinn bezt brennur. Jafnvel þó að þeim hafi þótt og þyki vænt um sveitina sína og jörðina sína, þá verða þeir þó að hafa skilyrði til þess að lifa nútímalífi, því að menn sætta sig ekki við sams konar lífskjör núna og aðstöðu eins og var t. d. fyrir 50—60 árum. Nú vilja menn hafa tækni og alls konar þægindi, og þetta allt saman kallar á auknar tekjur. Og það er náttúrlega margt, sem er samverkandi um þennan fólksflótta. Það er fyrst og fremst þessi mikla eftirspurn eftir vinnuafli við sjávarsíðuna og það háa kaup, sem þar er í boði, því að það er oft og tíðum miklu hærra kaup í boði en það, sem skráð er í töxtum og samningum milli atvinnuveitenda og launþega, og þar á ofan er það, að ríkisvaldið hefur ekki stutt landbúnaðinn á þann hátt, sem hann hefði þurft nú á síðustu árum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 241 teknar aftur til 3. umr.
— 307,1 felld með 18:16 atkv.
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 307,2 felld með 18:17 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 307,3 felld með 18:17 atkv.
8. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 307,4 felld með 20:17 atkv.
— 258 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, IG, JSk, LJós.
nei: MB, MÁM, AJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, SB.
BP greiddi ekki atkv.
2 þm. (SÁ, DÓ) fjarstaddir.
9. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 235, 241).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 241 samþ. með 21:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., 3. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 339).
Á 56. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá Nd. og er stjórnarfrv. til breytinga á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins. Meginatriði frv. er að veita aukastyrk á tún að 25 ha. stærð í stað 15 ha., eins og nú er gert samkv. lögum.

Það er nú komið í ljós, að margir bændur eru mjög skammt á veg komnir með ræktun, hafa allt of lítil bú, til þess að þeir geti lifað af því sómasamlegu lífi, og samkv. útreikningum hagstofunnar hefur komið í ljós, að meðaltekjur bænda eru lægstar miðað við aðrar stéttir, sem kemur einfaldlega af því, að stór hluti bændastéttarinnar hefur svo lítinn bústofn, að það getur ekki gefið nægilegar tekjur til að lifa sómasamlega af því. Það hefur komið í ljós við athugun, að a. m. k. í einum landshluta eru margir bændur, sem hafa ekki innlegg fyrir meira en 75—80 þús. kr., og þá hafa þeir bændur eitthvað nálægt 100 kindum og 2—3 kýr. Það liggur vitanlega í hlutarins eðli, að nettótekjur af slíku búi eru sáralitlar eða jafnvel engar. Þetta er vitanlega ekki nýtilkomið. Þannig hefur þetta alltaf verið, og kjör þessara manna hafa vitanlega alltaf verið mjög bágborin. Það verður aldrei mögulegt að rétta hag þessara manna með því að hækka afurðaverðið svo mikið, að þessi litlu bú geti gefið því fólki, sem við þetta býr, sæmileg lífskjör. Þess vegna er það, að það verður að hrinda af stað nýrri ræktunaröldu, sem miðar þá sérstaklega að því í bili að auka túnstærðina, þar sem hún er minnst, og vinna að því af alefli að gera þær jarðir, sem eru í ábúð, ábúðarhæfar með því að auka ræktunina. Það er leitt, að það skuli enn vera margar jarðir með aðeins 10 ha. tún og fjöldi jarða í ágætum héruðum með tún undir 15 ha., en að vísu hefur verið ýtt undir það, að túnin næðu 15 ha., með því að miða aukastyrkinn, eins og áður er á minnzt, við þá túnstærð. En það er of lítið að hafa aðeins 15 ha. af ræktuðu landi. Það er of lítill bústofn, sem slíkt bú framfleytir. Hins vegar hefur það verið athugað og fróðir menn talið, að 25 ha. tún, sé það í góðri rækt, geti framfleytt búi, sem gefur af sér sæmilegar tekjur og sæmilega afkomumöguleika miðað við það verðlag, sem nú er á búsafurðum.

Það liggja fyrir hjá Landnámi ríkisins og Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um það, hver túnstærðin er á hverju býli. Það liggja einnig fyrir skýrslur um það, hversu mikið ræktunarland er á hverju býli, og það er ekki af því, að það sé ekki ræktunarland á þessum jörðum, sem skemmst eru á veg komnar, að túnin eru ekki stærri. Það er víðast hvar nóg af ræktanlegu landi. En ástæðan til þess, að ræktunin er svo skammt á veg komin sem raun ber vitni, er einfaldlega sú, að þessu hefur ekki verið komið í framkvæmd, og er ekkert um það að sakast. Ástæður manna eru misjafnar og vitanlega hafa margir af þeim, sem skammt eru á veg komnir, löglegar afsakanir fyrir því, að ekki hefur betur gengið en orðið er.

Með því frv., sem hér er flutt, er að því stefnt, að ræktunin geti orðið svo mikil á hverju býli, að þær verði hæfar til búskapar, og ættu þá þessi lög að vera virkur þáttur í því að hindra það, að þessir bændur flosni upp og flytjist í burtu af jörðunum. Ræktunin er undirstaðan undir því, að unnt verði að koma upp þeim bústofni, að það geti orðið sæmileg lífskjör fyrir þá, sem á jörðunum eru.

Það hefur verið að því spurt og jafnvel á fjölmennum fundum, hvað væri meint með því að auka ræktunina svo mikið sem hér er lagt til og hvað eigi að gera við alla þá framleiðslu, sem muni verða í landinu af landbúnaðarvörum, eftir að allar jarðir hafa fengið 25 ha. tún og þær jarðir, sem hafa stærri tún, einnig bætt kannske verulega við sig. Ég vil segja, að það er engin ástæða til að hafa áhyggjur af offramleiðslunni, vegna þess að fólkinu í landinu fjölgar stöðugt og þörf fyrir landbúnaðarvörur innanlands fer stöðugt vaxandi. Einnig ber að vinna að því að fá betri og öruggari markaði fyrir okkar ágætu landbúnaðarafurðir en enn hefur tekizt að fá, og munu allir vera sammála um, að það beri að leggja megináherzlu á það, — einnig, að það beri að nýta og vinna úr landbúnaðarvörunum hér innanlands meira en enn hefur verið gert og gera þær þannig verðmætari og gera landbúnaðarframleiðsluna þannig stærri þátt í þjóðartekjunum en enn hefur orðið. Slíkir möguleikar eru fyrir hendi, og þá möguleika verður þjóðin vitanlega að nýta. Þjóðin er svo lánsöm að eiga mikið af ræktanlegu landi. Við höfum ekki enn ræktað nema 85 þús. ha., eða 850 ferkm. Við eigum 25 þús. ferkm til af ágætu ræktunarlandi, og auk þess höfum við 20 þús. ferkm af landi, sem má koma í samfelldum gróðri og jafnvel gera að túni, þannig að það nálgast að vera helmingurinn af landinu, sem mætti gera að samfelldu gróðurlandi. Þetta er út af fyrir sig gott að vita, og þess vegna er það, að það er ástæðulaust að horfa með kvíða til framtíðarinnar. Við höfum það, sem margar þjóðir hafa ekki. Margar þjóðir eru þannig settar, að þær búa við landþrengsli og verða að flytja út árlega alla þá fjölgun, sem er í landinu.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að árleg útgjöld vaxi um tæpar 13 millj. kr., og er það um 80% hækkun miðað við það fjármagn, sem Landnám ríkisins hefur nú yfir að ráða. Það er gert ráð fyrir, að 3500—3800 jarðir njóti góðs af þessum lögum eða hafi ræktun undir

25 ha., og er það vitanlega langmestur hluti jarða í landinu, en það er talið, að það muni vera um 5500 jarðir, sem eru í byggð. Þá er og talið, að það séu 2723 jarðir með túnstærð undir 15 ha.

Frv. þetta gerir einnig ráð fyrir nokkrum stuðningi við byggingar, þannig að byggingarstyrkurinn hækki úr 50 þús. í 60 þús., en eins og kunnugt er, var með lögum frá 1957 gert ráð fyrir að veita aukastyrk á túnstærð allt að 10 ha. og 25 þús. kr. byggingarstyrk, sem þá var að vísu miðaður við nýbýli. 1960 var þessi styrkur hækkaður upp í 40 þús. kr. og þá einnig heimilað að veita hann á eldri jarðir, sem eftir var að byggja upp á. 1963 er ræktunartakmarkið sett á 15 ha. og styrkurinn hækkaður úr 40 þús. í 50 þús. Og með þessu frv. er lagt til, að styrkurinn hækki upp í 60 þús.

Þegar rætt var um frv. þetta í hv. Nd., var ekki aðeins rætt um það, heldur um landbúnaðarmál almennt, miklar umr. Ég tel ekki ástæðu til við þessa 1. umr. málsins hér að hefja umr. á breiðari grundvelli, heldur halda mig aðeins við frv. Ég vil geta þess, að í hv. Nd. voru bornar fram veigamiklar brtt. við frv. og lagt til, að það væri gengið nokkru lengra í styrkveitingum, en þær brtt. voru felldar. Hins vegar var samþ. brtt. frá hv. þm. Jónasi Péturssyni um heimild til að lána út á bústofn. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þá till. Ég tel hana ekki sérstaklega veigamikla, en kannske kemur hún að einhverju gagni. A. m. k. hafði þessi hv. þm. trú á því, að á Austurlandi mundi sú heimild, sem þessi till. veitir, verða notuð, enda dæmi til þess, að á Austurlandi hafi verið framkvæmt eitthvað líkt því, sem í þessari till. felst. En sú till. var samþ. í hv. Nd., og er frv. að öðru leyti eins og það var upphaflega flutt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um *málið að svo komnu, en legg til, herra forseti,* að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Breytingar þær, sem í þessu frv. felast, eru spor í rétta átt, en ganga of skammt að mínum dómi.

Það er alkunna, að landbúnaðurinn á nú að mörgu leyti í vök að verjast, og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Það er öllum svo kunnugt mál, enda kom hæstv. landbrh. nokkuð að því í sinni ræðu hér áðan, þegar hann minntist á þau vandkvæði ýmiss konar, sem landbúnaðurinn á við að búa. Þau vandkvæði, sem segja má að landbúnaðurinn eigi nú við að búa, eiga sjálfsagt rætur að rekja til ýmissa og mismunandi ástæðna, sjálfsagt eiga þau vandkvæði að verulegu leyti rætur að rekja til þeirra þjóðlífsaðstæðna, sem hér hafa verið um skeið, og þá ekki hvað síst til þeirrar verðbólguþróunar, sem hér hefur verið í algleymi nú að undanförnu og hefur leitt til þess, að hvers konar stofnfjárkostnaður og fjármagnskostnaður hefur farið stórkostlega vaxandi. Sjálfsagt eiga líka erfiðleikar landbúnaðarins að einhverju leyti rætur sínar í öðrum ástæðum. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara neitt út í að rekja það frekar.

En það er augljóst mál af því, sem þegar var sagt, og því, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, að kostnaður við búrekstur er orðinn svo mikill, að það er óhugsandi, að þau smáu bú, sem hér eru mörg, standi undir bæði þeim stofnfjárkostnaði og rekstrarfjárkostnaði. Það er þess vegna höfuðnauðsyn auðvitað að stækka búin. En búin verða ekki stækkuð, nema fyrir hendi sé grundvöllur til þess, þ. e. a. s. nægileg ræktun. Þess vegna er það vitaskuld rétt stefna að stuðla að því með öllum ráðum að auka ræktunina, og að því miðar þetta frv. út af fyrir sig. Og það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að það sé aukinn stuðningur við ræktun þeirra býla, sem skemmra eru á veg komin, og það allverulega frá því, sem nú er, og enn fremur gert ráð fyrir nokkuð auknum styrk til húsabóta.

En ég held, að eins og málum er komið, þurfi hér þó enn stærri átaka við. Og sú hefur verið skoðun okkar framsóknarmanna. Þess vegna höfum við, bæði á þessu þingi og á undanförnum þingum, flutt fjölmörg frv. um málefni landbúnaðarins og þáltill. líka, sem hafa miðað í þá átt að bæta stöðu landbúnaðarins með ýmsu móti. Ég skal nú ekki tefja hér tímann á því að telja upp þau fjölmörgu frv., sem framsóknarmenn hafa flutt um þessi efni, enda eru þau hv. dm. að sjálfsögðu flest í fersku minni, því að mörg þeirra eru einmitt flutt í þessari hv. d. Það má þó aðeins nefna t. d. frv. til l. um bústofnslánasjóð, en markmið með þeirri stofnun er einmitt að hlynna sérstaklega að frumbýlingum og greiða fyrir því, að ungir menn geti stofnað bú í sveit með sæmilegum hætti, en eins og kunnugt er, má segja, að á því séu nú næstum því, vil ég segja, óyfirstíganlegir erfiðleikar. Ég nefni *einnig frv., sem við framsóknarmenn höfum* flutt hér um aukið ræktunarframlag einmitt til þeirra býla, sem skemmra eru á veg komin eða hafa sem sagt ekki náð enn þeirri túnstærð, 25 ha., eins og hér er miðað við. En eins og hæstv. landbrh. upplýsti hér áðan, á það vissulega mjög langt í land með fjölmörg býli, að því marki sé náð, sem nú er þó talið viðunandi, en vitaskuld er með það mark eins og önnur, að það er miðað við daginn í dag, og það má vel vera, að aðstæðurnar breytist þannig, að eftir nokkur ár, kannske fá ár, verði að setja annað mark og þá talsvert hærra. Það er auðvitað ekkert algilt mark í þessum efnum, heldur verður að haga sér eftir aðstæðum á hverjum tíma í því efni. En í frv. okkar framsóknarmanna um þetta efni er gert ráð fyrir talsvert hærra ræktunarframlagi til þessara býla.

Ég nefni t. d. líka frv., sem við höfum flutt varðandi veðdeild, eða þar sem gert er ráð fyrir, að veðdeildinni sé séð fyrir mun meira fjármagni með hagstæðum kjörum heldur en hún nú á kost á. En þó að það hafi orðið nokkur breyting á og veðdeildarlán séu nú veitt

nokkru hærri en áður var og þau muni, að ég hygg, fást nokkuð til jarðarkaupa, þá er langur vegur frá því, að þau lán, sem nú eru veitt í þessu skyni, séu fullnægjandi, — mjög langur vegur, því að sannleikurinn er nú sá, því miður, að margir þeir ungu menn, sem gætu hugsað sér að stofna til búskapar og vildu gjarnan eignast jörð til að byrja búskap, hafa ekki safnað í sjóði og hafa lítið fé í höndum, þegar þeir ætla að byrja búskap, og brestur því ráð til þess að festa kaup á jörð. Það er þess vegna nauðsynlegt að efla veðdeildina, þó að ég sé að vísu þeirrar skoðunar, að það sé enn þá meiri nauðsyn á því að sjá ungum mönnum fyrir hagstæðum frumbýlingslánum til að kaupa bústofn, því að eins og nú hagar til, er þó víða ráð á því að fá jarðir til ábúðar án þess að kaupa þær.

Það mætti að sjálfsögðu nefna mörg fleiri mál, sem við höfum flutt, eins og t. d. um það að bæta landbúnaðarsjóðunum upp eða létta af þeim gengishalla, sem þeim er og verður vitaskuld mjög mikill fjötur um fót og hlýtur að éta upp talsverðan hluta af því, sem þar safnast þó fyrir með þeirri skattlagningu, sem lögleidd hefur verið í því skyni, þ. e. a. s. með hinum svokallaða bændaskatti, en hann höfum við framsóknarmenn viljað afnema og láta í staðinn koma til framlag ríkisins. Og enn vil ég undirstrika það, að hvað sem að öðru leyti er um þetta skattgjald að segja, nær það að mínum dómi engri átt að leggja það á með þeim hætti, sem gert er, að svipta bændur eignarrétti á þessu gjaldi, sem þeir greiða til þessa lánasjóðs. Það er í mesta máta ranglátt, og féð gæti þjónað markmiði sjóðsins, þó að það væri fært upp á sérreikning bændanna sem þeirra eign, svo sem sjálfsagt er í þessum sjóðum, og félli þá til útborgunar til þeirra eða þeirra erfingja eftir vissum reglum. Ég drep aðeins á þetta í leiðinni, en ekki af því, að ég ætli að fara að fjölyrða um það mál, enda er það mál út af fyrir sig og það stórt.

Ég hef hér aðeins drepið á nokkur þeirra mála, sem við framsóknarmenn höfum flutt í þessa átt. En það er skemmst af þar að segja, að afgreiðslan á þeim hefur yfirleitt öll orðið á þá lund, að þeim hefur verið vísað til nefndar og þar hafa þau verið söltuð og ekki séð dagsins ljós framar, ekki aðeins á þessu þingi, heldur á undanförnum þingum. Það mætti nú kannske sýnast, að þrautseigja okkar í því að flytja þessi frv. þing eftir þing væri unnin fyrir gýg. Það álít ég ekki, enda kemur það á daginn smám saman og hægt og hægt, að hæstv. ríkisstj. tekur upp nokkuð af þeim till., sem við höfum sett hér fram, þó að þar sé oft að vísu skemmra gengið en í okkar málatilbúnaði og skemmra en þörf væri á. Þannig hygg ég það nú vera með þetta frv. Það er út af fyrir sig gott eitt um það að segja og skiptir út af fyrir sig ekki máli, hvar stórmál eiga sínar upphaflegu rætur. En þetta er þó náttúrlega að verða vægast sagt óviðunandi máti á þingstörfum, að n. fáist ekki til að taka afstöðu með neinu móti til þeirra mála, sem stjórnarandstæðingar flytja. Það er sjálfsagt ekki nýtt nú á þessu bóli, en þó má vera, að það hafi farið í vöxt heldur en hitt, og það hygg ég rétt vera. Og það er í rauninni hið sama að segja um þá breytingu, sem gerð var á þessu frv. í hv. Nd., þar sem heimild er veitt hreppum til þess að koma á fót hjá sér sérstökum bústofnsleigusjóðum, að ég vil meina, að sú breyting, sem ég tel til bóta, eigi rætur að rekja til þess frv., sem við framsóknarmenn höfum flutt hér í þessari deild ár eftir ár um stofnun bústofnslánasjóðs.

Hitt er annað mál, að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eftir að því hefur nú verið breytt í Nd., er náttúrlega allt annað og ófullkomnara og veitir að þessu leyti að því er bústofnslánin varðar, ekki neitt svipuð hlunnindi og gert er ráð fyrir í okkar frv. um bústofnslánasjóðinn. En þó að svo sé, að það gangi miklu skemmra, þá hef ég ekki á neinn hátt neina löngun til að gera lítið úr þeirri viðleitni, sem birtist þó í þessu frv. Og það er vissulega rétt hjá hæstv. landbrh., að flm. þessara brtt. í Nd. hefur mátt vita um fyrirmynd að þessu frá Austurlandi, því að ég man, að það eru a. m. k. meira en 20 ár síðan ég kynntist því fyrirkomulagi þar, að t. d. kaupfélag á Reyðarfirði einmitt hafði með höndum að mínu viti mjög þýðingarmikla starfsemi í þessa átt, hafði ráð á búpeningi og leigði hann eða lét hann í hendur bænda, sem annaðhvort voru að byrja búskap eða höfðu of litinn bústofn, þannig að ég held, að það sé út af fyrir sig rétt, að það megi líkja eftir þeirri hugmynd, og þess vegna tek ég þessari breytingu út af fyrir sig vel, svo langt sem hún nær, þó að ég haldi, að hið eina rétta, sem þessi hv. d. gæti gert í þessu efni, væri að taka upp einmitt í þetta frv., úr því að það er nú komið inn í það ákvæði þarna um bústofnslán, þótt með þessum sérstaka hætti sé, — taka upp í það meginatriðin úr frv. okkar framsóknarmanna hér um bústofnslánin. Þó að ég taki þessari till. samt út af fyrir sig vel, held ég, að það væri nú athugandi fyrir hv. landbn., sem fær það til meðferðar, að gera a. m. k. vissar orðalagsbreytingar á því. Ég mundi t. d. telja, án þess að ég ætli að fara hér út í einstök atriði, að í tölulið 2 væri alveg nóg að segja, að höfuðstóll sé lifandi peningur, og ljúka þar setningunni, sú viðbót, sem þar fylgir á eftir, þurfi ekki að fylgja með og sé kannske ekki alls kostar heppileg, ef farið er að skoða það út í yztu æsar.

Ég skal svo ekki, herra forseti, orðlengja þetta miklu meira. Eins og þegar hefur komið fram í því, sem ég hef hér sagt, tel ég þær breytingar, sem felast í frv., stefna í rétta átt, vera spor í rétta átt. Þess vegna munum við framsóknarmenn út af fyrir sig fylgja þessu frv. En við munum jafnframt reyna að koma fram þeim breytingum á því, sem við teljum æskilegar. Það verður að sjálfsögðu kannað í nefnd, hvort það tekst að koma þeim breyt-

ingum að. Ég vildi mega vænta þess, að hæstv. landbrh. væri til viðræðu um að gera á frv. þær breytingar, því að eins og fram kom í hans frumræðu, eru honum vitaskuld ekki síður en mér ljósir þeir ýmsu erfiðleikar, sem landbúnaðurinn á við að stríða um þessar mundir. Og skal ég ekki orðlengja frekar um það. Vitaskuld er það, að þær ráðstafanir, sem þannig eru gerðar og þarf að gera, kosta eitthvað, og hæstv. landbrh. upplýsti það, að útgjaldaaukningin, sem stafa mundi af þessu frv., væri áætluð 13 millj. kr., ef ég tók rétt eftir. Það þykir kannske ýmsum allhá upphæð, en við verðum að gæta þess, að verðgildi peninganna hefur breytzt allhastarlega, og þegar miðað er við ýmsar aðrar tölur, t. d. í fjárl. eða útgjöld, sem varið er til ýmissa annarra þarfa, þá eru 13 millj. svo sem enginn óskaplegur peningur. Auðvitað er ég ekki með þessu að gefa í skyn, að ekki sé varið öðru eða meira til landbúnaðar, það er mér auðvitað ljóst, að þarna er aðeins um þá útgjaldaaukningu að ræða, sem stafar af þessu frv. En þess er þá skemmst að minnast, án þess að ég vilji telja það eftir, að það er stutt síðan samþykkt var hér mjög rífleg fjárhæð til sjávarútvegsins, til þess að stuðla að aukinni tækni og vélvæðingu innan sjávarútvegsins. Mér þykir það ekki nema eðlilegt, að bændur ætlist til þess og geri ráð fyrir því, að það sé litið á þeirra mál með svipuðum hætti, og það væri sjálfsagt þá ekkert síður ástæða til þess að verja álitlegri fjárhæð til aukinnar tækni og vélvæðingar í landbúnaðinum eða til að stuðla að því að gera bændum kleift að taka upp meiri tækni og vélvæðingu.

Ég skal svo láta máli mínu lokið. Eins og fram hefur komið, vildi ég aðeins segja um þetta þessi fáu, almennu orð, lýsa því út af fyrir sig, að við munum fylgja þessum breytingum, sem í frv. eru og til bóta horfa, en munum jafnframt kosta kapps um það að koma fram breytingum, sem lengra ganga í þá átt, og reyna að stuðla þannig að meiri hlunnindum landbúnaðinum til handa en í þessu frv. felast, en á því tel ég höfuðnauðsyn. Og þó að ekki verði gengið lengra en í þessu frv. er gert ráð fyrir að sinni, þá spái ég því, að þess verði skammt að bíða, að það verði að ganga lengra.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að setja upp harða eða langa ræðu út af því, sem hv. síðasti ræðumaður var að segja, en ég vildi aðeins drepa hér á nokkur atriði í tilefni af orðum hans.

Hv. þm. segir, að þetta frv. gangi of skammt, það þurfi meira til, vegna þess að landbúnaðurinn eigi nú við marga örðugleika að stríða. Landbúnaðurinn á nú við ýmsa örðugleika að stríða, og það hefur landbúnaðurinn alltaf átt, frá því að land byggðist, margs konar erfiðleika. Og þeir smábændur, sem ég gerði að umtalsefni hér áðan, hafa vitanlega alltaf lifað við bág kjör. Það er ekki nýtt. Þessi smábú hafa aldrei þolað vélvæðingu eða aukinn kostnað. Og það hefur verið ástæða til þess að spyrja, hvernig stendur á því, að það er svona mikið af smábændum í landinu, þar sem flokkur hv. þm., sem talaði hér áðan, hefur í þrjá áratugi lengst af farið með landbúnaðarmál og haft tækifæri til þess að veita landbúnaðinum aðstoð, sem að gagni gæti komið. Það er ekki nema eðlilegt, að þessar spurningar vakni. Og ég hygg, að það sé flestum ljóst, að 1957, þegar markið var sett í 10 ha. hvað aukinn stuðning við ræktun snerti, og það veit hv. þm., að 1957 lifðu þeir bændur ekki sældarlífi, sem höfðu tún undir 10 ha. eða um það. Og ég er alveg sannfærður um, að þessi hv. þm., sem þá var á Alþingi og studdi ríkisstj., vissi þá, að það var þörf á að ganga lengra en þá var gert. Og við sjálfstæðismenn bentum á það undir umr., að það þyrfti að gera meira en veita stuðning við 10 ha. og þar fyrir neðan. En svarið, sem þá var gefið af þáv. hæstv. landbrh. og þáv. formanni Framsfl., var þetta, að það þýddi ekki að vera að bera fram óskalista í þessu sambandi, það væri ekki unnt að ganga lengra en það, sem fjárhagur ríkisins leyfði. Og það eru aðeins 6—7 ár síðan þetta var, að hv. framsóknarmönnum fannst sjálfsagt að miða útgjöldin við það, sem fjárhagur ríkisins þoldi. Og það má vel vera, að að áliti þeirra, sem með stjórn fóru þá, hafi fjárhagurinn alls ekki leyft meira, og ég vil trúa því, að það hafi verið, vegna þess að hv. þm., sem talaði hér áðan, hefur áreiðanlega gert sér ljóst þá, að 10. ha. tún var of lítið 1957 eins og 15 ha. er of lítið núna, og eins og ég vil vænta, að 25 ha. verði eftir vissan tíma, því að 25 ha. markið, sem sett er með þessu frv., er vitanlega ekkert lokatakmark.

Hv. þm. talaði um það hér áðan, að framsóknarmenn hafi á þessu þingi og áður flutt ýmsar till. og frv., sem miða að auknum stuðningi við landbúnaðinn, og þetta er rétt. Síðan framsóknarmenn komust í stjórnarandstöðu, hafa þeir verið stórtækir í tillögu- og frumvarpsflutningi hvað þetta snertir. En það fór miklu minna fyrir þessu á þeim árum, sem þeir voru í ríkisstj. og báru ábyrgð á henni. Og það er áreiðanlega fróðlegt, enda sjálfsagt að gera það, að taka saman útgjaldatillögur framsóknarmanna á þessu þingi, taka þær allar saman, sjá, hve miklar upphæðir þetta eru, og bera þær svo saman við þær till., sem fluttar voru, á meðan framsóknarmenn voru í ríkisstj. síðast, í vinstri stjórninni, til stuðnings landbúnaðinum. Ég er viss um, að þetta verður fróðlegur samanburður fyrir þá, sem vilja kynna sér hann, og ég get búizt við því, að það sé rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, að framsóknarmenn munu halda áfram þing eftir þing að flytja till. og frv. í þessa átt, á meðan þeir eru utan stjórnar. Og samkv. reynslunni skiptir um, ef þessi flokkur kemur í ríkisstj., því að landbúnaðurinn væri ekki svo skammt á veg kominn í ræktun sem raun ber vitni, það væri ekki svo mikið af

smábændum í landinu eins og staðreyndirnar segja nú til um, ef Framsfl. hefði veitt landbúnaðinum í þau nærri 30 ár, sem hann hefur farið með stjórn, slíkan stuðning sem hann leggur til að gert verði nú, á meðan hann er í stjórnarandstöðu.

Ég vil aðeins drepa á þetta að gefnu tilefni og minna á það, sem reyndar öllum landslýð er kunnugt, að framsóknarmenn hafa tvær stefnur, aðra, þegar þeir eru í ríkisstj. og bera ábyrgð á henni, og aðra, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu.

Hv. þm. minnti hér áðan á nokkur frv., sem flutt hafa verið á þessu þingi af framsóknarmönnum. Frv. um bústofnslánasjóð, það frv. út af fyrir sig er algerlega óþarft, vegna þess að samkv. stofnlánadeildarlögunum er heimilt að lána til bústofnskaupa. Það, sem vantar, er aukið fé í stofnlánadeildina, til þess að þetta sé framkvæmanlegt. Um veðdeildina er það að segja, að hún hefur mörg undanfarin ár verið algerlega fjárvana, og það er vitanlega rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, það er stór þörf á því að efla veðdeildina. Og það var og ekki síður þörf á því, meðan framsóknarmenn voru í ríkisstjórn, en þeir bara gerðu það ekki, ekki af viljaleysi, heldur vegna þess, að þá var ekki til fé. Veðdeildin var lokuð, á meðan framsóknarmenn voru í ríkisstjórn. Hún hefur þó verið opnuð nú, en hefur enn allt of lítið fjármagn. En samkv. l. um stofnlánadeild er heimilt að kaupa veðdeildarbréf árlega fyrir 10 millj. kr., og ef það væri gert, það væri hægt að leggja veðdeildinni til árlega 10 millj. kr., er hún það sem við getum sagt starfandi, þótt það sé að mínu áliti einnig of lítið fjármagn.

Um stofnlánadeildina ætla ég ekki að ræða að þessu sinni eða 1% gjaldið. Ég tel, að stofnlánadeildin sé farin að tala fyrir sig sjálf og það sé þess vegna algerlega ástæðulaust að vera að eyða tíma í það að taka upp vörn fyrir hana, þegar hv. framsóknarmenn eða aðrir eru að reyna að ráðast á það virki. Bændur eru farnir að skilja þýðingu stofnlánadeildarinnar, að það er mikils virði að byggja upp stofnun, sem veitir þeim lán, og bændur vita, hvernig fjárhag búnaðarsjóðanna var komið, áður en lög um stofnlánadeild voru sett, og sá samanburður er stofnlánadeildinni vissulega í hag. Og það er öruggt, að þeim fækkar, sem koma með hnjóðsyrði út af þessu 1% gjaldi, því að það fá bændur aftur með betri vöxtum en nokkuð annað, sem þeir hafa lagt til.

Ég ætla ekki að bera 1% gjaldið til stofnlánadeildarinnar saman við 1% gjaldið, sem fer að miklu leyti til Bændahallarinnar. Ég skal láta það vera að fara að ræða um það. En ekki er ég í nokkrum vafa um, hvort er þýðingarmeira fyrir landbúnaðinn, og þess vegna undrast ég það, að jafnvel hv. síðasti ræðumaður hér áðan talaði um, að það væri þungt fyrir bændur að borga 1% gjald í stofnlánadeildina, en minntist ekki á bændahallargjaldið. Það er ekki hægt að segja, að sé sæmilegt í slíkum málflutningi, og ef það væri hugsun á bak við slíkan málflutning, þá væri það vissulega ekki rökrétt hugsun, sem þar lægi á bak við,

Eins og ég áðan sagði, gerir þetta frv. ráð fyrir 13 millj. kr. framlagi árlega til ræktunar- og byggingarmála, og það er 80% hækkun miðað við það fjármagn, sem Landnámið hefur nú til umráða. Það er enginn vafi á því, að með þessu frv. hefur verið stigið stærra spor til stuðnings ræktunarmálum í landinu en nokkru sinni áður. Það er enginn vafi á því, enda sagði hv. þm., að Framsfl. mundi fylgja þessu frv., en leitast við að fá brtt. samþykktar, sem ganga lengra.

Ég vil benda á, að það er annað frv., sem er samferða þessu frv., sem gerir ráð fyrir 7 millj. kr. árlegu framlagi, og er þá auknингin til ræktunarmálanna á einu þingi orðin um 20 millj. kr. Þetta er stærra átak en nokkru sinni áður, og við getum flett upp í þingsögunni og kynnt okkur það. Og þetta er gert af þörf. Þetta er gert til þess að reyna að koma fótunum undir smábændurna, sem elga í erfiðleikum nú og hafa alltaf átt í erfiðleikum. Það dettur engum í hug, að smábændurnir með 100 kindur og 2—3 kýr hafi lifað sældarlífi, þótt framsóknarmenn hafi verið í stjórn og farið með landbúnaðarmál. Og ég ætla ekki að ásaka neinn. Við skulum bara vera sammála um, að það er þjóðarnauðsyn að breyta þessu. Við vitum, að bændur, sem hafa ekki meiri framleiðslu en þetta, geta ekki fengið fullt kaup. Og þeir afkasta ekki heldur fullu dagsverki. Þess vegna þarf að lyfta undir þá, hjálpa þeim til þess að bæta efnahag sinn og verða um leið nýtari og betri borgarar.

Ég get tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, að það er æskilegt að gera meira og ganga lengra. En ég veit, að hv. þm. er það veraldarvanur og það fús til að líta í eigin barm, að hann viðurkennir, að það þýðir ekki nú, þó að framsóknarmenn séu ekki í ríkisstj., að ætla sér að fá allt á einu þingi, sem við teljum æskilegt að fá.

Skal ég þá ekki hafa þessi orð öllu fleiri nú, en lýsi ánægju minni yfir því, að hv. þm. fór að nokkru viðurkenningarorðum um frv. og vildi í öðru orðinu a. m. k. unna því sannmælis, að hér væri verið að gera myndarlegt átak, sem gæti orðið landbúnaðinum og þá sérstaklega smábændunum til góðs.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv. mun nú fara til n., þar sem ég á sæti, og gefst mér þá kostur á að taka það til athugunar, gera við það breytingar og ræða það nánar við síðari umr. málsins. Ég ætla því ekki að tala langt mál um þetta efni nú að þessu sinni og hefði raunar látið það undir höfuð leggjast að taka til máls við þessa umr., ef ég teldi ekki ástæðu til að segja örfá orð út af síðustu ræðu hæstv. landbrh. og leiðrétta nokkur atriði, sem komu fram.

Hæstv. ráðh. lét orð liggja að því, að Framsfl.

hefði tvær stefnur í landbúnaðarmálum, aðra, þegar hann væri í stjórn, og hina, þegar hann væri utan stjórnar. Ég vil út af þessu minna á, að Framsfl. hefur, allt frá því að hann tók til starfa í landinu fyrir meira en 40 árum, borið landbúnaðinn mjög fyrir brjósti og átt frumkvæði að og forgöngu um margt af því bezta, sem sett hefur verið í landbúnaðarlöggjöf hér á landi á þessum tíma. Ég ætla ekki í þessum fáu orðum að fara að rökstyðja þetta með langri upptalningu einstakra mála, en ég vil aðeins minna á, að Framsfl. átti forgöngu að stofnun byggingar- og landnámssjóðs og hafði forgöngu um stofnun Búnaðarbankans á sinni tíð, og síðan hefur verið byggt á þeim grunni, sem þá var lagður, og sú stofnun þróazt í það horf, sem nú er orðið. Mér dettur ekki í hug að ætla, að hæstv. landbrh. sé raunverulega svo fáfróður, að hann viti ekki þetta, svo að þau ummæli, sem hann hafði í þessu sambandi, hljóta að vera sögð gegn betri vitund.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, að Framsfl. hefði talið það nægilega stórt skref 1957 að veita sérstakan stuðning til ræktunar á jörðum, sem hefðu minna en 10 ha. véltækt tún, og þá ekki viljað ganga lengra. Við verðum að skoða þetta í réttu ljósi. Landbúnaðarmálin alveg eins og aðrar greinar þjóðmála þróast til aukins vaxtar, eftir því sem þjóðinni vex bolmagn, fjárhagslegt bolmagn, og það verður að skoða þróun landbúnaðarins á hverjum tíma í samræmi og í samhengi við það, sem er að gerast í öðrum atvinnugreinum.

Ég vil leyfa mér að minna hæstv. landbrh. á, að á árabilinu 1944—1947 sat hér að völdum í landinu hin svokallaða nýsköpunarstjórn, sem Framsfl. átti ekki aðild að. Hún beitti sér fyrir uppbyggingu á ýmsum sviðum, einkum í sjávarútveginum, og sjálfstæðismenn hafa stundum talið, að nýsköpunarstjórnin hafi einnig verið stórtæk á sviðum landbúnaðarins. En var það ekki í l. um byggingar- og landnámssjóð, sem sett voru á þessu stjórnartímabili, að miða skyldi við 5 ha. véltækt tún á nýbýlunum? Þegar sá, sem nýbýli tók, tæki þar við búskap, þá átti hann að fá 5 ha. tún á býlið. Síðan átti hann með þeim takmörkuðu fjármunum, sem hann hafði yfir að ráða, að bæta þar við, en lengra var ekki gengið af hálfu ríkisvaldsins í þessu efni, svo að 10 ha. markið, sem sett var að tilhlutan Framsfl. 1957, var verulega stórt skref í áttina til þess að bæta um að þessu leyti.

Ég vil nú segja hæstv. ráðh., að ég ætla ekki að tala langt mál, ef hann gæti hinkrað við svo sem 10 mínútur, það væri mér ánægja.

(Landbrh.: Það á að slíta búnaðarþingi kl. hálfjögur, og ég verð þess vegna að fara fram á það við forseta, að hann fresti umr., og við getum talað saman í næði á næsta fundi. En það er náttúrlega kannske ekki þörf á því, við getum gert það við 2. umr.) Já, ég tek þessa afsökun ráðh. gilda, ég skil það. **(Landbrh.:** Já, við ræðum þá um það við næstu umr.)

Síðan 1957 hefur þróunin í þjóðfélaginu verið í þá átt, að það hefur verið vöxtur í atvinnulífinu. Skipin stækka mjög ört. Þjóðin reisir stærri og stærri orkuver og færist meira og meira í fang á flestum sviðum. Og þegar landbúnaðarmálin eru skoðuð í samhengi við þetta, þessa þróun, þá er það alls kostar eðlilegt, að markið um vélfær tún á hverri jörð sé fært hærra og hærra, eftir því sem þessi þróun kemst lengra. Það hefur verið svo, að þegar við framsóknarmenn höfum á undanförnum þingum flutt till. um að færa markið um ræktun á þeim jörðum, sem hafa lítil tún, upp í 20 ha., þá hefur hæstv. ráðh. talið það vera yfirboð og óraunhæft að ætla sér að setja markið svo hátt. En nú hefur hæstv. ráðh. séð að sér og leggur til, að þetta mark verði miðað við 25 ha., og út af fyrir sig tel ég það rétt og að með því sé gengið í rétta átt, eins og tekið hefur verið fram af öðrum ræðumanni, sem talað hefur af hálfu Framsfl. við þessa umr.

Þegar við svo lítum til þess, hvað þessi framkvæmd kostar, og förum að líta á, að þetta frv., sem hér er til umr., muni baka ríkissjóði aukin útgjöld, sem nema 13 millj. kr., þá verðum við einnig að skoða það í samhengi við fjárlögin í heild. Þegar Framsfl. beitti sér fyrir því 1957 að veita sérstakan stuðning á ræktun upp á 10 ha., var heildarniðurstaða fjárl. um 800 millj. kr., en nú eru fjárl. komin upp í 2700 millj., og er þá ekki talin með hin síðasta hækkun á söluskatti né hinn nýi skattur á benzín, sem fer til vegamála, svo að ef það er tekið inn í dæmið, mun láta nærri, að fjárl. séu raunverulega um 3 milljarðar. Og þegar þessar tölur eru athugaðar, eru einar 13 millj. sem útgjaldaauki, sem af þessu frv. mun leiða, ekki neitt sérstaklega stórvægilegur liður.

Ég mun svo ekki við þessa umr. fara fleiri orðum um málið, en gefst tækifæri til að athuga það nánar fyrir 2. umr., eins og ég hef áður tekið fram.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., 9. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 339, n. 403 og 409, 410).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. 1 frv. þessu, sem er stjfrv., eru ákvæði um aukinn stuðning við stofnun nýbýla í 2., 3., 4. og 5. gr., og í öðru lagi ákvæði um aukinn stuðning við ræktun á smájörðum,

sem hafa tún að flatarmáli 25 ha. eða minna. Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir hækkun á byggingarstyrk til sveitabæja úr 50 þús. í 60 þús. kr., eins og nú er. Nd. bætti inn í frv. heimildarákvæði fyrir Búnaðarbankann um að lána sveitarfélögum stofnlánadeildarlán til bústofnsauka, er þau láni síðan einstökum bændum með sérstökum skilyrðum. Þótt fyrir séu í stofnlánadeildarlögum ákvæði um bústofnslán, hafa þau ekki enn komið til framkvæmda, vegna þess að bankanum hefur ekki enn vaxið svo fiskur um hrygg fjárhagslega, að það hafi þótt fært, m. a. vegna þess, að lánveitingar út á ræktun og byggingar hafa sífellt farið hækkandi hin síðustu ár, t. d. s. l. ár orðið um eða yfir 100 millj., auk þess voru veðdeildarlán líka hækkuð á því ári úr 35 þús. út á jörð vegna eignaskipta upp í 100 þús.

Ákvæði þessi um bústofnslán til sveitarfélaga eru í 1. gr., eins og frv. liggur hér fyrir, komið frá Nd., og enda þótt ég telji það fremur gagnslítið, má þó segja, að það geti komið að einhverju liði til bráðabirgða.

2., 3. og 4. gr. fjalla um aukin framlög til ræktunar á nýbýlum, og er gert ráð fyrir, að lágmarksframlag til nýbýla í heild hækki úr 6.5 millj. í 9.5 millj., eða um 3 millj., á ári næstu 20 árin, þ. e. frá 1965 til 1985, sbr. l. um stofnlánadeild landbúnaðarins frá 1962. 1962 var byggingarstyrkur til íbúðarhúsa á nýbýli 40 þús., 1963 var hann hækkaður með lagabreytingu 16. apríl í 50 þús., og nú er lagt til, að hann verði 60 þús. 1962 var hámark vegna túnræktar á nýbýlum 10 ha. á býli, 1963 var það hækkað upp í 15 ha. á býli, og nú er gert ráð fyrir 25 ha. á býli. Ræktun þessa kostar ríkissjóður, þegar um nýbýli er að ræða.

Í 7. gr. frv. er fjallað um ræktunarstyrk, sem greiddur hefur verið til smábýla nú alllengi ofan á hinn eiginlega jarðræktarstyrk í því skyni, að tún smábýlanna megi vaxa sem allra hraðast. 1962 var ákveðið, að þetta aukaframlag næði til býla, sem hefðu 10 ha. tún eða minna. Áður var miðað við minni tún. 1963 var þetta framlag látið ná til ræktunar upp að 15 ha. Og nú er gert ráð fyrir, að það nái til 25 ha. túns á hverja jörð. Framlag þetta ásamt sjálfum jarðræktarstyrknum er hálfur kostnaður við ræktunina eftir mati. Frv. þetta gerir ráð fyrir, að þetta ákvæði sé til bráðabirgða og gildi í 7 ár, eða frá 1965 til 1972.

Þá er þess enn að geta, að byggingarstyrkur til nýbygginga bæjarhúsa á sveitabýlum á nú að hækka úr 50 þús. í 60. 1962 var hann 40 þús., 1960 25 þús. og enginn áður.

Breyting vegna 7. gr. á styrk til smájarðanna samkv. frv. mun kosta ríkissjóð um 11.725 millj., verða þá framlög ríkissjóðs 17.725 millj. Útgjaldahækkanir samkv. þessu frv. verða þá vegna hækkana til jarðræktar á nýbýlum 3 millj., vegna íbúðarhúsa 0.4 millj., vegna smájarðanna 11.725, samtals 15 millj. 125 þús.

Eins og fram kemur í nál. meiri og minni hl. landbn., sem hér liggja frammi, hefur n. ekki orðið sammála að öllu leyti um afgreiðslu þessa máls og þó sammála um, að í frv. felist mikil fyrirgreiðsla og aukinn stuðningur við nýbýlamenn og aðra bændur, sem búa á of litlum jörðum. Í nál. minni hl. á þskj. 409 segir:

„Frv. þetta stefnir í rétta átt, þar sem veita á samkv. því sérstakt framlag til jarðræktar að 25 ha. túnstærð á hverri jörð og hækka nokkuð óafturkræft framlag til íbúðarhúsa í sveitum.“

Enn segir í nál. minni hl.:

„Fjárhagur bændastéttarinnar í heild verður ekki nægilega vel tryggður með hækkun á afurðaverði einungis.“

Undir hvort tveggja þetta, sem stendur í nál. minni hl., vil ég taka. Fram undir þetta hefur það verið aðalstefna í landbúnaðarmálum okkar að stuðla að smábýlamyndun í landinu. Fram undir þennan dag hefur það þótt viðunandi býli, sem hefur haft 10—15 ha. tún. En á túnum og annarri ræktun byggist landbúnaður okkar nær eingöngu nú orðið, síðan of dýrt þótti að sækja heyskap á útengjum. Á þessum smábúum varð svo einyrkjabúskapur nær alls ráðandi. Hin síðustu ár hefur vélanotkun farið ört vaxandi, um leið og vinnuhöndum fækkaði á hverju sveitaheimili. Vélarnar eru dýrar, og rekstur þeirra er líka dýr. Til að standa undir þeim kostnaði og um leið auknum kröfum um tekjur og kjör, sem sveitafólk verður að gera eins og önnur landsins börn, verða búin að stækka mikið frá því, sem talið var viðunandi fyrir um það bil 6—8 árum. En búin geta ekki stækkað, nema ræktunin aukist. Hún er undirstaðan. Á henni byggist öll afkoma sauðfjárræktarmannsins og slíkt hið sama kúabóndans.

Um þau vandkvæði, sem hafa verið að skapast næstliðin 20—30 ár, vegna þess að flestar byggingar hafa verið smáhús á smájörðum og ræktun miðuð við helmingi minni bú en nú þarf til að standa sæmilega undir kostnaði og kröfum, sem hver bóndi verður nú að gera og sinna, skal ég ekki ræða hér. Aðeins skal sagt, að þau eru mjög erfið úrlausnarefni, en ekki þó vonandi óviðráðanleg. Jarðrækt er dýr, og húsagerð fyrir búpening er líka dýr. Hvorugt er gert nema að parti til fyrir þann, sem framkvæmir mannvirkin. Öðrum þræði er það fyrir þjóðfélagið í heild á líðandi stund, og að hinu leytinu er það í þágu framtíðarinnar. Þess vegna hlýtur það að vera réttlæti, að bóndinn beri ekki einn kostnaðinn af ræktuninni og byggingunum, ef túnið eða heyhlaðan er til frambúðar. Enda er það svo um landbúnað í flestum löndum eða öllum, að hann er látinn njóta stofnstuðnings. Að öðrum kosti þrífst hann ekki og fólkið fer frá honum og sezt að við önnur ónauðsynlegri viðfangsefni. Þetta viðurkenna allir og haga sér meira og minna eftir því. Um hitt eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir alltaf, hversu langt á að ganga í kröfum annars vegar og í stuðningi hins vegar af hálfu hins opinbera. En ég er sammála minni hl. í landbn. í því, að afkoma bændastéttarinnar verði ekki tryggð einungis með hækkuðu afurðaverði. Þar verður einnig

til að koma stofnstuðningur. Hjá okkur er ástandið þannig eftir 30 ára þróun til smábúskapar, að a. m. k. annað hvert býli er of smátt og getur ekki staðið undir nauðsynlegum umbótum til breytinga, bæði í ræktun og húsagerð, nema með miklum stuðningi frá heildinni.

Þetta er nú í þriðja sinn í röð, sem breytingar eru gerðar á l. um aukaframlag til jarðræktar, og markið um leið sett hærra og hærra um bústærð eða undirstöðu að bústærð. Í því felst skilningur á því, sem fram undan er, sem vert er að viðurkenna. Og það er að nokkru leyti stefnubreyting í þessu efni, að því er snertir að veita stuðning til stækkunar túna og aukinnar ræktunar. Það miðar til réttrar áttar og kemur strax að talsverðum notum fyrir marga aðstöðulitla bændur. Og þar sem ég tel, að allt, sem horfir til eflingar landbúnaðinum, sé þjóðarnauðsyn, vil ég eindregið leggja til, að þetta frv. verði samþykkt og þau ákvæði þess, sem horfa til aukins styrks við ræktun á smábýlum, verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eftir því sem samhjálp og félagshyggja þegnanna setur meiri svip á þjóðlifið, þeim mun betra er þjóðfélagið. Og því meira tillit sem tekið er til þessa í löggjöfinni, því fremur er stefnt að því að bæta það þjóðfélag, sem við störfum í. Á þetta er oft minnt í sambandi við almannatryggingar og eflingu þeirra. En þessa gætir minna, þegar líta þarf á hag atvinnuveganna, og stefna núv. hæstv. ríkisstj. færir að ýmsu leyti frá þessu marki, þar sem hún grundvallast á því, að fjármagnið safnist í auknum mæli á fáar hendur, en að sama skapi verður aðstaða margra hinna, sem veikari eru, erfiðari en ella. En löggjafarvaldið þarf þó eigi að síður að veita atvinnuvegunum stuðning og líta á þeirra hag, hag þeirra mörgu, sem að framleiðslunni vinna.

Það hefur verið allmikið um það deilt hér á hv. Alþingi, hvort nægilega hafi verið hlynnt að landbúnaðinum í löggjöf á undanförnum árum eða ekki. Hæstv. ríkisstj. og liðsmenn hennar segja: Sjá, allt, sem við höfum gert, það er harla gott. — En framsóknarmenn líta öðrum augum á þessi mál. Við framsóknarmenn höfum iðulega bent á það hér á þingi og utan þings, að of skammt sé gengið fyrir hönd landbúnaðarins í ýmsum greinum og margt af því, sem gera þarf, ógert látið. Það má segja, að hér standi staðhæfing gegn staðhæfingu, en það er öllum hollt og raunar skylt að meta þetta rétt. Ef það á að gera, verður að skoða þessi mál af nokkru hærri sjónarhóli heldur en líta eingöngu á dægurmálin, sem við er fengizt hverju sinni, og líta á, frá hvaða tímabili sú löggjöf er, sem valdið hefur þáttaskilum í starfi landbúnaðarins og orðið honum mest til gengis. Það yrði of langt mál og fellur raunar ekki inn í þann ramma, sem hér er markaður, að fara að rekja þá sögu ýtarlega í einstökum atriðum, en ég vil þó finna þessum orðum stað með því að nefna örfá dæmi frá liðnum árum.

Á stjórnartímabili Framsfl. 1927—1931 voru sett mörg nýmæli í löggjöf, og landbúnaðurinn var þá settur í öndvegi. Þegar ríkisstj. Hermanns Jónassonar settist að völdum 1934 og samstjórn Framsfl. og Alþfl. hófst, var það eitt af fyrstu verkum þeirrar stjórnar að setja ný afurðasölulög. Þessi afurðasölulög hafa orðið bændastéttinni til ómetanlegs hags.

Nýsköpunarstjórnin 1944—1946 virtist vilja fremur snúa sér að öðrum viðfangsefnum en eflingu landbúnaðar, en þó er rétt að geta þess, sem gert var, að undir hennar stjórn tókst þó að fá fram löggjöfina um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Að þeirri lagasetningu var nokkur aðdragandi og þar var tregðu að mæta, en það tókst þó að fá þessa löggjöf setta á stjórnartíma nýsköpunarstjórnarinnar, en þetta nýmæli í löggjöf hefur valdið þáttaskilum í sveitunum með stofnun ræktunarsambandanna og þeim stórvirku framkvæmdum, sem síðan hafa orðið.

Ef við lítum síðan á stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, þá voru undir hennar forustu sett framleiðsluráðslögin, sem bændur búa við enn í dag og hafa áreiðanlega orðið bændastéttinni til mikilla hagsbóta, þótt þau lög þurfi nú lagfæringar við. Þá voru einnig sett lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, lög um áburðarverksmiðjuna, svo að nokkuð sé nefnt. Allt eru þetta stórmerk nýmæli, sem hafa haft mikið gildi fyrir landbúnaðinn.

Undir forustu stjórnar Steingríms Steinþórssonar frá 1950—1953 voru jarðræktarlögin sett, sem í raun og veru gilda enn í dag með nokkurri viðbót frá 1955, og nú þegar þau eru tekin til endurskoðunar, eru margar greinar um framlög samkv. jarðræktarlögunum látnar standa óbreyttar frá því, sem þá var ákveðið. Stærra er ekki skrefið nú, þrátt fyrir þær verðlagsbreytingar, sem orðið hafa. Þá voru einnig í sambandi við löggjöf um Framkvæmdabankann landbúnaðinum tryggð föst fjárframlög til stofnlánadeildarinnar af mótvirðisfé og það beinlínis bundið í löggjöfinni.

Ef litið er á stjórnartímabil vinstri stjórnarinnar frá 1956—1958, má minna á, að þá voru sett heildarlög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem m. a. var kveðið á um aukaframlag til ræktunar á þeim jörðum, sem höfðu þá minna en 10 ha. tún, og var það algert nýmæli. Þá var enn fremur hækkað úr 2½ millj. í 5 millj. árlegt ríkisframlag til ræktunar á nýbýlum. Þá var í fyrsta skipti um langt tímabil heimilað að veita óafturkræft framlag til íbúðarhúsa á nýbýlum, 25 þús. kr., og í fjárl. sett sérstök fjárveiting til þess. Af þessu nýmæli spratt svo síðar það að færa þetta út til íbúðarhúsa á eldri býlum. Fleira var um nýmæli í þeirri löggjöf, svo sem sérstakan stuðning til garðyrkjubýla og smábýla, sem styðjast við iðnað, og fleira mætti telja.

Þegar þetta er skoðað og í sambandi við þá

löggjöf, sem fyrrv. ríkisstj. hafa beitt sér fyrir, verður mér að spyrja: Hvar eru hin stóru nýmæli í landbúnaðarlöggjöf, sem sett hafa verið fyrir forustu núv. hæstv. ríkisstj.? Hvar er alla þá lagabálka að finna? Í nál. frá meiri hl. landbn. í hv. Nd. er gert nokkurt yfirlit yfir þessi efni. Og það yfirlit er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Er því rétt að rifja upp nokkrar breytingar, sem gerðar hafa verið á þessum tvennum lögum síðustu árin. 1960 var ákveðið, að 25 þús. kr. byggingarstyrkur, sem veittur var til bygginga íbúðarhúsa á nýbýlum, skyldi einnig ná til endurbygginga á jörðum hjá efnalitlum bændum. Hefur það ákvæði síðan verið ómetanlegur stuðningur mörgum efnalitlum bónda. Þá var einnig framlengt um 4 ár, til ársloka 1964, ákvæðið um aukastuðning við ræktun upp að 10 ha. býli, en upphaflega var því ákvæði aðeins ætlað að gilda til ársloka 1960. Árið 1961 er stuðningurinn til íbúðarhúsabygginga aukinn um 40 þús. kr. Á síðasta Alþingi var svo ræktunarmarkið fært úr 10 ha. í 15 ha., sem hærra framlags nýtur, og byggingarstyrkur hækkaður í 50 þús. kr. til íbúðarhúsa hjá þeim bændum, sem hafa meðaltekjur eða lægri. Með þeim tveim frv., er nú liggja fyrir, er svo gert stórfellt átak til stuðnings landbúnaðinum og stærra en áður hefur verið gert í einu lagi.“

Þetta er allt rétt, að því frádregnu, að fullmikið sé lagt í þessa síðustu setningu, sem ég las. En þetta eru ekki stórfelld nýmæli. Þetta er lagfæring á eldri ákvæðum, þar sem þau eru færð til leiðréttingar við gildandi verðlag, og því miður verður að segja þá sögu eins og hún er, að þrátt fyrir þessar lagfæringar, sem gerðar hafa verið með þessum hækkuðu framlögum, standa þeir, sem þeirra njóta, líklega ekkert betur að vígi en áður var vegna verðlagsþróunarinnar í landinu á sama tíma. M. ö. o.: það var þessi raunasaga, að þessi hækkuðu framlög hafa horfið til þess að mæta verðhækkunum svo að segja jafnóðum. Þetta er því fremur andóf gegn því að láta reka undan straumi heldur en að um stór nýmæli sé að ræða.

Nú hafa framsóknarmenn á þessu þingi og raunar áður borið fram mörg mál, sem landbúnaðinn varða. En það er sama sagan, hvar sem borið er niður, að þau mál fást ekki afgreidd. Þeim er ýmist alls ekki skilað frá nefndum eða þá vísað frá og áhrifum þeirra eytt. Við höfum t. d. ár eftir ár borið fram eitt nýmæli um stuðning við bændur, sem rækta korn. Það fæst ekki samþykkt, og ekki aðeins það, að okkar frv. sé ekki tekið gilt, heldur er engri lagasetningu komið fram um þetta efni. Og nú er það svo, að það var mikil hreyfing af hálfu bændasamtakanna á s. l. ári að fá gerðar lagfæringar á framleiðsluráðslögunum. Um þetta voru haldnir fundir í landsfjórðungum. Forustumenn búnaðarsambandanna komu saman á ráðstefnu hér í Reykjavík, og auk þess hafa Stéttarsambandið og framleiðsluráðið unnið að þessum málum fyrir sitt leyti. Og niðurstaðan varð sú, að bændasamtökin urðu að lokum sammála um frv., sem mun vera í vörzlu hæstv. landbrh. En ég heyrði hæstv. ráðh. skýra frá því í umr. í Nd. fyrir nokkru, að hann sæi sér ekki fært að verða við þeim tilmælum að bera fram þetta frv., sem bændasamtökin hafa orðið sammála um og vilja fá lögfest.

Hér er aðeins rifjuð upp saga og drepið á staðreyndir, en þær eru þess eðlis, að þær segja meira um það, sem snýr að landbúnaðinum um þessar mundir frá hálfu löggjafarvaldsins, heldur en mörg almenn orð.

Ég mun svo þessu næst víkja nokkrum orðum að því frv., sem hér liggur fyrir.

Það getur ekki leikið á tveim tungum, að landbúnaðurinn þarf á stuðningi löggjafarvaldsins og fjárveitingavaldsins að halda, eigi síður nú en oft áður. Ég geri ráð fyrir, að um það út af fyrir sig séu allir sammála. Og ég er þeirrar skoðunar og við framsóknarmenn, að þar þurfi að vinna samtímis að endurbótum á allmörgum sviðum. Það verður að tryggja bændunum réttlátt afurðaverð. En þó að það sé gert, þá er það að minum dómi ekki nægilegt eitt út af fyrir sig, m. a. vegna þess, að þeir, sem minnsta framleiðslu hafa, fá ekki nægilegan stuðning með því einu að hækka verðlagið á afurðunum. Það þarf fleira að koma til jafnframt. Það þarf að auka afurðalánin, eins og rætt hefur verið hér á hv. Alþingi, og veita þannig bændastéttinni og þeim fyrirtækjum, sem veita bændunum þjónustu, betri viðskiptaaðstöðu en ella. Það þarf enn fremur að draga úr fjármagnskostnaði við framkvæmdir í sveitum og sérstaklega við stofnun nýbýla og auka stuðning til þess fólks, sem er að hefja búskap. Eitt, sem kemur mjög til greina í því efni, er lækkun vaxta, eins og framsóknarmenn hafa beitt sér fyrir, bæði nú á þessu þingi og fyrr. Og loks þarf að auka stuðning við framkvæmdir í sveitum, eins og stefnt er að að vissu leyti með því frv., sem hér liggur fyrir.

Framsfl. átti frumkvæði að því fyrir mörgum árum að hafa stuðninginn af hálfu ríkisins við framkvæmdir í sveitum misjafnan eftir aðstöðu bændabýlanna. Þessi stefna fékk misjafna dóma fyrst í stað, en nú er svo komið, að það er almennt talið réttmætt að haga löggjöfinni á þessa lund, enda er þeirri stefnu greinilega fylgt í því frv., sem hér er til umr., þar sem sérstakt framlag á að veita til ræktunar á þeim jörðum, sem hafa minna en 25 ha. vélfært tún. Frv. stefnir því vissulega í rétta átt að dómi minni hl. landbn.

En við, sem skipum minni hl., teljum, að það þurfi að setja ákvæði um fleiri atriði til hagsbóta fyrir landbúnaðinn heldur en gert er með þessu frv. óbreyttu. Þess vegna vill minni hl. freista þess að fá frv. bætt að miklum mun, með því að hann ber fram brtt. á sérstöku þskj., sem mundu færa svið löggjafarinnar mjög út, ef samþykktar yrðu, og verða bændunum til enn þá meiri hagsbóta en frv., ef það verður samþykkt óbreytt.

Við leggjum til á þskj. 410, að komið verði á fót bústofnslánum, þannig að stofnlánadeildin veiti frumbýlingum og öðrum bændum til bústofnsaukningar og vélakaupa sérstök lán, og að stofnfé til þessara lána verði fengið þannig, að 40 millj. kr. verði óafturkræft framlag, sem ríkissjóður greiðir deildinni á næstu 8 árum með 5 millj. kr. framlagi á ári, en til viðbótar verði heimilað að taka 60 millj. kr. lán og ábyrgist fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins. Þessi bústofnslán skulu samkv. till. okkar veitt frumbýlingum og öðrum bændum, sem fullnægja að öðru leyti skilyrðum laganna. Vextir af bústofnslánum skulu ekki vera hærri en 5%, en lánstíminn fer eftir ákvörðun bankastjórnar, en skal þó ekki vera lengri en 10 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi bankastjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé það áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé bankastjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið. Heimilt er bankastjórninni samkv. till. að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu 3 árin.

Enn fremur leggjum við til, að aukaframlagið eða hið sérstaka framlag til ræktunar á þeim jörðum, sem hafa minna en 25 ha. tún, verði ekki bundið við 50%, heldur samsvari því framlagi, sem nú er greitt vegna framræslu landsins, og verði 65%. Það mundi létta mjög undir fæti með þeim í bændastétt, sem örðugast eiga að leggja fram eigið stofnfé til framkvæmda.

Fyrr á þessu þingi hafa verið samþykkt lagaákvæði um sérstakt framlag til sjávarútvegsins til aukningar á framleiðni í þeim atvinnuvegi. Það er vissulega rétt, að stefnt sé að því að gera framleiðni atvinnuveganna sem mesta, og sjávarútvegurinn hefur út af fyrir sig ekki sérstöðu í því efni. Það er þjóðfélaginu öllu til hags, að svo verði í öllum höfuðatvinnugreinum. Við leggjum því til, að ríkissjóður greiði stofnlánadeild landbúnaðarins sérstakt framlag, 25 millj. kr. árlega næstu 5 ár, og fé þetta verði lánað bændum og búnaðarfélögum til framleiðniaukningar í landbúnaði, og skulu lánin vera til 30 ára með 2% vöxtum. Lánin skulu veitt að fengnum till. nýbýlastjórnar til vélvæðingar og tæknibúnaðar á sveitabýlum, svo sem til endurbóta á fóðurgeymslum og peningshúsum, súgþurrkunar, færibanda, mjaltavéla, dráttarvéla og jeppabíla og enn fremur til steypuhrærivéla, jarðtætara og annarra jarðyrkjuverkfæra, sem búnaðarfélög kaupa. Allt miðar þetta að því að létta störfin og auka afköst í atvinnuveginum, að tækni, sem hér er nefnd, sé tekin í þjónustu hans, og teljum við því réttmætt, að að því sé stuðlað með samþykkt þessarar till.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir brtt. þeim, sem við í minni hl. berum fram við þetta frv. Eins og ég hef áður tekið fram, mundi sú lagasetning, sem hér er fjallað um, verða mun víðtækari og áhrifameiri til hagsbóta fyrir bændastéttina, ef till. okkar ná samþykki. En ég vil að lokum endurtaka það, sem ég fyrr sagði, að frv. þetta stefnir vissulega í rétta átt, eins og það liggur fyrir af hálfu hæstv. ríkisstj., og þess vegna munum við, sem minni hl. skipum, styðja að framgangi frv., þótt svo fari, að brtt. okkar nái ekki samþykki.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú í rauninni ekki ástæða til þess að segja mikið í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Austf., sem hann var að ljúka við að flytja hér, og ég geri ráð fyrir, að mér nægi þær fáu mínútur, sem eru eftir af fundartímanum, til þess að gera nokkra grein fyrir þessu máli fram yfir það, sem áður hefur verið gert, og út frá því, sem hv. þm. var hér að segja, í sambandi við hugleiðingar, sem óhjákvæmilega koma fram í hugann, þegar hv. þm. fer að rifja upp stjórnmálasöguna allt frá 1927, eins og hann leitaðist við að gera hér áðan, í stórum drættum að vísu.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða um ríkisstj. Framsfl. 1927—1931, mér finnst, að það komi ákaflega lítið þessu máli við. Ég veit, að þeir menn, sem þá voru í ríkisstj. fyrir Framsfl., Tryggvi heitinn Þórhallsson og Jónas Jónsson, voru velviljaðir landbúnaðinum, vildu ýmislegt fyrir hann gera, og hefur verið sagt, að a. m. k. Jónas Jónsson, sem enn er lifandi og skrifandi, hafi ekki átt samstöðu með Framsfl., vegna þess að hann hafi viljað styðja landbúnaðinn betur en Framsfl. treysti sér til. Þess vegna fékk hann ekki inni í blöðum flokksins og varð viðskila við hann. Svo spyrja menn í því sambandi: Hvernig stendur á því, að Tryggvi heitinn Þórhallsson, sem vissulega vildi vinna fyrir bændur, sá sér ekki fært að vera í Framsfl. og stofnaði nýjan flokk, sem hann kallaði Bændaflokk, vegna þess að Framsfl. á þessum tíma var latur í taumi og vildi lítið fyrir bændurna gera? Og það var ekki með vilja Tryggva heitins Þórhallssonar og þessara manna, að þannig var búið að bændunum, að þeir þurftu að loknu þessu fjögurra ára tímabili Framsfl. að fara í kreppulánasjóð fjöldamargir. En þetta er liðin saga og þetta er önnur tíð og kemur ekki þessu máli við. En það er dálítið óheppilegt hjá hv. þm. að vera að rifja þetta upp, vegna þess að það styrkir vissulega ekki þann málstað, sem hann vildi vera talsmaður fyrir.

Hv. þm. talar um afurðasölulögin frá 1934, sem komu upp úr öngþveitinu, þegar bændur fóru í kreppulánasjóðinn. Það var ekkert undarlegt, þótt mönnum fyndist eitthvað þurfa að gera, eftir að dilkarnir fóru niður í 7 kr., til þess að bæta úr afurðasölumálunum. Og sannleikurinn er sá, að sjálfstæðismenn höfðu lítið út af fyrir sig út á afurðasölulöggjöfina að setja, heldur framkvæmd hennar, sem í byrjun þótti á ýmsan hátt ekki fara fram með eðlilegum hætti. En ég skal viðurkenna það, að ég var ekki þá farinn að taka þátt í stjórnmálum og ekki kunnugur því, sem þar gerðist,

innan frá og vil því ekki ræða það mál sérstaklega hér, nema þá kynna mér betur þá sögu, og það kemur ekki heldur þessu máli við frekar en stjórnartími Framsfl. frá 1927—1931. En eitt vil ég þó minna hv. 4. þm. Austf. á, og það er það, að afurðasölulöggjöfin frá 1934 tryggði ekki betur en svo afurðaverðið til bænda, að þegar sjálfstæðismenn fengu tækifæri, þá notuðu þeir það til þess að hækka kjötið um 100% frá því, sem framsóknarmenn höfðu talið nægilegt að bændur fengju fyrir það. Og þess vegna er það, að bændur hafa oft spurt að því, hvað hefði skeð, ef sjálfstæðismenn hefðu ekki fengið þetta tækifæri til að skera sultarólina af bændastéttinni, til að bjarga bændum, til að koma í veg fyrir það, að þeir færu í hópum í Bretavinnu, eins og það var kallað. Það held ég, að flestum sé ljóst, að hefði skeð, ef sjálfstæðismenn hefðu ekki fengið þarna tækifæri 1942. Og upp úr því kom svo það, að lög um 6 manna nefnd voru sett 1943 og bændum með því tryggt eða átti að tryggja þeim, að þeir skyldu eftirleiðis fá ekki lakari tekjur en vinnandi menn við sjóinn. Það var byrjunin á þeirri afurðasölulöggjöf, sem sett var 1947 og við höfum búið að mestu leyti við síðan, og það var ákaflega mikilvægt atriði að fá það viðurkennt 1943, að bændur skyldu ekki búa við lakari kjör en aðrar vinnandi stéttir. Það fékkst, eftir að verðlagið hafði verið leiðrétt 1942, enda trúðu því margir, að þá hefði verið of langt gengið í verðhækkuninni, en það reyndist síðar, að það var ekki.

Utanþingsstjórnin sat frá 1942—1944, og þá gerðist lítið markvert. Þeir, sem þá voru í ríkisstj., reyndu að halda í horfinu og gerðu skyldu sína að því leyti, og sú ríkisstj. verður ekki gerð að umtalsefni.

1944—1947 var svokölluð nýsköpunarstjórn, og hún reyndist á margan hátt vel. Og enda þótt ýmsir teldu ekki heppilegt og eðlilegt að hafa kommúnista þar með, þá verður því ekki á móti mælt, að nýsköpunarstjórnin lagði grundvöll að ýmsu því, sem við búum að í dag. Hún kom í veg fyrir það, að það fjármagn, sem þjóðin átti, færi í eyðslu, en væri notað til að kaupa atvinnutæki, svo sem nýsköpunartogarana. Og eins og hv. þm. sagði hér áðan, var lagður grundvöllur að því, að til landsins væru fluttar stórvirkar landbúnaðarvélar, með hinni merku löggjöf um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Og önnur merk löggjöf var sett á þessu tímabili. Það voru raforkulögin, sem við búum enn í dag við, og rafvæðingin hefur farið fram í landinu samkv. þessum lögum, og þetta gerðist á þeim árum, þessi merku lög voru sett á þeim árum, sem framsóknarmenn voru ekki í ríkisstj.

Svo var það 1947, eins og þm. sagði hér áðan, að framleiðsluráðslögin eru sett, en þau tryggðu bændum ekki fullt verð, vegna þess að það vantaði, eins og oft hefur verið sagt, botninn í þessa löggjöf, þannig að ef framleiðslan var meiri en svo, að hún nýttist öll í landinu, þá varð að selja úr landi hluta framleiðslunnar fyrir mun lægra verð en fékkst innanlands. Og þótt ákvæði væru í l., sem heimiluðu að hækka verð á innlendum markaði til að vinna upp tapið erlendis, þá tókst það aldrei, og þeir, sem fóru með þessi mál, voru sammála um, að þetta ákvæði væri til lítils gagns, það væri ekki mögulegt að hækka vöruna á innlendum markaði í því skyni að vinna upp tap á útfluttum vörum. Þess vegna var það, að mörg árin urðu bændurnir að búa við það að fá ekki grundvallarverðið, sem oft og tíðum var of lítið, vegna þess að grundvöllurinn var ekki réttur. En það er annað mál og ekkert um það að sakast. Verðlagsgrundvöllurinn hefur oft verið skakkur, en hefur þó verið leiðréttur mikið núna 2—3 síðustu árin, og því neitar enginn. En það, sem er mest um vert, er það, að framleiðsluráðslögunum var breytt í árslok 1939 og botninn settur í þessa löggjöf með því, að ríkissjóður tók ábyrgð á útflutningsverðinu, og eru miklar upphæðir, sem ríkissjóður hefur greitt og mun greiða einmitt vegna þessa ákvæðis, og þetta fékkst ekki inn í löggjöfina fyrr en núv. ríkisstj. var mynduð.

Hv. 4. þm. Austf. gleymdi að minna á þetta áðan, þegar hann var að lesa upp afrekaskrá núv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum. En þessu atriði verður ekki gleymt, að það verða 130 millj. sennilega á þessu ári, sem verða greiddar í þessu skyni, og bændur munu eiga eftir að reikna það út, hve marga aura mundi vanta á hvern mjólkurlítra, hvað margar krónur á hvert kjötkg, til þess að þeir fengju grundvallarverðið, ef þetta lagaákvæði væri ekki í gildi. Það er alveg öruggt. Og annað ákvæði í framleiðsluráðslögunum er líka mikilsvert, og það er það, að nú má breyta verði landbúnaðarvara ársfjórðungslega, ef kostnaður vex við framleiðsluna, í stað þess að áður var þetta hægt aðeins einu sinni á ári, eða 1. sept. ár hvert, í byrjun hvers verðlagsárs. Og það eru vitanlega margir bændur, sem spyrja: Hvernig stendur á því, að framsóknarmenn, þegar þeir voru í ríkisstj., gerðu ekki þessar nauðsynlegu breytingar á löggjöfinni? Og þar hafa bændur fengið svar, þeir fengu það á búnaðarþingi 1958. Þegar bændur á búnaðarþingi ræddu þessi mál mjög mikið og það tjón, sem landbúnaðurinn biði af því að flytja út afurðir fyrir mun lægra verð og taka á sig hallann á því, þá var rætt um það þar, hvort það væri ekki mögulegt að breyta l. og ríkissjóður tæki á sig þennan halla, og bændur á búnaðarþingi gerðu vitanlega tilraun til þess, en ráðh. Framsfl. sögðu, að það væru ekki peningar til í ríkissjóðnum. Það þýddi ekki að vera að bera fram óskir um slíkt, því að það væri ekki unnt að verða við þeim.

Ég efast ekkert um, að margir framsóknarþm. hefðu viljað gera þetta, og þess vegna er það rétt, sem oft hefur verið sagt, að það er önnur stefna hjá þessum hv. þm., þegar þeir eru í ríkisstj. en þegar þeir eru utan stjórnar.

Mér finnst, að hv. 4. þm. Austf. hefði í fullri hreinskilni átt að játa það og viðurkenna hér áðan, að þetta gat ekki gerzt, á meðan framsóknarmenn voru í ríkisstj., en tókst, eftir að núv. ríkisstj. var mynduð.

Það er ekki vel gert af hv. þm. að vera að lesa hér upp afrekaskrá hv. vinstri stjórnar í landbúnaðarmálum, því að það minnir á, hvað það var, sem sú ríkisstj. gerði í landbúnaði. Það minnir á það, að þegar rætt var um aukastyrk til jarðræktar, var ekki talað um að miða við túnstærð, sem var yfir 10 ha., og þegar rætt var um þessi mál hér í hv. Alþingi, talaði þáv. landbrh. um, að það væri alveg þýðingarlaust að vera að koma með óskalista til stuðnings við landbúnaðinn, það yrði að vera raunhæft, sem menn töluðu um, það yrði að miða kröfurnar við gjaldþol ríkissjóðs o. s. frv. Og þá fór lítið fyrir frv. og kröfum á hendur ríkissjóði hjá hv. framsóknarmönnum. En þeir minna á það nú, að þeir hafi flutt mörg frv. á þessu þingi og fyrri þingum, síðan núv. stjórn var mynduð, um fjárframlög til landbúnaðar, og þær brtt., sem eru fluttar við þetta frv., sýna vissulega, að hv. framsóknarmenn búast við, að það sé meira fé í ríkissjóði nú en var 1957, þegar rætt var hér um breytingar á lögum um stuðning við þau býli, sem höfðu minnst tún.

Hv. 4. þm. Austf. talaði um, að þetta hefði verið ákaflega merkilegt nýmæli, að hækka styrkinn á jörðum, sem höfðu tún upp að 10 ha., en það var náttúrlega ekkert nýmæli, því að áður hafði verið í lögum ákvæði um að veita aukastyrk til þeirra jarða, sem höfðu túnið undir 5 ha., þannig að hér var ekki um neitt nýmæli að ræða. En nú er flutt frv. um það, að aukastyrkur skuli veittur til þeirra jarða, sem hafa tún undir 25 ha., þ. e. til 3800 jarða í landinu af eitthvað rúmlega 5000 jörðum, og það er náttúrlega miklu stærra spor en stigið var 1957 og hefur miklu meiri þýðingu fyrir landbúnaðinn almennt en 10 ha. markið 1957. Og það skulum við vera sammála um og ræða um alveg í hreinskilni, og þær fréttir hef ég frá bændunum sjálfum, að þeim finnst, að hér hafi verið stigið myndarlegt skref. Ég er sannfærður um, að þó að frv. hefði verið í öðru formi og gengið eitthvað lengra, þá hefði hv. 4 þm. Austf. komið hér upp í ræðustólinn og talað fyrir kröfum, sem gengu lengra en það frv., vegna þess að hv. þm. og hans flokksbræður hér á Alþ. hafa óneitanlega haft það til siðs, síðan þeir komust í stjórnarandstöðu, að flytja brtt. við flest mál, sem ganga lengra en till. stjórnarinnar. Þetta er sannleikurinn í málinu. Og þegar við ræðum um þetta frv. um breytingar á stofnlánadeildinni, getum við haft í huga frv., sem rætt var hér á síðasta fundi og atkvgr. var um í dag, og þá kemur í ljós, að viðbótargreiðslur úr ríkissjóði til ræktunar og annarra framkvæmda, sem styrks njóta samkv. jarðræktarlögunum, munu nema um eða yfir 20 millj. kr. á ári.

Búnaðarþing samdi frv. um heildarendurskoðun á jarðræktarl., og það frv. var á margan hátt ágætt, og ekki ætla ég að neita því, að það sé þörf á heildarendurskoðun jarðræktarlaganna. En í því frv. var gert ráð fyrir að hækka árlegt framlag ríkissjóðs um ca. 15 millj. kr. Það frv. hefur ekki enn séð dagsins ljós í heild, heldur nokkur atriði úr því ásamt þessu frv. En bæði þessi frv. gera ráð fyrir 20 millj. kr. útgjöldum árlega. M. ö. o.: búnaðarþing biður um 15 millj. kr. fjárveitingu til viðbótar árlega, en fær 20 millj. eða meira. Ég get nú ekki skilið annað en það hefði einhvern tíma þótt afgreiðsla í lagi af hendi ríkisstj., þegar búnaðarþing biður um 15 millj. og fær 20, það væri álitið vel gert af ríkisstj. Og sannleikurinn er sá, að bændastéttin í heild telur, að hér hafi verið myndarlega á tekið, þótt ýmsir þm. Framsfl. og þeir, sem skrifa í blöð þess flokks, vilji halda því fram, að þetta sé tiltölulega lítið og lengra hefði þurft að ganga.

Það, sem ég vil segja, er það, að hér hefur verið stigið myndarlegt skref og stærra en venjulega til styrktar ræktun og framkvæmdum í sveitum, og þetta frv. miðar að því að bæta helzt fyrir þeim, sem mesta hafa þörfina. Ég gæti svo tekið undir það og sagt, að það væri æskilegt að gera meira. Ég tel, að þetta 25 ha. mark sé ekkert lokamark, og ég tel, að það sé æskilegt að endurskoða jarðræktarlögin í heild, taka þau til nákvæmrar endurskoðunar og athuga, hvað hægt er að gera frekar í þessum málum. En það er barnaskapur að láta sér detta í hug, að það verði stigið í einu og á sama þingi stærra skref en hér hefur verið gert. Og þegar hv. 4. þm. Austf. minnir á árið 1957 og afrekaskrá vinstri stjórnarinnar í landbúnaðarmálum, ætti honum og öðrum, sem hlustuðu á hans ræðu, að vera ljóst, að það er vonum meira, að gert sé á einu ári það, sem hér er lagt til með þessum tveimur frv.

Hv. þm. spurði um það af miklu sakleysi og þó varla af því að hann hafi ekki vitað: Hvað er það, sem núv. ríkisstj. hefur gert fyrir landbúnaðinn? Og hér í nál. á þskj. 409 segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Síðan núv. stjórnarflokkar komust til valda fyrir rúmum 5 árum, hefur verið fátt um nýmæli í löggjöf til stuðnings landbúnaði.“

Ég ætla nú ekki að endurtaka það, sem ég sagði áðan um breytingu á framleiðsluráðslögunum. Þó að það hefði ekki verið nema það eitt, þá hefði það jafnazt á við það, sem hv. þm. las upp hér áðan úr afrekaskrá margra ríkisstj., sem framsóknarmenn höfðu landbúnaðarmálin í. En það er ýmislegt fleira, sem núv. ríkisstj. hefur gert til stuðnings landbúnaði, og þessi hv. þm. veit um þetta allt saman, þykist ekki vita, þykist vera sljórri en hann er. Þessi hv. þm. er ekkert sljór. Hann fylgist með þingmálum og veit vel, hvað fram fer, og þess vegna er alveg óþarfi fyrir hann að vera að leika hér einhvern mann, sem veit ekki, hvað hefur gerzt hér á hv. Alþingi eða í okkar stjórnmálasögu undanfarin ár. Hv. 4. þm. Austf.

veit vel um það, fylgist vel með því. Hv. þm. veit líka, hvað þetta frv. gildir, sem við erum að ræða um, og hann man það, að á síðasta þingi var 10 ha. hámarkið fært upp í 15 ha. og nú upp í 25 ha. Hv. þm. veit, að þetta spor er eins þýðingarmikið eða jafnvel þýðingarmeira en þegar jarðræktarlögin voru fyrst sett og mun veita jafnvel meiri árangur en þá. Og hér í vetur voru forstöðumenn ræktunarsambandanna samankomnir á fund í Reykjavík, eftir að þetta frv. var fram komið, og létu það álit sitt í ljós, að ræktunin mundi stóraukast, eftir að þetta væri lögfest, og það er ekki nokkur minnsti vafi, að hún gerir það. Það er ekki nokkur minnsti vafi, að þeir, sem nú hafa 10 ha. tún eða 15 ha. tún, munu keppast við að koma markinu upp í 25 ha. Þeir fá 5500 kr. ræktunarstyrk og auk þess framræslukostnaðinn. Þetta er sá styrkur, sem á að gera þeim mögulegt að koma túnunum upp í 25 ha., og það býli, sem hefur 25 ha. tún, það er orðið hægt að búa á þeirri jörð, það er hægt af hafa lífvænlegan bústofn á henni. En það er það minnsta, og vandræðin, sem nú steðja að í landbúnaðinum, eru smábúin og smábýlin. En það er ekki núv. ríkisstj., sem hefur skapað smábændurna. Þeir hafa alltaf verið til, og þeir hafa alltaf haft lélega afkomu, og það, sem gera þarf, til þess að þeir flosni ekki upp, er þessi stuðningur og e. t. v. meira. Það má vel vera, að það sé meira, en það verður að byrja á að styðja þá til aukinnar ræktunar.

Styrkur á íbúðarhús, það er gert ráð fyrir, að hann fari upp í 50 þús., var hækkaður í 40 þús. á s. l. ári, og auk þess er hann látinn gilda til allra íbúðarhúsa, en var áður aðeins til nýbýla.

Og þá verð ég nú að segja það, að hv. 4. þm. Austf. hefði átt að viðurkenna það, þegar hann vildi fara að lesa upp afrekaskrá núv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum, að búnaðarsjóðirnir hafa verið endurreistir. Gjaldþrotinu var forðað. Þeir eru aftur orðnir virkir og lána nú til landbúnaðarins miklu meira en áður. Þetta veit hv. þm. Hann veit það, að á s. l. ári var lánað úr stofnlánadeildinni 103 millj. kr., og ég veit, að hann man, hvað þetta var 1958. Það var meira en helmingi minna. Og hvers vegna var það? Það var af því, að það var ekki fé fyrir hendi. En ekki nóg með það, þegar upp er gert, þá vantar þessa sjóði um 32 millj. kr. til þess að eiga fyrir skuldum. Og það var vitanlega margt, sem olli því, og það væri þá helzt það, að þessir sjóðir voru látnir taka útlend lán og taka á sig skakkaföllin af gengisfalli, eins og við allir þekkjum, sem byrjaði 1958 með 55% yfirfærslugjaldinu og hélt áfram allt það ár út, þar til krónan gilti ekki meira í árslok 1958 en hún endanlega var skráð í ársbyrjun 1960, og þá sýnir það sig, að þessir sjóðir eiga ekki fyrir skuldum. En síðan hafa þessir sjóðir fengið innlent fé til ráðstöfunar og meira fé en áður. Og við þekkjum, hvernig þessi deild hefur verið byggð upp, og vitum það, að ef hún fær að þróast og starfa í friði, myndast stofnun, sem landbúnaðurinn mun njóta góðs af. Þetta mun verða sterk stofnun, sem verður stöðugt með hverju árinu færari um að veita auknu fjármagni til landbúnaðarins. Og ef landbúnaðurinn hefði átt stofnun með þessari löggjöf síðustu 10—20 árin, væri ekki um neinn fjárskort að ræða í landbúnaðinum.

Þá eru hér lög um lausaskuldir bænda. Lausaskuldir bænda söfnuðust sérstaklega 1957 og 1958, vegna þess að verðlag hafði hækkað á byggingarefni, en stofnlánin ekki aukizt, og þeir, sem fóru í framkvæmdir þessi ár, þurftu að taka víxla og borga vitanlega víxilvexti. En til þess að losa bændur við það var lausaskuldunum breytt í 20 ára lán með 7% vöxtum á skuldabréfunum, en í reynd eru það 7½%, sem bændur verða að borga. En það hefðu fleiri bændur vitanlega getað notfært sér þessa löggjöf en raun bar vitni. Þó voru það, að mig minnir, eitthvað um 1200 bændur, og mig minnir, að það hafi verið um 70 millj. kr. fjárhæð, sem þannig var breytt, og var það vitanlega mikið til hagnaðar fyrir bændastéttina.

Ég ætlaði ekki að tala lengur en fundartíminn entist, en hann er nú búinn og meira en það. Það er vitanlega freistandi að fara hér út í brtt. hv. minni hl. og leggja út af því eða bera þær saman við þær till., sem þessir hv. þm. höfðu fram að bera, þegar þeir studdu stjórn, o. s. frv., en hv. þm. hafa þskj. fyrir framan sig, og það þarf þess vegna ekki að vera að skýra frá því, hvað í því felst nánar, en ég vil aðeins að lokum endurtaka það, að þetta frv., sem gerir ráð fyrir stórauknu framlagi til ræktunar og byggingar í sveitum, er mjög mikils virði, og það þýðir ekki fyrir hv. framsóknarmenn að segja, að það sé í rauninni kannske lítilfjörlegt og gangi allt of skammt. Við skulum segja, að hér sé gert myndarlegt átak til hjálpar þeim, sem mesta þörfina hafa, um leið og við segjum, að með þessu er ekkert lokamark sett og sjálfsagt sé að hafa áfram opin augun fyrir því, hvað unnt er að gera frekar til aðstoðar við landbúnaðinn, því að vissulega er landbúnaðurinn sá atvinnuvegur, sem ber að efla og styðja af fremsta megni.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég ætlaði að segja hér fáein orð út af ræðu hæstv. landbrh., sem hann flutti á síðasta fundi d. Ég sakna þess, að hæstv. ráðh. er hér nú ekki viðstaddur. (**Forseti:** Hæstv. landbrh. hefur tilkynnt mér, að hann sé við umr. um mál, sem undir hans rn. heyra, í Nd., því miður getur hann ekki verið viðstaddur.)

Það hefur ekki verið ætlun mín í sambandi við þetta mál að fara að rekja stjórnmálasögu þjóðarinnar um marga áratugi, og ég mun ekki leiða þessar umr. út á þá braut, nema sérstakt tilefni gefist. En í framsöguræðu minni

fyrir minni hl. landbn. tók ég nokkur dæmi frá undanförnum árum, er sýndu það, hvernig fyrrv. ríkisstjórnir, ein eftir aðra, hafa beitt sér fyrir lögum vegna landbúnaðarins, sem orðið hafa landbúnaðinum í heild til stórfelldra hagsbóta. Þessi dæmi voru valin sem forsendur fyrir ákveðinni niðurstöðu, og þegar ég hafði rakið þetta, bar ég fram í ræðu minni þessa spurningu: Hvar eru hinir nýju lagabálkar til hagsbóta fyrir landbúnaðinn? Og niðurstaða mín var þessi: Ég man ekki eftir þeim.

Hæstv. ráðh. tók til máls, eftir að ég hafði flutt framsöguræðu mína, og hann gerði í ræðu sinni athugasemdir við forsendur mínar, nokkuð orðmargar aths., en efnislega veikar. Ég tel ástæðulaust að fara að rekja það, því að það snertir fremur afgreiðslu mála á liðnum tíma. Það er þó eitt atriði, sem mjög oft kemur fram hjá hæstv. landbrh., sem ég get ekki látið hjá líða að drepa á. Hæstv. landbrh. segir, að 1957 hafi Framsfl. ekki viljað ganga lengra en það að miða hið sérstaka ræktunarframlag við 10 ha. túnstærð, og hann segir, að í því sambandi hafi þáv. landbrh., Hermann Jónasson, talað um óskalista, sem ekki þýddi að bera fram, því að ef gengið væri lengra, væri það naumast raunhæft. Ég tel ástæðu til af þessu tilefni að rifja það upp, að þegar þetta lagaákvæði var sett 1957 og miðað við 10 ha. túnstærð, var jafnframt gerð áætlun um kostnaðinn, sem af þessu leiddi, til 4 ára, og fjárveitingar voru þá þegar ákveðnar í fjárl. í samræmi við þá áætlun og kom fyrsta fjárveitingin inn í fjárl. 1957. Þá var miðað við, að í þessu skyni yrðu sérstaklega veittar í fjárl. 5 millj. kr. árlega. Þá var miðað við, eins og raunar enn er og ávallt hefur verið, að framkvæmdirnar sjálfar yrðu á vegum bændanna, og útgjöldin hlutu því að fara í reyndinni eftir því, hve hraði framkvæmdanna yrði mikill hjá bændunum sjálfum.

Nú má segja, að það hafi verið erfitt að segja það fyrir 1957, hvort framkvæmdirnar yrðu svo hraðar, að sú fjárhagsáætlun, sem þá var gerð, stæðist ekki. En nú er óþarfi að deila um þetta, af því að reynslan liggur fyrir, og reynslan er sú, að framkvæmdirnar á vegum bændanna urðu ekki hraðari en það, að það fjármagn, sem til þessa var ætlað 1957, hefur nægt. — En í þessu sambandi verð ég að bera fram eina spurningu, og ég sakna þess, að hæstv. ráðh. er hér ekki til að svara henni. Ef það var að dómi hæstv. núv. landbrh. of skammt gengið með ákvæðinu um 10 ha. túnstærð, — ég fagna því, að hæstv. ráðh. er kominn, ég ætla að segja örfá orð út af stofnlánadeildarfrv., sem hér liggur fyrir. Ég var í því bili, þegar hæstv. ráðh. gekk hér inn í d., að ræða um lagaákvæðið um 10 ha. túnstærð, sem sett var 1957, og það kemur oft fram í ræðum hæstv. landbrh., að þá hafi Framsfl. ekki viljað ganga lengra og að Hermann Jónasson, þáv. ráðh., hafi í því sambandi talað um óskalista, ef lengra væri farið. Ég ætla að endurtaka örfá orð til að sleppa ekki samhenginu. Í því sambandi var 1957 gerð sérstök áætlun um fjárveitingar til að standa straum af þessu sérstaka framlagi til jarðræktar á þeim jörðum, sem höfðu minna en 10 ha. túnstærð. Það var miðað við 5 millj. kr. fjárveitingu árlega næstu árin í þessu skyni. En þá eins og nú var miðað við það, að framkvæmdirnar yrðu á vegum bændanna sjálfra. Það var vitanlega erfitt að segja það fyrir 1957, hvort framkvæmdirnar yrðu svo hraðar, að þær fjárveitingar, sem til þessa voru ætlaðar, reyndust of litlar. En nú er óþarfi að deila um þetta, því að það fé, sem til þessa var þá áætlað, nægði á því tímabili, sem hér er um að ræða.

Og þá kem ég að því, sem ég var að víkja að, þegar hæstv. ráðh. kom inn í d. Ef það er skoðun hæstv. landbrh., að of skammt hafi verið gengið með þessu lagaákvæði 1957, hvers vegna lét hann þá undir höfuð leggjast á fjórða ár, eftir að hann varð landbrh., að fá þessu ákvæði breytt til hækkunar? Þessu á hæstv. ráðh. eftir að gera grein fyrir, en hann varð, eins og kunnugt er, landbrh. haustið 1959, en það er fyrst í apríl 1963, að hann beitir sér fyrir því að færa þetta mark úr 10 ha. í 15, rúmum 3 árum síðar en hann varð ráðh. Niðurstaða mín í ræðu minni, sem ég flutti í gær, var sú, eins og ég áður greindi, að ég spurði: Hvar eru hinir nýju lagabálkar til stuðnings landbúnaðinum? Og niðurstaðan varð sú, að ég man ekki eftir þeim. Þegar á þetta er litið, ber að minnast þess, að þetta stjórnartímabil, sem núverandi stjórnarflokkar hafa starfað saman, er orðið langt. Það er í raun og veru komið á sjötta ár, síðan núverandi stjórnarflokkar tóku völdin. Hér gafst hæstv. ráðh. tækifæri til þess að rifja upp hin mörgu og merku nýmæli, sem ég kynni að hafa gleymt. Hæstv. ráðh. nefndi fjögur atriði, og ég ætla að fara um þau örfáum orðum.

Hið fyrsta var það, að framleiðsluráðslögunum hefði verið breytt þannig, að útflutningsuppbætur hefðu verið ákveðnar og bændum þar með tryggt grundvallarverð fyrir afurðir sínar. Ég geri alls ekki lítið úr þessu ákvæði um útflutningsuppbæturnar, vil á engan hátt gera lítið úr því. En á það hlýt ég að minna í þessu sambandi, að hæstaréttardómur hafði fallið um það, að framleiðsluráðið hefði lagalegan rétt til þess að verðleggja landbúnaðarvörurnar svo hátt innanlands, að hægt verði að taka af því verði verðjöfnunargjald til þess að standa straum af þeim halla, sem yrði á útflutningi. Hinn lagalegi grundvöllur var fyrir hendi, það hafði hæstaréttardómur staðfest. Hitt var svo annað mál, hvort það væri auðvelt að ná þessum rétti, og ég vil því segja, að því hafi kannske fremur valdið þjóðfélagslegar ástæður, þegar litið er á þjóðfélagið sem heild og tekið tillit til neytendanna, að útflutningsuppbæturnar voru ákveðnar, fremur en hagur bændanna einna út af fyrir sig.

Hið annað, sem hæstv. ráðh. nefndi, var það, að markið um túnstærðina hefði verið fært

úr 10 ha. í 15, og byggingarframlagið, óafturkræfa framlagið til íbúðarhúsa í sveitum, verið hækkað allt upp í 50 þús. kr. Þetta er rétt, en það var í sjálfu sér óþarft fyrir ráðh. að minnast á þetta, af því að ég hafði vikið að því og farið um þetta viðurkenningarorðum út af fyrir sig.

Hið þriðja, sem ráðh. nefndi, voru lögin um lausaskuldir bænda, sem sett höfðu verið á þessu stjórnartímabili. Ég viðurkenni, að það var gott mál út af fyrir sig, en það mál hefur þau áhrif að létta viðskipti nokkurs hluta, áreiðanlega mikils minni hluta bændastéttarinnar, en það lyftir ekki undir framkvæmdir í landbúnaðinum í heild. Málið er ekki þess eðlis. Og enn fremur má á það benda, að þegar það er skoðað með tilliti til annarra atvinnugreina, þá var þetta í raun og veru ekki sérmál landbúnaðarins. Sjávarútveginum hafði áður verið veitt hliðstæð fyrirgreiðsla, og ef miðað er við það heildarfjármagn í krónutölu, sem til hvors þessara atvinnuvega hefur runnið eftir þessari leið, þá er það fjármagn áreiðanlega miklu meira, sem sjávarútveginn snertir að þessu leyti. Og nú er stefnt að því, að mér virðist, á þessu þingi að veita iðnaðinum hliðstæða fyrirgreiðslu.

Hið fjórða, sem hæstv. ráðh. nefndi í afrekaskrá núv. stjórnar fyrir hönd landbúnaðarins, var það, að búnaðarsjóðirnir hefðu verið endurreistir. Það var auðheyrt, að þetta var blómvöndurinn, sem hæstv. ráðh. vildi halda á lofti. En satt að segja er þessi blómvöndur í augum bændastéttarinnar svo óálitlegur, svo hrjúfur og beiskur, að nú hefur það gerzt, sem fá eða engin fordæmi munu vera fyrir áður, að nú er hafin málsókn af hálfu bænda. Það er svo í raun og veru, það er vitanlega á vegum einstaklings, en er í raun og veru í umboði bændasamtakanna, þannig að bændasamtökunum líst ekki betur á þennan blómvönd ráðh. en þetta sýnir. Og nú spyr ég: Getur nokkur, sem á mál mitt hlýðir, bent á fordæmi úr þingsögunni svipað þessu, að út af einu helzta hagsmunamáli, sem hæstv. landbrh. telur sig hafa afrekað í þágu bændastéttarinnar, rísi málsókn fyrir dómstólum af hálfu þeirra, sem hlunnindanna eiga að njóta? Ég man ekki í svipinn eftir neinu fordæmi, og ég verð þakklátur fyrir, ef einhver benti mér á það.

Þá kem ég að allra síðustu að því, sem hæstv. ráðh. víkur mjög oft að. Þegar við, sem skipum að jafnaði minni hl. þn., framsóknarmenn, berum fram till. í landbúnaðarmálum, annaðhvort sjálfstæð frv. eða breytingar á þeim frv., sem stjórnin leggur fram, segir hæstv. ráðh., að hér sé um yfirboð að ræða, óraunhæf yfirboð. Og þetta er yfirleitt viðkvæðið, eiginlega hvers eðlis sem þær till. eru, sem við berum fram. Nú vil ég ekki fara langt út í þetta, en vil aðeins ljúka máli mínu með því að benda á, að á síðasta þingi lögðum við til, framsóknarmenn, að markið um túnstærðina, sem hér er 25 ha., það yrði fært upp í 20 ha. í stað 15. Og við lögðum til, að byggingarstyrkurinn yrði settur í 60 þús. kr. Það voru í fyrra óraunhæf yfirboð af hálfu Framsóknar. Nú 1964 á öndverðu ári urðum við báðir sammála um þetta, við framsóknarmenn og hæstv. landbrh., að hér sé alveg rétt að farið. En er það nú örugglega víst, að það hafi verið fráleitt að gera þetta fyrr? Vill ekki ráðh. íhuga það og gera sér grein fyrir því, hvort það muni raunverulega hafa verið mjög óraunhæft 1963 að færa markið um túnstærð á jörðum upp í 20 ha., fyrst við erum nú á öndverðu ári 1964 orðnir sammála um, að 25 ha. markmið sé við hæfi?

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þar sem lögin um stofnlánadeild landbúnaðarins eru til umræðu hér í deildinni nú, þykir mér rétt að varpa fram örfáum spurningum, þar sem við erum það vel settir hér í deildinni, að hv. 6. þm. Norðurl. e. fer með þau málefni að miklu leyti, sem stofnlánadeild landbúnaðarins fjallar um, þ. e. a. s. þær lánveitingar, sem deildin innir af hendi.

Þá er það í fyrsta lagi: Verður ekki mjög fljótlega farið að afgreiða þær lánsumsóknir, sem liggja fyrir, úr veðdeild Búnaðarbankans vegna jarðarkaupa, sem þegar hafa átt sér stað og munu eiga sér stað á þessu vori? Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hef umboð fyrir nokkra menn, sem standa í jarðarkaupum og hafa lagt fram lánsbeiðnir í veðdeildinni, ýmist fyrir eða eftir síðustu áramót, og ég veit um nokkra, sem munu senda lánsbeiðnir, áður en langt um líður. Því væri æskilegt að vita, hvort þessir aðilar geti ekki átt von á hliðstæðum lánum og deildin innti af hendi s. l. ár.

Þá er það í öðru lagi: Verður ekki farið að afgreiða þau stofnlán, sem bárust of seint fyrir s. l. áramót, til þess að þau yrðu þá afgreidd, og menn vænta sér að geta fengið nú, áður en langir tímar líða, þar sem þeir eru þegar búnir að inna framkvæmdir af hendi, sem þessi stofnlán munu verða veitt út á?

Og í þriðja lagi: Er ekki þess að vænta, að þeir aðilar, sem kaupa sér dráttarvélar á þessu ári, muni geta fengið stofnlán til þeirra kaupa, eins og verið hafa, nokkurn veginn jafnóðum og vélarnar koma til landsins?

Mér finnst þetta allt vera það aðkallandi mál fyrir bændur að vita nú, að ég vænti þess, að hv. 6. þm. Norðurl. e., sem er bankastjóri Búnaðarbankans, geti gefið nokkurn veginn óyggjandi svör í þessum efnum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. beindi sérstaklega til mín nokkrum fyrirspurnum, sem mér er vissulega mjög ljúft að svara.

Það var í fyrsta lagi fyrirspurn um það, hvort ekki mætti fljótlega vænta afgreiðslu á veðdeildarlánaumsóknum, sem borizt hefðu jafnvel fyrir síðustu áramót og nokkur dráttur hefur orðið á afgreiðslu á. Varðandi þetta mál vil ég láta koma fram það atriði til skýringar því, að dráttur hefur orðið á afgreiðslu þessara lánaumsókna, að svo sem hv. þdm. er vafalaust kunnugt, þá var sá háttur á hafður með

lausaskuldalán bænda, að veðdeild Búnaðarbankans veitti þessi lán. Þetta voru samtals 65 millj. kr., og fyrsta afborgun af lánum þessum féll í gjalddaga nú s. l. haust. Eigendur skuldabréfanna eiga aftur á móti kröfu á greiðslu 2. jan. Niðurstaðan varð sú, að allmargar millj. kr. voru ógreiddar af þessum árgjöldum bænda um áramót. Og veðdeild bankans varð því að leggja út þetta, sem á skorti, sem munu hafa verið um 3 millj. kr., því að vitanlega tjóaði ekki að neita eða fresta að greiða afborganir af veðdeildarbréfunum, þó að lántakendur hefðu ekki staðið í skilum. Þetta hefur valdið því, að veðdeildin hefur verið mjög fjárþrota, því að það fé, sem henni var séð fyrir á s. l. ári, hafði allt verið lánað út og ekkert að sjálfsögðu lagt til hliðar til þess að mæta áföllum sem þessum. Þetta er fyrst og fremst ástæðan til þess, að nokkur dráttur hefur nú um skeið orðið á veitingu veðdeildarlána. En ég vonast til, að það þurfi ekki að vera lengi sá dráttur. Og þá má geta þess hér, að það hefur verið gert ráð fyrir því, þó að ekki sé niðurstaða fengin í þeim málum enn þá, í sambandi við nauðsynlega fjáröflun til stofnsjóða Búnaðarbankans eða stofnlánadeildarinnar á þessu ári, að deildinni yrði veitt aðstaða til þess að geta, eins og á s. l. ári, veitt veðdeild bankans töluverða fyrirgreiðslu. En án þeirrar fyrirgreiðslu er raunverulega um sáralítið fé að ræða, sem veðdeildin hefur yfir að ráða. Og það má kannske geta þess í því sambandi, það er atriði, sem kemur til nánari athugunar nú við frv., sem liggur hér fyrir Alþingi um skyldusparnað, að veðdeildin hefur orðið fyrir allverulegum áföllum af því, að henni var á sínum tíma falið eða í rauninni má segja gert skylt að ávaxta skyldusparnaðarfé, sem til fellur í sveitum, og þetta fé hefur verið lánað út með venjulegum vaxtakjörum veðdeildarinnar, en hins vegar er hér orðið um stórkostlegan árlegan halla að ræða, sem veðdeildin verður að borga, og mundi sá halli einn út af fyrir sig nægja í æðimörg lán úr veðdeildinni, vegna þess að þess hefur ekki verið gætt, þegar þetta var ákveðið, að vísitölutrygging er á þessu fé og í raun og veru gersamlega útilokað að taka á móti fénu og endurlána það með þeim skilyrðum, sem hér hefur verið gert. Þetta atriði kemur að sjálfsögðu til athugunar, þegar um þetta mál verður rætt hér í þingi. En sem sagt, ég vonast til þess, að það þurfi ekki lengi að bíða eftir afgreiðslu þeirra lána eða lánsumsókna, sem þegar liggja fyrir, en það er auðvitað, eins og hv. fyrirspyrjandi veit mætavel, ekki nýtt mál, að lánsumsóknir úr veðdeild hafi orðið að bíða alllengi, og það því miður stundum árum saman, vegna þess að veðdeildin hefur alltaf verið fjárþrota. En ég tel, að það sé mikil nauðsyn, að svo verði ekki, og það verður áreiðanlega reynt, eftir því sem föng eru á, að leysa úr þeim vanda.

Varðandi annan lið fsp. hans, um afgreiðslu stofnlána, sem ekki voru afgreidd fyrir áramót, þá vil ég taka það fram, að stofnlánin voru afgreidd fyrir áramót með nákvæmlega sama hætti og verið hefur undanfarin ár, þannig að allar umsóknir, sem komnar voru inn fyrir 1. des., voru afgreiddar. Á árinu 1963 var það vel ástatt með fé, að það hafði verið rúmlega áætlað fyrir framkvæmdum, sem þá voru, og það var til nokkurt fé um áramót eftir, þannig að það var hægt að afgreiða þá þegar í jan. og febr. allar þær lánsumsóknir, sem höfðu borizt fyrir 1. des. Hins vegar hefur það jafnan verið svo undanfarin ár, að afgreiðsla lánsumsókna, sem borizt hafa í des. og eftir áramót, hefur dregizt nokkuð fram eftir ári eða verið framkvæmd eftir því, sem innborganir á lánum frá bændum hafa fallið til. Oftast nær hefur átt sér stað töluverð innborgun á slíkum árgjöldum í marz og apríl vegna rukkana, sem þá voru sendar út af hálfu bankans til þeirra, sem eftir eiga að greiða, og eru þá settir úrslitafrestir með greiðslu. En það skal játað, að það hefur verið erfitt um vik nú enn sem komið er að afgreiða umsóknir, sem eftir voru frá því í des., og ekki þá fremur þær, sem hafa komið eftir áramót, vegna þess, eins og hv. þdm. mun einnig vel vera kunnugt, að á s. l. ári urðu allt að því 50% meiri framkvæmdir en áður hefur verið, og ef hefði átt að fullnægja lánsumsóknum eða lánhæfum framkvæmdum algerlega, því sem komið var fyrir áramót, þá hefði það numið nálægt 120 millj. kr. Það voru lánaðar 103 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að árið áður voru lánaðar 70 millj., og var það, þá hæsta útlánaár, sem verið hafði. En það veit ég, að hv. fyrirspyrjandi mun fúslega fallast á, að þessi geysilega aukning útlána, þegar það er haft í huga, að í áætlun fyrir stofnlánadeildina í byrjun ársins hafi verið reiknað með, að útlán yrðu 80 millj., þá gefur það auga leið, að það hefur verið erfitt um vik, enda ekki hægt nema með ýmiss konar bráðabirgðaráðstöfunum og sérstakri aðstoð frá sparisjóðsdeildinni og bráðabirgðaaðstoð frá Seðlabanka að leysa þessar umsóknir, sem komnar voru fyrir 1. des., og lána þessar 103 millj. Þetta auðvitað veldur því, að það verður mjög erfitt um vik. Enda þótt ýmsir af hinum föstu tekjustofnum deildarinnar komi að sjálfsögðu smám saman inn og hafi byrjað strax eftir áramót, þá vil ég ekki lofa því, að þetta geti orðið alveg strax, að þetta leysist. En það er hins vegar fullur vilji bankastjórnarinnar, að þetta dragist ekki, og við gerum okkur fullkomlega ljósa nauðsyn þess, að þetta verði leyst sem skjótast. En þetta eru ástæður, sem ég hygg að hv. þm. muni viðurkenna að séu nokkur rök fyrir því, að erfiðlega hafi gengið að leysa þetta nú strax eftir áramótin.

Varðandi dráttarvélarnar get ég á þessu stigi aðeins sagt, að það er vissulega ætlunin að lána út á þær með sömu reglum og gert var í fyrra. Hvort verður hægt að gera það jafnóðum eins og þá, skal ég ekki heldur nákvæmlega um svara, vegna þess að við vitum ekki, hvað mikið verður hér um að ræða. Í fyrra

voru fluttar til landsins, að ég hygg, um 700 dráttarvélar. Að vísu var ekki tekið lán út á þær allar, en dráttarvélalánin ein námu hjá okkur um 13 millj. kr., og ég geri ráð fyrir eða a. m. k. get ég ekki lofað því, að það geti ekki orðið einhverjir erfiðleikar á því, ef um jafnmikinn innflutning verður að ræða nú, að þessi dráttarvélalán geti komið til núna alveg í þessum eða næsta mánuði. Það verður að sjálfsögðu reynt að leysa það, sem föng eru á, og það mun liggja fyrir núna alveg á næstunni, hvaða vandamál er hér um að ræða, vegna þess að við höfum gert ráð fyrir því. Og svo sem hv. þdm. vita, hefur verið auglýst eftir umsóknum um lán, þannig að við munum væntanlega um miðjan þennan mánuð vita, hvaða fyrirætlanir eru uppi hjá bændum varðandi kaup á dráttarvélum. Ef það verður ekki í jafnstórum stíl og í fyrra, auðveldar það auðvitað mjög að leysa þann vanda, og það er fullur skilningur á því, að hér er um vandamál að ræða, sem nauðsynlegt er að leysa sem fyrst, vegna þess að dráttarvélarnar þarf auðvitað að flytja inn að vorinu.

Ég vonast til, að hv. fyrirspyrjandi telji þetta eftir atvikum fullnægjandi svör.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir svörin við þeim spurningum, sem ég lagði hér fyrir hann. Ég sé það á þeirri skýrslu, sem hv. þm. hefur hér gefið, að eins og sakir standa kann að vera erfitt um vik fyrir þessar einstöku deildir Búnaðarbankans að inna sínar skyldur af hendi. En ég vil vænta þess, að hv. þm. ásamt þeim hæstv. ráðh., sem hér eru, þar sem er fjmrh. og landbrh., reyni að gera sitt bezta til þess að leysa þessi mál á þann veg, að bændur landsins geti nokkurn veginn fengið lán eftir hendinni til sinna framkvæmda.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að bændur hafa oft orðið að bíða eftir lánum. En ég hygg, að flestir bændur líti þannig á nú, þar sem þeir eru sérstaklega skattlagðir í því skyni að fá lán úr stofnlánadeild landbúnaðarins, að þá eigi þeir þó frekari kröfur á hendur deildinni en áður var.

Það eru dálítið leiðinlegar fréttir, finnst mér, ef það er staðreyndin, að bændur eigi mjög erfitt með að standa í skilum með sínar skuldbindingar við stofnlánadeildina. Þetta sýnir í fyrsta lagi það, að bændurnir hafa ekki fengið þau lán með hagkvæmum kjörum, sem þeir þurftu. Og í öðru lagi bendir það okkur á það, að við verðum að vera vel á verði um það að hafa stofnlánin hverju sinni það há, að ekki komi til stórfelldrar lausaskuldasöfnunar, eins og því miður ég er hræddur um að eigi sér stað nú, enda þótt lánveitingar í krónutölu hafi hækkað allmikið úr stofnlánadeild landbúnaðarins. Þá liggur ekkert fyrir um það, hvað háar lausaskuldir hafa myndazt hjá bændum vegna hinna sömu framkvæmda, og það er það, sem alltaf verður erfiðast viðfangs hjá hverjum og einum bónda, að velta áfram svo og svo miklum lausaskuldum ásamt stofnlánum, sem ekki eru með neitt sérstaklega hagfelldum kjörum miðað við það, sem bændastéttin jafnan hefur áður haft.

Ég þakka svo hv. þm. fyrir greinargóð svör, og ég veit, að hann gerir sitt bezta til að leysa þessi mál, og ég vænti, að hæstv. ríkisstj. styðji bankann til þeirra hluta.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður. Það var aðeins til þess að fyrirbyggja misskilning í sambandi við ummæli hv. 1. þm. Vesturl. hér síðast út af vanskilum bænda. Ég efast mjög um það, það hefur ekki verið athugað nákvæmlega, en mér sýnist allar líkur benda til þess, að það hafi út af fyrir sig ekkert verið meiri vanskil hjá bændum í haust en undanfarin ár. Það hefur verið mjög algengt og því miður of algengt, að það hefur dregizt að borga árgjöld, sem bændur hafa átt að borga að haustinu, fram yfir áramót. Það geta verið ýmsar orsakir fyrir því, bæði það, að bændur eigi í erfiðleikum sjálfir, auk þess það, að viðskiptafyrirtæki bænda taka oft að sér að greiða þessi lán og eru kannske misjafnlega undir það búin. En þó að ég segði hér áðan, að það hefðu verið allverulegar fjárhæðir, sem ekki hefðu verið greiddar af lausaskuldalánum bænda, þá er ég ekki viss um, að það séu neitt hærri fjárhæðir hlutfallslega en það, sem vangreitt hefur verið af öðrum árgjöldum. Sem sagt, þetta hefur verið svo alla tíð, að það hefur verið alltaf töluvert mikið eftir af árgjaldagreiðslum um áramót, og ég held, eftir því sem lánadeild bankans hefur tjáð mér nú nýlega, að þessi vanskil séu ekki meiri en verið hefur undanfarin ár.

Hitt er svo aftur annað mál, og því skulum við ekki gleyma, að miðað við það, að útlán vaxi um 70—100 millj. kr. kannske á 2 árum, þá hækka árgjöldin alltaf ár frá ári mjög verulega, a. m. k. krónulega, og það er jafnvel við því að búast, að þá hækki vanskilin, og því miður er því ekki að leyna, að það er hætt við því, að þau hækki líka að öðru leyti og þá ekki hvað sízt í sambandi við lausaskuldalánin, vegna þess að því er ekki að leyna, að allmargir, sem lausaskuldalán fengu þá, það var á yztu nöf, að það væri hægt að veita þeim lán, miðað við þeirra búsaðstöðu alla, og ástæðan fyrir lausaskuldum margra þessara manna var sú, að hér var um menn að ræða, sem alllengi höfðu barizt í bökkum jafnvel og höfðu af þeim ástæðum safnað lausaskuldum. Þó að þessi nýju lán jafnvel valdi því, að árgjöld komi eitthvað dræmar, þá hygg ég samt, að það megi teljast jafnvel ótrúlega gott miðað við þær greiðslur, sem verið hafa á árgjöldum yfirleitt, hvað mikið var greitt af árgjöldum af lausaskuldalánunum nú fyrir áramót.

Þetta vildi ég aðeins, herra forseti, láta koma fram, ekki til þess að gagnrýna það, sem hv. þm. sagði, heldur aðeins til þess, að þessi skýring lægi fyrir, að ummæli mín í ræðu minni hér áðan merkja það ekki, að það sé um hlut-

fallslega aukin vanskil að ræða hjá bændum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég gat ekki hlustað á nema lítinn hluta af ræðu hv. 4. þm. Austf. og ætla mér því ekki að gera hana að umtalsefni, hygg, að fátt nýtt hafi þar komið fram. En það var ein setning, sem ég skrifaði upp og ég tel ástæðu til að mótmæla alveg sérstaklega.

Hv. þm. fullyrti, að málsókn vegna gjaldsins til stofnlánadeildarinnar væri hafin í umboði bændasamtakanna. Þetta held ég að sé ekki rétt. Ef þetta væri í umboði bændasamtakanna, þá væri það stjórn Stéttarsambands bænda, sem hefði hafið málsóknina. Það er örugglega minni hl. búnaðarsambandanna, sem að þessu stendur, minni hluti þeirra að tölu og þau fámennustu. Ég veit ekki til, að nokkurt búnaðarsamband hér á Suður- eða Suðvesturlandi og ekki heldur á Norðvesturlandi hafi viljað taka þátt í þessari málsókn. Og þess vegna er það, að stór meiri hl. bændastéttarinnar er algerlega laus við það.

Ég tel ástæðu til að taka þetta sérstaklega fram, vegna þess að það er rétt, sem hv. 4. þm. Austf. sagði áðan, að þetta væri einsdæmi í þingsögunni, að mál væri höfðað af slíku tilefni sem þessu, og þetta mál mun áreiðanlega verða skráð í þingsögunni og til þess vitnað í framtíðinni, að nokkur hluti bændastéttarinnar hóf málsókn vegna þess, að ríkisvaldið vildi stuðla að því að skapa landbúnaðinum öfluga lánastofnun. Ég er sannfærður um, að eftir nokkur ár — og ég tala nú ekki um eftir tugi ára, þá verður til þessa vitnað með undrun af bændastétt Íslands, að á árinu 1963 var hafin málsókn á hendur Búnaðarbankanum og landbrh. vegna þessara laga.

Þetta vildi ég láta koma fram og mótmæla því, sem hv. 4. þm. Austf. sagði hér áðan, að þetta væri gert í umboði bændasamtakanna, og það mætti þá skilja það svo, að bændastéttin í heild stæði að þessu, en svo er ekki.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Ég skil það svo, herra forseti, að ég eigi eftir ræðutíma, en þetta verður örstutt athugasemd. Ég vil ekki fullyrða, hvort orð mín féllu þannig, að ég segði, að málsókn væri hafin í umboði bændasamtakanna eða bændasamtaka. En ég vil hafa það, er sannara reynist og rétt er, og vil fallast á, að greininum sé sleppt, en eftir stendur það, að það er í umboði bændasamtaka, þar sem nokkur búnaðarsambönd standa að því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Ed., 9. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 410,1 felld með 11:7 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 410,2 felld með 10:8 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 410,3 felld með 11:8 atkv.
6.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 410,4 felld með 11:8 atkv.
9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 410,5 felld með 11:8 atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 448).

---

20. Skemmtanaskattur.

Á 48. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta með viðauka skemmtanaskatt samkv. l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og l. um breyt. á þeim [156. mál] (stjfrv., A. 287).

Á 49. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er einfalt að efni. Það hefur tíðkazt um langt árabil, að skemmtanaskattur sé innheimtur með nokkru álagi, 200% álagi á kvikmyndasýningar og 20% álagi á aðgangseyri að öðrum skemmtunum. Kveðið hefur verið á um þetta álag á skemmtanaskattinn frá ári til árs. Í þessu frv. er lagt til, að hætt verði að ákveða frá ári til árs þetta álag, sem er í raun og veru orðið fastur hluti af skemmtanaskattinum og hefur verið það um langt bil, heldur það gert ótímabundið eins og skemmtanaskatturinn er sjálfur. Alþ. hefur það auðvitað hverju sinni í hendi sér að hækka skattinn eða lækka hann, eftir því sem mönnum sýnist, og breytir þetta fyrirkomulag engu um það meginefni málsins, hvort skemmtanaskatturinn skuli vera einhverju hærri eða lægri.

Ákvæði í skemmtanaskattslögunum um ráðstöfun á vissum hluta skemmtanaskattsins hafa einnig verið tímabundin, og þau ákvæði féllu raunar niður um síðustu áramót, og er hér einnig lagt til, að þau verði framvegis ótímabundin með sömu rökum, að Alþ. getur hvenær sem er sett um ráðstöfun skattsins ný ákvæði.

Hygg ég þó, að allir muni vera sammála um, að ekki komi til greina að lækka skemmtanaskatt frá því, sem verið hefur, eða draga úr því álagi, sem á hann hefur verið innheimt,

vegna þess að fjárþörf þeirra stofnana eða aðila, sem skemmtanaskattsins njóta, er ekki minni en hún hefur verið, heldur meiri, ef nokkuð er, en þeir aðilar eru félagsheimilasjóður, þjóðleikhús og sinfóníuhljómsveit.

Í þessu frv. felst sem sagt engin breyting á skattinum sjálfum, hæð hans, og ekki heldur nein breyting á því, hvernig honum skuli ráðstafað, heldur það eitt, að lagt er til, að horfið sé frá því að ákveða álögur skattsins og þar með raunverulega hæð skattsins frá ári til árs, og einnig, hvernig honum skuli ráðstafað. Allt þetta skal að efni til standa óbreytt. Það er einungis sú formhlið, sem er lagt til að breytist, að tímatakmark fyrir gildi ákvæðanna er lagt til að falli niður.

Ég vona, að þetta frv. valdi ekki ágreiningi hér í hv. d. eða á Alþ., og leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari 1. umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 287, n. 360).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að skemmtanaskattur skuli innheimtur með 200% álagi af kvikmyndasýningum og 20% af öðrum skattskyldum skemmtunum, en undanþegnar álaginu eru nánar tilgreindar samkomur, sem um ræðir í niðurlagi 1. gr. frv.

Á undanförnum árum hefur skemmtanaskattsviðaukinn verið framlengdur frá ári til árs. Þetta frv. felur ekki í sér neina breytingu varðandi skattinn sjálfan eða upphæð hans frá því, sem verið hefur, aðra en þá, að með samþykkt þess mundi álagið vera lögfest án tímamarks. Þeir aðilar, sem njóta góðs af skemmtanaskattinum, eru allir þessari tekjuöflun meira og minna háðir. Ég ætla, að um það sé ekki ágreiningur, og ég býst við, að það muni ekki heldur þykja fært að falla frá álaginu eða fella það niður, nema þá jafnframt komi annað í staðinn þeim aðilum til handa, sem álagsins njóta, í tekjum. Hins vegar er það ofur eðlilegt, að ákvæðin gildi án tímamarks eða þar til öðruvísi kann að verða ákveðið í stað þess að framlengja skemmtanaskattsviðaukann frá ári til árs. Með 2. gr. frv. er lagt til, að niður falli orðin: „árin 1957—1963, að báðum árum meðtöldum", þau orð falli niður úr bráðabirgðaákvæðum laga nr. 57 frá 1957 með breytingu, sem á þeim var gerð seinna, árið 1962, varðandi aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum.

Í þessu bráðabirgðaákvæði laganna frá 1957 ræðir um það, til hvaða aðila skuli renna tekjur þær af aðflutningsgjöldum af útvarpsviðtækjum og sjónvarpstækjum, sem frá greinir í bráðabirgðaákvæðinu. Um þetta ákvæði má að flestu segja það sama og ég áður sagði um skemmtanaskattsviðaukann. Það ákvæði hefur verið framlengt með tímatakmörkunum, en ég ætla, að það megi segja það sama og um skemmtanaskattsviðaukann um þetta ákvæði, að það er eðlilegt, að það gildi án sérstaks tímatakmarks, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið af hv. Alþ.

Menntmn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 70. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var þar samþykkt með shlj. atkv., eftir að hv. menntmn. þeirrar d. hafði mælt shlj. með samþykkt frv. Efni þess er mjög einfalt, það eitt að framlengja það álag, sem um langt skeið undanfarið hefur verið innheimt á skemmtanaskatt. Sú breyting ein felst í þessu frv. frá því, sem áður hefur átt sér stað, að undanfarið hefur sá siður skapazt að framlengja þetta álag til eins árs, frá ári til árs, en hér er gert ráð fyrir, að það sé ekki framlengt til eins árs, heldur um ótakmarkaðan tíma. Hið háa Alþingi hefur að sjálfsögðu eftir sem áður alveg í hendi sinni að breyta upphæð skemmtanaskattsins, hækka hann eða lækka, og hefur þetta auðvitað engin áhrif á það, en hitt hefur ríkisstj. og hennar embættismönnum þótt óeðlilegt, að flytja þing eftir þing frv. um framlengingu á gjöldum, sem áratugahefð er komin á að innheimta. Sem sagt, í frv. felst engin breyting á upphæð skemmtanaskattsins, heldur eingöngu ótímabundin framlenging á innheimtu skattsins, á sama hátt og hún hefur tíðkazt um mjög langt skeið undanfarið.

Ég vona, að þessi hv. d. geti orðið sammála um afgreiðslu þess frv. eins og hv. Ed., og leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 440).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 464).

21. Girðingalög.

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952 [96. mál] (stjfrv., A. 118).

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Á síðasta Alþingi var samþ. þál. um áskorun á ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á gildandi girðingalögum. Landbrn. skrifaði Búnaðarfélagi Íslands og óskaði till. frá því um meðferð málsins. Búnaðarfélagið gerði það að till. sinni, að skipuð yrði nefnd í málið, og nefndi af sinni hálfu Ásgeir L. Jónsson ráðunaut og Þorstein Sigurðsson, formann Búnaðarfélags Íslands, til þess að taka sæti í þessari nefnd. Óskað var eftir, að vegamálastjóri tilnefndi mann einnig í nefndina, og það var Snæbjörn Jónasson verkfræðingur, sem varð fyrir valinu. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum vegna tímaskorts, en þar sem nú er verið að setja ný vegalög, þótti nauðsynlegt að bera fram frv. það, sem hér er á dagskrá, um breyt. á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952, að svo miklu leyti sem girðingalögin snerta umferðina og vegina.

Samkv. 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að 12. gr. l. orðist svo:

„Um fjarlægð girðinga frá vegum, hlið á vegum og önnur girðingamál, sem vegina varða, skal fara eftir ákvæðum vegalaga og reglum, sem settar verða samkv. heimild í vegalögum."

En 12. gr. l. er þannig orðuð nú, með leyfi hæstv. forseta:

„Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær vegi en 1 m frá vegjaðri og ekki nær en 3 m frá miðjum vegi. Girðingar úr gaddavír séu hvergi nær en 4 m frá vegjaðri og 6 m frá miðjum vegi. Þar sem skurðir eru meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar á henni án sérstaks leyfis. Þegar girt er meðfram vegum á óræktuðu landi og skurður lítt fær eða ófær fénaði er á aðra hlið, má bilið frá veginum að girðingu á hina hlið vegarins eigi vera minna en 5 m."

Þessi grein í vegalögunum er talin vera algerlega úrelt og í fullkomnu ósamræmi við umferðina og vegina, eins og þeir eru nú orðnir, og er sérstaklega um það getið í grg., sem fylgir frv.

Samkv. 2. gr. frv. er lagt til, að 13., 14., 15. og 16. gr. l. falli niður og greinatala laganna breytist í samræmi við það.

Eins og ég vék að áðan, eru girðingalögin í heild í endurskoðun, en þetta frv. snertir aðeins vegalögin, eins og þeim er ætlað að verða, og gat ekki beðið eftir fullnaðarendurskoðun girðingalaganna að gera þá breytingu á lögunum, sem lagt er til í þessu frv.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 25 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 118, n. 250).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta var flutt samhliða frv. til nýrra vegalaga, sem afgreidd voru fyrir jól. Hins vegar þótti ekki ástæða til að hraða þessu frv. eins mikið og vegalögunum sjálfum, en engu að síður þarf það að fá afgreiðslu.

Frv. fjallar eingöngu um girðingar meðfram vegum. Í 12. gr. núverandi girðingalaga eru ákvæði um, hvaða fjarlægð skuli vera frá vegi til girðingar. Nú hefur Alþingi ákveðið í hinum nýju vegalögum, að fjarlægð girðingar frá vegi skuli tilgreind í reglugerð. Frv. þetta gerir ráð fyrir því að breyta 12. gr. í samræmi við þá breytingu, sem þegar hefur verið gerð á vegalögunum.

Þá er gert ráð fyrir, að niður falli 13.—16. gr. gildandi girðingalaga. Efni þessara greina hefur verið tekið upp í 77.—79. gr. vegalaganna. 13. gr. er að efni til í 76. gr. vegalaga og fjallar um það, að enginn megi gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra o. s. frv. 14. gr. er að efni til í 77. gr. vegalaga, en þar er talað um, að ef leyft sé að gera girðingu með hliði á vegi, skuli grind í hliðinu vera 4 m breið. Þarna er sú breyting gerð í vegalögunum, að talað er um, að hlið skuli vera þannig, að það haldist opið af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið, en í girðingal., sem þingið væntanlega breytir með þessu frv., er talað um, að hlið skuli vera þannig, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki.

15. gr. girðingal. er að efni til í 78. gr., og 16. gr. er að efni til í 79. gr.

Rétt er að benda hv. þm. á, að 9. gr. girðingalaganna helzt áfram óbreytt, en í henni eru ákvæði um greiðslu girðingarkostnaðar, ef vegur er lagður um tún eða ræktað land. Þar að auki eru í nýju vegalögunum almenn ákvæði um greiðslu bóta fyrir tjón, sem verður á löndum manna við vegagerð.

Frv. var flutt fyrir áramót og gert ráð fyrir, að það öðlist gildi sem lög 1. jan. 1964. Er það eina breytingin, sem samgmn. leggur til, að 3. gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Með þessari breytingu leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 250 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A 268)
Enginn tók til máls

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 53. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 268, n. 455).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir um breyt. á girðingalögunum, er raunverulega fylgifrv. með vegalagafrv., sem samþ. var hér fyrir jólin.

Girðingalögin í heild eru í endurskoðun hjá n., en sá hluti girðingalaganna, sem fjallar um girðingar meðfram vegum og yfir vegi, gat þó ekki beðið endurskoðunar, heldur er þetta sérstaka frv. flutt til samræmis við ákvæði vegalaganna, sem sett voru hér á Alþingi í vetur.

Samgmn. hefur athugað þetta frv. og mælir eindregið með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir, en þetta frv. hefur þegar verið samþ. í Nd. Þar var sú eina breyting gerð á því, að ákvæðinu um gildistíma var breytt, því að þegar frv. var upphaflega lagt fram, var gert ráð fyrir, að það gæti öðlazt gildi 1. jan. 1964, en var síðan breytt á þá leið, að lög þessi öðlast þegar gildi.

Ég endurtek, að samgmn. mælir einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 483).

---

22. Ferðamál.

Á 50. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um ferðamál [165. mál] (stjfrv., A. 301).

Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til laga um ferðamál var lagt fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Það var samið af nefnd, sem var skipuð 1962. Formaður þeirrar nefndar var Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og með honum í nefndinni Sigurður Bjarnason alþm. og Þorleifur Þórðarson forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins.

Síðan frv. var lagt fram síðast, hefur það verið endurskoðað af sömu mönnum og gerðar á því tvær breytingar. Önnur er sú að hækka tryggingarfé ferðaskrifstofu úr 200 þús. kr. í 350 þús., og þykir það eðlilegt og sjálfsagt til þess að tryggja þá, sem viðskipti hafa við ferðaskrifstofurnar og oft og tíðum borga fyrir fram, þegar farseðlar eru keyptir. Og önnur breyting er sú að fella niður eftirlit Ferðaskrifstofu ríkisins varðandi hvers konar fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn og eftirlit með öðrum ferðaskrifstofum, en það var í frv. eins og það var flutt í fyrra. Þetta þótti ekki ástæða til að fela Ferðaskrifstofu ríkisins, enda er þetta eftirlit falið gisti- og veitingastaðaeftirliti ríkisins samkvæmt l. nr. 53 1963.

Frv. þetta er í fimm köflum, eins og sjá má. I. kaflinn er um almennar ferðaskrifstofur, og er þar um veigamikla breytingu að ræða frá gildandi lögum, þar sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur áður haft einkarétt til þess að taka á móti og greiða fyrir ferðamönnum, en með þessu frv. er þessi einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins afnuminn og er þá skapaður breiðari grundvöllur til fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn

en áður var, skapað meira frjálsræði og svigrúm til þess að gera ferðamannastrauminn til landsins meiri en hann hefur áður verið, og er það tilgangur þessa frv., að svo megi verða. Ég sé ekki ástæðu til að vera að fara nánar út í þennan kafla, hv. þm. hafa frv. fyrir framan sig og sjá, hvað í honum felst.

II. kafli er um ferðamálaráð, og er þar um algert nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að skipa ferðamálaráð, 9 manna ráð. Og eins og tekið er fram samkv. 11. gr., er gert ráð fyrir, að Eimskipafélag Íslands tilnefni einn mann, Félag sérleyfishafa, Ferðafélag Íslands, Flugfélag Íslands, Loftleiðir h/f, Ferðaskrifstofa ríkisins, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, Samtök íslenzkra ferðaskrifstofa, og 9. maðurinn er gert ráð fyrir að verði skipaður af ráðh. án tilnefningar og sé hann jafnframt formaður. 12. gr. kveður á um verksvið ferðamálaráðs. Það á í fyrsta lagi að vera Alþ. og ríkisstjórn ráðgefandi um allt, sem að ferðamálum í landinu lýtur, og ráðið skal bera fram till. um þær framkvæmdir og umbætur, sem það telur nauðsynlegar hverju sinni. Í öðru lagi að gera áætlanir og till. um skipan gistihúsamála í landinu, svo sem um það, hvar einkum sé nauðsynlegt, að gistihúsakostur verði aukinn eða bættur, hver tegund gistihúsa skuli verða á hverjum stað og með hvaða hætti þeim verði komið upp. Og enn fremur að gera aðrar þær till., sem mættu verða til þess að örva heilbrigða samkeppni og örva ferðamannastraum til landsins og um landið, þannig að ferðamál megi hér eins og víða annars staðar verða atvinnugrein, sem þjóðarbúið gæti hagnazt af.

III. kafli er um Ferðaskrifstofu ríkisins, og er gert ráð fyrir, að Ferðaskrifstofa ríkisins starfi áfram og hún hafi að starfi það sama og hinar almennu ferðaskrifstofur og auk þess landkynningu, eins og hún hefur áður haft. Hlutverk hennar er það sama og áður að öðru leyti en því, að það eftirlit, sem hún hafði með að gera, eins og áður er á minnzt, er fellt niður og falið öðrum aðila, og Ferðaskrifstofa ríkisins hefur ekki lengur þann einkarétt, sem hún áður hafði. Meginverksvið hennar, auk þess að greiða fyrir ferðamönnum eins og hinar almennu skrifstofur, er landkynningin, eins og áður er sagt, og þarf það vitanlega að vera í enn ríkara mæli en áður hefur verið. En nú er gert ráð fyrir að veita fast fé á fjárlögum til þessarar starfsemi, og ætti því að skapast betri aðstaða en áður til þess að auka þessa landkynningu.

Þá er IV. kafli um ferðamálasjóð, og er það nýmæli. Er gert ráð fyrir að stofna ferðamálasjóð, en hlutverk hans er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig aðstöðu til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem bezta móttöku og aðbúnað, og það er gert ráð fyrir að greiða árlega úr ríkissjóði framlag til ferðamálasjóðs, eigi lægra en 1 millj. kr. á ári. Þá er ferðamálasjóði heimilt með samþykki ráðh. að taka lán allt að 20 millj. kr., og er fjmrh. heimilt að ábyrgjast slíkt lán fyrir hönd ríkissjóðs, og gert ráð fyrir, að þetta lán yrði notað til þess að koma upp veitinga- og gististöðum, þar sem þörfin er mest, því að það dugir vitanlega ekki að hugsa sér að auka ferðamannastrauminn til landsins nema þá um leið að skapa aðstöðu til að taka á móti fólkinu og veita því viðunandi aðbúð.

V. kafli er ýmis ákvæði, sem kveða á um, að ráðherra sé heimilt að ákveða að fenginni umsögn ferðamálaráðs, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru í eign ríkisins, enda sé það fé, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staða og til þess að bæta aðstöðu til mótttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma.

Í aths. um frv. eru nánar skilgreind ýmis atriði, sem í frv. felast, og tel ég ekki ástæðu til að vera að lesa það upp hér. En það segir sig sjálft, að um leið og einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins er afnuminn, má reikna með, að fleiri aðilar komi til að starfa en áður var að þessum málum. Og það eru vissulega nýmæli í þessu frv., að gert er ráð fyrir föstu framlagi á fjárlögum til landkynningar, sem er þá í samræmi við þá stefnu, sem með þessu frv. er upp tekin, að vinna að því, að ferðamannastraumurinn megi aukast til landsins.

Hér á landi eru starfandi, eins og kunnugt er, tvö flugfélög, sem hafa starfað af miklum dugnaði og komizt mjög vel af, miðað við allar aðstæður, en afkoma þeirra byggist ákaflega mikið á því, að ferðamannastraumurinn geti aukizt til landsins, að það sé ekki meginhlutinn Íslendingar, sem ferðast með flugvélum, heldur í auknum mæli erlendir ferðamenn. Það ber að viðurkenna það, að ferðamannastraumurinn hefur á undanförnum árum aukizt talsvert, en það er enginn vafi á því, að það má ýmislegt gera til þess að auka hann mun meira en enn er orðið. Það er enginn vafi á því, að ef það mætti takast, eins og að er stefnt, að auka ferðamannastrauminn og gera landið að ferðamannalandi, eins og það hefur öll skilyrði til, þá gætum við aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar verulega á þann hátt. Það er kunnugt, að gjaldeyristekjur ýmissa nágrannalanda okkar, bæði Dana og Norðmanna, eru mjög miklar af erlendum ferðamönnum. En til þess að við getum sýnt okkar ágæta land og fengið tekjur í auknum mæli af útlendum ferðamönnum, þarf að bæta aðstöðuna víðsvegar um landið með bættum húsakosti veitingahúsa og gistihúsa, og þetta frv. miðar að því, að það geti orðið með stofnun ferðamálasjóðs, einnar millj. kr. framlagi árlega á fjárlögum a. m. k., auk þeirrar lánsheimildar, sem áður er getið.

Gert er ráð fyrir, að í ferðamálaráði, sem á að starfa kauplaust, verði menn, sem eru kunnugir ferðamálum og gætu lagt gott til þessara mála, þannig að með því að lögfesta frv. í því formi, sem það nú er, ætti að skapast bætt að-

staða frá því, sem verið hefur, að sameina þekkingu og reynslu, sem þegar er fengin, til þess að auka ferðamannastrauminn.

Þegar þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi, kom fram, að forstöðumenn ferðaskrifstofa höfðu skiptar skoðanir á málinu. Nefndin, sem endurskoðaði frv., hafði samband við forstöðumenn ferðaskrifstofanna og óskaði eftir umsögn þeirra og hafa þeir, eftir að frv. hefur verið lítils háttar breytt, fallizt á það í aðalatriðum og telja, að það margt komi fram í frv. til bóta, að þeir telji sjálfsagt og nauðsynlegt, að það verði samþ., þótt sumir þeirra fái ekki það fram, sem þeir hefðu óskað, að leggja Ferðaskrifstofu ríkisins niður, en það er áhugamál ýmissa þeirra, sem veita ferðaskrifstofum forstöðu. Ég vil nú segja það, að eins og það er nauðsynlegt, að Ferðaskrifstofa ríkisins fái eðlilega keppinauta og samkeppni, þá gæti það einnig verið hollt, að hinar ýmsu og frjálsu ferðaskrifstofur fái samkeppni og aðhald frá því opinbera að þessu leyti, að Ferðaskrifstofa ríkisins verði látin halda áfram að starfa í því formi, sem hún nú er. Ég hef persónulega haft samband við forstöðumenn ferðaskrifstofanna um þetta frv., og eftir þau viðtöl get ég upplýst, að það er ekki lengur að vænta mótstöðu frá þeirra hendi gegn því, að frv. verði lögfest.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 428).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér óþarft að fara mörgum orðum um þetta frv. til l. um ferðamál, sem hér liggur fyrir, þar sem hv. dm. er þetta flestum vel kunnugt frá síðasta þingi, en í fyrra var þetta frv. lagt fram og afgreitt héðan úr d., en varð ekki útrætt í Nd. Þá má einnig vísa til framsöguræðu hæstv. samgmrh. við 1. umr. málsins hér í hv. d. En í stuttu máli sagt hefur okkur vantað löggjöf um ferðamál, og það er sá skortur, sem verið er að bæta úr með þessu frv.

Frv. var vísað til samgmn., og hún hefur athugað það. N. er sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur í nál. Það er smávægileg breyting við 5. gr., sem er fyrst og fremst til samræmis og leiðréttingar, að hækka þar hlutafjárupphæð úr 200 þús. í 350 þús. til samræmis við þá tryggingarfjárhæð, sem nefnd er fyrr í þessari gr.

Þetta frv., eins og ég sagði áður, var borið hér fram í fyrra. Það hefur þó verið gerð breyting á 17. gr. frv., miðað við ákvæði þess, eins og það var, þegar það kom fram í fyrra, en það var aðalbreytingin, sem samgmn. gerði þá á frv., og sú breyting hefur í öllum aðalatriðum verið tekin til greina í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Þá er rétt að geta þess, eins og reyndar kemur fram í áliti n., að tveir menn úr samgmn., þeir hv. 4. þm. Austf. og hv. 1. þm. Vesturl., hafa áskilið sér rétt til að flytja frekari brtt. við frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 428 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
13.—25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
26.—35. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
36.—40. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 443, 444).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var samþ. brtt. við 5. gr. frv., en sú till. var flutt af samgmn. d. Í nál. segir, að tveir nm., þ. e. Ásgeir Bjarnason og Páll Þorsteinsson, áskilja sér rétt til að flytja frekari brtt. við frv. Við höfum samkv. þessu borið fram á þskj. 444 brtt. við 29. gr. frv. og leggjum til, að greinin orðist svo:

„Umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði skulu sendar ferðamálaráði, sem gerir rökstuddar till. til samgmrh. um lánveitingar. Ráðh. veitir lán úr sjóðnum eftir till. ferðamálaráðs. Ef ferðamálaráð greinir á, sker ráðh. úr."

Við orðalag þessarar till. er höfð hliðsjón af lagaákvæðum um félagsheimilasjóð, en þau ákvæði hafa verið í gildi hátt á annan áratug og ekki valdið ágreiningi eða árekstrum, svo að mér sé kunnugt um.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Við meðferð þessa máls hér í samgmn. kom þessi hugmynd fram, sem flutt er till. um á þskj. 444. En þessi till. fékk ekki undirtektir hjá meiri hl. samgmn. Það má á það minna, að í fyrra, þegar þetta frv. var afgr. úr þessari hv. d., voru ákvæðin um ferðamálasjóð nákvæmlega þau sömu og eru í frv. nú, og þá varð enginn ágreiningur hér í d. um 29. gr. Í sjálfu sér mundi þetta fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í till., ekki breyta miklu, því að gera má að sjálfsögðu ráð fyrir því, að ráðh. muni að jafnaði fara eftir till. ferðamálaráðs, ef þær eru einróma gerðar. En á hitt ber að líta, að ferðamálaráð er fyrst og fremst ráðgefandi aðili í sambandi við ferðamálin og það er fyrst og fremst skipað fulltrúum ýmissa fyrirtækja

og samtaka, sem hafa hagsmuni af því, að ferðamannastraumur liggi til landsins. Og þegar á þetta er litið, hlutverk ferðamálaráðs annars vegar og hins vegar, hvernig það er saman sett, þá verður það að teljast eðlilegt, að ráðh. hafi úrslitaráðin um það, hvernig fer um lánveitingar úr ferðamálasjóði, enda er ferðamálasjóður fyrst og fremst byggður upp með fjárframlögum frá ríkinu og fyrir lánum, sem hann tekur, er veitt ríkisábyrgð.

ATKVGR.
Brtt. 444 felld með 11:5 atkv.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um ferðamál er komið frá Ed. og var samþykkt þar með einni lítilli breytingu, sem reyndar má telja leiðréttingu við 5. gr., þar sem kveðið er á um tryggingarfé, þegar veitt er leyfi til að reka ferðaskrifstofu. Frv. er flutt til þess að koma heildarskipulagi á ferðamál á Íslandi, og meginbreyting frá því, sem nú hefur gilt, að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur haft einkarétt til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum og greiða fyrir þeim, þegar þeir hafa komið inn í landið. Með þessu frv. er lagt til, að þessi einkaréttur verði afnuminn og aðrar ferðaskrifstofur, sem opnaðar hafa verið, hafi þann rétt, sem Ferðaskrifstofan hafði ein áður, með því, eins og tekið er fram í 5. gr., að leyfi til rekstrar má því aðeins veita, að umsækjandi setji tryggingu, ekki lægri en 350 þús. kr. Það er enginn vafi á því, að enda þótt Ferðaskrifstofa ríkisins hafi að mörgu leyti innt sín störf vel af hendi, þá verður með þessum hætti greitt til muna betur fyrir ferðamönnum en áður hefur verið, þegar fleiri kraftar koma til. Og þess gerist þörf, því að ferðamannastraumurinn hefur vaxið talsvert undanfarin ár, og má segja, að hann hafi margfaldazt á síðustu 10 árum. Við teljum þó, að ferðamannastraumur til landsins þurfi að vera meiri, því að með því getur þjóðin fengið auknar gjaldeyristekjur, og þarf ekki langt að horfa til þess að vita, að ýmsar þjóðir hafa eins miklar tekjur af ferðamönnum og ýmsum öðrum atvinnugreinum í landinu. Á s. l. ári munu hafa verið um 60 millj. kr. gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum, og vex það nokkuð frá ári til árs. Árið 1962 munu þessar tekjur hafa verið milli 50 og 60 millj. kr.

Það er enginn vafi á því, að Ísland hefur öll skilyrði til þess að verða ferðamannaland. Við höfum ýmislegt að bjóða, sem jafnvel aðrar þjóðir hafa ekki. Við teljum, að náttúrufegurð sé meiri hér en víðast hvar annars staðar, og við höfum jarðhitann, sem hefur vakið athygli útlendinga og talið er að gæti orðið til lækninga á ýmsan hátt. Sérfræðingar í heilbrigðismálum telja, að það megi nota jarðhitann til lækninga. Ég ætla nú ekki að fara út í það. En það er orðið ljóst, að útlendingar líta hýru auga á laxveiðiárnar og silungsveiðiárnar á Íslandi, og það er vitanlega ljóst, að það mun mörgum Íslendingi þykja þröngt fyrir dyrum, ef hann getur ekki komizt neins staðar að til veiða fyrir útlendingum. En þannig ætti það ekki að vera, þótt við Íslendingar fengjum gjaldeyristekjur af því að leigja útlendingum veiðiár, því að við höfum svo marga möguleika til þess að auka fiskiræktina í ám og vötnum, og það út af fyrir sig getur orðið stór atvinnugrein hjá okkur, ef við vinnum að því með festu og notum þá þekkingu og tækni, sem menn hafa nú orðið yfir að ráða í sambandi við fiskiræktina. Ég tel því, að enda þótt erlendir ferðamenn fengju hér rétt til veiða með því að borga vel fyrir það, þyrfti ekki að vísa Íslendingum frá. Og það er vitanlega tvennt í því. Það er náttúrlega sitthvað að leigja einum ákveðnum manni eða félagi erlendu á til margra ára eða láta borga hverju sinni ákveðið fyrir hverja stöng þann dag, sem í ána er farið, og ég teldi það vitanlega miklu heilbrigðara og eðlilegra, að leigan færi þannig fram, heldur en fiskivatnið sé leigt til margra ára í senn.

II. kafli þessa frv. fjallar um ferðamannaráð, og það er gert ráð fyrir, að samgmrh. skipi menn í ferðamannaráð til þriggja ára. Þetta ráð á að starfa án launa og verður skipað samkv. tilnefningu Eimskipafélags Íslands, Flugfélags Íslands, Loftleiða h/f, Ferðaskrifstofu ríkisins, Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Samtaka íslenzkra ferðaskrifstofa. Ráðh. skipar formann án tilnefningar. Hlutverk ferðamálaráðs á að vera það að koma eðlilegri og heppilegri skipan á ferðamálin og vera ríkisstj. til leiðbeiningar í þeim efnum. Ráðið skal vinna að því að bæta úr gistihúsaskortinum í landinu og greiða fyrir því, eftir því sem við verður komið, að unnt sé að taka á móti vaxandi ferðamannafjölda.

III. kafli er um Ferðaskrifstofu ríkisins. Hún starfar áfram. Þótt einkarétturinn til þess að veita erlendum ferðamönnum móttöku sé af henni tekinn, þá starfar hún áfram eins og aðrar ferðaskrifstofur, en hefur auk þess það verkefni með höndum að halda uppi landkynningu, sem aðallega er í því fólgin að gefa út og prenta bæklinga og upplýsingapésa, sem er útbýtt víðs vegar um lönd, eins og menn hafa orðið varir við. Og leiðbeiningar allar skal Ferðaskrifstofan annast ókeypis, enda er nokkurt fé lagt árlega til landkynningar.

IV. kafli frv. fjallar um ferðamálasjóð, og er þá gert ráð fyrir að stofna ferðamálasjóð. Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til ekki lægri upphæð en 1 millj. kr. Þá er og gert ráð fyrir því, að sjóðurinn geti tekið allt að 20 millj. kr. lán með ábyrgð ríkissjóðs. Hlutverk ferðamálasjóðs er að standa undir byggingarkostnaði og gera það mögulegt að bæta úr gistihúsaskortinum, eftir því sem ferðamálaráð leggur til.

Frv. þetta skýrir sig annars að öðru leyti sjálft, og er óþarfi að halda langa ræðu um það. En það er alveg ljóst mál, að það er ekki síður nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að hafa opin augu fyrir því um ferðamannastraum til landsins, ef unnt væri að auka hann, þá getur það út af fyrir sig verið einn þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og gjaldeyrisöflun. Og við getum að þessu leyti lært talsvert af okkar nágrönnum. Ég geri ráð fyrir því, að ef þetta frv. verður lögfest, þá megi telja það gott og farsælt spor í áttina til þess að koma eðlilegri og heilbrigðri skipan á þessi mál, sem af eðlilegum ástæðum hafa verið í molum að undanförnu. Það hefur vantað gistihús og aðstöðu til þess að taka á móti miklum ferðamannafjölda, en smám saman er bætt úr þessu. En eigi að síður er ljóst, að gistihús vantar, ekki aðeins hér í Reykjavík, aukið gistihúsapláss, heldur og kannske miklu fremur víðs vegar um landið. Með stofnun ferðamálasjóðs og ferðamálaráðs, sem hefur yfirsýn yfir þessi mál, ætti að verða greitt úr þessu að nokkru leyti, og reynslan ætti síðan að geta kennt okkur, á hvern hátt við gætum með heppilegu móti aukið við þá undirstöðu, sem lögð er með þessu frv. Og það er ekki aðeins það, að við getum fengið gjaldeyristekjur af ferðamönnum, eftir að þeir eru komnir inn í landið, með þeirri þjónustu, sem við veitum þeim, heldur hefur það ekki síður mikla þýðingu fyrir rekstur og starfsemi flugfélaganna okkar, að erlendir ferðamenn sæki okkur hingað heim, því að það er, eins og við vitum, ekki lítið atriði fyrir rekstur flugfélaganna, að ferðamannastraumurinn geti aukizt, og vöxtur þeirra er í rauninni undir því kominn, því að þótt Íslendingar ferðist tiltölulega mikið á milli landa, þá þarf ekki að gera ráð fyrir neinni aukningu á starfsemi flugfélaganna fyrir það eitt út af fyrir sig.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. þessu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 476).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Lengi hefur verið talað um það, að Ísland eigi að verða ferðamannaland og þjóðin geti haft miklar tekjur af móttöku ferðamanna. Nú er svo komið, að í raun og veru er þjónusta við ferðamenn orðin verulegur atvinnuvegur hér á landi, og þjóðin hefur nú þegar af þessu miklar tekjur. Nægir að benda á samgöngukerfið þessu til sönnunar, tekjur flugfélaga og þann fjölda manna, sem hefur atvinnu við bifreiðar, bifreiðaþjónustu, flugvélar og flugþjónustu, skip og siglingar hér á landi. Þess vegna er tími til kominn, að Alþingi gangi frá nýju frv. til laga um ferðamál, vegna þess að s. l. áratug eða svo hefur hver tilraunin á fætur annarri verið gerð til þess að skapa samkomulag um slíka löggjöf, þótt það hafi hingað til ekki tekizt.

Nú er hér á ferð frv. til l. um ferðamál, flutt af ríkisstjórninni, byggt á reynslu undanfarinna ára og umr. um þessi mál og að lokum undirbúið af sérstakri nefnd. Um þetta frv. hefur orðið samkomulag í Ed., og það er til okkar komið í Nd., án þess að teljandi deilur hafi orðið um nokkur atriði í því.

Frv. þetta er í fimm köflum. Í I. kafla eru almenn ákvæði um ferðaskrifstofur, allmiklu ýtarlegri og að ýmsu leyti strangari en hér hafa tíðkazt áður. Ferðaskrifstofur eru stofnanir, sem selja farmiða og aðra þjónustu og hafa með höndum allmikið fé fyrir aðra, sem síðan veita þessa þjónustu. Þess vegna þykir rétt hér eins og annars staðar að gera til þeirra allstrangar fjárhagslegar kröfur, og kemur það fram í þessum kafla. Hér hafa risið upp allmargar ferðaskrifstofur á undanförnum árum, en vonandi ætti þessi löggjöf að skapa þeim fastari grundvöll til starfa og stuðla að áframhaldandi traustum rekstri þeirra.

II. kaflinn fjallar um ferðamálaráð, og er hugmyndin um það um það bil áratugsgömul hér á Alþingi. Þetta á að vera ólaunað ráð, sem á fyrst og fremst að fjalla almennt um ferðamál, koma með hugmyndir og ráðleggingar, sem yfirvöld og aðrir geta farið eftir. Ætlunin er, að í þessu ráði verði fulltrúar frá helztu fyrirtækjum, stofnunum og samtökum, sem hafa með málefni ferðamanna að gera.

Í III. kafla er fjallað um Ferðaskrifstofu ríkisins. Hún hefur starfað um langt árabil og að mörgu leyti gefið ágæta raun. Hins vegar hafa verið miklar deilur síðustu ár um það ákvæði, að Ferðaskrifstofan hefur lögum samkvæmt einkarétt til að taka á móti erlendum ferðamönnum. Þetta ákvæði þótti eðlilegt, þegar Ferðaskrifstofan var stofnuð, og var gert í þeim hug að tryggja sem bezta þjónustu og sem ábyrgast starf á þessu sviði. Hins vegar hafa aðstæður breytzt verulega, og þykja nú margar aðrar ferðaskrifstofur og margir aðrir aðilar vel færir um að taka að sér slíka móttöku. Er því lagt til í þessu frv., að Ferðaskrifstofan hafi ekki áfram þennan einkarétt. Er það mála sannast, að Ferðaskrifstofan sjálf, sem bezt þekkir þessi mál, hefur ekki haldið fast í þetta atriði síðustu ár, og framkvæmdastjóri skrifstofunnar er einn þeirra þriggja manna, sem sömdu þetta frv. Hins vegar hefur ekki verið valinn sá kostur, sem stundum hefur verið stungið upp á, að afnema ríkisafskipti af ferðamálum. Þvert á móti er gert ráð fyrir, að Ferðaskrifstofa ríkisins starfi áfram, og henni fengin nokkur ný verkefni, auk þess sem búið er um fjárhagslega hnúta þannig, að hún geti gegnt hlutverki sínu við landkynningu í ríkari og betri mæli í framtíðinni en nokkru sinni hingað til.

Í IV. kafla eru ákvæði um ferðamálasjóð, sem ætlað er fyrst og fremst að styðja bygg-

ingu gisti- og veitingahúsa, þar sem þeirra er brýnust nauðsyn, til þess að móttaka ferðamanna geti verið sem snurðulausust um landið allt.

Loks eru svo ýmis frekari ákvæði, sem ekki er þörf á að rekja hér.

Samgmn. þessarar d. hefur fjallað um frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
13.—25. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
26.—35. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
36.—40. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 492).

23. Ríkisborgararéttur.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar** [15. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið samkv. þeim meginreglum, sem Alþingi hefur fylgt undanfarin ár um afgreiðslu ríkisborgararéttar, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Það geta verið einstök vafatilfelli, og mun a. m. k. eitt slíkt sent til hv. allshn. Það þótti eðlilegra, að hún fjallaði um það, frekar en í frv. sjálfu væri vikið frá þeim reglum, sem samkomulag hefur náðst um.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 353, 354).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar, og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem n. flytur á þskj. 354. Að þessu sinni hefur sami háttur verið á hafður við afgreiðslu frv. um veitingu ríkisborgararéttar og um margra ára skeið, þ. e. a. s. að 4 þm., 2 tilnefndir af allshn. hvorrar þd., hafa ásamt skrifstofustjóra Alþ. farið yfir frv. og þær umsóknir, sem því fylgdu, svo og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar hafa borizt. Þeir umsækjendur, sem greindir eru í töluliðum 1—17 í brtt. n., fullnægja að dómi hennar þeim skilyrðum, sem gilt hafa fyrir veitingu ríkisborgararéttar um margra ára skeið, svo og þeir umsækjendur, sem taldir eru í frv. sjálfu, en aðrir umsækjendur ekki. Eins og ég áður tók fram, leggur allshn. einróma til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem um getur á sérstöku þskj.

ATKVGR.
Brtt. 354 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 363, 379).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Síðan nál. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar var gefið út, hefur allshn. borizt ein umsókn um ríkisborgararétt, þar sem umsækjandinn fullnægir settum skilyrðum fyrir veitingu ríkisborgararéttar síðar á þessu ári. Flytur n. á þskj. 379 brtt. við frv., þar sem lagt er til, að þessi umsækjandi öðlist íslenzkan ríkisborgararétt síðar á þessu ári, þegar hann hefur dvalizt lögmæltan tíma hér á landi.

ATKVGR.
Brtt. 379 samþ. með 30 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 391).

Á 62. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 391, n. 469).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur, svo sem segir á þskj. 469, rætt þetta frv. á fundum sínum, og svo sem venja hefur verið með slík mál á undanförnum þing-

um, hefur sá háttur verið á hafður, að undirnefndir beggja allshn. í báðum d. þingsins, hafa unnið að undirbúningi málsins, og hafa n. fallizt á till. þessara undirnefnda, að því viðbættu, sem frá greinir á þskj. 469, að 4 nýjum nöfnum verði bætt inn á listann yfir þá nýja ríkisborgara, sem n. leggja til að verði samþykktar. Ég tel ekki þörf á að hafa frekari orð um þetta frv. N. er einróma, eins og þskj. ber með sér, þeirrar skoðunar að mæla með samþykkt frv. með þeirri breytingu, sem á þskj. getur.

ATKVGR.
Brtt. 469 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72., 73. og 74. fundi í Ed., 21., 24. og 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 482).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 85. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 86. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 529).

---

24. Lyfsölulög.

Á 34. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963 [111. mál] (stjfrv., A. 197).

Á 42. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ósköp lítið mál, sem hér er á ferðinni, eins og það ber með sér. Efni þess er aðeins að breyta fresti, sem settur var í lyfsölulögunum, þegar þau voru afgreidd á sínum tíma, að breyta honum nú úr 6 mán. og upp í 12 mán., — fresti, sem aðilar höfðu til að sækja um, að sérlyf verði tekin hér á skrá. Það var að áliti landlæknis nokkuð naumur frestur þegar í öndverðu, og eins og kemur fram í aths., hafði orðið nokkur dráttur á, að lyfjaskrárnefnd gæti hafið störf, og þótti því eðlilegt að framlengja þetta, sem þýðir, að fresturinn hefði runnið út að óbreyttu og rann þá út um síðustu áramót, en með þessari breytingu yrði hann framlengdur um 6 mán., eða í 12 mán. frá öndverðu.
Ég legg svo til, að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 226).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 frá 29. apríl 1963, felur í sér þá breytingu, að 66. gr. lyfsölulaganna verði breytt á þann veg, að í stað orðanna „innan 6 mánaða frá gildistöku laganna“ o. s. frv. komi: „innan 12 mánaða.“ Eins og segir í aths. við þetta frv., er það flutt að tilmælum landlæknis. Upphaflegi fresturinn, sem áætlaður er, var mjög naumur, vegna þess að mörg erlend lyfjafirmu verða að sækja um, að sérlyf þeirra verði tekin hér á lyfjaskrá, og telur landlæknir, vegna þess að það varð nokkur dráttur á því, að n. tæki til starfa, sem átti að ganga frá lyfjaskránni, að þá reynist fresturinn vera of skammur. Þess vegna er lagt til, að honum verði breytt í stað 6 mánaða í 12 mánuði.
N. hefur athugað frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ., og leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. og 45. fundi í Ed., 6. og 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Ed., 11. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er um mjög smátt mál hér að ræða. Það er í raun og veru um það eitt að lengja frest, sem ákveðinn var í lyfsölulögunum á sín-

um tíma, til þess að sækja um, að sérlyf verði tekin á lyfjaskrá, sem var ákveðinn sex mánuðir, en er lagt til í þessu frv., að verði 12 mánuðir.

Ég legg til, að þessu máli verði vísað til heilbr.- og félmn. til athugunar og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 555).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv., sem er eingöngu fólgið í því að breyta 1. mgr. 66. gr. lyfsölul. og lengja þar til greindan frest, en á því hefur verið talin nauðsyn, eins og komið hefur fram við umr. málsins og í aths. við frv. N. hefur talið rétt að mæla með þessu frv., sem er flutt eftir ósk landlæknis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 593).

---

25. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir síðasta Alþ., en kom svo seint fram, að ekki vannst tími til verulegrar athugunar þess, hvað þá fullnaðarmeðferðar. Síðan hefur málið verið til endurnýjaðrar athugunar hjá dómsmrn., og var sú ákvörðun tekin, að ekki þætti ástæða til að breyta frv., og er það því lagt fram aftur í sömu mynd og það var á síðasta þingi.

Þetta frv. hefur verið alllengi í smíðum. Má segja, að það sé ávöxtur af starfi tveggja athugana, fyrst, sem þáv. hæstv. heilbrmrh. stofnaði til 1959, og síðan til endurnýjaðrar athugunar, sem þeir framkvæmdu yfirlæknar á Kleppi, Tómas Helgason og Þórður Möller.

Svo sem segir í aths. frv., hvíla þær till. til breyt. á núv. skipun, sem gerðar eru í frv., á fjórum grundvallaratriðum. Í fyrsta lagi, að hin almennu fyrirbyggjandi ákvæði í kaflanum um meðferð ölvaðra manna haldast, en þó í nokkuð breyttu formi. Í öðru lagi, að tekin verði upp nákvæm skráning á ölvunartilfellum, sem lögreglan skiptir sér af, svo og skráning á drykkjusjúklingum. Í þriðja lagi, að um meðferð drykkjusjúkra manna gildi sem svipaðastar reglur og um meðferð annarra sjúklinga, eftir því sem við getur átt. Og í fjórða lagi, að séð verði fyrir auknu fé til, að komið verði upp þeirri þjónustu, sem lagt er til að höfð verði við þessa sjúklinga.

Löggjöf um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra var fyrst sett 1949, og eru í lögunum mjög ströng fyrirmæli um það, að ölvaða menn skuli taka til læknisskoðunar. En þessum fyrirmælum hefur ekki verið fylgt, og er þeim breytt nú á þann veg, að ætla megi, að þau verði framkvæmanlegri, og ekki séu teknir til læknismeðferðar aðrir en þeir, sem sérstök ástæða sé til, en jafnframt verði þó gerðar ráðstafanir til þess, að aðstandendum verði gert aðvart, einkanlega ef unglingar eru teknir ölvaðir, svo og að fullkomin skráning verði tekin upp, bæði á öllum þeim, sem lögreglan tekur ölvaða, svo og öllum þeim, sem leita til læknis af sjálfsdáðum. Þetta er talið nauðsynlegt af hálfu læknanna, þessi skráning, til þess að þeir og aðrir aðilar, er láta þessi mál sig varða, fái betra yfirlit um það, hversu mikið vandamál er hér við að etja. Að vísu má segja, að skráningarfyrirmælin séu ekki allsendis fullnægjandi, því að hugsanlegt er, að töluvert af drykkjusjúku fólki komi ekki til þeirrar meðferðar, sem gefi tilefni til skráningar. En þó er víst, að með þeim skráningarreglum, sem settar eru, verður mun betra en áður að fylgjast með mikilleik þess vandamáls, sem hér er við að etja.

Ég skal geta þess, að ég íhugaði sérstaklega, hvort fyrirmælin, sem í þessu frv. eru um, að menn skuli teknir til meðferðar af lækni og eftir atvikum einnig á sjúkrahúsi, væru svo ströng, að erfitt mundi verða um framkvæmd á þeim, einnig, hvort þau væru harðari en tíðkast t. d. í nágrannalöndum okkar. Að athuguðu máli sýnist mér ekki svo vera, heldur væru svipuð ákvæði sums staðar annars staðar, þótt með nokkuð öðrum hætti séu, og eins ætti að vera unnt að framkvæma þessi ákvæði eins og þau eru í frv., þótt hin eldri ákvæði hafi, eins og ég sagði, reynzt lítt eða ekki framkvæmanleg.

Þá er einnig ætlazt til þess samkv. frv., að kostnaður af meðferð þessara manna verði

greiddur með sams konar hætti og er um kostnað af öðrum þeim, er dveljast á sjúkrahúsum.

Í II. kafla eru ákvæði um meðferð drykkjusjúkra manna, og þar er fellt niður það ákvæði, sem leggur á sjúkrahúsið á Kleppi að hafa eins konar yfirstjórn á meðferð allra þessara mála. Þessi skipan hefur ekki þótt heppileg. Eins og í aths. segir, er engin einhlít regla, sem dugir við meðferð þessara sjúklinga. Þar eru uppi mismunandi kenningar, mismunandi aðferðir geta verið haldgóðar og því eðlilegt, að ráðgert sé, að margir aðilar geti undir venjulegu eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar gefið sig að meðferð þessa fólks.

Eins og nú til háttar, má segja, að það séu aðallega þrír aðilar, sem fáist við lækningar á þessum sjúklingum, eða þrjár stofnanir, sem að því gefi sig. Það er fyrst og fremst sjúkrahúsið á Kleppi, það er áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og Bláa bandið. Á þessu ári hefur orðið sú breyting, að sjúkrahúsið á Kleppi hefur tekið við verulegum hluta af rekstri Bláa bandsins, þ. e. a. s. þeim, sem rekinn var í tveimur húsum við Flókagötu hér í bænum, svo að sjúkrahúsið á Kleppi hefur nú yfir að ráða í þessu skyni nokkrum sjúkrarúmum á sjálfum Kleppsspítala, stofnuninni í Gunnarsholti í Rangárvallasýslu, á Úlfarsá hér rétt fyrir utan bæinn og svo loks húsunum við Flókagötu. Bláa bandið heldur hins vegar rekstri í Viðinesi fyrir þá, sem þar koma til langvarandi dvalar. Á öllum þessum stöðum er sem sagt sjúkrarúm fyrir hendi, auk þess sem læknarnir gefa leiðbeiningar og hafa umsjón með fólki, sem getur dvalizt í heimahúsum. Áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur er hins vegar stjórnað af tveimur geðlæknum með aðstoð sálfræðinga og hjúkrunarkonu, og fara þar fram viðtöl við sjúklinga og lyfjagjafir. Fólk kemur á þessa stofnun til að fá leiðbeiningar og sækja siðferðilegan styrk, ef svo má segja, auk þess sem læknar og hjúkrunarkonur fara á heimili þessara drykkjusjúklinga, en sjálf hefur stofnunin ekki yfir að ráða neinum sjúkrarúmum.

Í 9. gr. frv. segir nánar, hvernig hugsað er, að rekstri ríkisins í þessum efnum verði háttað. Það er ljóst, að til þess að hann komist í sæmilegt horf, þarf að koma upp fleiri sjúkrarúmum, eftir atvikum stofnunum, en nú eru fyrir hendi, en ætlað er, að með þeim stofnunum, sem þegar eru til, sé hægt að hafa vísi að þeirri skipan, sem talin er æskileg samkv. 9. gr. frv. En það er rétt, að það komi skýrt fram, að ekki er ætlazt til þess, að ríkið hafi neina einokun á lækningum í þessu skyni, heldur sé með eðlilegu eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar heimilt fyrir aðra, eins og t. d. Reykjavíkurbæ eða félög áhugamanna og einstakra lækna, að gefa sig að þessum málum.

Þá eru í 14. gr. ströng fyrirmæli um, að ekki megi gefa þeim, sem undir læknismeðferð eru fyrir þennan sjúkleik, eða láta þeim í té áfengi. Áður var bann við þessu takmarkað við þá, sem voru beint á spítölum eða sjúkrastofnunum, en bannið er fært yfir til allra, sem þessa meðferð hljóta.

Í III. kafla frv. eru svo ákvæði um stóraukið fé til þessarar starfrækslu. Þar er lögboðið, að af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skuli árlega greiða 7½ millj. kr. í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Það er 5 millj. meira en nú er varið í þessum tilgangi. Læknarnir telja æskilegt, að þessi fjárhæð sé hærri, ef það þykir fært. Þetta verður að sjálfsögðu að miðast við aðrar þarfir, sem ríkissjóður stendur undir. En eðlilegt er, að Alþingi athugi það nánar í samræmi við heildarafgreiðslu fjárlaga, hversu miklu fé sé hægt að verja. Lægra en hér er stungið upp á verður ekki með nokkru móti komizt af með, ef á næstu árum á að vera hægt að gera einhver veruleg átök til umbóta, sem ég hygg að flestir telji þörf á.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið á þessu stigi, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 33 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 130).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, sem hér liggur fyrir á þskj. 14, hefur verið til athugunar hjá heilbr.- og félmn. þessarar d., og mælir n. einróma með, að það verði samþ. óbreytt, eins og fram kemur í nál. á þskj. 130.

N. sendi frv. til athugunar nokkrum aðilum, og barst henni svar frá flestum þeirra, öllum á þann veg, að þeir mæltu með samþykkt þess án nokkurra till. um breyt., og var hér um að ræða aðila, sem n. taldi að helzt mundu koma til með að hafa afskipti af framkvæmd þess, ef að lögum verður.

Einn aðili, áfengisvarnaráð, benti á, að í norskum lögum um þessi mál væri að finna ákvæði, sem veitti rýmri heimild til að úrskurða til hælisvistar drykkjusjúka menn, sem hvorki hafa framið afbrot né vildu sjálfir æskja hælisvistar eða hefðu verið sviptir sjálfræði, en væru þó haldnir slíkri drykkjusýki, að þeir eyðilegðu að meira eða minna leyti heimili sín. N. ræddi þetta atriði sérstaklega við prófessor Tómas Helgason, sem ásamt Þórði Möller yfirlækni mun hafa samið frv. þetta. Prof. Tómas Helgason upplýsti, að þetta atriði hefði verið sérstaklega og ýtarlega athugað við samningu frv., en ekki þótt rétt að ganga lengra í þessum efnum en frv. gerir ráð fyrir. Hér væri um mjög veigamikið og viðkvæmt atriði að ræða í sambandi við persónufrelsi manna, og taldi prófessorinn, að ef lögfesta ætti slík ákvæði, teldi hann, að þau ættu frekar heima í öðrum lögum en hér er lagt til að lögfest

verði. N. taldi að þessu athuguðu ekki ástæðu til neinna breytinga á frv. hvað þetta atriði snertir.

Eins og fram kemur í grg. með frv., byggjast þær breytingar, sem þar er gert ráð fyrir frá gildandi lögum, að nokkru á þeirri reynslu, sem fengizt hefur á framkvæmd þeirra, og að nokkru á, að hliðsjón hefur verið höfð af skipan þessara mála í nágrannalöndunum, þegar frv. þetta var samið. En meginefni þess er í fyrsta lagi, að hin almennu ákvæði í kaflanum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra haldast, þó að í nokkuð breyttu formi sé frá gildandi lögum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að tekin verði upp nákvæm skráning á ölvunartilfellum, sem lögreglan skiptir sér af, svo og skrásetning á drykkjusjúklingum. Í þriðja lagi, að um meðferð drykkjusjúkra gildi sem svipaðastar reglur og um meðferð annarra sjúklinga, eftir því sem við getur átt. Og í fjórða lagi, að séð verði fyrir nægu fé til, að hægt verði sem fyrst að koma í framkvæmd þeirri þjónustu, sem frv. gerir ráð fyrir að ríkið láti í té í þessu sambandi.

Við 1. umr. um frv. hér í þessari hv. d. gerði þáv. hæstv. dómsmrh. í framsöguræðu sinni mjög ýtarlega grein fyrir efni þess og þeim breytingum, sem það felur í sér, miðað við gildandi lagaákvæði um þetta efni, og sé ég því ekki ástæðu til að ræða einstakar greinar frv., en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
8.—16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 36., 37., 44. og 45. fundi í Ed., 23. og 27. jan., 6. og 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Ed., 11. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál hefur átt nokkurn aðdraganda, eins og þm. er kunnugt um, og því miður hef ég lítið eða ekki undirbúið meðferð málsins. En fyrrv. heilbrmrh. hefur kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga á þessu sviði, og um það hef ég í raun og veru lítið annað að segja en það, að ég mundi að sjálfsögðu verða mjög fús til að vinna með þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar, ef það er eitthvað, sem henni sýndist að mætti betur fara en nú er í þessu frv. Það hefur verið samkomulag um málið í Nd., en hins vegar getur vel verið, að hv. n., sem fær málið til meðferðar hér, geri einhverjar breytingar á því, og ég vil ekki segja annað en það, að ég mundi starfa að því með henni, ef hún vildi koma að breytingum.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Lögin frá 1949 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra reyndust hafa slæma ágalla, sem síðan hafa verið drykkjumannahjálpinni í landinu fjötur um fót. Megingallinn í gildandi lögum um þetta efni er sá, að yfirstjórn allra drykkjumannalækninga í landinu hafði Kleppsspítalinn. Þetta hefur reynzt mjög óhentugt um hjálpina við drykkjumenn. Á þetta var bent, þegar áður en þau lög voru sett af sérfróðum mönnum hér á landi, og vitnað í reynslu erlendra sérfræðinga, en allt kom fyrir ekki, lögin voru höfð á þennan veg, að yfirumsjónin skyldi öll í höndum Kleppsspítalans, þ. e. a. s. geðveikrahælis ríkisins.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að vissu leyti bót í þessu efni. Nú er með þessu frv. ekki tiltekið, að yfirumsjón með drykkjumannahjálpinni skuli vera í höndum Kleppsspítalans, enda þótt Kleppsspítalinn eftir sem áður fari með meðferð drykkjusjúklinga. Ég vil hafa orð á þessu, því að hér tel ég vera um bót að ræða. Nú er læknum og sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum og öðrum stofnunum, sem til þess hafa hlotið sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar, leyft að hafa meðferð drykkjusjúkra með höndum. Raunar varð þetta ákvæði í l. aldrei annað en pappírsgagn, vegna þess að ýmsir aðilar, einkaaðilar svo og bæjarfélög, hafa tekið upp drykkjumannahjálp, sem ekki er í neinum tengslum við Kleppsspítalann. Má þar sérstaklega geta, að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur hefur haft þessa meðferð með höndum um 10 ára skeið, enda er það í samræmi við önnur lög, lög um heilsuverndarstöðvar. Ég skal ekki orðlengja þetta, en aðeins hafa orð á því, að hér er um bót að ræða.

Annar megingallinn á þessum lögum, sem nú eru í gildi um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, er I. kafli laganna, þar sem gert er ráð fyrir því, að allir menn, sem lögreglan tekur höndum, skuli fluttir í sjúkrahús eða sjúkradeild. Ég tel þennan kafla gallaðan, vegna þess að þess var aldrei að vænta, enda aldrei orðið, að þetta kæmi til framkvæmda. Allur I. kafli laganna er pappírsplagg eitt, sem engum hefur dottið í hug að framkvæma. Á meðan sjúkrahússkortur er eins mikill og hann er nú hjá okkur, væri það óðs manns æði að ætla að fara að framfylgja því að flytja ölvaða menn, einungis af því að lög-

reglan tekur þá höndum, í sjúkrahús án tillits til, á hvaða stigi þeirra drykkjuskapur er. Ég sakna þess, að þessum kafla skyldi ekki breytt meira en raun hefur á orðið í þessu frv., og sannarlega hefði þessi kafli alveg mátt niður falla, því að hann verður eftir sem áður pappírsgagn eitt.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, vildi ég annars aðeins fara fáeinum orðum. Ég skal ekki fjölyrða um, að mér finnst ýmsir ágallar í því, m. a. formgallar, að svo miklu leyti sem þetta er ekki upptaka úr gildandi lögum, en þau eru samin á mjög góðu máli, bersýnilega af fyrrv. landlækni, Vilmundi Jónssyni. Að svo miklu leyti sem þetta frv. er ekki samið upp úr þeim orðrétt, er um mjög lélegt málfar á þessu frv. að ræða, og það er leitt, því að lagamál tel ég að ætti að vanda. Ég skal ekki heldur fara mörgum orðum um það, að hér er í einni grein prentað á fínu máli, latínu, sem sennilega enginn þm. skilur öðruvísi en með því að fletta upp í orðabók, en látum það vera. Hitt er verra, að það skuli ekki einu sinni vera hægt að fara málfræðilega rétt með þessa latínu, sem hér er skartað með. Ég vil mælast til þess við hv. n., sem þetta mál fær, að hún kynni sér latínuna og færi þar til betri vegar.

Þarna eru ýmsir formgallar á, en ég skal láta því lokið að ræða um þá, að þessu sinni a. m. k. En það er annað, sem ég vildi hafa orð á, af því að ég tel, að þar sé um meira en formgalla að ræða, þar eru einnig efnisgallar. Í 9. gr. og 10. gr. ræðir um hæli. Í 9. gr. er rætt um hæli, sem ríkið kemur upp og rekur. Í 10. gr. er rætt um hæli, sem sveitarfélög eða félagasamtök koma upp og reka með leyfi heilbrigðisstjórnarinnar. Hér er um tvennt að ræða, sitt í hvorri grein, ríkishæli og hæli sveitarfélaga og einstaklinga. Þegar kemur til 11. gr., er rætt um, hverja taka megi á þessi hæli, en þá er eingöngu rætt um ríkishæli. 11. gr. hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Til hælisvistar samkv. 9. gr. verða teknir“ — svo eru þeir taldir upp. Það eru dæmdir menn, það eru menn, sem hafa misst lögræði, og það eru menn, sem óska af frjálsum vilja að fara í ríkishæli. En það er ekkert ákvæði í frv. um, hvaða reglur skuli gilda fyrir upptöku sjúklinga í sveitarfélagahæli né hæli félaga og félagasamtaka. Hér hefur verið soðið upp nýtt og gamalt, en frv.-höfundum því miður láðst að melta þetta og samræma það. Það vantar sem sagt alveg ákvæði um, hverja megi taka í sveitarfélagahæli, í mótsetningu við ríkishæli. Má t. d. taka á hæli AA-samtakanna eða hæli Reykjavíkurborgar, ef það kæmi einhvern tíma, menn, sem eru dæmdir til hælisvistar vegna drykkjuskapar, eða menn, sem sviptir hafa verið lögræði? Um þetta er ekkert ákvæði. En sennilega er ætlunin, að það gildi sömu reglur fyrir öll þessi hæli, aðeins láðst að láta þess getið í frv.

Það er eitt atriði enn, sem ég vildi gera að umtalsefni, sérstaklega af því að hæstv. ráðh. er viðstaddur og einnig vegna þess, að hér í hv. d. eru góðir lögfræðingar. Það er ákvæðið í 11. gr. um skuldbindingu umsækjenda um hælisvist, um að dveljast eins lengi í hæli og þeir hafa sótt um í upphafi. Ef drykkjumaður sækir um hælisvist og sendir umsókn og í umsókninni tekur hann fram, að hann skuldbindi sig til að dveljast í hælinu í 6 mánuði, er hann lögbundinn af því, og ef hann fer í óleyfi burt af hælinu, má þá setja lögregluna á hann, láta sækja hann, taka hann með valdi og setja í hælið aftur? Nú getur það auðveldlega hugsazt, að maður, sem er andlega miður sín eftir langvarandi drykkjuskap, lætur telja sig á þessa skuldbindingu, að dveljast svo og svo lengi í hælinu. Þegar hann kemur til sjálfs sín betur og jafnar sig, óskar hann ekki að vera allan þann tíma og heimtar sig útskrifaðan, heimtar sig brautskráðan. Þá á hann engan rétt á því. Hann hefur með einfaldri undirskrift svipt sjálfan sig persónufrelsi og lagt í hendur annarra aðila ákvörðunarvald yfir sínu persónufrelsi um 6 mánaða tíma. Ég er ekki að gagnrýna þetta í þessu frv., vegna þess m. a., að það er í gildandi lögum um meðferð drykkjumanna. En nú langar mig til að beina þeirri fsp. til þeirra, sem henni vilja svara: Er það mögulegt að setja lög um slíkt? Er það yfirleitt í samræmi við stjórnarskrána, að maður geti þannig afsalað sér persónufrelsi um einhvern tiltekinn tíma? Er ekki undirskrift hans ónýt, ef honum snýst hugur? Á hann þá ekki sjálfur rétt á að ákvarða á annan veg? Ef nokkur grunur skyldi vera á um, að þetta væri ekki í samræmi við bókstaf eða anda stjórnarskrárinnar, þá finnst mér, að nú ætti að nota tækifærið og fella þetta úr lögum. Mér finnst ákvæðið ljótt, þó að ég viðurkenni, að það geti í ýmsum tilvikum verið þægilegt, t. d. fyrir lækninn, sem hefur sjúklinginn til meðferðar, að geta þannig ráðið yfir persónu hans. Mér finnst það samt sem áður óhæft og hljóti að koma í bága við a. m. k. anda stjórnarskrárinnar um persónufrelsi.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. Ég vil aðeins minna á, að þetta er búið að vera mjög lengi á döfinni. Það var þegar á árinu 1959, sem þáv. heilbrmrh. skipaði nefnd ágætra manna til að semja frv. til nýrra laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Formaður þessarar n. var núverandi landlæknir, dr. Sigurður Sigurðsson. Þessi nefnd vann sitt verk og skilaði áliti í jan. 1960. Síðan var það látið liggja ár eftir ár óhreyft í skúffum rn. Ég hef átt kost á að kynna mér þetta frv., og ég tel það að mörgu leyti standa miklu framar því frv., sem hér liggur fyrir, bæði um form og efni. Í frv. þessarar nefndar var m. a. gert ráð fyrir því, að öll drykkjumannahjálp yrði undir einum hatti, undir einni yfirstjórn, og sérstakur áfengisyfirlæknir yrði framkvæmdastjóri þeirrar yfirstjórnar. Þetta var mjög heppileg uppástunga og heppileg ráðstöfun, að fara þannig að, því að þótt ég mæli á móti sameiginlegri yfirstjórn undir Klepps-

spítala, geðveikrahæli, þá mæli ég ekki gegn því, að drykkjumannahjálpin öll yrði sett undir eina yfirstjórn og eina yfirumsjón. Ég hef talað í því máli hér áður í þessari hv. d. fyrir nokkrum árum og lýst kostum þess, hvernig m. a. það fé, sem hið opinbera ver til drykkjumannahjálpar, mundi nýtast miklum mun betur, ef þessi hjálp yrði samræmd og höfð undir einni yfirstjórn. En yfirstjórnin mátti ekki vera geðveikrahæli, því að það var af ýmsum og viðkvæmum ástæðum óheppilegt frá upphafi, þó að menn sannfærðust ekki um það fyrr en seint og síðar meir, að fenginni dýrkeyptri reynslu. Ég harma, að þetta skuli hafa gengið þannig fyrir sig, og einkum, að niðurstaðan, þetta frv., sem hér liggur fyrir, skuli vera, þrátt fyrir nokkra kosti, öllu lakara en það frv., sem búið var að liggja í salti hjá rn. um árabil.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins tvö atriði, sem ég vildi minnast á, áður en þetta mál færi til nefndar. Þó að um margt í því mætti að sjálfsögðu ræða, skal ég ekki gera það.

En þessi tvö atriði, sem ég vildi minnast á og skjóta til hv. n., eru annars vegar í sambandi við heimildina til að taka menn til hælisvistar samkv. 11. gr. Þar er gert ráð fyrir, að þá sé um tvo möguleika að ræða, þá, sem eru dæmdir til hælisvistar, og þá, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar vistar. Út af fyrir sig er þetta gott og blessað. En um fyrra atriðið er það að segja, að ég tel fulla ástæðu til að íhuga, hvort það geti talizt fullnægjandi heimildir fyrir hendi í núgildandi lögum til þess að úrskurða menn til hælisvistar. Grundvallaratriðið í hegningarlögum og núgildandi lögum um þessi mál er það, að til þess að dæma menn til hælisvistar, skuli þeir hafa beinlínis brotið af sér eða gerzt sekir um refsiverðan verknað. Það er auðvitað mjög vandmeðfarið, hve langt megi ganga í því að svipta menn frelsi sínu, en þó hefur verið talið, þegar um sjúkdóm er að ræða, að það megi undir vissum tilfellum gera það, jafnvel þótt menn hafi ekki neitt af sér brotið, ef það er talið, að af því stafi hætta fyrir aðra, að ekki séu gerðar ráðstafanir til þess að lækna viðkomandi mann. Og það, sem ég vildi leggja áherzlu á að væri athugað hér í sambandi við afgreiðslu þessa máls, er, hvort ekki væri ástæða til að setja ný ákvæði eða ganga lengra í þá átt að heimila að úrskurða drykkjusjúka menn til hælisvistar. Það er því miður mikill fjöldi manna, bæði hér í bæ og annars staðar, sem er umhverfi sínu og heimili hreint vandræðamál og böl vegna síns drykkjuskapar. Þessir menn út af fyrir sig komast kannske aldrei í kast við dómstóla, þannig að þeir yrðu dæmdir til eins eða neins, en allir þeir, sem hafa fengizt við áfengismál og áfengisvarnir, verða æ ofan í æ varir við þetta vandamál. Til þeirra kemur fólk, bæði eiginkonur og jafnvel börn, sem ekkert vita, hvað til bragðs á að taka vegna dæmalauss framferðis heimilisföður. Í norskri löggjöf um áfengisvarnir eru mjög viðtæk ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir heimildum til þess með vissum og ákveðnum hætti að úrskurða menn til hælisvistar, enda þótt þeir hafi ekkert raunverulega af sér brotið, sem sé hægt að dæma þá fyrir. Það er, eins og ég áðan sagði, mikið vandamál, hversu langt á að ganga í þessu efni, en ég vildi skjóta því mjög til hv. n., að þessi norska löggjöf yrði athuguð.

Í umsögn um þetta frv. til hv. heilbr.- og félmn. Nd. sendi áfengisvarnaráð með umsögn sinni hin norsku lög um þetta efni og óskaði eftir því, að það væri tekið til athugunar, hvort annaðhvort væri hægt að taka upp einhver ákvæði í þetta frv. eða eftir atvikum önnur lög. Það er ekki endilega víst, að það heyri hér til að taka það upp í þetta frv., þó að það mætti vel hugsa sér það, og eða þá hvort n. sæi ekki ástæðu til að beina því til ríkisstj., að það yrði a. m. k. athugað gaumgæfilega, hvort ekki væri hægt að ganga lengra en hér er gert ráð fyrir í sambandi við þetta vandamál, því að ég fullyrði það, að hér er um mjög stórt vandamál að ræða, sem ber brýna nauðsyn til að verði tekið til gaumgæfilegrar íhugunar, hvort ekki er hægt að leysa á fullkomnari hátt en lagt er til í þessu frv.

Þá er hitt atriðið, sem ég vildi minnast á og ég tel að sé ákaflega hæpið, að tengja þetta of mikið við geðveikrahæli. Út af fyrir sig má segja, að það megi telja, að áfengissýki sé nokkurs konar geðveiki, en reynslan hefur sýnt það í mörgum tilfellum, að menn, sem mundu gjarnan vilja af fúsum vilja leita sér lækninga við þessari miklu meinsemd, hafa veigrað sér við það á þeim grundvelli, að þeir þyrftu að vera tengdir geðveikrahæli. Það kann að vera erfitt að koma þessu fyrir á annan veg, en ég held, að það sé fullkomlega ómaksins vert að íhuga það til hlítar, hvort ekki sé nauðsynlegt að fara hér inn á aðra braut og að á þessi hæli verði ekki litið sem geðsjúkdómahæli beint.

Þetta eru þau tvö atriði, sem ég vildi minnast á og sérstaklega skjóta fram til athugunar þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, hvort hún vildi ekki eiga hlut að því, annaðhvort að breyta þessu frv. eða þá beina því til ríkisstj., hvort ekki væri ástæða til framhaldsathugunar ýmissa atriða í sambandi við þetta mikla vandamál, sem hér er um að ræða. Það ber hins vegar að fagna ýmsum atriðum í þessu frv. og ekki hvað síst þeim auknu fjárveitingum, sem hér er gert ráð fyrir, og þá sérstaklega einum þætti þess máls, sem vissulega er mjög mikilsvert að sinna, en það er, að það sé betur unnið að vísindalegum rannsóknum á bæði orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki, eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv., og að því leyti tel ég tvímælalaust, að ýmis meginatriði þess stefni til bóta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 499, 285, 500).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. því til laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, sem hér er til umr., var vísað til heilbr.- og félmn. Við athugun sína á þessu frv. íhugaði nefndin m. a. nokkrar ábendingar, sem komu fram um breytingar á frv. við 1. umr. í þessari hv. deild. Niðurstöðurnar af athugun n. á þessu frv. liggja svo fyrir bæði í nál. og brtt., sem eru á þskj. 500. N. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem á þessu þskj. greinir.

Við 1. umr. var á það bent, að það gæti verið á ýmsan hátt óheppilegt, að þessi starfsemi, drykkjumannahælin, væri rekin undir stjórn Kleppsspítalans eða jafnvel á Kleppsspítalanum sjálfum, og það væri yfirleitt óheppilegt að tengja hælisvist fyrir drykkjusjúka menn um of við geðveikrahælið, því að það yrði til þess, að menn, sem þyrftu slíkrar hælisvistar og læknismeðferðar við, væru miklu ófúsari en ella til að undirgangast það, ef það kostaði það, að þeir yrðu að fara á geðveikrahæli.

Í þessu frv. er að vísu Kleppsspítalinn hvergi nefndur, eins og þó er gert í lögunum, sem fram að þessu hafa gilt um þetta efni, en það hafa orðið nokkrar breyt. á þessu að undanförnu. Það segir í upphafi 9. gr. í frv.: „Á geðsjúkrahúsi ríkisins og síðar á móttökudeild þess, er byggð verður, skal vera unnt að veita drykkjusjúklingum meðferð og framkvæma á þeim nauðsynlegar rannsóknir.“ Þó að þetta orðalag sé haft hér í frv., „síðar á móttökudeild þess“, þá er í raun og veru búið að koma þessari móttökudeild á laggirnar, og hún er tekin til starfa, en það er hin svokallaða Flókadeild, þ. e. a. s. þessi starfsemi er rekin í húsakynnum þeim, sem áður voru nefnd Bláa bandið og tilheyrðu held ég AA-samtökunum við Flókagötu hér í bæ. Og yfirlæknir þeirrar deildar hefur tjáð mér, að síðan ríkið tók við rekstri hennar, hafi orðið þar veruleg breyting til batnaðar og það sé nú mun auðveldara en áður var að fá menn sjálfviljuga til að leggjast inn á þessa deild. Á sjálfan Kleppsspítalann eru ekki lengur teknir, að því er mér hefur verið sagt, nema eingöngu þeir sjúklingar, sem eru drykkjuóðir.

En hvað sem öðru líður, er það ómótmælanleg staðreynd, að drykkjusýki er geðsjúkdómur, og þess vegna verða þeir læknar, sem hafa sérkunnáttu á þessu sviði, og sú ríkisstofnun, sem hefur þessa menn í þjónustu sinni, að hafa þar hönd í bagga og yfirstjórn málanna, þannig að n. sá í raun og veru ekki ástæðu til eftir þeim upplýsingum, sem hún fékk, að gera neina breytingu á 9. gr. frv.

Þá skal ég koma að sjálfum brtt.

Það er þá fyrst við 1. gr., að í frv. segir, að „þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar, skal lögreglan tilkynna til áfengisvarnaráðunauts (eða áfengisvarnanefndar), sem heldur spjaldskrá í þessu skyni. Einnig ber lögreglunni að tilkynna aðstandendum hinna handteknu aðgerðir sínar.“ N. þótti þarna nokkuð langt gengið, því að oft ber svo við, að menn eru teknir höndum sakir ölvunar, en sleppt tiltölulega fljótt, jafnvel án þess að vera sektaðir og án þess að vera settir í Kjallarann, eins og það er oft kallað, og þess vegna er það nokkuð strangt í sjálfu sér, að hver einasti maður, sem einhvern tíma verður fyrir því á lífsleiðinni að verða tekinn höndum sakir ölvunar, kannske góður og gegn borgari, sem þetta hendir ákaflega sjaldan, — að þá sé í sjálfu sér ástæðulaust að vera að setja nafn hans á spjaldskrá hjá áfengisvarnaráðunaut eða áfengisvarnanefnd, því að þá liti það í raun og veru þannig út eins og þarna væri um tilvonandi drykkjusjúkling að ræða. Auk þess má bæta því við, að spjaldskrá, sem áfengisvarnaráðunautur héldi í þessu skyni og væri byggð upp á þessum tilkynningum, mundi í sjálfu sér alltaf verða mjög ófullkomin, vegna þess að það eru margir ofdrykkjumenn, sem drekka svo kurteislega, ef svo má að orði komast, að þeir komast aldrei í tæri við lögregluna og eru aldrei handteknir sakir ölvunar.

Þá segir einnig í 1. gr. frv., að lögreglunni beri að tilkynna aðstandendum hinna handteknu aðgerðir sínar. Þetta þótti okkur nm. fulllangt gengið, að gera þetta að beinni skyldu í hverju einasta tilfelli, jafnvel þar sem um mjög vægileg og lítilfjörleg tilfelli væri að ræða. Þetta er fyrst og fremst nauðsynlegt að gera, ef það er ungt fólk, sem hefur verið tekið höndum sakir ölvunar, og á þessu sjónarmiði er brtt. n. við 1. mgr. byggð, en þar segir, að „þegar lögrgelan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar, ef um mann undir 21 árs aldri er að ræða. Sé maður handtekinn vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftar með skömmu millibili, skal lögreglan tilkynna nafn hans til áfengisvarnaráðunauts eða áfengisvarnanefndar, sem heldur spjaldskrá í þessu skyni.“ Þarna er sem sagt ekki skylt að tilkynna þetta til áfengisvarnaráðs, nema um endurtekna handtöku vegna ölvunar sé að ræða.

Þá kem ég að næstu brtt., sem er við 11. gr. frv. Þessi brtt. er í raun og veru sniðin eftir þeim upplýsingum, sem n. aflaði sér um það, hvernig það ætti sér stað yfirleitt í raunveruleikanum, að menn væru settir á drykkjumannahæli, hvernig atvikum væri háttað í slíkum tilfellum yfirleitt, en þar er skemmst frá að segja, að a. m. k. undanfarin ár hefur það verið mjög almennt, að þetta hafi átt sér stað með þeim hætti, að aðstandendur hins drykkjusjúka hafi óskað eftir því, að hann væri sviptur sjálfræði, til þess að koma honum inn á drykkjumannahæli. Í ýmsum tilfellum, þegar slík beiðni um sjálfræðissviptingu kemur fyrir sakadóm, er hún er tekin fyrir, þá er það, að hinn drykkjusjúki sér fram á, að hann muni verða sviptur sjálfræði, og til þess að koma í veg fyrir það, þá undirgengst hann það fyrir dómnum að sætta sig við vist á drykkjumannahæli í tiltekinn tíma. Aftur á móti er það, sem segir hér í frv., í 1. tölul. þessarar gr., að þeir

séu dæmdir til hælisvistar skv. hegningarlögunum. Það er að vísu rétt, að það er hægt að gera þetta samkvæmt hegningarlögunum, en það mun ákaflega fátítt, að þetta beri þannig að, og sú leið mun sjaldan hafa verið farin, ef þá nokkurn tíma. Þó að það sé í sjálfu sér rétt, að það standi í lögum, þá er sú leið ákaflega óraunhæf.

Þá ber þetta auðvitað einnig að með þeim hætti, sem í sjálfu sér væri eðlilegastur og æskilegastur, að menn sæki sjálfir um það að verða aðnjótandi vistar á drykkjumannahæli, án þess að til þess þurfi að koma að beiðast sjálfræðissviptingar vegna þeirra, en þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að setja einhverjar reglur, sem tryggja það, að umsækjandinn, þegar hann ritar undir slíka umsókn, sé vel vitandi um það, hvaða skuldbindingar hann er að taka á sig, hvað hann er að gera, því að í sjálfu sér hefur e. t. v. borið á því eða því verið haldið fram, að menn væru látnir skrifa undir svona umsóknir illa haldnir, annaðhvort ölvaðir eða timbraðir, og þar sem þetta er nokkuð alvarleg skuldbinding, að vilja sitja um kyrrt á drykkjumannahæli kannske mánuðum saman, þá verður í sjálfu sér að tryggja það, að þetta sé gert að vel yfirveguðu ráði og manninum hafi verið ljóst, hvað hann var að gera.

Þá hefur einnig verið bætt inn í eða breytt upphafi 11. gr. þannig, að í staðinn fyrir, að „til hælisvistar skv. 9. gr. verði teknir," þá er sagt „til hælisvistar skv. 9. og 10. gr.," því að skv. 10. gr. geta bæjarfélög eða önnur samtök sett á stofn drykkjumannahæli, og það verður að sjálfsögðu að sæta svipuðum reglum, ef slíkar stofnanir verða reistar, og þá er auðvitað eðlilegt, að þessi grein gildi einnig um þær.

Þá er rétt að geta þess líka, að við 11. gr. er gerð sú breyting, að þegar maður sækir af frjálsum vilja um að komast á drykkjumannahæli, þá getur hann þó aldrei skuldbundið sig lengur en í sex mánuði til þess að vera þar. Það mun að vísu vera venja, að þegar menn hafa undirritað slíkar yfirlýsingar fram að þessu, þá hefur það almennast verið frá 3—6 mánuðum, en þó í undantekningartilfellum hafa menn verið látnir skrifa upp á það að sæta dvöl á drykkjumannahæli í allt að eitt ár. En það þykir n. nokkuð viðamikið, og þess vegna hefur hún m. a. gert þá breyt. á 11. gr., að það er ekki heimilt að skuldbinda sig lengur en í sex mánuði í senn.

Við 12. gr. hafa einnig verið gerðar brtt. Það má segja, að þær leiði reyndar flestar af sjálfu sér af breyt., sem voru gerðar á 11. gr. Þar er það áréttað, að sjúklingur megi aldrei skuldbinda sig með umsókn nema í mesta lagi sex mánuði, nema samþykki hans komi til að nýju. Þá er líka rétt að benda á það, að í síðustu mgr. 12. gr. er breytt einu orði, sem gerir talsverðan blæmun á þessu ákvæði, en í frv. segir: „Nú fer sá, sem fengið hefur hælisvist skv. ákvæðum l. þessara, heimildarlaust af hæli, þar sem hann dvelst, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í vistina á ný og til að hlíta henni, unz lokið er tíma þeim, sem segir í 1. og 2. mgr. þessarar gr." Þarna hefur n. sett, að í staðinn fyrir, að „rétt sé að þröngva honum", þá sé „heimilt að þröngva honum", og það yrði þá væntanlega á valdi læknanna á drykkjumannahælinu og aðstandenda drykkjumannsins, hvort þessari heimild yrði beitt eða ekki. En þó vil ég álíta, að breytingarnar, sem gerðar voru á 11. gr., leiði það raunar af sér, að það ætti síður að koma fyrir, að menn stykkju heimildarlaust burt af drykkjumannahæli, þó að það sé auðvitað engan veginn hægt að útiloka það, að slíkt eigi sér stað.

Ég hef þá farið í gegnum þessar brtt. og reynt að útskýra þær eftir föngum, og ég endurtek svo að lokum, að heilbr.- og félmn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. með þeim brtt., sem greinir á þskj. 500.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég lét í ljós það álit við 1. umr. þessa máls, að ég teldi, að með frv. væri stigið spor í rétta átt. Ég sagði þá einnig frá því, að hæstv. ráðh., sem talaði fyrir þessu frv., hefði átt völ á öðru frv. um sama efni, sem unnið var af ágætum mönnum einnig, nokkrum árum fyrr, og ég taldi, að hann hefði valið það frv., sem lakara var. Þrátt fyrir að þetta er spor í rétta átt, þá eru á þessu frv. ýmsir annmarkar. Nú hefur hv. heilbr.- og félmn. flutt fyrir sitt leyti fjórar brtt. við frv., og ég skal taka það strax fram, að ég tel allar þessar till. vera til bóta og mun fylgja þeim. Aðeins er gallinn sá, að mér finnst sumar þeirra ekki ganga nógu langt.

Á þskj. 285 flyt ég fjórar brtt. við frv. Fyrsta brtt. mín fjallar um 1. gr., eins og 1. brtt. hv. heilbr.- og félmn. Aðalgallinn á 1. gr. frv. finnst mér vera sá, að lögreglan skuli eiga að tilkynna til áfengisvarnaráðunautar eða áfengisvarnanefndar þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar. Ég hefði talið fara bezt á því, að þessu ákvæði yrði alveg sleppt. Hv. heilbr.- og félmn. hefur dregið nokkuð úr þessu, og ég tel það vera til bóta. Ástæðan fyrir því, að ég er heldur andvígur þessu, er, að mér finnst þetta algerlega tilgangslaust. Það er tilgangslaust, að lögreglan sé að tilkynna áfengisvarnaráðunauti eða hans skrifstofu eða áfengisvarnanefnd þá, sem hún tekur höndum sakir ölvunar, og það er tilgangslaust, að þessi aðili sé að halda spjaldskrá í þessu skyni. Áfengisvarnaráðunautur og áfengisvarnanefnd starfa ekkert að drykkjumannahjálp. Ef þessir aðilar starfa eitthvað að áfengisvörnum, og það dreg ég ekki í efa, þá er það ekki sú hlið málsins, sem snýr að hjálpinni við ölvaða menn og drykkjusjúka. Þess vegna hafa þessir aðilar ekkert við að gera að fá skrá yfir slíka menn. Það er önnur ástæða einnig, og hún er sú, að ég tel þessa aðila ekki hæfa til þess að fara með þessi mál. Þetta eru viðkvæm mál, og hér er um sjúklinga að ræða, en ekki brotamenn. Það heyrir undir lækna að halda slíkar skýrslur, og heilbrigðisstofnanir, en ekki stofnun eins og hér er tilgreind. Læknar og heil-

brigðisstofnanir eru bundin þagnarheiti, en það er sú stofnun, sem hér um ræðir, alls ekki í þessu efni. Ég hefði þess vegna talið að öllu leyti bezt, að þessu ákvæði hefði verið sleppt með öllu, og út á það gengur mín fyrsta brtt.

Þá geri ég till. um breyt. á 9. gr. Aðalgallinn á þeirri gr. var nokkuð rakinn hér við 1. umr. málsins, og hv. frsm. heilbr.- og félmn. minntist á þann galla einnig nú í sinni ræðu. Gallinn er sá, að það á skv. gr. að tengja að miklu leyti drykkjumannahjálpina við geðveikrahæli ríkisins. Þetta er í l., sem í gildi hafa verið síðan 1949, og reynzt illa að dómi allra, sem til þekkja, m. a. eins aðalhöfundar l. 1949, Vilmundar Jónssonar fyrrv. landlæknis. En þótt hér sé nokkuð slakað á, og það er einn af kostum þessa frv., þá er enn í 9. gr. haldið fast við það, að þær stofnanir, sem ríkið lætur reisa í þessu skyni, skuli allar reknar í sambandi við geðveikrahæli ríkisins, ekki aðeins það, sem hv. frsm. heilbr.- og félmn. gat um, að í tengslum við geðsjúkrahúsið skuli reka lækningastöð fyrir þá, sem ekki þarfnast vistunar, svo og til eftirmeðferðar þeirra, sem vistaðir hafa verið, heldur er bætt við og sagt, að í tengslum við geðsjúkrahúsið skuli enn fremur reisa og reka sérstök hæli til meðferðar þeirra, sem ekki er talið að veitt verði viðhlítandi meðferð á annan hátt. Það á sem sagt skv. þessari grein eftir sem áður að halda áfram að tengja drykkjumannalækningar við geðveikrahælið á Kleppi. Þetta er megingalli. Þess vegna er það önnur brtt. mín, að þessu verði algerlega breytt og ekkert ákveðið um það, heldur aðeins að reisa skuli og reka á kostnað ríkisins sjúkradeildir og gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúkt fólk, svo mörg sem henta þykir til nauðsynlegrar aðgreiningar sjúklinga eftir kynjum svo og eðli drykkjusýkinnar. Samkvæmt þessu orðalagi mætti að vísu reisa þetta og reka í sambandi við Klepp, en það er ekki skilyrði og fer þá eftir mati valdhafa á hverjum tíma.

Hv. frsm. heilbr.- og félmn. gat þess og hafði það vafalaust réttilega eftir sérfróðum lækni, að drykkjusýkin væri geðsjúkdómur. Þetta er rétt, ef við lítum á orðið geðsjúkdóm sem mjög víðtækt hugtak. Við tölum oft um taugaveiklun og taugaveiklað fólk. Þá er átt við sjúkdóma, sem eru í sama skilningi geðsjúkdómar. En engum heilvita manni mundi detta í hug að vista taugaveiklað fólk á geðveikrahæli, og sama gildir raunar um drykkjusjúka menn. Ef við undanskiljum sjálfa ölvunina, þá eru þessir menn ekki veikari en taugaveiklaða fólkið, sem við höfum allt í kringum okkur í lífinu og engum dettur í hug að leggja inn á Klepp.

Um 3. brtt. mína get ég verið fáorður. Hún er samhljóða breytingu, sem felst í 2. brtt. hv. heilbr.- og félmn., þannig að að samþykktri till nefndarinnar er mín 3. tillaga óþörf og yrði tekin aftur.

Þá kem ég að síðustu brtt. minni, sem snertir 12. gr. Ég gerði það lítils háttar að umtalsefni, að ég teldi vafasamt, að unnt væri að halda manni gegn vilja hans mánuðum saman á stofnun eða hæli, þótt hann hefði einhvern tíma meira eða minna illa fyrirkallaður skrifað undir skuldbindingu þess efnis. Ég efaðist um, að það samrýmdist hugmyndum okkar um persónufrelsi, að unnt væri að hefta frelsi manns á þennan hátt. Ég geri það að till. minni hvað þessa grein snertir, af því að í henni er þetta ákvæði, — ég geri það að till. minni, og það er 4. brtt. mín, að gr. falli niður. Hún getur fallið niður að öllu leyti, því að annað, sem í þessari gr. er fjallað um, leiðir af sjálfsdáðum af öðrum lögum. Hv. heilbr.- og félmn. er með brtt. við þessa sömu gr. Sú brtt. gengur ekki eins langt og mín, en gengur þó nokkuð í svipaða átt, eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. gerði grein fyrir hér áðan. Það er sem sagt dregið úr broddunum, það er takmarkað, hvað halda megi manni lengi á þennan hátt, og sérstaklega betur tryggt en áður, að maðurinn sé þó með fullu ráði, þegar hann skrifar undir slíkt plagg. Þetta tel ég mjög til bóta sem breyt. á 12. gr. og mun greiða því atkv. að minni till. felldri.

Ég held, að ég þurfi þá ekki að hafa fleiri orð um þetta og að ég hafi gert nægilega grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 285.

Hv. heilbr.- og félmn. gerir nokkrar brtt. við 11. gr., viðtækari en kemur fram í minni litlu brtt. um það efni, og ég get tekið það fram, að ég tel brtt. hv. n. vera mjög til bóta. Þar eru betur aðgreindir þeir, sem til greina kemur, að vista megi á slík hæli, og önnur ákvæði gerð ákveðnari og heppilegri að mínum dómi, eins og ég hef þegar getið um í sambandi við ummæli mín um 12. gr.

ATKVGR.
Brtt. 285,1 felld með 9:2 atkv.
— 500,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 285,2 felld með 8:3 atkv.
9.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 285,3 tekin aftur.
— 500,2 (ný 11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 285,4 felld með 10:1 atkv.
— 500,3 (ný 12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 546).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 92. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 610).

26. Skipulagslög.

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til skipulagslaga [33. mál] (stjfrv., A. 33).

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa eru að stofni til frá árinu 1921. Þeim hefur að vísu verið lítils háttar breytt nokkrum sinnum síðan, en þó aðeins lítillega, nema þá helzt 1938, þegar gerð var sú breyting á skipulagsnefndinni, að hún var bundin við embætti þriggja starfsmanna ríkisins, húsameistara ríkisins, vegamálastjóra og vitamálastjóra, samtímis því sem í þeirri breytingu fólst einnig fyrsti vísirinn að embætti skipulagsstjóra í sinni núv. mynd. Þetta, að skipulagslögin eru ekki eldri en þetta, er raunverulega skiljanlegt, vegna þess að byggðin í landinu hefur fyrstu áratugi aldarinnar og þar áður verið frekar dreifbýli en þéttbýli og þéttbýlismyndun hefur ekki komið til fyrr en síðar, og það er hún, sem kallar á, að skipulagslög og skipuleg bygging sé um hönd höfð á þeim stöðum, þar sem þéttbýli hefur myndazt.

Fyrsti frumkvöðull að setningu laga um skipulagsmál var, eins og kunnugt er, Guðmundur heitinn Hannesson prófessor. Hann gaf út þegar á 2. áratug aldarinnar ýtarlega bók um þetta efni og samdi síðar, eða árið 1917, frv. til skipulagslaga, sem var lagt fyrir Alþingi, en náði ekki samþykki þá. Hins vegar var málinu vinsamlega tekið, því var vísað til ríkisstj. til athugunar, og hún lét þá endurskoðun fara fram af páv. vegamálastjóra, Geir Zoëga, og páv. húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni, ásamt prófessor Guðmundi. Þetta frv. var svo tekið í lög 1921. Í þeim lögum var ákveðið, að skipulagsskyldan skyldi ná til allra staða, þar sem byggju 500 íbúar og fleiri. Þessu var síðar breytt, þannig að skipulagsskyldan nær nú til staða, þar sem eiga heima 200 manns eða fleiri. Þessir staðir, sem skipulagsskyldan nær nú til, eru samtals, eftir því sem ég hef fengið upplýst, 72, þó munu þar vera taldir nokkrir staðir, sem strangt tekið heyra ekki undir þetta lagaákvæði, þ. e. a. s. sem hafa færri íbúa en 200, en af sérstökum ástæðum hefur verið talið nauðsynlegt og þarft að taka til athugunar. Af þessum 72 stöðum hefur skipulagsstjóri og skipulagsnefnd gengið frá og fengið staðfesta skipulagsuppdrætti á 36 stöðum, þ. e. a. s. réttur helmingur þessara skipulagsskyldu staða hefur nú fengið sinn skipulagsuppdrátt. Og skipulagsnefnd og skipulagsstjóri hafa nú með höndum athugun og undirbúning að skipulagi hinna 36 staða, og mér er óhætt að segja, að sumir þeirra eru komnir vel á veg. Starf skipulagsnefndar hefur orðið æ þýðingarmeira, eftir því sem lengra hefur liðið, og verið metið af sveitarfélögunum, sem hafa þurft mikið á samstarfi við skipulagsnefnd og skipulagsstjóra að halda. Og mér er, held ég, óhætt að segja, að í flestum tilfellum hafi það samstarf gengið vel og tekizt vel.

Skipulagslögin frá 1921 voru í 4 köflum. Í fyrsta lagi um mælingar bæja og kauptúna, þar sem skipulagsskyldir staðir voru skyldaðir til þess að láta fara fram ýtarlega mælingu á staðnum, og það hefur, held ég, verið gert á flestum hinum skipulagsskyldu stöðum nú. Í öðru lagi var kaflinn um skipulagsuppdrætti, hvernig þeir skyldu gerðir, hvernig frá þeim gengið og hvernig þeir yrðu samþykktir. Í þriðja lagi var kafli um breytingar á skipulagi og eftirlit með byggingu á hinum skipulagsskyldu svæðum. Og loks í fjórða lagi var kafli um eignarnám og skaðabætur fyrir lönd og lóðir, sem eignarnámi voru tekin í sambandi við skipulagsgerðina.

Síðasta breytingin, sem fram fór á þessum lögum og var reyndar smávægileg, fór fram 1951. En bæði þá og síðar hafa farið fram umr. um að halda þessari endurskoðun skipulagslaganna áfram, af því að ástæður hafa breytzt verulega frá því, að lögin voru sett í upphafi. Í breytingunni frá 1938 og 1951 er raunar gert ráð fyrir því, að lögin verði endurskoðuð, og það hefur verið gert nokkrum sinnum, þó að þær breytingar hafi ekki náð fram að ganga. Árið 1958 var borið fram nýtt frv., en það náði þá ekki heldur fram að ganga og var vísað til ríkisstj. Með bréfi, dags. 11. marz 1960, fól því félmrn. skipulagsnefnd ríkisins að endurskoða frv. frá 1958. Við athugun á þessu frv. var haft sérstakt samráð við erlenda sérfræðinga á þessu sviði, sem álitgerðir væru fengnar frá. Á grundvelli þeirra álitsgerða og með hliðsjón af ýmsum breytingum, sem orðið hafa, var svo nýtt frv. samið, sem hér var lagt fram á næstsíðasta Alþ., þó með þeim fyrirvara, að það var ekki ætlazt til, að frv. væri samþykkt þá, heldur var þetta gert til þess að sýna það og til þess að sveitarstjórnir og aðrir, sem hagsmuna hefðu þar að gæta, gætu fengið aðstöðu til að kynna sér það, áður en endanlega yrði gengið frá því hér á Alþingi.

Þessi athugun hjá sveitarstjórnunum fór þannig fram, að frv. var sent, að ég ætla, allflestum eða öllum sveitarstjórnum á landinu, og síðast hefur það verið tekið til meðferðar á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldið var nú fyrir hálfum öðrum mánuði. Var á þessu landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga kosin nefnd til þess að fylgjast með gangi málsins á Alþingi fyrir hönd sambandsins, en að öðru leyti ekki, að mér skilst, tekin afstaða til einstakra atriða í frv. Í þessari ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga kom fram

ósk um, að byggingarlöggjöfin í landinu, sem raunar engin er til samfelld, heldur eingöngu í molum, yrði endurskoðuð og felld saman í eina heild, og hafa verið lögð drög að því í félmrn., að þetta verði gert, og vænti ég þess, að frv. um byggingarlög gæti komið fram síðar á þessu þingi, ef vel tekst með vinnu þeirrar nefndar, sem í því starfar nú, sem er skipulagsnefndin sjálf, með ráðuneytisstjóra félmrn.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í flestum aðalatriðum shlj. því frv., sem lagt var fram á næstsíðasta Alþingi, nema í einu atriði. Í frv. 1961 var gert ráð fyrir því, að félmrn. gæti ákveðið að fengnum till. skipulagsstjórnar, að sett yrðu á fót skipulagsumdæmi, þar sem hún telur að kostur sé fullnægjandi sérfræðiaðstoðar. Þessi skipulagsumdæmi voru í því frv. ákveðin þau sömu og kjördæmin í kosningum til Alþingis, þ. e. a. s. 8. Þar var einnig gert ráð fyrir því, að á hverju þessara svæða yrði stofnuð sérstök skipulagsnefnd, sem væri skipuð 7 mönnum, og síðan að þessi skipulagsnefnd í hverju kjördæmi gæti fengið sér starfsfólk til aðstoðar. Við nánari athugun hefur þetta ákvæði verið fellt niður í þessu frv., sem hér liggur fyrir nú, þar sem talið var, að þessi skipting eða þessi skipulagsumdæmi væru það umfangsmikil, að ekki væri ástæða til að fara út í þessa skiptingu eins og enn er komið, heldur yrði það þá a. m. k. látið bíða, en dyrunum haldið opnum fyrir því, að hvert sveitarfélag, sem þess óskaði, eða samband eða samtök tveggja eða fleiri sveitarfélaga gætu haft uppi þá starfsemi í skipulagsmálum, sem það eða þau teldu æskilega, og gætu fengið kostnaðinn við þá starfsemi greiddan í svipuðum hlutföllum og áður hefur verið, þ. e. a. s. helmingurinn kæmi úr sveitarsjóðunum og helmingurinn frá ríkissjóði. Að öðru leyti er frv., sem hér liggur fyrir nú, mjög shlj. frv. frá 1961, nema þá með þeim breytingum, sem leiðir af þessari aðalbreytingu, að skipulagsumdæmin hafa nú verið felld niður.

I. kafli þessa frv. er um stjórn skipulagsmála. Þar er gert ráð fyrir, að tekinn verði upp sá háttur, að fjölgað verði nú í skipulagsnefndinni eða skipulagsstjórninni, eins og hún er nú kölluð, um tvo menn. Sömu embættismennirnir og áður eigi þar enn sæti, þ. e. húsameistari ríkisins, vegamálastjóri og vitamálastjóri, en við bætist tveir menn, annar tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, en hinn skipaður í n. án tilnefningar af félmrh. Í þennan kafla er líka tekið upp ákvæði, hvernig með skuli fara, ef heppilegra þykir að gera skipulagsuppdrætti af stærra svæði en tekur til eins sveitarfélags. Þá skuli stofnað til samvinnunefnda, þar sem skipaðir séu tveir menn úr hverju sveitarfélagi, en skipulagsstjóri verði þar oddamaður. Þessari samvinnunefnd er svo ætlað að gera till. um skipulagsuppdrætti á svæðinu, en aðeins till., því að úrslitavaldið um gerð uppdráttarins er eftir sem áður hjá sveitarstjórn og skipulagsnefnd.

Í II. kafla frv. er rætt um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar. Hér er skipulagsskyldan færð niður úr 200 íbúa svæðum og niður í 100, þannig að hvert byggðarlag, þar sem í þéttbýli eru saman komnir 100 manns eða fleiri, skal nú vera skipulagsskylt.

III. kafli er um mælingar skipulagsskyldra staða. Það er lítil breyting frá því, sem áður var. Og sama má segja um gerð skipulagsuppdrátta í IV. kafla. Um framlagningu skipulagstill. og samþykkt þeirra og staðfestingu eru svo ákvæði í V. kafla, þar sem gert er ráð fyrir, að skipulagsnefnd eða skipulagsstjórn og skipulagsstjóri í flestum tilfellum geri uppdrættina, þeir séu svo sendir viðkomandi sveitarfélagi til auglýsingar og til þess að aths. séu gerðar við þá og síðar séu þær aths. sendar skipulagsstjórn og skipulagsstjóra á ný, sem fellir svo endanlegan úrskurð um málið eða gerir endanlegar till. til ráðuneytisins.

Þá er VI. kafli um framkvæmd skipulags eldri hverfa og VII. kafli um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur. VIII. kafli er um lóðaskrár, sem er nýtt ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir, að heimila megi rn. að gera skipulagsskyldum stöðum það að skyldu, að þeir haldi sérstakar lóðaskrár.

Um greiðslu kostnaðar hef ég áður getið, en í IX. kafla segir, að ef eitthvert sveitarfélag vill sjálft taka upp það verk hjá sér að gera sinn skipulagsuppdrátt, geti það gert það og fái greiddan helming kostnaðar, þó með þeirri takmörkun, að skipulagsgjald svokallað nægi hálft til þessarar greiðslu. Tekjur, sem skipulagsstarfseminni, bæði hjá skipulagsstjórn og skipulagsstjóra annars vegar og í sveitarfélögum hins vegar, eru ætlaðar, eru hinar sömu og áður var, eða 3‰ af brunabótaverði nýrra húsa á stöðunum.

Í þessu frv. er aftur á móti ekki tekið upp það ákvæði, sem talsverður ágreiningur varð um 1958 og fyrr, þ. e. a. s. ákvæðið um það, að heimila megi að setja á verðhækkunarskatt í kaupstöðum og kauptúnum, sem skipulagsskyld eru, þar sem verðhækkun lóða og fasteigna vegna skipulagsins sé skattskyld í skipulagssjóð, til þess að viðkomandi sveitarfélag gegnum hann geti fengið nokkur ráð til þess að kaupa þær lendur og lóðir, sem skerðast eða að einhverju leyti takmarkast af skipulaginu. Það þótti heppilegra, að ef út í þetta yrði farið, yrði það gert í sérstöku frv., þar sem þar er ekki um tæknískt atriði að ræða, heldur hreint fjárhagsatriði. Það er þess vegna ekki tekið með upp í þetta frv. og var ekki heldur í því frv., sem hér var lagt fram 1961, en aðeins þau tæknísku atriði tekin upp, sem ég hef nú rætt.

Ég held, að málið liggi nú það greinilega fyrir með þeim skýringum, sem gefnar voru 1961 í grg. fyrir því frv. og einnig í grg. fyrir þessu frv., að ég þurfi ekki frekar um það að ræða eða gera grein fyrir því.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 382, 383).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur orðið sammála um að mæla með frv. til skipulagslaga með þeim brtt., sem prentaðar eru á þskj. 383. Tveir nm. hafa þó áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt.

Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. félmrh. frv. ýtarleg skil, þannig að ekki á að vera þörf á að rekja efni þess til hlítar að þessu sinni, en með því að langt er um liðið frá 1. umr., mun ég rifja upp nokkur atriði í stuttu máli.

Frv. er í flestum atriðum samhljóða frv., sem skipulagsnefnd ríkisins samdi og lagt var fyrir Alþingi 1961—1962 til kynningar og til þess að tækifæri gæfist til athugunar á efni þess milli þinga. Hafa bæði einstök sveitarfélög og Samband ísl. sveitarfélaga þannig haft góðan tíma og tækifæri til þess að koma á framfæri aths. sínum við frv., og á 5. landsþingi sambandsins s. l. sumar var kosin 5 manna nefnd í málið, sem hefur fjallað ýtarlega um það ásamt stjórn sambandsins, og mun ég síðar víkja að aths. Sambands ísl. sveitarfélaga við frv. Skipulagsnefnd ríkisins hefur einnig haft frv. í núverandi mynd til umsagnar, og segir svo í bréfi hennar, dags. 10. des. s. l., til heilbr.- og félmn., með leyfi hæstv. forseta:

„Á frv. því, sem nú liggur fyrir, hefur verið gerð ein meginbreyting af félmrn., þar sem fellt hefur verið niður það heimildarákvæði að skipta landinu í 8 sérstök skipulagsumdæmi með nokkuð sjálfstæðum skipulagsnefndum á þeim stöðum, þar sem tæknilega þjálfaðir starfskraftar eru fyrir hendi. Skipulagsnefnd ríkisins er ljóst, að þetta heimildarákvæði getur enn sem komið er tæpast komið til framkvæmda nema hér í Reykjavík, og þótt nefndin telji það mjög miður, að breyting þessi skuli hafa verið gerð á frv., telur hún önnur nýmæli, sem í því felast, það þýðingarmikil, að nauðsyn beri til að afgreiða það á þessu þingi."

Undir þetta rita Hörður Bjarnason, Sigurður Jóhannsson og Aðalsteinn Júlíusson, og kemur þarna fram, hver er sú meginbreyting, sem gerð hefur verið á upphaflegu frv. skipulagsnefndarinnar, og afstaða skipulagsnefndarinnar til þeirrar breytingar og til frv. í heild. Það er sem sé horfið frá hugmyndinni í eldra frv. um 8 skipulagsumdæmi, er fylgi núgildandi kjördæmaskipun, en í þess stað er lögð áherzla á, að stofnaðar verði samvinnunefndir sveitarfélaga um skipulagsmál, sbr. 3. gr. þessa frv., þar sem svo hagar til, að skipulag eins sveitarfélags verður ekki farsællega ákveðið, án þess að tillit sé tekið til skipulags í nærliggjandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum, eins og segir í aths. þessa frv. Verður ekki annað séð en að slíkar samvinnunefndir geti leyst þau verkefni, sem hugsað var að falin yrðu stjórnum hinna 8 skipulagsumdæma, og í eldra frv. var einnig gert ráð fyrir samvinnunefndunum. Virðist vera óþarft að gera ráð fyrir hvoru tveggja og umrædd breyting frá eldra frv. þess vegna eðlileg, enda er hugmyndin um skipulagsumdæmin naumast framkvæmanleg enn sem komið er nema hér í Reykjavík, eins og skipulagsnefnd ríkisins bendir réttilega á.

Flestar aðrar breytingar, sem rn. hefur gert á frv. skipulagsnefndar, eru afleiðing af þeirri breyt., sem ég hef nú rætt, og skal ég nú víkja nánar að efni frv. í heild.

Núgildandi skipulagslög eru að mestu frá árinu 1921. Flestar breytingar, sem gerðar hafa verið síðar á l., eru minni háttar, að því undanskildu, að árið 1938 er ákveðin núgildandi skipun á skipulagsnefnd ríkisins og skapaður vísir að embætti skipulagsstjóra. Einnig hefur sú breyting á orðið, að í stað þess, að skipulagsskyldan náði áður til allra staða, þar sem voru 500 íbúar eða fleiri, nær hún til staðar með 200 íbúa eða fleiri. Þeir staðir eru nú taldir vera 72, og fullfrágengið skipulag hafa 36 þeirra, að því er hæstv. félmrh. upplýsti við 1. umr. um þetta frv., en skipulag hinna 36 staðanna er komið vel á veg.

Árið 1951 var gerð smábreyting á l., og síðan hefur staðið til að ganga frá heildarendurskoðun þeirra. Nýtt frv., sem borið var fram 1958, náði ekki fram að ganga og var vísað til ríkisstj. Fól félmrh. skipulagsnefnd að endurskoða það, og er frv., sem lagt var fram á þinginu 1961—1962, árangur þeirrar endurskoðunar og þá enn fremur það frv., sem hér liggur fyrir. Tilgangur skipulagslaga er fyrst og fremst sá að tryggja hagkvæma niðurröðun byggða á ákveðnum svæðum miðað við sennilega þróun mála, en að sjálfsögðu skapast ný skipulagsvandamál við það, að þéttbýlir staðir taka að vaxa saman, og þau vandamál er samvinnunefndunum ætlað að fjalla um samkv. þessu frv., eins og áður er að vikið.

I. kafli þessa frv. er um stjórn skipulagsmála. Er nú gert ráð fyrir 5 manna stjórn í stað 3 áður. Verður þá stjórnin þannig skipuð: húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vitamálastjóri, einn maður skipaður samkv. tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga og einn skipaður af félmrh. Þessu ákvæði óskaði Samband íslenzkra sveitarfélaga að fá breytt þannig, að ráðherra skipi í stjórnina einn verkfræðing, einn arkitekt, tvo menn samkv. tilnefningu sambandsins og einn án tilnefningar. Nefndin hefur ekki viljað fallast á þessi tilmæli, enda þótt ljóst sé, að áhrif sveitarfélaga á skipulagsstörfin muni fara vaxandi. Telur n., að með þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, sé sýndur skilningur á sjónarmiðum sambandsins, með því að því gefst nú kostur á að tilnefna einn mann í skipulagsstjórnina og félmrh., sem hvort tveggja heyrir undir, skipulagið og sveitarstjórnarmálin, skipar annan manninn af þeim, sem bætast við í skipu-

lagsstjórn samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir. Einnig verður að líta svo á, að eðlilegt sé, að skipun hinna þriggja stjórnarmannanna verði bundin við húsameistara ríkisins, vegamálastjóra og vitamálastjóra, svo sem verið hefur, þar eð þessir embættismenn hafa sem slíkir manna mest með skipulagsmál að gera.

Þá eru í I. kaflanum ákvæðin um samvinnunefndirnar, sem ég minntist á áðan. Verksvið þeirra er að gera tillögur um skipulagsuppdrætti, en úrslitavaldið um gerð skipulagsuppdráttarins er eftir sem áður hjá hverri sveitarstjórn um sig og hjá skipulagsstjórn ríkisins.

II. kafli frv. er um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar. Er skipulagsskyldan í frv. miðuð við svæði með 100 íbúa eða fleiri í stað 200, eins og nú gildir.

III. kafli, um mælingar skipulagsskyldra staða, er lítið breyttur frá því, sem nú gildir, og IV. kafli, um gerð skipulagsuppdrátta, er einnig að mestu óbreyttur. V. kafli er um framlagningu skipulagstill. og samþykkt þeirra og staðfestingu. Er þar mælt fyrir um, hvernig skipulagstill. skuli auglýstar, áður en endanlega er frá þeim gengið, þannig að unnt sé að gera við þær aths., en felld er niður sú skylda, sem ákveðin var í 12. gr. l. nr. 55 1921, að senda skriflegar tilkynningar öllum eigendum þeirra lóða, sem uppdrátturinn breytir tilfinnanlega. Er talið ógerlegt að slá föstu, hverjum senda eigi slíka tilkynningu.

VI. kafli er um framkvæmd skipulags eldri hverfa, og er þessi kafli alger nýsmíði í frv. Nýmælið er fólgið í því, að þegar sveitarstjórn telji þörf á að endurbyggja einhvern tiltekinn reit og hafi gert um það ályktun, skuli eigendum eða umráðamönnum fasteigna á umræddu svæði tilkynnt sú ákvörðun skriflega og þeim gefinn kostur á að taka þátt í endurbyggingunni, ef þeir óska þess. Síðan fer fram félagsstofnun um málið, ef þátttaka er nægileg, en þeir, sem gerast ekki þátttakendur, geta átt von á því, að fasteignir þeirra á svæðinu verði teknar eignarnámi af sveitarstjórn. Er þá sveitarstjórn heimilt að binda eignarnám því skilyrði, að þeir, sem eru aðilar að félaginu, skuldbindi sig til að kaupa viðkomandi eignir fyrir það verð, er sveitarsjóður verður að hlíta, þannig að hann verði skaðlaus. Jafnframt er sveitarstjórn skylt að bjóða aðilum, sem tjá hafa sig fylgjandi félagsstofnun, forkaupsrétt, en sé hann ekki notaður, getur sveitarsjóður selt hverjum þeim, sem gengst undir skuldbindingar um þátttöku í endurbyggingu, með þeim skilmálum, sem sveitarstjórn setur. Þegar undirbúingi að félagsstofnun er lokið, skal fara fram mat allra fasteigna á byggingarreit þeim, sem á að endurbyggja. Félagsformið fer eftir samkomulagi, en skal vera hlutafélag, ef samkomulag næst ekki um annað, og skal hlutdeild hvers um sig í hlutafélaginu miðuð við það lóðarandvirði, matsverð, sem hann leggur fram. Andvirði mannvirkja á reitnum verður hins vegar talið til byggingarkostnaðar, nema öðruvísi semjist milli aðila. Með þessum nýju ákvæðum er að því stefnt að auðvelda bæjarfélögum að endurbyggja gömul húsahverfi. Fram að þessu hefur verið gert ráð fyrir, að bæirnir keyptu upp allar eignir og lóðir á reitum, þar sem fyrirhugað hefur verið að endurbyggja, en til þessa þarf geysimikið fjármagn, a. m. k. í stærri kaupstöðum landsins og í höfuðborginni, svo að ekki hefur reynzt unnt að framkvæma endurbygginguna með þessari aðferð, þó að hún hafi víða erlendis gefizt vel.

VII. kaflinn er um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur. Í frv. til skipulagslaga frá 1948 og 1958 voru sérstakir kaflar um forkaupsrétt sveitarfélaga að fasteignum, en hér er látið nægja að vísa til l. nr. 22 frá 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., þ. e. a. s. á fasteignum innan lögsagnarumdæmis sveitarfélaganna. Með heimild til eignarnáms á landssvæðum er að því stefnt, að bæirnir eignist sjálfir allt ónotað byggingarland, ef þeir þurfa á að halda. Hefur sveitarfélagið þá betri tök á þróun byggðarinnar, og framkvæmd skipulagsins verður auðveldari en þegar bæjarlandið er í eigu margra aðila.

VIII. kafli er um lóðaskrár. Þar koma nú almenn ákvæði um lóðaskrár, en áður hafa gilt lög um lóðaskrár fyrir einstaka staði. Gerir frv. ráð fyrir, að ráðh. verði heimilað að gera öllum skipulagsskyldum stöðum það að skyldu, að þeir haldi sérstakar lóðaskrár.

IX. kaflinn er um greiðslu kostnaðar o. fl. Skal kostnaður við mælingar og skipulagningu, sem skipulagsstjóri framkvæmir, greiddur úr ríkissjóði, en skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar. Ef sveitarfélag annast sjálft mælingar, er ríkissjóði skylt að endurgreiða því helming kostnaðarins, og ef sveitarstjórn annast fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta, er ráðh. heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði helming kostnaðarins. Tekjuöflun til að standa undir framkvæmd skipulagsmála er samkv. 35. gr. skipulagsgjald, er má nema allt að 3‰, 3 af 1000, af brunabótaverði hverrar nýbyggingar á skipulagsskyldum stað, og er það sama gjald og nú gildir. Samband ísl. sveitarfélaga óskaði þess, að þessum kafla frv. yrði breytt verulega, og var það ein veigamesta breytingin, sem sambandið óskaði eftir, að gerð væri á frv. Að athuguðu máli taldi heilbr.- og félmn. þó ekki fært að fallast á till. sambandsins að þessu leyti, en ég tel rétt, að hér komi fram, hverjar þær eru. Till. eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, — þær eru í bréfi, dags. 14. jan. 1964, til heilbr.- og félmn. Nd. Alþingis, — það er brtt. sambandsins við 33. gr., greinin orðist svo:

„Stofna skal sérstakan sjóð, skipulagssjóð ríkisins, til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmd skipulagsmála samkv. lögum þessum. Ríkissjóður leggur sjóðnum stofnfé, 4—5 millj. kr. Innheimta skal sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem renna skal í skipulags-

sjóð. Gjaldið skal nema allt að 5‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki. Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík tollstjóri, innheimta gjaldið hver í sínu umdæmi. Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega upphæð, sem svarar 40% af skipulagsgjöldum næstliðins árs. Skipulagsstjórn ríkisins hefur á hendi stjórn skipulagssjóðs, en ráðh. setur nánari ákvæði um reikningshald sjóðsins, upphæð skipulagsgjalda og annað, er máli skiptir, í reglugerð, að fengnum till. skipulagsstjórnar."

Og við 34. gr., greinin orðist svo:

„Kostnaður við mælingar og skipulagsstörf, sem skipulagsstjórn annast eða sveitarfélag hefur fengið leyfi til að annast samkv. 2. gr., skal greiddur að 3/4 úr skipulagssjóði ríkisins samkv. 33. gr. Sama gildir um kostnað vegna starfa samvinnunefndar samkv. 3. gr. Ef ágreiningur verður um greiðsluskyldu, sker ráðh. úr."

Og í grg. Sambands ísl. sveitarfélaga með þessum till. segir svo; og það tel ég einnig rétt, að komi hér fram:

„Það er meginsjónarmið sambandsins, að allar tekjur af skipulagsgjöldum renni óskiptar til skipulagsframkvæmda. Því fer víðs fjarri, að svo hafi verið hin seinustu ár, enda þótt mjög brýn verkefni bíði óleyst í skipulagsmálum. Þessi verkefni fara ört vaxandi frá ári til árs og þar af leiðandi þörfin fyrir aukið fjármagn til skipulagsvinnu í sveitarfélögunum víðs vegar um land. En þau hafa veigrað sér við að taka skipulagsmálin nægilega föstum tökum vegna þess, hve fjárhagsgetu þeirra hefur verið þröngur stakkur skorinn. Fyrirsjáanlegt er, að á næstu árum verður að leysa af hendi mikil störf á þessu sviði í kaupstöðum og reyndar í kauptúnum líka, m. a. með hliðsjón af lagningu varanlegra gatna, svo sem þjóðvega gegnum kaupstaði og kauptún, en það eru framkvæmdir, sem fylgja munu í kjölfar hinna nýju vegalaga. Til að standa straum af kostnaði við aukna skipulagsvinnu er lagt til, að öll skipulagsgjöld renni í sérstakan skipulagssjóð. Heimild til handa ráðh. að ákveða skipulagsgjaldið er jafnframt rýmkuð, hámarkið bundið við 5‰, en gjaldið yrði að öðru leyti reglugerðarákvæði. Til viðbótar skipulagsgjöldunum er lagt til, að ríkissjóður leggi sjóðnum framlag, sem nemur 40% af heildarupphæð skipulagsgjalda í landinu á næstliðnu ári, þ. e. árið áður en fjárlagafrv. hvers árs er samið. Þá er enn fremur lagt til, að ríkissjóður leggi skipulagssjóðnum stofnfé, 4.5 millj. kr., og er upphæð þessi ákveðin með hliðsjón af þeim tekjuafgangi, sem tekjur af eftirliti með skipulagi bæja og þorpa umfram gjöld hafa numið s. l. 5 ár, á árunum 1958—1962, samkv. ríkisreikningi. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins hefur tekjuafgangur þessi verið sem hér segir:

Árið 1958	604554	kr. (ég sleppi aurum)
Árið 1959	595823	—
Árið 1960	723726	—
Árið 1961	1399626	—
Árið 1962	1242551	—
Samtals	4566282	kr.

Með stofnframlaginu, 4.5 millj., er hugmyndin að reyna að tryggja, að sjóðnum yrði ekki fjár vant fyrstu árin, þótt útgjöld eitthvert árið færu fram úr árlegum tekjum."

Enn fremur er gerð svo hljóðandi grein fyrir þeirri till. að breyta skiptingunni á kostnaðarhlutfallinu:

„Ástæðulaust er annað en að láta sömu reglur gilda um skiptingu kostnaðar vegna mælinga og annarrar skipulagningar, og eru því ákvæði 33. gr. og 34. gr. frv. sameinuð. Sú breyting er gerð á gildandi hlutföllum við skiptingu kostnaðarins við skipulagningu og mælingu, að lagt er til, að skipulagssjóðurinn beri kostnaðinn að 3/4 hlutum og viðkomandi sveitarsjóður að 1/4 hluta. Þessi till. er fram borin vegna stóraukinnar þarfar fyrir skipulagsvinnu í landinu og með hliðsjón af þeim auknu fjárráðum, sem skipulagssjóðurinn fær samkv. brtt. við 33. gr., miðað við það fjármagn, sem til ráðstöfunar hefur verið til skipulagsstarfa til þessa. Frv. gerir aftur á móti ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi að þessu leyti, að þeirri reglu verði áfram fylgt, sem verið hefur, að hvor aðili um sig, sveitarsjóður og ríkissjóður, greiði helming kostnaðarins. Tilhögun sú er að vorum dómi ekki fullnægjandi."

Þannig lýkur þessari grg. Sambands ísl sveitarfélaga, sem ég taldi rétt, að hér kæmi fram í þessu sambandi.

Eins og þarna kemur fram í grg. Sambands ísl. sveitarfélaga, hefur ríkissjóður haft nokkurn tekjuafgang af skipulagsgjaldinu, og virðist því enn sem komið er ástæðulaust að hækka gjaldið, eins og sambandið óskar, enda þótt fyrirsjáanlegt sé, að verkefni á sviði skipulagsmála muni fara vaxandi. Að því verður einnig að gæta, að gjaldið, 3‰, leggst á síhækkandi matsverð bygginga og kemur af þeirri ástæðu til með að gefa auknar tekjur. Loks er svo það, að þótt ekki verði horfið að því ráði samkv. till. sambandsins að láta þetta gjald renna í sérstakan sjóð, aðallega til þess að tryggja, að því verði öllu varið til skipulagsmála, verður að líta svo á, að ríkissjóði beri að verja því öllu þannig, ef þörf krefur, þótt sú þörf komi til, eftir að gjaldið hefur verið innheimt í ríkissjóð. Þá er þess einnig að geta, að samkv. frv. ber ríkissjóði að greiða kostnaðinn við framkvæmd skipulagsmála, einnig þótt hann fari fram úr þeim tekjum, sem skipulagsgjaldið gefur. Að þessu athuguðu m. a. hefur n. ekki séð sér fært að fallast á umræddar till. Sambands ísl. sveitarfélaga.

Eins og fram hefur komið hér að framan, eiga sveitarfélögin þess kost samkv. þessum kafla að annast sjálf um gerð skipulagsuppdrátta, en það er annað höfuðatriðið, sem Sam-

band ísl. sveitarfélaga hefur lagt áherzlu á, að næði fram að ganga.

X. kafli frv. er um refsiákvæði. Þar gerir heilbr.- og félmn. þá brtt. við 36. gr., að beita megi allt að 1000 kr. dagsektum í stað þess, að það skuli fortakslaust vera 1000 kr.

Um brtt. n. að öðru leyti þarf ekki að fjölyrða. Þær snerta ekki meginatriði frv. Fyrsta brtt. er við 2. gr. og felur það í sér, að skipulagsstjóri skuli leita úrskurðar ráðh., ef hann telur, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, í stað þess að frv. gerir þarna aðeins ráð fyrir heimild. Einnig leggur n. til, að ráðh. skuli leita umsagnar bæði skipulagsstjórnar og sveitarstjórnar, í stað þess að í gr. er eingöngu gert ráð fyrir, að leitað sé umsagnar skipulagsstjórnar. Þá er því bætt þarna við, að þessir aðilar skuli senda umsagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðh. tiltekur.

2. brtt. n. er við 3. gr., 2. mgr. Þar gerir frv. ráð fyrir, að skipulagsstjóri sé formaður samvinnunefndar sveitarfélaga um skipulagsmál. Lagt er til, að skipulagsstjórn skipi oddamanninn í nefndina og skuli hann vera formaður hennar. Þetta mundi þó ekki hindra það, að skipulagsstjóri gegndi formennsku í slíkum nefndum, þar sem hægt er að koma því við.

3. brtt. er við 12. gr. og er aðeins breyting á orðalagi.

Með 4. brtt. er lagt til, að 2. mgr. 15. gr. falli niður, en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sveitarstjórn gerir brtt., ákveður skipulagsstjórn, hvort skipulagstill. skuli lögð fram með breytingu sveitarstjórnar eða án hennar."

Samband ísl. sveitarfélaga óskaði eftir niðurfellingu þeirrar mgr., og hefur n. tekið upp þá till.

5. og 6. brtt. eru nánast leiðréttingar, og við 18. gr. er gerð sú brtt. að lengja frest þann, sem sveitarstjórnunum er ætlaður til þess að skila aths. við skipulagstill., úr 4 vikum í 8 vikur.

Ég leyfi mér, að svo mæltu, herra forseti, að leggja til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem heilbr.- og félmn. hefur borið fram á þskj. 383.

Áður hafa í sambandi við endurskoðun skipulagslaganna risið hér á Alþ. deilur um verðhækkunarskatt, og munu þær deilur hafa átt einhvern þátt í því, að endurskoðun l. hefur dregizt á langinn. Ég vona, að menn geti nú að athuguðu máli fallizt á, að slíkur skattur, sem vissulega á mikinn rétt á sér, eins og högum er háttað í þjóðfélagi okkar í dag, er mál út af fyrir sig, sem ekki er nauðsynlegt að tengja við skipulagslögin. Í sambandi við þau þarf einungis að tryggja hæfilega tekjuöflun til að standa undir kostnaði við framkvæmd skipulagsmálanna, eins og frv. gerir ráð fyrir. Allsherjar verðhækkunarskattur er hins vegar miklu stærra og flóknara mál, sem réttara væri þá að bera fram sérstaklega, og þarf samþykkt þessa frv. á engan hátt að standa í vegi fyrir því, að bornar verði fram tillögur um verðhækkunarskatt. En staðfesting nýrra skipulagslaga er orðin mjög aðkallandi og þess vegna æskilegt, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ýmislegt, sem er til bóta í þessu frv., og hefði ekki veitt af, að fyrr hefði tekizt að fá samþykkt hér á Alþingi lög, sem koma í staðinn fyrir gömlu lögin frá því fyrir 40 árum. Þróun þjóðfélagsins hefur verið ákaflega hröð og ekki sízt þróun bæjanna og alveg sérstaklega þróun Reykjavíkur. Ég held þó, að með þessu lagafrv. séu stigin spor, sem gangi skemmra en var í því frv., sem lagt var fyrir 1948, og ég held, að það sé óheppilegt, að ekki séu nú, þegar þessi mál eru afgreidd, gerðar róttækari ráðstafanir en þær, sem í þessu frv. felast. Ég skal sérstaklega gera hér 4—5 atriði að umtalsefni.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við 1. gr. um sjálfa stjórn skipulagsmála. Þar er haldið þessu gamla ákvæði, að húsameistari ríkisins, vegamálastjóri og vita- og hafnarmálastjóri skuli vera sjálfskipaðir í þá nefnd. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Það snertir hvorki þá menn, sem fyrr hafa verið í þessu embætti né síðar, en það að binda það við ákveðin embætti, að einmitt mennirnir, sem í þeim eru, skuli vera sjálfskipaðir í skipulagsstjórn ríkisins, held ég, að sé ekki orðið í samræmi við þróun byggðarinnar í landinu. Ég held, að það sé orðið óhjákvæmilegt, að ef á að skipa sérstaka skipulagsnefnd, sé öruggt, að í henni séu einhverjir menn, sem hafa sérþekkingu í þessum efnum. Það er vitanlegt, að eitt af því, sem í öllum erlendum borgum t. d. er og þykir sjálfsagt um slíkt, er, að þeir menn, sem um þetta fjalli, séu sérstaklega menntaðir til þess, og menn eru sérstaklega menntaðir nú, m. a. við háskóla erlendis, til þess að vera skipulagsfræðingar um skipulag borga og kauptúna og bæja, og enn fremur er það, að byggingarfræðingar læra alltaf meira og minna í þessum efnum, og það mætti þess vegna gjarnan tryggja það, að í stjórn þessara mála, eins og sjálfri skipulagsstjórn ríkisins, væru bæði menn, sem væru menntaðir sem skipulagsstjórnendur, og arkitektar og byggingarmeistarar eða annað slíkt. Ég held þess vegna, að þetta hefði bæði hæstv. ríkisstj. og hv. n. átt að taka til alvarlegrar athugunar.

Þá er í öðru lagi í sambandi við 2. gr., þ. e. um skipulagsstjóra ríkisins. Alveg án tillits til þess, hver nú er skipulagsstjóri, þá er það mikil spurning, hvort á ekki í sambandi við svona embætti að setja ákvæði um það, að menn séu sérstaklega menntaðir til þeirra. Það er gert við þorrann allan af embættum ríkisins, og hví skyldi það ekki vera um annað eins og þetta líka, að til þess þurfi einhverja sérstaka kunnáttu?

Ég skal ekki fara ýtarlega út í þær mörgu greinar, sem hér eru viðvíkjandi sjálfum skipulagsuppdráttunum og öðru slíku, enda hef ég ekki þekkingu til þess, en vil gera sérstaklega

að umtalsefni nokkuð, sem snertir VI. og VII. kafla, annars vegar um framkvæmd skipulags eldri hverfa og hins vegar um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur. Ég held, að það hljóti að vera viðurkennt af öllum, sem um þessi mál hugsa, og sérstaklega hvað snertir helming byggðarinnar í landinu, Reykjavík og nágrenni, að höfuðspurningin og höfuðerfiðleikinn í sambandi við skipulagningu á þessum málum er einstaklingseignarrétturinn á lóðum. Aðalþröskuldurinn í götu skynsamlegrar skipulagningar, sérstaklega í Reykjavík, er nú orðinn einstaklingseignarrétturinn á megininu af lóðum innan Hringbrautar. Bæirnir úti um land hafa sumir verið svo heppnir, meira að segja frá upphafi, að eiga landið, sem þeir eru byggðir á, eða kaupa það mjög snemma, og aðrir bæir hafa átt það forsjála stjórnendur, eins og t. d. Akureyri, að þeir lögðu sig snemma eftir því að kaupa allt landið, sem þar var í kring. Það er Oddeyrin ein, sem þar varð út undan og lenti um tíma óðruvísi. Hér í Reykjavík aftur á móti hefur óhamingjan viljað það, að eftir aldamótin lendir meginið af því, sem er innan Hringbrautar, í einkaeign. Ég man eftir, að allar þessar lóðir innan Hringbrautar voru metnar á eitthvað 30 millj. kr. 1932, en hins vegar var bærinn þá með forsjálni búinn að eignast allar lóðirnar svo að segja utan við. Og síðan hefur skipulagningin í Reykjavík gengið þannig fyrir sig, að það, sem raunverulega hefur verið skipulagt, er það, sem er utan Hringbrautar, af því að þar hefur bærinn sjálfur átt lóðirnar. En það, sem stendur eins og fleinn í holdi manna enn þá, er skipulagningin innan Hringbrautar, af því að þar eiga einstaklingar þetta, og það er verið að káka við að samþykkja eina og eina lóð, byggja á einni og einni lóð, venjulega í vitleysu, einu og einu horni, og venjulega án alls samræmis, allt saman vegna þess, að Reykjavíkurbær á ekki þessar lóðir. Þess vegna er það í raun og veru höfuðforsendan í sambandi við skipulagslög, að þessu sé breytt, og þetta er ekki mál, sem er utan við skipulagslög og skipulagsþarfir, heldur er fremsta mál alls skipulags. Landið þarf að vera í eigu bæjarfélagsins, og þetta hefur Alþ. hvað eftir annað viðurkennt með alls konar aðstoð við bæi úti um landið, eignarnámi og öllu mögulegu þess háttar og eignarnámslögum, en hvað snertir aftur á móti Reykjavík, þá hefur þetta gengið miklu erfiðlegar. Þar hefði verið nauðsynlegt, að gerðar hefðu verið frá upphafi ráðstafanir til þess, að bæjarfélögin gætu eignazt þessar lóðir og það með sérstaklega heppilegu móti.

Í því frv., sem lagt var fyrir Alþingi 1948 og var þskj. 20 þá og lagt var fram af páv. félmrh. og forsrh., Stefáni Jóh. Stefánssyni, sem stjórnarfrv., var gengið mjög miklu lengra í þessum efnum. Sú stjórn, sem þá sat að völdum, sem var sú stjórn, sem bæði Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. skipuðu, tók mjög miklu dýpra í árinni en núna er gert í þessum lögum. Þar var m. a. ákveðið í 28. gr. í því frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Til fjáröflunar í því skyni að greiða kaupverð fasteigna, er sveitarstjórn kaupir, til þess að skipulagsbreytingu verði komið í framkvæmd, þ. á m. til greiðslu bóta fyrir eignarnám, er sveitarstjórn heimilt að gera samþykkt um stofnun skipulagssjóðs fyrir bæjar- eða hreppsfélagið.“

Og þetta er til ýtarlegri skýringar einmitt á VI. kaflanum, sem var um eignarnám og skaðabætur. Síðan er lagt til, að ákveðið sé þar í 30. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í samþykkt um skipulagssjóð er heimilt að kveða svo á, að sjóðnum skuli afla tekna með árlegu gjaldi af öllum fasteignum í umdæminu, öðrum en fasteignum annarra ríkja, sem notaðar eru í þjónustu þeirra. Upphæð gjaldsins má vera jafnhá fasteignaskatti samkv. l. nr. 67 12. apríl 1945 og skal ákveðin í samþykktinni til 5 ára í senn.“

Og enn fremur er í 32. gr.:

„Við fasteignamat skal meta sérstaklega fyrir hverja fasteign þá verðhækkun, sem á henni er orðin frá síðasta fasteignamati og telja má, að stafi af skipulagsbreytingu, hvort sem sú skipulagsbreyting er þegar komin til framkvæmda eða aðeins ráðgerð á staðfestum skipulagsuppdrætti.“

M. ö. o.: í löggjöfinni var gengið út frá því, að það skyldi reyna að taka eignarnámi meginið af þeim lóðum, sem byggja þyrfti á. Það skyldi leggja á sérstakt fasteignagjald og það skyldi leggja á sérstakan verðhækkunarskatt, sem skyldi renna í sjóð til bæjarfélaganna, til þess að borga þessar lóðir. Og enn fremur voru ákvæði í 23. gr. um eignarnám og skaðabætur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó getur sveitarstjórn ákveðið með samþykki ráðh., að allt að helming eignarnámsverðs skuli greiða með skuldabréfum tryggðum með ríkisábyrgð, og heimilast ríkisstj. að veita slíka ábyrgð, enda er þá skylt að bera undir ríkisstj., hvort yfirmat skuli fram fara eða hvort áfrýja skuli til venjulegs eða sérstaks yfirmats.“

M. ö. o.: í því frv., sem lagt var fyrir af páv. ríkisstj., var gengið út frá því að gera bæjarfélögunum kleift að taka eignarnámi allar einstaklingslóðir, sem bærinn áliti að væri nauðsynlegt, og greiða eignarnámsverðið að hálfu leyti í skuldabréfum til svo og svo langs tíma. Og þetta voru sanngjörn og nauðsynleg ákvæði. Hér í Reykjavík, ef við tökum bara Austurstræti, Bankastræti, Laugaveg, skiptir það hundruðum milljóna, sem lóðirnar við þessar götur kosta nú, ef á að selja þær með því uppsprengda verði, sem er á þeim núna, — það skiptir hundruðum millj. Og þessu verðmæti, sem felst í þessum lóðum nú, hafa eigendur þeirra aldrei unnið fyrir og ekkert lagt fram til þess að skapa þetta verðmæti, þannig að þetta er óverðskuldað verðmæti, sem eingöngu er til orðið fyrir starf þjóðfélagsins sem heildar, fyrir byggingu Reykjavíkur

og annað slíkt, þannig að það er að öllu leyti óréttmætt og er skattur, sem lagður er á allar framkvæmdir í þjóðfélaginu, að fara að greiða til þeirra landeigenda, sem eiga þessar lóðir, gífurlegt verð. Það er skattur, sem leggst síðan á þjóðfélagið í heild, skattur, sem alls ekki á að eiga sér stað, — skattur einstakra manna og skattheimta þeirra á þjóðfélagið í heild. Þess vegna er nauðsynlegt, að gerðar séu nógu harðar ráðstafanir til þess að tryggja rétt þjóðfélagsins í þessu efni. Þorri af þjóðfélögunum hefur gert þetta með verðhækkunarskatti. Hefði það verið gert nægilega snemma á Íslandi, jafnvel þótt það hefði ekki verið gert fyrr en 1948, hefði meira en helmingurinn af öllu lóðaverðinu þarna núna áreiðanlega runnið beint sem verðhækkunarskattur til bæjar- eða ríkissjóðs. Það verður ekki skipulagt af neinu viti, fyrr en búið er að framkvæma þetta, vegna þess að við sjáum það, sem fylgjumst nokkurn veginn með, þegar verið er að gera till. um skipulagið í Reykjavík nú, að þeir, sem till. gera, reikna með eigendum lóðanna eins og þeir eru núna og taka tillit til þeirra, og það er einmitt sá hlutur, sem má ekki eiga sér stað. Þegar verið er að skipuleggja, má ekki taka neitt tillit til þeirra, sem eiga lóðirnar. En þeim finnst þeir þurfa þess, bæði vegna þess, að það er það dýrt að eyðileggja þær, en það gæti verið alveg nauðsynlegt, bærinn yrði að borga þær kannske hvort sem er, eins og nú er, þannig að það er í sambandi við skipulagsmálin nauðsynlegt að gera þarna ákveðna hluti. Ef eitt ríki væri ákveðið í þessum hlutum, getur það gert ýmislegt líka til þess að gera sér þetta ódýrara. Það getur ákveðið, að það megi ekki byggja á svona lóðum, fyrr en þær eru komnar í eigu ríkisins, það skuli alls ekki tekið til með skipulagningu á þessu og eigi ekki að byggja á þeim, þannig að ríkið standi almennilega að vígi þá í samningum við þessa aðila. En það getur ekki gengið að skapa svona sérréttindi í þjóðfélaginu til handa einstökum lóðareigendum og láta þá fara að innheimta, — líklega verða það milljarðar til samans, sem lóðirnar í allri Reykjavík koma til með að kosta, ef á að kaupa þær á endanum allar saman upp. Ég held þess vegna, að það hefði verið miklu heppilegra, að þessi gömlu ákvæði hefðu nú verið tekin upp í þessi skipulagslög og þessi kafli, sem var í frv. ríkisstj. 1948, hefði verið tekinn upp nú, VI. kaflinn, um eignarnám og skaðabætur, og VII. kaflinn, um skipulagssjóðinn. Það er slæmt, að það, sem hæstv. þáv. félmrh. gat lagt fram, skuli máske þykja orðið allt of róttækt nú, til þess að hægt sé að leggja það fyrir Alþingi, og ég vil alvarlega skjóta því til hv. þm., að þeir taki þetta til athugunar.

Ég er ekki reiðubúinn til þess að koma fram með brtt. nú þegar við þessa umr., en mundi þá reyna það undir þá næstu, en ég vil benda mönnum á, hvílík gífurleg verðmæti hér eru í húfi.

Þá vildi ég að síðustu minnast á það, að ég hef lagt hér fram frv., sem liggur fyrir þessari hv. d. og líklega fyrir hv. heilbr.- og félmn., um heildarskipulagningu miðbæjarins í Reykjavík. Við vitum, að þessi heildarskipulagning stendur að miklu leyti í veginum fyrir öllum framkvæmdum. Hún er engin til, og það eru engar ákvarðanir í sambandi við þessi skipulagslög nú, sem að neinu leyti mundu tryggja það að flýta því máli. Ég veit ekki, hvort sú hv. n. hefur nokkuð athugað það frv., sem er á þskj. 277, nú þegar, en ég er hræddur um, ef ekki næst samkomulag um, að einhverjar sérstakar ráðstafanir séu gerðar milli 2. og 3. umr. um það mál, að þá mundi ég e. t. v. sjá ástæðu til að bæta við sérstökum kafla, alveg fyrir utan máske aðra kafla í þessum lögum, og það sé um heildarskipulagningu miðbæjarins í Reykjavík alveg sérstaklega. Ég hef áður mælt fyrir því í þessari hv. d., hvaða ástæður liggja til þess, og ég álít satt að segja, að það öngþveiti, sem þau mál eru í, hefði átt að gefa hv. heilbr.- og félmn. ástæðu til þess að taka þessi mál heldur róttækari tökum en hún hefur tekið. Ég mun hins vegar ekki að svo stöddu gera þetta frekar að umtalsefni, en mundi þá áskilja mér heldur undir 3. umr. að gera brtt við þetta frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 383,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 383,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 383,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 383,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 383,5 samþ. með 28 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 383,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 383,7 samþ. með 28 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
26.—30. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
31.—32. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
33.—35. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 383,8 samþ. með 30 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 408, 429).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast til umræðu, minntist hv. 3. þm. Reykv. (EOl) á, að í það frv., sem hér liggur nú fyrir um skipulagsl., vantaði sum þau mikilvægustu ákvæði, sem hafa verið í hlíðstæðum frv., sem hér hafa verið lögð fram áður til nýrra skipulagslaga. Og hann sagðist mundu flytja hér till. til breytinga á þessu frv. einmitt í þá átt að taka meira tillit til till., sem áður hefðu komið fram. Einar hafði flutt brtt. við frv., áður en hann fór af þingi, en enn þá er ekki búið að útbýta hér á Alþ. þeim brtt., sem hann hafði lagt fram, en ég vænti, að mér leyfist, með leyfi hæstv. forseta, að gera hér grein fyrir þessum brtt. Einars, en þeim mun væntanlega verða útbýtt hér síðar á fundinum.

Þessar till. eru um það, að tekinn verði upp í þetta frv. nýr kafli, sem heiti „Um skipulagssjóði". Þar er um að ræða 5 nýjar frvgr., sem allar fjalla um þetta atriði. Þessar gr. eru nákvæmlega samhljóða till., sem fram komu í frv., sem lagt var hér fyrir Alþ. um ný skipulagslög árið 1948, en það frv. hafði þá verið samið af mþn., sem hafði starfað alllengi að undirbúningi þessa máls. Og í grg. með frv., sem þá var lagt fram, var á það bent af hálfu þeirrar n., sem það frv. samdi, að hún teldi einmitt, að mikilvægasta ákvæði þess frv. væri einmitt fólgið í þessum till. um skipulagssjóði. En meginatriðið er það að heimila í l. hreppsfélögum og bæjarfélögum að koma upp sérstökum skipulagssjóðum, sem hafi tiltekna tekjustofna, til þess að auðvelda framkvæmd á öllum skipulagsmálum í hinum einstöku umdæmum. En eins og allir þekkja, er einmitt eitt mesta vandamálið við framkvæmd á skipulagi í kaupstöðum og kauptúnum sá fjárhagslegi vandi, sem því fylgir að ætla að framkvæma þær skipulagstill., sem annars hafa verið ráðgerðar, því að það vill oft og tíðum fara svo, að slíkt er æði kostnaðarsamt, að fara eftir hinu ráðgerða skipulagi.

Brtt. þessar, sem hér er um að ræða, en ég ætla að leyfa mér að lesa þær og gera þá stutta grein fyrir þeim um leið, en þessar brtt. eru á þessa leið, að á eftir 30. gr. komi nýjar gr., er verði VIII. kafli, undir fyrirsögninni „Um skipulagssjóði", og þær séu svo hljóðandi:

Í fyrsta lagi: Til fjáröflunar í því skyni að greiða kaupverð fasteigna, sem sveitarstjórn kaupir til þess að skipulagsbreytingu verði komið í framkvæmd, þar á meðal til greiðslu bóta fyrir eignarnám, er sveitarstjórn heimilt að gera samþykkt um stofnun skipulagssjóðs fyrir bæjar- eða hreppsfélagið.

Og önnur gr.: Nú er samþykkt um stofnun skipulagssjóðs gerð af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá samþykktin send félmrn. til staðfestingar. Virðist ráðh. einhver ákvæði samþykktarinnar fara í bága við lög eða vera gagnstæð lögvörðum réttindum manna, endursendir hann samþykktina án staðfestingar og tilkynnir sveitarstjórn ástæður þess, að hann vilji ekki staðfesta hana. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Samþykkt, er ráðh. hefur staðfest, verður aðeins breytt með sama hætti og hún var sett.

Og þriðja nýja gr., sem lagt er til að tekin verði upp, er þannig: Í samþykkt um skipulagssjóð er heimilt að kveða svo á, að sjóðnum skuli aflað tekna með árlegu gjaldi af öllum fasteignum í umdæminu, öðrum en fasteignum annarra ríkja, sem notaðar eru í utanríkisþjónustu þeirra. Upphæð gjaldsins má vera jafnhá fasteignaskatti samkv. II. kafla l. nr. 69 28. apríl 1962 og skal ákveðin í samþykktinni til 5 ára í senn. — Gjalddagi skal og ákveðinn í samþykkt. — Gjaldið er lögtakskræft án undangengins dóms eða sáttar, og fylgir því lögveð í hinni gjaldskyldu eign, á sama hátt og lögveð er fyrir fasteignagjöldum samkv. greindum l., nr. 69 1962.

Og fjórða nýja gr., sem lagt er til að taka upp, er þannig: Hafi sveitarfélag vegna fyrirhugaðs skipulags keypt fasteign eða látið taka eignarnámi og fasteign þessi síðan seld að nokkru eða öllu leyti, skal hagnaður sá, sem verður af þeirri sölu, renna í skipulagssjóð. Sama gildir um leigutekjur, sem sveitarfélagið kann að hafa af fasteignum, sem það hefur eignazt með þessum hætti. — Enn fremur má ákveða í samþykkt, að tekjur af sölu eða leigu fasteigna, sem sveitarfélagið hefur eignazt með öðrum hætti, skuli renna að meira eða minna leyti í skipulagssjóðinn.

Og fimmta greinin: Við fasteignamat skal meta sérstaklega fyrir hverja fasteign þá verðhækkun, sem á henni er orðin frá síðasta fasteignamati og telja má að stafi af skipulagsbreytingu, hvort sem sú skipulagsbreyting er þegar komin til framkvæmda eða er aðeins ráðgerð á staðfestum skipulagsuppdrætti. — Þegar skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur sveitarstjórn látið fram fara sams konar mat, er komi í stað mats samkv. 1. mgr., þar sem kveðið sé á um verðhækkun einstakra fasteigna við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar samkv. uppdrættinum. — Slíkt mat skal gert af þriggja manna matsnefnd: einum manni tilnefndum af sveitarstjórn, öðrum af ráðh. sveitarstjórnarmála, en hinum þriðja af hæstarétti, og er hann formaður matsnefndarinnar. Kostnaður við þetta mat greiðist úr sveitarsjóði eða skipulagssjóði, eftir ákvörðun sveitarstjórnar. — Af verðhækkun, sem metin verður samkv. 1. og 2. mgr., skal eiganda fasteignarinnar skylt að greiða allt að 100% í skipulagssjóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykkt. — Um gjalddaga á verðhækkunarskatti þessum skal setja ákvæði í samþykkt, og er heimilt að kveða á um gjaldfrest, gegn greiðslu vaxta, og annað varðandi innheimtuna. — Sveitarstjórn getur tilkynnt fjárhæð skattsins til innritunar í veðmálabækur og öðlast þá lögveð í hinni skattlögðu eign, er gangi fyrir öllum síðari veðböndum. —

Undanþegnar verðhækkunarskatti samkv. þessari gr. eru einungis fasteignir annarra ríkja, sem notaðar eru í utanríkisþjónustu þeirra. — Nú eru gerðar breytingar á fram lögðum og staðfestum skipulagsuppdætti, og skal þá metið á ný, hvort verðhækkunarskattur breytist. Slíkt endurmat skal gert af sömu aðilum sem mátu verðhækkunina samkv. 1. eða 2. mgr.

Ég hef þá lesið upp þær brtt., sem Einar Olgeirsson gerir ráð fyrir að gerðar verði á því frv. til skipulagslaga, sem hér liggur nú fyrir. En eins og ég sagði í upphafi máls míns, er aðalefni þessara brtt. að gefa bæjar- og sveitarfélögum rétt til þess að mega koma upp sérstökum skipulagssjóði á þann hátt, að fasteignir í viðkomandi umdæmi verði skattlagðar með álíka háum skatti og fasteignaskatturinn er nú, enn fremur, að leggja megi sérstakan verðhækkunarskatt á þær fasteignir, sem að mati sérstakrar matsnefndar hafa sannanlega hækkað í verði af völdum skipulagsmála vegna ákvæða skipulagsins. Á þennan hátt er hægt að afla nokkurs fjár til þess að standa síðan undir framkvæmdum í skipulagsmálum.

Eins og nú er háttað, er mjög erfitt fyrir bæjar- og sveitarfélög að fylgja eftir á eðlilegan hátt þeim skipulagsuppdráttum, sem annars hafa verið samþykktir eða staðfestir, og reynslan er sú, að ýmist er verið að víkja meira og minna frá gerðu skipulagi af kostnaðarástæðum eða látið er bíða á alveg óhæfilegan hátt að ráðast í skipulagsframkvæmdir vegna þess, að viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag treystir sér ekki af fjárhagsástæðum til þess að ráðast í framkvæmd skipulagsins. Auk þess er svo það, að það nær vitanlega engri átt, að verðhækkanir, sem verða á fasteignum beinlínis af völdum skipulagsframkvæmda bæjar- og sveitarfélaga, eigi að falla í hendur þeim, sem eiga þessar eignir. Miklu eðlilegra er vitanlega, að bein verðhækkun þessara eigna, sem stafar af skipulagslegum ráðstöfunum, gangi einmitt í svona skipulagssjóð, eða að verulegu leyti gangi þessi verðhækkun á eigninni sem tekjustofn til skipulagssjóðs, til þess síðan að auðvelda framkvæmd skipulagsmála.

Eins og ég sagði áður, hafa þessar till. komið hér fram áður, verið lagðar fram í stjórnarfrv. samkv. till. n., sem hafði unnið að endurskoðun þessara mála, og ég minnist þess sérstaklega, að í þeirri nefnd voru Jónas Guðmundsson, sem lengi hefur haft með sveitarstjórnarmál að gera, og enn fremur borgarritarinn í Reykjavík, og einhverjir voru það fleiri í nefndinni, sem ég man nú ekki upp að telja. En þetta voru till. þeirra, og það hefur komið hér fram í umr. á Alþ. oft áður, að ýmsir fleiri eru á þeirri skoðun, að það sé í rauninni heldur lítið gagn að skipulagslögum svipuðum þeim, sem hér liggja nú fyrir í frv.-formi, ef einhver slík ákvæði sem þessi varðandi fjárhagshliðina á framkvæmd málanna fást ekki þar samþ. með.

Ég hef gert grein hér í stuttu máli fyrir þessum brtt. Einars Olgeirssonar, sem væntanlega verður útbýtt síðar á þessum fundi, og ég vænti, að málið verði ekki tekið hér til atkvgr., fyrr en þessar till. liggja fyrir í þskj. hjá hv. þm.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 429, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á skipulagslögum hefur verið flutt nokkrum sinnum á Alþingi, án þess að það hafi náð fram að ganga. Og það er alveg rétt, að í einu þessu frv. voru ákvæði svipuð því, sem hv. 5. þm. Austf. (LJós) nefndi hér áðan, þ. e. a. s. ákvæði um það, að tekna yrði aflað til skipulagsframkvæmda á þann hátt, sem í þeim till. er gert grein fyrir. En það kom í ljós, að þótt menn væru sammála um hin tæknisku atriði í þessu frv. um breytingu á skipulagslögunum, voru menn ekki eins sammála um hitt, hvernig tekna til þessara framkvæmda skyldi aflað, þannig að þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, var fyrst borið fram eða frv., sem var mjög svipað því, 1960 og 1961, voru þessi ákvæði um tekjuöflun til skipulagsframkvæmdanna tekin út, til þess að reyna að fá hin tæknisku atriði afgreidd út af fyrir sig og án þess að málið í heild þyrfti að stöðvast vegna ágreinings um fjárhagsmálin. Í grg., sem fylgdi frv. 1961, er gerð grein fyrir þessu. Með leyfi hæstv. forseta, segir svo í grg fyrir því frv.:

„Það, sem frekast getur orkað tvímælis, er það, að úr þessu frv. hefur verið sleppt þeim ákvæðum, sem bæði voru um fjáröflun til skipulagsaðgerða í frv. 1948 og 1958 svo og í frv. til laga um skipulagssjóði frá 1940. Í þessum frv. voru gerðar till. um sérstakan verðhækkunarskatt, sem lagður yrði á þær eignir, er hækkuðu í verði af skipulagsaðgerðum. Var lagt til, að mat færi fram á slíkum verðhækkunum, sem síðan yrðu skattlagðar. Var í frv. 1958 gert ráð fyrir, að 50% verðhækkunarinnar rynnu í sérstakan skipulagssjóð viðkomandi sveitarfélaga. Í frv. 1940 var gert ráð fyrir, að allt að 80% rynnu í þennan sjóð, en allt að 100% í frv. frá 1948. Í frv. frá 1958 var einnig gert ráð fyrir almennum skatti á fasteignir til sömu þarfa. N. hefur ekki talið ráðlegt," — segir hún í grg. með þessu frv. 1961, — „að taka þessi ákvæði upp í þetta frv. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að hér er um að ræða setningu reglna um álagningu og innheimtu skatta, en ekki í sjálfu sér um skipulagsmál. Þótt allir geti verið sammála um, að sanngirni mæli með því, að verðhækkanir sem verða á fasteign vegna skipulagsaðgerða, gangi til að greiða kostnað við framkvæmd skipulagsins eða annars slíks, er mjög erfitt að finna sanngjarnar og framkvæmanlegar reglur um þetta, t. d. um upphæð slíks skatts og gjalddaga. Slíkt hefur a. m. k. ekki tekizt í nágrannalöndum okkar, svo að vitað sé. Þá er og vitað, að þessi atriði geta valdið hatrömmum deilum og slíkt orðið til að tefja mjög, að sett verði ný skipulagslög. Mun þetta ekki

sízt hafa valdið því, hve treglega hefur gengið að fá ný skipulagslög sett. Af þessum ástæðum og fleirum leggur n. til, að þessi mál verði athuguð sérstaklega og óháð þessu frv. og verði haft um það samráð við menn sérfróða um skattamál og málefni sveitarfélaga."

M. ö. o.: með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er eingöngu lagt til, að leyst verði hin tekníska hlið málsins, en ekki hin fjárhagslega og henni frestað, til þess að hún standi ekki í vegi fyrir því, að hin tæknisku atriði komist í gegn. Ég held þess vegna, að það væri óheppilegt að setja ákvæði um fjáröflun til skipulagsmála inn í þetta frv. Það gæti orðið til þess, að allt málið dagaði uppi, eins og það hefur gert svo oft áður. Hins vegar geta menn haft sínar skoðanir, og ég hef vissulega mínar skoðanir í því sambandi um það, hvernig tekna skuli aflað til framkvæmdar þessara mála. En ég er jafnsannfærður um hitt, að það er ekki heppilegt að blanda þessum fjáröflunarmálum saman við hin tæknisku atriði, sem þetta frv. fjallar um, sem hér liggur fyrir. Ég vildi því leyfa mér að leggja til við hv. deild, að frv. gangi fram eins og það nú er, en hin málin, fjárhagsmál skipulagsins, yrðu síðar tekin til athugunar út af fyrir sig.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 429 felld með 20:3 atkv.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til skipulagslaga er komið hingað til þessarar hv. d. frá Nd., þar sem það hefur verið samþ. með tiltölulega litlum breyt. frá því, sem í frv. var, þegar það var lagt fram. Hafði þá heilbr.- og félmn. Nd. leitað um málið umsagnar bæði skipulagsnefndar, Sambands ísl. sveitarfélaga og félmrn. eða ráðuneytisstjóra þess. Nokkrar breytingar komu fram í Nd. við frv., sem náðu ekki fram að ganga.

Skipulagsmál eiga sér ekki hjá okkur langa sögu. Til þess liggur hin augljósa ástæða, að þjóðin bjó öldum saman við dreifbýli og um bæi var ekki að ræða, fyrr en komið var fram yfir miðja s. l. öld, nema Reykjavík. Upphaflega frv. að skipulagslögum var samið af prof. Guðmundi Hannessyni, en hann var, eins og margir vita, einn aðalforgöngumaðurinn um þessi mál. Hann samdi og fékk gefið út 1916 mikið rit, sem nefndist „Um skipulag bæja". Í framhaldi af því samdi hann frv. að skipulagslögum, og var það lagt fyrir Alþingi árið 1917. Þessu frv. var vinsamlega tekið á Alþ., en þó talið nauðsynlegt, að fram færi á því endurskoðun í samráði við höfundinn, og var frv. því þá vísað til ríkisstj. Endurskoðað frv. var síðan lagt fyrir Alþ. árið 1920, og höfðu þeir þáv. vegamálastjóri og þáv. húsameistari ríkisins, þeir Geir Zoëga og Guðjón Samúelsson, annazt endurskoðun á því í samráði við prof. Guðmund. Þetta frv. var þá ekki útrætt, en árið eftir var það lagt fyrir að nýju og náði þá samþykki og hefur síðan gilt með tiltölulega litlum breytingum frá 1921 og til þessa dags. Nokkrar breyt. hafa þó verið samþ. á l. 1926, 1932, 1938 og 1951, en allar þessar breyt. hafa verið tiltölulega litlar og nánast um einstök smærri atriði. Þeirra veigamest verður sjálfsagt talin breytingin, sem gerð var 1938, því að þá var lagður nýr grundvöllur að stjórn skipulagsmála, þ. e. a. s. þá var ákveðið, að í skipulagsnefnd skyldu eiga sæti vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins, og einnig lagður grundvöllur að starfi skipulagsstjóra. Þessi skipan hefur haldizt síðan.

Það er þó nokkur tími síðan það hefur komið í ljós, að ýmissa breytinga á þessum lögum var þörf, og fyrir nokkru var farið að undirbúa nýja löggjöf um þessi mál. Í grg. með frv. um breytingu á skipulagslögunum 1938 var beinlínis gert ráð fyrir slíkri endurskoðun. Í framhaldi af því hafa svo verið borin fram frv. til breytinga, bæði 1940 um skipulagssjóð, sem ekki varð útrætt og hefur ekki verið borið fram aftur síðar, og árið 1948 var borið fram frv. til nýrra skipulagslaga, en varð ekki útrætt. Frv. var borið fram að nýju árið eftir og fór á sömu leið. Árið 1958 var borið fram nýtt frv., en það náði ekki heldur fram að ganga. Í marz 1960 fól félmrn. skipulagsnefnd ríkisins endurskoðun á l., og vann skipulagsnefndin að því og skilaði áliti, sem síðan var lagt fram á þinginu 1961—1962. Í þetta frv. hafa ekki verið tekin ákvæði um byggingarmál, sem talið er að tilheyri almennri byggingarlöggjöf, sem hefur verið í undirbúningi nú um skeið. Þess vegna eru þau atriði, sem byggingarnar sjálfar snerta, ekki tekin í þetta frv.

Í frv. frá 1961, sem lá hér fyrir hv. Alþ., var sleppt þeim ákvæðum, sem voru um fjáröflun til skipulagsaðgerða í frv. 1948 og 1958 svo og í frv. um skipulagssjóð frá 1940. Í þessum frv. voru gerðar till. um sérstakan verðhækkunarskatt, sem lagður yrði á þær eignir, sem hækkuðu í verði af skipulagsaðgerðum. Það var lagt til, að mat færi fram á slíkum verðhækkunum, sem síðan yrðu skattlagðar. Í frv. 1958 var gert ráð fyrir, að 50% af verðhækkuninni rynnu í sérstakan skipulagssjóð hjá viðkomandi sveitarfélagi, Í frv. 1940 var gert ráð fyrir, að allt að 80% af þessari verðhækkun rynnu í sjóðinn, og í frv. 1948 var gert ráð fyrir, að verðhækkunin öll rynni í hann. Þá var enn gert ráð fyrir því 1958, í frv. þá, að almennur skattur yrði lagður á fasteignir til þessara sömu þarfa. N. 1960 taldi ekki ráðlegt að taka þessi ákvæði upp í þetta frv., og ástæðan var fyrst og fremst sú, að hér væri um að ræða setningu laga eða reglna um

álagningu og innheimtu skatta, en ekki beint um skipulagsmál. Þótt allir geti verið sammála um og sanngirni mæli með því, að verðhækkanir, sem verða á fasteign vegna skipulagsgerða, gangi til greiðslu kostnaðar við framkvæmdir skipulags eða annars slíks, er mjög erfitt að finna sanngjarnar og framkvæmanlegar reglur um þetta, og t. d. hefur ekki tekizt í nágrannalöndum okkar, svo að vitað sé, að koma þessu á. Það varð þess vegna niðurstaðan, að frv. væri flutt eins og það þá birtist og mjög svipað því og það birtist í þessu frv., sem hér liggur fyrir, án þessara ákvæða um fjáröflun til skipulagsmála. Það var vitað, að þessi fjáröflunarákvæði frv. voru a. m. k. nokkur orsök til þess, að svo illa gekk að koma málinu fram. Um þessar fjáröflunaraðferðir voru svo skiptar skoðanir, þó að raunverulega væru ekki skiptar skoðanir um sjálf skipulagsatriði frv. Tilgangur almennra skipulagslaga er náttúrlega sá fyrst og fremst að tryggja hagkvæma niðurskipan byggðar á ákveðnum svæðum miðað við sennilega þróun mála, en hitt er svo annað atriði, hvernig tekna skuli aflað í þessu sambandi. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, hefur fjáröflunarákvæðum hinna fyrri frv. þess vegna verið sleppt.

Í frv. 1961 var gert ráð fyrir því, að settar yrðu á laggirnar svæðaskipulagsstjórnir, þannig að landinu yrði skipt í umdæmi, skipulagsumdæmi, jafnstór og jafnmörg og kjördæmin eru nú, og að sérstök stjórn yrði skipuð fyrir hvert þessara svæða með 7 mönnum í hverju. Þetta þótti líka við nánari athugun nokkuð þungt í vöfunum, og þessu atriði er þess vegna sleppt í því frv., sem hér liggur fyrir. Í staðinn er tekið upp í 3. gr. frv. ákvæði um það, að þegar svo hagar til, að skipulag í einhverju sveitarfélagi sé að verulegu leyti háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi eða fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, verði sett sérstök samvinnunefnd, sem ráði þessum málum til lykta, þar sem í þá nefnd verða kjörnir fulltrúar frá þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli, og fulltrúi frá skipulagsstjórninni verði oddamaður í þeirri samvinnunefnd. Með þessum formála skal ég örlítið rekja efni þessa frv., sem hér liggur fyrir nú á þskj. 33.

Í I. kafla frv. er gert ráð fyrir því, að skipulagsnefndin verði stækkuð eða meðlimum í henni fjölgað úr 3, eins og nú er, í 5, þannig að í henni verði framvegis húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vitamálastjóri eins og áður og síðan 2 menn skipaðir af ráðh. til 4 ára eftir hverjar almennar sveitarstjórnarkosningar, annar skv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar. Verkefni þessarar skipulagsstjórnar er það sama og áður eða svipað, að ganga frá skipulagsuppdráttum, sem berast til staðfestingar, og eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf. Síðan er í 2. gr. frv. ákvæði um skipulagsstjóra, hver hans embættisstörf eiga að vera, og ýmislegt í því sambandi. Í 3. gr. koma svo ákvæði um svæðaskipulögin og samvinnunefndir einstakra sveitarfélaga, sem ég minntist á áðan.

II. kafli laganna er svo um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar. Þegar lögin um skipulag bæja voru sett 1921, var svo ákveðið, að allir kaupstaðir og kauptún, sem hefðu 500 íbúa og fleiri, skyldu vera skipulagsskyld. Þessi tala var síðan lækkuð, og í núgildandi l. um þetta efni er gert ráð fyrir, að skipulagsskyldir séu staðir, þar sem íbúatalan er 200 eða hærri. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þessi tala verði enn lækkuð, þannig að allir staðir, þar sem íbúatala nær einu hundraði eða meira, skuli vera skipulagsskyldir. Samkv. l., eins og þau eru nú, eru 72 skipulagsskyldir staðir á landinu og það hefur verið lokið við að gera skipulagsuppdrætti og þeir staðfestir á 36 af þessum 72 stöðum, eða alveg nákvæmlega helmingi þessara staða. Þó að ekki hafi verið lokið við skipulag á fleiri stöðum en þetta og skipulagsuppdrættir staðfestir, hefur verið unnið að skipulagi fjöldamargra annarra staða og ég ætla flestra þeirra, sem skipulagsskyldir eru, þó að skipulagsgerðinni og skipulagsuppdráttunum hafi ekki hingað til verið lokið.

Í III. kafla eru síðan ákvæði um mælingar skipulagsskyldra staða, og er það í raun og veru lítil breyting frá því, sem nú er í lögum.

Í IV. kafla eru svo ákvæði um gerð skipulagsuppdrátta og hvað þeir skuli sýna, aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi, opin svæði og þess háttar og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o. s. frv. Þetta eru nánast teknísk atriði um gerð skipulagsuppdráttanna, og skal ég ekki fara frekar út í að rekja þau ákvæði. Hv. þdm. geta auðveldlega séð það í frv. sjálfu.

Þá er í V. kafla ákvæði um það, hvernig skipulagstill. skulu lagðar fram og hvernig þær öðlast staðfestingu. Meginhugsunin í því efni er sú, að ákvörðun um skipulagsuppdrættina sé tekin bæði af sveitarfélaginu sjálfu, þar sem skipulagsuppdrátturinn tekur til, og af skipulagsstjórn, skipulagsnefnd og skipulagsstjóra. Þar eru líka ákvæði um það, hvernig þessa uppdrætti skuli leggja fyrir almenning og þeim gefinn kostur á að gera sínar aths. við uppdrættina og hvernig á þeim aths. skuli tekið, bæði af sveitarfélögunum og skipulagsstjórn.

Í VI. kafla eru svo ákvæði um framkvæmd skipulags eldri hverfa, og er hann nýr. Þar er gert ráð fyrir því, að þegar hverfi, sem áður hefur verið byggt, verður tekið til endurskipulagningar, skuli þeim, sem eiga lönd og lóðir og mannvirki á þeim reit, sem til endurskipulagningar er tekinn, gefinn kostur á að mynda félagsskap um enduruppbyggingu reitsins, og að aðild þeirra að þessum félagsskap verði í hlutfalli við eign þeirra í þeim mannvirkjum og þeim löndum, sem á reitnum eru. Þetta er gert til þess að reyna að koma því á, að reiturinn verði byggður upp í heild og þannig, að heildarform fáist á reitinn. Síðan séu menn

aðilar að þeim eignum, sem þar eru gerðar eða byggðar, í því hlutfalli, sem ég sagði. Þetta hefur nokkuð verið farið inn á hér í Reykjavík, og ég ætla, að það hafi gefið góða raun, þó að það hafi ekki verið lögbundið form, hafi það gefizt vel, og með þessum ákvæðum í 23.—25. gr. er reynt að festa þetta form, til þess að þótt einhver einn eða fleiri vilji smeygja sér út úr því, verði það ekki til þess að hindra framgang málsins.

VII. kafli er um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur, og er ekki um það mikið að segja. Sveitarstjórn getur frestað að nota heimild til þess að kaupa land, ef þess hefur verið óskað, þar til gerðar hafa verið fullnægjandi götur og holræsi og annað þess háttar, til þess að gera lóðirnar byggingarhæfar. Hún getur bundið kaupin því skilyrði, að það verði greitt tiltekið gjald í sveitarsjóð, ef lóðaeigendur eða landeigendur hafa ekki sjálfir annazt þessa framkvæmd.

VIII. kafli er um lóðaskrá, og er þar raunar um bráðabirgðaákvæði að ræða, því að það er talið af öllum, sem til þekkja, að sérstök lög þurfi að setja um lóðaskrá. Þau lög eru ekki til, og lóðaskrárritun á ýmsum stöðum, í kaupstöðum og kauptúnum, skipulagsskyldum stöðum, er ekki alls staðar í því lagi, sem hún þyrfti að vera, og þyrfti þess vegna um þetta sérstök ákvæði.

IX. kafli er svo um greiðslu kostnaðar við skipulagsgerðina, bæði við mælingarnar í upphafi og sjálfa skipulagsgerðina. Þar er gert ráð fyrir, að ef skipulagsstjóri framkvæmir mælingarnar, skuli kostnaðurinn við þær greiddur úr ríkissjóði, en sveitarfélagið, þar sem mælingin fer fram, endurgreiði síðan helming þess kostnaðar. Ef sveitarfélagið annast mælingarnar að sínu leyti, skal kostnaðurinn við þær greiddur úr sveitarsjóði, en ríkissjóði þá skylt að endurgreiða helminginn, þ. e. a. s. heildarskipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélags er þannig, að báðir aðilar greiða helming kostnaðar. Kostnaður við skipulagningu, sem skipulagsstjórn annast, skal greiddur úr ríkissjóði, en sveitarfélagi er einnig skylt að endurgreiða helming slíks kostnaðar, og sama gildir um kostnað samvinnunefndar, ef fleiri koma til en aðilar frá einum kaupstað, eins og ég nefndi áður. Nú hefur sveitarstjórn annazt fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta í sínu sveitarfélagi með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar, og er þá ráðh. heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði helming kostnaðar sveitarstjórnar við slíkar framkvæmdir, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur helmingi þeirra gjalda, sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu samkv. næstu gr. á eftir. Þetta er nýtt ákvæði. En til þess að standa straum af kostnaði ríkissjóðs við framkvæmd skipulagsmála, er ráðh. heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð, að innheimt skuli í ríkissjóð sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem nema má allt að 3‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar. Þetta er í núgildandi lögum og hefur verið innheimt á undanförnum árum, en það nýja í þessu er skiptingin á milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna, ef sveitarfélögin annast að einhverju leyti sjálf skipulagsgerðir.

Fleira er raunar ekki að taka fram um þetta. Ég veit, að allir hv. þdm. gera sér ljóst, hversu þýðingarmikið það er, að þessi skipulagslög séu látin fylgjast með tímanum og breytt í samræmi við þær þarfir, sem breyttir tímar krefjast. Það hefur því miður verið svo víða, að byggð hefur vaxið upp, án þess að nægilegt tillit hafi verið tekið til þess, að byggðin yrði skipuleg, og þó að lögin séu nú orðin 40 ára gömul, hafa ekki, a. m. k. framan af, orðið þau not af þeim, sem ætla hefði mátt að gætu orðið og hefðu þurft að vera. Frv. til breytinga hafa verið borin fram mörg, eins og ég lýsti í upphafi, en af ýmsum ástæðum hefur ekki tekizt að koma þeim fram. Nú hafa verið numin úr frv. þau atriði, sem helzt hafa valdið ágreiningi, eins og fjáröflunin til skipulagsstarfa, og ætla ég, að það geri auðveldari framgang málsins. Ég vildi þess vegna leyfa mér að vænta þess fastlega, að hv. d. sæi sér fært að afgreiða nú í þetta sinn frv. sem lög og að afgreiðslu þess yrði flýtt, því að nú er þegar liðið nokkuð á þetta þing, svo að nokkurn veginn væri tryggt, að það gæti náð fram að ganga.

Ég vildi svo að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv. að sinni. Það er einkum tvennt, sem ég vildi þó á þessu stigi málsins vekja athygli á í sambandi við frv., og tók þó raunar hæstv. ráðh. bæði þau atriði fram í sinni ræðu.

Frv. til skipulagslaga hafa oftsinnis áður komið fram á Alþ., en þau hafa ætíð átt erfitt uppdráttar og ekki náð fram að ganga og það þrátt fyrir það, að öllum hefur komið saman um brýna þörf þess, að ný skipulagslög yrðu sett. Það er einkenni frv. upp á síðkastið, að þau verða rýrari að formi til með hverju ári og þá væntanlega einnig rýrari að efni um leið. Í frv. til skipulagslaga, sem kom fram á Alþingi 1958, var t. d. heill kafli um fjárhagshlið skipulagsmála, kafli um skipulagssjóð og skipulagsgjöld. Þessum kafla hefur algerlega verið sleppt úr þessu frv. Ég skil vel ástæðuna til þess. Hér er um vandamál að ræða, sem ekki liggur beint fyrir, hvernig leysa skuli, en hér er um vandamál að ræða, sem þar fyrir er mjög mikilsvert að fá lausn á. Vandinn er í þessu frv. leystur með því að sleppa þessu með öllu, og þetta tel ég stóran galla á frv.

Annar galli, sem ég vildi einnig gera að umtalsefni, er sá, að eðlilegast hefði verið, að skipulagsmálin og byggingarmálin yrðu tengd saman í einum lagabálki, að þetta frv. hefði ekki komið fram, fyrr en lokið væri endurskoðun laga um byggingarmál, og að þessi tvö náskyldu mál hlytu afgreiðslu hér á Alþingi

samtímis. Það er rétt, að skipulagslögin eru orðin gömul og úrelt. Þau eru að stofni til frá árinu 1921. En lög um byggingarmál eru enn þá eldri. Þau eru frá árinu 1905 og sennilega enn þá ófullkomnari og úreltari en skipulagslögin. Ef átt hefði að taka annað þessara mála fyrir á undan hinu, var því ástæða til að taka byggingarmálin fyrst. En ég er þeirrar skoðunar, að þessi tvö náskyldu mál, skipulagsmálin og byggingarmálin, hefði átt að taka samtímis til meðferðar hér á Alþingi til afgreiðslu. Og ég er ekki einn um þessa skoðun. Þegar frv. til skipulagslaga var til umr. hér í þessari hv. d. árið 1959, var því vísað til ríkisstj., fyrst og fremst vegna þess, að hv. d. óskaði eftir því, að endurskoðun færi fram á lögum um byggingarmál og að skipulagsmál og byggingarmál yrðu tengd í einum lagabálki, eins og víða er í öðrum löndum, t. d. í Danmörku, Finnlandi og Noregi. Þessi var skoðun hv. Ed. á málinu fyrir 5 árum. N., sem undirbjó skipulagslagafrv. árið 1958 og skipulagsstjóri ríkisins var formaður fyrir, benti þá á knýjandi þörf þess, að sett yrðu ný lög um byggingarmál, og n. taldi eðlilegast, að öll lagaákvæði um bæði þessi mál, skipulagsmál og byggingarmál, yrðu í einum og sama lagabálki. Þetta tók n. fram í grg. fyrir frv. árið 1958. Og það eru fleiri aðilar, sem hafa látið í ljós þessa skoðun. 7. landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga, sem háð var í Reykjavík í ágúst s. l. sumar, gerði samþykkt um endurskoðun byggingarlöggjafarinnar, og þar var þess eindregið óskað, að hún yrði tengd afgreiðslu frv. til skipulagslaga. Þrátt fyrir þessar skoðanir aðila, sem þetta mál snertir mjög, og aðila, sem sérþekkingu hafa á þessum málum, hefur þessu ekki verið sinnt, og er það þó áreiðanlega ekki af því, að öllum komi ekki saman um þörfina á að endurskoða lög um byggingarmál. Þetta er eitthvert hugsunarleysi eða skeytingarleysi, sem hér er frekar um að kenna.

Þetta tvennt vildi ég sérstaklega gera að umtalsefni við 1. umr. þessa máls og lýsa yfir nokkurri óánægju minni með, fyrst og fremst það, að mikilsverð mál, sem snerta efni þessa frv., eins og fjárhagshlið skipulagsmála almennt, skuli hafa verið sniðgengin í þessu frv., aðeins vegna þess, að hér er um erfitt vandamál að ræða, og í öðru lagi lýsi ég yfir óánægju minni með, að endurskoðun laga um byggingarmál skyldi ekki flýtt meira en raun ber vitni um, þannig að hægt hefði verið að setja fram frv. til l. um skipulagsmál og byggingarmál samtímis.

Í þessu frv. eru að sjálfsögðu einstök atriði, sem orka tvímælis, en um það skal ég ekki fjölyrða að þessu sinni. En þó er aðeins eitt atriði, sem mig langar til þess að drepa á, og það snertir skipulagsgjaldið, sem um er rætt í 35. gr. Þar er ráðh. heimilað að ákveða sérstakt skipulagsgjald, sem má nema allt að 3‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar. Þetta er ekki nýmæli, þetta mun vera í gildandi lögum. Gallinn á þessu er aðeins sá, að þetta gjald, skipulagsgjaldið, er látið renna í ríkissjóð og það hefur á sannazt, að ríkissjóður hefur haldið eftir nokkru af þessu gjaldi til sinna þarfa, en ekki látið það renna óskipt til þarfa skipulagsmálanna. Þetta finnst mér ótækt, því að vitanlega á skipulagsgjaldið fyrst og fremst að ganga til skipulagsmálanna. Því, sem síðan vantar á, verða síðan ríkissjóður og sveitarsjóðir að skipta á milli sín, eins og gert er ráð fyrir í frv. Hitt er ótækt, að ríkissjóður fái skipulagsgjaldið allt, noti nokkuð af því til sinna eigin þarfa og leggi síðan á sveitarfélögin að borga brúsann að hálfu við ríkissjóðinn. Ég hefði óskað eftir því sérstaklega, að hæstv. ráðh. athugaði þetta atriði, hvort hann gæti ekki fallizt á ákvæði um það í þessu frv., að skipulagsgjald yrði látið renna í sérstakan sjóð, sem eingöngu yrði varið til skipulagsmála.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. (AG) gerði nokkrar aths. við frv. Ég ætla, að þær hafi í aðalatriðum verið þrjár, og ég skal fara nokkrum orðum um hverja fyrir sig, þó að sú fyrsta, sem fjallaði um fjárhagsmál skipulagsins, hafi nokkuð verið nefnd í frumræðu minni fyrir málinu. Ég rakti þar, að ástæðan fyrir því, að tekjuöflunin til skipulagsmála, þ. e. fyrir utan þessi 3‰, sem eru lögð á nýbyggingar, væri tekin út úr frv., væri beinlínis sú, að ég hef ástæðu til þess að ætla, að sú tregða, sem hefur verið á afgreiðslu málsins hér á Alþingi, hafi að verulegu leyti verið vegna þessara ákvæða. Og það er einnig viðurkennt af þeim öllum, sem um þessi mál hafa fjallað og undirbúið hafa frv., því að það var ekki frá ríkisstj. komið, að till. var gerð um, að þessi kafli yrði tekinn úr l., heldur kom till. frá þeirri nefnd, sem um málið fjallaði. Það er náttúrlega alveg afleitt, þegar eitt atriði veldur það miklum ágreiningi, að allt málið stöðvist af þeim sökum, og þegar þar að auki þetta eina atriði er annars eðlis en sjálft málið, sem um er fjallað í frv., því að það er náttúrlega sitt hvað að afgreiða lög um ýmiss konar tæknisk atriði viðvíkjandi skipulagi eða að afgreiða lög eða lagasetningu, hvort sem hún er í þessu sama frv. eða öðru, sem er allt annars eðlis og raunverulega kemur ekki hinum tæknisku atriðum skipulagsins nokkurn skapaðan hlut við. Náttúrlega er nauðsynlegt að afla fjár til þess að geta framkvæmt þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru, til þess að skipulagið geti náð tilgangi sínum. Það er vitað mál. En ég hefði fyrir mitt leyti viljað, að á málunum yrði þannig haldið, að þau atriði, sem ágreiningslaus væru, væru afgreidd fyrst og hin látin bíða, sem ágreiningnum yllu, og freistað svo, að um þau væri hægt að fá þá samstöðu, að þau yrðu afgreidd einnig, þó að síðar væri. Ég er sammála hv. þm. um, að það er ekki óeðlilegt, að slík lög um fjáröflun verði sett, þannig að verulegur hluti þeirrar verðhækkunar, sem verður vegna skipulagsaðgerðanna, renni til þessara mála. En

samt sem áður verður að haga málunum þannig, að það náist um þau það mikið samkomulag, að þau verði ekki til þess að stöðva önnur aðalatriði.

Í grg. n. fyrir frv. 1961 var frá því skýrt, að n. vissi ekki til, að þetta mál hefði tekizt að leysa í nágrannalöndum okkar heldur, þeir væru staddir í nákvæmlega sama farinu og við, það hefði ekki tekizt samkomulag um afgreiðslu á verðhækkunarskatti, sem margir teldu eðlilegan, en þó nægilega margir ekki eðlilegan til þess að stöðva málið. Ég hefði þess vegna viljað leggja á það áherzlu, að þetta atriði yrði ekki tekið upp í þetta frv. eða brtt. í þá átt samþ., heldur verði málið látið ganga fram eins og það liggur fyrir. Till. um þetta voru fluttar í Nd. af hv. 3. þm. Reykv. (EOl), en þær voru felldar, og ég teldi ekki rétt, að það yrði samþ. hér í þessari d., því að ég veit, að það á a. m. k. örðugt uppdráttar í hv. Nd. eins og stendur, og sennilega á það það hér líka, geri ég ráð fyrir.

Þá var annað atriði, sem hv. þm. minntist á, og það voru ákvæðin um setningu byggingarlaga, og skildist mér á honum, að hann gæti ekki hugsað sér skipulagslög, án þess að þau væru þar upp í tekin. Hann nefndi nú endurskoðun á þeim lögum, en sannleikurinn er sá, að byggingarlög eru engin til í þessu landi raunverulega, eins og er. Það eru aðallega lögin um byggingarsamþykktir frá 1905, sem náttúrlega taka ekki til nema nokkurs hluta málsins. Þetta mál var miklu síðar tekið upp en þetta frv., sem hér liggur fyrir, og fyrirrennarar þess. Það er margrætt og rakið af fjöldamörgum mönnum, sem hafa kynnt sér það, og í öllum eða allflestum tæknilegum atriðum ætla ég, að um það sé samkomulag. Byggingarlagafrv. hefur að vísu verið samið að frumkvæði félmrn., þannig að það er til. En það hefur ekki gengið í gegnum neitt svipaðan hreinsunareld og þetta frv., sem hér liggur fyrir, og á eftir að fara til margra manna til athugunar. En ég vildi ekki láta það heldur verða til þess að stöðva þetta frv., því að það kemur að fullu gagni út af fyrir sig, þó að byggingarlagafrv. sé eitthvað látið bíða. Ég viðurkenni, að það sé nauðsynlegt, enda hefur rn. átt frumkvæði að því, að lög yrðu um það sett, og væntanlega kemur það tiltölulega fljótlega, vildi ég segja, þegar það hefur fengið þá málsmeðferð, áður en til Alþingis kemur, sem ég tel nauðsynlega og æskilega.

Þá minntist hv. þm. að lokum á skipulagsgjaldið, sem gert er ráð fyrir að verði 3‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, eins og verið hefur að undanförnu. Á því er engin breyting frá því, sem verið hefur. En það, sem hv. þm. hafði að athuga í því sambandi, er það, að það mun hafa komið fyrir, að þetta gjald hafi eitthvert ár orðið meira en kostnaður við skipulagið og hafi þá það, sem út af stóð, verið látið renna í ríkissjóð. En á það vildi ég benda í því sambandi, að það mun einnig hafa komið fyrir og æðioft, að þetta gjald hafi ekki nægt til þess að standa undir þeim gjöldum, sem eru samfara skipulagsmálunum og úrvinnslu þeirra hjá skipulagsnefnd og ýmsum aðilum, sem til þess hafa verið fengnir. Ég hef nú ekki skrá yfir það, hvað þetta hefur numið miklu á báða vegu, bæði það, sem hefur runnið í ríkissjóð, og það, sem úr ríkissjóði hefur verið greitt umfram þetta gjald. En eðlilegast væri, og það er ég honum alveg sammála um, hv. þm., að þetta gjald rynni algerlega til skipulagsmála og yrði látið undir þeim standa. En á meðan svo er, að það í sumum tilfellum nægir ekki, þannig að ríkissjóður verður eitthvað að greiða, tel ég ekki óeðlilegt, að það verði látið renna í ríkissjóð, þegar það nemur hærri upphæð en kostnaðurinn nemur. Ef stofnaður verður sjóður, sem stendur undir þessum málum eða þetta gjald látið renna í, get ég fyrir mitt leyti vel fallizt á, að það verði ekkert af því látið renna í ríkissjóðinn, en þá verður líka ríkissjóðurinn um leið undanþeginn þeirri skuldbindingu að standa undir umframgjöldum. Ég held þess vegna, að á meðan þetta er ekki komið í fastara form en nú er, sé ekki rétt að gera á þessu breytingu, en í „prinsipinu" get ég vel fallizt á það sem meginstefnu, að gjaldið verði látið renna allt til þessara mála, ef það er þá um leið séð fyrir því, að það nægi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 408, n. 561, 488, 562).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. félmrh. allýtarlega grein fyrir efni frv., og ég sé ekki ástæðu til þess að bæta miklu þar við. Frv. er að miklu leyti hv. þm. áður kunnugt, því að það var fyrir 2 árum, að lagt var fyrir Alþ. frv. til skipulagslaga, sem var samið af skipulagsnefnd ríkisins. Það frv., sem hér er til umr., er að stofni til það sama, en þó hafa verið gerðar á því töluverðar breytingar. Sú veigamesta, að ég ætla, er, að niður eru felld ákvæði hins eldra frv. um, að landinu skuli skipt í 8 skipulagsumdæmi. Þetta frv. er nú í síðari þd., en í hv. Nd. voru gerðar á því nokkrar breyt., engar þó stórvægilegar.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. hefur rætt frv. á nokkrum fundum, og það er rétt að láta þess getið, að n. barst erindi frá Arkitektafélagi Íslands varðandi frv. Þá kvaddi n. á sinn fund skipulagsstjóra ríkisins, Zóphónías Pálsson, ræddi við hann einstök atriði og fékk hjá honum ýmsar upplýsingar. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 561, varð sú niðurstaðan, að n. mælir með samþykkt frv. með tilteknum breytingum, sem hún flytur till. um á þskj.

562. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem kynnu að verða fluttar við frv. Einn nm., hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), var fjarverandi, þegar frv. var afgr. úr n.

Ég skal þá í stuttu máli gera grein fyrir brtt., sem n. flytur á þskj. 562.

1. brtt. er við 1. gr. frv. Þar er lagt til, að síðasti málsl. 3. mgr. orðist eins og þar segir, eða m. ö. o., að á eftir orðunum í niðurlagi 3. mgr.: „aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála samkv. lögum þessum“ komi orðin: „þ. e. skipulagsstjórnar ríkisins og sveitarstjórnar“. M. ö. o. gengur brtt. í þá átt að gera ákvæði gr. gleggri að þessu leyti.

2. brtt. n. er við 1. málsl. 2. mgr. frv. Brtt. er um, að þessi málsl. orðist svo: „Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.“ Breytingin, sem í þessu felst, er, að þar sé tekið fram, að þessi verk skipulagsstjóra skuli unnin í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Að vísu má segja, að það leiði af sjálfu sér, að svo hljóti ávallt að vera, en rétt þykir þó að taka þetta beinlínis fram í l. og gera gr. gleggri að þessu leyti.

Þá er 3. brtt. n., sem er við 4. gr., um, að hún orðist svo sem segir á þskj. Breytingin, sem þarna er um að ræða, er í stuttu máli sú, að það er lagt til, að sú upptalning, sem er í síðari hluta 2. mgr., falli niður og sömuleiðis 3. mgr., en í staðinn komi 2. mgr. eins og hún er í brtt., svo hljóðandi: „Ráðh. getur, að fengnum till. skipulagsstjórnar, úrskurðað, að ákvæði l. þessara nái til annarra staða en um ræðir í 1. mgr.“ Þetta nær alveg öllu því, sem felst í upptalningunni í 2. mgr. og í 3. mgr. Þótti n. eðlilegt, að þessi breyt. yrði gerð á 4. gr., en í 3. mgr. í brtt. er hins vegar tekið upp nýmæli, svo hljóðandi:

„Ráðh. getur, að fengnum till. skipulagsstjórnar, látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.“

Nú er að vísu í l. gert ráð fyrir, að skipulag megi gera fyrir hóp samliggjandi sveitarfélaga, en þessi brtt. mundi hins vegar þýða það, að ráðh. gæti látið gera drög að skipulagi fyrir enn þá stærri svæði en l. gera ráð fyrir. Það er orðað þannig í brtt., að ráðh. geti látið gera drög að þessu skipulagi, því að að sjálfsögðu yrði það aðeins að vera í stórum dráttum, en kæmi ekki til með að verða bundið í einstökum atriðum, nema þá þar sem þéttbýli er, og til þeirra staða ná önnur ákvæði frv.

Þá er loks 4. brtt. n., við 15. gr. frv., og er um það, að í stað orðanna „lokið við“ í upphafi gr. komi: samþykkt. Það er eðlilegra, að það sé orðað þannig, en „lokið við“ gæti gefið til kynna, að skipulagsstjórn vinni sjálf að uppdráttunum, en svo er hins vegar ekki. Skipulagsstjóri sér um gerð uppdráttanna, en þeir eru lagðir fyrir skipulagsstjórn til athugunar og hún fjallar um þá og tekur til þeirra afstöðu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum en þetta um brtt. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. til skipulagslaga er, eins og ég benti á við 1. umr. málsins, að ýmsu leyti gallað. Ég vil fyrst minna á þann stóra galla þessa frv., að ekki skuli vera nein ákvæði í því að finna um skipulagssjóð sveitarfélaga, sjóð, sem gerir sveitarfélögum kleift m. a. að endurbyggja gamla bæjarhluta, þannig að vel fari. Það er mjög mikill galli á frv., að þessu skyldi sleppt úr, en í sumum eldri frv. til skipulagslaga eru ákvæði um slíkan skipulagssjóð. Þetta torveldar ekki aðeins sveitarfélögum eða sveitarstjórnum að hafa frumkvæði um að endurbyggja gömul bæjarhverfi, heldur mun það og hafa mikil áhrif á, að endurbyggingin verði ófullkomnari og verri en ella væri, vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki bolmagn fjárhagslega til þess að skipuleggja eins og bezt fer hverju sinni. Ég hygg, að það séu þegar að byrja að koma í ljós ágallar af þessu tagi í sambandi við endurskipulagningu eldri bæjarhverfa í Reykjavík.

Í öðru lagi er það stór galli á þessu frv., að ekki skyldi tekin með og samtímis endurskoðun laga um byggingarmál. Skipulagsmál og byggingarmál eru mjög nátengd hvor öðrum og hefði farið bezt á því, að frv. um bæði þessi mál hefðu komið fram á Alþingi samtímis, hvort sem það hefði verið sitt í hvoru lagi eða í einum og sama lagabálki, eins og ýmsir telja eðlilegast. Nú upplýstist það við 1. umr. í ræðu hæstv. félmrh., að endurskoðun l. um byggingarmál væri að heita má lokið, og þess vegna hefði ekki átt að vera óvinnandi vegur að láta bæði frv. koma fram samtímis.

Í þriðja lagi tel ég það mikinn galla, að þetta frv., eins og það er úr garði gert nú, skyldi ekki vera lagt fyrir Arkitektafélag Íslands til umsagnar. En það kemur í ljós af bréfi, sem Arkitektafélag Íslands sendir hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. og dags. er 18. apríl 1964, að frv. hafði ekki verið sent arkitektunum til umsagnar. Arkitektafélag Íslands hefur áhuga á löggjöf um skipulagsmál, eins og eðlilegt er, og félagsmenn hafa sérstaka aðstöðu til þess að geta komið fram með eða bent á skynsamlega lausn á þessu vandamáli, setningu nýrra laga um skipulagsmál. Þetta hefur ekki verið gert, enda leggur Arkitektafélagið til í þessu bréfi sínu, að frv. verði ekki afgreitt í þeirri mynd, sem það er nú, heldur verði athugaðar þær till., sem Arkitektafélagið vill leggja fram og eru í því fólgnar, að lög um skipulagsmál verði byggð á allt öðrum grundvelli en hér er gert.

Af þessum ástæðum, sem ég nú hef greint, vil ég gera það að till. minni, þótt munnleg sé, að hv. d. samþykki að lokinni þessari umr. að vísa frv. til hæstv. ríkisstj. Ég fer þess á leit við hæstv. forseta, að hann beri þessa munnlegu till. mína upp nú að lokinni 2. umr. En ef svo skyldi fara, að þessi till. yrði felld og þetta frv. gengi áfram sína leið, vil ég til vara gera stuttlega grein fyrir nokkrum brtt., sem ég flyt við frv. Þessar brtt. er að finna á þskj. 488 og eru 7 talsins.

1. brtt. er við 1. gr. frv. Í upphafi 3. mgr. 1. gr. eru þessi orð: „Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar.“ Ég kann ekki við þetta orðalag, að verkefni skipulagsstjórnar sé að ganga frá skipulagsuppdráttum. Orðalagið er ekki fagurt, og það er ekki heldur ljóst, hvað við er átt. Hvað á skipulagsstjórnin að gera, ganga frá skipulagsuppdráttum, þ. e. a. s. ljúka þeim, ljúka ófullgerðu verki? Þetta mun ekki vera meiningin, heldur mun hún vera sú að dæma um skipulagsuppdrætti, það sé verkefni skipulagsstjórnar að dæma um skipulagsuppdrætti og staðfesta þá. Ég legg því til, að orðalaginu þarna verði breytt þannig, að verkefni skipulagsstjórnar skuli vera — ekki að ganga frá, heldur dæma um skipulagsuppdrætti, er berast til staðfestingar. Þetta er 1. brtt.

2. brtt. snertir 2. gr. frv. og er á þá leið, að nýr málsl. komi inn í þá gr. og málsl. sá hljóði á þessa leið: „Skipulagsstjóri skal vera sérmenntaður í skipulagsmálum.“ Þótt undarlegt sé, er ekki gert ráð fyrir því í frv., að skipulagsstjóri ríkisins sé sérmenntaður í skipulagsmálum. Þetta má furðulegt heita. En svona er það stundum, að það þykir næstum móðgun að láta sérfróða menn fjalla um viðkomandi mál. Ég legg mikla áherzlu á, að þessi brtt. verði ekki felld, því að ef svo færi, mundi það minna mig illilega á það, sem skeði í Reykjavík fyrir nokkrum árum, þegar bæjarstjórnin bauð barnaverndarnefnd sálfræðing til aðstoðar og starfa. N. svaraði því til, að hún hefði ekkert við sálfræðing að gera. Hér kom fram rótgróin fyrirlitning á sérfræði og sérfræðingum. Mér finnst, að sama stingi upp kollinum hér, og einkum mundi mér finnast það, ef sú brtt. mín yrði felld, að skipulagsstjóri skuli vera sérfróður í skipulagsmálum. Það er algert lágmark, að svo sé. Ég skal taka fram, að ég er engan veginn ánægður með, hvernig skipulagsstjórn ríkisins skuli skipuð. Ég tel fyrst og fremst, að hún sé skipuð embættismönnum, sem illa hafa tíma til þess og tóm að sinna þeim málum, sem þeim er ætlað að sinna. Það eru önnum kafnir embættismenn ríkisins, eins og húsameistari, vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri. Þessir menn hafa vitanlega engan tíma til þess að sinna stjórn skipulagsmála í landinu. En algert lágmark er þó, að framkvæmdastjóri þeirra, framkvstj. skipulagsstjórnar ríkisins, sé sérfróður í skipulagsmálum. En það er nú orðið fyrir löngu, eins og kunnugt er, alger sérgrein innan arkitektafagsins.

3. brtt. mín er þess efnis, að á eftir 2. gr. komi ný gr., þar sem skýrt sé kveðið á um, að sveitarstjórn sé heimilt að annast skipulagsmál sveitarfélagsins undir umsjón skipulagsstjórnar og þá skuli hlutverk skipulagsnefndar sveitarfélags að vera ráðgefandi um skipulagsmál sveitarfélagsins og enn fremur að annast undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta og fylgjast með störfum byggingarnefndar. Ákvarðanir sveitarstjórnar í skipulagsmálum skulu sendar skipulagsstjórn ríkisins til staðfestingar að sjálfsögðu. Ég tel rétt að hafa um þetta sérstakt ákvæði og sérstaka grein og að það sé frekar gert að hvetja sveitarstjórnir til að taka þessi mál til sín en að letja. Í frv., eins og það er úr garði gert, eru að vísu ákvæði um, að fela megi sveitarstjórnum framkvæmdir einstakra verka í skipulagsmálum, en það er hvergi tekið skýrt fram, að sveitarfélögum sé heimilt að hafa sínar eigin skipulagsnefndir. Þetta tel ég vera mikils vert, einkum og sér í lagi fyrir Reykjavík og kaupstaði landsins, og eins og ég tók fram, er ástæða til þess að hvetja stærri byggðarlögin til þess að annast sjálf skipulagsmál sín og mundi vera til framdráttar skipulagsmálum yfirleitt, m. a. gera þeim auðveldara um vik að ráða sér skipulagsfróðan mann til ráðuneytis og til starfa í kaupstöðunum.

4. brtt. mín fjallar um það, að síðari mgr. 5. gr. falli niður. Í þessari mgr. er gert ráð fyrir, þótt ótrúlegt sé, að unnt verði að leyfa byggingarframkvæmdir á óskipulögðum svæðum, að gera megi undantekningar og leyfa byggingarframkvæmdir, þó að skipulagsuppdráttur sé ekki fyrir hendi eða aðeins til af hluta svæðisins. Ég legg til, að þessari heimild sé algerlega varpað fyrir borð. Það er óviturlegt að leyfa slíkt í lögum. Við Reykvíkingar erum búnir að finna fyrir því, hversu skaðlegt það er að leyfa byggingar á óskipulögðum svæðum. Það hefur viðgengizt hér um áratugi og gerist enn í dag til óumræðilegs tjóns fyrir útlit borgarinnar og fyrir allt skipulag hennar. Þess vegna legg ég til, að þessari síðari mgr. í 5. gr. sé sleppt. Ég skal taka fram, að það er einmitt ein af brtt., sem Arkitektafélag Íslands gerir, að þessi síðari mgr. 5. gr. sé felld niður.

Um 5., 6. og 7. brtt. mína get ég verið fáorður, og ég held, að það sé bezt, að ég ræði þær allar í einu lagi. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður hirði skipulagsgjöldin og að sveitarfélögin greiði síðan úr sjóðum sínum helming kostnaðar við gerð skipulagsuppdrátta og önnur skipulagsstörf í viðkomandi sveitarfélögum, gegn jafnháu framlagi frá ríkissjóði. Í þessu felst, að sveitarfélögin eiga ekki aðeins að greiða allt gjald í skipulagssjóðinn, heldur á við það að bætast, að þau greiði helming kostnaðar af sjálfu skipulagsstarfinu. Þannig hefur þetta gengið til, og þannig á þetta að ganga til áfram. Eins og fram var tekið við 1. umr. og staðfest var af hæstv. ráðh., hefur það oftlega komið fyrir, að skipulagsgjöld hafa gert meira en að þekja kostnað við skipulagsstarfið, og þá hafa þau orðið hreinn eyðslueyrir fyrir ríkissjóð. Þessu eigum við að breyta, og það er eðlilegast, að skipulagsgjöldin renni í sérstakan sjóð og að skipulagsstjórn ríkisins í samráði við samtök sveitarfélaganna ráðstafi þessu fé, það sé fyrst og fremst látið ganga til skipulagsstarfsins, og ef skipulagsgjöldin nægja ekki, eiga að koma framlög frá ríkissjóði og sveitarsjóðum, jafnt frá hvorum, en ekki fyrr. Ég skal taka það fram, að þessi breyting, sem

ég hér legg til, er algerlega í samræmi við það, sem þing sveitarfélaganna gerði á s. l. sumri till. um. Ég tel rétt, að skiptingin sé þannig, að hvert sveitarfélag hafi umráð yfir sínum skipulagsgjöldum og noti þau eingöngu til skipulagsþarfa í byggðarlaginu, en þau renni ekki inn í ríkissjóðinn og komi máske aldrei aftur með fullum skilum.

Þetta er það helzta, sem felst í þessum þremur síðustu brtt. mínum, að þessu verði komið fyrir á annan veg en nú, fyrst og fremst, að skipulagsgjöldin fari ekki í ríkissjóð, heldur í sérstakan sjóð, skipulagssjóð, sem varið verði til þessara ákveðnu þarfa, þarfa hvers sveitarfélags í sambandi við framkvæmdir skipulagsmála, að skipulagsstjórn ríkisins ráðstafi fénu í samráði við samtök sveitarfélaganna og að hvert sveitarfélag fái að njóta sinna eigin skipulagsgjalda, svo lengi sem þau endast, en verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar í einstökum tilfellum, þykir mér eðlilegt, að ráðh. skeri úr, enda er gert ráð fyrir því í brtt. mínum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Fleira mætti taka fram um þetta frv. Því miður er það heildarniðurstaðan af minni athugun, að frv. sé ófullkomlega úr garði gert að ýmsu leyti, einnig fyrir utan þann höfuðgalla, að í frv. er sneitt hjá öllu því erfiðasta og vandasamasta, en um leið því veigamesta, eins og fjármálum í sambandi við skipulag byggingarhverfa. Ég vænti þess að lokum, að hæstv. forseti beri upp mína munnlegu till., en brtt. mínar síðan að henni felldri.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. (AG) hefur gert hér grein fyrir brtt., sem hann flytur við frv., og einnig rætt nokkuð um frv. almennt. Því, sem hann sagði um skipulagssjóði, endurbyggingu, byggingarmál, er nú þegar svarað, eins og hann enda tók fram, við 1. umr. af hæstv. ráðh.

Hv. þm. ræddi sérstaklega um Arkitektafélagið í þessu sambandi og gerði það að till. sinni, að frv. yrði, áður en það kæmi til 3. umr., vísað til Arkitektafélagsins. Ég held, að það sé nú nokkurn veginn ljóst, að það mundi þýða það, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi, ef hafa ætti þann hátt á, og legg ég því eindregið gegn því, að svo verði gert. Eins og ég gat um í framsöguræðu fyrir nál. heilbr.- og félmn., barst n. erindi frá Arkitektafélaginu, þar sem, eins og hv. 9. þm. Reykv. reyndar gat um, er kvartað undan því, að frv. hafi ekki verið sent félaginu til umsagnar, og nefnd, sem af hálfu félagsins fjallar um skipulagsmálin, telur, eins og þeir segja og ég les hér upp, með leyfi hæstv. forseta, „að ný skipulagslög verði að byggja á öðrum grundvelli en þeim, sem frv. þetta byggist á," svo að ef vísa ætti frv. til n., mundi það sjálfsagt þýða, að hennar umsögn legði til algera byltingu á frv. Þá vil ég geta þess, að Arkitektafélagið sendi ýmsar aths. við frv., eins og það liggur fyrir, og n. hefur athugað þessar aths. arkitektanna og hefur ekki sýnzt ástæða til þess að taka þær upp, nema þá að mjög takmörkuðu leyti.

Þá skal ég víkja að brtt. hv. 9. þm. Reykv. 1. brtt. hans er sú, að í stað orðanna „ganga frá skipulagsuppdráttum" í upphafi 3. mgr. 1. gr. komi: dæma um skipulagsuppdrætti. — Það má segja, að þetta orðalag, að ganga frá skipulagsuppdráttum, sé e. t. v. ekki alls kostar heppilegt, en líklega verður þó að líta svo á, að það sé nokkru rýmra en að „dæma um skipulagsuppdrætti." Það má segja, að verkefni skipulagsstjórnarinnar sé ekki eingöngu að dæma um skipulagsuppdrætti, heldur líka gefa ábendingar um breytingar, sem hún æskir að séu á þeim gerðar, og svo er þar fyrir utan að skrifa upp á uppdrætti, sem hún samþykkir, og koma þeim áleiðis. Ég held nú, að þó að, eins og ég sagði áðan, orðalag þetta sé ekki kannske beinlínis heppilegt, þá sé það þó, eins og það er í frv., nokkru rýmra en brtt. gerir ráð fyrir og sé eftir atvikum rétt að halda sér við það.

Þá er 2. brtt. hv. þm., sem gengur í þá átt, að skipulagsstjóri skuli vera sérmenntaður í skipulagsmálum. Þegar talað er um sérmenntun í skipulagsmálum, mundi það einvörðungu taka til arkitekta, eða svo er mér tjáð. Það mun hafa verið þannig, a. m. k. hér í okkar nágrannalöndum, að sú sérmenntun í skipulagsmálum, sem arktitektar öfluðu sér, hafi verið yfirleitt um hálfs árs nám eða hálfs vetrar nám, en nú mun sú breyting vera á orðin, að þetta nám taki yfirleitt um það bil 1½ ár, en það ætla ég að liggi ljóst fyrir, að ekki muni vera aðrir en arktitektar, sem muni geta talizt sérmenntaðir í skipulagsmálum. Þá mundi sem sé ákvæði eins og það, sem hv. þm. flytur hér brtt. um, þýða það, að skipulagsstjóri hlyti að vera arkitekt. Nú skal ég ekki um það dæma, hvort ekki gæti komið líka alveg eins til greina, að skipulagsstjóri væri t. d. verkfræðingur. En hitt veit ég, að annars staðar mun það víða vera svo, að þeir menn, sem bezt orð hafa getið sér í skipulagsmálum og gegna mestum ábyrgðarstöðum, þurfa ekki að vera arkitektar. Ég vil líka benda í þessu sambandi á eitt atriði, sem hefur komið mjög glöggt fram í sambandi við þá miklu vinnu, sem hefur verið lögð í skipulag Reykjavíkurborgar nú á undanförnum árum, sem sé það, hve öll skipulagning í þéttbýli hlýtur óhjákvæmilega að byggjast á umferðarkönnun og áætlun í þeim efnum, áætlun og rannsókn, og sú vinna er yfirleitt unnin af verkfræðingum og það er talið vera verkefni þeirra að fjalla um þá hlið málanna. Ég tel því, að í sambandi við skipulagningu megi a. m. k. í þéttbýlinu, eins og ég áðan sagði, maður horfast í augu við þá staðreynd, að það verði kannske alveg eins mikið að byggja á starfi verkfræðinga og arkitekta. Ég tel, að það væri varhugavert að samþykkja þessa brtt., þar með slá þessu föstu, og þar fyrir utan gæti líka verið óeðlilegt að mæla svo fyrir, að fram hjá arkitektum, sem

hafa árum eða áratugum saman unnið að skipulagsstörfum, hafa fengið í þeim málum svo mikla þjálfun, að sanngjarnt væri að leggja til jafns við sérmenntun í námi, og eru þar að auki nákunnugir öllum staðháttum og aðstæðum á hlutaðeigandi stöðum, sem er gríðarlega mikið atriði í sambandi við alla skipulagningu, — að fram hjá þeim yrði að ganga, ef til væru arkitektar með sérmenntun, sem væru kannske jafnvel nýkomnir frá námi og með litla reynslu. Með tilvísun til þess, sem ég hef sagt, get ég ekki fallizt á þessa brtt. hv. þm.

Ég vil í þessu sambandi ekki láta hjá líða að minnast á aths., sem hv. þm. af litilli smekkvísi lét sér hér um munn fara áðan, þar sem hann beindi til barnaverndarnefndarinnar hér í Reykjavík heldur óskemmtilegri aðdróttun, tók það sem dæmi til samanburðar í sambandi við þessa brtt. sína, talaði um það, að þegar barnaverndarnefndinni hafi boðizt sálfræðingur til aðstoðar í störfum, hafi hún ekkert viljað af honum vita. Ég vil leiðrétta þetta, úr því að þetta er á annað borð komið hér fram á þingfundi, en ég man ekki betur en það væri svo, að barnaverndarnefndin teldi, að það væri ekki þörf fyrir svo mikið starf að fastráða sálfræðing til n., heldur mundi hún leita til sálfræðings í þeim tilfellum, sem talið væri, að þörf væri á að fá aðstoð slíks sérfræðings. — Þetta var nú útúrdúr.

En þá kem ég að 3. brtt. hv. þm. Hann tók fram réttilega, að í 34. gr. frv., 2. mgr., er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn geti annazt fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdrátta með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar. Mér skildist helzt á hv. þm., að það mundi þá ekki vera heimilt fyrir sveitarfélögin að kjósa skipulagsnefndir, en að sjálfsögðu er ekkert, sem bannar sveitarfélagi, sem á annað borð notar sér heimildina í 2. mgr. 34. gr., að kjósa skipulagsnefnd, eins og er t. d. hér í Reykjavík og verður hér að sjálfsögðu áfram. Ábending um breytingu í þessa átt ætla ég að hafi komið frá skipulagsnefnd Sambands ísl. sveitarfélaga, og sömuleiðis komu frá þeirri nefnd till., sem ég ætla að séu svo til samhljóða 5., 6. og 7. brtt. hv. þm. Ég vil aðeins segja það, að þessar till. lágu allar fyrir heilbr.- og félmn. Nd., þegar hún hafði frv. til meðferðar, og n. gat ekki á þessar till. fallizt eða vildi ekki taka þær upp, og ég held því, að verði slíkar till. samþ. hér, sem mundi þýða það, að frv. færi þá aftur til Nd., væri því teflt algerlega í tvísýnu, að frv. hlyti afgreiðslu hér á þessu þingi. En um það ætla ég, að menn geti orðið sammála, að með því vinnst það mikið, að ríka áherzlu sé ástæða til að leggja á það, að frv. hljóti nú afgreiðslu, jafnvel þótt menn kunni að greina eitthvað á um einstök ákvæði þess. Og með tilvísun til þess, sem ég sagði um þessar brtt. hv. þm., 3., 5., 6. og 7. brtt., get ég ekki mælt með samþykkt þeirra, þó að vissulega sé ýmislegt í þeim, sem ekki sé ósanngjarnt, að farið sé fram á.

Þá er það loks 4. brtt. hv. þm. Hún er við 5. gr. frv. og er um það, að 2. mgr. hennar falli niður. Eins og hv. þm. sagði, bárust heilbr.- og félmn. ábendingar í þessa átt einnig frá Arkitektafélaginu. Þetta atriði eins og önnur, sem komu frá Arkitektafélaginu, var rætt töluvert í n., og n. sá ekki ástæðu til þess að mæla með slíku, að fella niður 2. mgr. 5. gr. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa vissan sveigjanleika til í skipulagi, að það sé ekki allt rígskorðað og fastneglt. Það getur skapað það ástand, sem sé mjög erfitt fyrir bæði einstaklinga og sveitarfélög að sætta sig við. Við skulum taka t. d. skipulagsskyldan stað einhvers staðar úti á landi, sem ekki er búið að ljúka við skipulag á, og ég ætla, að það hafi komið fram við 1. umr. málsins hjá hæstv. ráðh., að af 72 skipulagsskyldum stöðum á landinu hefði um það bil helmingur verið skipulagður þannig, að staðfestingu hefði hlotið, — en við skulum nú taka það dæmi, að það væri skipulagsskyldur staður, sem ekki væri búið að ljúka skipulagi á, þar hefði verið ákveðið að koma upp einhverju fyrirtæki til þess að auka atvinnu, t. d. verksmiðju, síldarverksmiðju eða einhverju slíku, og þá ætti ekki að vera hægt að leyfa það, fyrr en búið væri að ganga alveg frá skipulagsuppdrætti. Ég tek þetta sem dæmi. Það yrði ekki hægt að leyfa það, ef niður yrði felld 2. mgr. 5. gr. frv.

Ég held, að ég hafi nú svarað þeim atriðum, sem fram komu í ræðu hv. þm., og gert grein fyrir afstöðu minni og að ég ætla n. til brtt.

ATKVGR.

Till. frá 9. þm. Reykv. (AG) um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 11:2 atkv.

Brtt. 488,1 felld með 9:3 atkv.

— 562,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 488,2 felld með 11:4 atkv.

— 562,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 488,3 felld með 9:2 atkv.

3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 562,3 (ný 4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 488,4 felld með 10:4 atkv.

5.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 562,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

16.—32. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 488,5 felld með 11:3 atkv.

33. gr. samþ. með 13:1 atkv.

Brtt. 488,6—7 teknar aftur.

34.—37. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 589).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 94. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um skipulag var, eins og hv. þdm. er kunnugt, flutt í þessari hv. d. Það gekk síðan til hv. Ed. og hefur nú verið afgreitt þaðan, en með nokkrum breyt., þannig að frv. verður að koma hingað á ný.

Þessar breyt. á l., sem gerðar voru í hv. Ed., eru flestar tiltölulega ekki stórvægilegar og er að finna á þskj. 562 eins og þær voru samþ.

1. brtt. er um það, að ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála, skuli ráðh. skera úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum.

2. brtt. er á þá leið, að skipulagsstjóri skuli sjá um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

3. brtt., sem er umorðun á 4. gr., er í aðalatriðum óbreytt eins og hún var, en þar er þó heimild til þess, að ráðh. geti látið gera drög að héraðs- og landhlutaskipulagi, og nokkrar smávægilegar brtt. aðrar.

Ég tel ekki, að þessar brtt., sem samþ. hafa verið í Ed., skeri úr um neitt aðalatriði í þessum lögum, og vildi þess vegna leyfa mér að vænta þess, að hv. d. samþykki frv. eins og það er nú komið frá hv. Ed.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir við 3. umr. þessa máls hér í d., fjallar þetta frv. fyrst og fremst um hina tæknísku hlið skipulagsmálanna, en ekki hina fjárhagslegu, þ. e. a. s. settar eru reglur um það, hvernig ákveða skuli skipulag bæja og kauptúna, en hins vegar ekki um það, hvernig afla skuli fjár til þessara framkvæmda. Í frumvörpum, sem áður hafa legið hér fyrir Alþ., m. a. 1948 og 1958, má ég segja, var gert ráð fyrir að leysa bæði þessi atriði í senn, bæði það, hvernig ætti að framkvæma skipulag bæja og kauptúna tæknískt, og eins hvernig ætti að tryggja fjármagn til þessara framkvæmda, og ég hygg, að þá hafi m. a. verið gert ráð fyrir, að lagður yrði sérstakur verðhækkunarskattur á lóðir í því sambandi. Eins og hæstv. félmrh. skýrði frá við 3. umr., hefur sá háttur nú verið hafður á að aðskilja þetta tvennt og afgreiða að þessu sinni eingöngu tæknilegu hlið málsins, en láta þá fjárhagslegu hlið bíða, þ. e. hvernig fjár skuli aflað til þessara framkvæmda.

Mér skildist það hins vegar á hæstv. félmrh. við 3. umr. málsins hér í d., að hann teldi það nauðsynlegt, að unnið yrði að því að tryggja einnig hina fjárhagslegu lausn þessara mála með sérstökum aðgerðum, og sagðist hafa sínar ákveðnu skoðanir um það, hvernig það ætti að gera.

Ég vil því í framhaldi af því bera fram þá fsp. til hæstv. félmrh., hvort hann hafi ekki í undirbúningi í framhaldi af þessu máli, sem leysir hina tæknísku hlið þess, að láta semja eða undirbúa annað frv., sem mundi fjalla um það, hvernig leysa ætti þessi mál fjárhagslega, þ. e. a. s. að gera sveitar- og bæjarfélögum kleift að framkvæma þær ákvarðanir, sem búið var að taka í skipulagsmálum, en til þess að svo megi verða, sýnist mér, að það sé nauðsynlegt í mörgum tilfellum, að bæjar- og sveitarfélögum verði séð fyrir sérstökum tekjustofni eða stofnum í því sambandi.

Ég held, að það sé líka rétt munað hjá mér, að á undanförnum árum, sérstaklega hér áður fyrr, var það einmitt mikið áhugamál Alþfl., að slíku máli yrði fram komið, þ. e. a. s. að bæjar- og sveitarfélögum væri séð fyrir fjármagni til þess að framkvæma þær skipulagsákvarðanir, sem búið væri að taka.

Ég vil sem sagt beina þeirri fsp. til hæstv. félmrh., hvort það sé ekki meining hans í framhaldi af þessu máli að láta undirbúa aðra löggjöf, þar sem bæjar- og sveitarfélögum væri séð fyrir tekjustofnum til þess að gera þær ákvarðanir framkvæmanlegar, sem búið er að taka í skipulagsmálum þeirra.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) sagði, hefur í fyrri frv. um þetta sama efni verið tekið hvort tveggja til úrlausnar, bæði hin tæknísku hlið málsins og hin fjárhagslega, en með þeim árangri, að hvorug hefur verið leyst, þ. e. a. s. það hefur ekki náðst samkomulag um þá skattlagningu, sem frv. hafa gert ráð fyrir, og það hefur þess vegna orðið til þess, að frumvörpin hefur æ ofan í æ á mörgum undanförnum þingum dagað uppi. Hins vegar er það meiningin með þessu frv. að reyna að losa þessi tvö atriði úr tengslum og fá tæknísku hliðina afgreidda, eins og nú er lagt til í þessu frv., og átti þá því máli að vera að kalla fullnægt í bili. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að freista þess, hvort ekki væri hægt að koma fram öðru aðalatriðinu í fyrri frumvörpum, en láta hitt bíða.

Ef þetta verður svo, að þetta frv. verður að l., sem ég vildi vona, þar sem þetta gæti verið síðasta umr. um málið, þá er hitt verkefnið eftir óleyst, eins og hv. þm. sagði, og ég get gjarnan lýst því yfir fyrir mína parta, að ég mun þá freista þess að fá hinn hlutann leystan líka. En þó er þess að geta, að fjáröflun í þessu skyni, eins og önnur fjáröflun, er kannske fullt eins mikið skattatæknískt mál eins og skipulagsmál. En eigi að síður er það þó skattlagning í sérstöku augnamiði, og ég geri þess vegna ráð fyrir, að það komi til kasta míns rn. að gera till. þar um, og mun verða að því unnið, eftir að þetta frv. hefur fengið samþykki.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 629).

27. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 68. fundi í Ed., 14. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 28. apríl 1962, um tekjuskatt og eignarskatt [210. mál] (stjfrv., A. 452).

Á 69. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér tvær meginbreytingar. Önnur er sú að lækka tekjuskattinn á öllum þorra manna, og í öðru lagi að gera ráðstafanir til þess, að framtöl manna verði betri og að draga úr undandrætti undan skatti. Auk þessara tveggja aðalatriða eru nokkrar fleiri breytingar, og skal ég gera grein fyrir efni frv. með því að fara að nokkru yfir hverja gr. þess fyrir sig.

1. gr. fjallar um skattskyldu barna, og eru þar gerð skýrari ákvæði en eru í gildandi lögum um það, hvernig skuli telja tekjur barna, hvenær þau geti sjálf verið sjálfstæðir skattþegnar og hvenær skuli telja tekjur þeirra með tekjum foreldra. Það er ákveðið svo í gildandi lögum, að ef tekjur barns nema meira en 10 þús. kr. á ári, sé heimilt að telja þau sjálfstæðan skattþegn. Þetta mark er í samræmi við aðrar breytingar frv. um hækkun persónufrádráttar hækkað upp í 13 þús. kr. Þá er ákveðið, að innstæður barna í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum, svo og vextir af þeim, verði skattfrjálsar án tillits til skulda foreldra. Nú er svo ákveðið í gildandi skattalögum, 21. gr., að undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti séu innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

a. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
b. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 200 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðslán.
c. Sá hluti innstæðu hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir.

Og undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattsfrjálsum innstæðum samkv. þessum ákvæðum.

Með ákvæði 1. gr. frv. er sem sagt lagt til, að innstæður barna verði jafnan skattfrjálsar án tillits til þess, hvað foreldri kann að skulda.

Að öðru leyti eru nokkrar breytingar í 1. gr., þ. e. a. s. 4. gr. gildandi laga, einkum til að gera ákvæðin skýrari og staðfesta framkvæmdavenju.

Í 2. gr. frv. er nýmæli. Fjmrh. er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, að vinningur í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóðanum af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi. Fyrir Alþingi liggur nú erindi frá Öryrkjabandalagi Íslands, stílað til heilbr.- og félmn. Nd., þar sem hún er beðin að flytja frv. um skattfrelsi vinninga í happdrættum 6 öryrkjafélaga á árinu 1964. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa á undanförnum árum margsinnis verið samþykkt lög um slíkt skattfrelsi, þegar líknar- og menningarfélög hafa átt í hlut, og til eins árs í senn. Í grg. þessa frv. er birt skrá yfir slík lög á undanförnum árum. Í stað þess að þurfa á hverju þingi að samþykkja sérstök lög um fleiri eða færri félög, sem vilja halda happdrætti til ágóða fyrir starfsemi sína, þykir réttara og handhægara að setja slíka almenna heimild inn í tekjuskattslögin.

Í 3. gr. er ákveðið og lagt til að hækka frádrátt vegna heimilisstofnunar úr 20 þús. upp í 26 þús. kr., en í 13. gr. l. segir: „Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður: A. Kostnað við stofnun heimilis. Skal hann dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjúskap, og skal sá frádráttur nema 20 þús. kr." Hér er lagt til að hækka hann upp í 26 þús. kr.

4. gr. frv. er um breytingu á 16. gr., og er aðalefni hennar það að hækka hinar skattfrjálsu tekjur manna eða persónufrádrátt, hvort orðalagið sem maður vill nota. Árið 1960 var gerð gerbreyting á tekjuskattslögum og þá ákveðið, að hver einstaklingur skyldi hafa skattfrjálsar 50 þús. af tekjum sínum, hjón 70 þús. kr. og fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára, 10 þús. kr. Með þessu frv. er lagt til að hækka þennan frádrátt verulega eða hjá einstaklingum eða einhleypingum um 15 þús. upp í 65 þús. kr., hjá hjónum um 21 þús. upp í 91 þús. kr. og fyrir hvert barn um 3 þús. upp í 13 þús. kr.

5. gr. frv. er endurskoðun á tekjuskattsstiganum, en í gildandi lögum eru gjaldþrepin sex, þ. e. a. s. 5%, 10%, 15, 20, 25 og 30%. Hér er lagt til, að þeim sé fækkað í þrjú, þ. e. a. s. 10, 20 og 30%. Enn frekari samdráttur er gerður í útsvarslögunum eða frv. því, sem hér liggur fyrir um tekjustofna, þ. e. a. s. að fækka þeim þrepum úr 8 niður 2.

Í 6. gr. frv. eru veittar nokkru meiri heimildir til handa skattstjóra og ríkisskattstjóra til þess að sannreyna, hvort framtöl séu rétt, en nú eru í lögum. Það er gert ráð fyrir, að í stað 3. mgr. 36. gr. tekjuskattslaganna komi tvær nýjar mgr. Í fyrri mgr. er aðalbreytingin sú, að skattstjóri getur krafizt þess, að framteljendur leggi fram ekki aðeins bókhaldsgögn sín, eins og nú er í lögum, heldur sérstaklega tekið fram um verzlunarbréf og samninga. Í 2. mgr. 6. gr. eru ákvæði, sem ég tel mjög þýðingarmikil í sambandi við eftirlit með framtölum, en þar eru lagðar ríkari skyldur á framtalsskylda aðila heldur en nú er í l. og m. a. veitt heimild til þess að taka skýrslur af þeim. En ekki síður er mikilvæg sú breyting, sem gerð er varðandi þá, sem ekki eru framtalsskyldir, en þeir aðilar eru margir í þessu þjóð-

félagi, sem eru lausir undan skattskyldu og framtalsskyldu. Í framkvæmd hefur oft gengið mjög erfiðlega að fá nauðsynlegar upplýsingar frá slíkum aðilum, sem margir hverjir hafa fjölda starfsmanna í sinni þjónustu og reka umfangsmikla starfsemi. Tilgangurinn með þessum ákvæðum í 2. mgr. 6. gr. er m. a. sá, að allar sömu skyldur séu að þessu leyti lagðar á þá aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, eins og á hina, til þess að gefa upplýsingar bæði um laun og hlunnindi starfsmanna sinna og aðra þá vitneskju, sem að gagni gæti komið fyrir ríkisskattstjóra eða skattstjórana til að upplýsa og sannreyna, hvort framtöl eru rétt.

Í 7. gr. er sú breyting á gerð, að hafi skattstjóri grun um, að veruleg skattsvik hafi verið framin, skuli hann senda skýrslu um málið til ríkisskattstjóra, sem síðan tekur nánari ákvarðanir um meðferð þess, í stað þess að í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að skattstjóri hefji sjálfur rannsókn þegar í stað og tilkynni ríkisskattstjóra jafnframt um rannsóknina. Þar sem ætlunin er að stofna sérstaka rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra og hafa þar á að skipa vönum og þjálfuðum starfsmönnum, þykir heppilegra að sameina og samræma á einum stað slíkar rannsóknir, þ. e. a. s. hjá ríkisskattstjóra, og í því skyni er þetta ákvæði sett inn í 7. gr. frv.

Í 8. gr. er lagt til, að breyting verði gerð á 38. gr. gildandi laga, en þar segir svo m. a., að hver sá, sem skýrt hefur frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera ber og því greitt minni skatt en honum ber skylda til, skal greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin. Þó skal eigi reikna skatt gjaldenda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Í 2. mgr. l. eru hliðstæð ákvæði um þann skattþegn, sem ekki hefur talið fram og tekjur og eignir þess vegna áætlaðar af skattayfirvöldum. En í því tilfelli má ekki reikna skatt gjaldenda að nýju lengra aftur í tímann en 4 ár. Hér er lagt til að breyta þessu ákvæði í 6 ár til samræmis við hið fyrrra, því að það sýnast ekki gild rök fyrir því að hafa það skemmri tíma en um hina.

Í 9. og 10. gr. frv. er lagt til að breyta ákvæðum um kærufresti. Nú er kærufrestur til skattstjóra eða umboðsmanns hans 30 dagar í öllum skattumdæmum, nema 15 dagar í Reykjavík. Nú er lagt til, að verði einn og sami kærufrestur um allt land, og lagt til, að hann verði 14 dagar, eins og nú er ákveðið í l. um tekjustofna sveitarfélaga varðandi útsvör. Það er í 51. gr. þeirra laga ákveðinn 2 vikna kærufrestur, og virðist eðlilegast að hafa hér samræmi milli laganna. Í 10. gr. er svo gert ráð fyrir að breyta einnig kærufresti til ríkisskattanefndar. Hann er nú 30 dagar í öllum skattaumdæmum utan Reykjavíkur, þar er hann 15 dagar, og lagt er til, að hann verði hér eftir 21 dagur alls staðar.

Í 11. gr. er svo ákveðið, að ríkisskattstjóri skuli af sjálfsdáðum rannsaka hvert atriði, sem honum þykir tilefni til, ekki aðeins varðandi lögin um tekju- og eignarskatt, heldur einnig um framkvæmd annarra laga um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjóra, t. d. söluskatt, aðstöðugjald. Það virðist eðlilegast, að við embætti ríkisskattstjóra sé reynt að sameina þessar rannsóknir varðandi hin ýmsu gjöld, og þarf þetta ákvæði að koma í l., til þess að ríkisskattstjóri hafi heimildir til rannsókna út af þessum gjöldum öðrum en þeim, sem tekju- og eignarskattslögin fjalla um.

Þá segir í 2. mgr., að við embætti ríkisskattstjórans skuli starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkv. lögum þessum, eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra. Eins og ég hef tekið fram, er gert ráð fyrir í þessum l. að rýmka töluvert frá gildandi lögum heimildir ríkisskattstjóra til rannsókna, en enn fremur þykir rétt að hafa þar starfandi sérstaka deild, sem hafi eftirlit og rannsóknir með höndum og veiti aðhald með rétt framtöl. Þar er ætlunin að hafa þjálfuðum mönnum til rannsóknarstarfa á að skipa, svo að tryggð verði örugg og samræmd framkvæmd laganna.

Um þetta mál þarf í rauninni ekki mörgum orðum að fara. Öllum landsmönnum er það kunnugt, að verulegur undandráttur á sér stað, hefur vafalaust alltaf átt sér stað nokkur, en mjög mismunandi mikill. Eftir að lagfæringar voru gerðar á skattal. 1960, brá svo við, að framtöl urðu miklu betri en áður og dró stórlega úr skattsvikum. Um það ber saman þeim mönnum, sem gerst þekkja vegna embættis- og skyldustarfa, svo sem skattstjórum og starfsmönnum þeirra og löggiltum endurskoðendum. Þeim ber saman um það, að á árunum 1960, 1961 og 1962 hafi orðið hér veruleg bót á, og telja, að meginorsökina sé þar að telja skattalögin frá 1960 og síðan þær umbætur, sem gerðar voru til viðbótar 1962.

Á síðasta ári varð, eins og kunnugt er, mikil breyting í efnahagsmálum þjóðarinnar og tók að nýju að gæta mjög þenslu í atvinnulífinu, stóraukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli, en það er kunnugt, í rauninni kunnara en frá þurfi að segja og reynslan sýnir það og sannar, bæði hér á landi og erlendis, að af vaxandi þenslu, of mikilli eða meiri eftirspurn en framboð er á vinnukrafti og verðbólgu leiðir margvíslega spillingu í efnahags- og fjármálalífinu, m. a. í rangari framtölum en áður og meiri tilhneigingu en fyrr til að draga undan skatti. Í rauninni þarf hér margt til að koma, svo að unnt sé að draga verulega úr skattsvikum og efla skattasiðferði í landinu. Ég tel, að rétt sé á þessu stigi að nefna þrennt. Það er í fyrsta lagi að skipuleggja og samræma sem bezt rannsóknir og eftirlit með framtölum. Það er hins vegar engan veginn einhlítt, ef skattalög eru með þeim hætti, að almenningsálitið telur þau ósanngjörn, og er því annað skilyrðið það að hafa skattalög með þeim hætti, að þau teljist viðunandi, sæmilega sanngjörn. Og í þriðja lagi er svo að sjálfsögðu jafnvægi í efnahagslífinu, sem einnig er nauðsynlegt skilyrði, til þess að unnt sé að ná

þeim árangri varðandi rétt skattaframtöl, sem æskilegur er.

Í 12. gr. þessa frv. eru nokkrar breytingar gerðar um viðurlög út af vanrækslu skattþegns að telja fram. Nú eru viðurlög samkv. 47. gr. l. þau, að leggja skal 25% ofan á tekjur manna. Segir svo í 47. gr. gildandi laga, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða bætir ekki úr göllum, sem á framtölum eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattstjóra, skal með fara sem hér segir: Ef áætlun skattstjóra er kærð innan tilskilins frests, má því aðeins lækka hana, að hún sé hærri en raunverulegar tekjur og eignir skattþegns að viðbættum 25%, og má aldrei miða skatta gjaldþegns við lægra skattmat en raunverulegar tekjur hans og eign að viðbættum 25%“ o. s. frv., og eru nokkur ýtarlegri ákvæði um þetta í gr.

Nú er gert ráð fyrir því, að í stað þess að ákveða þannig sama hundraðshluta sem viðurlög í öllum tilvikum, án tillits til eðlis brotsins, er greint hér á milli. Hámarkið er það sama, en viðurlögin lækkuð, þegar um minni háttar vanrækslu er að ræða.

Í 13. gr. er ákvæði um það, að ríkisskattstjóri skuli ákveða skattsektir í stað fjmrh., en það hefur lengi verið í l., að þegar menn gerast sekir um röng framtöl, þá skuli þeir sekir um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Fjmrh. ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna. Eftir að stofnað var embætti ríkisskattstjóra og það á að hafa með höndum framkvæmd og yfirstjórn á framkvæmd þessara laga, stjórn rannsóknardeildar o. s. frv., þá þykir eðlilegra að fela ríkisskattstjóra að ákveða slíkar sektir, fremur en það verði í höndum fjmrn. En ég vil undirstrika, að að sjálfsögðu getur sá, sem sektaður er, jafnan krafizt þess, að málið gangi til dómstóla.

Í 13. gr. eru tvö önnur nýmæli. Í 3. mgr. eru ákveðin viðurlög þeim til handa, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefa skattayfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila. Það er öllum vitanlegt, að varðandi undandrátt undan skatti er það nú orðið oft ekki aðeins framteljandi eða skattgreiðandi sjálfur, sem þar er sekur, heldur er einnig annar í vitorði. Ef t. d. maður ræður sig til vinnu með skilmálum um það, að hann fái auk umsamins kaups samkv. kjarasamningum yfirborgun og hún sé ekki talin fram til skatts, og vinnuveitandi fellst á það, þá eru að sjálfsögðu báðir aðilar sekir. Í þessari gr. er sem sagt ákveðin refsing eða viðurlög þeim til handa, sem gefur villandi upplýsingar um skattframtöl annarra aðila en sjálfs sín. Þá er í 4. mgr. 13. gr. ákveðið, að hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skuli sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, er undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf. Þessu ákvæði er ekki eingöngu stefnt gegn þeim, sem hafa atvinnu af því að aðstoða við framtöl, heldur getur orðið slíkum mönnum mikill stuðningur, því að það er vitanlegt, að á slíka menn er oft sótt mjög hart af skattgreiðanda eða framteljanda að draga undan, og er það þá slíkum starfsmanni stuðningur, að hann geti bent á, að það sé bæði ólöglegt og refsivert, einnig fyrir hann.

Í 14. gr. er svo ákvæði um það, að ríkisskattstjóri skuli skera úr um skyldu þá, sem um er rætt í 50. gr. l. Ef einhver gegnir ekki skyldu sinni að láta af hendi skýrslur þær, sem skylt er, þá sker fjmrh. úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt. Til samræmis við þá breytingu, að ríkisskattstjóri í stað fjmrh. ákveði skattsektir, er einnig hér lagt til, að ríkisskattstjóri skeri hér úr um skilaskylduna og hann leggi við dagsektir, ef þörf er á.

Í 15. gr. er svo ákveðið, að l. skuli koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1963, og í 16. gr. að fella lögin, þegar þau hafa öðlazt gildi, inn í meginmál l. nr. 76 frá 1962 og gefa út l. um tekjuskatt og eignarskatt svo breytt.

Ég hef þá rakið meginefni og einstök atriði í þessu frv., og eins og áður er fram tekið, má telja, að meginatriðin séu þau tvö að gera ráðstafanir til þess að skerpa eftirlit með framtölum og stofna rannsóknardeild til þess að fara með slík mál og á hinn bóginn að lækka tekjuskattinn á öllum þorra manna. Ef við lítum á það, í hverju lækkunin er fólgin, er rétt að athuga tvennt, annars vegar, hver áhrif þessi lög mundu hafa á tekjur ríkissjóðs, og hins vegar, hver áhrif þau hafa á skattgreiðslu einstakra gjaldenda. Í fjárl. fyrir árið 1964 er gert ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur á þessu ári nemi 255 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því, ef þetta frv. verður að lögum, að svipuð upphæð komi í ríkissjóðinn, eins og gert er ráð fyrir í fjárl. Þegar fjárlögin voru samin, var þessi áætlun gerð með hliðsjón af því, að tekjuskattslögin yrðu endurskoðuð á þessu þingi. Ef við lítum hins vegar á, hvað óbreytt skattalög mundu skila í ríkissjóð, er talið, að það mundi verða um 80 millj. kr. meira. M. ö. o.: sú skattabreyting, sem hér er lagt til að gerð verði, minnkar þannig tekjur ríkissjóðs um 80 millj. frá því, sem væri að óbreyttum lögum, eða á hinn bóginn lækkar eða léttir um 80 millj. tekjuskattsbyrðina á borgurum landsins.

Ef við lítum á áhrifin gagnvart einstökum gjaldendum, er skrá um það á blaðsíðu 9—11 í frv., fskj. B, þar sem rakið er, hver tekjuskatturinn yrði eftir gildandi lögum og samkv. þessu frv. á ýmsar tekjur, bæði fyrir einhleypinga, hjón barnlaus og hjón með 1—5 börn. Ég skal aðeins taka hér dæmi úr þessum lista. Einhleypingar með 65 þús. kr. tekjur, nettótekjur, mundu fá 1000 kr. tekjuskatt samkv. gildandi lögum, eftir frv. verður hann enginn. Með 70 þús. kr. tekjur 1500 kr. eftir gildandi lögum, en 500 eftir frv. Með 80 þús. kr. 2500 eftir gildandi lögum, fer niður í 1500. Með 90 þús. 4000 eftir gildandi l., fer niður í

2500. Af 100 þús. mundi tekjuskattur verða 5500 eftir gildandi lögum, en fer niður í 4000. Þegar komið er upp í 140 þús. kr. tekjur, verður tekjuskatturinn á einhleypingi sá sami eftir gildandi lögum og eftir frv., eða 14500 kr., og þannig helzt það áfram, þannig að á 140 þús. kr. hjá einhleypingi er tekjuskatturinn óbreyttur eftir þessu frv., og sama gildir um tekjur þar yfir. Á öllum öðrum lækkar tekjuskatturinn frá því, sem verða mundi eftir gildandi lögum.

Hjón barnlaus með 91 þús. kr. tekjur mundu fá 1600 kr. í tekjuskatt eftir gildandi lögum, en engan eftir frv. Af 100 þús. mundi það vera 2500, lækkar í 900, af 110 þús. 4000, sem fer niður í 1900, af 120 þús. 5500, fer niður í 2900, af 130 þús. 7500, fer niður í 4800. Ef tekin eru t. d. hjón með tvö börn, sem hafa 117 þús. kr. tekjur, þá mundu þau fá í skatt 2200 eftir gildandi lögum, en engan eftir frv. Hjón með 3 börn og 130 þús. mundu fá 2500 kr. eftir gildandi l., en ekkert eftir frv. Og markið hjá hjónum með 4 börn er 143 þús., mundu verða 2900 eftir gildandi l., en ekkert eftir frv. Og hjá hjónum með 5 börn er markið 156 þús., sem yrðu skattfrjálsar eftir frv., en mundi þurfa að greiða 3400 eftir gildandi lögum.

Það er auðsætt af þeim tölum, sem ég nefndi, og við lestur annarra, sem í grg. eru, að samkv. frv. verður um verulega lækkun á tekjuskatti alls þorra manna að ræða.

Þegar athugaðar eru þær undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið hjá hv. stjórnarandstæðingum í málgögnum þeirra, þá er það skemmst frá að segja, að það er ekki aðeins, að þau telja þetta frv. lítils virði, heldur er því beinlínis slegið föstu, að það sé alls ekki um neina lækkun að ræða. Þannig er t. d. fyrirsögn fyrir ritstjórnargrein Þjóðviljans fimmtudaginn 16. apríl: „Engin lækkun.“ Það er sem sagt lýsingin á þessu frv. Ég tel að sjálfsögðu ekki ástæðu til þess að fara að elta ólar við slíkar fjarstæður í blöðum, þó að það séu opinber málgögn stjórnarandstæðinga. En þar sem þau virðast telja, að þetta frv. sé harla lítils virði og þyrfti að ganga miklu lengra í lækkun á tekjuskattinum, þá hef ég aðeins gert samanburð nokkurn á því, hvern tekjuskatt menn þyrftu að greiða, ef nú væru í gildi þau skattalög, sem giltu, þegar vinstri stjórnin svokallaða var hér við völd, eða á árinu 1958, þegar hún lét af störfum, m. ö. o. hvernig dæmið liti út, ef ekki hefðu verið gerðar þær breytingar á skattalögunum, sem gerðar voru 1960, 1962 og lagt er til með þessu frv. Ég skal nefna hér aðeins nokkur dæmi, til þess að hv. þm. geti betur áttað sig á þeirri gerbreytingu, sem orðið hefur nú á síðustu árum í þessum efnum.

Ef við tökum fyrst einhleyping með 65 þús. kr. tekjur, mundi hann borga eftir skattal. frá 1958 2870 kr. í tekjuskatt, en eftir frv. er það 0. Einhleypingur með 70 þús. kr. tekjur mundi borga 3382 kr. eftir l. frá 1958, en aðeins 500 kr. eftir þessu frv. Ef við lítum á hjón með ýmsar tekjuupphæðir, mundu hjón með 80 þús. kr. tekjur eiga að borga eftir eldri skattal. 2990 kr., en borga ekkert eftir frv. Með 91 þús. kr. tekjur mundu þau borga 4290 eftir gömlu l., borga ekkert eftir frv. Með 100 þús. kr. tekjur mundu þau borga 5915 kr. eftir gömlu l., en 900 kr. eftir frv. Ef við lítum á hjón með 1 barn og 100 þús. kr. tekjur, mundu þau borga 4627 eftir gömlu l., en ekkert eftir frv., með 110 þús. kr. tekjur 6565 kr. eftir gömlu l., en 600 kr. eftir frv. Ef við lítum á hjón með 2 börn og 117 þús. kr. tekjur, mundu þau borga 6615 kr. eftir gömlu l., ekkert eftir frv. Af 120 þús. kr. tekjum mundu þau borga 7215 kr. eftir gömlu l., en aðeins 300 kr. eftir frv. Hjón með 3 börn og 100 þús. kr. tekjur mundu borga eftir gömlu l. 2965 kr., en ekkert eftir frv., með 110 þús. kr. tekjur 4102 kr., ekkert eftir frv., með 120 þús. kr. tekjur 5865 kr., ekkert eftir frv., og með 130 þús. kr. tekjur mundu þessi hjón með 3 börn þurfa að borga 7877 kr. eftir gömlu l., en ekkert eftir frv. Ef þau hefðu 140 þús. kr., mundu þau borga 10377 kr. eftir gömlu l., en 1000 eftir frv. Og með 150 þús. kr. tekjur mundu þau borga 13140 kr. eftir gamla laginu, en 2000 kr. eftir frv.

Mér finnst í tilefni af þeim undirtektum, sem sézt hafa síðustu daga frá stjórnarandstæðingum, rétt að láta þetta koma fram, því að þeir virðast fullir hneykslunar á því, að stjórnin skuli ekki ganga lengra í því að lækka tekjuskattinn, og er því rétt að draga upp þessa mynd, til þess að menn sjái þá gerbreytingu, sem hefur orðið varðandi tekjuskattinn á þessum árum síðan 1958.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það er orðið næsta algengt í tíð hæstv. núv. ríkisstj., að hún beri fram frv., sem nota í heimanfylgju þá notalegu nafngift, að þau séu um skattalækkanir, og það hefur ekki aldeilis átt að láta slík tækifæri ónotuð til þess að kynna það rækilega fyrir þjóðinni, hvílíkir öndvegis stjórnendur það væru, sem sífellt eru að losa skattborgarana við klyfjarnar, eru að strita við það baki brotnu að minnka álögurnar. Þetta mun vera í þriðja skipti, frá því að viðreisnarstjórnin komst til valda, að flutt hafa verið svokölluð lækkunarfrv. á tekjuskatti. Og í hvert skipti, sem slík frv. eru fram borin, er tekið fram stærsta letrið í stjórnarblöðunum. Þá eru langar ræður haldnar, ræður í næstum því upphöfnum tón líkt og á þjóðhátíð um ágæti þeirrar ríkisstj., sem alltaf sé að lækka tollana og skattana, sporna við ofþjökun skattborgaranna, gera skattakerfið réttlátara o. s. frv.

Það frv. um skattamál, sem hér liggur fyrir, hefur nú gengið hina venjulegu boðleið hæstv. ríkisstj. um slík mál. Það hefur fyrst verið kynnt og rætt á Varðarfundi, og nú er röðin komin að hv. Alþingi. Og ekki hafa stjórnarblöðin verið spör á stóra letrið að þessu sinni. Fimm dálka fyrirsögn efst á forsíðu Morgunblaðsins í fyrradag, letrið álíka hressilegt og sjálfur blaðhausinn: „Skattar og útsvör lækka.“ Neðar á sömu síðu gat að líta aðra fyrirsögn:

„80 millj. kr. skattalækkun.“ Þessi fyrirsögn var að vísu ekki nema 4 dálkar, en greinina prýddi að sjálfsögðu mynd af hetju dagsins, hæstv. fjmrh. Menn skyldu nú ætla, ef hlutirnir væru aðeins skoðanir í því ljósi, sem hæstv. fjmrh. og stjórnarblöðin vilja á þá varpa, að skattar og tollar væru orðnir eftir allar þessar lagfæringar harla léttbærir. En þegar menn virða nokkru betur fyrir sér alla þessa rósrauðu dýrð, þegar menn gera svolitla úttekt á hinu skáldlega hugmyndaflugi, kemur veruleikinn í ljós, óskáldlegur, jafnvel dálítið kuldagrár. Reynslan af heildarstefnu hæstv. ríkisstj. í skattamálum er dálítið önnur en ætla mætti af þeim fallegu ræðum, sem fluttar eru við tækifæri eins og það, sem nú býðst. Heildarútkoman er nefnilega sú, að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa skattaálögur aukizt ár frá ári með óhugnanlegum hraða, svo að ég held, að það séu engin dæmi slíkrar þróunar á jafnskömmum tíma. Frá því á árinu 1959, síðasta ári fyrir viðreisn, hefur heildarupphæð tolla og skatta hækkað úr 796 millj. kr., miðað við fjárlög, í 2540 millj., miðað við fjárl. 1964 og söluskattshækkunina nú í byrjun þessa árs. Þar er því um rúmlega þreföldun að ræða á fimm ára tímabili. Á sama tíma hefur hins vegar almennt kaupgjald hækkað um 55%, en verðlag vöru og þjónustu um 84%. Framfærsluvísitalan hefur á þessum árum hækkað um 61%. Það gefur svo auga leið, hver áhrif svona gífurleg hækkun álaga til ríkisins hefur á hag alls almennings og hver áhrif hún hefur orðið á allt verðlagið í landinu.

Engum getur dulizt, að skattheimtan, hin mesta, hin langmesta í sögu þjóðarinnar, er ásamt gengisfellingunum ein aðalorsök þeirrar óhagstæðu og uggvænlegu þróunar, sem orðið hefur í kaupgjalds- og verðlagsmálum, ekki sízt að því leyti, hversu mikið misræmi hefur skapazt milli kaupgjalds annars vegar og verðlags hins vegar. En sjálf heildarhækkunin á skattheimtu ríkisins skiptir hér ekki ein máli, þegar meta skal áhrif skattanna á lífskjör alls almennings í þessu landi. Þar ber ekki síður að hafa í huga, hver eðlisbreyting hefur orðið á skattheimtunni á þessum árum. Í þeim efnum hefur ekki aðeins orðið veruleg breyting í tíð núv. hæstv. ríkisstj., heldur má segja, að þar hafi orðið gerbylting, alger stefnuhvörf. Í sívaxandi mæli hefur verið horfið frá því að nota stighækkandi skatta, sem lagðir eru á eftir tekjum manna og efnahag, en í þess stað tekið upp kerfi, sem að langsamlega mestu leyti byggist á óbeinum sköttum, sölusköttum og tollum. Við upphaf viðreisnarinnar námu tekju- og eignarskattur um 21% af heildarskattheimtunni, en á tímabili hæstv. núv. ríkisstj., á viðreisnartímanum, hefur þessi þáttur komizt niður fyrir 7% sum árin. Hér veldur vitanlega langmestu um, að rekstur félaga og einstaklinga, þ. á m. rekstur hinna stærstu gróðafélaga, hefur með breytingum á skattalögunum, breytingunum frá 1962, verið gerður að mjög verulegu leyti skattfrjáls. Nú munu beinir skattar til ríkissjóðs af rekstri hvers konar vera tiltölulega mjög litlir, tæplega meira en 3—4% af þeim fúlgum, sem í ríkissjóð renna. Nýjar fyrningarreglur, bein lækkun skatta á atvinnurekstur, hækkun á skattfrjálsu varasjóðstillagi, hækkun á skattfrjálsum arðgreiðslum, allt þetta var sett í skattalögin 1962 og það hefur raunverulega losað reksturinn í landinu undan skattheimtu af ríkisins hálfu að langsamlega mestu leyti. Nú eru jafnvel hin mestu gróðafélög, svo sem tryggingafélögin, til þess að nefna aðeins eitt dæmi, orðin skattfrjáls að heita má. Á sama tíma hafa skattar og tollar á nauðsynjar, m. a. þær, sem allir verða að veita sér, eigi þeir að lifa, verið hækkaðir gífurlega, í sumum tilfellum um mörg hundruð prósent. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. tekizt að gera jafnvel hina snauðustu, hina tekjulægstu þjóðfélagsþegna, að — ja, mér liggur við að segja: gildum skattgreiðendum, á sama tíma og máttarstólparnir svokölluðu, þeir sem hafa aðstöðu til að velta sparifé landsmanna, hafa verið að miklu leyti leystir frá sköttum og skyldum. Í sem skemmstu máli: fyrir atbeina hæstv. núv. ríkisstj. hefur í íslenzku þjóðfélagi verið horfið gagngert og að því er virðist af fullkomlega ráðnum hug frá þeirri grundvallarreglu nútíma velferðarríkis að nota skattakerfið til tekjujöfnunar og auðjöfnunar milli þegna þjóðfélagsins. Þess í stað hefur sú regla verið upp tekin í sívaxandi mæli að nota það til vaxandi misskiptingar, til þess að flytja þjóðarauðinn í æ stærri stíl á þær hendur, þar sem mest var fyrir.

Í umr. um söluskattshækkunina nú í byrjun þessa árs gerði hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) býsna fróðlegan samanburð á skattakerfinu hér annars vegar og í Noregi hins vegar. Sá samanburður sýndi m. a., að beinir og óbeinir skattar hins opinbera, þ. e. a. s. bæði ríkis og bæja, eru í Noregi nokkurn veginn jafnir að heildarupphæð, þ. e. um það bil 50% beinir skattar og ca. 50% óbeinir. Slíkur munur er á skattakerfinu í þessum tveimur löndum. Ég dreg mjög í efa, að hliðstæðu við íslenzka skattakerfið, eins og það er nú orðið, sé að finna meðal grannþjóða okkar, sérstaklega að því er snertir hlut gróðafélaga í skattheimtunni annars vegar og hlut almennings með óbeinni skattheimtu hins vegar.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, þreföldun skatta til ríkissjóðs á 5 árum og eðlisbreyting skattheimtunnar, verð ég að segja, að mér finnst engin sérstök ástæða til fyrir hæstv. fjmrh. að vera að ofmetast af því, þó að eigi nú að draga örlítið úr þessari gífurlegu fúlgu — eða réttara sagt þeirri fúlgu, sem ella hefði verið heimt af almenningi miðað við óbreytt skattkerfi, eftir að launatekjur manna hafa á einu ári hækkað að krónutölu um 20% og þaðan af meira. Þess er og naumast að vænta, að allur almenningur geti tekið undir neinn sérstakan fagnaðarsöng í tilefni af því frv., sem hér liggur fyrir. Það er stundum sagt, að ekki sé allt sem sýnist, og mér virðist það

eiga við sum atriði þessa frv. A. m. k. þori ég að fullyrða, að frv. er ekki slíkt sem hæstv. fjmrh. vill, að mönnum sýnist það.

Hæstv. ráðh. segir, að frv. feli í sér 80 millj. kr. lækkun á tekjuskatti einstaklinga, og leggur á þetta mjög ríka áherzlu, sömuleiðis blöð stjórnarflokkanna. En þegar athugað er, við hvað þessi tala er miðuð, við hvað þessi lækkun er miðuð, kemur í ljós, að hún er ekki miðuð við það, sem menn hafa þurft að greiða, t. d. á síðasta ári eða á neinu öðru liðnu ári. Þessi útreikningur er miðaður við það, sem orðið hefði að óbreyttum lögum nú, eftir að launatekjur manna hafa á einu einasta verðbólgumetári hækkað í krónutölu um 20% minnst og hjá mörgum stórum meira. Það kemur einnig í ljós við frekari athugun, að heildarupphæð tekjuskattsins er í fjárl. nú, eins og hæstv. ráðh. gat um, áætluð mjög verulega hærri en var í fjárl. ársins 1963, og er þó í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna nú gert ráð fyrir sviþaðri lækkun og í þessu frv. felst á skattstiganum. Í fyrra, þ. e. á fjárlögum fyrir 1963, voru þessir skattar, tekju- og eignarskatturinn, áætlaðir 155 millj., en eru nú áætlaðir 245 millj. Þessi upphæð 1963 kann að vísu að hafa reynzt eitthvað meiri en þetta í raun og veru, en samt held ég, að óhætt sé að fullyrða, að breytingin, sem felst í þessu frv. til lækkunar á skattstiganum, muni ekki leiða til neinnar lækkunar á þeim skattaupphæðum, sem skattgreiðendum er gert að borga, jafnvel ekki miðað við s. l. ár og enn síður ef seilzt er til samanburðar lengra aftur í tímann. Nei, heildarupphæðin kemur áreiðanlega til með að hækka, en ekki lækka, og það er nefnilega ekki hið sama að lækka skattaupphæðina frá því, sem áður var, og lækka skattstigann. Slíkt gildir einungis, þar sem verðlag og kaupgjald er stöðugt. Hér kemur nefnilega aukning dýrtíðar og verðbólgu inn í dæmið, og allir útreikningar, sem ekki taka hana til greina, eru blekkjandi, þeir eru falskir, þ. á m. þeir útreikningar, sem prentaðir eru sem fskj. með þessu frv. Og sömuleiðis eru blekkjandi af sömu ástæðu þeir útreikningar, sem hæstv. fjmrh. var hér með áðan, þegar hann bar saman kaup og tekjuskatt á árunum 1958 annars vegar og samkv. þessu frv. hins vegar, þegar um gerólíkan kaupmátt launa er að ræða.

Við skulum athuga dálítið nánar, hvernig þessir hlutir koma út. Segjum, að maður með konu og 1 barn hafi haft 100 þús. kr. í nettótekjur á árinu 1962. Á s. l. ári, 1963, hefði hann þá átt að greiða í tekjuskatt 1500 kr. Gerum ráð fyrir, að kaup þessa manns hafi á árinu 1963 hækkað um 20%, eins og mjög er algengt á þessu ári. Sú hækkun, það skal ég taka fram, jafngildir þó ekki aukningu dýrtíðarinnar, svo að afkoma mannsins væri fremur lakari en betri þrátt fyrir 20% hækkun á kaupi. Samkvæmt þessu frv. ætti umræddur maður að greiða í ár 1600 kr. af sínu kaupi, sínu hækkaða kaupi, eða heldur hærri upphæð en hann greiddi á s. l. ári. Ég hygg, að þó að ekki séu tekin öllu fleiri slík dæmi, þá sé yfirleitt ekki um neinar raunverulegar lækkanir að ræða frá s. l. ári, þegar þetta er tekið með í reikninginn, heldur eingöngu um hitt, að frv., ef að lögum verður, komi að mestu a. m. k. í veg fyrir nýjar skattahækkanir. Allt þetta tal um einhverja stórfellda raunverulega skattalækkun er því vafasamur orðaleikur, — ég vil segja, að það sé blekkjandi orðaleikur, sem ætlaður er þeim einum, sem ekki hafa fyrir því að athuga hlutina svolítið nánar.

Lögin um tekjuskatt eru að því er til einstaklinga tekur frá árinu 1960. Í rauninni væri því eðlilegt að miða útreikninga skattanna við launatekjur þess árs annars vegar og núverandi launatekjur hins vegar. Stöðug aukning dýrtíðar síðan veldur því, að skattgreiðendurnir hafa frá þessum tíma og án þess að um nokkra raunverulega tekjuaukningu hafi verið að ræða, — hún hefur verið aukning í krónutölu, en ekki raunveruleg, — þá hafa einstaklingar fallið inn í skattstigann, hinn hækkandi skattstiga, og orðið að gjalda síhækkandi skatt þrátt fyrir algerlega óbreytta og í ýmsum tilfellum versnandi afkomu sína.

Ég gat þess áðan, að framfærsluvísitalan hefur hækkað um 61% frá því í ársbyrjun 1960 og verðlagsvísitalan 84%. Almennt kaupgjald hefur hins vegar aðeins hækkað um 55%. Hvaða afleiðingar þetta hefur haft varðandi skattgreiðslur samkvæmt óbreyttum skattstiga þetta tímabil, væri svolítið fróðlegt að athuga lítils háttar. Einhleypingur með 60 þús. kr. nettótekjur 1960 hefði þá greitt 500 kr. í tekjuskatt. Til þess að halda óbreyttri afkomu hefðu nettótekjur hans á s. l. ári þurft að vera a. m. k. 96 þús. kr. Að óbreyttum skattstiga hefði skattur hans í ár orðið 4360 kr., en að þessu frv. samþykktu yrði skattur hans í ár 3100 kr., eða þrátt fyrir breytinguna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, rösklega 6 sinnum hærri en 1960, á samsvarandi laun 1960.

Þessi dæmi af handahófi valin sýna greinilega, hver þróunin hefur verið í þessum málum s. l. ár. Árið 1960 var tekjuskatturinn raunverulega lækkaður, það er alveg rétt, og allverulega. En hinar svokölluðu tekjuskattslækkanir, sem nú eru ráðgerðar, eru, að því er ég bezt fæ séð, ekki annað en nokkur leiðrétting, leiðrétting að nokkru leyti á þeim skakka, sem orðið hefur síðan vegna verðbólguþróunarinnar í landinu. Þrátt fyrir samþykkt þessa frv. yrði tekjuskattur nú miklu þyngri á flestra herðum en hann var 1960, eftir lagfæringuna þá. Hann mun meira að segja, eins og ég hef bent á, reynast jafnþungur eða heldur þyngri á yfirstandandi ári en hann var s. l. ár, miðað við jafnverðmætar tekjur, og það er aðalatriðið að miða við þær.

Það hefði vissulega verið öllu fróðlegra að sjá sem fskj. með þessu frv. eða heyra hér áðan af vörum hæstv. fjmrh. grg. um breytingar á skattheimtu, miðað við tekjur færðar til fasts verðlags. Þá hefði raunhæfur samanburður fengizt í stað þess samanburðar, sem nú er hafður í frammi í áróðursskyni, — samanburður, sem jafnan endar í þeirri fullyrðingu,

að hér sé um stórfelldar skattalækkanir að ræða.

Hitt er svo rétt, og það er sjálfsagt að viðurkenna og meta, að þetta frv. hindrar að nokkru hækkanir á skattgreiðslum, sem ella hefðu orðið vegna mikilla verðlagsbreytinga, vegna óðfluga verðbólguþróunar. Að því leyti er þetta frv. til nokkurra bóta, það gengur í leiðréttingarátt, en þó svo skammt, að það kemur ekki í veg fyrir skattahækkanir, jafnvel þótt aðeins sé seilzt til s. l. árs til samanburðar. Í þessu sambandi er líka ástæðulaust að gleyma þeirri staðreynd, að söluskattur var fyrir skömmu hækkaður um 300 millj. kr., og þetta frv. er vægast sagt heldur léttvægt á vogarskálunum til mótvægis við þá miklu hækkun.

Það verður að telja, að hækkun persónufrádráttar sé aðalatriði þessa frv. Nokkrar aðrar breytingar eru þar gerðar á skattalögunum. Ýmsar þeirra eru tvímælalaust til bóta, aðrar kunna að vera vafasamar. Ég hef ekki í hyggju á þessu stigi máls að ræða að neinu ráði einstök atriði frv. Tvö vildi ég þó aðeins nefna. Fyrra atriðið er sú breyting að fækka stórlega þrepum í skattstiga. Ég tel hana heldur vafasama, svo að ég kveði ekki fastar að orði. Hér virðist vera að því stefnt, og þá ekki síður með hliðstæðu ákvæði í frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, að afnema smám saman stighækkun á allri skattheimtu. Skrefið er að vísu ekki stigið nema til hálfs að þessu sinni. Ég held, að þetta sé hæpin stefna, stefna, sem hljóti, þegar til lengdar lætur, að bitna á hinum tekjulægri í þjóðfélaginu.

Hitt atriðið, sem ég ætlaði aðeins að minnast á, er sú nýjung, sem felst í þessu frv., að stofnuð skuli sérstök rannsóknardeild á vegum ríkisskattstjóra til þess að fylgjast með skattaframtölum. Ég tel þetta nýmæli geta horft til verulegra bóta og vafalausra bóta og fagna því, að það skuli fram komið. Þarna er að vísu ekki ráð fyrir því gert að lögfesta þau vinnubrögð um eftirlit, verulega virkt skattaeftirlit, sem ég hygg að reynist óhjákvæmileg, ef þetta nýmæli á að ná tilgangi sínum. En aðalatriðið er að sjálfsögðu, hvernig framkvæmdin verður, og sjálfsagt má setja reglur og reglugerð um hana, þó að ákvæði séu ekki útfærð í lögum. Það er nú svo, að ríkisstjórnir og Alþingi hafa of lengi verið aðgerðalitlir aðilar um setningu nauðsynlegrar löggjafar í sambandi við þessi skattheimtumál. Það ber þess vegna að fagna því, ef nú fremur en áður er verulegur skilningur fyrir hendi hjá ráðamönnum um það, að nú verði að leggja til rækilegrar atlögu við þann ófögnuð, sem skattsvik eru. Hins vegar býst ég við, að það geti orðið nokkuð erfitt að framkvæma skatteftirlit með mjög verulegum árangri, nema skipulögð könnun einhvers tiltekins hundraðshluta framtala verði gerð árlega. Ég veit ekki, hversu hún þyrfti að vera mikil. Ég hef heyrt, að sums staðar erlendis, þar sem slík skipulögð könnun fer fram, sé talan 2—3%, og slík könnun framtala þarf að fara fram eftir reglum, sem væru þannig úr garði gerðar, að enginn gæti fundið sig öruggan um, að nákvæm rannsókn færi ekki fram á hans framtali, hvenær sem er. E. t. v. væri áhrifamest, að val þeirra, sem undir smásjána væri brugðið hverju sinni, færi fram eftir árlegum útdrætti skattnúmera. Ég teldi slíkt betra en að fela einum eða fáum embættismönnum að ákveða, hvaða skattframtöl skuli árlega koma til slíkrar rannsóknar.

Með þessum orðum er ég þó engan veginn að lýsa vantrausti á ríkisskattstjóra eða starfslið hans. Ég er aðeins að benda á aðferð, sem hefur gefizt vel, þar sem hún hefur verið notuð erlendis. Eftir sem áður mundi skatteftirlitið að sjálfsögðu kanna sérhver þau framtöl, sem því þættu að einhverju leyti eða af einhverjum ástæðum grunsamleg. Rannsókn skv. útdrætti kæmi þá til viðbótar, og ég held, að hún gæti á skömmum tíma haft veruleg holl áhrif.

Um afstöðu þingflokks Alþb. til þessa frv. í heild er það að segja á þessu stigi málsins, að við teljum óhjákvæmilegt vegna gerbreytts verðgildis peninga að breyta skattstiganum til lækkunar, einkum á lágar tekjur og miðlungstekjur. Við munum því fylgja frv., að því leyti sem það léttir skattstigann á hinar lægri tekjur, og teljum raunar, að í því efni sé helzt til skammt gengið í þessu frv., þar sem lækkun skattstigans mun ekki hafa í för með sér neina lækkun á heildarupphæð tekjuskatts frá því, sem áður hefur verið.

Ég vil ljúka máli mínu með því að benda á þá staðreynd, að eins og skattkerfi okkar er nú orðið, er ekki unnt með breytingum á tekjuskattslöggjöfinni einni að milda, svo að verulegu máli skipti fyrir láglaunastéttirnar, þá miklu og litt bærilegu skatta, sem á þeim hvíla. Leiðin til þess hlyti að verða sú að lækka söluskatt og tolla og þá alveg sérstaklega á þeim varningi, sem óhjákvæmilegur er til daglegs rekstrar hvers einasta heimilis í landinu. En stefna hæstv. núv. ríkisstj. er vissulega ekki slík, að líkur séu til, að hún hafi ótilneydd frumkvæði að þeim breytingum, sem þar þyrftu til að koma.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Aðalatriði þessa frv., sem hér liggur fyrir, er hækkun persónufrádráttar. Persónufrádráttur er skv. þessu frv. hækkaður um 30%. Þar er í raun og veru um lagfæringu eða leiðréttingu vegna vaxandi verðbólgu að ræða. Þessi hækkun persónufrádráttarins er nauðsynleg, ef persónufrádrátturinn á að hafa sama eða svipað gildi og s. l. ár, ef hann á að hafa nú sama að segja og þá.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vegna vaxandi verðbólgu hafa allar upphæðir hækkað í krónutölu, þ. á m. tekjur, m. a. vegna beinna kauphækkana á s. l. ári. Þau hjón, sem nú fá 91 þús. kr. til frádráttar skattskyldum tekjum, eru því ekki betur sett en þau hjón, sem á s. l. ári fengu 70 þús. kr. í frádrátt á skattskyldum tekjum, og einstaklingur, sem nú fær 65 þús. kr. frádregnar, áður en skattur er

á lagður, verður í raun réttri ekki betur settur en sá einstaklingur, sem í fyrra fékk 50 þús. kr. frádregnar, áður en skattur var þá lagður á hans tekjur. Vegna stighækkunar tekjuskattsins verður hann hlutfallslega því þyngri sem krónurnar þynnast meir út og þeim fjölgar og upphæð tekna hækkar í krónutölu, en kaupmáttur hverrar krónu minnkar að sama skapi.

Hér er því ekki um eiginlega skattalækkun að ræða, miðað við s. l. ár, heldur leiðréttingu á persónufrádrætti til samræmis við aukna dýrtíð að undanförnu. En vitaskuld er um skattalækkun að ræða, sé miðað við það, hver skatturinn nú hefði orðið á þær tekjur, sem menn hafa aflað á s. l. ári, miðað við það, að persónufrádrátturinn hefði verið sá sami og s. l. ár.

Sú lagfæring á persónufrádrættinum, sem hér er gerð tillaga um, er að mínum dómi eðlileg og sjálfsögð, og getur varla orðið ágreiningur um það atriði út af fyrir sig. En spurning er hins vegar, hvort sú lagfæring þyrfti ekki að vera meiri. Persónufrádráttur var hækkaður mjög verulega 1960, eins og hér hefur raunar áður í þessum umr. verið gerð grein fyrir. Sú hækkun var út af fyrir sig góðra gjalda verð. Um þá breytingu var á sínum tíma ekki heldur neinn ágreiningur. Við framsóknarmenn t. d. vorum sammála þeirra breytingu, enda var hún þá í raun réttri orðin óumflýjanleg vegna vaxandi dýrtíðar, og þá m. a. vegna dýrtíðarráðstafana ríkisstj.

En til þess að sá persónufrádráttur, sem þá var ákveðinn, haldi raunverulega gildi sínu, hafi sama verðgildi og þá, þyrfti persónufrádrátturinn nú að hækka talsvert meir en hér er lagt til. Miðað við þá hækkun á framfærsluvísitölu, sem síðan hefur átt sér stað, þyrfti persónufrádrátturinn nú sennilega að hækka um 53% frá því, sem hann var ákveðinn 1960, í stað þeirra 30%, sem hér er lagt til, að hann sé hækkaður um. Eftir þessa fyrirhuguðu breytingu verður skattþegn því í raun og veru verr settur en hann var árið 1960, að því er persónufrádrátt varðar, en líklega svipað staddur og s. l. ár. En eins og ég áðan sagði, liggur það í augum uppi, að ef persónufrádrættinum væri ekki breytt nú, hefði hann vitaskuld orðið miklu verr staddur.

Þetta, sem ég hef hér nefnt, er í raun og veru, eins og ég sagði, aðalatriðið í þessu frv.

Í 3. gr. frv. er að vísu einnig lagfæring af sömu rót runnin og lagfæring sú, sem í 4. gr. greinir, en þar er frádráttur vegna heimilisstofnunar hækkaður úr 20 þús. í 26 þús. kr. eða um 30%. Sú hækkun er einnig eðlileg að mínum dómi.

Það má segja, að í 1. gr. frv. felist aðeins nokkrar skattívilnanir, a. m. k. varðandi vissar eða tilteknar eignir barna undir 16 ára aldri.

Ég fæ ekki séð, að í frv. þessu sé eða geti verið um aðrar breytingar að ræða en þær, sem ég nú hef nefnt, sem geti talizt til skattlinunar. Þær breytingar eru, eins og ég hef þegar minnzt á, út af fyrir sig góðar, svo langt sem þær ná, og ég hef enga tilhneigingu til þess að gera sérstaklega lítið úr þeim, enda kom það fram hjá hæstv. fjmrh., að hann var dálítið sár yfir því, að þessar tilraunir hans til lagfæringar á skattamálum hefðu ekki hlotið verðuga viðurkenningu, að honum fannst, hjá málgögnum stjórnarandstæðinga. Það er nú svo, eins og hæstv. fjmrh. ætti að vera manna kunnugastur, að laun heimsins eru vanþakklæti, og ég skal nú ekki bæta miklu við það vanþakklæti, sem hann telur sig hafa mætt að þessu leyti. En ástæðan til þess, að málgögn stjórnarandstöðunnar hafa nú talið rétt að rifja upp nokkur atriði í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sú, að það hefur verið sagt frá þessari skattalagabreytingu, sem hér er á ferðinni, með vægast sagt talsvert skrumkenndum hætti í málgögnum hæstv. fjmrh. og í málgögnum stjórnarinnar. En þegar lítið er til þess, sem ég hef hér lýst, þeirra skattívilnana, sem felast í þessu frv., er nú naumast ástæða til að flytja um þær mjög hástemmt lof og allra sízt ef rifjuð er upp ofur lítið saga hæstv. núv. ríkisstj. í sambandi við skattamál. Ég skal ekki fara langt út í þá sögu og sé ekki ástæðu til að fara að vekja upp deilur um þau atriði í sambandi við þetta mál, sem hér er til meðferðar, en get þó ekki stillt mig um að benda aðeins á örfá atriði, örfáar staðreyndir, þó að það hafi reyndar verið minnzt á þær sumar hér áðan af hv. 5. þm. Reykn.

Ég get í fyrsta lagi ekki stillt mig um að minna á það, að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa álögur á almenning aukizt og margfaldazt, sem sést bezt á því, ef bornar eru saman tölur um tekjuáætlanir t. d. fjárl. 1958 og svo aftur tekjuáætlun fjárl. nú, en slíkur samanburður sýnir, að hér hefur átt sér stað þreföldun a. m. k. Vitaskuld á hækkun gjaldstofnanna í krónutölu í því drjúgan þátt, að þessi hækkun hefur átt sér stað, því skal alls ekki neitað. En þegar gjaldstofnarnir sjálfir hækka jafngifurlega og hér hefur átt sér stað á undanförnum árum, ættu, ef rétt væri á haldið, allir skattstigar og gjaldstigar að lækka, því að ella er auðsætt, að skattabyrðin þyngist í raun og veru, þ. e. a. s. að óbreyttum skattstigum þyngist skattabyrðin t. d. vegna tekjuskattsins, þegar um er að ræða tekjuhækkanir í krónutölu vegna vaxandi verðbólgu, og það, sem því veldur, er hin öra stighækkun skattsins, sem upphaflega var náttúrlega miðuð við allt aðrar tekjur í krónutölu en nú er, og þess vegna er m. a. sá samanburður, sem hæstv. fjmrh. gerði hér áðan á árunum 1958 og nú í þessu tilviki, algerlega fráleitur og villandi, eins og líka áðan var bent á. Mér skilst, að ef hér ætti að halda jafnvægi að þessu leyti til og tekjuskatturinn ætti að haldast í jafnvægi að þessu leyti til, þyrftu tekjuskattsstigarnir í raun og veru að lækka eftir einhverri formúlu í hlutfalli við vísitölu, því að annars er auðsætt, að niðurstaðan verður þessi, sem ég drap á.

Það er alveg rétt, að persónuskattur, skattur á einstaklinga, var lækkaður allverulega 1960 vegna þeirra hækkunar, sem þá átti sér stað á

persónufrádrættinum. En ég minnist þess nú ekki, að beinir skattar hafi að öðru leyti verið lækkaðir á einstaklingum í tíð núv. hæstv. ríkisstj., fyrr en þá þetta frv., sem hér liggur fyrir, kemur til framkvæmda. En eins og þegar hefur verið sýnt fram á, er þar um að ræða lagfæringu vegna dýrtíðarinnar, sem nær þó í raun og veru ekki nægilega langt. Hitt er aftur á móti rétt, að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa beinir skattar á félög og fyrirtæki verið lækkaðir mjög verulega. Þegar litið er á þetta, verður ekki séð, að hæstv. ríkisstj. hafi af svo mjög miklu að státa í sambandi við skattalækkanir á einstaklinga, jafnvel þó að horft sé á beina skatta út af fyrir sig. En í öðru lagi er svo á það að minna, að í tíð núv. ríkisstj. hefur skattheimtunni verið æ meir breytt í form óbeinna skatta. Og þá auðvitað verður efst á blaði söluskatturinn og sú gífurlega hækkun á honum, sem átt hefur sér stað og nú síðast á þessu ári, svo sem öllum mönnum er í fersku minni. Það má líka minna á það, að á sínum tíma og í tíð núv. ríkisstj. voru aukatekjur ríkissjóðs, sem kallaðar eru, hækkaðar mjög verulega, og þar er um gjöld að ræða, sem snerta marga. Í fjórða lagi má minna á það, að á þessu tímabili hafa verið lögð á eða hækkuð gjöld til þess að standa undir sérstökum þörfum, og þar er auðvitað skemmst að minnast hækkunar benzínskattsins í sambandi við vegalögin. Og það mætti nefna ýmis fleiri dæmi, m. a. að það liggja fyrir þessu Alþ. nú frv., þar sem gert er ráð fyrir álagningu sérstakra gjalda til þess að standa undir sérstökum þörfum. Ég er alls ekki að segja með þessum orðum, að álagning þeirra gjalda, sem hér er um að tefla, sé óeðlileg í öllum tilfellum. Þvert á móti geta þær þarfir í ýmsum tilfellum verið svo mikilsverðar, að það sé rétt og verði ekki hjá því komizt að fullnægja þeim með þessum aukaálögum, og auðvitað dettur mér ekki í hug að halda því fram, að í ýmsum greinum sé þessum miklu tekjuhækkunum fjárl., sem átt hafa sér stað í tíð núv. stjórnar, ráðstafað í óþarfa í öllum tilfellum. Þvert á móti er auðvitað um óhjákvæmileg útgjöld að ræða í mörgum tilfellum. En staðreyndirnar eru samt sem áður þær, að álögurnar á almenning hafa hækkað, eins og hér hefur stuttlega verið drepið á.

Ég skal nú ekki fara lengra út í þetta og ekki hrella hæstv. fjmrh. með því, enda var hann mun hógværari í sinni grg. fyrir þessu frv. og gerði ekki eins mikið úr ágæti þess og manni virðist, að málgögn stjórnarinnar hafi gert á undanförnum dögum. Reyndar verður að játa, að það virðist líka í þeim vera farið að halla undan fæti í þessum efnum, því að þrátt fyrir það, að fyrirsögn Morgunblaðsins væri talsvert hástemmd í fyrradag, eins og hv. 5. þm. Reykn. gerði grein fyrir, var hún með talsvert hógværara móti í gær, því að þá var fyrirsögnin á leiðaranum aðeins: „Léttbærari skattabyrði.“ Það var nú ekki hærra risið orðið þá á fyrirsögninni. Og ég býst við því, að þegar menn fara að kynna sér þetta og athuga nánar, þá komist þeir nokkuð að því sanna í þessu efni.

Ég skal svo ekki fara langt út í önnur einstök atriði þessa frv. Þau verða náttúrlega, eins og hvað eina í því, athuguð í nefnd. Ég vil þó aðeins minnast á 5. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að skattþrepunum í skattstigunum sé fækkað um helming, fækkað úr 6 niður í 3. Rökin fyrir þessari breytingu eru sögð þau, að með þeim hætti verði skattaálagningin og skattaútreikningurinn einfaldari. Það má vel rétt vera, og ég skal ekki dæma um það á þessu stigi, hvort þessi breyting á rétt á sér eða ekki. En ég vil aðeins segja það, að þar má ekki taka einfaldleikann fram yfir á kostnað réttlætisins. Ef það er hægt að ná réttlátari niðurstöðu með því að hafa skattþrepin 6, á náttúrlega að halda sig við það, þó að hitt sé eitthvað einfaldari útreikningur. En um þetta atriði skal ég annars ekkert fullyrða. Mér finnst það vera atriði, sem æskilegt sé, að hv. n., sem fær frv. til meðferðar, taki til athugunar og geri sér nánari grein fyrir því en maður getur í fljótu bragði gert, hvað í þessu felst og hver afleiðingin af því verður.

Í frv. eru svo, eins og reyndar hefur þegar verið drepið á, nokkur ákvæði, sem miða að auknu eftirliti og aðhaldi með skattframtölum. Ég fer ekki að ræða þau neitt sérstaklega, hvert einstakt atriði í því sambandi. Um þau er í sjálfu sér ekki nema gott eitt almennt að segja. Það er þörf á auknu aðhaldi í þessum efnum, um það munu flestir ljúka upp einum munni. Mönnum á vitaskuld ekki að haldast það uppi að sleppa undan réttmætum skatti. Af því hlýzt ranglæti. Skatturinn á öðrum, sem ekki telja þannig fram, að hið sanna kemur í ljós, verður þá hærri en rétt væri, ef einhverjir sleppa undan, þannig að það er gott og nauðsynlegt, að það sé haft fullt eftirlit og höfð full aðgát í þessum efnum. En jafnframt því, sem þetta eftirlit og aðhald er hert, verður þó eitthvað að gæta þess að ganga ekki of nærri réttaröryggi einstaklinganna. Og ég verð að segja það alveg eins og er, að mér er svolítið um og ó um viss ákvæði í þessu sambandi, t. d. 6. gr. frv. eða þá breytingu, sem í henni felst. Það er dálítið víðtækt vald, sem lagt er þar í hendur skattstjóra. Mér dettur ekki í hug að vera með neinar getsakir í garð þeirra embættismanna, en ég býst við því, að sumum aðilum gæti þótt talsvert nærri sér gengið, ef skattstjórinn kæmi inn til þeirra einn góðan veðurdag og krefðist þess að fá að sjá verzlunarbréf þeirra og samninga alla, sem þeir hefðu gert. Það eru náttúrlega og verða að vera nokkur takmörk fyrir því, hversu langt má ganga í slíku efni, án þess að nokkrar sérstakar grunsemdir liggi fyrir. Því má náttúrlega svara til sjálfsagt þessari aths. minni, að til slíks ráðs sem þessa verði ekki gripið, nema skattstjóri áliti, að það sé eitthvað óhreint mél í pokanum, og það getur rétt verið, en heimildin er þarna eigi að síður fyrir hendi, og hún er ærið víðtæk. Enn fremur er það, að í 11. gr.

er ríkisskattstjóranum veitt aukið rannsóknarvald, og hann á, að því er virðist, að geta tekið skýrslur jafnvel af framteljenduum eða fyrirsvarsmönnum þeirra, og sérstaklega gert ráð fyrir því, að sett sé upp sérstök rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra.

Nú er, eins og ég þegar hef sagt, gott eitt um það að segja, að þessi mál séu rannsökuð gaumgæfilega. En þær stofnanir, sem þá rannsókn eiga að hafa með höndum, verða að vera þannig úr garði gerðar, að það gildi um þær vissar, fastar reglur, þannig að útilokað sé, eftir því sem hægt er, að þarna gildi nokkurt handahóf. Ég hefði talið heppilegra, án þess að ég vantreysti á nokkurn hátt ríkisskattstjóra í þessum efnum, að það væri athugað, hvort ekki væri rétt að setja upp einhvers konar skattarannsóknardómara eða skattarétt, sem væri bundinn við það að fara í sínum störfum í þessum efnum eftir nokkuð almennum réttarfarsreglum. En það er ekki gerandi ráð fyrir því, að slíku verði við komið í þessari rannsóknardeild. Reyndar lét hæstv. fjmrh. þess getið, að það væri gert ráð fyrir því, að í þessari rannsóknardeild störfuðu menn, sem sérstökum kostum væru búnir í þessum efnum og hefðu kunnáttu í þeim efnum, en það eru ekki í frv. sjálfu nein ákvæði um það efni, engin skilyrði, engin hæfniskilyrði sett eða neitt þvílíkt, t. d. hvorki krafizt, að það séu lögfræðingar né löggiltir endurskoðendur né því um líkt. Þetta er sem sagt allt alveg laust. Það getur verið, eins og drepið var á hér áðan, að það verði kveðið á um þessi atriði í reglugerð. Það er að sjálfsögðu hægt. En ég vil a. m. k. skjóta því til n., sem fær frv. til athugunar, að hún kynni sér það, hvort ekki muni vera heppilegra að hafa aðra skipan á í þessu efni en hér er gert ráð fyrir að þessu leyti. En ég undirstrika það enn, að þessar hugleiðingar mínar má ekki á neinn hátt skilja á þá lund, að ég vilji draga úr því, að eftirlit og aðhald sé hert í þessum efnum, en það verður bara að vera gert um leið á þann hátt, að réttaröryggi og vissri friðhelgi einstaklingsins sé ekki misboðið.

Það er lítið atriði, sem ég vildi þó aðeins vekja athygli á líka og skjóta til n. að athuga, og það er sú stytting kærufresta, sem þarna er um að ræða í 9. og 10. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að almennur kærufrestur verði 14 dagar í stað þess, að hann almennt utan Reykjavíkur hefur til þessa verið 30 dagar, að ég ætla, og í 10. gr. gert ráð fyrir því, að kærufrestur til ríkisskattstjóra verði nú 21 dagur í stað þess, að hann hefur verið utan Reykjavíkur a. m. k. 30 dagar. Það getur vel verið, að breyttar aðstæður, bættar samgöngur réttlæti það, að þessir frestir séu svo stuttir, og það er rétt, sem kom fram, að frestirnir hafa verið stuttir í l. um tekjustofna sveitarfélaga. En ég held, að það sé ekki alveg víst, að það eigi það sama við hér. Framkvæmd þeirra laga er að sumu leyti nær mönnum, ef svo má segja, heldur en skattaálagningin og skattaúrskurðirnir, og þetta er ekki langur tími, sem mönnum þarna er ætlaður til þessarar athugunar mála og ákveða, hvort þeir skuli kæra, og til þess að koma kæru frá sér. Þetta þyrfti að athuga.

Ég vil að lokum segja það, að þetta frv. er að vísu nokkuð seint hér á ferð. Við gerum nú ráð fyrir því, að það fari að styttast í þingtímanum. Það hefði verið æskilegt, að þetta hefði komið fyrr fram. Þá hefði verið hægt að athuga það betur en nú verður í raun og veru hægt að gera, og það verður ekki séð, að það hafi verið ástæða til þess, — eða maður sér það ekki í fljótu bragði, — að það hafi verið ástæða til þess að draga framlagningu þessa frv. svo mjög, því að það er ákaflega langt síðan það var gefið fyrirheit um, að persónufrádráttur mundi verða hækkaður. Mig minnir, að hæstv. fjmrh. gæfi fyrirheit um það þegar á s. l. sumri, svo að maður undrast það eiginlega dálítið, hvað þetta hefur dregizt. Það hefur sumum dottið í hug, að þetta frv. hafi staðið eitthvað í sambandi við þann kjaradóm, þá úrlausn, sem þar varð nú nýlega, og hafa látið sér detta í hug, að þetta frv. mundi kannske ekki hafa séð dagsins ljós, ef úrlausn kjaradóms hefði orðið á annan veg. Ég veit ekkert um það, og það má vel vera, að þetta séu getsakir manna á milli. En þó að þetta frv. sé nú seint fram komið, er það svo, eins og ég hef þegar drepið á, að í því felast vissar leiðréttingar og lagfæringar á tekjuskattinum, — lagfæringar, sem full þörf er á, — og þess vegna munum við framsóknarmenn greiða för þessa frv. hér um d. og þingið, en munum þó auðvitað athuga um leið, hvort ekki er ástæða til þess að koma að í sambandi við málið frekari breytingum á tekjuskattslögunum. En það mun þó verða með þeim hætti, að það mun ekki verða til þess að tefja málið, því að það er ljóst, að það er orðið svo seint á ferð, að það liggur á að fá það afgreitt vegna álagningar skatta, af því að ákvæði frv. á að taka til greina við álagningu skatta þetta ár.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi, að nokkur dráttur hefði orðið á framlagningu þessa frv., og sagði, að sumir mundu telja, að það stæði í nokkru sambandi við dóm kjaradóms. Það stendur ekki í neinu sambandi við kjaradóminn eða úrlausn hans. Ég lýsti því yfir í fjárlagaræðunni í október, að fyrir þetta þing yrði lagt frv. um lækkun á tekjuskattinum eða hækkun á persónufrádrættinum. Það þótti rétt að taka inn í það frv. einnig fleiri ákvæði, svo sem um ráðstafanir til að auka eftirlit með framtölum og rannsóknardeildina, sem hér er fjallað um, og enn fremur þótti rétt að bíða með tekjuskattsfrv., þangað til útsvarsfrv. væri tilbúið líka, og láta þau verða samferða. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að frv. hefur ekki verið lagt fram fyrr.

Hv. þm. báðir, sem hér hafa talað, hafa vitnað mjög til þeirra skattalaga, sem sett voru árið 1960, og er það að vissu leyti ánægjuefni fyrir ríkisstj. og stjórnarflokkana, að þeir skuli nú líta til skattalaganna frá 1960 sem

fyrirmyndar, sem þeir bera þetta frv. alltaf saman við. Ef ég man rétt, var ekki ákafleg hrifning í þeim herbúðum yfir því frv. á sínum tíma, og ætla ég, að a. m. k. flestir stjórnarandstæðingar hafi greitt atkv. á móti því að lokum. En það er góð viðurkenning, að nú líta þeir á það sem fyrirmynd og miða allan sinn samanburð við það. Minnir þetta að vissu leyti á það, sem nú kemur mjög oft fram hjá flokksbræðrum hv. 5. þm. Reykn., að þegar vinnulöggjöfin var sett 1938, var hún kölluð þrælalög gegn verkalýðnum, en nú mega þeir sjálfir ekki heyra það nefnt, að breyta megi henni nokkuð, því að nú er hún orðið mannréttindaskrá verkamanna. En þróunin er margvísleg, og er auðvitað ágætt, þegar menn fá aukinn þroska og skilning með árunum og reynslunni.

En það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á, af því, sem fram kom í ræðum þessara tveggja hv. þm.

Þeim er ekkert um það, að gerður var samanburður á þessu frv. og því, hvernig tekjuskatturinn mundi verða, ef enn væru í gildi skattalögin frá 1958, og höfðu það við orð, að þessi samanburður væri fráleitur og villandi. Þetta er á algerum misskilningi byggt, því að sá samanburður er algerlega sambærilegur. Það er búið að umreikna tekjuskattsstigann frá 1958. Eins og kunnugt er, voru þá í gildi allt frá 1954 ákvæði um það, að skattstigar og persónufrádráttur skyldi breytast til hækkunar eða lækkunar eftir breytingum á kaupgjaldsvísitölu, og þágildandi skattstiga er búið að umreikna eftir þeim breytingum, sem síðar hafa orðið á kaupgjaldi. Ég vil taka það fram, að hagstofan reiknar ekki nú út kaupgjaldsvísitölu eins og áður, en hins vegar hefur ríkisskattstjóri reiknað út eða gert áætlun um, hver hún mundi vera, og umreiknað skattstigann frá 1958 samkv. því, svo að þessir útreikningar varðandi frv., sem hér liggur fyrir, hvernig tekjuskatturinn á ýmsum tekjum yrði samkv. því og tekjuskattsl. frá tíð vinstri stjórnarinnar, þetta er algerlega sambærilegt.

En báðir hv. þm. hafa gert sér nokkurn mat úr því, að álögur ríkisins hafi aukizt og margfaldazt síðan 1958, hafi a. m. k. þrefaldazt. Hv. 5. þm. Reykn. talaði um, að álögurnar hefðu hækkað úr 796 millj. í 2540 eða rúmlega þrefaldazt, og hann lét orð falla í þá átt, að svona gífurleg hækkun á álögum ríkisins væri ein af aðalástæðunum fyrir hinni geigvænlegu þróun verðlagsmálanna, eins og hann talaði um, ein af aðalástæðunum fyrir dýrtíðaraukningunni og hækkun framfærsluvísitölunnar. Ég vil aðeins minnast á þetta atriði, því að hér er um ákaflega mikinn misskilning að ræða.

Það er í fyrsta lagi eitt, sem ætti raunar varla að þurfa að minnast á í þingsölum, að það hefur aldrei verið talin hækkun á skattstigum eða álögum, að sama prósenta tolls eða skatts gefur ríkissjóði hærri tekjur, vegna þess að þjóðartekjurnar aukast eða innflutningurinn vex. Við skulum taka sem dæmi, að á einhverri vörutegund væri 30% tollur og það hefði verið flutt inn af þeirri vöru fyrir 100 millj. Síðan tvöfaldast sá innflutningur á næsta ári, verður 200 millj., en tollaprósentan sú sama. Fyrra árið hefur þessi innflutningur gefið 30 millj. í ríkissjóð, en síðara árið 60 millj. Það er ekki hægt með nokkrum rétti að halda því fram, að hér hafi álögur ríkisins verið hækkaðar. Álögurnar hafa ekki hækkað, tollprósentan er nákvæmlega sú sama, og það er alger hugtakabrenglun að tala um hækkanir á álögum ríkisins í því sambandi. Og ástæðurnar til þess, að tekjur ríkissjóðs hafa aukizt mjög mikið á þessum árum, eru auðvitað fyrst og fremst þær, að innflutningurinn til landsins og framleiðsla landsmanna eru miklu meiri nú en þá, að þjóðartekjurnar hafa aukizt, að tekjur einstaklinga og félaga eru miklu hærri og veltan miklu meiri en þá var. Af þessu leiðir, að jafnvel óbreyttir hundraðshlutar í tollalögum, í söluskattslögum, í tekjuskattslögum mundu skila miklu hærri fjárhæðum í ríkissjóð heldur en áður, án þess að réttmætt sé eða verjandi að tala um, að þetta séu gífurlegar hækkanir á álögum á landslýðinn, sem eigi sinn verulega þátt í hækkun verðlags og vísitölu. Slíkur málflutningur er ekki boðlegur.

Ég býst við, að hv. 5. þm. Reykn. muni skilja þetta kannske enn betur, ef maður tekur dæmi úr þeirri grein, sem hann starfar við. Við skulum segja t. d., að menningarsjóður gæfi út einhverja bók og seldi hana á tilteknu verði og seldi 1000 eintök fyrsta árið, sem er nú kannske nokkuð lítið upplag. En svo skulum við segja, að hann bætti við á næsta ári, þannig að það væri komið upp í 2000 eintök, en verðlagið væri það sama. Þetta gefur menningarsjóði auðvitað miklu meiri tekjur en áður, en eru þetta hækkaðar álögur á þann hluta fólksins eða landsins, sem kaupir þessar bækur? Það dytti auðvitað engum manni í hug. Og alveg á sama hátt er það, að þegar t. d. veltan eykst í þjóðfélaginu, þá skilar sama prósenta söluskattsins vitanlega miklu meiri tekjum í ríkissjóðinn, án þess að hægt sé að kalla það auknar álögur á fólkið. Ég vænti þess að þurfa ekki að standa í orðræðum frekar um eins augljósan hlut og þennan, og það er varla boðlegt í þingsölum að flytja slíkar röksemdir, ef röksemdir skyldi kalla.

En ef við lítum á meginstofna ríkisins, eru auðvitað aðflutningsgjöldin eða tollarnir, sem skila mestu. Hafa tollarnir verið hækkaðir frá 1958? Ég ætla ekki. Ég ætla, að bæði lækkunin 1961 í nóv. og tollskráin frá í fyrra hafi fremur leitt til hins, að tollar á flestum eða fjölmörgum vörutegundum hafi lækkað. Og það liggur t. d. fyrir, að miðað við innflutningsverðmæti á árinu 1962 skilar núverandi tollskrá rúmlega 200 millj. minna í ríkissjóð en sama innflutningsverðmæti mundi hafa skilað eftir fyrri tollum. Tollprósenturnar hafa ekki hækkað. Hins vegar hafa tolltekjur ríkissjóðs aukizt í krónutölu vegna mjög aukins innflutnings. Tekjuskattsstiginn hefur stórlækk-

að frá 1958, eins og sýnt hefur verið fram á. Og ef við tökum svo þriðja liðinn sem tekjustofn ríkisins, sem er söluskatturinn, og ef við tökum fyrst 3% söluskattinn, sem var upp tekinn 1960, þá er það að vísu rétt, að hann hækkaði verðlag þannig, að visitalan sýndi 3.3 stig, sem sagt, 3% söluskatturinn hækkaði framfærsluvísitöluna um 3.3 stig. En við skulum líka muna það, að í staðinn var afnuminn 9% söluskattur, sem þá hafði verið í gildi í nokkur ár á iðnaðarvörum og þjónustu. Og sá 9% skattur, ef hann væri í gildi í dag, mundi þýða um 3.6 stig í vísitölunni. M. ö. o.: þessi 3% söluskattur, sem var upp tekinn, er ekki eins þungbær í heild né vegur eins þungt í vísitölunni og þessi 9% skattur, sem var afnuminn.

Ég held þannig, að ef réttum augum er litið á þetta mál, hvort sem það er vegna tollanna, söluskattsins eða tekjuskattsins, sé rangt og villandi að halda því fram, að álögur hafi aukizt og margfaldazt, þó að heildartekjur ríkissjóðs hafi aukizt af þeim ástæðum, að framleiðsla, innflutningur, þjóðartekjur og velta hafa aukizt mjög í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 452, n. 495 og 505, 496, 498, 507).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru þrjár meginbreytingar, sem þetta frv., ef að lögum verður, mundi hafa í för með sér frá núgildandi lögum. Í fyrsta lagi sú hækkun persónufrádráttar, sem frv. gerir ráð fyrir. Í öðru lagi sú breyting á skattstigum, sem gert er ráð fyrir samkv. 5. gr. frv., og svo í þriðja lagi ákvæði um aukið eftirlit með skattframtölum. Hvað síðasttalda atriðið snertir, þá virðist ekki vera neinn ágreiningur um það atriði út af fyrir sig, og sé ég því ekki ástæðu til þess að orðlengja um það. En rétt er þó að nefna það, að í áliti hv. minni hl. á þskj. 495 eru gagnrýnd ákvæðin í 9. og 10. gr. frv. um breytingu á kærufrestum, án þess þó að hv. minni hl. geri sérstakar brtt. um það, eða það hef ég ekki orðið var við. En í sambandi við þetta tel ég þó rétt að taka eftirfarandi fram til frekari skýringa:

Það, sem hér er um að ræða, er það, að kærufrestir bæði til skattstjóra og eins til ríkisskattanefndar eru samræmdir þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi um þetta efni varðandi útsvörin. Þetta þýðir það, að kærufrestur til skattstjóra er ákveðinn alls staðar á landinu 14 dagar, en nú eru þetta 15 dagar í Reykjavík, en 30 dagar utan Reykjavíkur. Þetta þýðir nokkurn veginn óbreyttan kærufrest í Reykjavík, en hann er styttur utan Reykjavíkur. En í þessu sambandi má benda á það, að utan Reykjavíkur er hægt að senda kæruna til umboðsmanns skattstjóra í viðkomandi sveitarfélagi, svo að að því leyti virðist ekki ástæða til hvað það snertir að gera í þessu efni mun á Reykjavík og landsbyggðinni, enda er hér um sama kærufrest að ræða og nú er í gildi varðandi útsvörin. Hvað snertir hins vegar kærur til ríkisskattanefndar, þá eru núgildandi ákvæði um hann hálfur mánuður í Reykjavík, en mánuður utan Reykjavíkur. Nú er gert ráð fyrir því, að þetta verði 3 vikur á öllu landinu. Það er sami kærufrestur og nú er til ríkisskattanefndar varðandi útsvör, og hefur ekki orðið vart við, að það hafi vakið óánægju, svo að ekki verður séð, að ástæða sé til þess að hafa önnur ákvæði í þessu efni varðandi ríkisskattana en útsvörin, en skattayfirvöld telja, að hagræði væri í þeirri samræmingu, sem hér er um að ræða. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram til upplýsinga um þetta atriði.

En þá kem ég að þeim atriðum frv., sem ég vænti, að hér verði einkum umræður um, en það er hækkun persónufrádráttarins og þær breytingar á skattstigum, sem ráð er fyrir gert í 5. gr. frv.

Það meginsjónarmið, sem liggur að baki þeirri hækkun persónufrádráttar, sem frv. gerir ráð fyrir að framkvæmd verði, er sú staðreynd, sem hv. þdm. er kunn, að þegar verðbólga á sér stað eða peningatekjur og verðlag hækka, þá þyngir það sjálfkrafa tekjuskattsbyrðar borgaranna. Það mætti nefna einfalt dæmi því til skýringar, hvað hér er um að ræða. Samkv. núgildandi skattstigum hafa hjón með 3 börn á framfæri 100 þús. kr. skattfrjálsar. Ef við gerðum nú ráð fyrir því, að verðlag og kaupgjald hefði hvort tveggja tvöfaldazt á einhverju tímabili, þannig að þær tekjur, sem um er að ræða, hefðu hækkað úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. og verðlagið eða allar nauðsynjar fjölskyldunnar hefðu líka tvöfaldazt, þá gefur auga leið, að efnahagsleg afkoma þessarar fjölskyldu væri auðvitað sú sama eftir sem áður, en þar sem fjölskyldan greiddi engan skatt af 100 þús. kr., þá mundi hún, að því er mér reiknast til, að óbreyttum skattstigum koma til með að greiða 17500 kr. í tekjuskatt, eftir að tekjurnar hefðu hækkað upp í 200 þús. kr., eða u. þ. b. 9% af skattskyldum tekjum fjölskyldunnar. Þetta þýðir það, að fjölskylda með óbreytta efnahagsafkomu frá því, sem áður var, mundi nú greiða 9% af tekjum sínum í skatt, en ekkert áður, svo að sú raunverulega þynging skattbyrðarinnar, sem af þessu leiðir, er auðvitað augljós, og þetta frv. er borið fram einmitt til þess að draga úr þessu. Og um það virðist í rauninni ekki neinn ágreiningur, að þetta sé réttmætt.

Hitt verður auðvitað alltaf álitamál, hvað langt beri að ganga í því efni að breyta skattstigum þannig, að dragi úr þessari aukningu skattbyrðarinnar, sem verðbólgan ella hefur í för með sér, og hvað á við að miða í þeim efnum. Ef grundvallarsjónarmiðið væri það, að

menn greiddu sama skatt hlutfallslega af sömu raunverulegum tekjum og áður, þá væri eðlilegt að miða í þessu efni við einhvers konar vísitölu, sbr. þær reglur, sem giltu um umreikning tekjuskatts á stríðsárunum síðustu og árunum eftir stríðið. Með þeim reglum var það nokkurn veginn tryggt, að menn greiddu sömu prósentu í skatt af sömu raunverulegum tekjum, hvernig sem verðlagið breyttist. En í þessu sambandi verður það auðvitað álitamál, hvaða vísitölu skuli miða við, og má í því sambandi, án þess að ég fari nú lengra út í það, benda á, að það yrði e. t. v. dálítið andkannalegt að miða við núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar, vegna þess að beinu skattarnir sjálfir ganga inn í þá vísitölu. En það var ekki tilfellið með vísitölu framfærslukostnaðar á stríðsárunum og eftir stríðið, meðan þessi regla um umreikninginn var í gildi. En annar mælikvarði kemur og til greina í þessum efnum, og það mundi í rauninni vera í beztu samræmi við þau rök, sem á sínum tíma voru færð fyrir því að gera breytinguna á skattalögunum 1960, en meginrökin fyrir þeirri breytingu voru þau, að almennar launatekjur, eins og það var orðað, skyldu vera skattfrjálsar. Það væri í fullu samræmi við þennan rökstuðning við skattalagabreytinguna á sínum tíma að miða einmitt við þennan mælikvarða. En því skal á hinn bóginn ekki neitað, að almennar launatekjur eru svífandi hugtak, og það má lengi um það deila, hvað leggja skuli til grundvallar mati á þeim breytingum, sem á þeim hafa orðið.

Nú er það svo, að eftir því sem mér er bezt kunnugt, þá er ekki um það að ræða, að þær breytingar á persónufrádrætti og aðrar breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, séu reiknaðar út á grundvelli neinnar einstakrar formúlu, heldur er það mat á öllum aðstæðum, sem liggur því að baki, að lögð er til sú breyting, sem frv. gerir ráð fyrir. En auðvitað hefur þó öðru fremur verið höfð hliðsjón annars vegar af þeim launabreytingum, sem orðið hafa, síðan núgildandi skattalög voru sett, og hins vegar þeim verðhækkunum, sem orðið hafa, án þess að nokkuð af því hafi einhliða og eingöngu verið lagt þessu til grundvallar. En ég hygg þó, að hvort þessara atriða sem við er miðað, þá megi fullyrða, að fólk með almennar launatekjur og þar fyrir neðan og þeir, sem verulega framfærslubyrði hafa, hafi fengið því sem næst að fullu, ef ekki alveg að fullu, bætta þá tekjuskattshækkun, sem að öðru óbreyttu hefði leitt af verðbólgunni. Ef miðað er við verðlagið, þá varð meðalvísitala framfærslukostnaðar á árinu 1963 um það bil 134 stig, en hún var, eins og kemur fram í nál. hv. minni hl., 104 stig, þegar breytingin var gerð á persónufrádrættinum og skattstigunum 1960. Hækkun persónufrádráttarins er þannig mjög álíka og sú hækkun, sem orðið hefur á vísitölu framfærslukostnaðar fram til ársins 1963. En þar sem menn greiða í ár tekjuskatta af tekjum s. l. árs, eins og kunnugt er, þá virðist eðlilegt að miða við þessa meðalvísitölu, ef það væru verðlagsbreytingarnar, sem leggja bæri til grundvallar þeirri breytingu, sem gerð er. Eigi hins vegar að miða við almennar launatekjur, þannig að þær verði áfram skattfrjálsar, þá verður auðvitað samkv. því, sem ég áðan sagði, vandi að meta það, hversu þær hafi breytzt á þessum tíma. En til þess að gera hér nokkra grein fyrir þessu má benda á það, að stærð meðalfjölskyldu hér á landi er nú talin hjón með 2—3 börn á framfæri. Þessi meðalfjölskylda hefur samkv. núgildandi skattalögum 90—100 þús. kr. skattfrjálsar, en mundi, ef frv. verður að lögum, hafa 117—130 þús. kr. skattfrjálsar. Eins og fram kemur í nál. hv. minni hl., voru meðalatvinnutekjur kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á árinu 1962 103600 kr., og hv. minni hl. telur rétt að áætla, að á s. l. ári hafi þessar tekjur numið 115 þús. kr., en þó er tekið fram, að það sé varlega áætlað. En jafnvel þó að sú áætlun væri eitthvað hækkuð, þá má fullyrða, að meðaltekjur meðalfjölskyldu verði eftir breytinguna skattfrjálsar, og sé fjölskyldubyrðin meiri, eða fleiri börn á framfæri en 3, þá verður auðvitað hið skattfrjálsa hámark þeim mun hærra. Það er líka víst um það, að hefði því verið haldið fram, þegar launadeilurnar stóðu á s. l. hausti, í málgögnum ríkisstj., að almennar launatekjur væru þá 117—120 þús. kr., þá er ekki vafi á því, að stjórnarandstaðan hefði talið það fjarstæðu, að þær væru svo háar. Þó að ég þannig játi það, að hugtakið almennar launatekjur er vissulega svífandi, þá hníga öll rök að því, svo nærri því sem komizt verður, að með þeirri breytingu, sem gerð hefur verið á persónufrádrættinum, þá megi halda því fram með sama rétti og áður, að almennar launatekjur séu skattfrjálsar.

En þá kem ég að því atriðinu, sem einna mestur ágreiningur virðist vera um, en það eru ákvæði 5. gr. frv. um breytingu skattstiga. Nú skal ég síður en svo draga fjöður yfir það, að sú breyting á skattstiganum, sem þar er um að ræða, veldur því, að tekjur á því bili, sem breytingin nær til, fá minni skattalækkun en verið hefði að óbreyttum skattstiga. Hitt er auðvitað alrangt, sem haldið er fram í nál. hv. minni hl., að þessi breyting þýði, eins og það er orðað, skattahækkun á miðlungstekjum eða fremur lágum skattskyldum tekjum, en ívilnun til hinna tekjuhærri. Það má í fyrsta lagi á það benda, að það er yfirleitt ekki um það að ræða, eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir þessu frv. við 1. umr., að tekjuskattar hækki yfirleitt á neinum. Það er ein undantekning frá því, að tekjuskattur komi til að lækka miðað við gildandi skattalög, en hún er sú, að einhleypingar með 140 þús. kr. tekjur eða hærri tekjur verða í óbreyttum skatti. Á öllum öðrum koma tekjuskattarnir til að lækka. Þess vegna eru þær tölur, sem birtar eru hér á 2. síðu nál. hv. minni hl., að mínu áliti mjög villandi. Það er að vísu rétt, svo langt sem það nær, að skattur af

skattskyldum tekjum kemur til að hækka á því bili, sem þarna er um að ræða. En hér er aðeins sagður hálfur sannleikur og að mínu áliti á mjög villandi hátt, vegna þess að sleppt er að taka tillit til þeirra breytinga, sem hækkun á persónufrádrættinum hefur í för með sér, sem veldur því, að skattskyldar tekjur samkv. núgildandi skattstigum og þeim skattstigum, sem verða, eftir að frv. verður samþykkt, eru sitt hvað, og þess vegna ekki hægt að bera það saman. Hækkun persónufrádráttarins verður auðvitað til þess að lyfta upp þeim tekjum, sem skattfrjálsar eru, svo að af því leiðir, að skattskyldar tekjur verða auðvitað aðrar eftir þá breytingu en fyrir var, svo að þannig er það auðvitað algerlega villandi og rangt að tala um skattahækkun samkv. frv. í venjulegri merkingu þess orðs.

Hitt er líka á miklum misskilningi byggt, þegar talað er um, að það sé verið að ívilna þeim tekjuhæstu með þessari breytingu á skattstiganum. Auðvitað koma þeir, sem hafa hærri tekjur en svarar því hámarki, sem hæsti skattur er nú greiddur af, til með að greiða sömu hækkun og aðrir af þeirri skattahækkun, sem verður á þessu tekjubili, svo að hin örari stighækkun, sem í rauninni er í þessu fólgin, hlýtur auðvitað að bitna jafnþungt á hinum tekjuháu og þeim, sem eru í lægri tekjum, en ná þó þessu marki, svo að það er algerlega villandi og beinlínis rangt að mínu áliti, þegar verið er að tala um þá ívilnun til handa hinum tekjuhærri, sem þarna sé um að ræða.

Í framhaldi af því, sem ég hef sagt, vil ég leyfa mér að víkja að þeim tveim brtt., sem hv. minni hl. hefur flutt við frv. Fyrri brtt. er fólgin í því, að sett verði inn ákvæði um það, að sé vísitala framfærslukostnaðar hærri eða lægri en 161 í aprílmánuði það ár, sem skattur er á lagður, eigi frádráttarupphæðirnar eða persónufrádrátturinn að breytast í réttu hlutfalli við breytingu framfærsluvísitölunnar. Ég vil nú benda á það, að ég tel meira en vafasamt, að samþykkt þessarar brtt. mundi verða skattgreiðendunum í hag, þó að það sé, eins og fram kemur í nál. hv. minni hl., vafalaust það, sem fyrir vakir. Það mundi að vísu vera svo, ef því væri slegið föstu í eitt skipti fyrir öll, að engar frekari breytingar yrðu næstu áratugi gerðar á þeim skattstiga, sem ákveðinn verður, þá væri vitanlega í þessu öryggi. En með tilliti til þeirrar miklu verðhækkunar, sem einmitt hefur orðið það sem af er þessu ári og síðustu mánuði s. l. árs, gefur það auga leið, að ef fylgja á svipuðum skattasjónarmiðum og hefur verið fylgt, þá yrði strax á næsta ári að gera skattalagabreytingu. Ef búið er hins vegar að samþykkja það, að miðað sé við vísitölu 161, þá er því þar með slegið föstu, að bilið frá 134 vísitölustigum, sem meðalvísitala s. l. árs var, og upp í 161 eigi að standa óbætt. Það er búið að slá því þá í rauninni föstu, að verðhækkunina á þessu bili eigi skattgreiðendur að hafa óbætta og aðeins bæta þær hækkanir, sem verða umfram 161. Þó skal ég ekkert um það segja, hverjar breytingar kunna að verða gerðar á skattalögunum á næsta ári og út frá hvaða grundvallarsjónarmiðum. En ef miða á við verðlagsvísitöluna, tel ég, að það sé skattgreiðendum síður en svo í hag að fara að slá því föstu nú þegar, að þeir eigi að hafa óbætta verðhækkunina frá meðalvísitölu síðasta árs og þar til nú. Hins vegar, eins og ég áður hef minnzt á, ef miðað er við verðlagsvísitölu, þá er eðlilegt, þegar skattur er lagður á tekjur síðasta árs, að miða við vísitölu þess árs.

Hin brtt. hv. minni hl. er fólgin í því, að þær breytingar á skattstiganum, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. frv., falli niður. Í sambandi við þetta get ég ekki varizt því að minna á þá afstöðu, sem hv. Framsfl. tók til skattalagabreytingarinnar, þegar hún var ákveðin 1960. Sú afstaða, sem þar kom þá fram, er í nokkurri mótsögn við það, að þessi till. skuli vera flutt. Og er rétt að undirstrika það aftur, að sá rökstuðningur, sem færður er fyrir þessari breytingu, að það ætti að vera lágtekjufólki fyrst og fremst og miðlungstekjufólki í hag, að breytingin verði gerð, fær með engu móti staðizt, eins og ég þegar hef gert grein fyrir. En ef þessi brtt. yrði samþykkt, þá væri það annað, sem í henni fælist, nefnilega það, að leiðréttingin á skattstigum með tilliti til hækkandi verðlags, sem ég hef haldið fram að væri að fullu eða því sem næst, hvað snerti hinar lægri tekjur og þá, sem hafa haft mikla framfærslubyrði, mundi nú einnig ná til þeirra, sem hafa hærri tekjur eða litla framfærslubyrði. Fyrir þessu má færa skynsamleg rök út af fyrir sig, en þau eru allt önnur en þau, sem í nál. felast. Og í þessu sambandi má auðvitað, eins og ég nefndi, benda á, að það, sem hv. framsóknarmenn fyrst og fremst fundu því til foráttu, þegar skattalagabreytingin var ákveðin 1960, var, að skattalagabreytingin ívilnaði allt of mikið þeim, sem hefðu hærri tekjur. Og væru þeir í fullu samræmi við þá afstöðu, þá ætti það einmitt að vera til sérstakra bóta, að þessi breyting á skattstiganum er ákveðin. En nú virðast þessi mál horfa öðruvísi við frá þeirra sjónarmiði.

Við 1. umr. þessa máls var töluvert rætt um tekjuskattsmálin almennt, og ég skal ekki lengja teljandi mál mitt með því að fara út í þau atriði. Ég skal þó aðeins lýsa því sem minni skoðun, að ég tel beina tekjuskatta eðlilegan lið í tekjuöflun, bæði ríkis og sveitar- og bæjarfélaga. Það má auðvitað um það deila, hvernig tekjuskattinum skuli skipt á milli þessara aðila, en það er önnur hlið málsins, sem ekki er ástæða til að ræða hér. Hófs ber þó auðvitað að gæta í skattaálagningunni, og að mínu áliti var það mjög mikið framfaraspor einmitt í þeim efnum, þegar breytingin var ákveðin á tekjuskattslögunum 1960, því að tekjuskattarnir voru fram til þess tíma svo háir, að þeir miklu ágallar, sem hljóta alltaf að verða á tekjusköttunum, þegar þeir fara fram úr vissu marki, voru þá orðnir hið mesta þjóðfélagsvandamál. En þessir ágallar á tekjusköttunum, þegar þeir fara fram úr hófi, eru

einkum tvenns konar. Í fyrsta lagi, að hætta er á því, að séu tekjuskattar mjög háir, lami það hvöt manna til þess að afla sér tekna. Það gengu sögur um það, að þá væri yfirleitt svo komið, að aflasælir skipstjórar teldu sér ekki hag í því að stunda sjóinn lengur en hálft árið í mesta lagi, vegna þess að allt, sem þeir ynnu sér inn fram yfir það, gengi til ríkis og bæja sem skattar. Einmitt í okkar þjóðfélagi, þar sem skortur er á vinnuafli og sérstaklega er skortur á sérhæfðum starfskröftum, sem njóta tiltölulega hárra tekna, ber að hafa þetta atriði hugfast. Annað atriði, sem skiptir í þessu sambandi máli og er annar meginágalli hárra tekjuskatta, er það, að þótt ekki sé af öðru en tæknilegum ástæðum, er óframkvæmanlegt að hafa það eftirlit með skattaframtölum, sem nauðsynlegt er að hafa, til þess að slíkir skattar, ef þeir eru aðaltekjustofn hins opinbera, verði réttlátir. Að vísu felur þetta frv. í sér ýmis ákvæði, sem góðs má vænta af og hníga að því að bæta eftirlit með skattframtölum frá því, sem nú er. En þetta er þó ekki einhlítt, því að það aukna eftirlit, sem hér er um að ræða, verður fyrst og fremst virkt gagnvart þeim fyrirtækjum, sem eru bókhaldsskyld, annars vegar og svo gagnvart launatekjum hins vegar. En fjölmennar þjóðfélagsstéttir hafa þá aðstöðu, hvað sem líður því eftirliti, sem verið hefur og hér er gert ráð fyrir að auka, að ómögulegt er að hafa eftirlit með því, hvað þessir aðilar vinna sér inn, og á ég þar fyrst og fremst við smærri atvinnurekendur í ýmsum greinum, sem ekki eru bókhaldsskyldir, og svo þá aðila, sem veita ýmiss konar þjónustu. Það má í þessu sambandi nefna aðila eins og tannlækna, málflutningsmenn, handverksmenn, sem ekki eru bókhaldsskyldir, þá sem annast bifreiðaakstur og fjölmarga aðra. Nú er það fjarri mér að halda því fram, að þeir, sem í þessum stéttum eru, hafi meiri tilhneigingu en aðrir til þess að draga tekjur sínar undan skatti, en aðstaðan er sú, að þessum aðilum er það í sjálfsvald sett í rauninni, hvaða tekjur þeir telja fram, og því verður ekki breytt, þó að hert sé á eftirlitinu. Að vísu er það til í sumum löndum, að komið hefur verið á fót sérstöku skattanjósnakerfi, en að ýmsu leyti er sú hugsun þó óhugðnæm. Það hygg ég, að flestir séu mér sammála um, og erfiðara er að koma slíku við, jafnvel þó að rétt þætti af öðrum ástæðum, í landi, þar sem hver þekkir annan, eins og hér hjá okkur, heldur en í milljónalöndunum. Af þessum ástæðum tel ég, að hófs beri ávallt að gæta við skattaálagningu, og ég teldi réttmætt, að samanlagðir tekjuskattar til bæjar- og sveitarfélaga ættu yfirleitt ekki að nema meira en 50% af þeim tekjum, sem menn vinna sér inn. Því marki hefur auðvitað ekki verið náð, þó að þetta frv. verði samþykkt, en ég tel, að æskilegt sé, að að því verði keppt í framtíðinni. En auðvitað er í þessu frv. ekki um annað að ræða en þá bráðabirgðalagfæringu, sem fært hefur þótt að gera með tilliti til allra aðstæðna.

Nú má auðvitað segja, að þetta, sem ég nú síðast hef sagt, séu í rauninni rök fyrir því, að samþykkja beri brtt. hv. minni hl. um það að fella 5. gr. niður, þó að þessi rök séu ólík og jafnvel gagnstæð þeim, sem í nál. þeirra eru færð fram fyrir þessu. En um það vil ég aðeins segja þetta, að þó að ég telji frekari lagfæringa þörf á tekjuskattinum en þeirra, sem í þessu frv. felast, verður, þegar tekin er ákvörðun um það, hvort slíka lagfæringu skuli gera og hvenær, að taka tillit til hins almenna ástands í efnahagsmálum. Það, sem ég hef þó hér í huga, er ekki fyrst og fremst tillitið til afkomu ríkissjóðs, því að ég skal fúslega játa, að það sjónarmið, að þess beri alltaf að gæta, að ríkissjóður innheimti jafnmargar krónur í skatta og útgjöldunum nemur, er úrelt sem grundvallarsjónarmið, sem fylgja beri við samningu fjárl. eða þegar teknar eru ákvarðanir um þá fjármálastefnu, sem fylgja beri. Þetta var e. t. v. skiljanlegt á einveldistímanum, þegar meginmarkmiðið var talið að sjá einvöldunum, fjölskyldum þeirra og málaliði o. s. frv. fyrir nægilegum tekjum. Þá var eðlilegt, að litið væri á ríkið sem eins konar viðskiptafyrirtæki, en nú er það algerlega úrelt sjónarmið. Nei, en það er annað atriði, sem meira máli skiptir í þessu sambandi, og það er, að þó að vissulega megi færa rök fyrir því, að það sé óeðlilegt að láta verðbólguna hafa mjög raskandi áhrif á ákvörðun skattanna, þá eru það ekki allir, sem eru sammála um það, að rétt sé á hverjum tíma að breyta skattstigum með tilliti til þess, að verðlagshækkanir hafi ekki áhrif á skattbyrðarnar. Og ég býst við því, með tilliti til þeirrar þróunar, sem verðlagsmálin hafa tekið hjá okkur einmitt nú síðustu missirin, ef hingað væru kvaddir sérfræðingar frá Efnahagsstofnun Evrópu t. d. og þeir látnir gefa ráð um þá stefnu, sem rekin væri í skattamálum, að eitt af því, sem þeir mundu leggja megináherzlu á, væri að breyta í engu skattstigunum, því að á það hefur verið bent og auðvitað með réttu, svo langt sem það nær, að tekjuskatturinn sé eins konar sjálfvirk hamla á verðþenslu, vegna þess að þegar verðþensla á sér stað, hækki tekjuskatturinn sjálfkrafa, dragi þannig inn peninga og haldi verðbólgunni í skefjum. Enskumælandi þjóðir tala einmitt um tekjuskattinn sem „built-in-stabilizer", eins og það er kallað í hagkerfinu, en skilyrðið fyrir því, að tekjuskatturinn geti gegnt þessu hlutverki, er auðvitað það, að tekjuskattarnir séu látnir vera óbreyttir, hvaða breytingar sem verða á verðlaginu.

Ég býst nú við, að hvað sem öðru líður, séum við hér þó sammála um, að lagfæra beri skattstigana með tilliti til verðlagsþróunarinnar, þó að ágreiningur sé um það, hve langt beri að ganga í þessu efni. En tillit verður þó að taka til hinnar almennu verðlagsþróunar í þessum efnum, og einmitt með tilliti til þessa er það skoðun mín, að sú leið, sem valin hefur verið í þessum efnum í þessu frv., sé með

tilliti til allra aðstæðna sá meðalvegur, sem farsælast sé að rata að þessu sinni.

Meiri hl. n. mælir með því, eins og nál. á þskj. 505 ber með sér, að þetta frv. verði samþ. með einni breytingu, sem flutt er af fjhn. sameiginlega á þskj. 507. Þessi breyting er við 1. gr. frv., og mun það ákvæði, sem þar er lagt til, að niður verði fellt, vera komið inn fyrir vangá eina, en að öðru leyti treystir meiri hl. sér ekki til þess að mæla með fram komnum brtt.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Þegar hv. alþm. kynntust fyrst efni þess frv., sem hér er til umr., en það var í frásögn Morgunblaðsins af fundi í Landsmálafélaginu Verði, en það er nú orðinn fastur siður hæstv. ráðh. að leggja málin þar fyrir, skömmu áður en þeim er útbýtt á Alþingi, þá voru fyrirsagnir blaðsins um stórfelldar skattalækkanir. Nú eru allir hlutir afstæðir, og það er misjafnt, við hvað er miðað. Ef miðað er við þær reglur, sem Alþingi setti, þegar það setti síðast ákvæði um álagningu tekjuskatts, fæst önnur niðurstaða en fyrirsagnir Morgunblaðsins bentu til, en hins vegar eru þær niðurstöður nokkuð réttar, þótt kannske séu ýktar, ef miðað er við þær reglur, sem nú gilda og Alþingi hefur raunar ekki sett, heldur óðaverðbólgan, því að hún hefur breytt svo öllum verðmætum, sem þarna er miðað við, að hún hefur algerlega afskræmt þann vilja, sem Alþingi lét í ljós með setningu laganna á sínum tíma.

Þegar ég nú geri samanburð á þeim reglum, sem felast í þessu frv., og því, sem fyrr hefur verið, mun ég miða við þau verðmæti og það verðlag, sem gilti, þegar Alþingi setti þær reglur, sem gilt hafa fram til þessa. Að sjálfsögðu mun niðurstaða mín þess vegna verða nokkuð önnur en hv. frsm. meiri hl., sem hafði allar sínar viðmiðanir við þær reglur, sem óðaverðbólgan er búin að búa til á undanförnum árum.

Í upphafi starfsferils núv. hæstv. ríkisstj. var boðuð ný stefna í skattamálum. Óbeinir neyzluskattar skyldu í vaxandi mæli koma í stað beinna skatta. Beinir skattar voru taldir ranglátir, m. a. vegna þess, að það voru talin svo mikil brögð að undandrætti og skattsvikum. En hæstv. ríkisstj. lofaði því, að í stað þeirrar stórfelldu hækkunar á óbeinum sköttum, sem hún beitti sér fyrir með l. um söluskatt og raunar l. um efnahagsmál í febr. 1960, skyldi lækka tekjuskatt og afnema hann með öllu á þeim tekjum, sem kallaðar voru þurftartekjur. Það voru síðan afgreiddar nýjar reglur um álagningu tekjuskatts, bæði um persónufrádrátt og um skattstiga, í aprílmánuði 1960 og samþykktar sem lög nr. 18 það ár, og síðan hafa þessar reglur, bæði reglurnar um persónufrádrátt og um skattstiga, verið óbreyttar.

Þegar þessar reglur voru settar í aprílmánuði 1960, voru meðaltekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, sem reiknaðar eru út samkv. úrtaki úr skattskýrslum um tekjur ársins á undan, sem rétt er að miða við í þessu sambandi, 74900 kr. Framfærsluvísitalan var, þegar lögin voru sett, 104 og vísitala vöru og þjónustu var 106. Svo kom verðbólguþróunin til og breytti öllum þessum verðmætum, bæði verðlags og tekna, sem Alþingi hafði haft fyrir augum, þegar þessi lög voru samþykkt. Og árið 1962 voru úrtakstekjurnar, sem ég gat um áðan, 103600 kr., og ég hef látið mér detta í hug, að það væri sjálfsagt varlegt að áætla þær um 115 þús. á árinu 1963. Þannig hafa þær hækkað um 53.4%. Vísitala framfærslukostnaðar er nú orðin 161 og hefur hækkað um nærri 55%, og vísitala vöru og þjónustu er nú 184 stig og hefur hækkað um 73.6%.

Það var athyglisvert áðan í ræðu hv. frsm. meiri hl., að honum þótti eðlilegt að miða við meðalvísitölu ársins sem leið, sem hann taldi vera 134 stig, og bera hana saman við vísitöluna, þegar lögin voru sett, í aprílmánuði 1960, sem er 104 stig. Rökin fyrir þessu voru þau, að það væri nú verið að búa sig undir að leggja á tekjur seinasta árs. En mér er spurn, hvort það hafi ekki einnig verið þannig árið 1960. Ef við viljum miða við fyrra ár nú, skulum við þó a. m. k. miða við fyrra ár þá líka, þó að ég að vísu skuli viðurkenna, að ef það væri gert, gæfi það nokkru hagstæðari útkomu fyrir talsmenn þessa frv., sem hér liggur fyrir.

En þegar við höfum litið á þessar hækkanir, sem ég hef nú verið að gera grein fyrir, er næst að líta á það, að tilgangur þessa frv. er sagður vera fyrst og fremst sá að leiðrétta persónufrádráttinn í samræmi við breytt verðgildi peninganna, síðan lögin voru sett. Þetta taldi hv. frsm. meiri hl. hér áðan einnig vera meginsjónarmið frv. En væri þetta ætlunin, hlyti maður að gera ráð fyrir, að hækkunin á persónufrádrættinum væri töluvert miklu meiri en raun ber vitni. Hækkunin á persónufrádrættinum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er 30%. en eins og ég gerði grein fyrir áðan, hefur verðlagshækkunin, síðan lögin voru sett, verið 55% eða 74% eftir því, hvora vísitöluna menn telja eðlilegt að miða við í þessu sambandi.

Mig langar einnig í þessu sambandi til þess að benda á annað. Þau verðmæti, sem talin eru í grundvelli vísitölunnar fyrir vörur og þjónustu, námu í aprílmánuði 1960 51241 kr., en í aprílmánuði 1964 89119 kr. Hækkunin er 37878 kr., eða ef menn vilja miða við vísitölu framfærslukostnaðar, þá verða tölurnar þessar, að í aprílmánuði 1960 var grundvöllurinn upp á 68736, en í apríl 1964 106455, og mismunurinn þarna er nokkurn veginn sá sami og í vísitölu vöru og þjónustu, nefnilega 37719 kr. Samkvæmt þessu hafa því brýnustu lífsnauðsynjar hækkað á þessu tímabili um 37 þús. og 700—800 kr., en hækkun persónufrádráttarins er ekki nema 15 þús. kr. fyrir einhleyping, 21 þús. kr. fyrir hjón, 24 þús. kr. fyrir hjón og barn og 27 þús. kr. fyrir hjón og tvö börn. Af þessu er þá einnig ljóst, að hækkun persónufrádráttarins er allmiklu minni en verðlagsþróunin hefði gefið tilefni til, ef ætlunin hefði verið að leiðrétta

að fullu þá röskun, sem verðlagsþróunin hefur orsakað í þessum efnum.

En jafnvel ekki þessarar takmörkuðu réttarbótar er skattþegnum ætlað að njóta óskertrar, ef tekjur þeirra fara eitthvað fram úr persónufrádrættinum. Þá á sér nefnilega stað hækkun á skattstiganum, hækkun, sem er fólgin í því, að skattstiginn er gerður brattari í upphafi, þannig að skattskyldar tekjur yfir 50 þús. fara með skattinn upp í hæsta þrep skattstigans í stað þess, að áður þurftu skattskyldar tekjur að fara yfir 90 þús., til þess að hæsta þrepi væri náð. Það er alveg augljóst, þrátt fyrir mótmæli hv. frsm. meiri hl., að þetta kemur þyngst niður á þeim, sem hafa hóflegar skattskyldar tekjur, en úr því að menn hafa farið yfir 90 þús. í skattskyldar tekjur, verður hækkunin á skattstiganum jöfn í krónutölu og því minnkandi hlutfallslega, eftir því sem tekjurnar og skatturinn verður hærri.

Af töflu, sem birt er í nál. okkar minnihlutamanna, kemur það fram, svo að ekki verður um villzt, að af sömu skattskyldu tekjum verður, eftir að frv. þetta er orðið að lögum, borgaður hærri skattur en áður var, enda gerði hv. frsm. meiri hl. ekki tilraun til að mótmæla því, og þessi hækkun, miðað við skattskyldu tekjurnar, verður hlutfallslega mest á tiltölulega lágu bili skattskyldra tekna. Ég skal ekki fara út í að rekja það, sem rakið er í nál. um þetta, en langar í þess stað að taka nokkur önnur dæmi um það, hvernig þessi breyting á skattstiganum verkar.

Á árinu 1959 voru meðaltekjur samkv. úrtakinu, eins og ég gat um áðan, 74 þús. kr., en á árinu 1963 gizkaði ég á, að þær væru varlega metnar í kringum 115 þús. kr. Ef við berum saman hjón, sem hafa eilitlu lægri hreinar tekjur en þær tekjur, sem þarna um ræðir, verður sá samanburður á þessa leið: Hjón, sem höfðu hreinar tekjur um 70 þús. kr. á árinu 1959, höfðu í persónufrádrátt á árinu 1960 einnig 70 þús. kr. og borguðu því engan skatt það ár. Hafi nú tekjur þessara hjóna hækkað í hlutfalli við hækkun á tekjum úrtaksins, hefðu þau á árinu 1963 u. þ. b. 110 þús. kr. tekjur, en persónufrádráttur þeirra er nú aðeins 91 þús. Skattskyldar tekjur verða því 19 þús. og tekjuskatturinn 1900 kr. Hjón með tvö börn með sömu tekjur borguðu auðvitað engan skatt 1960, borga 600 kr. samkv. þessari breytingu, og þessi hjón, sem urðu skattlaus með þessar tekjur árið 1960, þurfa nú að hafa eignazt tvö börn til viðbótar til þess að sleppa við skatt samkv. hinum nýju reglum.

Það má taka ýmsa aðra viðmiðun, ef menn vilja, til þess að reikna út, hver áhrif þessar breytingar hafi, og ef við t. d. tökum dæmi af hjónum með eitt barn, sem á árinu 1959 höfðu hreinar tekjur að upphæð 90 þús., þá höfðu þau í persónufrádrátt á árinu 1960 80 þús. og í skattskyldar tekjur 10 þús. kr. og borguðu því tekjuskatt upp á 500 kr. Ef þessum hjónum með sitt eina barn hefur nú tekizt að halda þannig í horfinu, að þau hafa aukið tekjur sínar um einmitt það, sem grundvöllur vísitölunnar hefur hækkað um, nefnilega 38 þús. kr., sem virðist þó vera algert lágmark, — ef þeim á að hafa tekizt að halda bara nokkurn veginn í horfinu, þá hafa tekjur þeirra á s. l. ári verið 128 þús. kr., persónufrádráttur verður 104 þús. kr. og skattskyldar tekjur 24 þús. og tekjuskattur 2400 kr. í staðinn fyrir 500 fyrir 4 árum.

Ég hirði ekki um að taka fleiri dæmi af þessu tagi. Það er augljóst, hvað á sér stað við þessar breytingar. Persónufrádrátturinn er hækkaður minna en nemur verðrýrnun peninganna á tímabilinu, síðan hann var seinast ákveðinn. Skattþegnarnir, sem fara upp fyrir persónufrádráttinn, njóta þó ekki einu sinni þeirrar hækkunar til fulls vegna hækkunar skattstigans. Þetta eru staðreyndir málsins, sem raunar hv. frsm. meiri hl. gerði ekki tilraun til þess að vefengja efnislega, þó að hann reyndi að gera nál. okkar tortryggilegt með öðrum hætti.

Á undanförum árum hefur verðbólguþróunin sífellt verið að rýra persónufrádráttinn, rýra raungildi hans. Jafnframt hefur hún verið að flytja skattþegnana, sem fá fleiri krónur, vegna þess að þær eru verðrýrari, upp í hærri skattstiga, eins og raunar frsm. meiri hl. gerði ágætlega grein fyrir hér áðan. Árangurinn hefur verið sá, að óðaverðbólgan hefur með þessum hætti verið drjúg tekjulind fyrir ríkissjóð. Árið 1960 var á fjárl. gert ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur yrði 72 millj. kr., en reyndist samkv. ríkisreikningum 97 millj. kr. Á árinu 1961 var gert ráð fyrir því á fjárl., að tekju- og eignarskattur yrði 75 millj. kr., en hann reyndist 106 millj. kr. Og árið 1962 var gert ráð fyrir á fjárl., að hann yrði 95 millj. kr., en reyndist 118 millj. kr. Þannig ruglar þessi verðbólguþróun allt mat fjárveitingavaldsins, ekki aðeins á tekjum ríkissjóðs, heldur einnig á skattstigunum og þeirri skattstefnu, sem ákveðin er með skattalögum á hverjum tíma. Af þessum ástæðum virðist okkur í minni hl. eðlilegt að verðtryggja persónufrádráttinn með svipuðum hætti og gert var í skattal. frá 1954, þannig að nokkurn veginn sé tryggt, að hann haldi gildi sínu frá ári til árs.

Hv. frsm. meiri hl. gerði tvær aths. við þessa till., sem við í minni hl. flytjum sem fyrri tölulið á þskj. 496. Annars vegar væri það ekkert víst, að þetta væri skattþegnum í hag, vegna þess að svo gæti vel farið, að stjórnarliðið hv. hugsaði sér að hækka enn persónufrádráttinn með nýjum lagabreytingum á næsta ári. Og hann lét að því liggja, að ef nú yrði samþykkt að verðtryggja persónufrádráttinn, mundu hv. stjórnarflokkar síður sjá ástæðu til þess að hækka persónufrádráttinn á næsta ári. Ég fæ nú ekki með neinu móti séð, að ef hv. frsm. meiri hl. er reiðubúinn til þess að viðurkenna það nú, að leiðréttingá á persónufrádrættinum hafi verið of lítil og þurfi þess vegna að leiðréttast aftur á næsta ári, þá sé síður ástæða til þess að gera það, þó að sú

réttarbót, sem nú hefur fengizt, yrði vísitölutryggð. Þess vegna get ég ekki fallizt á þessa röksemdafærslu, sem ég tel vera út í loftið.

Hin aths. hv. frsm. meiri hl. veldur mér meiri umhugsun. Hann gat þess, að það væri óeðlilegt að miða við vísitölu framfærslukostnaðar, vegna þess að í henni væri tekið tillit til beinu skattanna. Ef hv. frsm. meiri hl. þætti þess vegna eðlilegra að binda þetta við vísitölu vöru og þjónustu, sem ekki felur í sér neitt tillit til beinu skattanna, þá er ég reiðubúinn til þess að endurskoða till. mína með honum, ef hún með þeim hætti gæti fengið stuðning hans.

Þá var hin till., sem við í minni hl. berum fram á þskj. 496, sem er sú að fella niður ákvæðið um hinn nýja skattstiga, svo að núgildandi skattstigi haldi gildi sínu. Ástæða okkar til þess að bera fram þá till. er sú, að við teljum, að hin skyndilega hækkun stigans, strax eftir að komið er upp fyrir persónufrádráttinn, sé óréttlátari en núgildandi skattstigi vegna þess, hve snögglega menn komast upp í háan tekjuskatt. Það er þess vegna af hreinum sanngirnisástæðum, sem við förum fram á það, að þessi breyting sé felld niður.

Í tilefni af ýmsum aths., sem fram komu í ræðu hv. frsm. meiri hl., þykir mér rétt að taka það fram, að brtt. okkar eiga ekki fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að við séum mótfallnir því, að hæstv. ríkisstj. leggi nú að nýju meiri áherzlu á beina skatta — og þá vonandi í framhaldi af því minni á óbeina — og sé þannig að taka svolítið skref aftur á bak frá þeirri stefnu, sem hún markaði árið 1960. Það er ekki það, sem við erum mótfallnir, vegna þess að eins og hv. frsm. meiri hl. tók réttilega fram, þá álítum við þá stefnu, sem ríkisstj. tók upp í skattamálum árið 1960, vera ranga. Við berum hins vegar fram 2. brtt. á þskj. 496 vegna þess, að við teljum þann skattstiga, sem nú gildir, sanngjarnari en þann, sem lagður er til í frv. Við mundum miklu heldur kjósa það, þó að hæstv. ríkisstj. þyrfti eitthvað að herða á beinu sköttunum, að hún gæti þá lækkað óbeinu skattana, a. m. k. að sama skapi og raunar helzt miklu meira, sökum þess, hve skattbyrðin er nú að okkar dómi orðin óhæfilega þung.

Ég hef hér farið nokkrum orðum um þær tvær höfuðbreytingar á skattstigum og persónufrádrætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og um þær brtt., sem við í minni hl. leggjum til á þskj. 496. En það eru fleiri atriði í þessu frv., sem er ástæða til að nefna nokkrum orðum, og það er það, að nú seint og um síðir finnst ríkisstj. ástæða til þess að herða á skattaeftirlitinu og viðurlögum við undandrætti og skattsvikum. Það er að sjálfsögðu ekki nema gott um það að segja, og sjálfsagt minnast allir hv. þm. þess, að það var ein af aðalröksemdafærslum hv. stjórnarflokka, þegar rætt var um breyt. á skattastefnunni árið 1960, að það væri svo erfitt að koma í veg fyrir skattsvik, að nauðsynlegt væri þess vegna að leggja minnkandi áherzlu á beinu skattana. Nú virðist hæstv. ríkisstj. hins vegar sjá möguleika á því að herða skattaeftirlitið, og við getum aðeins fagnað því og munum styðja þær breytingar á skattalöggjöfinni, sem að þessu lúta í því frv., sem hér liggur fyrir. Ég get samt ekki stillt mig um að segja það, að auðvitað er mönnum alltaf nokkurt íhugunarefni að auka rétt embættismanna og ríkisvaldsins til þess að hnýsast í einkamál manna, án þess að mjög rökstuddur grunur liggi fyrir, en í þessum efnum er sú nauðsyn fyrir hendi, sem okkur virðist að réttlæti þau ákvæði, sem í þessu frv. er að finna.

Hv. frsm. meiri hl. fór nokkrum orðum um þær aths. í nál. okkar, sem lúta að því, að við finnum að því, að þetta tilefni skyldi vera tekið til þess að stytta kærufresti, bæði til skattstjóra og til ríkisskattstjóra, og við höfum leyft okkur að benda á það, að með þessu sé verið að rýra rétt þeirra, sem að ósekju kynnu að verða órétti beittir af hálfu skattayfirvalda. Að gefnu þessu tilefni skal ég taka það fram, að þó að við finnum að þessu í nál. okkar, höfum við ekki enn a. m. k. flutt við þetta brtt., og á það rót sína að rekja til þess, að okkur virðist að sumu leyti ekki óeðlilegt, að sömu reglur gildi eins og í l. um tekjustofna sveitarfélaga og að þá verði að líta á þetta sem samræmingu við þau. En þó höfum við það til athugunar að flytja e. t. v. á síðara stigi þessa máls brtt. við 9. og 10. gr.

Að svo mæltu vildi ég leyfa mér að mæla með samþykkt brtt. okkar minni hl. á þskj. 496 og brtt. meiri hl. á þskj. 507 og samþykkt frv. svo breytts.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá atriði varðandi nál. minni hl. og brtt., sem ég vildi gera hér að umtalsefni. Í nál. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur þessa frv. er sagður vera fyrst og fremst sá að leiðrétta persónufrádráttinn í samræmi við breytt verðgildi peninga. Væri það ætlunin, er ljóst af því, sem að framan er sagt, að hann hefði átt að hækka um a. m. k. 55%, ef ekki 74, eftir því, hvora vísitöluna menn vilja miða við, en frv. gerir ráð fyrir að hækka hann um 30% og yrði hann því nú allmiklu lægri í hlutfalli við tekjur og verðlag en seinast, er hann var ákveðinn."

Í tilefni af þessu rifjast það upp fyrir mér, að ég átti sæti í þeirri n., sem undirbjó skattalagabreytinguna 1960. Þá var tekjuskatturinn lækkaður mjög mikið. Það var róttækur niðurskurður, sem þá átti sér stað, ekki einungis það, að skattgreiðendunum fækkaði þá mikið, heldur lækkaði hann líka á öllum skattgreiðendum. Ég man það vel, að þegar við í þessari nefnd vorum að rökræða um þennan skala, sem fyrirhugað var að lögfesta, þá var það hugsun okkar, a. m. k. var það hugsun mín og margra annarra, sem voru þarna við þetta riðnir, að það verðlag og kaupgjald, sem gilti þegar á þeim tíma, þegar verið var að lögfesta þetta frv., mundi að sjálfsögðu taka breytingum í nánustu framtíð. Það var auðséð t. d. á því, að í ársbyrjun 1960 var gengi krón-

unnar lækkað talsvert og af því leiddi augljóslega verulegar verðhækkanir. Þess vegna var það álit okkar, að í þessum skala, sem þá væri ákveðinn, væri svo mikil skattalækkun og róttæk fólgin, að hann mundi rúma það, þó að tekjur manna og verðlag hækkaði talsvert á næstu árum, þó að þar væri að sjálfsögðu ekki miðað við neina fastákveðna tölu. Þess vegna hlýtur samanburður nú og þá að vera í sjálfu sér ákaflega erfiður, og þessar tölur, sem þarna eru nefndar, eru vægast sagt, þó að það sé rétt farið með vísitöluna, mjög ónákvæmur samanburður, því að það verður að gera greinarmun á því, að 1960 fór fram endursköpun skattalaganna, og það er eðlilegt, þegar slík endursköpun á sér stað, að hún sé miðuð við nokkur ár fram í tímann. Þó að enginn geti um það sagt með vissu fyrir fram, hvað verðlag og kaupgjald muni hækka, þá er það nokkurn veginn ljóst alltaf, að það muni eiga sér stað. Hins vegar er núna aðeins verið að gera leiðréttingu. En það, sem skiptir þó auðvitað máli í þessu sambandi, er, hvað Alþingi og ríkisstj. ætlast fyrir um það að gera slíkar leiðréttingar oft, og eins og hv. frsm. meiri hl. n. drap á, fyndist mér það mjög koma til athugunar, að leiðrétting yrði gerð aftur á næsta ári, m. a. vegna þess, að 15% kauphækkun, sem varð í desember, kom að ákaflega litlu leyti fram á tekjum ársins 1963, og á þá kauphækkun verður því ekki lagður skattur í ár, það er ekki fyrr en á næsta ári. En ég vildi sem sagt undirstrika það, að það var ekki hugsunin, þegar þessi skattalög voru sett og persónufrádrátturinn ákveðinn, að hann væri endanlega fastbundinn við það kaupgjald og verðlag, sem ríkti í landinu, þegar verið var að lögfesta það frv.

Þá kem ég að öðru atriði og það er sjálfur skattstiginn. Menn minnast þess sjálfsagt 1960, þegar verið var að breyta skattalögunum hér á Alþingi, að þá gagnrýndu talsmenn Framsfl. þann skattstiga, sem þá var verið að lögfesta. Að vísu neituðu þeir því ekki, að það væri fjöldi manna, sem yrði skattlaus eftir þeim stiga og þeim frádrætti, sem þá gilti, og að skatturinn lækkaði verulega á miðlungstekjum eða hærri. Það, sem þeim þótti lakast, var, að skatturinn á háar tekjur lækkaði allt of mikið. Að vísu játuðu þeir það, að hann lækkaði prósentvís talsvert minna á háar tekjur en miðlungstekjur, en tölulega séð, ef teknar voru upphæðirnar, þá átti hátekjumaðurinn að hagnast miklu meira en sá, sem hafði meðaltekjur eða þar undir. Nú virðist hins vegar vera öðruvísi varið afstöðu Framsfl. í þessum efnum, því að nú vilja þeir breyta nýja skalanum, eða réttara sagt: nú vilja þeir halda við gamla skalann óbreyttan, þegar ríkisstj. leggur til, að nýr skali sé tekinn upp.

En ef við berum saman, hvernig skatturinn kemur út á eftir reglum þessa frv. og hins vegar eftir þeirri brtt., sem hér kemur fram frá hv. minni hl. nefndarinnar, sem er á þá leið, að gamli skalinn gildi óbreyttur, þ. e. a. s. persónufrádrátturinn á að sjálfsögðu að breytast eftir reglum frv. og hækka, en skalinn sjálfur á síðan að taka við óbreyttur, þá kemur í ljós, ef við tökum t. d. einhleyping, sem hefði 75 þús. kr. í skattskyldar tekjur, að hann á samkv. frv. að borga 1000 kr. í skatt, en samkv. brtt. 500 kr. eða samkv. gamla skalanum. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Og alveg sama má segja um hjón með 2 börn, sem hefðu 127 þús. kr. í tekjur, þau eiga eftir frv. að borga 1000 kr. í skatt, en eftir brtt. minni hl. n. eiga þau að borga 500 kr., þannig að á vissum bilum og fyrir það fólk, sem er með lægri skattskyldar tekjur, en kemst þó í skatt, er þetta lækkun prósentvís, sem vissulega er mikil, getur maður sagt. En þegar skoðað er lengra upp, og ég tek til dæmis 250 þús. kr., kemur í ljós, að einstaklingur eða einhleypur maður með 250 þús. kr. skattskyldar tekjur á samkv. frv. að borga 47500, en samkv. brtt. 43000. Þar með er sú lækkunin 4500 kr. Og hjón með 2 börn eiga samkv. frv. að borga 31900, en samkv. brtt. eiga þau að borga 27400, þ. e. a. s. 4500 kr. lægri skatt en frv. gerir ráð fyrir.

Það má að sjálfsögðu lengi deila um svona sjónarmið, hvað sé réttmætt og sanngjarnt og hvað ekki. Ég er ekki að nefna þetta vegna þess, heldur sýnir þetta alveg ljóslega, að Framsfl. er kominn inn á talsvert aðra stefnu en hann hafði 1960. Þá gagnrýndi hann breytingarnar á skattalögunum vegna þess, að þar var um of mikla lækkun á sköttum hátekjufólks að ræða. Nú vill hann hins vegar snúa þessu við og gerir brtt. um það, að skattarnir á þetta fólk lækki frekar en frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir. Og það er einmitt það, sem mér finnst á skorta í afstöðu Framsfl. í skattamálunum, að hann hefur ekki nógu sjálfstæðar skoðanir eða sjálfstæðar till. fram að færa. 1960 var Framsfl. andvígur þeim skattstiga, sem þá var settur fram, án þess að gera till. um nokkurn annan skattstiga. Og núna, þegar ríkisstj. gerir till. um nýjan skattstiga, þá hefur Framsfl. ekkert annað fram að færa en gamla skattstiga ríkisstj.

Þá ætla ég að lokum að koma að hinni brtt., sem gerir ráð fyrir því, að persónufrádrátturinn hækki í samræmi við framfærslukostnað eða framfærsluvísitölu. Út af fyrir sig viðurkenni ég það, að það er viss sanngirni í því fólgin, að persónufrádráttur fylgi vísitölu. En það er á annað að líta. Ég er þeirrar skoðunar, að einasta ráðið, sem dugir til frambúðar til þess að halda verðbólgunni í skefjum, sé einmitt að hafa eins konar refsivönd yfir stéttunum, þannig að stéttirnar í þjóðfélaginu græði ekki á verðbólgu. Undanfarin ár og áratugi hefur þetta verið þannig, að það hafa allt of margar stéttir í landinu grætt á verðbólguþróuninni, og það hefur m. a. skapað erfiðleika við að kveða hana niður. Ég vil taka sem dæmi, svo að víssir hópar eða stéttir í þjóðfélaginu séu nefnd, eins og við skulum segja atvinnurekendur, skuldarar, launþegar, skattgreiðendur. Ef við gætum komið á þeim reglum, að engin þessara stétta sæi sér ávinn-

ing í aukinni verðbólgu, þá væri vissulega mikið unnið. En það er einmitt út frá þessu sjónarmiði, sem ég skal að vísu játa það, að þessi refsivöndur ætti að vera á lofti yfir fleiri en aðeins skattgreiðendum, ég vil taka það fram, en ég tel einmitt, að ef skattgreiðendurnir sjá fram á það, að aukin verðbólga íþyngi þeim í sköttum, þá hafa þeir einmitt hagsmuni af því, að verðbólgunni sé haldið í skefjum, og þannig þyrfti að koma á reglu um fleiri stéttir. Þess vegna get ég ekki fallizt á þessa till., eins og sakir standa.

Björn Jónsson: Herra forseti. Við hv. 5. þm. Reykn. flytjum hér á þskj. 498 brtt. við 11. gr. þess frv., sem hér er til umræðu, en í 11. gr. frv. er það nýmæli að finna, að við embætti ríkisskattstjóra skuli starfa sérstök rannsóknardeild, sem hafi með höndum rannsóknir samkv. skattalögunum eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra, eins og þar segir. Það verður sjálfsagt að telja þetta nýmæli um sérstaka rannsóknardeild til bóta, ef vel er á málum haldið. En hér sem víðar er það svo, að mikið eða jafnvel allt er undir sjálfri framkvæmdinni komið, og um það, hversu um hana tekst til, verður að sjálfsögðu ekki fullyrt, fyrr en nokkur reynsla er fengin. Að svo komnu liggur ekkert fyrir um það frá höfundum þessa frv., hvernig þeir hugsa sér, að rannsóknardeildin starfi í aðalatriðum, en það er hins vegar algerlega lagt í vald ríkisskattstjóra. Vafalítið verður þó að telja, að þeir, sem að frv. standa, og þ. á m. ríkisskattstjóri, hafi nú þegar gert sér a. m. k. í algerum höfuðatriðum hugmyndir um starfshátt slíkrar deildar og um starf hennar og afkastagetu.

Mín skoðun er sú, að þeir starfshættir, sem rannsóknardeildinni verði ákveðnir, ráði algerlega úrslitum um það, hvort við hana megi binda vonir um það, að verulega dragi úr þeirri þjóðarmeinsemd, sem skattsvik eru orðin. Það er enginn vafi á því, að orsaka skattsvikanna er ekki að leita í því, að skattstjórar og skattayfirvöld yfirleitt hafi viljandi vanrækt störf sín. Og þeirra hefur ekki heldur verið að leita, nema þá að sáralitlu leyti, í því, að skattheimtan hafi verið svo óhófleg, að það hafi neytt framteljendur til skattsvika sem eins konar neyðarúrræðis sér til fjárhagslegrar bjargar, eins og stundum er haldið fram. Meginorsökin er vafalaust og hefur verið sú, að ekkert raunverulegt og virkt skattaeftirlit hefur verið til í landinu og þeim, sem hefur verið falin framkvæmd skattaálagningar, hefur verið upp á lögð handarbakavinna, vil ég segja, svo að það hefur verið útilokað, að hún bæri nokkurn árangur í þá átt að draga úr skattsvikunum. Reglan hefur verið sú, að skattstjórum og skattanefndum hefur verið ætlað að fara ofan í hvert einasta framtal til þess að ganga úr skugga um gildi þess. En auðvitað hefur slíkt fyrirkomulag leitt til þess, að fámennu starfsliði og oft lítt þjálfuðu hefur reynzt slíkt hlutverk algerlega um megn og endirinn orðið sá, að um engar raunverulegar rannsóknir framtala hefur verið að ræða, nema þá í sérstökum tilvikum. Þetta hefur lengi verið lýðum ljóst, og skattsvikararnir hafa því getað stundað iðju sína að mestu algerlega áhyggjulausir fram að þessu. Sannleikurinn er líka sá, að það er tæplega hugsanlegt, að slíku eftirlitsbákni, að það yrði fært um að grandskoða hvert einasta framtal á öllu landinu, verði nokkru sinni komið á. Það væri strax útilokað, í fyrsta lagi kostnaðarins vegna, þó að ekki kæmi fleira til. Það er því mjög fjarri því, að stofnun sérstakrar rannsóknardeildar ein út af fyrir sig geti orðið sú úrbót, sem þörf er á, ef ekki verður mjög breytt um sjálf vinnubrögðin. En það eru einmitt breytt vinnubrögð, sem ein geta komið hér að gagni, og þau þurfa nauðsynlega og fremur öllu öðru, vil ég segja, að vera alþjóð kunn og með þeim hætti, að af þeim standi veruleg ógn hverjum þeim, sem hefur hug á að svíkja undan skatti.

Í brtt. minni og hv. 5. þm. Reykn. er tekið upp algert nýmæli um starfshætti skattaeftirlitsins, nýmæli, sem þó á sér fyrirmyndir erlendis og þar hafa gefizt mjög vel. Í okkar brtt. er gert ráð fyrir því, að það sé skylt að láta fara fram árlega útdrátt úr framtölum, og skulu dregin út 5% framtala þeirra, sem hafa rekstur með höndum eða eru bókhaldsskyldir, en 2% af framtölum einstaklinga. Þessi útdráttur skal að öðru leyti fara eftir reglum, sem Hagstofa Íslands setur, og á hennar vegum. Þau framtöl, sem þannig eru dregin út, skulu síðan rannsökuð gaumgæfilega, m. a. með bókhaldsskoðun, og ef þurfa þykir, skulu framtöl viðkomandi aðila athuguð á sama hátt allt að 5 ár aftur í tímann, þannig að sannleiksgildi þeirra sé reynt, eftir því sem nokkur kostur er á. Að sjálfsögðu mundi þessi skipun mála ekki hindra rannsóknir annarra framtala, sem grunsamleg kynnu að þykja, sbr. t. d. ákvæði 36., 37. og 42. gr. skattalaganna. En öllum meginþunga skattaeftirlitsins yrði sem sagt beint að hinum útdregnu framtölum.

Það gefur auga leið, að ef sá háttur yrði upp tekinn, sem hér er lagt til að gert verði, getur enginn framteljandi nokkru sinni verið öruggur um það að sleppa í gegn með falsaða framtalsskýrslu. Og reyni hann að hætta á slíkt, þá getur hann í 5 ár frá því, að fölsunin var framin, átt í vændum, að ofan af honum verði flett. Og ég dreg í efa, að þegar svo væri komið, og einkanlega ef viðurlögum væri beitt, eins og lög nú frekast heimila, þá mundu ýkjamargir vilja eiga slíkt á hættu og heldur kjósa að gjalda sína skatta án undandráttar. Það má e. t. v. spyrja, hvers vegna við leggjum til, að útdráttur framtala til rannsókna sé framkvæmdur, og því er í rauninni auðsvarað. Það er í fyrsta lagi gert vegna þess, að ekki er mögulegt, eins og ég áður sagði, að þrautkanna nema mjög takmarkaðan hluta framtala, og svo í öðru lagi og ekki síður vegna þess, að með vélrænum útdrætti yrði

hafið yfir allar hugsanlegar efasemdir, að allir skyldu jafnir fyrir lögunum, og fyrir það byggt, eftir því sem frekast er unnt, að nokkrar hugsanlegar freistingar gætu sótt að þeim, sem eftirlit hafa með höndum, til þess að sniðganga rannsóknir á einstökum framteljendum. En það er einmitt slíkt traust á því, að skattaeftirlitið sé raunverulega virkt og réttlátt og engum sé hlíft, sem sekur kann að reynast, sem nú skortir fyrst og fremst, til þess að nokkrar vonir séu til þess, að skattsvikunum linni í verulegum mæli.

Ég ætla ekki í sambandi við þetta að reyna að leiða neinar líkur að því, hversu skattsvikameinsemdin er orðin umfangsmikil hjá okkur Íslendingum. En það eitt er víst, að ótrúlegum upphæðum tekna og misjafnlega fengins gróða er skotið undan í skattaframtölum, og áður vafalaust þó aldrei slíkum sem nú á síðustu árum, sérstaklega eftir að almenni söluskatturinn var lögfestur og hann gerður að einni helztu tekjulind ríkisins. Í þessu sambandi hafa verið nefndar ýmsar tölur. Ég sá t. d. núna þá ágizkun í einu blaði hæstv. ríkisstj., að 25% af tekjum Íslendinga væri skotið undan skatti. Ég vil ekkert um þetta fullyrða, en hitt er víst, eins og ég sagði, að hér er um gífurlega fjárhæð að ræða. Þjóðkunnur maður, sem vel er kunnugur þessum málum, lýsti ástandinu í þessum efnum ekki alls fyrir löngu í mín eyru svo, að í þessum efnum lifðum við ekki í siðuðu þjóðfélagi. Betri lýsingu held ég, að tæpast sé unnt að gefa af því hyldýpi svika og fjárglæfra, sem aðgerðarleysið og linkindin við ósómann hefur verið að skapa hægt og bítandi, en þó með vaxandi hraða og með þeim margvíslegu afleiðingum, bæði efnahagslega og siðferðislega, sem því er óhjákvæmilega samfara og augljósari hljóta að vera en svo, að hér verði upp taldar.

Við þm. Alþb. höfum um margra ára skeið hamrað á því í öllum umræðum um skattamál hér á hv. Alþingi, hver höfuðnauðsyn væri til þess að stemma stigu við skattsvikameinsemdinni. En máli okkar í þeim efnum hefur litlu verið sinnt til þessa. Þær breytingar, sem nú er lagt til að gerðar verði varðandi skattaeftirlit, kunna að vera vottur þess, að nú sé í vændum einhver breyting í þessum efnum, og ég trúi því raunar, að þeim, sem nú fara með yfirstjórn skattamálanna, sé loks að verða alvara með að reyna einhverjar úrbætur. En afstaða til till. okkar hv. 5. þm. Reykn. sker þó að mínu viti úr um það, hvort þessi mál verða tekin þeim tökum, sem til þarf, eða hvort hálfkákið eitt verður látið nægja.

Um frv. að öðru leyti mun ég ekki mikið ræða að þessu sinni, enda gerði hv. 5. þm. Reykn. hér við 1. umr. málsins glögga grein fyrir afstöðu okkar Alþb.-manna til þess og rakti þar m. a. í sundur þá höfuðblekkingu hv. stjórnarsinna, að hér sé um að ræða einhverja raunverulega skattalækkun frá því, sem verið hefur. Hann gagnrýndi þá réttilega þá breytingu, sem felst í 5. gr. frv. um fækkun skattþrepanna, sem að mínu viti er langvarhugaverðasta ákvæði þessa frv. Með því er greinilega stefnt að því að afnema í áföngum alla stighækkun á tekjuskattinum, og yrði því marki trúlega náð í næsta áfanga, í næstu endurskoðun þessara laga, ef hæstv. núv. ríkisstj. endist líf til þess að breyta tekjuskattslögunum einu sinni enn. Yrði þá sama skattprósenta gildandi fyrir háar sem lágar tekjur, ef þær ná skattskyldu á annað borð.

Hér er vissulega um grundvallaratriði í sambandi við skattlagningu að ræða, og þarf ég ekki að orðlengja það, að við þm. Alþb. erum slíkri breytingu algerlega andvígir. Af þessari breytingu leiðir líka, eins og glögglega er sannað í nál. minni hl. fjhn., að skattabyrðin, hlutfallsleg skattabyrði miðað við skattskyldar tekjur, er stórlega þyngd á lægri skattskyldum tekjum, en því minna sem um hærri tekjur er að ræða. Og skiptir hér ekki máli í þessu sambandi, þótt óbreyttur skattstigi, eins og hv. minni hl. fjhn. leggur til, mundi lækka um ofur litla krónutölu tekjuskatt á hærri tekjum. Hlutföllunum er eftir sem áður breytt mjög í óhag hinum tekjulægri, og verður því að telja, að þessi breyting, sá nýi stigi, sem gert er ráð fyrir, sé stórum óréttlátari en sá gamli var.

Í samræmi við þessa afstöðu mun ég a. m. k. fylgja þeirri brtt., sem hv. minni hl. fjhn. flytur um það, að 5. gr. frv. falli brott og skattstiginn, eins og hann nú er ákveðinn í lögum, verði látinn haldast óbreyttur, og er þó síður en svo, að í því felist sú skoðun mín, að hann fullnægi öllu réttlæti.

ATKVGR.
Brtt. 507 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 496,1 felld með 9:6 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 496,2 felld með 9:6 atkv.
5. gr. samþ. með 9:6 atkv.
6.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 498 felld með 9:6 atkv.
11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 515).

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls fluttum við í minni hl. fjhn. tvær brtt., sem báðar voru felldar. Önnur þeirra fjallaði um að fella niður 5. gr. frv., sem þýddi það, að ekki yrði með frv. þessu breytt þeim skattstiga, sem gilt hefur undanfarin ár. Hv. 9. landsk. þm. mótmælti þessari till., og

hún var felld. Hv. 9. landsk. þm. fann mjög að því, að með þessu væri Framsfl. eða fulltrúar hans að leggja til, að haldið yrði í skattstiga, sem flokkurinn hefði verið á móti, þegar hann var settur, og hefði ekki upp á neitt betra að bjóða. Þetta er nú að vísu ekki rétt hjá hv. 9. landsk. Hann er miklu greindari maður en svo, að hann geri sér það ekki ljóst, að við förum þessa leið vegna þess, að við gerum okkur ljóst, að lengi getur vont versnað, og þó að okkur hafi ekki þótt sá skattstigi góður, sem settur var fyrir nokkrum árum, þá þykir okkur hann skárri en sá, sem nú á að setja, og þess vegna flytjum við till. okkar í þessu formi. En þar sem jafnvel þessi till., sem gengur svona skammt, var felld, þá tel ég það þrautreynt, að meiri hl. hv. d. vilji ekki gera breytingu á þessu atriði, og mun því ekki gera neinar frekari tilraunir til þess að fá breytingar á því.

Öðru máli gegnir um þau andmæli, sem komu gegn hinni brtt. okkar. Þau voru þess eðlis, að ég tel ekki fullreynt, að hv. d. vilji ekki fallast á að vísitölubinda persónufrádráttinn, en um það atriði fjallaði sú till. Gagnrýnin, sem fram kom á hana við 2. umr., var í fyrsta lagi sú, að eðlilegra og réttara og væntanlega skattþegnum hagkvæmara væri að miða við breytingarnar frá tekjuöflunarári til tekjuöflunarárs, þ. e. a. s. frá árinu 1963 til tekjuöflunarárs, heldur en að miða við breytingarnar frá lagasetningu til skattálagningarárs. Enn fremur kom fram sú gagnrýni, að óeðlilegt væri að miða við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar sökum þess, að í henni væri falið tillit til skattsins sjálfs, og má vera, að það sé atriði, sem vert er að taka tillit til.

Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja fram brtt., sem tekur fullt tillit til þeirrar gagnrýni, sem fram kom á fyrri lið brtt. okkar á þskj. 496, er felldur var við 2. umr. málsins, og vil leyfa mér að leggja þessa till. fram óprentaða og fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti fyrir henni afbrigða.

Mig langar svo að endingu, fyrst ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli við 3. umr. þess, að minna á það sjónarmið, sem fram kom í ræðu hv. 9. landsk. við 2. umr. þessa máls, þar sem hann réttlætti það, að persónufrádrátturinn breyttist ekki nema a. m. k. mjög takmarkað með verðlaginu og eins að skattstiginn væri nokkuð brattur í upphafi, með því, að það væri nauðsynlegt til þess að stemma stigu við dýrtíðarþróuninni að hafa það, sem hann nefndi refsivönd yfir stéttunum. Það fer þess vegna varla á milli mála, hverjum 9. landsk. þm. telur helzt verðlagsþróun undanfarinna ára vera að kenna. Og ég vil láta það koma skýrt fram, að ég fyrir mitt leyti teldi ástæðu til þess, að refsivöndur væri fremur yfir öðrum hafður, og ég er ekki reiðubúinn til þess að sýkna ríkisvaldið af ábyrgð á þeirri þróun og leggja hana á herðar stétta, sem hafi síðan yfir sér refsivönd hv. stjórnarflokka.

Ég vil leyfa mér að mæla með samþykkt þeirrar brtt., sem ég hef lagt fram, og að öðru leyti samþykkt frv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 541) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 541 felld með 10:6 atkv.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér tvær meginbreytingar. Önnur er sú að lækka tekjuskattinn á öllum þorra manna og í öðru lagi að gera ráðstafanir til þess, að framtöl manna verði betri og dregið verði úr undandrætti undan skatti. Auk þessara tveggja meginbreytinga eru nokkrar aðrar breytingar, sem ég vil gera grein fyrir og vísa að öðru leyti til grg. frv.

Í 1. gr. frv. er fjallað um skattskyldu barna, og eru þar gerð skýrari ákvæði en nú eru í gildandi lögum um það, hvenær börn geti verið sjálfstæðir skattþegnar og hvenær skuli telja tekjur þeirra með tekjum foreldra. Þá er einnig ákveðið, að það fyrirmæli, sem nú er í gildandi lögum varðandi skuldarupphæðir, til þess að menn geti notið skattfrelsis sparifjár, skuli ekki gilda varðandi eignir barna, eins og hér er nánar greint.

Í 2. gr. frv. er nýmæli. Samkv. henni er fjmrh. heimilað að ákveða fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóðanum af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi. Undanfarin ár hafa á hverju þingi verið samþykkt lög um undanþágu skattgreiðslu fyrir ýmis happdrætti, og er á bls. 8 í frv. skýrsla um þessi lög og þessi félög, sem veitt hafa verið slík hlunnindi. Fyrir þessu þingi hafa legið beiðnir um nokkrar slíkar undanþágur, sem jafnan hafa verið látnar gilda eitt ár í senn, og þykir hentara að setja inn í tekjuskattslögin almenna heimild til slíkrar undanþágu heldur en vera á hverju þingi með meira og minna af frv. sérstaklega um slíka skattundanþágu.

Í 3. gr. er lagt til að hækka frádrátt vegna heimilisstofnunar úr 20 upp í 26 þús. kr.

Í 4. gr. frv. er annað meginatriði frv., en það er hækkunin á upphæð hinna skattfrjálsu tekna eða hækkun persónufrádráttar, hvort orðalagið sem maður vill nota. Árið 1960 varð gerbreyting á tekjuskattslögum og þá ákveðið, að hver einstaklingur skyldi hafa skattfrjálsar 50 þús. kr. af tekjum sínum, hjón 70 þús. og síðan 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns. Með þessu frv. er lagt til að hækka frádráttinn úr 50 upp í 65 þús., úr 70 upp í 91 þús. og úr 10 upp í 13 þús.

Í 5. gr. frv. er lagt til að gera breytingar á tekjuskattsstiganum. Nú eru gjaldþrepin sex: 5, 10, 15, 20, 25 og 30%, og er hér lagt til að fækka þeim í þrjú, þ. e. a. s. þau verði 10%, 20% og 30%. Enn frekari breyting er lögð til í frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem einnig liggur nú fyrir þessari hv. d. Þar er gert ráð fyrir, að núgildandi gjaldþrepum við útsvarsálagningu sé fækkað úr 8 niður í 2.

Í 6. gr. frv. eru nokkuð rýmkaðar heimildir til handa ríkisskattstjóra og skattstjórum til að sannreyna, hvort framtöl séu rétt. M. a. eru þýðingarmikil ákvæði um ríkari skyldur en nú er fyrir þá aðila, sem eru ekki framtalsskyldir sjálfir. Það eru allríkar og rúmar heimildir nú í l. til þess að krefjast margvíslegra upplýsinga af þeim aðilum, sem eru framtalsskyldir, en hér á landi eru allmargir aðilar, bæði líknarfélög og fleiri aðilar, sem hafa að lögum undanþágu frá skatti og framtalsskyldu fyrir sjálfa sig. En mörg þessi félög reka umfangsmikinn atvinnurekstur og hafa fjölda manna í sinni þjónustu, og er auðvitað nauðsynlegt til þess að geta sannreynt framtöl manna, að á þessum aðilum, þótt þeir greiði ekki skatt sjálfir, hvíli sams konar skylda til að gefa upplýsingar um laun og hlunnindi, sem starfsfólk þeirra hefur, eins og um framtalsskyldan aðila væri að ræða. En í þessu efni hefur vantað nægilega skýr lagafyrirmæli og komið stundum að sök.

Í 7. gr. er sú breyting gerð á, að hafi skattstjóri grun um, að veruleg skattsvik hafi verið framin, skuli hann senda skýrslu um málið til ríkisskattstjóra, sem tekur nánari ákvarðanir um meðferð þess, í stað þess að í núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að skattstjóri sjálfur hefji rannsókn þegar í stað. Þar sem ætlunin er einnig að setja á stofn sérstaka rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra og hafa þar á að skipa þjálfuðum starfsmönnum, þykir heppilegra að sameina og samræma á einum stað slíkar rannsóknir, þ. e. a. s. hjá embætti ríkisskattstjóra, og af þeim ástæðum er þetta ákvæði sett í 7. gr. frv., sem ég gat um.

Í 8. gr. frv. er nokkur breyting gerð á þeim frestum, sem nú eru í lögum um það, hversu langt aftur í tímann megi reikna skatt manna að nýju. Nú er það svo, að sá, sem hefur skýrt frá tekjum sínum og eignum lægri en vera ber og verður uppvís að slíku, skal greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin, og má reikna skattinn aftur í tímann, en þó ekki lengur en 6 ár. Hins vegar er samsvarandi frestur 4 ár, að því er varðar þann skattþegn, sem ekki hefur talið fram. Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að um báða aðila gildi sami frestur, 5 ár.

Í 9. og 10. gr. frv. er breyting gerð á kærufrestum. Nú er kærufrestur til skattstjóra eða umboðsmanns hans 30 dagar í öllum skattumdæmum nema 15 dagar í Reykjavík. Hins vegar er í l. um tekjustofna sveitarfélaga varðandi útsvör ákveðinn tveggja vikna kærufrestur alls staðar, og virðist eðlilegra að hafa hér sama ræmi í milli. Fyrir því er lagt til, að kærufrestur um land allt verði 14 dagar, bæði varðandi tekju- og eignarskatt og útsvörin, til samræmis við það, sem nú er í tekjustofnalögunum.

Í 10. gr. frv. er hins vegar ákvæði um málskot til ríkisskattanefndar, en sá frestur er nú 30 dagar í öllum skattumdæmum utan Reykjavíkur, en 15 dagar þar. Það er lagt til, að fresturinn verði sami alls staðar, eða 21 dagur varðandi áfrýjun til ríkisskattanefndar.

Þá er annað meginatriði frv. í 11. gr. Þar er svo ákveðið, að ríkisskattstjóri skuli af sjálfsdáðum rannsaka hvert atriði, sem honum þykir tilefni til, ekki aðeins varðandi tekjuskattslögin, þ. e. a. s. varðandi tekju- og eignarskatt, heldur einnig um framkvæmd annarra laga um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum, t. d. um söluskatt og aðstöðugjald. Það virðist eðlilegast að geta sameinað slíkar rannsóknir, enda blandast þetta hvað inn í annað oft og tíðum, grunur um röng framtöl varðandi tekju- og eignarskatt og söluskatt og aðstöðugjöld og útsvör.

Þá er gert ráð fyrir í niðurlagi 11. gr., að við embætti ríkisskattstjóra skuli starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkv. l. þessum, og er gert ráð fyrir, að ríkisskattstjóri hafi á að skipa þjálfuðum mönnum til rannsóknarstarfa til þess að reyna eftir föngum að tryggja örugga og samræmda framkvæmd l. Um þetta atriði þarf raunar ekki mörgum orðum að fara. Það er kunnugt, að hér á landi hafa væntanlega lengst af verið meiri eða minni brögð að undandrætti undan skatti, en þó mjög misjafnlega mikil á ýmsum tímum. Það var talið, að t. d. áratugina tvo fyrir 1960 hefði verið um veruleg vanhöld í þessum efnum að ræða, undandrátt undan skatti. 1960 var tekjuskattslögunum gerbreytt og skatturinn stórlækkaður. Það var almennt álit kunnugra manna, bæði skattstjóra, starfsmanna á skattstofum og löggiltra endurskoðenda, að stórfelld breyting hefði orðið á framtölum manna við þessa skattalækkun, þannig að áberandi hefði það verið árin 1960 og 1961 og 1962, hversu framtöl væru miklu réttari og aðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, gert sér miklu meira far um það en áður að telja rétt fram. Um þetta held ég, að þurfi ekki að deila, svo vel ber mönnum saman um það, sem gerst þekkja. Hins vegar hefur orðið breyting á í þessum efnum frá og með árinu 1963, um leið og fór að gæta að nýju hinnar miklu þenslu í viðskiptalífinu. En það er segin saga, bæði hér og annars staðar, að samfara verðbólgu og þenslu, samfara meiri eftirspurn eftir vinnuafli heldur en framboð leyfir, fylgir í kjölfarið aukin hætta á undandrætti undan skatti, aukin hætta á röngum framtölum og skattsvikum.

Ég mundi ætla, að til þess að vinna bug á þessari meinsemd í þjóðfélaginu þyrfti í rauninni þrennt að fara saman. Það þarf að hafa skattstigana með þeim hætti og skattalögin, að menn almennt telji þau sanngjörn, því að

það er reynslan alls staðar, að ef boginn er spenntur svo hátt, að allur þorri manna telur skattalögin ósanngjörn, þá er vonlaust að halda þau í heiðri. Það þarf í fyrsta lagi að hafa sanngjörn skattalög og skattstiga. Í öðru lagi þarf að hafa strangt og öruggt eftirlit með réttum framtölum og fylgja því fast fram með viðurlögum, ef menn verða uppvísir að skattsvikum. Og í þá átt stefnir m. a. ákvæði 11. gr. um stofnun sérstakrar rannsóknardeildar og önnur ákvæði frv., sem miða að því að veita ríkisskattstjóra og starfsmönnum hans auknar heimildir til að afla upplýsinga og til rannsókna. Þriðja atriðið, sem er einnig nauðsynlegt, til þess að von sé um stórbætt skattasiðferði í landinu, er jafnvægi í efnahagsmálum, og er í rauninni allt þetta þrennt, sem þarf að fara saman, sanngjörn skattalög, strangt skattaeftirlit og jafnvægi í efnahagsmálum, til þess að þessi mál séu í lagi.

Það eru nokkrar fleiri breytingar í þessu frv., sem ég skal ekki rekja hér, en vísa til grg., eins og ég tók fram í upphafi máls míns. Ég skal þó nefna það, að nú er svo ákveðið í skattalögum og hefur lengi verið, að úrskurðir um skattsektir skulu felldir af fjmrh. En í þessu frv. er lagt til, að það vald sé falið ríkisskattstjóra, sem þykir eðlilegra en að það sé í rn. Að sjálfsögðu helzt það ákvæði óbreytt, að sá aðili, sem ekki vill una við slíkan úrskurð, getur skotið máli sínu til dómstóla.

Í fjárlagafrv. fyrir 1964 er gert ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur nemi samtals 255 millj. kr. Þegar frá frv. var gengið, var það að sjálfsögðu haft í huga, að lagfæring og leiðrétting yrði gerð á tekjuskattsl. nú á þessu þingi, og samkv. þessu frv., ef að lögum verður, má gera ráð fyrir, að tekju- og eignarskatturinn á þessu ári verði svipuð upphæð og fjárl. gera ráð fyrir. Ef hins vegar tekjuskattsl. væri ekki breytt og lagt í ár á tekjur ársins 1963 eftir gildandi reglum, má reikna með, að tekjuskatturinn mundi verða um það bil 80 millj. hærri.

Varðandi það atriði, hvernig tekjuskatturinn yrði samkv. gildandi l. og samkv. frv. á einstakar tekjur og við mismunandi fjölskyldustærð, er skýrsla á fskj. B á bls. 9—11 með frv., og skal ég ekki rekja það mál hér frekar.

Ég legg til, að þetta frv., sem gengið hefur gegnum Ed., verði samþ. til 2. umr. og vísað til hv. fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í gærmorgun kl. rúmlega 9 fengum við útvarpshlustendur að heyra lesið úr forustugreinum dagblaðanna í Reykjavík eins og venjulega. Meðal þess, sem þar var lesið, var ritstjórnargrein í Morgunblaðinu, sem ber yfirskriftina „Sannleikurinn um skattalækkanirnar". Í þessari grein Morgunblaðsins eru miklar blekkingar fram bornar, bæði í bókstöfum og tölustöfum. Þessum blekkingum var hellt yfir landslýðinn úr ritstjórnargrein Morgunblaðsins sunnudagsmorguninn 3. maí 1964, á bænadegi þjóðkirkjunnar.

Ég vil gera að umtalsefni í nokkrum orðum þessa Morgunblaðsgrein. Þar eru birt nokkur dæmi um skattgreiðslur fyrr og nú. T. d. er í fyrsta dæminu borinn saman skattur af 65 þús. kr. nettótekjum hjá einhleypum manni 1960 og nú. Við þessa útreikninga er það að athuga fyrst og fremst, að 65 þús. kr. eru langtum minna fé nú en sama upphæð 1960, og það út af fyrir sig gerir náttúrlega þennan samanburð hjá blaðinu ekki réttan.

Fyrir 1960 höfðu um alllangt skeið verið í skattal. ákvæði um svokallaðan umreikning á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans. Og ég ætla að rifja upp, hvernig þessi ákvæði voru, með leyfi hæstv. forseta. Í 6. gr. l. nr. 46 frá 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, en í þeirri lagagrein er tekjuskattsstiginn ákveðinn, segir svo m. a.:

„Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá tekjutölum framangreinds skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það."

Og í 12. gr. sömu laga, þar sem voru ákvæði um svonefndan persónufrádrátt, segir enn fremur:

„Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar."

Þannig var þetta framkvæmt fram til ársins 1960, en þegar núv. hæstv. stjórn tók að breyta skattalögum, þá felldi hún þetta ákvæði úr l. um hinn svonefnda umreikning, og það hefur orðið ákaflega afdrifarikt fyrir alla skattgreiðendur í þessu landi, eins og ég mun nú sýna. Þessi umreikningur á tekjum og persónufrádrætti var miðaður við kaupgjaldsvísitölu, en nú er löngu hætt að reikna hana út. Í Morgunblaðsgreininni eru birtir einhverjir útreikningar á því, sem þeir segja að vera mundi skattur á ákveðnum tekjum nú, ef skattalögin, sem sett voru 1954, væru enn í gildi. Hvernig er þessi útreikningur Morgunblaðsins gerður, úr því að grundvöllurinn, sem þar var byggt á, þessi kaupgjaldsvísitala, er fyrir mörgum árum úr sögunni? Það væri fróðlegt að vita, hvernig þessi reikningur er framkvæmdur. Kannske hæstv. fjmrh. geti gefið upplýsingar um það. En eins og ég sagði, hefur það orðið ákaflega afdrifarikt fyrir skattþegnana, að þetta var fellt úr l. 1960. Þar með var þessi hemill á skattahækkunina afnuminn, því að umreikningurinn gerði það að verkum, að þó að tölurnar hækkuðu, tölur tekna, vegna aukinnar dýrtíðar, varð ekki raunveruleg hækkun á tekjuskattinum fyrir því. Umreikningurinn sá um það, að menn bjuggu við sömu skattgreiðslu og áður, þrátt fyrir það að tölurnar hækkuðu. Þessu var kippt burt, og síðan hafa menn orðið að búa við mjög hækkandi tekjuskatt af völdum aukinnar dýrtíðar.

Í hv. Ed., þegar þetta frv. var þar, kom fram till. um að taka upp þennan umreikning aftur og miða við vísitölu vöru og þjónustu. Það má

vist færa mörg rök fyrir því, að þetta væri sanngjörn aðferð. En ég hef nú gert hér aðra útreikninga, sem ég byggði á því, að miðað væri við framfærsluvísitöluna, sem nú er, — en eins og ég sagði, kaupgjaldsvísitalan er fyrir löngu úr sögunni, og þess vegna hef ég byggt mína útreikninga á framfærsluvísitölunni og breytingum, sem orðið hafa á henni. Það er nú annað mál, sem ég fer ekki út í hér, að hún er nú náttúrlega mjög einkennilega upp byggð, t. d. hvað snertir húsnæðiskostnaðinn o. fl., en sleppum því í þetta sinn.

Ég ætla þá að víkja að þessum dæmum Morgunblaðsins. Fyrst er nefndur einstaklingur með 65 þús. kr. nettótekjur 1963, og það er reiknað út, hvað hann hefði greitt samkv. skattalögum 1954—1959. Nú er við þetta að athuga líka, að skattur af ákveðinni upphæð var alltaf að breytast á þessum árum með breytingum á kaupgjaldsvísitölunni. En Morgunblaðið finnur það réttilega út, að samkv. núgildandi lögum mundi þessi einstaklingur borga 1000 kr. í tekjuskatt. Hækkun meðalvísitölu framfærslukostnaðar árið 1962 frá því, sem var 1959, — en ég tel rétt að miða við það, því að skattal. var fyrst breytt 1960 og skattur samkv. þeim var lagður á tekjur ársins 1959, — hækkun meðalvísitölu framfærslukostnaðar 1962 var 18.63% frá því, sem var 1959. Og hvað hefði nú þessi maður þurft að borga í tekjuskatt árið 1963, ef ákvæðið um umreikning hefði verið í gildi og þar miðað við framfærsluvísitöluna? Þá hefði hann borgað árið 1963 285 kr. í tekjuskatt, en hann borgaði 1000 kr. (**Fjmrh.:** Hvaða vísitölu miðar hv. þm. við?) Ég miða við meðalvísitölu ársins 1962, vegna þess að árið 1963 var verið að leggja skatt á þær tekjur, sem þá urðu til. Ég miða við hana annars vegar og hins vegar við meðalvísitölu ársins 1959, en skatturinn samkv. nýju l. 1960 var fyrst lagður á tekjur þess árs. (**Fjmrh.:** Já, hvaða tölur eru það?) Hvaða tölur? Ég skal gefa hæstv. ráðh. það upp, hvaða tölur það eru. Meðalvísitala ársins 1959 var — við skulum nú sjá — 100 og eitthvert brot úr stigi, meðalvísitalan 1959, en meðalvísitalan 1962 var 119¼ stig, svo að hækkunin á meðalvísitölunni er 18.63% á þessu tímabili.

Ég ætla að taka dæmi Morgunblaðsins nr. 2. Það er af einstaklingi með 110 þús. kr. tekjur. Samkv. núgildandi lögum á hann að borga 7500 kr. í tekjuskatt, og þetta hefur hann orðið að borga árið 1963, ef hann hefur haft þessar tekjur árið áður. Ef ég umreikna þetta á sama hátt og í hinu dæminu miðað við 18.63% hækkun á vísitölunni frá 1959—1962, hefði þessi maður átt að borga árið 1963 5205 kr. í tekjuskatt, en var látinn borga 7500 kr.

Ég sleppi þriðja dæminu, því að í því er um það lágar tekjur að ræða, að sá maður hefur orðið skattfrjáls samkv. núgildandi lögum. En þá er það fjórða dæmið í Morgunblaðinu. Það er af hjónum með tvö börn og 130 þús. kr. nettótekjur. Samkv. núgildandi l. borga þessi hjón 4000 kr. í tekjuskatt. Þau hefðu átt að borga, ef umreikningurinn hefði verið í gildi 1963, 1730 kr., en voru látin borga 4000. Það er þó nokkuð á annað hundrað prósent hækkun hjá þeim.

Og þá er það fimmta dæmi Morgunblaðsins og það síðasta. Hjón með 3 börn og 130 þús. kr. í nettótekjur greiða samkv. núgildandi skattalögum 2500 kr., en hefðu, ef umreikningurinn hefði verið í gildi, átt að borga árið 1963 570 kr. í tekjuskatt, voru látin borga 2500. Það er nokkuð yfir 300% hækkun á þeirra skatti, vegna þess að umreikningur var felldur niður um árið.

En nú langar mig að gera þessu til viðbótar dálítinn samanburð á tekjuskatti samkv. l. frá 1960, ef persónufrádráttur og tekjutölur væru umreiknaðar með vísitölu, eins og ég hér er að tala um, og tekjuskatti samkv. væntanlegum lögum 1964, samkv. frv., sem hér liggur fyrir, ef það verður samþykkt. Ég tek hér dæmi, annað dæmi Morgunblaðsins, af einstaklingi með 110 þús. kr. nettótekjur, og þá kemur annað út, þegar maður fer að umreikna þetta, því að vísitalan 1963, meðalvísitala þess árs, var náttúrlega miklu hærri en vísitala ársins 1962. Meðalvísitala ársins 1963 var nefnilega 134.66 stig og hækkun meðalvísitölunnar 1963 frá 1959 er þannig 33.96%. Þessi einstaklingur í öðru dæmi Morgunblaðsins með 110 þús. kr. nettótekjur hefði því átt að borga í tekjuskatt að óbreyttum þeim l. nú á þessu ári 3815 kr., ef umreikningurinn hefði verið í gildi. Þá hefði hann verið eins settur með sína skattgreiðslu og hann var árið 1960. Þá hefði skatturinn raunverulega verið óbreyttur hjá honum, ef hann borgaði þetta að óbreyttum lögum nú í ár af tekjum ársins 1963, 3815 kr. En samkv. frv., sem hér liggur fyrir, er honum ætlað að borga 6000 kr. Þetta verður alls ekki leiðrétt nema taka inn á ný ákvæðin um umreikninginn á persónufrádrætti. Það liggur í augum uppi, það verður ekki gert með öðrum hætti.

Ég skal taka líka fjórða dæmið, sem Morgunblaðið er með. Það voru hjón með tvö börn og 130 þús. kr. nettótekjur. Þau ættu að greiða eftir núgildandi lögum, ef umreikningsákvæðið hefði verið í þeim, 475 kr. Það hefði verið sama skattgreiðsla frá þeim og hjón með sömu tekjur og jafnstóra fjölskyldu borguðu 1960, 475 kr., en þeim er ætlað að borga eftir frv. 1300 kr.

Ég get tekið hérna 3—4 dæmi, sem ég bjó til. Þau eru ekki tekin upp úr Morgunblaðinu, en sýna svipaða útkomu á þessu. Ég tek fyrst einhleypan mann með 75 þús. kr. nettótekjur árið 1963. Væri umreikningurinn í gildi, ætti hann að borga eftir núgildandi lögum 405 kr., en verður samkv. frv. að borga 1000 kr., ef ekki verður tekið inn í það ákvæði um umreikning. Annað dæmi er hjón með 100 þús kr. nettótekjur 1963. Tekjuskattur þeirra ætti að vera að óbreyttum lögum 315 kr., en verður samkv. frv. 900 kr. Þriðja dæmið, hjón með eitt barn og 110 þús. kr. tekjur árið 1963. Tekjuskattur ætti að vera 145 kr., en verður samkv. frv. 600 kr. eða rúmlega fjórum sinnum hærri. Síðasta

dæmið, sem ég nefni, eru hjón með þrjú börn og 140 þús. kr. nettótekjur árið 1963. Tekjuskatturinn ætti að vera 305 kr., til þess að hann væri raunverulega jafnþungur og skattur af þessum tekjum var árið 1960, en verður samkvæmt frv. 1000 kr. Það er meira en þrisvar sinnum hærra. Svona gengur þetta.

En hæstv. fjmrh. segist alltaf vera að lækka skattana og enn segist hann vera að lækka skatta með þessu frv. Hvernig getur staðið á þessu, að hæstv. fjmrh. segist alltaf vera að lækka skatta og þó eru þeir alltaf að hækka? Það, sem m. a. veldur þessu, er draugagangurinn. Dýrtíðardraugurinn, sem allir kannast við, hefur magnazt meira en nokkru sinni áður á tímabili núv. ríkisstj. Aldrei hefur hann færzt í aukana áður jafnmikið og á þessu tímabili, og hann gengur ljósum logum í stjórnarráðinu eins og alls staðar annars staðar í þjóðfélaginu. Þetta er magnaðri draugur en nokkur annar, sem sögur fara af hér á landi. Það er þessi draugur, sem er alltaf að hækka skattana á fólkinu, og hann er miklu stórvirkari við að hækka skattana heldur en hæstv. fjmrh. við að lækka þá, þar er mikill munur á. En þetta er að vissu leyti hentugt fyrir hæstv. ráðh., því að allar tekjuskattshækkanirnar, sem draugsi leggur á menn, fara beint í ríkiskassann til ráðstöfunar fyrir hæstv. ríkisstj.

Ég var hér að birta útreikninga, sem sýna, hvernig þetta stendur nú. En verði nú þetta frv. samþykkt, sem gera má ráð fyrir, og verði því ekki breytt þegar á næsta þingi, verður náttúrlega geysileg hækkun til viðbótar á tekjuskatti á næsta ári, vegna þess að vísitalan hefur tekið stór stökk upp á þessu ári, sem nú er að líða.

Hæstv. fjmrh. er það greindur maður, að hann hlýtur að vita þetta allt saman, sem ég hef verið hér að rifja upp. Hitt skal ég ekkert segja um, hvað þeir, sem skrifa um þessi mál í blöð stjórnarflokkanna, vita mikið um þetta eða hvort þeir hafa lítið eða mikið vit á þessu, það skiptir ekki máli í þessu sambandi. En hæstv. ráðh., þó að hann hljóti að vita þetta, talar hann bara um lækkanir á sköttum, en þegir um hitt, hækkanirnar. Hann telur ekki hollt að upplýsa almenning um þann þátt. Þetta hefði hann samt átt að gera.

Það, sem hér þarf að gera, er í fyrsta lagi að taka inn í frv. ákvæði um umreikning á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans eftir vísitölubreytingum, eins og var í l. fyrir 1960. Með þessu er hægt að koma í veg fyrir það, að tekjuskatturinn sé alltaf að þyngjast á fólki með aukinni dýrtíð og hækkandi krónuveltu. Svo þarf einnig að nema út úr frv. hækkunina á tekjuskattsstiganum, því að það er þó nokkur hækkun á sjálfum tekjuskattsstiganum í frv. Mér sýnist reyndar vonlítið, að á þetta verði fallizt, þó að við framsóknarmenn berum fram till. um þetta, en þó er sjálfsagt að reyna það hér eins og í hv. Ed. Hæstv. fjmrh. vill sennilega geta haldið áfram að láta tekjuskattinn hækka sjálfkrafa með vaxandi dýrtíð, en tala við öll hugsanleg tækifæri hér eftir sem áður um skattalækkanir, sem hann sé að framkvæma.

Þegar hæstv. ríkisstj. lagði fram frv. sitt um efnahagsmál snemma árs 1960, gaf hún svofellda yfirlýsingu í aths. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá leggur ríkisstj. til, að tekjuskattur verði felldur niður á almennum launatekjum, og mun hún bráðlega flytja sérstakt frv. um það.“

Nokkru síðar á sama þingi bar stjórnin fram frv. um breytingar á l. um tekju- og eignarskatt, eins og ég áður hef minnzt á. Í aths. með því frv. segir, að breytingarnar miði að lögfestingu þeirrar yfirlýsingar ríkisstj. að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur. Þetta frv. var samþykkt 8. apríl 1960. Þar var m. a. lögfestur sá tekjuskattsstigi, sem enn er í gildi. Síðan þetta gerðist, hefur hæstv. fjmrh. og stuðningsmenn hans oft sagt fallegu sögurnar um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum. Í ræðu á landsfundi sjálfstæðismanna 20. okt. 1961 lýsti fjmrh. því yfir, að tekjuskattur af almennum launatekjum hafi verið felldur niður. Í framsöguræðu um stjfrv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt var fyrir Alþingi snemma á árinu 1962, minnti hæstv. fjmrh. á það í báðum deildum þingsins, að þegar á þinginu 1960 hafi verið afnuminn tekjuskattur af almennum launatekjum.

En hvað eru almennar launatekjur? Þetta er nú dálitið óákveðið orðalag, og það getur vel verið, að hæstv. ráðh. hafi þótt hentugt að hafa það ekki ákveðnara en þetta. En nú langar mig mikið til þess að fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann segi okkur hér sitt álit á því, hvað nú séu almennar launatekjur. Mig langar að spyrja t. d. um ríkisstarfsmenn. Mér er sagt, að einna fjölmennasti launaflokkurinn hjá þeim sé sá 15. Þar eru t. d. að sögn barnakennarar og ýmsir fleiri. Þeir menn hafa í byrjunarlaun rétt um 100 þús. kr. á ári, og hæst fara laun þeirra, eftir að þeir eru búnir að vera ákveðinn tíma í þjónustu hins opinbera, í 122 þús. u. þ. b. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Kallar hann þetta almennar launatekjur nú, eða er það mark einhvers staðar fyrir neðan þetta? Ég ætla að nefna flokk, sem er miklu lægri. Það er 7. flokkur í þessum kjarasamningi opinberra starfsmanna. Þar eru byrjunarlaun um 75 þús., aðeins rúmlega, en hæst fara þau í 90 þús. og nokkur hundruð á ári. Í þessum flokki eru t. d. bréfberar í póstinum og talsímakonur. Þessir menn hafa þetta frá 73 þús. upp í rösk 90. Hvað segir hæstv. fjmrh. um þetta? Eru þetta almennar launatekjur, eða er þetta kannske heldur fyrir neðan það, sem hann kallar almennar launatekjur? Mér þætti það ekkert óliklegt, eins og nú er komið í okkar þjóðfélagi, að þetta væri heldur fyrir neðan. En sé þarna um einhleypt fólk að ræða, á það að borga tekjuskatt, og a. m. k. þeir, sem eru þarna í hæsta launaflokki, bera þó nokkurn tekjuskatt eftir frv., sem hér liggur fyrir. Eða getur það skeð, að hæstv. ráðh. telji almennar launatekjur vera eitthvað minna en þessi 7. flokkur ríkisstarfs-

manna ber úr býtum? Á þessu væri afar gaman að fá skýringu hjá hæstv. ráðh.

Hér í þessari hv. d. hinn 4. nóv. s. l. var rætt um stjórnarfrv. um launamál, og þá sagði hæstv. viðskmrh. í þingræðu um það mál, að í fyrra, þ. e. a. s. 1962, skildist mér, því að þetta var á árinu 1963, hefðu árstekjur verkamanna verið 89 þús. kr. samkv. skattaframtölum, og hann bætti við: Samkvæmt töxtum, sem nú gilda í dag, hefur verkamaður í Reykjavík rúmlega 100 þús. kr. í árstekjur. — Og hæstv. viðskmrh. rifjaði það upp einnig í þessari ræðu, við hvaða tekjur hefði verið miðað, þegar bændum voru ákveðnar tekjur í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á næstliðnu hausti, og hann segir, að það hafi verið 119 þús. kr. Það hefur víst verið fundið út, að á undangengnu ári, eins og hæstv. viðskmrh. orðaði það, hafi þetta verið meðaltekjur þeirra stétta, sem tekjur bænda eiga að miðast við, þ. e. a. s. verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, 119 þús., sagði hann. Hvað segja hæstv. ráðh. um það? Eru þetta almennar launatekjur, eða er það eitthvað meira eða minna? Þetta væri fróðlegt að fá upplýst.

Ég hef sýnt fram á það hér, að með því að nema úr l. ákvæðin um umreikning á persónufrádrætti og tekjum manna eftir breytingum á vísitölunni hefur stjórnin getað notað dýrtíðaraukninguna til þess að hækka tekjuskattinn sjálfkrafa og árlega um stórar fjárhæðir. Og þó að fjmrh. hæstv. hafi marglýst því yfir, að hann hafi afnumið tekjuskatt af almennum launatekjum árið 1960, eru almennar launatekjur enn í dag verulegur tekjuskattsstofn fyrir ríkið. Sannleikurinn er sá, að tekjuskattur á almennum launatekjum var aldrei felldur niður þrátt fyrir allar sögur og yfirlýsingar um það. Með skattalagabreytingunni 1960 var ákveðið, að einhleypur maður með 50 þús. kr. nettótekjur skyldi vera tekjuskattsfrjáls, og þá var jafnframt ákveðið, að kvæntur maður með 70 þús. kr. nettótekjur skyldi vera tekjuskattsfrjáls. Líklega hefur hæstv. ráðh. litið svo á, að 70 þús. kr. nettótekjur hjá kvæntum manni væru almennar launatekjur. En ef þær voru það hjá þessum gifta manni, hlutu þær einnig að vera það hjá einhleyping, þessi sama upphæð. Ég hefði haldið, að það væri erfitt að skýra þetta hugtak, almennar launatekjur, þannig, að upphæðirnar væru mismunandi eftir því, hver tæki á móti laununum. Og þannig var skatturinn aldrei afnuminn af almennum launatekjum hjá einhleypum manni. Skatturinn á almennar launatekjur hefur þar að auki farið síhækkandi síðan 1960, eins og ég benti á, vegna aukinnar dýrtíðar og vegna þess að umreikningurinn var felldur niður, og hann hækkar enn, tekjuskattur á almennum launatekjum, með frv., sem hér liggur fyrir. Þannig hefur þetta verið og þannig verður þetta, þó að hæstv. fjmrh. hafi verið kófsveittur alla sína ráðherratíð við að afnema skatta af almennum launatekjum og yfirleitt að lækka skattana. Og það eru allar líkur til þess, að þegar þessi hæstv. ráðh. yfirgefur ráðherrastólinn, verði enn í l. hér á landi ákvæði um tekjuskatt á almennar launatekjur.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hóf mál sitt á því að kvarta yfir þeim helgispjöllum, sem ríkisútvarpið hefði haft í frammi við hann í gær, þar sem það hefði hellt yfir hann lestri úr forustugrein Morgunblaðsins, meðan hv. þm. hefur vafalaust legið á bæn. Nú vil ég beina því til hæstv. forseta þessarar d., sem er um leið formaður útvarpsráðs, að hann hlutist til um, að hv. þm. verði ekki fyrir slíku ónæði á helgistundum eins og hann lýsir svo átakanlega.

Nú veit ég náttúrlega ekki, hvað hv. þm. hefur beðið drottin allsherjar um. En ef hann hefur beðið hann um að veita sér réttan skilning á þessu frv. um skattalögin, sem hér liggur fyrir, þá hefur hann ekki verið bænheyrður í því efni, því að niðurstaða hv. þm., þegar hann er að kryfja þetta frv. til mergjar, er sú sama og var skjalfest í nál. flokksbræðra hans í hv. Ed. fyrir skemmstu, að með þessu sé ríkisstj. að hækka beinu skattana, svo að til þess að hann komist nú til réttari skilnings, held ég, að hann verði að biðja betur og heitar.

Það, sem hv. þm. gerir að aðalefni sinnar ræðu hér, virðist vera það að reikna út, hvernig tekjuskatturinn mundi vera samkv. gildandi l., ef hin eldri regla um umreikning á skattinum samkv. kaupgjaldsvísitölu væri enn í gildi. Að vísu gat hann réttilega um, að þau lagaákvæði væru miðuð við kaupgjaldsvísitölu, sem ekki er nú reiknuð opinberlega, og tók hann þá bara aðra vísitölu og notaði hana í staðinn. En auk þess kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir, að hv. þm. skuli slíta þannig eitt út úr þeim l., en ekki reikna út, hver tekjuskatturinn hefði orðið á þessum og þessum tekjum, ef skattalögin, sem giltu 1958, þegar vinstri stjórnin lét af völdum, væru nú í gildi. Nei, hann tekur núgildandi skattstiga og núgildandi skattalög, að því er virðist, og bætir svo inn í þau þessu ákvæði, sem áður var í gildi um umreikninginn, eða ég gat ekki skilið hans útreikninga, sem raunar voru torskildir nokkuð, á annan veg.

Ástæðan til þess, að þessi umreikningsregla var ekki lögfest 1960 áfram, var vitanlega sú, að slík gerbylting var gerð á skattstigunum, eins og hann orðaði það hér sjálfur, að almennar launatekjur voru gerðar skattfrjálsar. Við þá gerbreytingu var ekki talin ástæða til þess að halda enn fremur áfram þessari umreikningsreglu, sem var nauðsynleg, meðan skattstigarnir voru jafnháir og þeir voru fyrir þann tíma. Þess vegna er þessi samanburður, sem hv. þm. gerir, gersamlega út í hött og hefur enga þýðingu.

Hv. þm. vitnaði í forustugrein í Morgunblaðinu í gær. Geri ég ráð fyrir, að þær tölur, sem þar eru, séu teknar úr grein, sem ég ritaði s. l. fimmtudag, 30. apríl, í dagblaðið Vísi

um tekjuskattinn nú og áður, þar sem ég gerði samanburð á þessu þrennu: hver mundi tekjuskattur í ár, árið 1964, miðað við tilteknar tekjur á árinu 1963 eða þær, sem á að leggja á nú, vera eftir núgildandi l., hver mundi hann vera samkv. frv. og hver mundi hann vera eftir þeim skattalögum, sem voru í gildi 1958?

Nú skal ég taka það fram, að þegar ég hef látið reikna út, hver skatturinn mundi verða í ár, ef í gildi væru l. frá 1958, er vitanlega búið að umreikna skattinn í þeim samanburði samkv. ákvæðinu, sem þá gilti, en það ákvæði var á þá leið, að skattstigar og persónufrádráttur skuli breytast til hækkunar eða lækkunar eftir breytingum kaupgjaldsvísitölu. Þar sem kaupgjaldsvísitala er nú ekki reiknuð út opinberlega, það ég tvo aðila, sem ég held að sé treystandi til þess að gera áætlun um það, hvaða kaupgjaldsvísitölu ætti að nota nú í dag, þetta voru Hagstofa Íslands og skrifstofa ríkisskattstjóra, og þær komust að þeirri niðurstöðu, að kaupgjaldsvísitalan mundi verða í kringum 48%, sem ætti að umreikna skattinn með, og til hægðarauka var reiknað með 50% kaupgjaldsvísitölu, 50% hækkun persónufrádráttar við umreikning á skattstigunum, sem er þó eldri skattal. nokkuð í hag. Þess vegna er sá samanburður, sem ég birti í þessari grein minni á fimmtudaginn, algerlega réttur. Og dæmið lítur einfaldlega út þannig, ef við tökum það, sem mjög oft er notað nú í samanburði, þ. e. hjón með 3 börn eða 5 manna fjölskylda með t. d. 130 þús. kr. tekjur, þá mundi sú fjölskylda fá eftir núgildandi skattal. í tekjuskatt í ár 2500 kr., hefði fengið eftir skattal. vinstri stjórnarinnar 7877 kr., en eftir þessu frv. ekkert. Ef við tökum hjón með tvö börn og t. d. 120 þús. kr. tekjur, þá væri tekjuskatturinn í ár eftir skattal. vinstri stjórnarinnar, eftir að búið væri að umreikna þetta eftir kaupgjaldsvísitölu, 7215 kr., yrði eftir gildandi skattalögum 2500, en eftir frv. færi niður í 300 kr. — Þannig mætti vissulega lengi rekja þessi dæmi, sem öll benda greinilega til þess, hvernig þróunin hefur verið, og það er sannast sagna nokkuð furðulegt, að einn af mikilsvirtum stuðningsmönnum vinstri stjórnarinnar, sem mér er ekki vitanlegt að hafi haft sérstakan áhuga á eða borið fram till. um að lækka skattstigana frá 1958 þá, skuli nú koma hér fram á Alþingi og leyfa sér að staðhæfa, að við séum nú í ríkisstj. að hækka beinu skattana.

Ef hv. þm. ætlar eftir sína löngu þingsetu og mikla kunnugleika á ýmsum málum að leyfa sér þá blekkingu, sem stundum ber þó við frá hans flokksbræðrum, að kalla það skattahækkun og tollahækkun, ef sömu stigar eða lægri gefa ríkissjóði í heild hærri krónutölu, þá náttúrlega má skilja þetta. En ég hélt sannast sagna, að þessi hv. þm. mundi ekki leyfa sér þann málflutning. Sá málflutningur leiðir m. a. til þess, ef við tökum dæmi frá tollabreytingum í nóv. 1961, þar sem tollar voru lækkaðir verulega, þannig að talið var, að á þeim vörutegundum, sem sú tollalækkun náði til, næmi lækkunin um 100 millj. á ári miðað við sama innflutning, niðurstaðan varð sú, eins og líka var til stofnað, að með þessum lækkunum á tollunum dró svo stórkostlega úr smyglinu og hinum ólöglega innflutningi, að ríkissjóður fékk meiri tekjur eftir en áður af þessum tilteknu vörutegundum. Það hefur borið við, að þessi tollalækkun frá 1961 hafi verið kölluð tollahækkun. Vitanlega er hægt að snúa sannleikanum svona kirfilega við, en ég endurtek, að ég ætla hv. 1. þm. Norðurl. v. ekki slíkan málflutning. Og þeim mun undarlegra verður það allt, hvernig hann getur reiknað dæmið þannig út, að þetta frv. feli í sér skattahækkanir. En það hefur verið samþykkt sýnilega á fundi í Framsfl., þá verður að fylgja því, alveg eins og á sínum tíma það var samþykkt, að ríkisskuldirnar hefðu lækkað, þegar þær höfðu hækkað.

Út af fyrir sig þarf ekki fleiri orðum að fara um þetta. En þar sem hv. framsóknarmenn virðast nú hafa tekið þá afstöðu, að þetta frv. feli í sér skattahækkanir, hækkanir beinna skatta, þá væri kannske rétt að beina því til hv. fjhn., sem fær málið til meðferðar, hvort hún vildi ekki ganga til móts við þessa hv. þm. með því að setja inn í þetta frv. ákvæði eitthvað á þá leið, að nú óskar gjaldþegn, að tekjuskattur hans skuli reiknaður samkv. þeim skattalögum, sem voru í gildi 1958, þá skuli verða við þeirri ósk hans. Þá gætu þeir menn, sem telja, að hér sé um skattahækkanir að ræða, og vilja halda því fram, að hin fyrri skattalög hafi verið léttbærari, fengið ósk sína uppfyllta.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er tvennt, sem hefur verið einkenni á skattapólitík núv. hæstv. ríkistj. Það er annars vegar hækkun hinna óbeinu skatta, hækkun tollanna, hækkun á því, sem leggst beint á almenning, og um leið var gerð sú ráðstöfun, að nú skyldi almenningur ekki lengur fá neina uppbót fyrir slíkt, vísitöluuppbót á kaup, heldur bera þetta bótalaust, nema hvað hann yrði með nýjum samningum og harðri baráttu í sambandi við kaupdeilur að knýja fram endurbót á þessu. Það er þessi hækkun óbeinu skattanna, sem hefur verið höfuðeinkennið á núv. hæstv. ríkisstj., hvað hennar skattapólitík snertir, og hennar langmesti galli, hvað skattapólitíkina snertir, söluskatturinn og annað slíkt. Það er vitanlegt, að frá upphafi vega hefur það verið eitt af því, sem verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur barizt fyrir, frá því að hún fyrst skipulagði sig pólitískt, að berjast á móti tollum af nauðsynjavörum, móti söluskatti og öðru slíku, sem leggst þyngst á alþýðu manna.

Ég vildi aðeins minna á þetta vegna þess, sem hér hefur verið karpað um nokkuð undanfarið, að það er vert að muna eftir því, sem er aðalatriðið í sambandi við þessa pólitík, þó að það liggi ekki fyrir beint í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr. Ég veit að vísu, að það er svo, að það er oft hægt að véla nokkuð um fyrir mönnum með því að leggja tollana

eða óbeinu skattana á nauðsynjavörurnar og jafnvel lækka á sama tíma að einhverju leyti beina skattstigann. Það eru margir, sem hugsa ekki lengra en svo, að þegar þeir sjá skattaseðilinn sinn og sjá þar kannske lægri upphæð, ef þeir hafa lágar tekjur, þá finnst þeim þetta þó betra en áður, þótt þeir verði að greiða allar vörur með miklu hærra verði en fyrr án nokkurrar uppbótar. Þetta er einkenni og hefur löngum verið á ríkisstj., sem eru afturhaldssamar í þessum efnum, og með þessu móti, sérstaklega með dugandi áróðri, er oft hægt að blekkja almenning. En þessi staðreynd stendur engu að síður, að það eru þyngri skattabyrðar, sem eru lagðar á almenning nú með óbeinum sköttum, heldur en verið hefur fyrr og lagt á hann bótalaust að öðru leyti en því, að hann verður að afla sér þeirra bóta sjálfur með harðri baráttu. Hann fær ekki lengur þá vísitöluuppbót sjálfkrafa á kaupgjald, sem var hans öryggi áður gegn því, að stjórnarvöld legðu á allt of þunga óbeina skatta. En þetta hins vegar heyrir ekki beint undir þetta mál, sem við erum hér að ræða.

Það hefur hins vegar verið einkenni á hæstv. ríkisstj., hvað snertir beinu skattana, að létta beinu sköttunum af þeim, sem hæstar hafa tekjurnar, og er raunverulega þeirri stefnu áfram haldið með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Þar er með breyt., sem gerð er í 5. gr., farið að gera þetta enn þá einfaldara en áður. Við munum það ósköp vel, að tekjuskattur á háum tekjum var mjög hár á Íslandi fyrr, var satt að segja svo hár, að hann var líklega með hlutfallslega hæsta tekjuskatti, sem þekktist hér í okkar nágrannalöndum. Við munum eftir því, að meðan útsvarslöggjöfin var tiltölulega alveg á valdi sveitarstjórnanna, gat það farið upp í 90%, sem einn maður yrði að borga þá. Það þýðir lítið að vísa á nettótölu nú, en ef ég man rétt, var það 200 þús. kr., ef menn komust upp í það, gat það jafnvel farið úr því upp í 90%, sem menn urðu að borga í útsvar og tekjuskatt. Það var vissulega óeðlilega hár, mjög hár tekjuskattur þá, og var þess vegna auðvelt að finna rök fyrir því, að þarna þyrfti nokkru að breyta.

En nú hefur bara verið farið út í hinar öfgarnar og er stílað upp á það, var gert áður að nokkru leyti í sambandi við hlutafélög, og er stílað nú upp á það sama viðvíkjandi tekjuskatti á einstaklinga. Þegar nýbúið er að breyta öllum launastiga í landinu, þannig að það eru orðnir áreiðanlega allmargir einstaklingar í landinu, sem hafa yfir 250 þús. kr. tekjur, þá er engin ástæða til þess lengur að stanza við slíkt, eins og raunverulega er nú gert. Það er engin ástæða til þess að hlífa þeim, sem hafa það gífurlega háar tekjur, að þær séu tvö- og þrefaldar á við það, sem verkamaður getur unnið sér inn með 11 klst. vinnu allt árið út í gegn. Það er engin ástæða til þess að hlífa mönnum þannig, að menn hafi stóran hluta eftir af slíku.

Það er komið svo hér og heldur áfram núna með þessum tekjuskattslögum, að hátekjumönnum er hlíft meira hér á Íslandi en í nokkrum af okkar nágrannalöndum, t. d. á öllum Norðurlöndum annars staðar er tekjuskatturinn mun hærri en hjá okkur, þegar kemur upp í það háar tekjur. Ég álít, að þarna þurfi að breyta til. Það er alveg óhjákvæmilegt að láta skattinn verða meira stighækkandi, þegar kemur upp í hærri tekjurnar. Það er ekkert réttlæti í þessu. Erlendis mundi það meira að segja þykja sjálfsagt með eftirvinnuna, að hún væri að meira eða minna leyti skattfrjáls hjá verkamönnum, vegna þess að það er vitað, að með þeirri eftirvinnu, sem menn vinna núna, 3—4 klukkutíma eftirvinnu á dag, eru menn beinlínis að stytta sína ævi. Menn deyja fyrir aldur fram af þrældómi hér á Íslandi nú, þannig að það er ekki nema að öllu leyti réttmætt, að einhverjar slíkar ráðstafanir væru gerðar, á meðan á annað borð það ástand er ekki komið á, að menn vinni ekki meira en sína 8 tíma á dag, sem er það eðlilega, meðan dýrtíðin er svo mikil í landinu, að 8 tíma vinnudagur nægir engan veginn til þess að framfleyta mönnum.

Ég held þess vegna, fyrst hæstv. ráðh. var að bjóða upp á breytingar á þessum lögum, að það væri fyrst og fremst það, sem hv. fjhn. ætti að athuga, að létta enn skatti af þeim, sem eru í kringum 120 þús. kr. tekjur. Við skulum taka t. d. hjón með tvö börn, sem eru með 120—130 þús., 140, þau ættu jafnvel að vera alveg skattfrjáls. Það er að vísu að nokkru leyti gert ráð fyrir því hér hvað snertir hjón með þrjú börn, en hjón með tvö börn ættu raunverulega að vera það líka, það er svo að segja vísitölufjölskylda. Þá mætti létta nokkuð á lægstu tekjunum enn, en hækka svo stigann og hafa hann meira stighækkandi, þegar hærra kemur. Það álít ég vera stefnu, sem sé alveg óhjákvæmileg. Þetta, að stytta það niður í að hafa bara 3 skala þarna, 3 mismunandi skala, það er rangt, stytta úr 6 niður í 3 og raunverulega draga úr skatti af hæstu tekjunum. Þarna álít ég, að þurfi að verða breyting. Við erum alltaf að fara þarna meir og meir í afturhaldsátt hvað þetta snertir. Hátekjumennirnir hér á Íslandi geta vissulega borgað meira en þeir gera af þeim háu tekjum, sem þeim hafa verið úthlutaðar.

Mér sýnist satt að segja það vera dálítið eftirtektarvert, þegar verið er að bera hérna saman, hvernig sé verið að létta á frá því, sem áður var, fyrir hjón með tvö börn með 130 þús., þá er létt á skattinum um 2700 kr. Fyrir hjón með tvö börn og 250 þús. er létt á skattinum um 3600 kr. Það er eins og það sé alltaf fyrst og fremst verið að hugsa um hátekjumennina í þessum efnum. Þetta álít ég, að hv. fjhn., fyrst henni var boðið upp á að gera breytingar á þessu frv., ætti mjög alvarlega að taka til greina.

Þá er enn fremur annar hlutur. Því verður vafalaust haldið fram, þegar talað er um, að það ættu að vera hærri skattar á háar tekjur, að það þýði nú lítið, það verði eingöngu þeir opinberu starfsmenn og aðrir slíkir, sem verði

að greiða slíkt. Það er rétt, að það hefur gengið ákaflega illa, þrátt fyrir það, sem hæstv. ráðh. var nú að segja, að menn hefðu orðið heiðarlegri við breytinguna 1960, — þá hefur gengið ákaflega illa að láta menn telja fram og það líklega ekki aðeins hvað snertir tekjuskattinn. Ég er hræddur um, að það sé eitthvað verulega ábótavant líka hvað söluskattinn snertir. Ég vil þess vegna skjóta því til hv. fjhn., sem nú fær þetta mál til meðferðar, að það var flutt brtt. í Ed. á þskj. 498 af hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Reykn. um skyldu til rannsóknar á framtölum. Ég held, að það sé ekki nein voðalega hættuleg breyting, því að eftir því sem mig minnir a. m. k., er eitthvað mjög svipað í Bandaríkjunum um þetta, svo að hæstv. ríkisstj. ætti ekki að vera neitt sérstaklega hrædd við, að þetta væru einhverjar voveiflegar aðgerðir gagnvart hátekjumönnum eða auðugum mönnum. En það er engum efa bundið, að þrátt fyrir allt er skattaeftirlitinu enn þá mjög ábótavant, og það væri þess vegna nauðsynlegt einmitt að bæta inn í þetta frv. þarna á eftir 11. gr. nýjum ákvæðum einmitt í þeim anda, sem þessi brtt. var í.

Ég vildi mjög mælast til þess, að hv. fjhn. athugi þetta líka, og ég skil satt að segja ekki, hvernig hæstv. ríkisstj. getur staðið á móti slíku. Það er allt, sem mælir með því, að ég tali nú ekki um, ef á að fara að gera þetta auðveldara fyrir hátekjumennina, að það sé þá a. m. k. séð um, að þeir greiði sinn skatt. Það er ekki nema eðlilegt, að launþegarnir, sem alltaf raunverulega standa undir því að verða að greiða tekjur af öllu því, sem þeir hafa, og allt er talið fram fullt hjá þeim, þeir séu óánægðir yfir, að þeir, sem græða hvað mest í þjóðfélaginu, skuli sleppa hvað auðveldast, eins og núna er, og ýmsir atvinnurekendur, sem vitað er, að græða mikið á sínum fyrirtækjum, skuli sleppa með útsvör, sem oft og tíðum eru ekki meira en hjá verkamanni, sem þrælar allan ársins hring.

Það var sérstaklega þetta tvennt, sem ég vildi leggja áherzlu á, ef nokkur möguleiki væri að koma á einhverri breytingu í réttlætisátt á þessu frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. vildi ekki gera það fyrir mig að upplýsa okkur um það, hvað hann kallar almennar launatekjur. Það hefði hann samt átt að gera, því að það er hlutur, sem hann hefur svo oft talað um að undanförnu. En hann svaraði annarri spurningu minni. Ég spurði um það áðan, hvernig hefði verið farið að því að reikna út þessa skatta í Morgunblaðinu eftir lögunum frá 1954, úr því að kaupgjaldsvísitalan, sem umreikningurinn var þar miðaður við, var nú fyrir löngu úr sögunni. Hann svaraði því ekki beinlínis, hvernig þetta hefði verið gert, en það kom fram í svari hæstv. ráðh., að þessi útreikningur er runninn undan hans rifjum, svo að þessar blekkingar, sem þar eru um hönd hafðar, geta þá skrifazt á hans reikning frekar en á reikning ritstjóranna við Morgunblaðið. Þeir hafa náttúrlega tekið við því, sem að þeim var rétt af hæstv. ráðh. En hin stóra blekking í þessu er fólgin í því, að hæstv. ráðh. lætur reikna út skatta af jafnháum upphæðum nú og 1954 og ber það saman. Þetta sýnir auðvitað alranga útkomu vegna þeirra gífurlegu breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninganna. Hefði hæstv. ráðh. viljað gera slíka útreikninga eða láta gera, sem nokkuð væri hægt að byggja á til samanburðar, átti hann að byrja á því að finna, hvað menn þurftu að hafa háar tekjur t. d. 1954 til þess að hafa jafnmikið verðmæti í höndum og þeir hafa nú með þeim tekjuupphæðum, sem ráðh. er að reikna skatta af. Þá mundi koma í ljós, að menn voru jafnvel settir þá með langtum lægri tekjuupphæðir en þeir hafa núna. Síðan hefði mátt reikna út skatt eftir l. frá 1954 af þeim lágu upphæðum og bera saman við skattinn, sem menn þurfa nú að borga af fleiri krónum, en jafnmiklu verðmæti. Þetta gerði hæstv. ráðh. hins vegar ekki.

Þá fór hæstv. ráðh. að tala um umreikninginn, og hann segir, að hann hafi verið felldur niður vegna þess, að það hafi verið um að ræða gerbreytingar á skattstiganum 1960. Þetta hefði getað staðizt hjá hæstv. ráðh. að fella niður umreikninginn og taka hann ekki upp aftur, ef hæstv. ríkisstj. hefði staðið við fyrirheitið um að halda dýrtíðinni í skefjum. En vegna þess að hæstv. stjórn stóð ekki við það og við vitum allir um þann gífurlega dýrtíðarvöxt, sem orðið hefur meiri en nokkru sinni áður, er það áreiðanlegt, að það er ekki minni þörf á því að taka upp umreikninginn núna heldur en var áður. Það var þörf á þessum umreikningi 1954—1959, en þörfin er sízt minni nú. Hún er meiri nú að hafa slíkt ákvæði í l. vegna þess, hve dýrtíðin vex stórkostlega og hefur vaxið síðustu árin, því að verði þetta ákvæði ekki tekið inn í l., heldur skattabyrðin áfram að þyngjast stöðugt ár frá ári raunverulega með vaxandi dýrtíð.

Hæstv. ráðh. segir, að ég leyfi mér að halda því fram, að nú sé verið að hækka skattana. Það á ekki að þurfa að fara í neinar grafgötur til að sjá, að það er verið að hækka skattana, en ekki lækka þá, og þetta er mjög vel skýrt í nál. hv. minni hl. fjhn. í Ed. á þskj. 495. Þar er gerður samanburður á tekjuskatti samkv. gildandi l. og samkv. frv., sem hér liggur fyrir. Þar kemur það fram, að tekjuskattur af 10 þús. kr. skattskyldum tekjum á að verða eftir frv. 1000 kr., en er eftir gildandi l. 500 kr., það er 100% hækkun. Og þannig er þetta mjög mikil hækkun á öllum tekjubilum, þangað til kemur upp í mjög háar tekjur, þá fer þetta í 9% og 7%, hækkunin á skattinum. En hæstv. ráðh. gerir útreikninga og miðar þar við nettótekjur, en ekki skattskyldar tekjur, m. ö. o. byggir á því í sínum útreikningum að leggja skatt á þennan persónufrádrátt, aukna persónufrádrátt, sem verið er að veita mönnum í frv. Það er ákveðið að hækka per-

sónufrádrátt fyrir einstaklinga úr 50 þús. um 15 þús., en sá maður er bara ekkert betur settur með þessar 65 þús. kr. í persónufrádrátt nú heldur en hann var 1960 með 50 þús. Og þess vegna er hinn eini rétti samanburður auðvitað að reikna út, hvað hann þarf að borga í skatt af þeim tekjum, sem eru umfram persónufrádráttinn, þ. e. a. s. af skattskyldum tekjum, því að með fyrirkomulagi hæstv. ráðh., sem hann hefur notað, notar í frv., lætur blöðin nota og notar enn, er verið að miða við skatt á nettótekjurnar og þar með skatt á persónufrádráttinn.

Það, sem ég vil að síðustu leggja áherzlu á, er, að það verði athugað gaumgæfilega í þn. hér í þessari hv. d. að fá inn í frv. ákvæði um umreikning á persónufrádrætti og tekjum, eins og áður var, því að það er það eina, sem getur forðað því, að menn búi við síhækkandi skatta.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þær umr., sem hér hafa orðið í tilefni af frv. hæstv. ríkisstj. um breytingu á l. um tekju- og eignarskatt. Mig langar þó til þess að gera örfáar aths. við nokkur atriði í ræðu hæstv. ráðh. og þá í leiðinni koma inn á örfá atriði, sem mér finnst að þessar umr. hafi gefið tilefni til að drepa á.

Hæstv. ráðh. sagði áðan og hældi sér auðsjáanlega mjög af því, að tekjuskattur hefði verið lækkaður stórfellidlega frá því, sem var á síðasta ári vinstri stjórnarinnar, á árinu 1958. Hann vitnaði í grein, sem hann hefur ritað í dagblaðið Vísi s. l. fimmtudag, þar sem tekjuskatturinn af tekjum ársins 1963 er reiknaður út eftir þeim reglum, sem giltu um álagningu tekjuskatts á árinu 1958, eftir þeim reglum, sem nú eru í gildi, og eftir þeim reglum, sem væntanlega verða lögfestar með samþykkt þessa frv. Og hæstv. ráðh. nefndi nokkur dæmi um, hversu mjög tekjuskatturinn mundi lækka frá árinu 1958 og frá núgildandi reglum, eftir að frv. þetta hefði verið samþykkt. M. a. nefndi hæstv. ráðh. dæmi af hjónum með 3 börn og ákveðna tekjuupphæð, mig minnir 130 þús. kr., hann nefndi tekjuskatt eftir þrem mismunandi reglum, sem giltu 1958, þeim, sem gilda nú, og þeim, sem væntanlega taka gildi, eftir að frv. hefur verið samþykkt. Ég náði því miður ekki niður þeim tölum, er hann nefndi um tekjuskattinn, en ég þykist þó muna það greinilega, að á þeim var talsverður munur, og skal ég játa, að það er rétt.

En er ekki þessi samanburður, sem hæstv. ráðh. var hér að fara með, og sá samanburður, sem kemur fram í þeirri grein, er hann reit í dagblaðið Vísi s. l. fimmtudag og Morgunblaðið hefur byggt á leiðaraskrif, dálítið yfirborðskenndur, og er hann ekki fjarri því að sýna, hvað raunverulega hefur gerzt í sambandi við skattheimtu ríkissjóðs á almenning á þessum árum? Það vita allir hv. þm., að á árinu 1960, þegar hæstv. ríkisstj. kom til valda, var það yfirlýst sem eitt af hennar stefnuskráratriðum, að nú ætti að færa tekjuöflun ríkisins mjög úr farvegi beinnar skattheimtu yfir í þá óbeinu. Og í sambandi við það var tekjuskattur lækkaður mjög verulega, aðallega í formi aukins persónufrádráttar, en þó einnig með tilfærslu á skattstiga. En samtímis þessu eða um svipað leyti a. m. k. voru tekjur ríkisins af óbeinum sköttum auknar stórkostlega.

Ég tók niður á blað, meðan hæstv. ráðh. var að tala, nokkrar tölur úr fjárl. ársins 1958 og fjárl. ársins 1964, sem sýna þá miklu breytingu, sem hér hefur á orðið á þessum árum. Ég tók heildartekjur 2. gr. fjárl. bæði þessi ár. En í 2. gr. eru tekjur ríkissjóðs af hvers kyns sköttum og hvers kyns tollum uppfærðar. Samkv. 2. gr. fjárl. 1958 eru skattar og tollar innheimtir í ríkissjóð samtals 623 millj. og 400 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er tekjuskattur og eignarskattur 118 millj. kr. Sem sagt, skattar og tollar, aðrir en tekjuskattur og eignarskattur, nema það ár um 505 millj. og 400 þús. kr. Þetta þýðir það, að eftir þessum óbeinu tekjuleiðum voru á árinu 1958 lagðar 3021 kr. á hvern Íslending, eins og þeir voru margir 1. des. 1957. Ef við hins vegar bregðum til ársins 1964 og athugum 2. gr. fjárl., skatta og tolla, á sama hátt og við vorum hér að gera varðandi árið 1958, þá er niðurstaðan sú, að samtals námu skattar og tollar það árið 2 milljörðum 242 millj. kr. Þar af var tekjuskattur og eignarskattur um 255 millj. kr. Skattar og tollar, aðrir en tekjuskattur og eignarskattur, hafa sem sagt það árið næstum því numið um 2 milljörðum kr., eða 10653 kr. á hvern Íslending miðað við íbúatal 1. des. 1963.

Ef við höldum nú dæminu áfram, sem hæstv. ráðh. var með áðan um 5 manna fjölskylduna, hjónin með 3 börnin, og athugum samanlagða skattheimtu ríkissjóðs á þessa fjölskyldu í formi skatta og tolla annarra en tekjuskatts og eignarskatts, er niðurstaðan þessi, að á árinu 1964 innheimtir ríkissjóður með sköttum og tollum fyrir utan tekjuskatt og eignarskatt 53265 kr. af hverri 5 manna fjölskyldu. Á árinu 1958 innheimtir ríkissjóður hins vegar með sömu tekjustofnum 15105 kr., þ. e. a. s. að á árinu 1964 eru þannig eftir þessari skatta- og tollaleið innheimtar í ríkissjóðinn 38160 kr. af hverri fimm manna fjölskyldu umfram það, sem gert var á síðasta ári vinstri stjórnarinnar, árið 1958. Til viðbótar þessu má benda á, að ýmis önnur skattheimta ríkissjóðs hefur á þessu sama tímabili vaxið stórkostlega. Þetta sýnir vel, hversu gersamlega það er út í bláinn að ætla að bera saman tekjuskattsinnheimtu í ríkissjóð á árinu 1958 og tekjuskattsinnheimtu í ríkissjóð á árinu 1964 til þess að reyna að sýna einhverja réttláta og raunhæfa mynd af skattheimtu ríkissjóðs á almenning í landinu á þessum 2 árum. Þar er um ekkert sambærilegt að ræða.

Hæstv. ráðh. gat um það í ræðu sinni hér áðan, að annar megintilgangur þessa frv. væri, eins og hann orðar það í dagblaðinu Vísi, með leyfi hæstv. forseta, s. l. fimmtudag, að gera margvíslegar ráðstafanir til þess að tryggja rétt framtöl og koma í veg fyrir undandrátt

tekna undan skatti. Hæstv. ráðh. vék aðeins að þessu í frumræðu sinni áðan. Þó finnst mér að gefnu tilefni ástæða til að auglýsa eftir frekari og meiri upplýsingum en ég fékk í þeirri ræðu, því að eftir því sem ég bezt fæ séð, felast í því frv., sem hér er verið að ræða, engin meiri háttar nýmæli og engar meiri háttar nýjar heimildir til þess að tryggja betur rétt framtöl og koma í veg fyrir undandrátt tekna heldur en eru til staðar samkv. gildandi skattalögum.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur helzt í huga, þegar hann talar um þessar nýju heimildir og nýju ráðstafanir til þess að tryggja betur rétt framtöl, hvort hann á þá sérstaklega við ákvæði frv. um sérstaka rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra, eins og 11. gr. frv. ber með sér, en það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkv. l. þessum, eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra.“

Ég held, að eftir gildandi l. hafi verið hægt að *stofnsetja og starfrækja slíka deild sem* þessa, og vil ég í því sambandi aðeins minna á 3. mgr. 36.. gr. l. nr. 70 frá 1962, um tekjuskatt og eignarskatt. Ég hygg enn fremur, að í sjálfu frv. séu ákvæði, sem jafnvel geti ýtt undir þá tilhneigingu hjá mönnum að skila ekki réttum framtölum umfram það, sem áður var til staðar, og á ég hér við ákvæði frv. um að fækka bilum skattstigans úr 6 í 3. Ég hygg, að þegar á að fara að nota hámarksskattprósentu, þ. e. a. s. 30%, á skattgjaldstekjur 50 þús. kr. í stað 90 þús. kr. samkv. gildandi l., muni þetta ákvæði hafa í för með sér tilhneigingu manna til undandráttar tekna til skatts.

Mig langar út af þeim deilum, sem orðið hafa, bæði í þessari hv. d. og eins þeim deilum, sem orðið hafa í hv. Ed. um það, hvort frv. það, sem verið er að ræða, hafi í för með sér hækkun tekjuskatts eða lækkun, að leggja nokkur orð í belg.

Við heyrðum það hér áðan og höfum lesið um það í stjórnarblöðunum, að stjórnarliðar halda því fram, að veruleg lækkun tekjuskatts fáist fram með samþykkt þessa frv., og birtir hafa verið langir útreikningar um þetta máli stjórnarliða til stuðnings. Stjórnarandstæðingar telja hins vegar, að raunverulega hækki tekjuskatturinn frá því, *sem hann* var ákveðinn með l. nr. 18 frá 1960, en þau gilda nú, að því er tekur til skattstiga og persónufrádráttar. Minni hl. hv. fjhn. í Ed. hefur birt útreikninga á þskj. 495, sem eiga að rökstyðja þá staðhæfingu. Um útreikninga beggja þessara aðila vil ég segja, að þeir eru réttir, svo langt sem þeir ná. En forsendur þessara útreikninga eru hins vegar ólíkar, og þar af leiðandi er útkoman mismunandi. Ég tel því, að verkefnið, sem í þessu tilfelli liggi fyrir, sé að meta, hvorar forsendurnar séu réttar og hvorar gefi sannari upplýsingar um raunverulegan skattþunga, eins og hann var ákveðinn 1960 eða eins og hann verður, ef frv. þetta verður samþykkt óbreytt.

Það er alkunn staðreynd, bæði hérlendis og erlendis, þar sem notaðir eru stighækkandi skattstigar við álagningu skatts á tekjur, að verðbólga getur gerbreytt skattþunganum á skömmum tíma. Hækkun launa, sem stafar af verðbólgu, flytur gjaldandann upp í hærri skattþrep og í hærri skattaprósentu. Útkoman er hærri tekjuskattur á óbreyttar raunverulegar tekjur. Einmitt þetta hefur verið að gerast hér á landi allt frá árinu 1960, og vil ég í því sambandi aðeins upplýsa, hvað tekjuskattur í Reykjavík hefur verið þessi undanfarandi ár: Árið 1960 nam hann 45.9 millj. kr., 1961 50.7 millj. kr., 1962 61.5 millj. kr., og álagður tekjuskattur á árinu 1963 fer upp í 103.4 millj. kr. Þessi hækkun tekjuskattsins á 4 árum, sem er meira en tvöföld, hefur að langmestu leyti átt orsakir sínar í verðbólguaukningu á launatekjum, þótt um einhverja raunverulega tekjuaukningu sé e. t. v. að ræða hjá sumum launastéttum, eins og t. d. hlutaskiptasjómönnum og nokkrum iðnaðarstéttum. Auk *þess mun nokkur fjölgun gjaldenda eiga þátt í* þessari hækkun.

Á fyrrnefndu tímabili hefur reglum um tekjuskatt ekki verið breytt. Þrátt fyrir það hefur tekjuskattsþunginn aukizt gífurlega. Um það ætti ekki að þurfa að deila, eftir að ég hef lesið upp tekjuskattinn í Reykjavík á þessum 4 árum. En hér ber á fleira að líta. Sérstakur frádráttur, svonefndur persónufrádráttur, hefur í marga áratugi verið leyfður til frádráttar frá hreinum tekjum gjaldenda, áður en skattur er lagður á þær. Hugsunin á bak við persónufrádráttinn er sú, að óeðlilegt sé að nota þurftartekjur sem skattstofn tekjuskatts. Að vísu hefur persónufrádrátturinn verið ætíð það lágur, að hann hefur ekki nægt til að undanþiggja þurftarlaun tekjuskatti, en það atriði vil ég ekki ræða nú. Gildi þess persónufrádráttar, sem ákveðinn var 1960 og stendur enn þá óbreyttur, hefur mjög verið rýrt á undanförnum árum, þar sem hann hefur ekki fylgt verðlaginu upp á við. Frv. þetta gerir ráð fyrir, að persónufrádrátturinn hækki um 30% frá því, sem ákveðið var árið 1960. Á þessu tímabili hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 55% og vísitala vöru og þjónustu um tæp 74%. Þessi staðreynd leiðir einnig til aukins raunverulegs skattþunga frá því, sem ákveðið var á árinu 1960 af núv. hæstv. ríkisstjórn.

Þessi tvö atriði, verðbólguaukning tekna og óbreyttur persónufrádráttur frá árinu 1960, hafa þannig óumdeilanlega leitt til þeirrar niðurstöðu, að tekjuskattsþunginn nú er miklu meiri en hann var ákveðinn með l. nr. 18 frá 1960. Þetta hefur getað gerzt, án þess að l. væri breytt, vegna þess að núv. hæstv. ríkisstj. felldi niður með l. nr. 18 frá 1960 það ákvæði í skattal. frá árinu 1954, er ákvað, að umreikna skyldi tekjutölur skattstigans og persónufrádrátt árlega við hverja skattaálagningu til samræmis við kaupgjaldsvísitölu, eins og hún breytist frá

árinu 1953. Ég tel því, að hið rétta í þessari deilu sé, að frv. þetta muni lækka tekjuskatt ársins 1964 nokkuð frá því, sem hann hefði orðið að óbreyttum reglum, fyrir því sjái verðbólguaukning teknanna og óbreyttur persónufrádráttur síðan 1960. Hins vegar er ég nær sannfærður um, að tekjuskattsþunginn verður í reynd meiri á árinu 1964 að frv. þessu samþykktu óbreyttu heldur en hann var ákveðinn af núv. hæstv. ríkisstj. á árinu 1960. Og það er að mínu áliti aðalatriði þessa máls og raunar allur mergur þeirrar deilu, sem hér hefur risið.

Ég get að vísu ekki örugglega sannað þetta með útreikningi, þar sem mig skortir að vita um hreyfingu á kaupgjaldsvísitölu yfir þetta tímabil, en með hliðsjón af verðbólguaukningu tekna, sem orðin er á því, minnkandi raungildi persónufrádráttarins og síðast en ekki síst með þeirri breytingu, sem frv. gerir á gildandi skattstiga, þar sem skattþrepum er fækkað úr 6 í 3 og hámarksskattprósentan, 30%, leggst nú á 50 þús. kr. skattgjaldstekjur og hærri í stað 90 þús. áður, þykist ég með nokkurri vissu geta staðhæft þetta. En úr þessu deilumáli mun reynslan skera og eftir næstu skattálagningu getum við væntanlega betur gert okkur grein fyrir, hvort skattþunginn núna við álagningu skatts 1964 verður þyngri en hann var á árinu 1960, og ég fyrir mitt leyti bíð óhræddur þeirrar niðurstöðu, því að ég þykist sannfærður um, að hún muni sýna á ótvíræðan hátt, að skattþunginn muni í ár eftir samþykkt þessa frv. verða meiri en hann var á árinu 1960, þegar hæstv. ríkisstj. fékk l. um tekju- og eignarskatt samþykkt í byrjun ársins.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Áður en lýkur þessari 1. umr. um málið, vildi ég óska eftir upplýsingum frá hæstv. fjmrh. um eitt atriði. Ég skildi ræðu hans svo áðan, að beinu skattarnir hefðu verið alveg óhæfilegir hjá vinstri stjórninni og þar áður, — alveg óhæfilegir. Svo hefði viðreisnarstjórnin komið með sína miklu skattalækkun 1960, skattalækkun nr. 1, og nú kemur skattalækkun nr. 2. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., ef þetta er rétt, að beinu skattarnir fyrir 1960 hafi verið svona háir, hvernig stendur á því, sem segir í síðasta hefti Hagtíðinda um beina skatta? Þar segir, að beinir skattar í marz 1959 á vísitölufjölskyldu hafi verið 9420 kr., en í marz 1964 12887 kr. eða um 37% hærri? Hvers konar skattalækkun er þetta? Eða hefur hagstofan gert einhverja vitleysu þarna? Hefur hún kannske reiknað vitlaust? 37% hærri beinir skattar í marz 1964 heldur en 1959 þrátt fyrir stóru skattalækkkunina, sem gerð var 1960. Það verður að fara að endurskoða þessi Hagtíðindi, ef þau eru að segja manni eitthvað rangt, ef þau gera það. En ég gæti bezt trúað, að þau segðu alveg rétt.

Annars ætla ég ekki að telja það neitt lofsvert hjá neinni stjórn að vera að hæla sér af lækkun beinna skatta, ef það kostar það, að óbeinu skattarnir eru hækkaðir á móti margfalt. Eða hvernig var það í vetur? Voru ekki söluskattar hækkaðir um 300 millj. kr. núna í vetur? Það tekur því varla, held ég, að fara að hæla sér af skattalækkun núna eftir þá jólagjöf, sem fólkið fékk þá. Það voru skattar, sem lögðust nefnilega alveg jafnt á barnið í barnaskóla og á heildsalann. Þessir gera það ekki, þótt vondir séu.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal verða við ósk hv. 3. þm. Vestf. að svara þessari fsp. Hann spyr, hverju það megi sæta, að í Hagtíðindum sé skýrt frá því, að liðurinn beinir skattar í vísitölunni sé miklu hærri nú en þeir voru í marz 1959. Þessi liður, sem stundum er nefndur beinir skattar o. fl. eða opinber gjöld o. fl., samanstendur af 7 liðum. Það er tekjuskattur, útsvar, kirkjugarðsgjald, almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsiðgjald, námsbókagjald, sóknargjald. Í heild sinni hafa allir þessir 7 liðir samanlagt hækkað í krónutölu síðan, en hins vegar tekjuskatturinn tekinn út af fyrir sig stórlækkað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 8 maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 515, n. 599 og 616, 617).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 599, hefur fjhn. þessarar deildar haft þetta frv. til athugunar, en það er komið frá Ed., sem gerði á frv. aðeins eina breytingu, felldi niður síðasta lið seinustu mgr. 1. gr. frv.

Efni frv. hefur verið rakið, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að fara um það nema örfáum orðum. Það eru í fyrsta lagi gerðar breyt. á persónufrádrætti við skattálagningu, þannig að fyrir einstaklinga hækkar hann um 15 þús., fyrir hjón um 21 þús. og fyrir hvert barn um 3 þús. kr. Þá eru ýmsar aðrar samræmingar gerðar með tilliti til breytts tíma, svo og er í frv. ákvæði um betra eftirlit með framtölum manna og ýmsar greinar, sem fjalla um það.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Að vísu mælir öll n. með samþykkt frv., en minni hl., hv. 11. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v., skilar séráliti. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., höfum við ekki skilað sameiginlegu nál. um það frv., sem hér er til umr., um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Við í minni hl. n. erum að vísu samþykkir því, að frv. nái fram að ganga, en við flytjum við það tvær meiri háttar brtt., sem hv. meiri hl. gat ekki fallizt á að standa að með okkur, þess vegna eru nál. tvö. Ég mun leyfa mér í örstuttu máli að gera grein fyrir nál. minni hl., enda þótt

því hafi enn ekki verið útbýtt til hv. alþm. Stafar það ekki af því, að það hafi verið of seint tilbúið frá okkar hendi, heldur munu örðugleikar í prentun og starfsemi Alþ. þessa síðustu daga valda því, að nokkur dráttur er á útbýtingunni. Þær brtt., sem ég mæli hér fyrir, mun ég því afhenda forseta skriflega, og verður leitað fyrir þeim afbrigða, ef með þarf, þ. e. a. s. ef þskj. verður ekki útbýtt, áður en þessari umr. lýkur.

Í skattalögunum 1954 voru ákvæði um það, að umreikna skyldi tekjutölur, skattstiga og persónufrádrátt til samræmis við þær breyt., sem orðið hefðu á kaupgjaldsvísitölu frá árinu 1953. Með þessu ákvæði var þannig raunverulega komið í veg fyrir, að tekjuskattsbyrðin þyngdist af völdum aukinnar dýrtíðar, þannig að tekjuskatturinn var í reynd óbreyttur allan þann tíma, sem þessi lög voru í gildi, eða frá 1954. Árið 1960 beitti svo núv. hæstv. ríkisstj. sér fyrir breyt. á skattalögunum. Það var settur nýr skattstigi, og þessi fyrirmæli um umreikning, sem ég nú hef nefnt, voru felld niður. Þetta hefði út af fyrir sig ekki komið að neinni sök, ef tekizt hefði að standa við það loforð hæstv. ríkisstj. að halda dýrtíðinni í skefjum. Ef dýrtíð hefði ekki vaxið frá því, að þessi skattalög voru upp tekin, þá þyrfti að sjálfsögðu engan umreikning. En það tókst ekki að efna loforð um að halda dýrtíðinni í skefjum, öðru nær. Vöxtur dýrtíðarinnar hefur orðið langtum meiri á undanförnum 4 árum en nokkru sinni fyrr og mun nema u. þ. b. 15% hækkun að meðaltali á ári. Afleiðing þessa kemur auðvitað fram í mörgum myndum. Það, sem hér skiptir máli, er sú afleiðing, að tekjuskatturinn hefur stöðugt verið að þyngjast síðan 1960, vegna þess að skatturinn er stighækkandi og vegna þess að umreikningurinn var felldur niður. Og samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, verður skatturinn einnig hærri, eftir að þær lagfæringar eru gerðar, sem þó er þarna talað um, — þá verður hann samt hærri en hann var árið 1960. Þetta vil ég leyfa mér að sanna með örfáum dæmum, sem ég mun nú gera grein fyrir.

Í fyrsta dæmi hugsa ég mér einhleypan mann, sem hafði 75 þús. kr. nettótekjur árið 1963. Ef tekjuskattur þessa manns væri reiknaður eftir lögunum frá 1960 og upp væri tekinn umreikningur samkv. vísitölu framfærslukostnaðar, eins og till. okkar í minni hl. fjhn. gera ráð fyrir, þá mundi upphæð skattsins árið 1964 vera 405 kr., en samkv. frv. verður skatturinn 1000 kr., eða 147% hærri en ef reiknað væri með þeirri aðferð, sem ég er hér að lýsa.

Í öðru dæmi hugsa ég mér hjón, sem höfðu 100 þús. kr. nettótekjur árið 1963. Ef tekjuskattur hjónanna væri reiknaður samkv. lögunum frá 1960 með þeirri viðbót, sem okkar till. gerir ráð fyrir, þ. e. umreikningi samkv. vísitölu framfærslukostnaðar, væri skatturinn árið 1964 315 kr. En skv. frv. verður tekjuskatturinn 900 kr. Þarna er hækkun um 186%.

Ef ég hugsa mér svo þriðja dæmið, og það verður það síðasta, sem ég tek til að sýna fram á þetta, þá hugsa ég mér, að það séu hjón, sem eigi 2 börn og hafi haft 130 þús. kr. nettótekjur árið 1963. Ef tekjuskattur þeirra væri reiknaður eftir lögunum frá 1960 með umreikningi samkv. vísitölu framfærslukostnaðar, þá væri upphæð tekjuskattsins 485 kr., en skv. frv. verður skatturinn 1300 kr. Þarna er hækkun sem nemur 169%.

Þannig hafa þessi dæmi, sem ég hygg, að ekki verði hrakin, sýnt, að tekjuskatturinn á þessu ári, 1964, þó að frv. verði að lögum, verður raunverulega hærri en hann var árið 1960. Og ég skal taka það fram, að hér hefur verið reiknað með frekar lágum tekjum, eftir því sem nú gerist. Ef tekin eru dæmi af hærri tekjum, verður munurinn í krónutölu náttúrlega miklu meiri, en verður hlutfallslega eitthvað minni. Ég vil, að þetta komi fram, ég hef reiknað það, enda þótt ég taki ekki þau dæmi hér sérstaklega fram. Ef þessi væntanlegu lagaákvæði gilda svo óbreytt fyrir árið 1965, þá þyngist tekjuskatturinn mjög verulega það ár, þar sem vísitala framfærslukostnaðar, kostnaðurinn við það að framfleyta sér og fjölskyldu sinni, sem var að meðaltali 134.66 stig, vísitalan árið 1963, þessi vísitala er nú komin upp í 161 stig og sýnilegt, að áframhald verður á þeirri þróun, sem að undanförnu hefur átt sér stað, að vísitalan hækkar. Þess vegna er það, að við í minni hl. fjhn. teljum rétt, að tekjuskatturinn verði núna lækkaður, þannig að hann verði ekki þyngri en hann var ákveðinn með skattalagabreyt., sem gerð var árið 1960. Þetta teljum við vera réttlætismál og þeim mun meira réttlætismál, þegar það er haft í huga, að árið 1960 var tekjuskattur nokkuð lækkaður vegna þess, hversu óbeinir skattar voru þá stórlega hækkaðir og hafa síðan stórlega hækkað.

Það er því alveg augljós réttlætiskrafa, að ekki verði gert hvort tveggja, að halda áfram að hækka óbeinu skattana, svo sem gert hefur verið og ekki er neitt lát á, — síðast í febrúarmánuði s. l. voru lagðar á 400 millj. kr. í nýjum óbeinum sköttum, — að ekki sé jafnhliða þessu haldið áfram að þyngja skattabyrðina eftir leið hinna beinu skatta. Þess vegna er það till. okkar í minni hl., að umreikningur sá, sem ég hef hér leyft mér að gera grein fyrir, verði nú tekinn upp og að skattarnir verði færðir til samræmis við það, sem þeir voru á árinu 1960. Þetta verður auðveldast að gera á þann hátt, sem ég skal nú gera grein fyrir: annars vegar að taka upp aftur umreikning bæði á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti til samræmis við vísitölubreytingar síðan 1959 og hins vegar að fella 5. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir til umr., þar sem í henni eru ráðgerðar breyt. á skattstiganum, sem valda hækkun á skatti miðað við skattskyldar tekjur. Um sönnun fyrir þessu leyfi ég mér að vísa til nál. minni hl. fjhn. hv. Ed., sem lagt hefur verið fram á þskj. 495, en þar eru tekin dæmi þessu til staðfestingar.

Eins og ég hef áður greint frá í þessari fram-

söguræðu, var í lögum 1954 miðað við umreikning á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti samkv. kaupgjaldsvísitölu. Nú er ekki hægt að miða við kaupgjaldsvísitölu, vegna þess að hún er ekki lengur reiknuð, hennar er ekki lengur þörf, eins og lagaákvæðum er nú hagað. Þá kemur vitanlega til álita, við hvaða vísitölu eigi að miða, ef umreikningurinn verður tekinn upp. Þegar þetta frv. var til meðferðar í hv. Ed., bar minni hl. fjhn. þar fram till. um að miða umreikning persónufrádráttar við breyt. á vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún hefði breytzt frá því 1960. Þessi till. var felld, og eftir að hún hafði verið felld, þá bar sami minni hl. fram till. um að miða umreikning á persónufrádrætti við meðalvísitölu verðlags vöru og þjónustu. Og sú till. var, eins og kunnugt er, einnig felld.

Við munum hér gera tilraun til þess að fá lögfest ákvæði um umreikning á tekjutölum skattstiga og persónufrádrætti til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar, og eins og ég hef áður tekið fram, þá eru þau dæmi, sem ég hef leyft mér að minna hér á, reiknuð skv. breyt. þeirrar vísitölu. Í frv. á þskj. 452 er lagt til, að persónufrádrátturinn hækki um 30%. Þessi hækkun vegur ekki á móti hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, vegna þess að vísitala framfærslukostnaðar var að meðaltali 33.96% hærri árið 1963 en hún var árið 1959. En í þessu sambandi ber að miða við meðalvísitölu ársins 1963, þar sem álagning 1964 er að sjálfsögðu gerð á tekjur ársins 1963. Sé miðað við árið 1964, er meðalvísitalan vissulega miklu hærri, eins og ég hef raunar áður sagt. Auk þess sem hækkunin á persónufrádrættinum er þannig nægileg til þess að vega á móti hækkun framfærslukostnaðar frá árinu 1960, þá eru í þessu frv. ákvæði í 5 gr., sem valda verulegri hækkun á tekjuskattinum, a. m. k. í mjög mörgum tilfellum. En þar sem hækkunin á persónufrádrættinum eyðist ekki að fullu með hækkun skattsins, þá munum við greiða atkv. með samþykkt þessa frv., því að í því felst lagfæring, þó að hún nái ekki alla leið. Þess vegna er það till. okkar í minni hl. fjhn., að frv. verði samþ., en við æskjum þess, að það verði samþ. með þeim breyt., sem ég mun nú leyfa mér að gera grein fyrir:

„Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Á eftir 3. mgr. 16. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nú breytist vísitala framfærslukostnaðar til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1959, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir."

Önnur brtt., sem við leyfum okkur einnig að bera fram, er svo hljóðandi, — hún er við 5. gr., að greinin orðist svona, það er við 25. gr. laganna:

„Nú breytist vísitala framfærslukostnaðar til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1959, og skal þá tekjutölum framangreinds skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu þúsundi, falli niður við útreikning tekjutalna, en stærra brot hækki í þúsund."

Hér er sem sagt lagt til, að tekin séu upp á ný ákvæði skattalaganna frá 1954 um umreikning tekjutalna og persónufrádráttar, alveg óbreytt að öðru leyti en því auðvitað, að hér er miðað við árið 1959, en í lögunum var miðað við árið 1953, og að hér kemur vísitala framfærslukostnaðar í stað kaupgjaldsvísitölu áður, vegna þess, eins og fyrr segir, að sú vísitala er ekki lengur reiknuð.

Ég hygg, að ekki fari á milli mála, að það sé nauðsynlegt að hafa slíkan öryggisventil sem umreikningurinn er í skattalögum á slíkum verðbólgutímum eins og þeim, sem nú eru hér á landi. Sé það ekki gert, verður afleiðingin óhjákvæmilega sú, að skattabyrðin þyngist með hverju árinu sem líður vegna stighækkunar skattsins. Þær tekjur, sem taldar voru hátekjur árið 1960, þegar lögin voru sett, eru nú aðeins þurftartekjur eða kannske tæplega það. T. d. voru ráðherralaun það ár kr. 109630.50, laun samkv. hæsta stiga þágildandi launalaga voru 109 þús. kr. Það samsvarar núna launum í 12. launaflokki, þegar launaflokkarnir eru 28. Það er sem sagt fyrir neðan meðallag að segja má. Þessi aukna skattbyrði án umreiknings er óhagganlegt lögmál. Og það er vegna þess lögmáls, sem hæstv. ríkisstj. verður nú að bera fram þetta frv., sem hér liggur fyrir, til þess að skila aftur nokkrum hluta af því, sem verðbólgan hefur tekið af mönnum í formi tekjuskatts umfram það, sem lögin sjálf gera ráð fyrir.

En þessi endurgreiðsla, sem frv. ræðir um, er ekki algjör skv. frv., vegna þess í fyrsta lagi, að persónufrádrátturinn er aðeins hækkaður um 30%, en dýrtíðin hefur vaxið um 33.96%, miðað við árið 1963, og einnig vegna þess, að ekkert tillit er tekið til dýrtíðaraukningarinnar að því er snertir þann hluta teknanna, sem er umfram persónufrádráttinn, þ. e. a. s. þann hluta teknanna, sem tekjuskatturinn er lagður á. Ef frv. hæstv. ríkisstj. verður nú samþ. án nokkurs varnagla, eitthvað svipaðs þeim, sem brtt. okkar í minni hl. fjhn. gera ráð fyrir, þá verður misræmið enn þá meira á næsta ári en það er núna, eins og ég hef áður gert grein fyrir, vegna þess að meðalvísitala framfærslukostnaðar ársins 1964 verður miklu hærri en meðaltalið var 1963 og ákvæði frv. duga þá ekki einu sinni til þess að lagfæra ástandið miðað við meðalvísitöluna 1963. Þess vegna þarf þá að bera fram aftur nýtt frv. um hækkun persónufrádráttar eða eitthvað annað, sem hefur sömu áhrif. Þá þarf aftur að fara fram stórkostleg endurgreiðsla, vegna þess að verðbólgan hefur þá enn afskræmt skattareglurnar enn þá meira en hún hefur þó gert núna.

Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún vilji draga úr beinum sköttum, það sé hennar stefna. Ef þessi yfirlýsing er eitthvað meira

en orðin tóm, hlýtur hæstv. ríkisstj. að vilja gera ráðstafanir til þess, að skattþunginn aukist ekki, síðan l. frá 1960, sem nú eru í gildi, voru sett. Ég hef þegar sýnt fram á það, að þau ákvæði, sem gert er ráð fyrir með frv., duga ekki til þessa, þau hrökkva of skammt. Nei, eina leiðin til þess að jafna þessi met og til þess að færa skattþungann niður í það, sem hann var 1960, og til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að vera trú þessu lögmáli sínu og stefnuskráratriði er að taka upp umreikning í því formi, sem við gerum till. um. Auðvitað getur sýnzt sitt hverjum um það, hvaða viðmiðun eigi að hafa. Ég skal fallast á, að það getur verið, að það sé ekki endilega vísitala framfærslukostnaðar. Það má vel vera, að t. d. vísitala vöru og þjónustu sé réttari mælikvarði, ég legg ekki dóm á þetta. En ef það á að koma í veg fyrir, að skattþunginn aukist, verður að taka upp umreikning miðaðan við verðhækkanir í einhverju formi.

Því hefur verið talsvert haldið á lofti af stjórnarliðum núna síðustu dagana, að einkennileg sé afstaða framsóknarmanna til þessa frv., þar sem þeir séu fylgjandi frv., en haldi því þó fram, að það gangi í þá átt að hækka skatta. Ég hef sérstaklega tekið eftir þessu í Alþýðublaðinu að undanförnu, að það telur hníf sinn hafa komizt verulega í feitt í þessu efni. Hér er alls ekki farið með rétt mál, því fer víðs fjarri. A. m. k. hef ég engan mann heyrt halda því fram, hvorki framsóknarmann né annan, að frv. mundi hækka skattana frá því, sem þeir mundu verða að óbreyttum skattareglum. Slíkt er hrein fjarstæða, og mér dettur ekki í hug, að nokkur maður haldi því fram. Ég hef t. d. reiknað það út, að hjón með nettótekjur 125 þús. kr. og tvö börn ættu að greiða eftir l. óbreyttum 3250 kr., en þau eiga að greiða eftir frv. aðeins 800 kr., þannig að vitanlega er hækkunin á persónufrádrættinum til mikilla bóta, það dettur engum í hug að halda öðru fram. En þessi hjón voru skattfrjáls 1960, og samkv. stefnu hæstv. ríkisstj. ættu þau auðvitað að halda áfram að vera skattfrjáls, ekki sízt þegar búið er að leggja á þau stórfelld gjöld í formi óbeinna skatta.

Það, sem við framsóknarmenn hér á Alþingi höldum fram, er þetta, að þrátt fyrir þær lagfæringar, sem í frv. felast, verði skattþunginn þó meiri nú en hann var 1960, þegar l. voru sett, vegna þess að leiðréttingin skilar ekki aftur nema nokkrum hluta af því, sem skattþunginn hefur aukizt á tímabilinu vegna verðbólgunnar, og þannig hafi ríkisstj. fjarlægzt það stefnuskráratriði sitt að beita sér fyrir lækkun beinna skatta, eins og ég hef hér sýnt fram á. Þetta er hverjum sem er velkomið að reyna að hrekja, ritstjórn Alþýðublaðsins sem öðrum. Nei, við framsóknarmenn teljum að sjálfsögðu betri hálfan skaða en allan, jafnt í þessu máli sem öðru. Þess vegna mælum við í minni hl. fjhn. með því, að frv. verði samþykkt, en helzt vildum við auðvitað, að dæmið væri leiðrétt til fulls, og þess vegna berum við fram þær brtt., sem ég hef nú hér leyft mér að gera grein fyrir.

Ég mun svo ekki fjölyrða meira um þetta á þessu stigi, heldur leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt. okkar minni hl. fjhn. skriflegar, með því að útbýting hefur, að ég held, ekki þegar farið fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 616) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér eina brtt. við þetta frv. Þeirri brtt. hefur ekki enn þá verið útbýtt hér, en ég vænti nú samt, að ég megi — með leyfi hæstv. forseta — gera hér grein fyrir þessari brtt. Brtt. mín er samhljóða brtt., sem flutt var í Ed. af þeim Birni Jónssyni og Gils Guðmundssyni og liggur fyrir á þskj. 498, og hljóðar þessi brtt. á þessa leið, að við 11. gr. á eftir 1. mgr. komi tvær nýjar mgr., svo hljóðandi:

„Skylt skal þó ríkisskattstjóra að láta árlega fara fram ýtarlega rannsókn á 5% af framtölum þeirra aðila, sem hafa einhverja tegund rekstrar með höndum og bókhaldsskyldir eru, og á 2% af öðrum framtölum. Skulu þessi framtöl valin með útdrætti eftir reglum, sem Hagstofa Íslands setur, og skal hún hafa útdráttinn með höndum.

Framtöl þeirra aðila, sem þannig eru valin með útdrætti, skulu athuguð gaumgæfilega, bókhald þeirra rannsakað og upplýsinga leitað um allt, sem gefið getur vitneskju um sannleiksgildi framtalanna fyrir viðkomandi ár og framtala næstu 5 árin á undan, ef þurfa þykir."

Það hefur æði oft verið um það rætt hér á Alþingi, að þörf væri á strangara skattaeftirliti en hér hefur átt sér stað, og stundum hafa verið nefndar hér furðuháar tölur, sem eru að sjálfsögðu áætlaðar, um það, hvað miklum tekjum muni vera skotið undan skatti á ólöglegan hátt. Ég man ekki betur en einn af núv. hæstv. ráðh. segði hér fyrir nokkrum árum, að það væri áætlað af fróðum mönnum, að ekki minna en 500—600 millj. kr. á ári af tekjum færu fram hjá skattayfirvöldunum og kæmu í rauninni aldrei til skatts. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þessi upphæð er, eins og tölum nú er háttað, orðin miklum mun hærri. Við viss tilfelli ræða menn hér um það, menn úr öllum flokkum, að það sé mikil nauðsyn á því að reyna að koma í veg fyrir þessi skattsvik, það eigi að reyna að láta alla verða jafna fyrir lögunum og það þurfi að herða á þessu eftirliti. Og í þessu frv., sem hér liggur fyrir til breytinga á tekjuskatts- og eignarskattslögunum, er lítillega vikið að þessu efni. En afskaplega er það nú mjóslegið, sýnist mér. Í 11. gr. frv. kemur viðauki, sem á að ná til þessa atriðis, og sá viðauki er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rann-

sóknir samkv. l. þessum eftir nánari ákvörðun ríkisskattstjóra."

Satt að segja hefði maður nú haldið, að þeir, sem fara með framkvæmd skattamálanna, hefðu nú einhverja deild til þess að rannsaka um framtölin, þeir hefðu nú einhverja, sem litu eitthvað eftir þeim. Hvort menn taka svo upp þá nýlundu að segja: Hér skal nú vera ein formleg deild, sem litur eftir þessu, og ríkisskattstjóri skal svo setja ákveðnar reglur um það, hvernig sú deild vinnur, segir harla lítið. Auðvitað hafa verið í l. heimildir til þess að framkvæma miklum mun strangara skattaeftirlit en gert hefur verið. Heimildirnar hefur ekki vantað. En það er annaðhvort viljinn, sem hefur vantað, eða áræðið að ráðast í þetta, því að því verður auðvitað ekki neitað, að það þarf kannske nokkurt áræði til að fara að leita uppi þessi skattsvik, sem oft er talað um, og draga fram hið sanna um tekjur hinna einstöku aðila. Ég held því, að ekkert minna dugi en það, sem lagt er til í þessari brtt. minni, því sé slegið föstu, að það skuli vera skylt að láta sérstaka rannsókn fara fram á ákveðnu úrtaki, sem tekið er af óvilhöllum aðila, af skattstofunni, á framtölum hinna einstöku framteljanda. Og ég hef lagt til í þessari till., að skyldan sé við það miðuð, að sem nemur 5% af öllum framtölum þeirra, sem eru bókhaldsskyldir og hafa einhvern rekstur með höndum, skuli tekin til sérstakrar rannsóknar á ári hverju. Slíkar reglur eru í l. hjá ýmsum öðrum þjóðum. Þá eiga, ef þessar reglur væru teknar hér upp, þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, þetta yfir höfði sér, að bókhald þeirra sé tekið og skoðað af skattayfirvöldunum, ekki aðeins eitt ár, heldur fyrir nokkur ár, jafnvel upp í 5 ár, og nákvæm athugun gerð yfirleitt á eyðslu slíkra aðila, þannig að hið sanna komi fram um tekjur þeirra, svo að þeir verði skattlagðir á réttan hátt. Ég efast ekkert um það, að slík ákvæði sem þessi mundu veita gífurlega mikið aðhald öllum þeim, sem telja nú fram fyrir atvinnurekstur hér á landi, því að á því leikur auðvitað enginn vafi, að þeir, sem telja fram fyrir atvinnurekstur, eins og okkar skattareglum er háttað, geta svo að segja skrifað það á sitt framtal, sem þeim þóknast. Það er nú sannleikur málsins. Það eru fáir nema viðkomandi skattframteljandi sjálfur, sem eru til frásagnar um það, hvað líður raunverulegum rekstrarútgjöldum á hinum einstöku kostnaðarliðum. Þetta er ekkert rannsakað. En færi slík athugun fram, sem lagt er til með þessari till. minni, held ég, að í fyrsta lagi mundi till. veita aðhald og bæta framtölin og í öðru lagi mundi þarna komast upp mikið af skattsvikum.

Ég hef veitt því athygli, að hæstv. fjmrh., sem hefur nú með framkvæmd þessara mála að gera, hefur æðioft minnzt á það hér á Alþingi, að það þurfi að bæta skattasiðferði manna, og hann hefur mjög hneigzt að því í sambandi við það að bæta úr þessu siðferði að lækka bara skatta í ýmsum tilfellum og heldur, að það eitt dugi. Ég hef ekki mikla trú á því. Ég held, að málin séu þannig, að aðili, sem hefur góða aðstöðu til þess að skjóta undan stórum fjárfúlgum af tekjum sínum og koma þeim undan skatti, hann breyti ekki framtölum sínum ýkja mikið, þó að hann eigi að borga 25% í staðinn fyrir 30%, sem áður hefur verið. Ef hann hefur alla aðstöðuna eftir sem áður til þess að geta skotið sér undan að borga, heldur hann áfram að gera það, jafnvel þó að skattstiginn kunni að hafa verið lækkaður eitthvað örlítið. Ég álít, að mesta skekkjan í skattaframtölum sé einmitt hjá þeim aðilum, sem hafa einhvers konar rekstur með höndum. Þeir eiga hægast með að telja rangt fram, eins og okkar skattareglur eru. En eflaust eru ýmsir þeir, sem hafa beinar launatekjur, líka sekir í þessum efnum. En því verður þó ekki neitað, að reglurnar, sem í gildi eru, eru miklum mun strangari gagnvart öllu launafólki heldur en gagnvart hinum. Þar er ekki neinn samjöfnuður á.

En nú hef ég í till. minni einnig lagt það til, að framtöl þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir og ekki hafa neinn rekstur með höndum, séu líka tekin til svona rannsóknar, en þar aðeins haft minna hlutfall, það sé aðeins gengið út frá því að taka sem nemur 2% á ári hverju af framtölum þeirra aðila, enda eru þeir auðvitað miklum mun fleiri, og það má því ekki hafa þetta úrtak of mikið, til þess að hér verði ekki um lítt viðráðanlegt verkefni að ræða fyrir skattayfirvöldin.

Ég verð að segja það, að ég lít svo á, að afstaða til þessarar till. eigi að sýna það alveg glöggt, hvort nokkur alvara er á bak við hjá þeim mönnum, sem tala um það, að þeir vilji, að skattaframtölin séu rétt og skattarnir séu lagðir á á sanngjarnan hátt. Það er liðið það tímabil, að það dugi að tala fagurlega um það, að það eigi að líta eftir þessu, en ætla á sama tíma að fella till. um að gera það að skyldu, að þetta skuli gert. Ég veit, að eins og l. eru núna eða verða væntanlega eftir þessa breytingu, eru til heimildir til þess að gera þetta. Þær eru til. En verður það gert? Verður það gert, ef Alþingi fellir till. um það, að þetta skuli skylt að gera?

Það er mín skoðun, að ef þessi till. mín væri samþykkt, mætti búast við því, að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti mundu vaxa um nokkra tugi millj. kr. á hverju ári, án þess að skattstigunum væri nokkuð breytt. Og ég held, að það væri réttmætt, eins og málum er háttað, að koma þessu fram. E. t. v., ef ríkissjóður býr sæmilega vel, sem ég held að hann geri, væri þá hægt fyrir ríkissjóð að gefa eitthvað eftir, t. d. af söluskatti, sem núna hvílir á brýnustu lífsnauðsynjum manna, og á þann hátt gæti ríkið unnið að því að lækka það verðlag í landinu, sem mestu máli skiptir í sambandi við kaupkröfur launþegasamtaka.

Ég þarf nú ekki að hafa fleiri orð um þessa till., því að ég vænti, að málið sé öllum hv. alþm. vel ljóst. En það verða mér mikil von-

brigði, ef hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess að fallast á að taka upp efni þessarar till. í lögin.

Um efni þessa frv. að öðru leyti get ég verið fáorður, það hefur verið rætt hér nokkuð áður. Ég tek algerlega undir það, sem frsm. minni hl. fjhn. sagði hér í sinni ræðu nú næst á undan mér, að á því leikur auðvitað enginn vafi, að þær breytingar, sem eru fólgnar í þessu frv., ná ekki svo langt, að þær geri skattabyrðina jafna á við það, sem hún var ákveðin í l. frá 1960. Á því leikur auðvitað enginn vafi, að þegar menn eru að gera það upp við sig, hvort skattarnir eru að þyngjast eða hvort þeir eru að léttast, verður að taka tillit til þess, hvert gildi peningarnir hafa á hverjum tíma. Við vitum, að ef svo færi, að verðlag hækkaði á næstu 2—3 árum um 100% frá því, sem það er í dag, eru auðvitað 200 þús. kr. ekkert meira virði þá en 100 þús. eru nú. Og því er það, að ef menn þá mundu þurfa að borga miklum mun meiri skatt af 200 þús. heldur en þeir þurfa að borga nú af 100 þús., hefur vitanlega skattabyrðin aukizt, en ekki minnkað, þó að slegið hafi verið af eitthvað lítillega í prósentutölu.

Ég álít því, að hæstv. ríkisstj. megi ekki halda uppi þeim þrætum, sem hún hefur verið að halda uppi í þessum efnum. Það ætti að vera öllum mönnum alveg ljóst, að einmitt vegna breytinganna á verðgildi peninganna eru raunverulega skattarnir alltaf að hækka. Þessu hafa menn gert sér fulla grein fyrir í öðrum hliðstæðum tilfellum. Á undanförnum árum hefur það gengið svo til, að öll sveitarfélög í landinu hafa alltaf verið að lækka sinn álagningarstiga. Þau hafa alltaf verið að veita meiri og meiri afslátt af álögðum útsvörum, en útsvarstekjurnar hafa hins vegar alltaf verið að hækka hjá sveitarfélögunum. Þar hefur mönnum auðvitað ekki dottið í hug að halda því fram, að raunverulega væri verið að lækka útsvarsbyrðina, þó að afsláttur inn hafi farið hækkandi í prósenttölu. Sá afsláttur var aðeins til þess að taka nokkurt tillit til breytinga á verðgildi peninganna, vegna þess að tekjurnar að krónutölu lágu hærra í síðara tilfellinu en hinu fyrra og menn voru þannig komnir nokkru hærra upp í útsvarsstigann, útsvörin höfðu hækkað á þann hátt, án þess að um raunverulegan tekjuauka hefði verið að ræða. Þetta er vitanlega það sama, sem á sér stað í sambandi við þetta frv. En hækkunin á persónufrádrættinum, sem kemur fram í þessu frv., er auðvitað góð, svo langt sem hún nær, en þrátt fyrir þessa hækkun á persónufrádrætti er auðvitað alveg ljóst mál, að skattabyrðin hlýtur að þyngjast eigi að síður.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum hér í þessu máli á þessu stigi, en vænti, að brtt. mín, sem bráðlega mun verða hér útbýtt, verði samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 617) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við framsöguræðu frsm. minni hl. fjhn., sem gerði tölurvert að umtalsefni sínu hér viðmiðun á sköttum frá 1960 og svo nú, miðað við það frv., sem hér er flutt. Ég skal viðurkenna það, að málflutningur hans hér var með töluvert öðrum hætti en upprunalega virtist ætla að verða af hálfu stjórnarandstöðunnar í sambandi við þetta frv. En mér fannst rétt, þegar þessi viðmiðun var tekin í sambandi við skattlækkunina, að það dæmi, sem hann tók, 130 þús. kr. tekjur hjá hjónum með tvö börn, yrði fært örlítið lengra aftur í tímann, til þess að fram kæmi glöggur mismunur á þeim sköttum, sem lagðir eru á samkv. l. frá 1960, og því, sem mundi verða, ef það frv., sem hér er á dagskrá, yrði að lögum. Skattaálagning með umreikningi samkv. l. frá 1954, eins og nú yrði lagt á, yrði 9665 kr., samkv. l. frá 1960 4000 kr., en samkv. frv., sem nú er á dagskrá, aðeins 1300 kr. Þetta sýnir tvímælalaust, að hér er raunverulega farið mjög mikið niður með skattbyrði gagnvart einstaklingum og fjölskyldum, og inni í þessari tölu, sem ég var með, 9665 kr., er umreikningurinn líka.

Hv. frsm. minni hl. ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. flytur brtt. um, að umreikningurinn verði tekinn upp nú í sambandi við þetta frv. Þá ber þess að geta, að við samningu frv. og setningu l. frá 1960 er um gífurlega skattalækkun að ræða, þegar einmitt þessi umreikningur er felldur úr l. Hins vegar var því haldið fram hér við 1. umr. þessa máls, að ef það virtust vera uppi óskir um að fá einhverja breyt. á l. til samræmis við lögin frá 1954, þá mætti að sjálfsögðu athuga, hvort ekki mætti skjóta inn í setningu, þar sem þeir, sem óskuðu eftir skattálagningu miðað við þau lög, gætu fengið það. Þessu hefur síðan ekki verið hreyft, og ég geri ekki ráð fyrir því að athuguðu máli, að neinn aðili mundi óska eftir því. En mér fannst rétt, miðað við þennan samanburð, sem hér var tekinn, að láta koma fram viðmiðun örlítið lengra aftur í tímann en til 1960. Enda þótt sú viðmiðun sé e. t. v. svo léleg, þá er hún engu að síður rétt.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hélt nú, að þeir útreikningar, sem ég lagði hér fram fyrir því, að skattþunginn ykist frá því, sem hann var 1960, hefðu verið það glöggir, að ekki þyrfti að efast um það, og það hefur raunar hv. síðasti ræðumaður ekki gert. Það er auðvitað meginatriði þess máls, að með því að samþykkja þetta frv., sem hér er til umr., er ekki tekið nægilega í strenginn til þess að færa skattabyrðina til þess ástands, sem hún var í 1960.

Hv. síðasti ræðumaður vill reikna skattinn samkv. því, sem hann hefði verið 1958, skilst mér, eftir lögunum 1954. Þá fær hann út hærri tölu. Það er sjálfsagt alveg réttur útreikningur, ég hef ekki farið yfir það, ég rengi það ekki. En ég vil bara minna hv. þm. á þá breytingu, sem orðið hefur í grundvallarskattamál-

um landsins síðan þá. Hæstv. núv. ríkisstj. lækkaði beinu skattana til þess að geta tekið upp óbeina skatta, eða kannske sagt með öðrum orðum, hún fór yfir í það að innheimta tekjur ríkissjóðs fyrst og fremst með óbeinum sköttum, sem í reyndinni þýðir það, að allir verða að borga jafnt af þeim nauðsynjum, sem þeir þurfa til lífsviðurværis. Þetta er stefna hæstv. núv. ríkisstj., að innheimta sem allra mest af ríkissjóðstekjunum með óbeinum sköttum, sem leggjast jafnt á alla. Það þarf því engan að furða á því, að dæmið líti þannig út, að áður en nýr söluskattur upp á hundruð millj. var upp tekinn, áður en aðflutningsgjöld voru í reynd stórhækkuð, áður en allir óbeinir skattar til ríkissjóðs voru margfaldaðir, hafi ríkissjóður aflað sér tekna með beinum sköttum, sem voru nokkru hærri en þeir tíðkast nú. Þetta mál er svo einfalt, að ég tel, að ekki þurfi að eyða frekari orðum að því, og þessi athugasemd, sem síðast var hér fram borin, er gersamlega út í hött og kemur málinu ekkert við, vegna þess að hér er verið að meta það, hvort þetta frv. gangi nógu langt eða ekki til þess að fá sama ástand og var 1960.

Hæstv. fjmrh. og hv. 3. þm. Reykn. telja sig sjálfsagt standa með pálmann í höndunum, vegna þess að þeir vilji gefa kost á því, að ef einhver vilji reikna framtöl sín eftir lögunum 1954, þá skuli það e. t. v. verða heimilt eða tekið upp í lögin. Þetta er mjög vel boðið. Sérstaklega ef hv. þm. og hæstv. ráðh. vilja þá um leið fella niður viðbótarsöluskattinn, sem lagður hefur verið á síðan, og færa aðra tollheimtu ríkissjóðs til þess horfs, sem hún var, þá tel ég víst, að margir mundu þiggja þetta boð.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Tilefnið til þess, að ég kveð mér nú hljóðs, eru ummæli, sem féllu hjá hv. 5. þm. Austf. Það er út af brtt., sem hann flytur, mér skilst hún sé samhljóða till., sem tveir flokksbræður hans fluttu í Ed. Það er um það, hvernig haga skuli rannsókn og eftirliti með skattaframtölum. Og vegna þess að hann lét orð falla, sem eru mjög villandi, í þessu sambandi, þá tel ég rétt að svara því. Hann segir: Það er búið að tala fagurlega um það að herða eftirlit með framtölum, en afstaðan til þess, hvort það er á heilindum byggt eða ekki, hún kemur fram í því, hvort menn styðja þessa till. eða ekki.

Um hvað er nú þessi till.? Eins og kunnugt er, þá er í frv. ákveðið að stofna sérstaka rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra með þjálfuðum starfsmönnum til þess að herða á skattaeftirlitinu. Till. hv. þm. fer fram á það, að ríkisskattstjóra sé skylt að láta árlega fara fram ýtarlega rannsókn á 5% af framtölum þeirra aðila, sem hafa einhvern rekstur með höndum og bókhaldsskyldir eru, og 2% af öðrum framtölum. Enn fremur á að velja þessa aðila með hlutkesti eða eftir útdrætti skv. reglum, sem hagstofan setur. Hvað þýðir nú þessi till.? Hún þýðir það, að samkv. lögum er skylt að rannsaka bókhald allra þeirra, sem bókhaldsskyldir eru, allra, sem rekstur hafa með höndum, þannig að því sé lokið á 20 árum. Og varðandi alla aðra, þá á að ljúka þessari yfirferð og rannsókn á hálfri öld, þ. e. 2% á ári, sem á að taka fyrir. Ég vil segja, að mér finnst markið sett ákaflega lágt þarna, því að æskilegt er, að þetta gangi miklu hraðar en þetta.

Hv. þm. mun vafalaust segja: Það er ekki bannað að rannsaka meira. — En hvaða tilgang hefur það þá að vera að flytja till. og ætla að lögfesta, að það skuli miða við 5% varðandi rekstraraðila og 2% varðandi alla aðra? M. ö. o.: markið er svo hátt sett hjá þessum hv. þm. og þeim flokki, sem að þessum till. stendur, að atvinnureksturinn allan eða skattaframtöl hans á að kanna á 20 árum og alla aðra landsmenn á hálfri öld.

En það er annað, sem er alvarlegra við þetta. Það er ekki ríkisskattstjóri eða rannsóknardeild hans, sem á að ákveða það, hverja aðila á að taka til rannsóknar. Það á bara að velja það „holt og bolt" eftir útdrætti eða hlutkesti. Og þessi 5% og þessi 2% eiga auðvitað að ganga fyrir. Það starfslið, sem ríkisskattstjóri hefur á að skipa, á samkv. þessu, ef samþ. verður, fyrst og fremst að beinast að þessu. Ef ekki lenda í þessum útdrætti ýmsir aðilar, sem ríkisskattstjóri og starfsmenn hans telja mjög grunsamlega og þurfi rannsóknar þegar í stað, þá á það að mæta afgangi.

Mér virðist þessi till. svo vanhugsuð, að mig furðar, að hún skuli vera borin fram, kannske skiljanlegt í eitt skipti, en að hún skuli vera borin fram aftur, það er enn þá undarlegra. Vitanlega verður að því unnið að láta þessar rannsóknir ganga sem allra skjótast og fara sem fljótast yfir. Vitanlega verða allir skattgreiðendur að eiga það á hættu eða eiga von á því, hvenær sem er, að nákvæm rannsókn sé gerð á fjárreiðum þeirra. En hitt, að það skuli fyrst og fremst farið eftir hlutkesti, en ekki eftir því, hvar raunverulegar grunsemdir liggja fyrir, eða því, sem sérfræðingar telja sérstaka nauðsyn að rannsaka, þetta tel ég alveg öfugt að farið. Ég tel, að það eigi að ganga fyrir, þar sem grunur er um skattsvik eða röng framtöl. Ef menn vilja svo taka einhverja ákveðna prósentu, þá ætti það að koma á eftir.

Af þessum ástæðum, sem ég hér hef rakið, tel ég þessa till. mjög til hins verra og mundi spilla þeim árangri, sem verið er að reyna að ná með þessum nýmælum frv. Það má benda enn fremur á það, að hér er gert ráð fyrir í niðurlagi till., að rannsókn á framtölum skuli aðeins ná til 5 ára, í lögum eru nú ákveðin 6 ár. Ég veit ekki, hvort það er ætlun flm. að lina þannig á þessu, að ekki megi ganga jafnlangt aftur í tímann og er samkv. gildandi l. og á að verða eftir þessu frv.

Það var vegna ummæla hv. þm. og tillöguflutnings hans, sem ég taldi ástæðu til að segja þessi orð. En ég vil bæta því við, að næsta

er það einkennilegt, að hv. stjórnarandstæðingar, þegar þeir eru að gagnrýna þetta frv., þá miða þeir alltaf sinn samanburð við árið 1960, þeir líta alltaf á skattalögin frá 1960 sem þann eina sanna og rétta grundvöll. Það er hið „ideala" skattaástand, ef ég má svo að orði komast, og þeir reyna að færa rök að því, að menn séu ekki alveg eins vel settir samkv. frv. í ár og þeir voru 1960. En hvers vegna vitna þessir hv. stjórnarandstæðingar, sem margir hverjir eða flestir reyndar greiddu atkv. á móti frv. 1960, móti l. þá og gagnrýndu ákaflega margt í þeim lögum, hvers vegna telja þeir nú alltaf, að þetta sé fyrirmyndin, sem eigi að halda hæst á lofti, og hvers vegna minnast þeir aldrei á skattalögin, sem giltu, þegar þeir sjálfir fóru með völd?

Hv. þm. reyna að villa mjög um fyrir mönnum, að þegar gerður er samanburður, eins og ég hef gert á því, hverjar skattgreiðslur manna yrðu samkv. núgildandi l. í fyrsta lagi, samkv. frv. í öðru lagi og samkv. skattal. frá 1958, þá segja þeir: Þetta er ekki sambærilegt, vegna þess að verðgildi peninganna er allt annað. Þetta bara kemur málinu ekkert við. Það, sem ég hef verið að tala um, er þetta, hvaða skatt mundu menn borga á þessu ári, 1964, af tekjum 1963 eftir því, hvort reiknað er eftir núgildandi l. eða frv. eða skattal. frá 1958, ef þau væru enn í gildi óbreytt, — óbreytt, segi ég, og þar með að sjálfsögðu ákvæðin um umreikning samkv. kaupgjaldsvísitölu, og allur samanburður, sem gerður hefur verið í þessu efni um það, hvernig skattarnir yrðu í ár af tekjum s. l. árs samkv. skattal. frá 1958, er auðvitað byggður á því, að þá er búið að umreikna þetta allt saman samkv. kaupgjaldsvísitölu eða þeim breytingum, sem síðan hafa orðið. Þess vegna er sá samanburður, sem hér hefur verið gerður, fullkomlega réttur.

Eitt er það svo loks enn. Hv. 5. þm. Austf. lét orð falla eitthvað á þá leið, — og mér skilst hann eiga við ummæli mín, ég talaði um að bæta skattasiðferðið, — og sagði, að það væri ekki nægilegt að lækka bara skattana og halda, að það eitt dugi. Hv. þm. hefur eins og aðrir hv. alþm. vafalaust heyrt það margsinnis, að þetta er allt annað en það, sem ég hef sagt. Ég hef haldið því fram, að þrennt þurfi að fara saman til þess að reyna að ráða bót á röngum framtölum og skattsvikum, þrennt þurfi að fara saman, til þess að árangur megi nást í því að bæta skattasiðferðið í landinu. Og það er í fyrsta lagi, að skattstigarnir séu við hæfi, þeir séu ekki svo hátt spenntir, að það brjóti í bág við almenningsálitið og menn telji rétt og afsakanlegt að svíkja skatt þess vegna. Í öðru lagi þurfi að vera sterkt og ákveðið eftirlit, og m. a. miðar þetta frv. að því. Og í þriðja lagi þurfi að vera jafnvægi í efnahagsmálum, vegna þess að reynslan er sú hér, eins og raunar alls staðar annars staðar, að verðbólgutímar leiða alltaf af sér aukin skattsvik og aukin tollsvik. Ég hef aldrei haldið því fram og aldrei látið eitt orð falla í þá átt, að það væri nægilegt til að bæta skattasiðferðið í landinu bara að lækka skattstigana. Ég hef talið, að allt þetta þrennt þyrfti að fara saman.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð í sambandi við þær aths., sem hæstv. fjmrh. gerði hér við þá brtt., sem ég flyt við frv. Mér sýndist afstaða hæstv. ráðh. vera harla einkennileg til þessarar till. Hann hélt því fram, að einn galli till. væri sá, að með henni væri gert ráð fyrir, að taka ætti til sérstakrar athugunar framtöl samkv. ákveðnum útdrætti hjá ýmsum framteljendum og að þessi athugun ætti að leiða til þess, að ekki væri hægt að koma fram athugun á framtölum þeirra aðila, sem væru grunsamlegir af hálfu skattayfirvaldanna. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh.: Hvar stendur þetta í till.? Hvar stendur það í till., að skattayfirvöldin geti ekki tekið alla þá, sem eru grunsamlegir og lög standa til, að sérstök athugun verði látin fara fram á? Hver bannar það? (**Fjmrh.:** Vill ekki hv. þm. reyna að hafa það rétt eftir, sem ég sagði?) Vill þá ekki hæstv. ráðh. bara endurtaka þetta, svo að ég megi fara með það á réttan hátt. Ég skildi þetta sem meiningu hans. Ég gat ekki skilið mál hæstv. ráðh. á annan hátt en þann og skrifaði það á blað hjá mér, að hann talaði um það, að þessir ættu að ganga fyrir með athugun, og hann sagði, að grunsamlegir aðilar ættu að mæta afgangi, — ég skrifaði það líka: mæta afgangi. Ég trúi því ekki, að ég hafi skrifað þetta svona, án þess að ráðh. hafi sagt það. Ég held, að við verðum þá að fá spóluna spilaða hér, til þess að við fáum að heyra, hvað hann sagði.

Nei, það er vitanlega ekkert í minni till., sem mælir fyrir um það, ekki neitt. Öll sú aðstaða, sem til er nú samkv. l. til að láta fara fram athugun á framtölum þeirra, sem eru grunsamlegir, er til eftir sem áður. En það einkennilega er nú þetta, að hæstv. ráðh. segir í öðru orðinu, að ákvörðun um, að það skuli tekin framtöl aðeins sem nema 5% af framtölum allra þeirra, sem eru bókhaldsskyldir, þýði, að það verði ekki hægt að komast yfir allan hópinn á minna en 20 árum, og það skuli aðeins tekin 2% af framtölum annarra aðila, það þýði, að það taki hálfa öld að komast yfir þá alla, -- vegna þess að þetta er svona lítið, er ráðh. á móti þessu. Hann vildi láta þetta ganga miklu hraðar fyrir sig, sem auðvitað er ekki bannað í minni till. En hver var svo niðurstaðan einmitt af þessari röksemdafærslu? Niðurstaðan er sú, að þetta verði svo tímafrekt og það verði svo mikil vinna af þessu, að það verði að láta hina, sem eru grunsamlegir, mæta afgangi, það sé ekki hægt að sinna þeim. Nei, þegar ég ákvað að hafa einmitt þessar tölur í minni till., var beinlínis miðað við það, að það væri ekki hægt að segja, að þessi skylda skapaði skattayfirvöldunum svo mikla vinnu, að þau gætu varla

komizt yfir meira en þetta. Auðvitað eiga þau að halda öllu því eftirliti eftir sem áður, sem þau hafa haft með höndum, en það á að leggja á þau þessa skyldu, að mjög nákvæm athugun skuli fara fram á að minnsta kosti þessum fjölda.

Og nú vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., ef hann má mál mitt heyra, sem hann hefði nú reyndar átt að gefa sér tíma til. Ég hef það fyrir satt, að hliðstæð ákvæði þessum, sem er að finna í minni till., séu í Bandaríkjunum. Nú efast ég ekkert um það, að fjmrh. hefur kynnt sér, hvaða reglur eru í gildi þar. Nú vildi ég spyrja fjmrh. um það: Taka þeir á ári hverju hærri hundraðshluta af framtölum, sem þar berast, en þá hundraðstölu, sem hér er nefnd? Taka þeir þar hærri hundraðstölu? Ég efast ekkert um, að fjmrh. veit þetta. Nei, vitanlega er það svo, að þegar þarf að taka með útdrætti nokkur sýnishorn, til þess bæði að veita aðhald og til þess að gera mjög gaumgæfilega athugun á framtölum, er vitanlega ekki hægt að hafa úrtakið allt of mikið. Það yrði vitanlega svo mikið bákn, að skattayfirvöld landsins réðu ekki við það. En svo er, eins og hæstv. ráðh. fann auðvitað sjálfur, vitanlega ekkert í minni till., sem bannar, að meira sé tekið en þetta lágmark, ef skattayfirvöldin geta komizt yfir meira. En ég efast ekkert um, að ef það væri tekið á hverju ári sem nemur 5% af öllum framtölum þeirra, sem hafa rekstur með höndum, og þau framtöl tekin til verulega rækilegrar athugunar, mundi það veita mjög aukið aðhald í þessum efnum. En það er líka alveg augljóst af því, sem ráðh. segir, að hann vill ekki vera bundinn af þessari skyldu, hann vill ekki láta þessa athugun fara fram. Það má líka hverjum manni vera ljóst, að með þessari till. er ekki verið að binda hendur ríkisskattstjóra á nokkurn hátt. Hann getur vitanlega látið alla þá athugun fara fram, sem hann vill, á þeim, sem hann telur vera grunsamlega, hvort sem þeir koma með í þessum útdrætti eða ekki.

Þá sagði ráðh., að í þessari till. væri gengið skemmra en gengið er í l. með nákvæma athugun á framtölum aðila, þar sem framtöl þeirra eru athuguð aftur í tímann. Þetta hygg ég, að sé ekki rétt hjá hæstv. ráðh., því að í till. er við það miðað, að til viðbótar við það framtal, sem er sérstaklega til athugunar, megi taka 5 ár þar aftur fyrir sig, en í l. er hins vegar miðað við það, að athuga megi samtals 6 ár.

Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, að hæstv. fjmrh., sem hefur þó talað þetta mikið um skattasiðferði, sem hann óneitanlega hefur gert, skuli vera á móti því, að slík athugun sem þessi sé látin fara fram á framtölum. Ég er ósköp hræddur um, að hann eigi eftir að verða var við það, að þessar aðferðir, sem hann taldi upp, muni gefast heldur lélega til þess að gera skattaframtölin trygg. Hann taldi hér upp, að þrennt þyrfti að fylgjast að: Í fyrsta lagi, að skattstigarnir væru hæfilegir. Það hefur þýtt eflaust til þessa, að þeir ættu frekar að lækka en hækka. Í öðru lagi sterkt eftirlit, segir hæstv. ráðh., en vill þó ekki vera bundinn af neinum skyldum í því, að framtölin skuli athuguð. Og svo er í þriðja lagi jafnvægi í efnahagsmálum. Allir vita nú, hvernig jafnvægið er og hvernig það hefur verið. Ég held því, að hæstv. ráðh. muni komast heldur stutt áleiðis til þess að bæta skattasiðferðið eftir þessum þremur meginleiðum sínum, ef hann ætlar að neita því að vilja láta fara fram slíka athugun sem lögð er til með till. minni.

Ef hæstv. ráðh. væri raunverulega á þeirri skoðun, að sá úrtakafjöldi, sem nefndur er í till., væri of lágur og það væri viðráðanlegt að hafa þau framtöl, sem skulu ganga undir þessa sérstöku athugun, enn þá fleiri, þá er vitanlega ósköp einfalt að hækka þessar tölur. Ég mundi verða honum sammála um að hækka þessar tölur, hafa fjölda þeirra framtala talsvert hærri, sem eiga að ganga undir þessa sérstöku athugun, ef skattayfirvöld landsins telja sér fært að vinna það verk á hverju ári. Það er því ofur auðvelt að breyta til. En ég sá nú ekki, að hæstv. ráðh. væri á þeim buxunum, heldur fremur á hinum að vilja vera með öllu óbundinn í þessum efnum, láta sem sagt skattaeftirlitið vera eins og það hefur verið. En það hefur verið þannig, að sumir af hæstv. núv. ráðh. lýsa því yfir hér á Alþingi, að þeir telji, að það megi sanna það, að a. m. k. 500—600 millj. kr. á ári af tekjum fari fram hjá skattayfirvöldum landsins. Spurningin er, hvort á að gera einhverjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíkt. Og ég hygg, að það verði ekki gert á annan hátt betur en að slá því föstu með lagaákvæði, að það skuli fara fram ákveðin athugun á þeim grundvelli, sem lagt er til með minni till., því að auk þess sem sú sérstaka athugun mundi leiða margt í ljós án efa, mundi þetta lagaákvæði einnig veita mikið aðhald.

Ég skal svo ekki karpa hér við hæstv. ráðh. frekar um þá skattalækkun, sem hann telur að sé fólgin í þessu frv. Það er alveg augljóst mál, að hann vill setja sín dæmi upp í þeim efnum á gersamlega annan hátt en við aðrir, sem hér höfum talað. Hann vill ekki taka á neinn hátt tillit til breytinga á verðgildi peninganna, og um það er auðvitað ekkert að villast, að sá, sem setur sitt dæmi upp á þann veg, fær auðvitað út nokkra skattalækkun. En svo eru hins vegar aðrir, sem ekki vilja viðurkenna það, að 100 þús. kr. tekjur nú í ár séu samsvarandi tekjur á raunverulegan hátt og 100 þús. kr. voru fyrir 8 árum. Verðgildi peninganna hefur breytzt svo mikið, að það er vitanlega ekki hægt að bera þessar tvær upphæðir saman. Það verður því að taka fullt tillit til verðgildisbreytinganna á peningunum, áður en skatturinn er reiknaður út, ef rétt útkoma á að fást. En það veit auðvitað hæstv. ráðh., að það mundi breyta öllum hans útreikningi, ef hann setti dæmið upp á þann hátt, og því fæst hann ekki til þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 616,1 felld með 19:16 atkv.
4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 616,2 felld með 19:16 atkv.
5.—10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 617 felld með 17:14 atkv.
11.—16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 632).

---

28. Ljósmæðraskóli Íslands.

Á 71. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands [197. mál] (stjfrv., A. 400).

Á 73. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það til laga um Ljósmæðraskóla Íslands, sem hér er til umræðu, er undirbúið af landlækni, eins og grg. þess ber með sér, og aðalbreytingin, sem frv. felur í sér frá gildandi lögum, er, að ljósmæðraskólinn verði 2 ára skóli í stað 1 árs, eins og nú er. Þetta er nokkuð í samræmi við þróun, sem átt hefur sér stað í nágrannalöndum okkar. Þar er ljósmæðranámið yfirleitt 2 ár, og nýlega hefur það verið lengt í 3 ár í Danmörku og í Frakklandi. En auk þess hefur töluverða þýðingu fyrir okkur að leggja nokkru meiri rækt við þetta nám vegna þess, að ljósmæðurnar eru oft til þess kvaddar í dreifbýli landsins að gegna hjúkrunarstörfum, og þó að það verði ekki dregið í efa, að þær hafi bæði reynzt hæfar í sínum störfum og ýmsum slíkum störfum, hjúkrunarstörfum, þegar gripið hefur verið til þeirra, þá mun það eflaust styrkja þær bæði í sínu faglega starfi og einnig ef gripið er til þeirra til annarra starfa. Það má einnig segja, að það sé, eins og fram kemur í grg., meira í samræmi við kröfur um nútíma heilbrigðisþjónustu að gera nokkru meiri kröfur til þessa náms en áður hefur verið gert.

Með þessum l. eru felld úr gildi l. um Ljósmæðra- og hjúkrunarskóla Íslands frá 1932, en með þeim lögum voru sett ákvæði bæði um hjúkrunarnámið og ljósmæðranámið. Með lögum nr. 76 1944 voru síðan sett sérstök lög um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, og eftir það má segja, að lögin um ljósmæðranámið hafi verið nokkuð vængstýfð og þörf á endurskoðun. Ef þetta frv. nær fram að ganga, eru orðin sérlög fyrir hvora greinina, annars vegar lög um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands frá 1944 og hins vegar Ljósmæðraskóla Íslands.

Í sjálfu frv. eru ekki neinar verulegar breytingar frá því, sem verið hefur, utan þess, sem ég áður gat um lengingu námstímans. Þó eru nokkrar breytingar í 4. gr., sem eru til samræmis við þau ákvæði, sem gilda um hjúkrunarnemana, að það er gert ráð fyrir því, eins og segir þar í aths., að nemar ljósmæðraskólans fái laun, og er þetta í samræmi við það, sem gildir um hjúkrunarnema, enda þykir nauðsynlegt, að sams konar reglur gildi að þessu leyti um nemendur beggja skólanna. Yfirstjórn skólans er með sama hætti og áður var. Yfirlæknir fæðingardeildar landsspítalans er skólastjóri og yfirljósmóðir aðalkennari ásamt skólastjóra. Svo er gert ráð fyrir því í 5. gr., að það verði sett nánari ákvæði um skólann í reglugerð, um árlegan starfstíma skólans, tölu nemenda, inngönguskilyrði, námsefni og kennslutilhögun, próf og vitnisburði, réttindi og skyldur nemenda og laun kennara, og er það eðli málsins samkvæmt réttara, að slík ákvæði séu nánar ákveðin í reglugerð eins og yfirleitt er nú um skóla.

Það leiðir að sjálfsögðu af sér nokkurn viðbótarkostnað að lengja ljósmæðranámið, og er nánar gerð grein fyrir því í fylgiskjölum, bæði I og II, frá Georg Lúðvíkssyni, og hygg ég, að þar sé að finna allar þær upplýsingar varðandi viðbótarkostnað, sem nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, þarf að fá og gera sér grein fyrir. En ef svo er ekki, er auðvitað hægt að afla frekari upplýsinga, ef nefndin kynni að óska. Á þessu ári mundi þessi breyting ekki leiða af sér verulegan kostnað, því að það er ekki gert ráð fyrir því, að lögin gangi í gildi fyrr en 1. okt. 1964 eða 1. okt. þessa árs, en þá er hins vegar gert ráð fyrir, að komi inn nemar til ljósmæðranámsins, sem mundu rækja nám sitt samkvæmt þessum nýju ákvæðum, ef þau verða að lögum. Fjárþörfin 1964 er, eins og ég sagði, ekki ýkjamikil fram yfir það, sem gert hefur verið ráð fyrir. Fjárveiting til skólans er í fjárl. fyrir 1964 360600 kr., en með þessari breytingu er gert ráð fyrir, að viðbótarkostnaður verði á þessu ári 54800 kr. eða heildarkostnaðurinn 415400 í stað 360600 kr., eins og áætlað er á fjárlögum. Hins vegar kemur fram í fskj. II, hvað árlegur kostnaður mundi aukast samkv. þessum l., og þar er gert ráð fyrir rekstrarhalla á skólanum 582210 kr., en ef kostnaður væri eitthvað nálægt því, sem áætlað er á þessu ári, á árinu 1965, þá kemur fram af þessu, að viðbótarkostnaður mundi vera eitthvað um 200 þús. kr. Einnig leiðir af þessu nokkurn aukinn kostnað í sambandi við rekstur fæðingardeildar landsspítalans, eins og nán-

ar er gerð grein fyrir í fskj. I. Ég tel ekki, að horfandi sé í þennan aukna kostnað við aukna menntun ljósmæðranna hér á landi. Það eru orðin furðugömul lögin, sem um ljósmæðranámið fjalla, og gífurlega miklar breytingar, frá því að l. voru upphaflega sett, og ég vænti þess, að þm. horfi ekki í þann viðbótarkostnað, sem af þessu er, og finnist eðlilegt, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., að lögð sé meiri rækt við nám ljósmæðranna en gert hefur verið fram að þessu.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, n. 511).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þessu frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands var vísað til athugunar í heilbr.- og félmn. Hún sendi frv. til umsagnar Ljósmæðrafélags Íslands og fékk svar, þar sem Ljósmæðrafélagið leggur áherzlu á, að frv. fái að ná fram að ganga. N. hefur að öðru leyti athugað frv. og er nál. hennar prentað á þskj. 511, og leggur hún einróma til, að það nái fram að ganga, verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 400, n. 579).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr., á þskj. 400. Aðalbreytingin, sem frv. þetta felur í sér frá gildandi l., er, að ljósmæðraskóli verði tveggja ára skóli í stað eins, sem nú er. N. mælir með því, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég ræddi ekki þetta frv. við tvær fyrri umr. Hér er um að ræða verulega breytingu frá gildandi lögum um Ljósmæðraskóla Íslands. Aðalbreytingin er, eins og fram var tekið þegar við 1. umr. í Nd. af hæstv. ráðherra, að námið í ljósmæðraskólanum er lengt úr 1 ári upp 2 ár. En að öðru leyti eru breytingar ekki verulegar.

Mig langar til að koma á framfæri tveim brtt. við þetta frv., þótt seint sé.

Ég tel, að um leið og hlutur ljósmæðraskólans er gerður meiri — og það er hann ótvírætt gerður með þessu frv. — en hann hefur verið, þá beri að breyta nokkrum öðrum atriðum, nánar tiltekið tveim atriðum í lögunum, til samræmis við það.

Fyrra atriðið er, að í frv. er gert ráð fyrir, að skólinn starfi undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál. Þannig var það einnig um Hjúkrunarskóla Íslands, sem óneitanlega er hliðstæð stofnun. En þegar l. um hjúkrunarskólann var breytt árið 1962, þótti fara betur á því, að skólinn starfaði undir yfirstjórn, ekki heilbrigðismálaráðherra, heldur menntamálaráðherra.

Ég legg nú til, að sama tilhögun sé höfð á um þessa náskyldu skóla og að í staðinn fyrir ákvæðið um, að heilbrmrh. fari með yfirstjórn skólans, skuli það vera menntmrh. Þetta fjallar fyrri brtt. mín um.

Í 2. gr. frv. segir svo: „Stjórnarnefnd ríkisspítalanna gegnir skólanefndarstörfum fyrir skólann.“ Þetta eru leifar úr gildandi lögum, tekið óbreytt úr gildandi lögum. Þetta er frá þeim tíma, þegar ljósmæðraskólinn var svo lítilsigld stofnun og svo smátt á hana litið, að það þótti ekki taka því, að skólinn hefði sérstaka skólanefnd. Þess vegna voru skólanefndarstörfin lögð undir stjórn ríkisspítalanna. Nú er það vitað mál, að stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur allt öðru hlutverki að gegna en skólanefndarstörfum, og það er í raun og veru ofætlun að leggja slík störf á stjórnarnefnd ríkisspítalanna.

Ef við lítum á lög um Hjúkrunarskóla Íslands, þá er þar ákvæði um, að stjórn skólans

skuli annast 5 manna skólanefnd. Þar á sæti landlæknir, forstöðukona landsspítalans og 3 aðrir, sem ráðherra skipar, einn skv. till. Hjúkrunarfélags Íslands, annar skv. till. Læknafélags Íslands og hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál.

Nú vil ég gera það að till. minni, að hér sé líkt að farið og ekki gert lengur upp á milli þessara skyldu stofnana, hjúkrunarskólans og ljósmæðraskólans. Ég held, að vegur ljósmæðraskólans sé gerður meiri með því, að hann fái sína eigin skólanefnd, og er fyllilega kominn tími til þess, þegar hlutverk hans vex, svo sem ráð er fyrir gert í frv. Munurinn á ljósmæðraskólanum og hjúkrunarskólanum er ekki orðinn ýkjamikill, nám hjúkrunarfólks er 3 ár og nám ljósmæðra skv. þessu frv. er 2 ár. Ég legg því til, að gerð verði breyting á þessu ákvæði og að breytingin orðist á þessa leið:

„Stjórn skólans annast skólanefnd 3 manna, sem ráðherra skipar, einn skv. till. Ljósmæðrafélags Íslands, annan skv. till. Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Nefndin kýs sjálf formann sinn. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.“ En það ákvæði er að finna í l. um Hjúkrunarskóla Íslands.

Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari till., sem er skrifleg og of seint fram komin, og að till. hljóti velviljaða athugun hv. þdm.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 628) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það kann að orka nokkuð tvímælis, hvort þessar till. séu önnur eða báðar til bóta, og það er erfitt við síðustu umr. fyrir mig að segja til um það án frekari athugunar. Þetta frv. er samið af landlækni og í samráði við aðra aðila en mig, en er þó mitt verk að flytja það. Ég tel rétt þess vegna, að umr. verði frestað, ætti ekki að tefja fyrir málinu, þannig að mér gefist tækifæri til þess að athuga þetta nokkuð.

Sjálfum finnst mér um fyrri till. af þeirri stuttu reynslu, sem ég hef haft í heilbrigðismálunum, að það sé ekki til bóta að setja þennan skóla undir yfirstjórn menntmrh. Mér er ljóst, að það hefur verið stefnan á síðari árum, að yfirleitt allt skólakerfið sé undir menntmrh., og er líklega litið annað en bændaskólarnir, sem eru undir landbrh., af skólum landsins, og þess vegna væri þetta í samræmi við þá þróun. Hjúkrunarskólinn er undir menntmrh. Ég segi það á engan hátt til hnjóðs núv. eða fyrrv. menntmrh., en ég hef nokkra ástæðu til að ætla, að hann hefði alveg eins verið vel kominn undir heilbrmrn. En þetta er mér ekkert kappsmál eða metnaðarmál á neinn hátt, ég vil taka það skýrt fram, en mundi vilja gjarnan fá tækifæri til að athuga till. og yrði því frestað umr. í bili.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til þess að taka það skýrt fram, að fyrri brtt. mín byggist ekki á neinu vantrausti til hæstv. heilbrmrh., síður en svo, og ég get meira að segja bætt því við, að ég teldi fyrir mitt leyti heppilegra, að báðir skólarnir, hjúkrunarskólinn og ljósmæðraskólinn, heyrðu undir heilbrmrn. En þó tel ég umfram allt, að það sama eigi að gilda fyrir báða skólana. Ef það hefur þótt af einhverjum ástæðum heppilegra, að Hjúkrunarskóli Íslands heyrði undir menntmrn., þá gildir alveg sama um þennan skóla. Það er aðeins, að ég vil færa þetta til samræmis, gera þeim svo að segja jafnhátt undir höfði báðum, að ég flyt fyrri brtt. mína, en ekki af því, að ég telji hlut skólans á nokkurn hátt betur borgið undir menntmrn. en undir heilbrmrn. — Þetta tel ég ástæðu til að komi skýrt fram.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég óskaði eftir því í dag, að umr. yrði frestað, til þess að átta mig betur á þessum skriflegu brtt., sem fluttar voru af hv. 9. þm. Reykv. Ég ræddi við landlækni um málið, sem hafði haft með að gera undirbúning þess og aðallega í samráði við yfirlækninn á fæðingardeildinni, Pétur Jakobsson, og yfirljósmóðurina þar.

Í sjálfu sér gætu báðar þessar till. komið til álita, eins og ég reyndar vék að í minni fyrri ræðu. En þó held ég, að ég mundi leggja til, að það væri ekki verið að breyta þessu nú, svo langt sem liðið er á þing og eiginlega ekki af meiri ástæðu en hér er fyrir hendi.

2. brtt. er um, að yfirstjórn skólans heyri undir menntmrh., og það er, eins og ég sagði, í samræmi við stefnu undanfarinna ára, að skólarnir yfirleitt séu undir sama ráðuneyti. En þessi skóli er nokkuð sérstakur, hann er lítill, gert ráð fyrir að útskrifa 10 ljósmæður árlega eða eitthvað um það bil, hefur ekki neitt sérstakt skólahús, en starfar í sambandi við eða á fæðingardeildinni, eins og kunnugt er. Þess vegna má segja, að hann sé nokkuð sérstaks eðlis og eftir atvikum ekki óeðlilegt, eins og lagt er til þarna og eins og verið hefur, að hann heyri undir heilbrmrn.

Um sérstaka stjórnarnefnd er svo síðari brtt., og það getur auðvitað vel komið til álita. En í frv. er gert ráð fyrir því, að stjórnarnefnd ríkisspítalanna gegni skólanefndarstörfum fyrir skólann. Hún er að vissu leyti ekki nema að litlu leyti skólastjórn í eiginlegum skilningi. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna sér um reikningshald og rekstrarfyrirkomulag, en það má segja, að stjórn skólans sé í öllum aðalatriðum í höndum yfirlæknisins og yfirljósmóðurinnar á fæðingardeildinni, þar sem skólinn starfar, og þess vegna sé kannske ofrausn að fara að setja sérstaka skólanefnd í þetta, eins og lagt er þarna til, og eðlilegra, að þetta haldi áfram með öðrum störfum stjórnarnefndar ríkisspít-

alanna. En þetta getur aldrei orðið mikið ágreiningsmál, og auðvitað má síðar, ef breyttar kringumstæður væru fyrir hendi og mönnum fyndist það henta, þá er auðvitað lítið verk á síðari stigum að hnika þessu eitthvað til og breyta frv., ef það yrði að lögum, eftir nánari samráð við þá, sem þetta mál mæðir mest á, sem eru forstöðumennirnir á fæðingardeildinni. Eins og komið er, mundi ég því heldur vilja leggja til, að þessar brtt. yrðu felldar, eða ef hv. flm. legði ekki svo mikið kapp á það, að hann dræegi þær til baka og til einskis ágreinings þyrfti að koma á þessu stigi.

ATKVGR.
Brtt. 628,1 felld með 10:7 atkv.
— 628,2 felld með 10:7 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 633)

29. Sjúkrahúsalög.

Á 34. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953 [110. mál] (stjfrv., A. 196).

Á 41. og 42. fundi í Nd., 20. og 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 23. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á sjúkrahúsalögunum, var undirbúið af fyrrv. heilbrmrh., Bjarna Benediktssyni, sem, eins og fram kemur í aths. við frv., hafði á s. l. sumri falið þeim landlækni, dr. Sigurði Sigurðssyni, Björgvin Sæmundssyni bæjarstjóra á Akranesi, Elíasi Elíassyni deildarstjóra í heilbrmrn. og Þór Vilhjálmssyni borgardómara að endurskoða sjúkrahúsalögin frá 1953. Nál. frá þessari nefnd lá fyrir í heilbrmrn., þegar ég tók við embætti heilbrmrh., en síðan hefur það af minni hálfu nokkuð verið athugað og yfirfarið, sérstaklega í samráði við landlækni, og gerðar á því nokkrar breytingar, sem þó er ekki hægt að telja að séu efnislega slíkar, að ekki standi enn það, sem segir í aths., að nm. hafi orðið sammála um frv. utan ágreinings um eitt atriði, sem ég skal síðar koma að.

Ég vil byrja með því að gera grein fyrir aðalefni þesa frv., og hygg ég, að það verði yfirlitsbezt með því að víkja að einstökum nýmælum og breytingum í frv., eftir því sem þær koma fram í gr. frv. Ég vil þó segja það strax, að aðalefnið, sem frv. snýst um, er það að koma betri skipan á í sambandi við byggingarstyrki til sjúkrahúsanna, þ. e. a. s. þann styrk, sem veittur er af hálfu ríkissjóðs til byggingar sjúkrahúsa sveitarfélaganna, og enn fremur traustara og betra skipulagi í sambandi við rekstrarstyrki eða styrki þá, sem veittir eru hverju sinni á fjárl. af hálfu ríkissjóðs til þess að mæta rekstrarhalla á sjúkrahúsum sveitarfélaganna. Ég veit, að hér er um mjög veigamikið mál að ræða, sem mikill áhugi ríkir um meðal þm., enda standa þeir margir í fyrirsvari í sínum heimabyggðum fyrir sveitarfélögin og á annan hátt hafa þeir fundið erfiðleikana, sem stafa af byggingarkostnaði og rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna.

Í 1. gr. er það eitt nýmæli, að þegar sjúkrahús er í fleiri en einni deild, skuli sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverja deild. Þetta var heimilt áður, en eins og nú er komið og lögð er mikil áherzla á sérgreiningu, bæði hjá læknunum og einnig deildaskiptingu í sjúkrahúsunum, þykir rétt að gera sér grein fyrir því, að það fer ekki vel á því, að það verði með öðrum hætti en sérfræðingar standi fyrir deildunum, og er þess vegna ákvæðin skylda til þess í 1. gr.

2. gr. fjallar um það, hvað ríkissjóður skuli leggja af mörkum, þegar sveitarfélögin reisa sjúkrahús, og einnig í sambandi við héraðslæknabústaði. Áður var það svo, að hér var talað um allt að vissu marki, hvort sem það voru nú 3/5, 2/3, eins og gerðist nokkuð mismunandi og ég skal víkja nokkuð að síðar, en í þessari gr. er beinlínis ákveðið, að ríkissjóður skuli greiða tiltekinn hluta stofnkostnaðar og eins og hér segir, 3/5 hluta við að reisa almenn sjúkrahús og sveitarfélögunum skuli á sama hátt greiða 2/3 hluta kostnaðar við að reisa héraðslæknabústaðina. Þetta var nokkuð af handahófi áður og með þeim hætti, sem ekki er hægt að telja að mínum dómi heilbrigðan, að minna var greitt til sjúkrahúsanna í kaupstöðunum, m. ö. o., þar sem fjölmenni er fyrir hendi, þar sem sjúkrahúsin eru stærri og þar sem meira er lagt í bæði stofnkostnað og ýmiss konar áhöld, sem notuð eru við sjúkrahúsin. Einnig var það nokkuð mismunandi, hvað greitt skyldi til sjúkrahúsanna í sveitarfélögunum, hvort þau voru minni eða svokölluð fjórðungssjúkrahús, og stundum var farið út í enn þá meiri aðgreiningu á þessu, þá í tilteknum einstökum tilfellum. Það er bersýnilegt, að löggjafinn hefur í þeim tilfellum haft í huga einstök bæjarfélög. Þannig var til aðgreining á því, hvort reist var sjúkrahús í sveitarfélagi, þar sem voru fleiri en 3000 íbúar eða færri. En það er eins og verða vill, þetta er nokkuð handahófslegt og hvort íbúarnir eru 2999 eða 3000, getur tæpast skipt máli í þessu sambandi og veldur þess vegna og hefur valdið í framkvæmdinni ýmiss konar misfellum, sem ástæðulaust er að efna til með svona löggjafarákvæðum. En hér er farin sú leið, að í öllum tilfellum skuli ríkissjóður greiða 3/5, eða 60% kostnaðarins. Ég held einnig, að menn verði að gera sér grein fyrir því, að eins og nú er komið högum í okkar þjóðfélagi, eftir því sem samgöngur hafa stórum batnað, svo

að undrum sætir á skömmum tíma, beri að stefna að því að koma upp fáum, en fullkomnum sjúkrahúsum í stað margra ófullkominna, og fáist slíkt þá ekki staðizt, aðgreining á því, hvort er margmenni eða fámenni. Í fámenni er kannske meiri þörf fjárhagslegrar hjálpar, en í margmenninu verða sjúkrahúsin dýrari og margbrotnari, og því virðist að öllu samanlögðu heilbrigðast að miða hér við eina tiltekna upphæð. — Það er engin breyting á hundraðshlutanum, sem gert er ráð fyrir að leggja til af hálfu ríkisins, þegar reistir eru héraðslæknabústaðir, en það er, eins og hérna segir, 2/3 eða 67% kostnaðarins. — Svo eru ákvæði í 2. gr. til þess að skýra nokkru nánar, við hvað á að miða, þegar rekstrarkostnaðurinn er fundinn, og segir um það, að þegar framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsa er ákveðið, skal miða við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð, og síðan er nokkru nánari skilgreining gerð á því, hvað telst í þessu sambandi múr- og naglfast.

Í 3. gr. eru hins vegar ný ákvæði um það, hvernig haga skuli þessum ríkisframlögum. Og þá er fyrsta skilyrðið, að ríkisframlögin eru bundin þeim skilyrðum, að allur undirbúningur slíkrar byggingar fari fram í samráði við ráðh. þann, er með heilbrigðismál fer, svo og landlækni, og kostnaðaráætlun og fullnaðaruppdrættir af mannvirkjunum hafi hlotið samþykki þeirra og húsameistara ríkisins. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýmæli frá því, sem áður var, aðeins kveðið nokkru sterkar að orði, en á því hafa stundum verið nokkrir misbrestir, þannig að ráðizt hefur verið í byggingu sjúkrahúsa, áður en raunverulega hefur verið fengin sú staðfesting eða samþykki hjá heilbrmrh. og landlækni, sem eldri löggjöfin gerði ráð fyrir, og þetta hefur í sumum tilfellum skapað vandræði og skapar enn í dag nokkur vandkvæði, sem við er að glíma, en ég vona, að megi vel úr rætast. En ég legg mikla áherzlu á það vegna þess, hversu þessi mál eru viðurhlutamikil, ekki aðeins hve kostnaðurinn er mikill, heldur einnig hve miklu máli skiptir gerð sjúkrahúsanna, að mjög ríkulega sé framfylgt þessu ákvæði, að ekki sé hafizt handa, fyrr en fyrir liggur samþykki heilbrmrh., sem í aðalatriðum styðst að sjálfsögðu í þessu sambandi við umsögn sérfræðings í þessum málum, sem er landlæknirinn.

Þá vikur síðari hluti gr. að enn einu vandaræðamáli, sem þm. er mjög vel kunnugt, og það er það, að á undanförnum árum hafa myndazt verulegar og háar kröfur, sem sennilega námu um 26 millj. kr. um síðustu áramót, af hálfu sveitarfélaganna á hendur ríkissjóðs vegna ákvæða um framlög ríkissjóðs til stofnkostnaðar sjúkrahúsa. Hins vegar eru þessar kröfur ekki að lögum gjaldfallnar, og segir ekkert í eldri lögum, hvenær á að greiða þær, og ekki fyrr en fé er veitt til þess á fjárl. eða fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur vakað fyrir í sambandi við þau ákvæði, sem koma hér fram í 2. mgr. 3. gr., að reyna að taka upp nokkuð svipað skipulag í þessu efni og nú er um bygginu skólanna, og þá verður meginreglan þessi, að Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða sjúkrahúsa eða læknisbústaða stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Hér legg ég einnig mikla áherzlu á, að menn verði að gera sér grein fyrir því, þeir sem fara með fyrirsvar sveitarfélaganna, að hefjist þeir handa um framkvæmdir við byggingu sjúkrahúsa, án þess að uppfyllt séu skilyrðin í 2. gr., sem ég vék að áðan, og fjárveiting sé fyrir hendi af hálfu löggjafarvaldsins, fjárveitingavaldsins, þá verða þeir að gera sér grein fyrir því, að þeir megi búast við því að gera þetta upp á eigin spýtur og njóta ekki þeirrar aðstoðar, sem í l. er ákveðin. Hitt er svo tekið upp í þessa grein, sem er nýmæli, að þegar Alþ. hefur samþ. fjárveitingu, skuli það einnig ákveða um framlögin framvegis, en ríkissjóði er þá lögð sú skylda á herðar að hafa lokið greiðslu á framlögum sínum til hverrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var innt af hendi, ef sjúkrahús vistar ekki yfir 20 sjúklinga, og innan 8 ára, ef sjúkrahús vistar fleiri sjúklinga. Og ríkisframlag til héraðslæknabústaða skal með sama hætti inna af hendi innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var greitt. Það segir um þetta, að ákvæði þau, sem hér um ræðir, taki aðeins til framkvæmda, sem ákveðnar eru, eftir að lög þessi taka gildi. Það verður svo að vera. Hins vegar verður það eitt af þýðingarmiklum viðfangsefnum að koma út úr heiminum þeim greiðslum, sem ríkissjóður á að inna af hendi til sveitarfélaganna vegna sjúkrahúsabygginga og hefur ekki gert fram að þessu, og eins og ég sagði áðan, munu þær hafa numið um 26 millj. kr. um síðustu áramót. En það kom fram hér við 3. umr. fjárl., að ríkisstj. hafði ákveðið að verja til sjúkrahúsanna 15 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1966, þar af 5 millj. til landsspítalans, sem er í sérstökum flokki, en 10 millj. kr. til sveitarfélaganna, til þess að grynna á þessum skuldbindingum vegna stofnkostnaðar þeirra af sjúkrahúsunum. Ég vona, að með þessum hætti komist betri skipan á þessi mál, sem verði fyrst og fremst til mikils hagræðis fyrir sveitarfélögin, en einnig fyrir ríkissjóð að því leyti, að það myndist ekki langur vanskilahali, sem að vísu má segja að sé ekki lagalega gjaldkræfur, en er hins vegar til mikillar óþurftar og vefst fyrir mönnum, bæði þeim, sem með ríkisfjármálin fara, og ekki sízt fyrir þeim, sem eftir þessum fjárframlögum bíða langa lengi og standa í miklum fjárhagslegum erfiðleikum, þar sem sveitarfélögin eiga í hlut.

Þá vil ég koma að því atriði, sem vikið er að í 4. gr., en það eru rekstrarstyrkirnir, sem greiddir eru af ríkissjóði til sjúkrahúsanna. Og þar er beinlínis ákveðið, að úr ríkissjóði skuli greiða árlega sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsanna. Það er ekki gert ráð fyrir, að hér sé greiddur rekstrarstyrkur, ef ekki er

um rekstrarhalla að ræða. Það hefur kannske aldrei verið ráð fyrir því gert, en það er beinlínis kveðið á um það með breyttu orðalagi í þessari gr., að eftirleiðis verður þetta styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsanna. Síðan er ákvæði um það í gr., hvernig þessum styrk skuli varið. Og breytingin frá eldri löggjöf er sú, að styrkurinn var ákveðinn í sjálfum l. svo og svo mikið til tiltekinna sjúkrahúsa. Þetta hefur ekki reynzt heppilegt, bæði vegna þess, að verðlag breytist mikið í landinu, og þegar þörfin er orðin fyrir að breyta styrkupphæðinni, þarf hverju sinni að breyta löggjöfinni. Þetta hefur m. a. leitt til þess, að þegar fjárlög hafa verið samin, hefur styrkupphæðin í heild kannske við samningu fjárlfrv. verið miðuð við lagaákvæði um styrkinn, sem eru orðin úrelt, og þess vegna allt of lág í fjárlagafrv., og hefur síðan þurft að vinna að því undir meðferð málsins í þingi að fá þessar upphæðir hækkaðar í samræmi við þá nauðsyn, sem fyrir hendi er. Nú er gert ráð fyrir að taka hér upp nýja reglu og það er að flokka sjúkrahúsin eins og segir í þessari 4. gr., og síðan að flokka sjúkrahúsin innan þessara tilteknu flokka, sem þar greinir, og styrkirnir verði svo mismunandi háir eftir flokkunum, og þá er ætlazt til þess, hugsunin sú, að þeir verði mismunandi háir eftir mismunandi þörf. Síðan séu styrkirnir hverju sinni ákveðnir í reglugerð, sem heilbrmrh. setur innan þess ramma, sem ákveðið er í fjárl. hverju sinni. Þetta mundi í framkvæmdinni verða þannig, að lögð yrði fram af hálfu heilbrmrn. till. við samningu fjárl. um flokkun á sjúkrahúsunum og hvað telja beri eðlilegt, að styrkurinn í hverjum flokki sé, og heildarstyrkurinn þannig samkv. því verði að vera svo og svo hár. Allar þessar upplýsingar mundu síðan, eins og að líkum lætur, fara til fjvn., þegar hún fær fjárlagafrv. til meðferðar, og þar mundu fjvn.-menn og umboðsmenn einmitt þeirra, sem hlut eiga að máli, bæði utan Reykjavíkur og innan, geta komið að aths. sínum við þessar ráðagerðir um flokkunina og styrkupphæðina. Og það má því segja, að í raun og veru ætti að ráða málinu til lykta á þinginu við meðferð fjárl., bæði um flokkun sjúkrahúsanna og um styrkupphæðirnar í einstökum flokki. Þegar afgreiðslu fjárl. er svo lokið, mundi heilbrmrh. gefa út þessa umtöluðu reglugerð í samræmi við það, sem menn hefðu komið sér saman um undir meðferð málsins í þinginu, og yrði þá hægt að fá fram sjónarmið allra aðila, hvar sem þeir eru og hvort sem er í fámenni eða þéttbýli. Ég vona, að þessi framkvæmd og þetta fyrirkomulag muni reynast til bóta og tryggja betur, að heildarupphæðir fjárl. verði í samræmi við þarfirnar og skipting heildarupphæðarinnar einnig heilsteyptari en áður hefur verið. Svo er gert ráð fyrir því, að þessum styrk verði ekki ávísað fyrr en eftir á, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um rekstrinn ásamt rekstrarreikningi, sem gerður skal úr garði samkv. fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Þetta er út af fyrir sig nýmæli, og þessu ákvæði er ætlað að stuðla að því, að hið opinbera geti betur fylgzt með rekstri og afkomu sjúkrahúsa og að meiri regla verði á skýrslugerð en verið hefur.

Í sambandi við þessi ákvæði um styrkinn og fyrirkomulag rekstrarstyrkjanna vil ég taka það fram, að einn nm., sem undirbjó þetta frv., Björgvin Sæmundsson, form. Landssambands sjúkrahúsa, hafði þá skoðun og sérálit varðandi þetta mál, að hann vildi ákveða styrkina í lögum og þá í tilteknum hundraðshluta af framlagi ríkissjóðs til landsspítalans vegna rekstrarhalla á legudag. Hinir nm. gátu ekki fallizt á að binda rekstrarstyrkina við rekstrarhalla landsspítalans, hann væri mjög í sérflokki og ætti eftir að verða í enn ríkari mæli í sérflokki vegna þeirrar miklu deildaskiptingar, sem þar er og mun fara vaxandi. Töldu þeir því eðlilegast að ákveða hverju sinni daggjöld og rekstrarstyrk, þegar að því kæmi, frá ríki með hliðsjón af meðalrekstrarkostnaði sjúkrahúsa í hverjum flokki. Ég fyrir mitt leyti féllst á þessa skoðun og finnst hún heilbrigðari og vona, að þetta mál þurfi ekki að valda ágreiningi undir meðferð málsins. Ég mun að sjálfsögðu láta nefnd þeirri, sem málið fær til meðferðar, í té sérálit Björgvins Sæmundssonar um þetta atriði til frekari glöggvunar og athugunar.

Ég hygg, að með þessu, sem ég nú hef sagt, hafi ég rakið meginefni þessa frv., þannig að það standi ljóst fyrir þm. En þegar ég nú hef gert grein fyrir þessu frv. að þessu leyti til breytinga á sjúkrahúsal., vil ég víkja nokkuð almennt að heilbrigðismálunum að því er varðar byggingu og rekstur sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Og ég tel nauðsynlegt að gera þetta, svo að ekki dyljist, hversu mikill vandi okkur er á höndum, og engum blandist hugur um, að gífurlegra framlaga og fjáröflunar er þörf nú og á næstu árum til þess að mæta aðkallandi þörf í samræmi við ráðagerðir og áætlanir, sem fyrir liggja að beztu manna yfirsýn í þessum málum. Má þó enginn ætla, að ég geri minnstu tilraun til tæmandi yfirlits hins mikla vandamáls, sem við blasir. En ég vil hreyfa ýmsum helztu viðfangsefnum til íhugunar og óhjákvæmilegrar athugunar við ráðstafanir og ákvarðanir um fjárlög og fjáraflanir þess opinbera og framkvæmdaáætlanir, sem gerðar kunna að verða.

Mig langar til þess að víkja nokkuð að afgreiðslu fjárl. nú fyrir áramótin í sambandi við heilbrigðismálin. Augljóst var, að á fjárlagafrv. skorti mjög háar upphæðir, svo að sæmilega væri séð fyrir brýnustu úrlausn mála. Stafaði þetta m. a. af því, sem ég vék að áðan, að fjárlagafrv. er samið á grundvelli ófullkominnar sjúkrahúsalöggjafar, sem nú er hins vegar lagt til að breyta til bóta. Um þetta átti ég að sjálfsögðu viðræður við fjmrh. innan ríkisstj. og við formann fjvn., sem síðan ræddi málið innan fjvn. mjög ýtarlega, og er mér kunnugt um það. Mér er það gleðiefni sem heilbrmrh., að allar málaleitanir mættu mjög góðum skilningi, og varð því úrlausn mála á þessu stigi eða við afgreiðslu fjárl. að mínum

dómi vel viðunanleg. Við afgreiðslu fjárl. fyrir áramótin og aðrar ákvarðanir í því sambandi telst mér til, að framlög til sjúkrahúsanna hafi hækkað um nálægt 40 millj. kr. Þetta felst í daggjaldahækkun, sem ráðgerð var úr 210 kr. í 300 kr., en það leiðir til um 18 millj. kr. hækkana á fjárlagaliðum varðandi framlög tryggingannа. Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsanna voru hækkaðir um 3½ millj. kr., byggingarstyrkir til ríkisspítalanna um 3 millj. kr. að viðbættri einni millj. til nokkurra úrbóta við Kleppsspítalann. Þá var ákveðið, eins og ég sagði áðan, af ríkisstj. að verja 15 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs 1963 til byggingarstyrkja og stofnkostnaðar spítalanna, er skiptist þannig, að 5 millj. kr. gengju til byggingar landsspítalans, sem nú er í smíðum og hin mesta nauðsyn að hraðað verði, og 10 millj. til að greiða sveitarfélögum upp í áfallinn byggingarkostnað þeirra við sjúkrahús. Jafnframt vil ég geta þess, að Landsbankinn samþykkti góðfúslega málaleitun mína að fresta afborgunum lána, sem hann hefur veitt til byggingar landsspítalans, um eitt ár, og er verulegt lið að því. En Landsbankinn hafði tvisvar sinnum veitt 2 millj. kr. til þess að greiða fyrir hraða byggingarframkvæmda við landsspítalann, eða 4 millj. alls. Og nú átti á þessu ári að byrja að borga 1/4 af þessu, en afborganir koma ekki til greina samkv. þessu fyrr en þá í fyrsta lagi á næsta ári og greiðir auðvitað fyrir byggingarframkvæmdum á landsspítalanum á þessu ári. Allir hafa hér lagzt á eitt í miklum vanda, og er skylt að þakka það, og vildi ég óska þess, að samstarf ríkisstj. og þm. mætti jafnan vera sem bezt á sviði heilbrigðismálanna. Og þó að þetta sé nú svo, er sorglega margt óunnið og erfitt úrlausnar, og vildi ég þessu næst mega víkja nokkuð að því.

Vissulega hefur margt áunnizt á liðnum árum, og skal ég ekki rekja þá sögu nú. En mig langar til þess að draga upp nokkra mynd af því, sem við blasir. Ég skal reyna að fara fljótt yfir sögu og styðst í þessu efni við upplýsingar, sem ég hef fengið frá dr. Sigurði Sigurðssyni landlækni. En þegar ég hef undanfarið verið að íhuga þessi mál, get ég ekki neitað því, að mér finnst geigvænlegt, hversu mikillar fjáröflunar er þörf nú og alveg á næstu árum, og er augljóst mál, að þessum viðkvæmu og þýðingarmiklu málefnum þjóðfélagsins verður ekki á næstu árum komið í viðunandi horf, nema eitthvað annað, sem minni þýðingu hefur, verði látið víkja á meðan. Á landsspítalalóðinni hefur nú verið gert skipulag af því, sem þar er fyrir hendi, af því, sem þar er verið að endurbyggja, og því, sem mönnum hefur dottið í hug, að þar yrði nýbyggt í framtíðinni. Um s. l. áramót var kostnaður við framkvæmdir vegna viðbótarbyggingar landsspítalans orðinn 76 millj. kr. En heildarkostnaður við að ljúka því, sem nú er í byggingu, — aðeins því, sem nú er í byggingu eða ákveðið hefur verið að byggja, — er samkv. nýrri grg. húsameistara ríkisins lauslega áætlaður um 93.3 millj. kr., og þá er í raun og veru verið að tala um byggingarframkvæmdir, sem á að ljúka núna á næstu 2—3 árum. Til nokkurrar skilgreiningar, hvað þetta er, skal ég taka það upp. Það er tengiálma, sem liggur frá gamla spítalanum og til nýju byggingarinnar, sem er fyrir ofan spítalann og ég veit, að hv. þm. er kunnugt um. Þessari tengiálmu, sem er þegar að nokkru leyti tekin í notkun, verði lokið og jafnframt verði á þessu ári unnið að svokallaðri vesturálmu, þ. e. á hinni stóru byggingu fyrir ofan gömlu landsspítalabygginguna. Þar eru fjórar sjúkradeildir og um 100 sjúkrarúm. Og þegar þesum áfanga, tengiálmunni og vesturálmunni, sé lokið, sé haldið áfram með austurálmuna í hinni nýju byggingu, og þar eru álíka mörg sjúkrarúm, rúmlega 100 sjúkrarúm. Til þess svo að geta tekið í notkun þessar byggingar, þarf að ljúka eldhúsi og nýjum borðsal fyrir starfsfólk, það þarf að ljúka þvottahúsi og nýrri dísilstöð. Og allt þetta er áætlað nú í dag, — og þetta á að ske á næstu árum, ef fé fyrir liggur, þó að það sé ljóst, og kem ég að því síðar, að það hefur ekki enn verið séð fyrir fjáröflun í þessu skyni, — en þá á þetta að kosta 93.3 millj. kr. Og til viðbótar við það, sem nú er komið í spítalann, 76 millj., hefur með þessum hætti verið varið til landsspítalans um 170 millj. kr.

Þá eru ráðagerðir um það, sem við tekur og án tafar í framtíðinni, það er norðurálma svokölluð, beint upp af þessari nýju vestur- og austurálmu. Það er geðveikradeild, 100 sjúkrarúm á landsspítalalóðinni, og mun ég víkja að því síðar, það er stækkun fæðingardeildarinnar, og það er ný rannsóknarstofa; norðurálma 42 millj., geðveikradeildin 34 millj., fæðingardeild 11 millj., rannsóknarstofa 30 millj., viðbót við hjúkrunarskólann 17.7 millj., og þá erum við með þessu móti komin upp í kostnað, sem er samtals um 300 millj. kr.

Þegar ég nú nefni þetta, vil ég um leið minnast á borgarsjúkrahúsið í Fossvogi, því að þar er verið að vinna á sama tíma og þar standa málin þannig, að í dag er búið að verja um 73 millj. kr. til þessa annars stærsta sjúkrahúss í landinu. En til viðbótar, til þess að fullljúka því, þarf um 135 millj. kr. eða rúmar 200 millj. kr. alls í borgarsjúkrahúsið og í breytingarnar eða viðbótarbyggingarnar á landsspítalanum og fyrirhugaðar nýbyggingar, eins og ég sagði, 300 millj., eða samtals fjárfesting með áætlun dagsins í dag upp á 500 millj. kr. En af þessum 500 millj. kr. er í dag búið að verja 150 millj. kr., svo að 350 millj. kr. eigum við þarna eftir á næstu árum. Ég veit ekki, hvað þau verða mörg, en menn hafa borið í huga sér, veit ég, sem áhuga hafa fyrir þessum málum, og sérfræðingar á þessu sviði, að þetta yrði allt saman gert með sæmilegum hraða á næstu 2—3—4—5 árum, en ef það á að verða, þarf auðvitað að taka til hendinni í sambandi við fjáraflanir í miklu ríkari mæli en nú liggur fyrir, og vitaskuld er varla hægt að búast við því, að þetta verði gert með svona hraða og mun taka miklu lengri tíma. Engu að síður tel ég það eitt af viðfangsefnunum, sem nú

liggja fyrir, að reyna að gera raunhæfa áætlun um langa framtíð, hvernig hægt er að ljúka þessum mikla vanda og á hve skömmum tíma.

Nú hef ég aðeins nefnt landsspítalann, þ. e. a. s. ríkisspítalana, og byggingar í sambandi við hann og borgarsjúkrahúsið í Reykjavík. Svo eru á döfinni byggingar stórra sjúkrahúsa annars staðar í kaupstöðum landsins, Siglufirði, Vestmannaeyjum, Akranesi og Húsavík. Annaðhvort er verið að byrja á þessu eða svo og svo langt komið, og áætlaður kostnaður lauslega við þetta er einar 70—80 millj. kr., bara á þessum stöðum, og ýmislegt fleira kemur til.

Ég minntist á byggingu sérstakrar geðsjúkdómadeildar á landsspítalalóðinni og gerði það af sérstökum ásetningi, vegna þess að ég vildi vekja athygli hv. þm. á því, hversu geigvænlega horfir í þessum málum í dag. Á s. l. ári fól háv. heilbrmrh. landlækni, yfirlæknunum á Kleppi, þeim Tómasi Helgasyni og Þórði Möller, ásamt Jóni Sigurðssyni borgarlækni að gera athugun á skorti á sjúkrarými fyrir geðveika í landinu og enn fremur till. um þær leiðir, sem helzt þættu færar til nauðsynlegustu úrbóta í þessu efni. Þessir aðilar hafa gefið út bráðabirgðaálit. Þeir gera ráð fyrir því, ef vel á að vera í landi voru, að við þurfum að hafa ekki færri en um 500 rúm handa sjúklingum með geðsjúkdóma fyrir landið í heild. Á Kleppsspítalanum er nú talið að séu rúm fyrir 240 sjúklinga. Þar eru þó oft miklu fleiri og oft upp í 270 og um þriðjungurinn af þessum sjúklingum er í sjálfum Kleppsspítalanum eða elzta hluta hans, sem byggður var úr timbri árið 1908. Samkv. áliti þessara góðu manna telja þeir ekki ofmælt, að útvega þurfi nú þegar, eins og þeir orða það, stofnun fyrir um 300 sjúklinga, til þess að draga úr neyðarástandi, sem er á þessu sviði. Þeir leggja hins vegar til, að fyrst verði hafizt handa um byggingu geðsjúkdómadeildar á landsspítalalóðinni, vegna þess að þar verði ódýrast og auðveldast að gera það sem fyrst, — geðsjúkdómadeildar, sem væri með um 100 sjúkrarúmum, — og byggja það á því, að þar séu fyrir hendi áhöld og tæki, eldhús og annað slíkt og aðstaða fyrir starfsfólk og þessa geðsjúkdómadeild mætti annaðhvort halda áfram að starfrækja við landsspítalann í framtíðinni eða taka hana til afnota fyrir annars konar sjúkdómsdeildir, þegar búið væri að byggja nýjan geðveikraspítala, ef hann væri þá nægjanlega stór. Og hugsun þeirra er sú, sem virðist í raun og veru raunhæf, að meðan á þessu standi og þetta sé það fljótvirkasta, sé fundinn staður fyrir nýjan Kleppsspítala, því að nú liggur það fyrir, að ráðgerð er höfn hérna í Reykjavík ekki langt frá, þar sem Kleppur er. Þess vegna er ekki um að ræða að stækka þann spítala, þvert á móti verður að gera ráð fyrir, að draga verði úr starfsemi hans og kannske flytja hann algerlega þaðan, sem hann er. Það er því eitt af viðfangsefnum framtíðarinnar að velja stað nýju geðsjúkdómahúsi og koma því upp, og sjá allir, að það mundi taka langan tíma, og er ég sammála nm., að eins og ástandið er nú, muni verða eðlilegust og fljótvirkust úrlausn í þessu efni að byggja þessa umræddu geðsjúkdómadeild á landsspítalalóðinni, meðan unnið er að hinu viðfangsefninu. En geðsjúkdómadeild sú var áætlað að kostaði um 34 millj. kr., og þeir segja, að hún þurfi að koma nú þegar, og hún verður ekki tekin í notkun, þó að hún væri komin, nema fyrir liggi hið nýja eldhús og matsalur og nýjar kyndingar- og dísilstöðvar og annað, sem ég vék að áðan, og það er talið að kosti 30 millj. Við þurfum þá eftir þessu, ef á að framkvæma þetta, að hafa nú þegar eða í ár og næsta ár 64 millj. kr. samtals, en mér er ekki kunnugt um í dag, að sé neinn peningur fyrir hendi að svo komnu.

Ég held, að það sé óhætt að segja, að með afgreiðslu fjárl., sem ég vék að, og fjárveitingum og ákvörðunum um ráðstöfun tekjuafgangs ríkissjóðs sé vel séð fyrir því, að það sé hægt að hafa sem við köllum fullan hraða á áframhaldandi byggingu landsspítalans og áframhaldandi byggingu borgarsjúkrahússins í Fossvogi, og það ætti einnig að vera sæmilega vel séð fyrir framhaldi byggingar þeirra sjúkrahúsa, sem önnur bæjarfélög eru með. En þetta, sem ég nú er að greina, geðsjúkdómadeild og ýmislegt í sambandi við það, nýtt eldhús og annað slíkt, til þess að hægt sé að starfrækja hana og hinar nýju deildir á landsspítalanum, fyrir því er að mínum dómi ekki séð að svo stöddu, og verður erfitt viðfangsefni að glíma við það á næstunni.

Eins og ég sagði, ætlaði ég ekki að gefa neina tæmandi skýrslu um ástand þessara mála í dag. En ég vildi ekki láta hjá líða að draga upp heildarmynd fyrir þm. um þetta, því að undir þá verður að sækja, ekki hvað sízt um það, hvað hægt er að afla af fjárframlögum til þessara mála í framtíðinni, því að langmest veltur á fjárveitingavaldinu, sem er í höndum Alþingis.

Það eru auðvitað margir aðrir þættir heilbrigðismálanna, sem ég get ekki á þessu stigi og sé ekki ástæðu til þess að víkja að. Það eru önnur heilsuhæli, eins og fyrir vangefin börn, sem hafa verið mikið viðfangsefni á undanförnum árum. En Alþingi hefur nú að mínum dómi séð vel fyrir fjáröflun til þess að auka hæli fyrir hin vangefnu börn, sem verið er að auka og stækka í Kópavogi, eftir að ákveðið var að auka á árinu 1962 hið svokallaða flöskugjald úr 10 aurum upp í 30 aura, og hygg ég, að með því sé nokkuð vel séð fyrir fjárhagslegri þörf þessara mála. En það er þó gert ráð fyrir, að þarna þurfi fyrir hin vangefnu börn, fyrir þessi olnbogabörn þjóðfélagsins, á næstunni að verða vistrými fyrir 150 manns til viðbótar því, sem nú er, og það kosti með núverandi verðlagi a. m. k. 40—50 millj. kr., en árlegar tekjur af hinu svokallaða flöskugjaldi eru 6 millj. kr., svo að hér tel ég, að hafi verið vel að gert, og fæ

ekki séð annað í fljótu bragði en það sé hægt að halda þessum málum áfram með fullum hraða.

Eins og ljóst má vera af því, sem ég nú hef drepið á, er á þessu sviði í mörg horn að líta. Ég er hræddur um, að við gleymum þessum málum of oft í okkar endalausa karpi um efnahagsmálin, sem nú virðast ná yfir allt milli himins og jarðar í landi voru. Í auðugasta landi heims glíma þeir nú við fátæktina. Á sama tíma hefur almenn og jöfn velmegun aldrei verið meiri á Íslandi.

Haft er eftir hinum unga, látna forseta Bandaríkjanna, John Kennedy, að hann hafi mælt á þá leið, að ég hygg, þegar hann tók við forsetaembætti, eða eitthvað á þá leið: „Ef við getum ekki hjálpað þeim fátæku í landi okkar, getum við ekki heldur hjálpað þeim ríku.“ Og Lyndon B. Johnson, núv. forseti Bandaríkjanna, hefur nýlega í merkri stefnumálaræðu lýst yfir því, sem hann kallar „algeru stríði á hendur fátæktinni“. Slíkt stríð við fátæktina þurfum við Íslendingar ekki að heyja í dag. En gætum við ekki með engu minni rétti sagt: Ef við getum ekki hjálpað þeim sjúku í landi okkar, getum við ekki heldur hjálpað þeim heilbrigðu?

Það er eitthvað þessu líkt, sem ég vil minna okkur alla alþm. á í dag. Það biður samstilltra átaka okkar og sameiginlegs góðs vilja að glæða og efla heilbrigði í landinu. Ekki gerist þetta án erfiðleika, en hinu treysti ég, að hér vilji menn bera hver annars byrðar, og við skulum því ekki örvænta um árangur.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst hæstv. heilbrmrh. hafa haldið hér svo merka ræðu, að það eigi við að segja nokkur orð að henni lokinni, þó að ég hefði hins vegar ekki ætlað að taka þátt í umr. um þetta mál að þessu sinni.

Ég hygg, að það frv., sem hér liggur fyrir, stefni í rétta átt og eigi þess vegna skilið að ná framgangi á þinginu. En ég ætla hins vegar ekki að ræða það sérstaklega að þessu sinni, heldur víkja að þeirri skýrslu um sjúkrahúsmálin, sem hæstv. heilbrmrh. gaf þinginu, og ég vil segja í þessu sambandi, að ég tel, að það sé mjög vel við eigandi, að ráðh. gefi öðru hverju slíkar skýrslur um einstök mál, sem þeir hafa til meðferðar, eins og hæstv. heilbrmrh. hefur nú gert um þessi mál. En þá ályktun finnst mér að megi draga af þeirri skýrslu, sem hann gaf þinginu, að það hafi verið allt of mikill seinagangur í þessum málum, sjúkrahúsmálunum hjá okkur, á undanförnum árum og þó kannske alveg sérstaklega í sambandi við þær stórbyggingar, sem hafa verið á döfinni hér í bænum, viðbótarbyggingunum við landsspítalann og bæjarsjúkrahúsinu, því að þótt aðrar framkvæmdir, sem hafa einnig staðið á þessu sviði, séu mjög aðkallandi, hygg ég, að ekki verði um það deilt, að þessar séu þó kannske mest aðkallandi, og hef ég þá ekki eingöngu Reykjavík í huga eða það svæði, sem að henni liggur, heldur landið allt, því að þessar stofnanir eru raunverulega fyrir landið allt miklu meira en það svæði, sem að þeim liggur, þ. e. a. s. Reykjavík og nágrenni hennar, því að t. d. landsspítalann verða að sækja sjúklingar af öllu landinu, vegna þess að í mörgum tilfellum er ekki hægt að fá bót meina sinna nema þar og helzt þar. Og satt að segja finnst mér, þegar maður hefur sérstaklega í huga þau snjöllu niðurlagsorð, sem hæstv. heilbrmrh. lét falla hér, þá hafi nokkuð mikill hægagangur verið á þessum málum á undanförnum árum, því að ekki verður því borið við, að við höfum ekki haft getu til þess að gera betur í þeim efnum en gert hefur verið. Ég vil t. d. minna á það, að á undanförnum árum hafa safnazt fyrir í seðlabanka landsins upphæðir, sem skipta mörgum hundruðum millj. kr. og hafa legið þar frystar og ekki komið framkvæmdum í landinu að neinu gagni. Þó að ekki hefði verið varið nema litlum hluta af þeirri upphæð til að auka hraðann í þessum málum, sjúkrahúsmálunum, værum við að sjálfsögðu lengra á veg komin núna en raun ber vitni um og skýrsla hæstv. ráðh. sýndi. Og sama er það, að á t. d. tveimur undanförnum árum hafa umframtekjur ríkisins numið um 300 millj. kr. á hverju ári, og þó að ekki hafi verið notaður nema nokkur hluti af þeim upphæðum til sjúkrahúsmálanna, værum við nú betur staddir í þessum efnum en draga mátti ályktun af þeirri skýrslu, sem hæstv. ráðh. gaf.

Mér finnst ekki úr vegi að rifja það upp í þessu sambandi, að fyrir tveimur árum flutti ég ásamt nokkrum þm. öðrum frv. um það, að ríkisstj. væri heimilað að taka sérstakt lán til þess að fullgera þær viðbótarbyggingar, sem eru í smíðum við landsspítalann, og miðað við það, að því verki yrði lokið ekki síðar en í árslok 1962, sem talið var af kunnugum mönnum þá, að hægt væri, ef nægilegur hraði væri hafður á gangi verksins og ekki stæði á fjármagni. Það fór nú þannig, að þetta frv. okkar náði ekki fram að ganga. En ef það hefði verið samþykkt á sínum tíma, mundi óneitanlega vera betur ástatt nú í þessum efnum. Þá mundu þessar byggingar, sem hafa staðið yfir á landsspítalalóðinni á undanförnum árum, vera komnar að fullum notum, og þá hefðu þær ekki heldur orðið jafndýr framkvæmd og þær munu verða samkv. skýrslu heilbrmrh. vegna þess, hve byggingarkostnaður hefur aukizt stórlega á undanförnum árum. En þetta er nú orðinn hlutur, svo að það þýðir ekki að sakast um það að sinni, heldur snúa sér þá að því, með hvaða hætti hægt verður að koma mestum hraða á gang þessara mála. Og í framhaldi af því vildi ég spyrja hæstv. heilbrmrh., hvort ekki megi treysta því, að þótt ríkisstj. t. d. samkv. því nýja frv., sem hér hefur verið lagt fram um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, fái heimild til þess að draga úr framkvæmdum ríkisins á þessu ári, þá

muni þó sú heimild ekki verða látin ná til spítalabygginganna, heldur muni þeim verða haldið áfram, eins og fjárlög og aðrar áætlanir gera ráð fyrir á þessu ári. Ég vildi spyrja hæstv. heilbrmrh. að því, hvort það megi ekki örugglega treysta því, að þessar framkvæmdir verði látnar hafa fullkominn forgangsrétt hvað þetta snertir, því að mér finnst, að þótt þannig geti staðið á, og getur kannske stundum staðið þannig á, að fresta megi einhverjum framkvæmdum, sem ríkið hefur áætlað, vegna sérstakra ástæðna, þá megi það alls ekki ná til jafnríkt aðkallandi framkvæmda og umræddar spítalabyggingar eru, og vildi ég þess vegna spyrja hæstv. heilbrmrh. að því, hvort ekki megi treysta því, að þessi heimild, ef samþykkt verður, verði ekki látin ná til spítalabygginganna.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. heilbrmrh. um það, hve langan tíma það muni taka að fullgera byggingarnar við landsspítalann og borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, ef reiknað er með þeim framlögum, sem nú eru ætluð til þessara framkvæmda, — hve langan tíma það muni taka að koma þessum byggingum upp, miðað við þau framlög, sem nú eru veitt til þeirra og ráðgert er að veita til þeirra á næstu árum. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta atriði, — ég tók ekki eftir, að það kæmi fram í ræðu hæstv. ráðh., — því að mér finnst verða að leggja allt kapp á það, að þessar framkvæmdir verði fullgerðar sem allra fyrst og þær ekki látnar standa ónotaðar lengur árum saman, eins og átt hefur sér stað að undanförnu. Og ef þessi framlög sýna það, að ekki sé hægt að koma þeim upp á hæfilega stuttum tíma, verður að gera sérstakar ráðstafanir til að flýta þeim og tryggja fjármagn í því skyni.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál að þessu sinni, enda mun gefast tækifæri til þess síðar við umr. þessa máls.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra þann áhuga, sem fram hefur komið á framgangi þessara mála í ræðu hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ). Ég held, að við græðum engir á því að fara að taka upp deilur um fortíðina, hverjum það sé að kenna, að betur hafi ekki til tekizt en nú er. Við þekkjum svo mörg dæmi þess, að jafnvel þó að samþykktar hafi verið heimildir til lántöku til þessara eða annarra framkvæmda, hefur það í mörgum tilfellum ekki flýtt framkvæmdunum, og sannleikurinn hefur verið sá, að við höfum allir svo mörg undanfarin ár verið að flýta okkur að gera svo margt, að það hefur ekki orðið gert allt og enginn hefur viljað til slaka með neitt.

Ég sagði í ræðu minni, að ef á að ganga sæmilega með úrlausn þessara mála á næstunni, verður eitthvað annað að víkja, sem minni þýðingu hefur, og ég vildi mega vonast til þess að fá góðan stuðning í því máli frá hv. 5. þm. Reykv., svo sem öllum öðrum þm. Þetta eru hlutir, sem við þurfum að meta og gera upp við okkur. Hitt veit ég og þykir vænt um að hugsa til, að þessi mál eru þó kannske nokkuð hafin yfir ýmis önnur mál að því leyti, að um það höfum við ekki hér í þinginu þurft að hafa miklar pólitískar deilur, allra síst af flokkslegum ástæðum.

Ég skal svara þeim fsp., sem beint var til mín varðandi framgang þeirra bygginga, sem nú eru í smíðum, og það er fyrst borgarsjúkrahúsið í Fossvogi. Það er kallað fyrsti áfangi að ljúka að verulegu leyti við þann hluta sjúkrahússins, sem nú er í byggingu, og steypa upp kjallara þeirrar álmu, sem enn er ekki hafi smíði á, svo að hægt verði að taka þennan hluta sjúkrahússins í notkun fyrir 1965. Þá er gert ráð fyrir, að það verði unnið að þessu með þeim hraða og með þeim fjárveitingum eins og ég sagði áðan. Ég geri ráð fyrir, að fyrir þessu sé séð og þetta ætti að vera hægt að taka í notkun fyrir 1965, þar með 185 sjúkrarúm, og annar áfangi að ljúka að fullu smíði þess hluta sjúkrahússins, sem nú er í byggingu, fyrir árslok 1966, m. ö. o., að því, sem er nú í smíðum, verði lokið að öllu leyti fyrir árslok 1966, fyrir árslok 1965 með 185 sjúkrarúmum og svo til viðbótar á árinu 1966, en þá mundu ekki bætast við nema 35 sjúkrarúm. Það er ýmislegt annað í sambandi við bygginguna, sem yrði unnið að á því ári. Það yrðu þó þarna 220 sjúkrarúm, sem við getum gert ráð fyrir með þeim fjáröflunum og fjárráðum, sem ég hygg að fyrir liggi og verði á næsta ári, nema einhverjar alveg óvæntar stöðvanir komi upp á teningnum hjá Reykjavíkurbæ annars vegar og væntanlegum framlögum hjá ríkinu.

Varðandi byggingarnar á landsspítalalóðinni, sem núna eru í byggingu, er gert ráð fyrir, að á þessu ári verði lokið því, sem ég kallaði tengiálmuna við gamla húsið og það nýja, og svokallaðri vesturálmu, en það eru fjórar sjúkradeildir. Tvær þessara deilda í vesturálmunni eru ætlaðar börnum eingöngu, barnaspítali Hringsins, og eru þar 30 rúm í hvorri deild, í hinum tveimur 24 sjúklingar í hvorri deild, og þessum byggingum að viðbættri svo austurálmunni ætti að verða lokið — ja, ég mundi segja, með þeim fjárráðum, sem núna eru fyrir hendi, ef allra bezt lætur, í árslok 1965, en allavega á árinu 1966, held ég, að sé óhætt að segja örugglega. Og fyrir þessu er séð með fullum hraða á framkvæmd þessara mála, eins miklum og við getum haft vegna vinnuafls og annarrar aðstöðu. Fjárreiðurnar við þessar framkvæmdir eru hérna fyrir hendi, nema eins og ég sagði, að það stendur nú þannig á, að það er t. d. ekki talið, að hægt yrði að taka austurálmuna með góðum árangri í notkun, nema búið væri um leið að byggja þetta mikla eldhús, sem ég var að tala um áðan, og matsal fyrir starfsfólkið, sem ætti þá líka að fullnægja geðsjúkdómadeild, sem talað er um að reyna að byggja á þessum sama tíma. Um það get ég auðvitað ekki sagt, hvort það lánast, en ég vil aðeins taka það fram, að ég mun í fyrramálið eiga viðræður um fram-

kvæmdaáætlun og fjáröflunaráætlun á sviði þessara mála, og það er einmitt í sambandi við endurskoðun, sem fer fram á framkvæmdaáætlun og fjáröflunaráætlun ríkisstj. í heild fyrir árið 1964. Ég mun — og segi það að gefnu tilefni frá hv. 5. þm. Reykv. — að sjálfsögðu leggja á það megináherzlu innan ríkisstj., að ef til þarf að taka, komi ekki nein frestun til framkvæmda á sviði þessara mála, Ég tel þau svo aðkallandi. En um það get ég ekki fullyrt í dag. Ég vil reyna að gera þær áætlanir, sem ég tel eðlilegastar, í samráði við hæfustu menn, þannig að það verði ekki um villzt, hver þörfin er og hver áherzla er lögð á þetta af hálfu heilbrmrn., þegar endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar innan ríkisstj. og fjárfestingaráætlunarinnar fer fram, sem verður væntanlega á næstunni eða upp úr þessum mánaðamótum.

Ég vona, að þetta nægi að sinni, en eins og ég sagði, þó að ég hafi viljað reyna að gefa þingheimi nokkurt yfirlit yfir gang þessara mála, er það hvergi nærri tæmandi, og ég vona, að á síðara stigi málsins gefist mér kostur á að gera hv. þingheimi betri grein fyrir því, hvað fram undan er og hvað er þá raunhæft, að við getum gert og nauðsynlega og óhjákvæmilega þurfum að gera í nánustu framtíð.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að ýmislegt í þessu frv. sé til bóta frá gildandi heilbrigðismála- og sjúkrahúsalöggjöf, þó að nokkur atriði frv. kunni að orka tvímælis. Ég skal líka taka það fram í upphafi míns máls, að ég tel hafa verið feng að því fyrir hv. þd. að fá þá yfirlitsskýrslu, sem hæstv. heilbrmrh. gaf um það, hvernig við værum á vegi stödd um byggingar nauðsynlegs sjúkrahúsnæðis og hversu gífurleg fjárframlög þarf til þess að koma vissum þáttum þeirra mála í sómasamlegt og viðunandi horf. Það er alveg greinilegt, að þessum málum hefur ekki verið gefinn sá gaumur, sem þörfin heimtar, og við höfum dregizt þarna aftur úr, og verður því áreiðanlega á næstu árum að gera allmikið átak til þess að vinna upp það, sem úrskeiðis hefur gengið. Þetta stafar ekki af öðru en því, að fjárveitingavaldið hefur ekki gert sér nægilega grein fyrir þeirri sívaxandi þörf, sem þarna hefur kallað að, og henni hefur ekki verið mætt af fjárveitingavaldsins hendi með nægilegum fjárveitingum. Annað er ekki, sem hefur gerzt, og því verður þarna úr að bæta og taka á sig þyngri byrðar.

Það er eitt efnisatriði þessa frv. að skipta sjúkrahúsum landsins í þrjá flokka. Þar ræður sýnilega fjölbýlið mestu um þá flokkun, og mér virðist við fljóta athugun, að í fyrsta flokkinn komi ekkert sjúkrahús utan Reykjavíkur nema sennilega sjúkrahús Akureyrarkaupstaðar, fjórðungssjúkrahús Norðurlands. Hin fjórðungssjúkrahúsin býst ég við eftir þeirri deildaskiptingu, sem gerð er að skilyrði, að komi í annan flokk og svo í þriðja flokkinn þau sjúkraskýli eða smærri sjúkrahús, sem eru undir gæzlu og stjórnvörzlu héraðslæknanna víðs vegar um landið. Mér er ekki alveg ljóst, hvort ákvæði gildandi laga og framkvæmdaratriði um fjórðungssjúkrahús eru numin í burtu með þessari þriskiptingu sjúkrahúsanna, og vildi biðja hæstv. ráðh. að skýra frá því hér á eftir, hvort gengið er á rétt nokkurs þess sjúkrahúss, þann rétt, sem sjúkrahús í landinu nú hafa, og hann skertur sérstaklega með þessari flokkun sjúkrahúsanna í þrjá flokka. Ég vil vona, að svo sé ekki, því að það lá vissulega hugsun á bak við það að efla eitt sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi. Með því var hugsunin sú að jafna nokkuð aðstöðu landsbyggðarinnar með það að hafa a. m. k. eitt sjúkrahús allvel búið að sérfræðiþekkingu og tækjum, þannig að heilbrigðismálaaðstaðan, að því er sjúkrahús snerti, væri sem jöfnust í landinu. Þessi hugsun byggist á þeirri staðreynd, sem hér er dregin fram í aths. við þetta frv., að sérþekking nútímans í læknisfræði nýtur sín einungis í stórum og vel útbúnum og deildaskiptum sjúkrahúsum. Þetta er hárrétt, og með því að ekki þótti fært að láta landsbyggðina alla fara á mis við það að hafa fullkomið, vel útbúið sjúkrahús að tækjum og sérfræðilegri þekkingu, var einmitt þetta form tekið upp, að efla eitt sjúkrahús a. m. k. í hverjum landshluta, leggja á það auknar skyldur um útbúnað og einnig kröfur um, að þar verði tryggð betur en á hinum smærri og verr útbúnu sjúkrahúsum fjölbreytileg sérfræðileg þekking í læknisvísindum.

Það má vel vera, að það sjónarmið sé rétt að hafa styrkina til sjúkrahúsanna alls staðar jafna, hafa byggingarstyrkina til sjúkrahúsanna t. d. ekki lægri í kaupstöðum en í hinum fámennari byggðarlögum. En vissulega er þó hægt að skjóta rökum undir þá skipan, sem nú er, að í fámenninu sé nauðsyn til þess að hafa sjúkrahús eins fullkomin og verða má, en þar sem hinir fáu séu á bak við slíka stofnun, þurfi að veita þeim ríflegri aðstoð til þess að koma þessu nauðsynlega menningartæki upp en þar sem þessi útgjaldabyrði hvílir á fleiri herðum, sem sé í kaupstöðunum. Það má vel vera, að réttara þyki þó að fara yfir á þá braut, sem mörkuð er í þessu frv., að þarna sé veitt sams konar aðstoð á hinum fámennari stöðum og hinum fjölmennari og ekki munur gerður þar á. En sjónarmiðið er hægt að rökstyðja, og á því byggist sú skipan, sem hingað til hefur gilt um þetta, að minnka heldur aðstoðina við sjúkrahúsbyggingarnar hjá hinum stærri kaupstöðum, en veita ríflegri hjálp í fámenninu.

Hæstv. ráðh. gat um það, að einn þeirra manna, sem hefðu starfað í mþn., hefði verið þeirrar skoðunar, að rekstrarstyrki til sjúkrahúsanna úti um landið ætti að ákveða sem hundraðshluta af rekstrarhalla landsspítalans. Ég skil vel þetta sjónarmið, og ég tel það að mörgu leyti réttmætt sjónarmið. Ég játa að vísu, að landsspítalinn er meira en sjúkrahús. Hann er að nokkru leyti einnig deild úr Háskóla Íslands. Hann er kennslustofnun öðrum þræði, þar sem verðandi læknar eru mennt-

aðir, og það leggur auðvitað margvíslegar byrðar á landsspítalann sem stofnun, sem ekki hvílir á öðrum sjúkrahúsum. Þess vegna væri ekki rétt að heimta til annarra sjúkrahúsa en landsspítalans hliðstæða styrki frá hendi ríkisins og landsspítalinn nýtur, bæði sem aðalspítali landsins og þá jafnframt væntanlega sá fullkomnasti, bezt búinn að tækjum og ráðandi yfir fjölbreytilegastri sérfræðilegri læknisvísindalegri þekkingu, en einnig bezt búinn að fjölbreytilegum tækjum. En hann er jafnframt sem sé deild úr háskólanum, skóla- og menntastofnun.

En að því leyti, sem hægt er að miða við landsspítalann sem fullkomið og vel rekið sjúkrahús, og eftir því sem kostnaðurinn við rekstur hans eykst, er ekki óeðlilegt, að styrkveiting til annarra sjúkrahúsa hækkaði í réttum hlutföllum við aukinn kostnað á þessari hlið af rekstri landsspítalans. Ég skil vel sjónarmið Björgvins Sæmundssonar bæjarstjóra á Akranesi, sem samkv. því, sem hæstv. ráðh. upplýsti, hélt þessu sjónarmiði fram, en varð í minni hluta um það.

Ég vil víkja aftur að hugmyndinni um fjórðungssjúkrahúsin og segja það sem mína skoðun, að ég er löngu orðinn sannfærður um, að það er rétt stefna að efla eitt sjúkrahús, bæði um útbúnað allan og sérfræðilega þekkingu í læknisvísindum, í hverjum landshluta, og tel, að annað skref í þá sömu átt þurfi að stíga, hvenær sem það þykir fært, nefnilega að gera þessi fjórðungssjúkrahús að fjórðungsdeild Landsspítala Íslands, þannig að þau væru alls ekki talin sérstakar stofnanir, þessi fjórðungssjúkrahús, heldur bókstaflega hluti af landsspítalanum og til þeirra væri gert á sama hátt nokkuð jafnríflega, þau jafnvel útbúin eins og í raun og veru hliðstæðar deildir í landsspítalanum. Þetta hefði þann meginkost m. a., að betur væri og jafnar séð fyrir sjúkrahúsaþörf landsmanna og í annan stað betur skapaðir möguleikar til betri hagnýtingar á þeirri fullkomnu, sérfræðilegu, læknisvísindalegu þekkingu, sem landsspítalinn ræður yfir og hann gæti þannig fært, ýmist í einstökum tilfellum eða tíma og tíma, til fjórðungsdeilda landsspítalans í hinum ýmsu landshlutum. Með þessu móti væri verið að gera Reykjavík og landsbyggðinni nokkuð jafnhátt undir höfði í þessum efnum og veita áreiðanlega landsbyggðinni mikið öryggi. Ég mundi segja, að þetta væri ein af þeim stoðum, sem ætti að skjóta undir hugmyndina um jafnvægi í byggð landsins, eins og svipaðar aðgerðir ætti að gera í mennta- og menningarmálum, að því er það sjónarmið snertir að gera aðstöðu landsmanna, hvar sem þeir búa í landinu, eftir því sem unnt er, sem jafnasta að því er snertir atvinnumál, samgöngumál, heilbrigðismál og menningarmál. En vafalaust mundi þessi hugmynd fyrst og fremst mæta andspyrnu út frá því, að hún mundi leggja þyngri fjárhagslegar byrðar á íslenzka ríkið, og má vera, að ekki væri hægt að hlaupa að því á skömmum tíma að framkvæma þetta. En mjög hef ég sannfærzt um það við að hugsa um þetta mál, að með þessu væri rétt stefnt, ef menn annars vilja jafna aðstöðu fólksins á öllum þýðingarmiklum sviðum, hvar sem það býr á landinu.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Ég mun hugleiða efni þess, þangað til það kemur aftur frá nefnd, og e. t. v. þá bera fram brtt. við það. En ég tek undir það, að það er lofsvert, að hæstv. heilbrmrh. gaf hér merkar og góðar og glöggar yfirlitsupplýsingar um ástand heilbrigðismálanna, einkanlega að því er snertir heilbrigðisstofnanirnar, og einnig glögga grein fyrir efnisbreytingu þessa frv. frá því, sem gildandi löggjöf ákveður. Mig langar svo til þess að biðja hann að segja mér um það, hvort í þessu frv. er skertur nokkuð réttur þeirra sjúkrahúsa, sem nú starfa, t. d. sjúkrahúsanna í hinum þremur landsfjórðungum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að mér er mjög kærkomin sérhver gagnrýni í sambandi við þetta frv. og þessi mál, sem borin er fram af samúð og góðhug í þessu máli, og ég efast ekkert um, að hann sé fyrir hendi hjá hv. þm., sem hér hafa talað, og öðrum hv. þm.

Varðandi fsp. hv. 5. þm. Vestf. vil ég segja þetta: Að mínum dómi er ekki með þessu frv. gengið á rétt neinna þeirra, sem fyrir eru, utan þess, sem nú skal greina, að eftir eldri lögum var til minni spítala úti á landi byggingarstyrkur ríkisins 2/3, þ. e. a. s. 67%, en þá var byggingarstyrkur til stærri spítalanna í kaupstöðunum 2/5, eða 40%. Þetta fannst mér alveg óeðlilegt bil. En til fjórðungssjúkrahúsanna var byggingarstyrkurinn 3/5 eða 60%. En hérna er gert ráð fyrir, að hann sé alls staðar 3/5 eða 60%. Má segja, að þarna sé eilítil skerðing á þessum 7% til spítalanna utan fjórðungsspítalanna og í kaupstöðunum, en ég held, að það komi ekki mikið að sök. Það var til þess að gera engan mismun á flokkuninni þarna, að miða þetta við 3/5, að mestu leyti eins og þetta hefur orðið í framkvæmd. Það er t. d. ekki heppilegt, ég held, að það hafi verið í tíð þessa hv. þm. sem heilbrmrh., að fjórðungssjúkrahús var ákveðið á Norðfirði, — ekki rétt? — því að ákvæðin um það voru þannig í eldri lögum, að ráðh. gat ákvarðað það, en í raun og veru við að ákvarða það sem fjórðungssjúkrahús var meint, að það ætti að vera öflugra, en í raun og veru, að svo miklu leyti sem byggingarkostnaður var ógreiddur, lækkaði byggingarstyrkurinn frá ríkinu úr 67% niður í 60%. (Gripið fram í.) Já, til kaupstaða var það 40, svo að þetta er eitt af því, sem ég held að sé til bóta, að koma þessu í þetta samræmda horf. Ég er ekki með þessu að álíta, að sá fyrrv. hæstv. heilbrmrh. ætlaði að misgera neitt, síður en svo, við þetta sjúkrahús. Ég nefni aðeins annmarkana, sem á löggjöfinni sjálfri voru.

En varðandi hins vegar rekstrarstyrkina, þá er auðvitað eðlilegt, að fram komi gagnrýni á því og menn efist kannske um, að þessi flokkun, sem gerð sé ráð fyrir í 4. gr., sé heppi-

leg, og einnig þá spurt, hvort það mundi rýra aðstöðu einhverra sjúkrahúsa, og það hygg ég ekki vera, að svo sé í framkvæmd, og a. m. k. mun ég beita mér fyrir því í sambandi við setningu reglugerða á grundvelli þeirrar gr., að svo verði ekki. En ég vil taka fram eftirfarandi, sem ég legg áherzlu á: Eins og nú standa sakir, hefur Alþingi ákveðið í fjárl. rekstrarstyrkina að ákveðnu marki, og það liggur nú fyrir að úthluta þessum rekstrarstyrkjum, og ef þetta frv. yrði að lögum, eru engin ákvæði um það í lögum, hvernig þeir skuli vera, og þá verður heilbrmrh. að setja reglugerð um skiptinguna á þessum styrkjum, og að þessu sinni mundi heilbrmrh. setja þessa reglugerð í samráði við sína aðstoðarmenn og sérfræðinga. En ég vék að því í minni fyrri ræðu, að ég hugsa mér, að í framkvæmdinni sé þetta þannig, að raunverulegar till. um reglugerðina séu fyrir hendi, þegar Alþingi kemur saman, þær verði gerðar við samningu fjárl., lagðar fyrir fjmrh., komi til fjvn. og þess vegna sé að vissu leyti Alþ., sem setur reglugerðina, — þ. e. a. s. að undir meðferð málsins í fjvn. gefist heilbrmrh. kostur á því að heyra aths. úr öllum fjórðungum landsins, sem fram kunna að koma við till., sem þarna eru um væntanlega reglugerð, og tæki þá að sjálfsögðu tillit til þess, sem er af sanngirni og réttsýni fram borið, og reglugerðin verði svo gefin út, þegar hverju sinni hefur verið fjallað um þessi mál undir meðferð fjárl. Þetta held ég að sé nokkuð til bóta og það geti vel verið, að í sumum einstökum tilfellum fallist menn á það og séu sammála um það að hnika eitthvað til í flokkaskipun vegna sérstakra erfiðleika eða séraðstöðu, skulum við segja, einhverra fámennra byggðarlaga og það komi fram sjónarmið um það undir meðferð málsins í þinginu og heilbrmrh. geti haft það til hliðsjónar, þegar reglugerðin er sett. Þess vegna held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að þetta frv. á á engan hátt að skerða rétt nokkurs varðandi rekstrarstyrkina, en ég vona hins vegar, að það geti orðið lífrænni meðferð og afgreiðsla þeirra mála en áður og að því leyti til bóta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 493, 494).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar frv. þetta um breyt. á sjúkrahúsalögum var til 1. umr. hér í hv. d., fylgdi heilbrmrh. því úr hlaði með ýtarlegri ræðu og gaf þá jafnframt mjög greinagott og fróðlegt yfirlit um sjúkrahúsamál í landinu og fjárþörf til þeirra framkvæmda, sem í hefur verið ráðizt og nauðsynlegt er að hefja eða halda áfram á næstu árum.

Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og hefur hún orðið sammála um afgreiðslu þess með þeim breyt., sem hér liggja fyrir á þskj. 494. Aðalbreytingin á 10. gr. sjúkrahúsal. er sú, að ríkisstyrkur til byggingar allra þeirra sjúkrahúsa, sem styrks njóta, verði hinn sami hvar á landinu sem er. En í núgildandi sjúkrahúsalögum er ríkisstyrkur til sjúkrahúsa í kaupstöðum 2/5 og í öðrum sveitarfélögum 2/3 hlutar byggingarkostnaðar. Þó er heimilt að greiða 3/5 af byggingarkostnaði sjúkrahúsa, sem ráðh. viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt í hverjum landsfjórðungi. En með þessu frv. er lagt til, að byggingarstyrkur til sjúkrahúsa verði 3/5 eða 60% til allra sjúkrahúsa jafnt, hvar á landinu sem er. Styrkur ríkissjóðs til sveitarfélaga við að reisa héraðslæknisbústaði verður óbreyttur, eða 2/3 af byggingarkostnaði.

Heilbr.- og félmn. flytur þá brtt. við 2. gr. frv. að heimila ráðh. að greiða 3/5 eða 60% af kostnaði við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, ef það er nauðsynlegt til að tryggja nauðsynlega læknisþjónustu. Því miður er svo komið, að erfitt er að fá almenna lækna til að setjast að úti á landi, hvað þá heldur að fá sérmenntaða lækna. Það er skoðun n., að nauðsynlegt sé að búa vel að sjúkrahúsum úti á landi og þá alveg sérstaklega stuðla að því, að fullkomið sjúkrahús sé til í hverjum landsfjórðungi, sem hafi góðum læknum á að skipa, sérfræðingi hverjum á sínu sviði. Til þess að stuðla að því, verður ekki hjá því komizt, að stærstu sjúkrahúsin í þeim landsfjórðungum, sem verst eru settir með að fá lækna, byggi íbúðarhús fyrir yfirlækna sína, og ætti það að verða einn mikilvægur þáttur í því að gera auðveldara að fá sérmenntaða lækna til að starfa við þau sjúkrahús.

Þá flytur n. aðra brtt. við 2. gr. frv., þar sem skýrar er kveðið á um það, hvað skuli telja með í byggingarkostnaði sjúkrahúsa, þegar framlag ríkissjóðs er ákveðið, en gert var í frv., eins og það lá hér fyrir.

3. gr. þessa frv. er nýmæli í sjúkrahúsal., þess efnis, að það skilyrði er sett fyrir framlagi ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga og byggingar héraðslæknisbústaða, að allur undirbúningur slíkra bygginga fari fram í samráði við ráðh. þann, er fer með heilbrigðismál, og landlækni, og jafnframt, að kostnaðaráætlun og fullnaðarteikningar af mannvirkjunum hafi fengið samþykki húsameistara ríkisins. — Þá er einnig í þessari sömu gr. ákvæði um, að ekki sé heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en Alþ. hefur ákveðið fyrstu fjárveitingu, og jafnframt er sú skylda lögð á ríkissjóð að hafa lokið greiðslu á framlögum sínum til hverrar framkvæmdar innan 5 ára til sjúkrahúsa, sem vista ekki yfir 20 sjúklinga, svo og til héraðslæknisbústaða, og innan 8 ára til stærri sjúkrahúsa. Með þessu er leitazt við að koma í veg fyrir, að byrjað sé á sjúkrahúsbyggingum og héraðslæknisbústöðum, án þess að fé hafi áður

verið veitt til þeirra á fjárl. Einnig er tryggt að hraða greiðslu á framlögum, eftir að ákvarðanir um framkvæmdir hafa verið teknar, og ætti það að verða til þess, að byggingarframkvæmdir taki ekki óeðlilega langan tíma.

4. gr. frv. fjallar um rekstrarstyrki til sjúkrahúsa. Það hefur ekki þótt fært, að þeir sjúku eða sjúkratryggingar standi einar undir rekstrarkostnaði sjúkrahúsa með daggjaldagreiðslum, heldur hefur þessum kostnaði verið skipt á milli sjúkratrygginga, ríkis og sveitarfélaga þeirra, er sjúkrahús eiga og reka. Í þessu sambandi er rétt til fróðleiks fyrir alþm. að minna á það, að þegar landsspítalinn tók til starfa 1931, var daggjald þar ákveðið 6 kr., sem þeir sjúku urðu að greiða, en kostnaður á legudag reyndist hins vegar 8.42 kr. M. ö. o., mismunur, sem þarna var á, var greiddur á fjárl. hverju sinni, og það hefur haldizt síðan í æ ríkari mæli, að öðru leyti en því, að tiltölulega hefur ríkið greitt á seinni árum miklu meira af rekstrarkostnaði landsspítalans sem og annarra ríkissjúkrahúsa og hæla. Það er rétt að geta þess, að daggjald landsspítalans var óbreytt frá 1931—1938, 6 kr. á dag, en 1940 er það komið í kr. 7.50 og 1950 í 35 kr. 1960 er það orðið 120 kr. og nú frá 1. jan. 1964 er daggjaldið ákveðið 300 kr., en síðari helming ársins 1963 var það 210 kr., en kostnaðurinn á legudag á landsspítalanum reyndist árið á undan, 1962, vera 466.47 kr. Sá háttur hefur verið hafður á, þegar daggjöld hafa verið ákveðin á ríkisspítölunum, að þá hafa þau daggjöld verið látin ráða ferðinni hvað snerti daggjöld annarra sjúkrahúsa í landinu, og þegar daggjöldum hefur verið haldið óeðlilega mikið niðri, hefur það leitt til þess, að hvað snertir sjúkrahús ríkisins hefur aukinn halli verið greiddur á fjárl., en aftur hvað snertir sjúkrahús bæjar- og sveitarfélaga hefur aukinn halli komið niður á bæjarfélögunum sjálfum. Ég hygg, að það hafi ekki verið tekið stærra stökk nú um langan tíma, eins og ég gæti auðveldlega sannað í sambandi við daggjaldagreiðslurnar, en tekið var nú um síðustu áramót, og með því fengu hin almennu sjúkrahús í landinu mjög mikla leiðréttingu sinna mála, þegar daggjaldið hækkaði frá 1. júlí 1963 úr 210 kr. í 300 kr. frá 1. jan. 1964. Sá háttur hefur verið hafður á í sambandi við greiðslur ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga, að greiðslur til þeirra hafa verið ákveðnar að krónutölu í lögum, og hefur þá styrkur verið miðaður við stærð og búnað sjúkrahússins annars vegar, en hins vegar við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsinu. Og með l. 1953 var ákveðinn 5 kr. ríkisstyrkur til sjúkrahúsa, sem voru með 20 sjúkrarúm eða færri, en 10 kr. á legudag til sjúkrahúsa með meira en 20 sjúkrarúm eða allt að 100 sjúkrarúmum og til stærstu sjúkrahúsa með yfir 100 sjúkrarúm 20 kr. Sú breyting hefur orðið á þessu, að 1958 er þetta hækkað með l., 5 kr. gjaldið í 10 kr., 10 kr. gjaldið í 15 kr. og 20 kr. gjaldið í 25 kr., og 1960 falla fjórðungssjúkrahúsin undir 25 kr. gjaldið, og hefur þetta síðan verið óbreytt að krónutölu. En nú er tekið upp það nýmæli í þessu frv., sem heilbrmrh. lagði hér fyrir, að hverfa frá því að ákveða ríkisstyrkina í lögum að krónutölu, heldur taka upp að ákveða styrkhæðina í reglugerð hverju sinni.

Ríkissjóður hefur árlega greitt sinn styrk til sjúkrahúsanna eftir á, og það átti einnig að verða samkv. þessu frv., en í brtt. heilbr.- og félmn. leggur hún til, að 1. mgr. 4. gr. orðist svo: „Úr ríkissjóði greiðist sérstakur styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga. Styrkurinn skal greiddur hálfsárslega eftir á, og skal síðari greiðslan innt af hendi, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um rekstur sinn ásamt rekstrarreikningi, sem gerður skal úr garði samkv. fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar."

Um allar þessar brtt. hefur verið haft fullt samráð og samkomulag við heilbrmrh., ráðuneytisstjóra og landlækni, og hefur heilbrmrh. fallizt á þessar brtt. allar fyrir sitt leyti. En í sambandi við síðustu brtt. n., um greiðslu rekstrarhalla sjúkrahúsa, hafði ég fyrir hönd n. samráð við fjmrh. um þá till., og féllst hann á till. fyrir sitt leyti, svo að það má segja, að þessar brtt. njóti stuðnings bæði heilbrmrh. og fjmrh., sú hlið þeirra mála, sem undir hann heyrir, en með þeirri brtt., ef samþykkt verður, greiðir ríkið ríkisstyrk í raun og veru fyrir 18 mánuði á þessu ári, er síðan verður auðvitað 12 mánuðir, eins og hefur alltaf áður verið.

Á árinu 1962 fengu 23 sjúkrahús og sjúkraskýli sveitarfélaga rekstrarstyrki. Eins og þm. sjá á þeim upplýsingum, sem við prentum hér með nál. um yfirlit yfir rekstrarafkomu nokkurra sjúkrahúsa á árinu 1962, er halli á sjúkrahúsum sveitarfélaga orðinn mjög mikill og fór versnandi á árinu 1963, en með hækkuðum ríkisstyrk og með stórhækkuðu daggjaldi ætti að verða ráðin á þessu mjög veruleg bót.

Ég held, að ég hafi nú lýst þessum brtt. n., og n. stendur einhuga að þeim. Skal ég þá ekki fjölyrða meira um þetta nál., en vil þó segja að lokum, að þetta frv. felur tvímælalaust í sér verulegar umbætur á sjúkrahúsal., en með því er tekið upp fastara form um allar framkvæmdir við byggingar almennra sjúkrahúsa og læknisbústaða, sem rétt eiga á ríkisframlagi. Mjög gjarnan hefði ég þó kosið, að þessar umbætur hefðu verið miklu meiri, en við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti og færast ekki meira í fang en kleift er að standa við hverju sinni.

Heilbrmrh. lýsti í ræðu þeirri, er hann hélt, þegar hann fylgdi frv. þessu úr hlaði hér í hv. þd. við 1. umr. þess, hvernig ástandið væri í sjúkrahúsamálunum og heilbrigðismálunum almennt, og í því yfirliti kom glöggt fram, að fram undan eru mikil verkefni óleyst og mikið fjármagn vantar til að fullgera sjúkrahús, sem byrjað er á, og brýna nauðsyn ber til að ráðast í margar nýjar framkvæmdir í sjúkrahúsamálum. Alþingi þarf að hafa hugfast og stefna að því að verja í framtíðinni hærri hundraðshluta af útgjöldum þjóðfélagsins til heilbrigðismála og á þann hátt að vinna að aukinni heilbrigði þjóðfélagsþegnanna.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, og eins og fram kom hjá hv. frsm. n., eru þessar brtt., sem hún flytur, í samráði við mig gerðar, og ég er þeim algerlega samþykkur. Ég veit, að n. hefur lagt sig mikið fram um að afgreiða þetta mál á þann hátt, að það gæti orðið til bóta, og ég tel, að þær brtt., sem hún flytur, með þeim undirliðum, sem þar eru, séu verulega til bóta. Auk þess hafa farið fram viðtækar viðræður um þetta mál, þó að það komi ekki fram nú í brtt., bæði þar sem við ræddum við n., landlæknir og ég, á einum fundi hennar, en frsm. átti ítrekaðar viðræður við mig um málið, og eins og fram kom í hans ræðu, þá stendur sjálfsagt enn margt til bóta á þessu sviði. Ég held, að mönnum ætti ekki að blandast hugur um, að í þessu frv., ef að lögum verður, felst þó verulega mikil framför frá því, sem verið hefur.

Hv. frsm. hefur nú skýrt brtt. og vikið að ýmsum aðalatriðum frv., og það er kannske ástæðulaust að fara um það fleiri orðum, en þó mundi ég vilja árétta nokkur atriði í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi í sambandi við 4. gr. um rekstrarstyrkinn, þá er gert nú ráð fyrir því að hverfa frá því ráði að ákveða rekstrarstyrkinn í krónutali á legudag til sjúkrahúsanna eftir vissum flokkum, sem áður var þrígreint, og gert ráð fyrir, að styrkurinn verði ákveðinn í reglugerð og aðallega í þremur flokkum, en þó heimild til ráðherra að flokka þá nánar, þessa þrjá flokka. Um þetta ræddum við nokkuð ýtarlega á fundi n., og það er rétt, að það komi fram, að mönnum sýnist nokkuð enn sitt hvað um það, hvort rétt sé að hafa þessa flokka fleiri. Sumir halda, að það sé e. t. v. ekki til bóta. Mér hefur sýnzt, eftir því sem ég hef getað sett mig inn í þetta mál, að það mundi hins vegar vera æskilegra að geta haft flokkana fleiri, sundurgreina sjúkrahúsin meir en verið hefur. Ég veit, að það felst í því sú hætta, að rn. muni kannske frekar sæta gagnrýni og sumum finnist, að þeir séu ekki í þeim rétta flokki, fremur eftir því sem flokkaskiptingin er fjölþættari. Það má taka reynsluna af því og laga sig eftir henni, eftir því sem ástæða þykir til, en mér þykir rétt, að það komi hér fram, að n. var gerð grein fyrir þeim till., sem vaka fyrir heilbrmrn. í þessu sambandi, og það er í aðalatriðum, að flokkarnir verði sex, að hver af hinum þremur flokkum, sem tilgreindir eru í 4. gr., verði í A- og B-deild, og það yrði þá, eins og kemur fram í greininni, fyrst og fremst flokkað eftir því, hvernig sjúkrahúsin eru. Í I. flokk A mundi á þessu stigi málsins ekkert sjúkrahús koma, og ekki fyrr en borgarsjúkrahúsið nýja í Fossvogi verður tekið til starfa með öllum þeim deildaskiptingum, sem því fylgja eða þar eru ráðgerðar, en hins vegar í I. flokki B. mundi verða sjúkrahúsið á Akureyri og borgarsjúkrahúsið í þeirri mynd, sem það nú er, í Heilsuverndarstöðinni hér í Reykjavík. Og síðan eru þau flokkuð eftir stærð og aðbúnaði, sjúkrahúsin hin, og næst koma svo fjórðungssjúkrahúsin í Neskaupstað, Ísafirði væntanlega og svo Akranes og Vestmannaeyjar í uppsiglingu með sín nýju sjúkrahús, sem eru í byggingu, o. s. frv. En eins og hv. frsm. gerði grein fyrir, var rekstrarstyrkurinn í þessum þremur flokkum áður, í hæsta flokki 25 kr., 15 kr. í öðrum flokki og 10 kr. í þriðja flokki.

Með því fé, sem við höfum til umráða núna og hækkað var töluvert í meðferð þingsins við afgreiðslu fjárl., upp í 7 millj. kr., mundi fyrsti flokkurinn núna verða 40 kr., og þau sjúkrahús, sem voru í 25 kr. flokknum, mundu hækka upp í 32 kr. og minnstu sjúkrahúsin frá 17—19 kr. styrk á legudag, eins og við höfum hugsað, að þetta yrði nú. Það er að vísu hlutfallslega minnst hækkun þarna á sumum sjúkrahúsunum, frá 25 upp í 32, en til þess liggja ákveðnar orsakir í sambandi við þá hækkun, sem síðast varð mest á þessum sjúkrahúsum. Ég held, að það hafi verið eftir breytingar á löggjöfinni frá 1958.

Það, sem fyrir liggur nú, eftir að þetta frv. væri samþ., væri að ganga endanlega frá þessari flokkun í reglugerð, og skv. brtt. á þessi styrkur nú að koma til greiðslu tvisvar sinnum á ári, og ætti því fyrri hlutinn að koma til greiðslu einhvern tíma upp úr miðju ári, og eins og skýrt var af hv. frsm., verða þetta í framkvæmdinni 18 mánuðir á þessu ári, og er í sjálfu sér nokkur bót í því og verður hækkun, eins og menn skilja, á því, sem greitt verður í rekstrarstyrk til sjúkrahúsanna, til viðbótar við það, sem hækkað var á fjárl. Ég hygg, að allir þm. muni verða sammála um, að þess hafi verið nauðsyn og þessi breyting komi þá einna bezt nú, þegar telja má, að rekstrarstyrkurinn hafi verið í raun og veru orðinn allt of rýr miðað við þær verðbreytingar, sem orðið hafa. Í þessu felst veruleg bót.

Síðan hafði ég hugsað mér gang þessara mála þannig, að þegar fjárl. verða undirbúin fyrir árið 1965, verði látið fylgja uppkast að væntanlegri reglugerð eða breytingum, er gerðar yrðu á þessu, með tillögum fyrst við samningu fjárl., sem síðar færu til fjvn. og hún hefði til meðferðar, sem sagt tillögum heilbrmrn. um það, hvernig það hugsar sér flokkaskiptinguna og hvað það álítur, að eðlilegt sé að fari í hvern flokk, og til þess að ná heildartölunni þurfi þá ásetlunarupphæðin í fjárl. að vera þessi og þessi tiltekna upphæð. Þannig mundi þingið með þessari framkvæmd fá þetta til meðferðar, ef því sýndist að koma á framfæri brtt. eða öðrum hugmyndum um flokkaskiptinguna og eins um rekstrarstyrkinn og rekstrarupphæðirnar, og eftir að fjárl. hefðu síðan verið samþ., mætti segja, að síðan yrði þá gefin út jafnharðan reglugerð, sem ákvæði flokkun sjúkrahúsanna áfram, hús fyrir hús, og styrkinn á legudag til hvers húss innan þess ramma, sem fjárlagaafgreiðslan tilskilur, og þess vegna verði í raun og veru meira um að ræða sameiginlega reglugerð þings og rn. en það, sem segir hér í 4. gr., að ráðh. setji

reglugerð nánar um það, hvernig styrkveitingarnar fari fram.

Ég vona, að þessi háttur geti gefizt vel. Ég tel, að hérna sé um mál að ræða, sem menn hafi jafnan haft og eigi að hafa og geti haft góða samstöðu um í þinginu og milli þings og ríkisstj. og með slíkri framkvæmd komist á náin tengsl milli annars vegar fjvn. og þingsins og hins vegar heilbrmrn. og fjmrn. í sambandi við afgreiðslu þessara mála.

Þá vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að þessum nýju ákvæðum 3. gr., sem fela í sér, að það eigi, eftir að styrkurinn hækkar nú eða verður um öll sjúkrahúsin 60% af byggingarkostnaðinum og hækkar því verulega hjá mörgum sjúkrahúsunum og einmitt á ýmsum stórum stöðum, þar sem verið er að byggja núna, þá verður þörf enn meiri fjárveitinga, hygg ég, en áður af ríkisins hálfu. En í 3. gr. er gert ráð fyrir tvennu. Í fyrsta lagi, að Alþingi ákveði hverju sinni, til hvaða sjúkrahúsa eða læknisbústaða stofnkostnaðarframlög eru veitt, og þyrftu þess vegna að liggja fyrir einnig till. um það með fjárl. eða til fjvn. hverju sinni, hvaða sjúkrahús eða hvaða sveitarfélög hafa farið fram á það að reisa sjúkrahús, og tillögur heilbrigðisstjórnarinnar í sambandi við það. En þegar þetta hefur verið samþ. af Alþ., er gert ráð fyrir, að greiðslurnar dragist ekki lengur en í 8 ár, frá því að framkvæmdir hófust. Þá er ríkissjóði eftir að þetta er ákveðið eða byggingin samþykkt af Alþ. skylt að hafa lokið greiðslu á framlögum sínum til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára, þegar um er að ræða, að sjúkrahúsið vistar ekki yfir 20 sjúklinga, og innan 8 ára, ef sjúkrahús vistar fleiri sjúklinga. Og svo er ríkisframlagið til héraðslæknabústaða með sama hætti skylt að inna af höndum innan 5 ára, frá því að fyrsta framlag var greitt.

Hv. þm. er kunnugt um, að ástandið í þessum efnum er ekki gott, og var þannig um síðustu áramót, að sveitarfélögin áttu kröfur á hendur ríkissjóði um byggingarstyrk til sjúkrahúsa og læknisbústaða, sem voru um 30 millj. kr. Það voru að vísu ekki samkvæmt lögum gjaldfallnar kröfur, en kröfur, sem ríkissjóður varð einhvern tíma að greiða. Þetta er mjög erfitt, að það hlaðist upp slíkur hali, eins og nefnt hefur verið, og þessari gr. er ætlað að koma í veg fyrir það. Það er lögð skylda á ríkissjóð að hafa lokið greiðslunum ekki seinna en á 5 eða 8 árum, frá því að framkvæmdir hefjast, en um leið er þá líka óheimilt að byrja á byggingu, nema Alþ. hafi samþykkt það eða ákveðið hverju sinni, eins og þar stendur, til hvaða sjúkrahúsa eða læknisbústaða stofnkostnaðarframlög eru veitt.

Á þessu ástandi, sem ég nú var að lýsa, var gerð veruleg breyting til bóta við ákvörðun ríkisstj. um að verja 15 millj. af rekstrarafgangi ríkissjóðs á s. l. ári til þess að inna af höndum upp í þessar greiðslur, upp í þennan skuldahala, ef ég svo mætti nefna það, og hefur þess vegna þarna í einu stökki verulega grynnkað á honum. Og ég held, að það verði mjög erfitt að koma góðri skipan nógu skjótt á þessi mál, nema með einhverju móti takist aftur að gera slíkt átak til þess að greiða upp eftirstöðvarnar af gamla skuldahalanum. Nú er auðvitað í fyrsta lagi ekki víst, að neinn afgangur verði hjá ríkissjóði á þessu ári, svo að hægt sé að fara sömu leið, og auk þess ekki hægt að taka um það ákvarðanir á þessu stigi málsins, hvernig honum yrði varið. En ef tækist um næstu áramót að láta verulegar fjárupphæðir aftur upp í slíkar skuldagreiðslur, nálgast það mjög, að við komumst á slétt í þessum málum, og eftir að þetta frv. væri orðið að lögum og komið til framkvæmda, þarf að miða við það, að ekki myndist vaxandi skuldahali. Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess, að nú verði gerð áætlun um það, hve mikið fé þyrfti að inna af höndum í sjúkrahúsin af hálfu ríkisins til þeirra, sem nú eru í byggingu og ríkið á eftir að greiða fé til, miðað við það, að öllu verði lokið á ekki lengri tíma en 8 árum. En það vill nú svo til, að það er einmitt í byggingu eða verið að hefja byggingu nú á þremur stórum sjúkrahúsum, sem miklu máli skipta í þessu sambandi, í Vestmannaeyjum, á Akranesi og svo á Húsavík, sem nýbyrjað er á. Nú er að vísu ekki skuldbinding um það að inna greiðslur af höndum til þessara sjúkrahúsa á þessum 8 árum, eins og fram kemur í 3. gr., þar sem segir: „Ákvæði þau, sem hér að framan greinir, taka þó aðeins til framkvæmda, sem ákveðnar eru, eftir að lög þessi taka gildi.“ En ég mundi fyrir mitt leyti vilja reyna að stefna að því, að þessir aðilar yrðu þó ekki verr settir, þó að framkvæmdir hafi hafizt, áður en þessi nýju ákvæði í 3. gr. kunna að taka gildi. Eins og ég sagði, er nú verið að vinna að þessari áætlun, og ég get því miður ekki á þessu stigi málsins gert grein fyrir því, en ég hygg, að hún muni leiða til þess, að það þurfi verulega að auka framlögin í byggingarstyrki á fjárl. næsta árs, 1965, og svo áfram frá því, sem verið hefur. Þetta kemur allt til með að liggja betur fyrir e. t. v., áður en þetta frv. verður endanlega afgreitt úr þinginu, en það skiptir ekki máli. Það skiptir mestu máli, þegar þing kemur saman aftur á ný í haust, til þess að fjalla um fjárlög ársins 1965.

Það er svo aðeins eitt atriði enn, sem ég vildi minnast á, að í 2. mgr. 4. gr. kemur fram, að ráðh. er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkv. ákvæðum þessarar gr., að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er af sjúkrahúsi hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsarekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga. Um þetta hafa hafizt viðræður við Tryggingastofnun ríkisins, og það hefur verið óskað eftir frá heilbrmrn. till. um slík aukagjöld, sem þá er hugsað, að sjúkrasamlögin mundu greiða. Þau hafa verið, ef ég man rétt, 30—35 kr.,

og sums staðar hafa þau ekki verið tekin, nein þessi aukagjöld. Það eru ekki enn ákveðnar till. heilbrmrn. í þessu efni. Landlæknir vinnur að þeim og mun leggja fram sínar till. innan stundar, en það er hins vegar óhætt að segja það, að þessi gjöld munu verulega hækka og þá koma á sjúkrasamlögin, miðað við það, að samkomulag verði um þetta, og það atriði einnig ætti að létta töluvert rekstrarafkomu ýmissa sjúkrahúsa sveitarfélaganna. Þetta er að vísu mjög misjafnt, en hjá sumum er mjög mikið af utanhéraðssjúklingum og er á margan hátt mikill baggi á því sveitarfélagi, sem sjúkrahúsið rekur, og ég tel sjálfsagt að reyna að koma þarna til móts við sveitarfélögin, sem eiga við þennan erfiða rekstur sjúkrahúsanna að stríða.

Þetta eru meginatriði, sem ég vildi að fram kæmu. Ég vona, að það verði gott samkomulag um þetta frv. og það verði að lögum, áður en þingi lýkur. En umfram allt vonast ég til þess, að framkvæmd þessara mála megi fara vel úr hendi og ný löggjöf yrði til bóta bæði fyrir sveitarfélögin og skipan þessara mála í heild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 494,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 494,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 514, 525).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sambandi við brtt. heilbr.- og félmn., sem samþ. var við 2. umr., við 2. gr. frv., að heimilt sé ráðh. að greiða 3/5 hluta kostnaðar við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, ef það er óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega læknisþjónustu, þá þykir mér rétt vegna þessarar breyt., sem gerð var á 2. gr., að breyta þess vegna í 3. gr. frv. orðinu „héraðslæknisbústaða" í „læknisbústaða", þannig að bæði héraðslæknisbústaðir og væntanlegar byggingar á yfirlæknisbústöðum sjúkrahúsa falli hér undir sama ramma í 3. gr. En það er í fyrsta lagi, að ríkisframlög til byggingar almennra sjúkrahúsa, sem rekin eru af sveitarfélögum, og héraðslæknisbústaða yrðu bundin þeim skilyrðum, að allur undirbúningur slíkra bygginga færi fram í samráði við ráðh., það nái einnig til væntanlegra bygginga yfirlæknisbústaða. Og sömuleiðis í sambandi við greiðslu á ríkisframlagi síðar í þessari sömu gr., 3. gr., er orðið „héraðslæknisbústaða", sem verði þá einnig „læknisbústaða", þannig að það nái til bæði héraðslæknisbústaða og væntanlegra bygginga yfirlæknisbústaða. Mér fannst rétt, að það kæmi fram, til þess að það væru skýr ákvæði í sambandi við byggingu yfirlæknisbústaða, alveg á sama hátt og er með héraðslæknisbústaði.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 525, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 525 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 531).

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, felast nokkrar breytingar frá gildandi skipun í sambandi við sjúkrahúsamálin, sem eru allveigamiklar og ég vildi mega vona að gætu leitt til nokkurs góðs árangurs, og skal ég í sem allra stytztu máli gera grein fyrir þeim helztu.

Það er í 2. gr. þessa frv. ákveðið um greiðslu ríkissjóðs í sambandi við kostnað sveitarfélaganna við að reisa sjúkrahús og læknabústaði, og þar er þeirri meginreglu slegið fastri, að hann skuli nú vera sá hinn sami alls staðar eða 3/5, 60%. Það var nokkuð misjafnt áður og hefur verið allt frá 40 upp í 60 og upp í 67%, en að athuguðu máli hefur verið lagt til af þeim, sem undirbjuggu þetta frv., og lögð á það áherzla af landlækni, að eðlilegt væri, að þessi byggingarstyrkur væri hinn sami. Hann var áður meiri fyrir dreifbýlið en kaupstaðina, en aftur á móti kemur hitt, að þar sem fjölmenni er meira saman komið, verða sjúkrahúsin að jafnaði kostnaðarsamari vegna bæði deildaskiptingar og annars útbúnaðar, og að þessu öllu athuguðu hefur þótt eðlilegra að hafa þennan hátt á.

Í 3. gr. eru svo veigamikil nýmæli frá því, sem verið hefur, sem felast í því, að það verði ekki byrjað á sjúkrahúsum eða læknisbústöðum sveitarfélaga öðruvísi en Alþingi ákveði, en síðan sé skylt að hafa lokið tilskildum greiðslum úr ríkissjóði á 5—8 árum eftir stærð sjúkrahúsanna og 5 árum í sambandi við læknisbústaðina. Í þessu efni hefur skapazt allverulegt ófremdarástand á undanförnum árum, þannig að skuldir ríkissjóðs við sveitarfélögin hafa farið vaxandi, skuldir, sem ríkissjóði ber að greiða, en eru ekki gjaldfallnar og ekkert segir fyrir um í lögum fram að þessu, hvenær greiða skuli. Nú er hugsunin með þessari breytingu að reyna að kippa þessu í lag, þannig að ekki séu hafnar framkvæmdir nema að ráði Alþ., sem endanlega gengur frá fjárl. hverju sinni, og í sambandi við afgreiðslu þeirra, en þegar það sé ákveðið, sé það með þeim hætti, að viðkomandi aðilar fái hina lögskipuðu byggingarstyrki á tilskildum

tíma, ekki lengri tíma, eins og þarna segir, heldur en ýmist 5 eða 8 árum.

Um s. l. áramót var ástandið í þessum efnum þannig, að það voru um 30 milljónir kr., sem ríkissjóður var á þennan hátt, sem ég vék að áðan, í skuld við sveitarfélögin í sambandi við byggingu sjúkrahúsa og læknisbústaða. Hins vegar var því lýst yfir í sambandi við afgreiðslu fjárl. af fjmrh., að ríkisstj. hefði ákveðið að verja 15 millj. kr. af rekstrarafgangi ríkissjóðs á árinu 1963 til greiðslu upp í þennan svokallaða skuldahala. Þetta var töluvert átak og lagfærir verulega þau vandkvæði, sem hér hafa verið á, og er sveitarfélögunum til mikils léttis frá því, sem verið hefur. Jafnframt var í meðferð þingsins á fjárl. heildarupphæð byggingarstyrksins til sjúkrahúsanna og læknisbústaðanna hækkuð. Ég held, að það hafi verið úr eitthvað 5 millj. kr. upp í 7 millj. Af þessum 15 millj. hefur verið gert ráð fyrir að 5 millj. kr. færu til byggingar landsspítalans. Og þá eru eftir 10 millj., sem skiptast mundu á sveitarfélögin að viðbættum þessum 7 millj., sem áætlaðar eru í fjárl., þannig að á þessu ári kemur þarna til úthlutunar upp í byggingarkostnað og til áframhaldandi bygginga á sjúkrahúsum 17 millj. kr. nú. Í heilbrmrn. hefur verið unnið að því að gera sér grein fyrir, hvernig þessu yrði úthlutað, og þá höfum við tekið þessa upphæð í heild og reynt að fá sem réttlátasta niðurstöðu úr heildarupphæðinni, þessum 17 millj. kr., á milli sveitarfélaganna, tekið tillit til skulda þeirra fyrir og jafnframt hvernig aðstaðan er eða hversu langt er komið byggingum og að öðru leyti hver áætlaður er byggingarkostnaður sjúkrahúsanna.

Þá er einnig það nýmæli, sem kom inn í þetta frv. við meðferð málsins í Nd., að rekstrarstyrkurinn skuli greiðast hálfsárslega. Það ætti að vera til hagræðis fyrir sveitarfélögin og að vissu leyti meira en til hagræðis, þegar það kemur fyrst til framkvæmda, því að í eitt skipti mundi þá koma væntanlega á einu ári meira fé til sveitarfélaganna en ella væri, en að öðru leyti verður breytingin ekki önnur en sú, að styrkurinn greiðist í tvennu lagi í staðinn fyrir í einu lagi eftir á, eins og verið hefur. En það er lögð á það áherzla í þessum lögum eða kveðið á um það, að samræmdir verði reikningar sjúkrahúsanna og endanleg styrkgreiðsla fari ekki fram, fyrr en þeir hafa borizt heilbrigðismálastjórninni og farið hefur verið í gegnum þá og þeir viðurkenndir af heilbrmrn.

Það er ákvæði í 4. gr. um rekstrarstyrkina, að þeir voru ákveðnir áður í l. í krónutali, svo og svo margar krónur á legudag miðað við þrjá flokka sjúkrahúsa. Nú er gert ráð fyrir að taka þetta út úr l. og setja ákvæði um þetta í reglugerð. Þá er einnig gert ráð fyrir að flokka sjúkrahúsin í þrjá aðalflokka, en heimild til þess, að þar verði einnig undirflokkar, og eins og málið stendur nú og rætt var við heilbr.- og félmn. Nd., geri ég helzt ráð fyrir, ef þetta yrði að lögum, að flokkarnir yrðu sex. Það er að vísu nokkurt álitamál, hvort það verður, og dálítið skiptar skoðanir um það. Sumir telja, að sé nægjanlegt og kannske betra að hafa flokkana færri, en við höfum álitið, og er það skoðun landlæknis líka, að það væri réttara að reyna að hafa flokkana fleiri. Í því felast að vísu nokkru meiri erfiðleikar, og e. t. v. gæti orðið ástæða til frekari gagnrýni, eftir því sem þetta er flokkað nákvæmara. En það er þó leitazt við með fjölþættari flokkun að reyna að skapa nokkru meira réttlæti í skiptingunni á milli sjúkrahúsanna eftir því, hve þau eru stór og hvernig búin o. s. frv. Ég vildi nú mega vænta þess, að þetta reyndist vel í framkvæmd, en það mun að sjálfsögðu á það reyna. En þá er hægt að breyta til, ef mönnum sýnist svo, að það væri hentara síðar að hafa flokkana kannske færri, því að ég hafði hugsað mér, að framkvæmdin í þessu máli yrði sú, að þegar fjárl. koma til meðferðar þingsins og fjvn., þá kæmu til n. þær hugmyndir, sem heilbrmrn. hefði um skiptinguna í flokka og milli sjúkrahúsa, eftir því sem hægt er, miðað við þá legudaga til dæmis s. l. árs, þannig að þm. gætu í fjvn. haft aðstöðu til þess að kynna sér þetta ýtarlega, fara í gegnum það og koma á framfæri brtt. eða hugmyndum sínum um aðra skipan, og með þessu ættu að vera nokkuð náin tengsl á milli þingsins og heilbrmrn. um framkvæmd þessara styrkveitinga, sem ég hygg, að ættu að geta orðið til bóta.

Það, sem svo mestu máli skiptir fyrir utan þessi nýmæli, sem ég, eins og ég sagði, vona að megi öll reynast til bóta frá því, sem verið hefur, — það, sem mestu máli skiptir auk þess, er, að ástandið í þessum málum er þannig, að það verður á næstu árum að gera verulega miklu meira en verið hefur í fjárveitingum, bæði að mínum dómi í sambandi við rekstrarstyrkina til sjúkrahúsanna og einnig um byggingarstyrkina. Fyrir því verður að sjálfsögðu gerð nánari grein, og þýðir ekki um að sakast. Þetta er bundið nú orðið í fjárl. þessa árs, en fyrir því verður að sjálfsögðu gerð nánari grein á næsta þingi í sambandi við fjárl., sem þá verða lögð fram fyrir árið 1965, og þær hugmyndir og till., sem heilbrmrn. mundi gera í sambandi við styrkupphæðirnar og skiptingu þeirra, bæði rekstrarstyrkjanna og byggingarstyrkjanna til sjúkrahúsanna.

Ég býst við því, að það verði erfitt að koma þessum málum skjótlega í gott horf, nema hægt verði að gera eitthvert svipað átak, stórt átak, eins og gert var í sambandi við ráðstöfun rekstrarafgangs ríkissjóðs á s. l. hausti, þar sem 10 millj. til sveitarfélagasjúkrahúsanna var þá ráðstafað í einu lagi. Um þetta er auðvitað engu hægt að spá á þessu stigi málsins, hvort nokkur rekstrarafgangur verður eða tekjuafgangur hjá ríkissjóði á árinu 1964, og þá ef hann yrði, hvort hægt yrði að ráðstafa honum til þessara hluta. En ef það yrði hvorugt fyrir hendi, yrði að mínum dómi að leita einhverra annarra ráða til þess að vinna upp þann hala, sem enn er eftir, þó að nokkurt skarð

hafi verið höggvið í hann, eins og ég gerði grein fyrir, og koma málunum svo til frambúðar í það horf, að í sjúkrahúsin verði ekki ráðizt nema í beinu sambandi við ákveðnar fjárveitingar í upphafi og fjárveitingarnar þurfi svo frá ríkissjóði ekki að dragast frekar en ákveðið er í 3. gr. þessara laga.

Ég held, að með þessu hafi ég tíundað meginatriðin í þessu máli, og vildi svo mega leggja til við hæstv. forseta, að málinu yrði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 531, n. 578).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur tekið til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 531, og mælir n. með því, að það verði samþykkt. Frv. þetta felur í sér, að komið verði á betra skipulagi í sambandi við byggingarstyrki til sjúkrahúsa, þ. e. a. s. þann styrk, sem veittur er af hálfu ríkissjóðs til byggingar sjúkrahúsa sveitarfélaganna, og enn fremur felur frv. í sér ákvæði, sem miða að því að koma á traustara og betra skipulagi í sambandi við rekstrarstyrki eða styrki þá, sem veittir eru hverju sinni á fjárl. til þess að mæta rekstrarhalla á sjúkrahúsum sveitarfélaganna.

Í 1. gr. frv. er það nýmæli, að þegar sjúkrahús er í fleiri en einni deild, skuli sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Í 1. mgr. 2. gr. frv. er kveðið svo á, að ríkisstyrkur til þess að reisa sjúkrahús skuli nema 3/5 byggingarkostnaðar. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi l., sem gera ráð fyrir, að ríkissjóður greiði bæjarfélagi allt að 2/5 kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að 2/3 stofnkostnaðar. Í 2. mgr. 2. gr. frv. er ráðh. heimilað að greiða 3/5 hluta kostnaðar við að reisa yfirlæknisbústaði við sjúkrahús. Í fámennari byggðarlögum er það talið óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega læknisþjónustu.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um það, hvernig haga skuli framlögum ríkisins til sjúkrahúsa. Ríkisframlögin eru bundin þeim skilyrðum, að allur undirbúningur slíkra bygginga fari fram í samráði við ráðh. þann, er fer með heilbrigðismál, svo og landlækni og kostnaðaráætlun og fullnaðaruppdrættir að mannvirkjum hafi hlotið samþykki þeirra og húsameistara ríkisins.

Í 4. gr frv. er kveðið svo á, að úr ríkissjóði greiðist árlega sérstakur styrkur vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaganna. Það er ekki gert ráð fyrir, að hér sé greiddur rekstrarstyrkur, ef ekki er um rekstrarhalla að ræða. Það hefur kannske aldrei verið ráð fyrir slíku gert, en með þessu ákvæði eru tekin af öll tvímæli um það efni.

Ég hef hér vikið að helztu ákvæðum þess frv., sem hér er til umr., og ítreka, að heilbr.- og félmn. leggur til, að málið verði samþ., en tveir nm., þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Vesturl., hafa áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. gerði hér grein fyrir áðan, mælir heilbr.- og félmn. óklofin með frv. þessu. Og frv. þetta tel ég fyrir mitt leyti til mikilla hagsbóta fyrir sjúkrahúsin í ýmsum efnum. En þó að n. skilaði sameiginlegu áliti, áskildum við tveir nm. okkur rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt. við frv., ef fram kæmu.

Þó að frv. sé í flestum atriðum til mikilla bóta, hefur það einn galla, sem ég hef komið auga á. Sá galli er það, að þátttaka ríkisins í byggingum sjúkrahúsa hjá fámennari sveitarfélögum verður minni, ef frv. verður að l., en hún er samkv. gildandi l. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. gat þess réttilega, að þátttaka ríkisins í byggingarkostnaði sjúkrahúsa er að óbreyttum l., eins og þau eru nú, á þá leið, að ríkið greiðir 2/5 byggingarkostnaðar stærri sjúkrahúsa og 2/3 af byggingarkostnaði sjúkrahúsa í bæjum og öðrum sveitarfélögum, sem hafa færri en 3000 íbúa. Með frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði 3/5 byggingarkostnaðar sjúkrahúsa hjá öllum sveitarfélögum. Þá er það svo, að bættur er hagur allra hinna stærri aðila, en lakast aftur hagur smælingjanna. Ég tel, að þetta sé að stíga aftur á bak og yfirleitt ekki í samræmi við þá tíma, sem við lifum á. Við höfum þess vegna komið okkur saman um það, þrír framsóknarmenn, að flytja brtt., sem miðar að því, að réttur þeirra smærri sveitarfélaga, sem ráðizt hafa nú þegar í það að reisa sjúkrahús, hafa byrjað framkvæmdir, skuli haldast sá, að ríkið greiði til þeirra 2/3 byggingarkostnaðarins, eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Við teljum, að með því að breyta nú l. til lækkunar sé í raun og veru brugðizt réttmætum vonum þessara aðila, sem þegar hafa farið af stað og í þeirri trú, að þeir mættu gera ráð fyrir því, að ríkið borgaði þessa hlutdeild, sem l. nú ákveða, í byggingarkostnaði þeirra. Segjum, að byggingarkostnaður sjúkrahúss sé 20 millj., ég nefni nú bara töluna þá t. d. Munurinn frá áætlun, sem þeir, sem hafa nú ráðizt í byggingar, höfðu ástæðu til að gera um framlag ríkisins, getur orðið 1.4 millj. á þessari upphæð eða sem því svarar. Þetta eru nokkurs konar samningsrof við þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli. Ég sé ekki fyrir mitt leyti betur en ríkið standi mjög vel við þetta, það sé eðlilegt og sanngjarnt, að þessir menn haldi sínum rétti og ákvæðin um þátttöku ríkisins að 2/3 í byggingarkostn-

aði sjúkrahúsa hjá smærri sveitarfélögum haldist hjá þessum aðilum, en vitanlega rennur svo það ákvæði út, sem hlyti að verða til bráðabirgða, þegar þeir hafa lokið sínum byggingum, því að aðrir, sem fara af stað eftir gildistöku l., verða að lúta þessum l., eins og eðlilegt er. Mér hefði þótt það myndarlegra, að hvergi væri gengið til baka. Ég býst ekki við, að meiri hl. Alþingis sé fáanlegur til að ganga inn á það að breyta þessu frv. á þá leið. En hitt finnst mér undarlegt og töluverð ósanngirni, ef hann gengur ekki inn á það að greiða þeim, sem hafa farið af stað með byggingar sínar eftir núgildandi lögum, það, sem þau lög hafa þeim ákveðið.

Till. er skrifleg, af því að málið kemur fyrir án verulegrar boðunar hér í d. okkar, og er ekki við það að athuga, þegar á að fara að ljúka þingi, en það leiðir af sér, að eðlilegt er, að skrifl. till. geti komið fram. Till. er frá Karli Kristjánssyni, Ásgeiri Bjarnasyni og Ólafi Jóhannessyni og er — með leyfi hæstv. forseta — ákvæði til bráðabirgða, sem hljóða á þessa leið:

„Gagnvart bæjarfélögunum og öðrum sveitarfélögum, sem eru með sjúkrahús í smíðum við gildistöku laga þessara og hafa færri íbúa en 3000, gilda áfram ákvæði 10. gr. sjúkrahúsalaganna — lögtekin 1957 — um, að ríkissjóður greiði 2/3 hluta kostnaðar við þær byggingar."

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 612) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) sagði réttilega, að í frv. því, sem hér liggur fyrir, væru ýmis ákvæði, sem miðuðu að umbótum í sjúkrahúsamálunum. Þetta er alveg rétt, og af þessu leiðir einnig, að þessar umbætur ná til byggingar sjúkrahúsa og rekstrar sjúkrahúsa sveitarfélaganna, hvar sem er á landinu, hvort sem er í fjölmennum bæjarfélögum eða fámennari sveitarfélögum, þannig að ég get ekki undir neinum kringumstæðum fallizt á, að það sé stigið skref aftur á bak í þessum málum, hvað snertir suma aðila. En það er rétt hjá hv. þm., eins og ég reyndar tók fram í minni fyrri ræðu, að sjúkrahús í fjölmennari bæjarfélögum voru styrkt minna en sjúkrahús í fámennari sveitarfélögum. Ég hygg, að það hafi alltaf, a. m. k. að sumu leyti, orkað tvímælis að gera þannig greinarmun á sjúkrahúsunum, og í framkvæmd hefur þetta, að því er mér virðist, augljóslega orkað tvímælis. Mér skilst, að í framkvæmd hafi þetta verið þannig, að þau sjúkrahús, sem eru í sveitarfélögum, sem hafa haft yfir 3000 íbúa, hafi hlotið lægra framlagið eða ríkisstyrkinn, en þau, sem eru í fámennari sveitarfélögum, fengu þann hærri. Ég held, að þetta hafi oft og tíðum komið mjög óeðlilega út, vegna þess að ég sé ekki, að það þurfi alltaf að segja mikið íbúatala í því kauptúni eða í þeim hreppi, þar sem sjúkrahúsið er staðsett. Við vitum það, að í hinum dreifðu byggðum úti um landið er oft og tíðum samvinna og samstarf milli margra eða nokkurra sveitarfélaga um byggingu og rekstur slíkra stofnana sem sjúkrahúsa, þannig að íbúatala staðarins, þar sem sjúkrahúsið er staðsett, gefur ekki hugmynd um íbúatölu þess svæðis eða héraðs, sem raunverulega stendur að sjúkrahúsinu. Ég bendi aðeins á þetta hérna til þess að sýna fram á, að þau ákvæði, sem áður giltu um þetta, orkuðu mjög tvímælis og það hafi þess vegna verið rétt að breyta þessu á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir, og hafa aðstoð ríkisins jafna, hvar sem sjúkrahúsið er staðsett.

Nú hefur hv. 1. þm. Norðurl. e. borið fram brtt. varðandi þetta mál, þannig að fyrri ákvæði gildi gagnvart bæjarfélögum og öðrum sveitarfélögum, sem eru með sjúkrahús í smíðum við gildistöku þessara laga og hafa færri íbúa en 3000. Þetta mál kom nokkuð til umr. í heilbr.- og félmn., en þó ekki í þessu formi. En ég tel, að þetta sé þess eðlis, að það sé eðlilegt að fá tækifæri til þess að athuga þetta nokkru nánar, og vildi mælast til þess, að till. þessari yrði frestað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 612 tekin aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 531, 612).

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mig langaði til þess að segja hér nokkur orð út af brtt., sem fram kom við 2. umr. frá hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) ásamt fleirum og tekin var aftur til þessarar umr. Ég átti þess því miður ekki kost að vera hér við 2. umr. af sérstökum ástæðum. Ég hafði fengið sams konar tilmæli um það í Nd. frá hv. 4. þm. Norðurl. v., að ég féllist á fyrir mitt leyti sams konar brtt., en gerði honum nánari grein fyrir málinu og bað hann að flytja till. ekki, sem og ekki varð. Hv. 1. þm. Norðurl. e., sem er 1. flm. þessarar brtt., sem er á þskj. 612, tjáði mér, að hann hefði hug á að flytja svona brtt., og við það gat ég ekki ráðið annað en ég sagði honum, að ég fyrir mitt leyti væri henni andvígur. Sú hugsun, sem er á bak við þessa brtt., er sú, að með því að samþykkja hana haldi sum sjúkrahúsin 7% meiri rétti til byggingarstyrks en þau ella fá eftir þessu frv. Þetta er ekki af neinni tilviljun, sem frv. gerir ráð fyrir þessari breytingu, heldur er gerð skorinorð grein fyrir því í aths. frv. við 2. gr., og það er greint frá því, að nú muni sjúkrahúsin, eins og frv. gerir ráð fyrir, öll fá sama byggingarstyrk, eða 60%, 3/5 af byggingarkostnaðinum. En þetta hefur verið nokkuð misjafnt, og í grg. er það

tíundað og á þá skoðun hef ég fallizt og haldið fram við umr. þessa máls, ég held örugglega í Nd., og ég held, að ég hafi eitthvað vikið að því í Ed. líka, að ég hef talið, eins og þarna segir, bæði ósanngjarnt og óheppilegt, að sjúkrahús í kaupstöðum hljóti lægri byggingarstyrk en sjúkrahús annars staðar á landinu, enda hafa mismunandi styrkupphæðir bæði reynzt handahófslegar og óraunhæfar. Þetta held ég, að sé rétt og það sé skökk stefna, að byggingarstyrkirnir séu meiri, þar sem sjúkrahúsin eru yfirleitt ódýrari, enda þótt það séu fámennari staðir eða sveitarfélög, sem standa að byggingu sjúkrahúsanna.

Ég skal benda á, hvað við er átt með því, hvað þessir byggingarstyrkir eru handahófslegir eða hafa verið, að samkv. sjúkrahúsal. frá 1953 skyldi ríkissjóður greiða bæjarfélögum allt að 2/5 kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að 2/3 kostnaðar við að reisa almenn sjúkrahús, en þó skyldi ríkissjóður greiða allt að 3/5 byggingarkostnaðar, ef í hlut eiga sjúkrahús, sem ráðh. viðurkennir að séu fjórðungssjúkrahús. Síðan var með l. nr. 56 frá 1956 ákveðið, að ríkissjóður greiði bæjarfélögum, sem hafa 3000 íbúa eða fleiri, allt að 2/5 kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að 2/3 kostnaðar við að reisa almenn sjúkrahús, eða 67%. Byggingarstyrkirnir eru þarna 40% eftir eldri l., 60% eða 67%. Og ég get ekki fallizt á, að það séu rök fyrir þessum mismun á byggingarstyrkjunum.

Svo varð enn ein breyt. með l. frá 1960. Þá er ákveðið, að ráðh. geti ákveðið, að ríkissjóður greiði sama byggingarstyrk til þeirra sjúkrahúsa, sem eru sérstaklega vel búin tækjum og hafa ekki færri en þrjá lækna, að þau skuli njóta sama byggingarstyrks og fjórðungssjúkrahús, þ. e. a. s. 3/5. Með þessum breytingum var hægt í vissum tilfellum að hækka byggingarstyrkina með ákvörðun ráðh. úr 40% upp í 60%.

Nú háttar þannig til, að í byggingu eru sjúkrahús á Akranesi, Sauðárkróki, Siglufirði, Húsavík, Neskaupstað og Vestmannaeyjum, mjög misjafnlega á veg komin. Sumum er að mestu leyti lokið, en þó á eftir að ganga frá ýmsu, og allir byggingarstyrkir til þessara húsa verða að sjálfsögðu fram að gildistöku þessa frv., ef það verður að l., miðaðir við það, sem áður var. Samkv. núgildandi l. mundi Akranes fá 2/5, eða 40%, Sauðárkrókur 67%, Siglufjörður 67%, Húsavík 67%, Neskaupstaður 60% og Vestmannaeyjar 40%, samkv. núgildandi l., en samkv. þessu frv., ef það yrði að l., fengju allir þessir staðir 60%, svo að það er einlæg skoðun mín, að það sé bæði réttara og sanngjarnara en þessi að mínum dómi óskiljanlegi mismunur á styrkveitingunum til sjúkrahúsanna.

Svo má segja, að aðalatriðin í þessu máli séu þau, að það sé nægjanlegt fé á fjárl. hverju sinni, og því hef ég beint til þm. áður, til þess að byggingarstyrkirnir veitist og veitist jafnharðan. Það er gert ráð fyrir í þessum l. því atriði, sem er mikilvægt frá því, sem áður var, að byggingarstyrkirnir eiga að borgast á 5—8 árum eftir stærð sjúkrahúsanna, eftir að framkvæmdirnar hefjast. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt atriði fyrir sjúkrahúsin, en eins og kunnugt er og ég hef áður gert grein fyrir, einnig í þessari hv. d., voru kröfur sveitarfélaganna um s. l. áramót á hendur ríkissjóði vegna vangoldinna byggingarstyrkja, sem að vísu voru ekki fallnir í gjalddaga samkv. eldri lögum, en einhvern tíma áttu að greiðast, 30 millj. kr. Og fyrir áramótin var svo ákveðið að létta af þessum hala með því að verja 15 millj. af tekjuafgangi ríkisins á s. l. ári til þess að veita í þessa byggingarstyrki sveitarfélaganna, 5 millj. að vísu til landsspítalans og 10 millj. til sveitarfélaganna. Það hefur verið gengið frá uppkasti um byggingarstyrkina í heilbrmrn., sem ég hef unnið að með landlækni og öðrum starfskröftum í rn., og það hefur verið unnið þannig, að við höfðum í huga í senn 7 millj. kr. fjárveitinguna, sem hækkaði í meðferð þingsins úr 5.1 millj. í 7 millj., og 10 millj. kr. til þess að greiða upp í halann, og þannig hafa verið til ráðstöfunar til sjúkrahúsanna 17 millj. kr. Mér fannst eðlilegt að taka þetta nokkuð undir eitt, því að sum sjúkrahúsin höfðu engan skuldahala, sem eru rétt að byrja framkvæmdir, en ef þau hefðu aðeins átt að njóta styrks af framlaginu á móti öðrum sjúkrahúsum, hefði hlutur þeirra verið ærið lítill. Þm. er að sjálfsögðu velkomið að kynna sér þessar till. í heilbrmrn., en ég vona, að þær verði í aðalatriðum taldar réttlátar og litið með nokkurri yfirsýn yfir aðstöðu sveitarfélaganna, sem staðið hafa í byggingu sjúkrahúsa og standa í eða hafa nýhafið byggingu þeirra.

Auk þess eru tekin upp ný ákvæði um rekstrarstyrkinn vegna sjúkrahúsanna til sveitarfélaganna, sem skipta líka máli í þessu sambandi. Þar var m. a. gerð sú breyting með samþykki ríkisstj. í Nd., að hann skyldi greiddur hálfsárslega í staðinn fyrir einu sinni eftir á, en í framkvæmdinni kemur þetta þannig út, að í raun og veru verður greiddur rekstrarstyrkur fyrir 18 mánuði á þessu ári, svo að á þann hátt hækkar hann um 50%, frá því að hann var ákveðinn, en það verður að greiðast fyrir fram og koma aftur á fjárveitingum Alþ. á fjárl. 1965.

Í heild finnst mér, að þetta frv. feli í sér stórum mikla bót fyrir sveitarfélögin og aðrar ráðstafanir ríkisstj. hafi einnig orðið til þess að létta þeirra erfiði í framkvæmd þessara mikilvægu mála. Og með hliðsjón af því og einnig hinu, að ég tel ekki sanngjarna þessa brtt., sem hér er um að ræða, vildi ég eindregið mælast til þess, að hún yrði felld og frv. næði fram að ganga eins og það kom hingað til deildarinnar.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er ekki laust við, að mér séu það nokkur vonbrigði, að mér fannst það skína út úr ræðu hæstv. ráðh., að hann teldi till. þá, sem er á þskj. 612 og ég er 1. flm. að, ekki fullkomlega réttláta. Ég

skal ekkert mæla á móti því, að þetta frv. til breytinga á sjúkrahúsal. felur í sér miklar réttarbætur á margan hátt og bætta aðstöðu fyrir sjúkrahúsin í landinu. Ég mæli ekki á móti því, að það hafi verið ástæða til þess að afnema handahóf, sem gilt hefur að því er snertir styrk til sjúkrahúsanna. Ekki vil ég þó slá þeirri hugsun fastri sem réttri, að ekki sé sanngjarnt að gera nokkurn mun á því, hvort að sjúkrahúsbyggingu standa fjölmenn héruð eða fámenn, og að ekki væri réttlátt að taka tillit til þess, að fáliðinn er alltaf veikari og ekki aðeins veikari að því er snertir það að reisa rönd við stofnkostnaði, heldur líka að hann verði að mæta í þessu sambandi erfiðari rekstraraðstöðu. Frv. felur fyrst og fremst í sér mikla bót fyrir stærri sjúkrahús, sem á að reisa. Þau eru flutt úr 40% styrk frá ríkinu upp í 60% styrk. En smáu sjúkrahúsin í 3000 manna byggðum og þar fyrir neðan hafa notið 67% styrks síðan 1957, og þau eru flutt samkv. frv. niður í 60%. Þau eru færð aftur á bak. Þau fá ekki bót, heldur hið gagnstæða. Þau fá ekki aðstöðubót, heldur hið gagnstæða. Að samræmingin sé svo nauðsynleg, að þetta hafi þurft að gera, er ég ekki reiðubúinn að samþykkja fyrir mitt leyti, og ég finn ekki, að þau hafi nokkurn hagnað af því, þó að hin sjúkrahúsin séu færð upp um 20%, þegar þau eru færð niður um 7% til að hafa sömu styrkprósentu. En nú er ekki till. um að gera breytingar á frv. að því er þetta snertir nema til bráðabirgða og fyrir þau fámennu héruð, sem hafa nú þegar ráðizt í að byggja sjúkrahús, hafa sem sé sjúkrahús í smíðum. Hæstv. ráðh. upplýsti það, að hér er ekki um mörg sjúkrahús að ræða. Rétturinn, sem af þeim er tekinn og nemur 7%, er ekki síður sár fyrir það, þó að þau séu fá, en hann er heldur ekkert mikið atriði fyrir ríkið, einmitt af því að þau eru fá, og það mælir með því, að inn á þessa till. sé gengið, að þau eru fá. Það er eins og ég sagði, þegar ég gerði grein fyrir till. í fyrrakvöld, að þeir, sem hafa ráðizt í að byggja sjúkrahús í þeirri trú, að þeir fengju 67% styrk frá ríkinu, verða nú fyrir því, að það er komið aftan að þeim með þessari löggjöf, sem á að fara að samþykkja. Yfirleitt hefur það verið svo í þessu þjóðfélagi og heildarstefnan líka í þessu frv., að aðstaðan er bætt, en ekki gerð lakari. Það er sótt fram, en ekki stigið aftur. Að því er þessi hús snertir, sem nú eru í smíðum hjá fámennu byggðarlögunum, er stigið aftur á bak. Það þykir ekki fært, þó að almennum vöxtum sé breytt og þeir t. d. hækkaðir sem skuldavextir, að hækka hjá þeim, sem þegar hafa samning fyrir lægri vöxtum. Þetta er að nokkru leyti hliðstætt, þótt það hafi ekki sömu lagastoð og vaxtamálin, en þó að það hafi ekki sömu lagastoð, er það hliðstætt og siðferðislega á sömu hæð.

Ég leyfi mér þess vegna að vænta þess, að sú sanngirni verði sýnd hér að samþykkja þessa brtt. Hún er fullkomið sanngirnismál, hún truflar ekkert frv. í heildinni, handahófið er afnumið þrátt fyrir það, hún styður ekkert handahóf og hún snertir svo fáa, að fyrir heildina eru það engin umtalsverð útlát, sem hér verður um að ræða, en fyrir þau fámennu byggðarlög, sem hlut eiga að máli, skiptir þetta verulegu máli.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég held nú, að það sé í raun og veru ekkert sjúkrahús, sem þetta skipti neinu máli, sem umtalsvert sé, nema þá Húsavík, því að önnur sjúkrahús, sem hafa ekki enn lokið fullkomlega byggingum sínum, eru það langt komin, að þetta skiptir sáralitlu máli. Það eru þá Sauðárkrókur og Siglufjörður, en hins vegar eru á Húsavík nýlega byrjaðar framkvæmdir og það skipta þá óneitanlega þessi 7%. En ég held því alveg hiklaust fram, að önnur aðstaða til bóta, sem sjúkrahúsið fær, vegi miklu meira en upp á móti þessu, og það vil ég segja, að sök sér hefði mér nú fundizt að samþykkja till. ekki með þessum fyrirvara, að þau hús, sem eru í smíðum, njóti þess sama, því að hvaða réttlæti væri í því, ef eitthvert annað sveitarfélag á borð við Húsavík byrjaði á sjúkrahúsi núna í júnímánuði, ef þetta frv. yrði að l., og þá ætti það að fá 60%, sem væri að öðru leyti alveg sambærilegt, en Húsavík, af því að þar eru teknar skóflustungur fyrir nokkrum vikum, 67%? Mér finnst þess vegna alls ekki till. fela í sér réttlæti að þessu leyti, heldur þvert á móti, að hún geti skapað einmitt mismun, ranglæti á milli alveg hliðstæðra byggðarlaga.

En hinu get ég ekki mótmælt, eins og liggur í hlutarins eðli, að fyrir Húsavík muni þetta 7% af dýru sjúkrahúsi, sem er verið að byggja. En það hygg ég að muni vegast upp fyrir Húsavík í ýmsum öðrum ábata, sem þeir fá í sambandi við þetta frv., ef að lögum yrði, og líka með hliðsjón af því, að varið hefur verið miklu fé á s. l. ári til þess að greiða upp skuldir sjúkrahúsa, og það hefur komið Húsavík að góðu, þó að það bæjarfélag hafi ekki þá haft neinar skuldir vegna byggingar sjúkrahúss. En eins og ég sagði, hef ég tekið tillit til þess, þegar úthlutað var byggingarstyrknum, samanlagt 10 millj. rekstrarafganginum og 7 millj. kr. styrknum á fjárl., og ég hef gert till. um það við Húsavík, að þeir fengju nú þegar 1/2 millj. kr., sem ég hika ekki við að fullyrða, að hefði aldrei komið til greina, ef þessar ráðagerðir hefðu ekki verið uppi, og þeir hefðu lengi þurft að bíða eftir þessum fjármunum, og það munar bæjarfélögin fljótt, bæði í auknum kostnaði, sem leiðir af, að framkvæmdirnar dragast lengur, og vaxtakostnaði, þegar þau þurfa að fá sér bráðabirgðalán. Ég held einnig, að mönnum sé það nokkuð ljóst, að það er langt í frá, að ég hafi nokkurn vilja til þess að mismuna þessu bæjarfélagi og hef frekar, bæði hér á þingi og annars staðar, reynt að hlynna að því, en þetta finnst mér að verði yfir það að ganga eins og önnur. En öðrum sveitarfélögum kemur þetta náttúrlega mikið

til góða, sem eru nýbyrjuð á byggingum, eins og Akranesi og Vestmannaeyjum, sem, eins og ég gat um, samkv. gildandi lögum ættu að fá 40%, en eftir gildistöku þessa frv., ef að lögum yrði, 60%. Það er ekki hægt að neita því, að það er þarna mismunur, sem aðallega snertir Húsavík, sem er alveg að byrja. En ég held, að aðrar ráðstafanir muni vega það upp, og ég fyrir mitt leyti hef mikinn áhuga á því, að þeir þurfi ekki að gjalda neitt afhroð vegna þessa litla mismunar, en það skapist heildarsamræmi í l., sem ég tel mikils virði.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vona, að það liggi alveg ljóst fyrir hv. dm., að þótt það sé ýmislegt í frv., sem þau byggðarlög njóta, sem nú eru með hús í smíðum, fram yfir það, sem áður var, njóta þau þess ekki fram yfir önnur sjúkrahús. En sá skaði, sem þau verða fyrir með breytingunni á l., er sá, að þau missa 7% stofnkostnaðarstyrk, en önnur græða allt að 20% við lagabreyt., að því er stofnkostnaðarstyrk snertir. Það má vel vera, að þetta sé mál, sem snertir einna mest Húsavík, af því að hún er að byrja að byggja. Þó mun það snerta Siglufjörð líka í uppgjöri og Sauðárkrók. Húsavík er nýbyrjuð að byggja og undir gömlu lagaákvæði.

Hæstv. ráðh. sagði, að ef till. yrði samþ. væri stofnað til óréttlætis, vegna þess að enginn munur væri á því, hvort einhver byggð væri nýbyrjuð á því að reisa sjúkrahús eða önnur byggð byrjaði t. d. í júní eða júlí. Sá mikli munur er á þessu, að sá, sem byrjaður er, er undir lögum, sem ákveða aðilum 67% styrk, en sá, sem byrjar í júní eða júlí, byrjar undir l., sem hafa ákveðið 60%. Einhvers staðar verður jafnan að draga línur í þessum efnum, og línan verður glögg, ef miðað er við gildistöku laganna.

Mér dettur ekki í hug að ætla hæstv. ráðh. það, að hann vilji ekki hlut Húsavíkur góðan. Ég hef enga ástæðu til þess. Ég hef margar ástæður til þess að ætla hið gagnstæða, að hann vilji Húsavík vel, ég hef oft reynt hann að því. En mér finnst, að í þessu efni sé hann of mikill línumaður og Húsavík verði þá dálítið fyrir barðinu á því, þó ekki ein.

Jón Árnason: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja við afgreiðslu þessa merka máls.

Sjúkrahúsmálin eða skipan þeirra eru þau mál, sem hvað mestu skiptir fyrir þjóðina í heild, hversu vel tekst með skipan þeirra og þá þjónustu, sem þau geta í té látið. Með þessu frv. er að ýmsu leyti stefnt inn á nýjar brautir, og ég hygg, að flestir séu sammála um, að það stefni tvímælalaust í rétta átt og verði til mikilla bóta.

Það hafa verið skiptar skoðanir manna um það, hvar sjúkrahús eigi að byggja og hvar sjúkrahús eigi ekki að byggja. Það hefur verið álit sumra framámanna læknavísindanna, að bezt færi á því, að sjúkrahúskostur landsmanna væri sem mest staðsettur hér í Reykjavík. Hefur sú ályktun verið byggð á þeirri sérstöðu, sem Reykjavík hlýtur að hafa umfram aðra staði varðandi val á sérfræðingum og öðrum góðum læknum til starfseminnar. Hefur þó verið talið nauðsynlegt að byggja nokkur minni sjúkrahús úti á landsbyggðinni, sem hefðu aðstöðu til að veita sjúklingum hjálp, þegar um minni háttar aðgerðir eða læknishjálp væri að ræða.

Það er rétt, að Reykjavík hefur langbezta aðstöðu og alveg sérstöðu umfram aðra staði á landinu um allt læknaval og sérfræðinga, og af því leiðir, að hér hljóta jafnan að vera staðsett þau sjúkrahús, sem fullkomnust eru í eigu þjóðarinnar á hverjum tíma. En sú skoðun á vaxandi fylgi að fagna, að einnig beri að leggja á það áherzlu, að nokkur vel búin sjúkrahús verði byggð úti á landsbyggðinni og þeim skapaður grundvöllur til viðunandi rekstrarafkomu. Með þessu frv. er verulega tryggð og bætt aðstaða þessara sjúkrahúsa, og tel ég, að því beri vissulega að fagna. Það sýnir bezt hug þjóðarinnar og skilning á hinni brýnu þörf, sem hér er um að ræða, að einstaka byggðarlög skuli af sjálfshvöt hafa nú nýlega ráðizt í framkvæmdir í byggingu sjúkrahúsa, sem talið er að kosta muni um 70—80 millj. kr. í stofnkostnaði. Allar þessar framkvæmdir voru ákveðnar, áður en löggjöf þessi var borin fram eða komin til framkvæmda, en vitanlega í fullu trausti þess, að þannig yrði að málum þessum búið í framtíðinni, að viðunandi sé.

Á Akranesi stendur nú yfir stækkun sjúkrahússins þar. Sú framkvæmd er áætlað að muni kosta um 25 millj. kr. Kemur þá í hlut heimamanna að leggja fram 10 millj. kr. Hér er að þeirra dómi um eitt mesta áhuga- og hagsmunamál byggðarlagsins að ræða. Á ég þar ekki aðeins við Akraneskaupstað, heldur byggðarlagið í heild. Í því sambandi má benda á nýja ákvörðun aðalfundar kaupfélagsins í Borgarnesi, sem ákvað í tilefni af 60 ára afmæli sínu að gefa 500 þús. kr. til sjúkrahúss Akraness vegna byggingarframkvæmda að stækkun sjúkrahússins, sem nú standa þar yfir. Ég gæti bent á fleira, sem bendir í svipaða átt, þótt ég geri það ekki að þessu sinni.

Með hliðsjón af því, sem snýr að þeim sveitarfélögum eða byggðarlögum, sem byggja og starfrækja sjúkrahús úti á landsbyggðinni, tel ég mikinn feng að frv. þessu. Kemur þar einkum þrennt til: Í fyrsta lagi hluti ríkissjóðs í byggingarkostnaði sjúkrahúsa í bæjarfélögum eða sveitarfélögum, sem hafa yfir 3 þúsund íbúa, þar sem nú er ákveðið 3/5 í stað 2/5 áður, nema til fjórðungssjúkrahúsanna. Í öðru lagi, að tryggt verður, að hluti ríkissjóðs í stofnkostnaðinum verður greiddur á 5—8 árum. Í þriðja lagi aukin þátttaka þess opinbera í rekstri sjúkrahúsanna, jafnhliða því sem nú er ákveðið, að ríkisstyrkurinn verði greiddur hálfsárslega.

Mér er það ljóst, að byggingarkostnaðurinn, stofnkostnaðurinn út af fyrir sig, það er mikið hagsmunamál fyrir byggðarlögin, hver hlut-

taka ríkissjóðs er í stofnkostnaðinum, og vitanlega skiptir það nokkru máli, þótt ekki sé nema um 7% að ræða, eins og hér var rætt um áðan. En mér er líka ljóst af þeirri þekkingu, sem ég hef á þessum málum, og reynslu frá sjúkrahúsinu á Akranesi, að það skiptir þó enn meira máli varðandi framtíðina, hver sá hlutur verður, sem ríkið leggur til í sambandi við rekstur og starfrækslu þessara húsa. Ég veit af reynslunni af rekstri sjúkrahússins á Akranesi, með þeirri aðstöðu, sem sköpuð var af ríkisins hendi allt fram til þessa, að þá var það að óbreyttu mjög þungur baggi, sem bæjarfélagið batt sér með rekstri sjúkrahússins. En með þessu frv. verður allt auðveldara og léttara um rekstur þess.

Þessi atriði, sem ég hef hér sérstaklega bent á, varða öll miklu um byggingu og rekstur sjúkrahúsanna og verða til mikilla bóta frá því, sem nú á sér stað, ekki síst þegar til lengdar lætur, í sambandi við rekstrargrundvöllinn, sem skapaður er í frv. þessu, því að auk þess sem hann er verulega bættur frá því, sem nú á sér stað, er það líka stórt atriði, að styrkurinn skuli nú eiga að greiðast hálfsárslega, í stað þess að hann var greiddur einu sinni á ári áður.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) hefur þegar rökstutt þá brtt., sem hér liggur fyrir, og sýnt fram á, að hún byggist á fullri sanngirni, og það þarf í sjálfu sér ekki við þau rök að bæta. En ég vil þó, af því að ég hef gerzt meðflm. að þeirri till. og þetta málefni snertir sérstaklega það kjördæmi, sem ég er þm. fyrir, þar sem þar eru í byggingu tvö sjúkrahús, þó að þau séu að vísu langt komin, bæta hér örfáum orðum við og til þess þá að taka undir málflutning hv. 1. þm. Norðurl. e.

Það má vel vera, að hér sé ekki um ýkjamikið fjárhagslegt spursmál að ræða fyrir þessi sjúkrahús, sem hér eiga hlut að máli, a. m. k. fyrir þau sjúkrahús, sem eru á Norðurlandi vestra. Og það má vera, að sú skerðing, sem þau verða fyrir vegna þessara ákvæða, verði þeim að einhverju leyti upp bætt með öðru móti. Samt sem áður liggur það fyrir, að ef frv. þetta verður samþ., verður styrkur til þeirra, byggingarstyrkur, lækkaður úr 67 í 60%. Ég lít í raun og veru á þetta mál sem hreint „prinsip"-mál. Ég lít á það sem „prinsip"-mál, hvort það eigi að vera hægt og hvort það sé sæmilegt að lækka framlög til opinberra framkvæmda eins og sjúkrahúsa og skóla og annarra þvílíkra, sem ákveðin eru í lögum, lækka þau frá því, sem þau voru ákveðin í lögum, þegar þær framkvæmdir hófust, sem um er að ræða. Það liggur auðvitað ljóst fyrir, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur sýnt fram á, að þeir, sem leggja í þvílíkar framkvæmdir, gera það á þeirri forsendu, að framlagið af ríkis hálfu sé þetta og þetta. Það er alveg augljóst mál. Og ég hygg, að það sé mjög fágætt, ef ekki jafnvel alveg einsdæmi, að þannig sé farið að, að það sé lækkað til þeirra, sem ráðizt hafa í framkvæmdir, lækkað frá því, sem það var, þegar þeir réðust í framkvæmdirnar. Ég held, að það gefi óheppilegt fordæmi, hvað sem öllum fjármálum líður og hvort sem þeim kann að verða bætt þetta upp með einhverju öðru móti eða ekki. Þeir, sem í slíkar framkvæmdir ráðast, skólabyggingar, sjúkrahús o. s. frv., hljóta, þegar þeir ráðast í framkvæmdirnar, að skoða þau lög, sem þá eru í gildi, og gera sér grein fyrir, hvers styrks, hvers framlags má vænta úr opinberum sjóði til þeirra, og þeir hljóta að hefja framkvæmdirnar í því trausti, að þau framlög verði ekki lækkuð, á meðan á byggingartíma framkvæmdanna stendur. Það er auðséð, að ef sú regla væri upp tekin, að menn ættu ekki almennt að geta treyst þessu, þá væri skapað alveg óviðunandi óvissuástand.

Ég vildi aðeins undirstrika þetta og vildi einmitt mega leyfa mér að vænta, að hv. dm. gerðu sér grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, og sæju sér að þeirri athugun lokinni fært að greiða atkv. með þessari brtt.

Það er gott og sjálfsagt að stuðla að aukinni jafnræðisreglu í þessum málum, og það er í sjálfu sér lofsvert, að sá er tilgangurinn með þessu frv., og það er auðvitað lofsvert, að reynt sé að greiða fyrir möguleikum þessara sjúkrahúsa. En það á ekki að gera með þeim hætti að ganga á rétt þeirra aðila, sem þegar hafa hafið framkvæmdir. Það er sanngirni að láta þá sitja við sama borð áfram, sem þeir sátu við, þegar framkvæmdirnar voru byrjaðar, og samkvæmt því, sem hæstv. heilbrmrh. hefur upplýst, skilst mér, að það sé í sjálfu sér ekki svo mikið fjárhagsatriði, það sé ekki stórt fjárhagsatriði fyrir hið opinbera í þessu sambandi, og þá verð ég að segja, að mér finnst öll sanngirni mæla með því, að þessi brtt. sé samþykkt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég harma þessar deilur, sem hér hafa átt sér stað um þetta mál, og þær mundu sjálfsagt engar hafa orðið, ef gefizt hefði tækifæri til þess að ræða þetta atriði í n. En ekki vil ég alveg liggja undir því, að till. þær, sem ég hef staðið hér að, séu ekki sæmilegar og mundu skapa óviðunandi ástand, og mér heyrðist á hv. síðasta ræðumanni, að þetta væri eiginlega eins konar einsdæmi.

Í fyrsta lagi er það ekki rétt, að þetta lækki til neinna sjúkrahúsa ríkisframlög, þegar litið er á frv. í heild, og það er ekki hægt frá sama sjónarmiði og hv. síðasti ræðumaður að taka eitt atriði frv., ef það er sannanlegt og ekki mótmælanlegt, að önnur atriði frv. vega fullkomlega upp á móti þessu, og ég fullyrði, að aðstaða sjúkrahúsanna allra, sem hér eiga hlut að máli, yrði miklu verri að óbreyttum lögum en ef þetta frv. yrði samþ. í heild. Hér er þess vegna að mínum dómi fjarri því, að nokkuð ósæmilegt sé um að ræða gagnvart þeim. Þessu hef ég haldið fram og þetta held ég, að reynslan muni sýna, að sé rétt hjá mér, og mundi ekki verða vefengt af þeim mönnum, sem til þessara mála þekkja og vita, hvern-

ig framkvæmdin hefur verið eftir eldri lögum og hvers er að vænta miðað við þær breyt., sem hér eru lagðar til.

Þegar maður er kominn út í þessar deilur, er kannske rétt að halda á öllu því, sem til er, og úr því að maður er farinn að deila við lagaprófessor, sem sagði, að það væri ekki sæmilegt að lækka framlög til framkvæmda, sem byrjað væri að ráðast í og menn hefðu skoðað lögin áður en í framkvæmdirnar væri ráðizt, þá eru sannast að segja eldri lögin þannig, að sveitarfélögin eiga bara kröfu til allt að 67% og allt að þeim prósentum öðrum, sem ákveðin eru og hafa verið, en nú er þessu slegið föstu, að nú skal prósentan vera 60%. Með þessu má segja, ef menn skoða lögin fyrir fram, að nú fyrst vita menn, að hverju þeir ganga.

Hitt er svo annað mál, að í reyndinni hefur þetta ekki skipt miklu máli, að smátt og smátt, eftir því sem fé hefur orðið fyrir hendi, þó á mjög löngum tíma, hafa þessi framlög orðið að þessu hámarki, sem þarna er. En frá lagalegu sjónarmiði er þó opið, að prósentan geti verið hvað sem er lægri en hámarkið segir til um.

Eins og ég sagði, ef málið hefði verið rætt í n., hefði kannske ekki til þessara deilna komið. Og það er eitt atriði, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég gæti ekki mótmælt því, að þetta mundi skerða þarna um 7% byggingarstyrkinn til sjúkrahússins á Húsavík, en við nánari athugun er ekki einu sinni fullvíst, að þetta sé svona, því að það mun liggja fyrir, að sýslan standi einnig að sjúkrahúsinu, sýslan og hreppar. Þau standa að 60%, held ég, og hinir aðilarnir 40%, og þá er spurningin, hvort er ekki um sveitarfélög að ræða, sem eru yfir 3000 íbúa. Þá ætti þetta sjúkrahús ekki rétt á nema 40% að óbreyttum lögum, en ekki 67%. Það er þetta handahóf og óvissa, sem ég m. a. hef viljað að úr l. yrði numið, og mér finnst, að það verði ekki vefengt, að í heild tapi enginn á þessu. Og enda þótt svo væri, að þetta sjúkrahús á Húsavík yrði talið eiga rétt að eldri lögum á 67%, sem er þó vafasamt, og náttúrlega þessi sjúkrahús, sem eiga eftir dálítinn byggingarkostnað, á Sauðárkróki og Siglufirði, þegar á heildina er litið og þá framkvæmd, sem ákveðin er beinlínis í þessum lögum, bæði með byggingarstyrkinn og rekstrarstyrkina, — og það er auðvitað laukrétt hjá hv. 4. þm. Vesturl. (JÁ), að rekstrarstyrkirnir verða í framkvæmdinni miklu mikilvægari, þegar á reynir, að þeir séu vel úti látnir og greiddir tvisvar sinnum á ári, eins og nú er ráð fyrir gert, — þegar á heildina er litið, þá verður ekki með sanni sagt, held ég, að neinum aðila sé mismunað með frv. eins og það er án þessarar brtt., sem við höfum verið að ræða.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Ég tók það skýrt fram í ræðu minni, að ég vildi ekkert fullyrða um það, hvort þessi skerðing, sem þarna kemur til greina, yrði bætt upp með öðru móti, af því að ég hef ekki nein gögn í höndum um það og get ekki um það dæmt. Það má vel vera, að það sé. En það er í raun og veru ekki það, sem er höfuðatriðið í mínum huga, heldur er þetta það „prinsip"-mál, hvort á að fara inn á þá braut að lækka þannig ákveðnar fjárveitingar, hlutfall af kostnaði við opinberar framkvæmdir, eins og skóla og sjúkrahús, sem ákveðin eru í lögum, frá því, sem ákveðið var, þegar framkvæmdir voru hafnar. Mér er það að sjálfsögðu kunnugt, að í sjúkrahúsalögum stendur, að það eigi að vera „allt að", en þannig er það nú víðar í lögum. En það er náttúrlega lögtog að fetta fingur út í það, því að í framkvæmdinni er miðað við þetta hámark.

Ég hafði ekki nokkra tilhneigingu og það var alls ekki meining mín að gera á neinn hátt lítið úr þessu frv. til sjúkrahúsalaga, sem hér liggur fyrir. Ég er sama sinnis og aðrir, sem um það hafa talað, að ég álít það almennt til bóta. Og ég get líka tekið undir það, sem hefur komið fram hér hjá ræðumönnum, eins og hv. 4. þm. Vesturl. (JÁ), að það er auðvitað mjög þýðingarmikið atriði í þessu máli, hvernig rekstrarstyrkjunum er háttað. Við vitum það, að eitt erfiðasta málið í sambandi við sjúkrahúsin er reksturinn. En ég vil aðeins undirstrika það, að ég held, að það væri heppilegri meginregla og skemmtilegri frágangur á þessum lögum að samþ. þessar brtt., þannig að lögin skertu ekki rétt neinna frá því, sem verið hefur. Þau bæta rétt og setja í framtíðinni sjúkrahúsin við sama borð, en það er áreiðanlega óvenjulegt og ég þekki ekkert dæmi þess, — það getur vel verið, að hæstv. ráðh. þekki þau, — að þannig hafi verið farið að, að svona hafi verið lækkuð framlög til framkvæmda frá því, sem var ákveðið í lögum, til þeirra framkvæmda, sem byrjað var á. Ég þekki ekki þau dæmi. Og ég get ekki annað séð en að það geti dregið dilk á eftir sér, ef þeir, sem standa að slíkum framkvæmdum, hvort sem það eru sveitarfélög eða aðrir, geta ekki reiknað með því nokkuð örugglega, að það standi, sem í þeim lögum er ákveðið um framlög til þeirra framkvæmda.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég býst við því, að þetta mál skipti kannske ekki svo mjög fjárhagslega þessi sjúkrahús, sem mér mundu standa næst í þessu efni, en ég vil samt enn undirstrika það, að það er „prinsipið", sem í þessu efni skiptir mestu máli frá mínu sjónarmiði.

ATKVGR.

Brtt. 612 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, AG, ÁB, BjörnJ, GilsG, HB, HermJ, KK.

nei: ÓB, ÞK, AuA, BGuðm, EggÞ, GÍG, GTh, JÁ, JÞ, MJ, SÓÓ.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég tel ýmis rök mæla með þeirri brtt., sem hér liggur fyrir. Ég tel hins vegar, að í frv., eins og það er nú, séu það miklar hagsbætur fyrir sjúkrahúsin, einnig þau, sem þessi brtt. varðar, og þar sem það virðist sýnt, að samþykkt breytinga við frv. nú mundi tefla málinu sjálfu í hættu, segi ég nei.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 634).

30. Loftferðir.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um loftferðir [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 3. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til laga um loftferðir var lagt fyrir síðasta hv. Alþingi og varð ekki útrætt þá, enda orðið áliðið þings, þegar frv. var lagt fram. Frv. er samið af þriggja manna nefnd, sem var skipuð 23. marz 1956. Í n. áttu sæti Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, formaður, Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari og Jónas G. Rafnar alþm. N. hefur unnið mikið starf við samningu þessa frv. og ekki sízt það að safna þeim ýmsu gögnum, sem frv. byggist á.

Þau loftferðalög, sem nú er stuðzt við, eru frá árinu 1929, og flugvallalögin eru frá 1945. Síðan núgildandi loftferðalög voru samin, hefur margt breytzt, flugið orðið mikilvægara og ýmsar tæknilegar breytingar á orðið. Það er því eðlilegt, að við þurfum að endurskoða þessi lög, sem voru þá, þegar þau voru sett, byggð á alþjóðlegum reglum, sem í gildi voru, en eru nú vitanlega orðin að öllu leyti eða flestu leyti úrelt. Sérstaklega hefur flugið farið vaxandi milli landa.

Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamþykktum á sviði flugmála, eins og kunnugt er. Hafa sumar þeirra lagagildi hér, en aðrar ekki. Hafa þau mörgu og dreifðu ákvæði, sem þannig gilda um íslenzk flugmál, oft valdið bagalegri óvissu um, hvaða reglum skyldi fara eftir, því að enda þótt alþjóðasamþykkt, sem Ísland er aðili að, en ekki hefur verið lögfest hér, kunni að þoka fyrir eldri lagaákvæðum hér, eru þó íslenzkir flugmenn erlendis ávallt bundnir af hinum alþjóðlegu ákvæðum.

Í frv. þessu er hinum dreifðu ákvæðum safnað saman í einn bálk, og er efnið að sjálfsögðu í samræmi við alþjóðasamninga þá um flugmál, sem Ísland er aðili að. Við samningu frv. var höfð hliðsjón af nýjum, norrænum loftferðalögum, einkum þeim dönsku og norsku. Vegna eðlis flugsins hlýtur löggjöf hvers lands um flugmál að sníðast í verulegum atriðum eftir alþjóðlegum reglum. Í aths. með frv. er að þessu vikið á bls. 31, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt loftför hafi geysimiklu hlutverki að gegna í sínum heimalöndum sem samgöngutæki, til áburðardreifingar o. s. frv., þá er innanlandsflug einungis takmarkaður þáttur af starfsemi loftfara, ef rétt er á haldið. Af þessu leiðir, að innanlandslög, sem miðuðust aðallega við notkun loftfara innanlands, eru mjög ófullkomin og þung í framkvæmd, enda yrðu loftför þá að hlíta síbreytilegum reglum, ef þau fljúga yfir landamæri eins ríkis til annars. Markmiðið hlýtur því að vera að skapa alþjóðlegar reglur um loftferðir, bæði stjórnvaldsreglur og einkamálareglur, og samræma síðan innanlandslög hinna einstöku ríkja þessum reglum. Niðurstaðan er því sú, að setja verði millirikjasáttmála um þau efni, er loftferðir varða, og veita þeim lagagildi í sáttmálaríkjunum. Eyður í sáttmálanum ber síðan að fylla með reglum alþjóðlegs valdstjórnarréttar, alþjóðlegs einkamálaréttar og innanlandslögum samkv. þeim kennisetningum lögvísinda, sem þar um fjalla."

Frv. það, sem hér er til umr., er, eins og fyrr var sagt, efnislega að mestu í samræmi við þau mörgu dreifðu ákvæði laga, t. d. loftferðalaganna frá 1929 og flugvallalaganna 1945, og þeirra alþjóðasamþykkta, sem Ísland hefur gengizt undir varðandi flug. Enda þótt nýmælin séu mörg, ef miðað er við gildandi loftferðalög, nr. 32 1929, eru nýmæli fá, ef miðað er auk laga við þá alþjóðasamninga um flugmál, sem Ísland er aðili að. Frv. þetta stefnir að því að færa loftferðalög okkar í sem bezt samræmi við alþjóðlegan flugrétt. Er lagt til, að það komi í stað hinna gömlu loftferðalaga og einnig í stað laga um flugvelli, nr. 24 1945, en þau lög verða einnig að teljast algerlega úrelt að undanskilinni heimild til eignarnáms á landi undir flugvelli og önnur mannvirki fyrir flugið, en slík heimild er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að verði áfram. Eftir er að semja frv. til l. um réttindi yfir flugvélum, svo og kyrrsetningu flugvéla, en um bæði þessi efni gilda sums staðar sérstök lög, þótt önnur ríki hafi fært það inn í hin almennu loftferðalög.

Mér þykir ekki ástæða til að fjölyrða um hinar einstöku greinar frv., en ég vænti þess, að það þyki nægilega skýrt með hinum ýtarlegu aths., sem n. hefur samið með frv. Eins og frv. ber með sér, er hér um mikinn lagabálk að ræða og tæknilegar hliðar á því, sem dálítið erfitt er fyrir einstaka þm. að gera sér grein fyrir. Verður því í aðalatriðum að leita til hinna tæknifróðu manna um hin ýmsu ákvæði, og er eðlilegt, að hv. samgmn., sem fær málið til meðferðar, leiti upplýsinga hjá þeim, sem helzt væru færir um að svara til um það, hvort þetta frv. er nægilega vel undirbúið til þess að verða gildandi loftferðalög fyrir Ísland. Ég leyfi mér að vænta þess, að svo sé. Það hefur verið varið miklum tíma í að semja frv., og það hefur verið leitað eftir upplýsing-

um um það, hvernig loftferðalög eru í öðrum löndum, og eins og segir í grg. frv., er frv. samið með það fyrir augum að samræma loftferðalög okkar þeim lögum, sem annars staðar gilda.

Ég leyfi mér, að lokinni þessari umr., að óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er eitt atriði í sambandi við þetta frv., sem ég vildi gjarnan spyrja hæstv. samgmrh. að, hvort honum mundi ekki finnast ástæða til þess að hafa í því beinlínis. Það er í sambandi við IV. kafla, sem fjallar um áhöfnina. Ég sé ekki, að það sé tekið fram neitt um vinnutíma þeirra, sem vinna á flugvélunum, og ég held, að það sé eitt af því, sem sé brýn nauðsyn á að hafa í svona lögum, þar sem um þá menn, sem þar starfa, gegnir oft öðru máli en almennt um þá verkamenn, faglærða og aðra, sem vinna hin þjóðnýtu störf í þjóðfélaginu. Vegna öryggis flugvélanna og farþeganna er mun meiri nauðsyn á, að ákvarðanir um vinnutíma séu mjög strangar, og við vitum, að í þeim almennu reglum, sem framfylgt er, er það svo. En er ekki rétt og nauðsynlegt að hafa slíkt í l. sjálfum, eða hefur hæstv. ráðh. hugsað sér, að slíkt mundi kannske aðeins verða sett í reglugerð, og er það nægilegt? Er ekki nauðsynlegt fyrir okkur að setja beinlínis inn í lög ákvæði um vinnutímann, sem flugmennirnir megi vinna? Við vitum það, að sérstaklega hér hjá okkur, þar sem bæði oft er erfitt að fljúga, ekki sízt hvað innanlandsflug snertir, og þar sem millilandaflugið er tiltölulega mjög langt flug, reynir ákaflega mikið á hæfni flugmanna okkar. Og nú erum við yfirleitt svo gæfusamir, að við eigum mjög góða flugmenn, og þess vegna er það líka mjög nauðsynlegt, að vinnuþreki þeirra sé ekki ofboðið, vegna þess að þetta er eitt af þeim störfum, þar sem menn þurfa raunverulega helzt alltaf að vera óþreyttir, þannig að menn geti alltaf beitt allri sinni orku að þeim viðfangsefnum, sem þarf að fást við. — Ég vildi aðeins skjóta því til hæstv. ráðh. og þá annars til þeirrar n., sem fengi þetta til umr., hvort það væri ekki nauðsynlegt að hafa þetta beinlínis í lögunum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hygg nú, að það sé ekki ákvæði um vinnutíma í loftferðalögum þeirra þjóða, sem þetta frumvarp er sniðið eftir. Hitt er svo alveg rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að flugmenn og flugáhafnir mega ekki hafa það langan vinnutíma, að öryggi sé ekki fullkomið þess vegna. En eins og hv. þm. sagði, mætti vitanlega í reglugerð ákveða vinnutímann og ekki síður í samningum á milli flugfélaganna, flugstjóra og annarra áhafna flugvélanna. Að sjálfsögðu tekur samgmn. þetta atriði til athugunar, hvort ástæða þykir til breytinga í því efni frá því, sem er í frv., en ég hygg, að þessu takmarki megi ná, sem hv. þm. nefndi hér áðan, þótt það sé ekki sett í lögin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgmn. með 28 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 347, 349).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Loftferðir eru nú svo ríkur þáttur í samgöngumálum þjóða, að brýna nauðsyn ber til, að um þær og allt, er að þeim lýtur, gildi lög og reglur til sköpunar fyllsta hugsanlegs öryggis. Einnig hér á Íslandi eru loftferðir orðnar þýðingarmikill þáttur samgöngumála. Við Íslendingar höldum nú uppi víðtæku áætlunarflugi innanlands til ómetanlegs hagræðis fyrir landsmenn alla. Jafnframt halda 2 íslenzk flugfélög, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, uppi áætlunarferðum við umheiminn, Flugfélagið aðallega milli Íslands og Evrópulanda, en Loftleiðir bæði til Evrópu og Norður-Ameríku.

Flugsamgöngurnar hafa þannig algerlega rofið einangrun Íslands og fært landið í þjóðbraut á alþjóðasamgönguleiðum.

Það má vera okkur Íslendingum mikið fagnaðarefni, að við höfum síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk eignazt glæsilega sveit ungra flugmanna, sem tryggja þjóðinni nú ekki aðeins fullkomnar og öruggar samgöngur innanlands og á milli landa, heldur hafa þeir og verið þjóð sinni og landi til sóma víða um heim fyrir dugmikla og örugga flugstjórn. Millilandaflugið er orðið að merkilegum þætti í íslenzku atvinnulífi.

Tildrög þess frv., sem hér liggur fyrir til nýrra loftferðalaga, eru í stórum dráttum þau, að Alþ. samþ. árið 1956 till. til þál. um endurskoðun loftferðalaga frá Gunnari Thoroddsen. Var sú till. svo hljóðandi:

„Nd. Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun löggjafar um loftferðir. Skal endurskoðunin við það miðuð, að sett verði heildarlög um þetta efni, lögtekin þau atriði alþjóðareglna um flugmál, sem þurfa þykir, og settar skýrar reglur um innanlandsflug, m. a. um flug yfir bæjum og þéttbýli og flug kennsluvéla."

Í samræmi við þessa till. fól hæstv. núv. flugmálaráðh. Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara að gera drög að frv. til nýrra loftferðalaga. Var það lagt fyrir Alþ. á s. l. hausti. Fylgir því ýtarleg grg., þar sem m. a. er skýrt frá helztu alþjóðasáttmálum, sem gerðir hafa verið um loftferðir. Brýn nauðsyn er talin vera til þess, að hin einstöku ríki samræmi svo sem mögulegt er innanlandslög sín hinum alþjóðlega loftferðarétti. Meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndum hafa starfað nefndir að þessu verkefni allt frá árinu 1948. Hafa þessar norrænu nefndir unnið saman og gert uppköst að loftferðalögum, sem í flestum aðalatriðum eru

samhljóða og eru reist á alþjóðasjónarmiðum. Á grundvelli þessa samstarfs hafa nú verið sett lög í Svíþjóð og í Danmörku, og frv. til slíkra laga hefur verið til meðferðar í Noregi og mun hafa öðlazt lagagildi hinn 1. jan. 1962.

Frv. það til nýrra loftferðalaga, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir hinum norrænu lögum og alþjóðareglum, m. a. Chicagosáttmálanum, sem undirritaður var af hálfu Íslands 7. des. 1944 og fullgiltur af okkar hálfu hinn 21. marz 1947.

Samgmn. d. hefur haft þetta mál til meðferðar og haldið um það fjölda funda. N. hefur leitað um það umsagna flugmálastjórnarinnar, samtaka flugmanna, forráðamanna flugfélaganna og póst- og símamálastjórnarinnar. Hafa allir þessir aðilar látið n. í té ýtarlegar umsagnir um frv. Má segja, að þeir séu allir sammála um, að frv. marki merkilegt spor í loftferðalöggjöf Íslendinga, enda þótt einstakir aðilar hafi bent á ýmis atriði, sem betur mættu fara.

Samgmn. hefur orðið sammála um að flytja allmargar brtt. við frv., og liggja þær fyrir á þskj. 349. Til nokkurra atriða hefur n. þó ekki tekið endanlega afstöðu, en mun gera það á milli 2. og 3. umr. Hafa einstakir nm. einnig óbundnar hendur gagnvart brtt., sem fram kunna að koma.

Ég mun nú gera í stuttu máli grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur og ég hef áður skýrt frá.

1. brtt. er við 3. gr. frv., en í c-lið hennar segir, að þá er sérstakar ástæður séu til, sé flugmálaráðh. rétt að veita loftfari, sem eigi er svo farið sem í 1. mgr. segir, heimild til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði með því skilorði, að telja megi nauðsynlegt, svo sem til öryggis. N. leggur til, að í stað flugmálaráðh. í gr. komi ríkisstj. Er talið eðlilegra, að ríkisstj. í heild veiti slíka heimild, þar sem um svo þýðingarmikla ráðstöfun geti verið að ræða.

2. brtt. er við 28. gr. frv., og er þar lagt til, að orðin „unz bætt er úr spjöllum samkv. reglum, er ráðh. setur. Annars helzt ógildingin" í næstsíðustu málsgr. falli niður. Er með þessari brtt. lagt til, að ógilding lofthæfisskírteinis haldist, unz flugmálastjórnin lýsir loftfar lofthæft.

3. brtt., við 33. gr. frv., er aðeins orðalagsbreyting, þar sem gert er ráð fyrir, að orðið „sérfróður" komi í stað orðsins „verkvís".

4. brtt. er við 52. gr. frv. Leggur n. til, að tvær breyt. verði gerðar á þeirri gr. Samkv. a-lið brtt. er lagt til, að á eftir 1. mgr. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Flugstjóri og flugverjar, sem teljast til áhafna loftfara svo og flugumferðarstjórar, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klst., áður en störf eru hafin, né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar og brot ítrekað."

Þetta ákvæði, sem n. tekur hér upp, er nú reglugerðaratriði. N. taldi það hins vegar svo þýðingarmikið, að skynsamlegt og rétt væri að taka það upp í sjálf lögin. Að öðru leyti þarfnast þessi brtt. ekki skýringar. Öllum er ljóst, hversu þýðingarmikið það er, að fyllstu reglusemi sé gætt af hálfu þeirra manna, sem gegna flugstjórnarstörfum og halda í hendi sér lífi og örlögum mikils fjölda fólks.

Í síðari brtt. n. við 52. gr. er lagt til, að ráðh. setji í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi. Hér er einnig um sjálfsagt atriði að ræða. Á miklu veltur, að flugmenn njóti nauðsynlegrar hvíldar, þannig að þeir séu jafnan vel upplagðir og færir um að gegna hinu ábyrgðarmikla starfi sínu.

5. brtt. er við 56. gr. frv. Er lagt til, að 1. málsl. gr. orðist svo: „Flugöryggisþjónustu skal veita loftferðum til öryggis og léttis." Er þessi brtt. aðeins við það miðuð, að slík þjónusta er nú þegar fyrir hendi hér á landi. Í gr. er hins vegar gert ráð fyrir, að hana skyldi „setja á stofn."

6. brtt. n. er við 84. gr. frv. Er þar lagt til, að aftan við fyrri málsgr. bætist orðin: „þar á meðal um farm- og fargjöld". Felur þessi breyting það í sér, að þegar leyfi er veitt til loftferða innanlands, skuli það veitt um tiltekinn tíma og bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þ. á m. um farm- og fargjöld.

7. brtt. n. er við 140. gr. frv., og er þar lagt til, að 3. mgr. gr. orðist svo:

„Skylt er flugmálaráðh. að skipa rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið."

Hér er um að ræða allveigamikla breytingu. Meginregla 140. gr. frv. er, að flugmálastjórnin skuli láta fara fram rannsókn á flugslysum. N. taldi hins vegar rétt að gera þá breyt. á frv., að flugmrh. væri skylt að skipa sérstaka rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, sem manntjón hefði af orðið.

8. brtt. er afleiðing af brtt. við 140. gr., og sama er að segja um 9. brtt. við 144. gr. frv.

10. brtt., sem er við 150. gr. frv., felur aðeins í sér leiðréttingu.

11. brtt. felur hins vegar í sér allveigamikla breyt. Með henni er lagt til, að 8. mgr. 184. gr. frv. falli niður, en sú mgr. er svo hljóðandi:

„Nú er maður skv. 81. gr. l. nr. 26 1958 sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, og er flugmrh. rétt að svipta hann rétti til að hafa á hendi starfa í loftfari um þann tíma, sem dómur sviptir hann rétti að stjórna ökutæki, enda veiti hið refsiverða athæfi, sem valdið hefur ökuleyfissviptingunni, ástæðu til að ætla, að hann misnoti flugverjaréttindi sín. Aðili getur krafizt þess, að réttmæti sviptingarinnar sé borið undir dómstóla. Ákvæði greinar þessarar taka til þess máls."

Sú skoðun kom fram í samgmn., að ákvæði þetta væri of harkalegt gagnvart flugmönnum, og var talið, að ákvæðið í 5. mgr. gr. fullnægði í þessum efnum, en í henni segir á þessa leið:

„Nú telur flugmálastjórnin, að efni séu til að svipta mann rétti til að starfa í loftfari, og er

henni rétt að svipta hann rétti til bráðabirgða, þó svo, að dómari sá, sem málið ber undir, getur, hvenær sem er og áður en málið er dæmt til fullnaðar, ógilt ákvörðun flugmálastjórnar.“

Samgmn. taldi m. ö. o., að þetta ákvæði væri fullnægjandi.

Um 12. og síðustu brtt. n., sem er við 190. gr. frv., vil ég svo að lokum segja þetta: Í l. nr. 49 1947 er ákveðið, að um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari skuli fara eftir reglum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið. Í brtt. við 190. gr. felst, að þetta ákvæði skuli halda gildi, þar til sett hafa verið ný lög um þetta efni.

Samkv. framansögðu leggur samgmn. einróma til, herra forseti, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hér hef gert grein fyrir, og vísað svo breyttu til 3. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál að þessu sinni. Ég hef átt sæti í samgmn., sem fjallaði um þetta frv., og þar hefur verið lögð allmikil vinna í þetta mál. Hv. frsm. hefur gert grein fyrir störfum n. og þeim brtt., sem hún flytur, og er þar að sjálfsögðu rétt skýrt frá öllu um afstöðu n. og einstakra nm. til málsins. En af því að þess er getið í nál., að til nokkurra atriða, sem fullkomið samkomulag ríkir ekki um, hafi n. ekki tekið endanlega afstöðu, vil ég við þessa umr. aðeins láta þess getið, hvað það er m. a., sem ég legg áherzlu á að fá breytt umfram það, sem þegar eru fluttar brtt. um, svo að það valdi ekki neinum misskilningi, að ég er ekki samþykkur frv. eins og það er.

Það, sem ég legg nokkra áherzlu á að verði lagfært, er 7. gr. frv., þar sem er skilgreining á því, hvað séu íslenzkir aðilar, sem mega eiga loftfar á Íslandi. Ég tel fulla nauðsyn á, að það sé skýrt tekið fram, hverjir teljist íslenzkir aðilar, en ég tel aftur á móti, að í þeirri grein sé fjarri því, að það sé viðunandi skilgreining á því, hvað íslenzkir aðilar séu. Ég skal til dæmis nefna einn lið, f-lið, með leyfi hæstvirts forseta:

„Íslenzkir aðilar teljast“ — og f-liðurinn hljóðar svo: „Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim.“ Ég nefni þetta aðeins sem dæmi. Ég tel þetta ekki viðunandi orðalag og vil fá þessu breytt, því að ég tel, að þarna eigi að vera alveg skýlaust, hverjir eru þeir íslenzku aðilar, sem mega eiga loftfar skrásett á Íslandi.

Annað atriði, sem ég vil strax nefna um að ég er ósamþykkur, er refsiákvæði þessa frv. Það er XIII. kafli frv., og það munu vera yfir 30 gr., sem fjalla um refsingar. Ég tel, að þarna eigi ekki að vera upptalning um hvert einasta brot, hvernig eigi að refsa fyrir það, mér finnst vera handahóf í þessu mati á refsingunum í þessari upptalningu. Ég skal nefna dæmi, sem er í 160. gr., en síðari mgr. þeirrar gr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú lætur flugverji á flugfari undir höfuð leggjast án gildra ástæðna að koma til starfa á réttum tíma eða fer frá starfa án leyfis, og skal hann þá sæta sektum eða varðhaldi allt að 5 mánuðum.“

Þarna er bókstaflega lagt til að setja menn í 5 mánaða varðhald fyrir að vera óstundvísir til vinnu. Ég sætti mig ekki við svona löggjöf. Fleira er það í þessum kafla, sem ég er ósamþykkur. Nú fullyrði ég ekkert um það, nema það kunni að nást samkomulag í n. um þetta, en ég vil taka það strax fram, að þarna er atriði, sem ég get ekki sætt mig við óbreytt.

Í þessu frv. er meira og minna af hugtökum og orðalagi, sem mér finnst sérvizkulegt og óvenjulegt og vildi fá breytt, en fékk það ekki, svo að það mun standa, en það er minna atriði og ég geri engan hávaða út af slíku. En að sjálfsögðu fylgi ég frv. með þeim breyt., sem n. hefur flutt, til 3. umr., og eins og hv. frsm. sagði, verður þá leitazt við að ná samkomulagi um frekari breytingar á því.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég minntist hér á það við 1. umr. þessa máls, hvort ekki mundi vera rétt að láta setja inn í þetta frv. ákvæði um hvíldartíma flugmanna eða um vinnutíma þeirra yfirleitt. Ég sé, að hv. n. hefur orðið við því eða tekið til athugunar þetta atriði og setur þarna inn í ákvæði um, að ráðh. geti í reglugerð sett ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna. Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., ef hann hefði verið viðstaddur, annars til hv. form. n., hvort n. hafi rætt um það, hvaða hvíldartími eða hvaða vinnutími henni þætti hæfilegur í þessu efni. Það væri mjög æskilegt, að það lægi fyrir, þegar ráðherra á að setja svona reglugerð, hvaða hugmyndir hann gerir sér um þetta. Og raunar álít ég, að heppilegra hefði verið að setja beinlínis lagaákvæði þarna inn í, og ég held, að Alþingi hefði sýnt sína ábyrgð bezt með því að setja meira að segja mjög ýtarleg ákvæði ýmist um lágmarkshvíldartíma eða yfirleitt vinnutíma þeirra manna, þ. e. flugmanna. Ég sé og sá það strax, að það eru mjög ýtarleg ákvæði t. d. um áfengisnotkun og ekki nema sjálfsögð. En það stingur nokkuð mikið í stúf, slík ákvæði eru mjög ströng og mjög góð, en hins vegar eru aftur á móti engin ákvæði í sjálfum lögunum til þess að fyrirbyggja verulega þreytu viðkomandi flugmanna. Nú vitum við, að það er alveg sérstök ástæða fyrir okkur Íslendinga til þess að vera allkröfuharðir í þessum efnum. Annars vegar eigum við innanlandsflug, sem er mjög erfitt. Ég held, að það sé alveg óhætt að segja, að innanlandsflugið hér á Íslandi hlýtur að vera með erfiðara flugi í Evrópu, og við vitum það, hvað flugmennirnir þurfa mikið á því að halda að vera óþreyttir við sinn starfa, og mér er ekki grunlaust um, að jafnvel slys, sem orðið hafa, hafi átt orsök sína að rekja til þess, — að vísu flugvél, sem hvarf, þannig að

það er enginn til frásagnar um það, — að flugmenn hafi verið of þreyttir. Við vitum það ósköp vel, að flugmenn okkar eru ákaflega duglegir og flugfélög okkar, sem yfirleitt hafa staðið sig vel, meira að segja mjög vel, hafa orðið að treysta alveg afskaplega mikið á dugnað og ósérplægni flugmanna okkar. Og ég er hræddur um stundum, að þessir góðu eiginleikar þeirra séu notaðir til þess ýtrasta, þannig að frá sjónarmiði ekki bara flugmannanna, heldur líka sérstaklega flugfarþeganna, er eiginlega nauðsynlegt, að væri beinlínis í lögum svona ákvæði. Viðvíkjandi utanlandsfluginu vitum við, að sökum staðsetningar okkar í veröldinni eiga flugmenn okkar alveg óvenjulega löngum flugferðum að sinna, með þeim lengstu í heiminum fyrir slíkar flugvélar, sem við höfum, og meira að segja ekki allar þannig gerðar, að það sé alltaf mögulegt að snúa við til þess staðar, sem þær fóru frá, ef of langt hefur verið haldið, þannig að það er alveg sérstaklega nauðsynlegt líka hvað utanlandsflugið snertir, sem að öðru leyti er að ýmsu leyti léttara en innanlandsflugið, að það séu sérstakar ráðstafanir gerðar til þess, að flugmennirnir séu óþreyttir. Ég hefði þess vegna miklu heldur kosið, að þarna væru bein ákvæði um lágmarksvinnutíma eða um hvíldartíma almennt hjá flugmönnunum. Og ég vildi mjög mælast til þess, af því að ég sé bæði af nál. og helzt af ræðum þeirra tveggja hv. nm., sem hér hafa talað, að það á að athuga þetta allmikið milli 2. og 3. umr., að það yrði athugað um leið, hvort ekki væri rétt að setja þarna ákvæði beinlínis í lögin um, hve langur annaðhvort lágmarkshvíldartími skyldi vera, eða um vinnutíma flugmanna. Ég veit ekki, hvort það er að öllu leyti heppilegt, að ráðh. hafi þetta gersamlega einn á sínu valdi. Það þýðir, að hann verður fyrir alls konar þrýstingi í þessum efnum. Við vitum t. d., að flugmenn okkar eiga við ýmsa erfiðleika að etja, harða samkeppni og annað slíkt, þó að þeim hafi vegnað vel til allrar hamingju fram að þessu. Það þýðir oft, að frá hálfu félaganna er kannske nokkur þrýstingur um það að mega nota vinnukraftana til hins ýtrasta, og ráðh., sem um leið þarf að taka tillit til þess, hvernig þessi flugfélög geta staðið sig í þessari hörðu samkeppni, yrði kannske fyrir fullmiklum þrýstingi í slíku efni. Við vitum það, hvað snertir vinnu sjómanna á togurum, þá eru sett af hálfu Alþingis sérstök lög um hvíldartíma þeirra, og það virðist satt að segja ekki minni ástæða til þess að setja þau um flugmennina, ekki vegna þess, að starfið út af fyrir sig sé svo erfitt. Maður veit það ósköp vel, að ýmsir af flugmönnunum eða sumir þeirra, flugstjórarnir, geta setið í sinni flugvél og bókstaflega hreyfa sig ekki nokkurn skapaðan hlut svo og svo lengi. En það er máske því meiri hætta, ef slíkur maður, sem þannig situr rólegur í vélinni, verður þreyttur og dottar og annað slíkt, ef hann ekki er eins vel fyrir kallaður og hann þarf raunverulega að vera allan tímann. Þetta er einmitt eitt af þeim störfum, þar sem menn þurfa alltaf helzt að vera óþreyttir. Ég vildi þess vegna mjög mælast til þess, að hv. samgmn. athugaði það nú ásamt öðru því, sem hún athugar milli 2. og 3. umr., hvort hún treysti sér ekki til að gera beina till. um lágmarkshvíldartíma flugmanna. Ég skal segja fyrir mitt leyti, að ég er því miður ekki kunnugur, hvernig löggjöf er háttað um þessi atriði hjá öðrum þjóðum, en það getur n. auðvitað undireins fengið upplýsingar um.

Ég vil að öðru leyti taka undir það, sem hv. 3. þm. Vestf. kom hér með í sambandi við 7. gr. Mér sýnist það orðatiltæki, sem hann benti þarna á, ekki aðeins vera mjög ónákvæmt og almennt, heldur líka beinlínis vanta í 7. gr. það, sem virðist vera gert ráð fyrir, þegar þetta orðatiltæki fyrst er notað. Það segir þarna í 7. gr., f-liðnum: „Eða aðrir, sem verða samkv. gr. þessari settir á bekk með þeim.“ Það ætti að þýða, að í þessari gr. væri einhvers staðar fyrirmæli um, hverja menn mætti setja á bekk með þeim. Ég veit ekki, hvort meiningin er, að niðurlagssetningin, sem byrjar með: „Flugmálaráðherra er rétt að gera þarna undanþágur,“ hvort hún eigi að teljast vera skilgreining á þessu, en það get ég vart skilið, þannig að mér sýnist þessi gr. þurfa mjög mikillar athugunar við, en það skil ég sem sé, að n. er sjálf að fjalla um.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem fram hefur komið í þessum umr, sem ég vildi fara um örfáum orðum. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) spurði, hvort samgmn. hefði rætt um, hvaða hvíldartími væri hæfilegur fyrir flugmenn. Þetta bar verulega á góma innan n., m. a. af því tilefni, að hv. 3. þm. Reykv. hafði við 1. umr. málsins hreyft því, að nauðsynlegt væri að setja ákvæði í lögin um lágmarkshvíldartíma flugmanna. Ég hygg, að það hafi verið sameiginleg skoðun nm., að það sé mjög þýðingarmikið, að flugmönnum sé tryggð nægileg hvíld, þannig að þeir vinni jafnan störf sín vel hvíldir. Hins vegar taldi n. sig ekki hafa aðstöðu til þess að dæma um það, þannig að hún gæti flutt um það brtt. við þetta frv., hver lágmarkshvíldartími flugmanna ætti að vera. Það er nú þannig, að yfirleitt er vinnutími einstakra stétta ákveðinn með samningum þeirra við vinnuveitendur sína. Ég veit, að í einstökum tilfellum hefur löggjafinn sett ákvæði um lágmarkshvíld einstakra starfshópa, eins og t. d. togaravökulögin á sínum tíma. Engu að síður taldi samgmn. sig ekki hafa aðstöðu til þess, a. m. k. á þessu stigi málsins, án þess þá að hafa fengið frekari upplýsingar frá samtökum flugmanna og flugfélögunum um það, hver lágmarkshvíldartími ætti að vera. N. taldi, að stigið væri verulegt spor í rétta átt með því að leggja til, að ráðh. setti í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna, til að tryggja fyllsta öryggi. Það er vissulega spor í rétta átt, og mér þykir ólíklegt, að hæstv. ráðh., hver sem hann væri á hverjum tíma, mundi setja slíkar reglur án þess að hafa við það samráð við aðila. Ég

held, að gangur málsins hlyti að verða sá, að flugmálaráðherra mundi, áður en hann setti slík reglugerðarákvæði, hafa samráð við samtök flugmanna og vinnuveitendur þeirra, flugfélögin.

Ég hygg, að ég hafi með þessu svarað fsp. hv. 3. þm. Reykv., en vil endurtaka það, að okkur nm. greinir ekki á við hv. þm. um það, að nauðsynlegt sé að tryggja, að flugmenn njóti lágmarkshvíldartíma, þannig að þeir hafi jafnan aðstöðu til þess að vinna störf sín óþreyttir og þannig, að hins fyllsta öryggis sé gætt.

Um samningu frv. vil ég svo að lokum segja það, að það er a. m. k. mín persónulega skoðun, að þetta frv. sé mjög vel samið og að í það hafi verið lögð geysileg vinna. Mikill fróðleikur um flugmál og alþjóðareglur um loftferðir felst í grg. frv., sem allir hv. þm. hafa haft aðstöðu til þess að kynna sér. Ég álít, að Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari hafi unnið frábærlega gagnlegt starf með samningu þessa frv. og það eigi að geta orðið merkilegt spor til umbóta á loftferðalöggjöf okkar í framtíðinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni og frsm. samgmn. fyrir svar hans. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi taka fram í sambandi við það. Mér fannst hann stilla þessu máli fullmikið sem aðeins spurningu um samninga á milli stétta, stéttarfélaganna, við skulum segja flugfélaganna annars vegar og flugmanna hins vegar. Það er rétt, að stéttirnar og félög þeirra geta samið um vinnutíma sín á milli. En það er ekki frá því sjónarmiði, sem ég er að ræða þetta mál. Ég þykist vita, að flugmenn munu að sínu leyti og samtök þeirra reyna að knýja fram skynsamlegan vinnutíma fyrir sig og frá sínu sjónarmiði og annað slíkt. En það, sem okkur ber að ræða hér og taka tillit til, er fyrst og fremst sjálft öryggi farþeganna. Þetta er bara að einu leyti og að miklu minna leyti spurningin um samninga á milli stétta og stéttarfélaga. Þetta er fyrst og fremst öryggismál. Þegar Alþingi setur t. d. togaravökulögin, er það raunverulega fyrst og fremst mannúðarmál, heilbrigðismál og það að hjálpa sjómönnunum í baráttu þeirra. Það er raunverulega ekki það sérstaklega, sem ég býst við að sé hérna. Ég þykist vita, að samtök flugmanna eru mjög sterk og þau mundu geta knúið fram allmikil réttindi sér til handa í þessum efnum. En það, sem okkur ber að athuga hér á Alþ., er öryggi gagnvart farþegunum. Mér dettur t. d. í hug, þó að ég til allrar hamingju viti, að flugmönnunum hér á Íslandi dettur það ekki í hug, að maður heyrir stundum í útvarpinu, að það er auglýst, þegar beðið er um verkamenn, að það sé langur vinnutími, og maður kannast við það hörmulega fyrirbrigði nú, að það sé jafnvel farið fram á það af hálfu þeirra, sem vinna, að fá sem allra mesta yfirvinnu. Og við skulum bara hugsa okkur, að einhverjum flugmönnum dytti það nú í hug, að þeir þyrftu endilega að fá langan vinnutíma, þeir vildu fá mikla yfirvinnu, hvort þá hins vegar, jafnvel þótt samtök þeirra væru sammála um slíkt, að það næði nokkurri átt af hálfu Alþingis og löggjafans að leyfa slíkt. Þess vegna held ég, að við verðum þarna að taka þetta mál án tillits til samninga milli flugmanna annars vegar og flugfélaga hins vegar, út frá því, eins og við setjum þarna mjög hörð ákvæði viðvíkjandi t. d. áfengisneyzlunni, bara út frá því að tryggja öryggi farþeganna og þar með flugmannanna sjálfra. Ég held þess vegna, að það megi ekki stilla þessari spurningu upp þannig, eins og hv. form. samgmn. gerði, að flugmálaráðh. eigi bara að gera þetta í samráði við þá, flugmennina annars vegar og flugfélögin hins vegar, eins og þetta væri bara stéttarfélagasamningamál, þar sem hann ætti að vera góður sáttasemjari. Þetta mál er allt öðruvísi. Þetta mál er þannig, að hann á að geta sagt jafnt við flugfélögin og við flugmennina: Þið vinnið ekki lengur en þetta hérna, hvort sem ykkur langar til þess að fá lengri vinnu, ykkur flugmenn, eða þið hérna í flugfélögunum viljið láta vinna lengur. — Það eru því flugfarþegarnir og öryggið, sem flugmálaráðh. þarna fyrst og fremst verður að taka tillit til. En það, sem ég var einmitt hræddur um, er það, sem hv. form. og frsm. samgmn. kom inn á. Ég var einmitt hræddur um, að hann mundi fyrst og fremst fara að spyrja flugmennina og flugfélögin og mundi fara að reyna eins og að semja á milli þeirra um, hvernig þetta væri. En það er einmitt það, sem hann á ekki að gera. Það er sjálfsagt af honum að tala við þá aðila báða mjög vel og kynna sér alla málavöxtu, en endanlega hlýtur það að ráða hjá honum, hvað hann álítur rétt gagnvart öryggi farþeganna. Og þess vegna held ég nú, af því að ég er hræddur um, að hann gæti komizt í dálítið erfiða aðstöðu, einmitt af því, að hann máske tæki þetta þannig, að hann ætti að vera eins konar samningamaður þarna á milli og reyna að láta þá koma sér saman um þetta, að það væri betra, að Alþingi setti þetta sem lög, og ég vildi mjög mælast til þess, að hv. n. kynnti sér þetta undir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 349,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
6.—23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
24.—27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 349,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 349,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
34.—42. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
43.—51. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 349,4.a samþ. með 28 shlj. atkv.
— 349,4.b samþ. með 29 shlj. atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.

53. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
54.—55. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 349,5 samþ. með 29 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
57.—80. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
81.—83. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 349,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
84. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
85.—87. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
88.—95. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
96.—131. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
132.—136. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
137.—139. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 349,7 samþ. með 30 shlj. atkv.
140. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
141. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 349,8 samþ. með 30 shlj. atkv.
142. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
143. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 349.9 samþ. með 30 shlj. atkv.
144. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 349,10 samþ. án atkvgr.
145.—151. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
152.—183. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 349,11 samþ. með 25:1 atkv.
184. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
185.—188. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
189. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 349,12 (ný 190. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 71., 72., 74. og 75. fundi í Nd., 19. og 20. marz, 6. og 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 377, 394, 395, 413).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. gat ég þess í framsögu fyrir málinu af hálfu samgmn., að n. hefði ekki tekið endanlega afstöðu til nokkurra atriða í frv. og mundi athuga það nánar á milli 2. og 3. umr. Nú hefur n. haldið fund um málið á milli umr., en samkomulag hefur ekki náðst í n. um flutning frekari brtt. en gerð var grein fyrir og fluttar voru af hálfu n. við 2. umr. Hins vegar hafa einstakir nm. flutt tvær brtt., og enn fremur hafa verið lagðar fram brtt. á þskj. 413 af hálfu fjögurra hv. þm. Ég hef ekki umboð til þess af hálfu n. að lýsa afstöðu hennar til þessara till., en vil segja það sem mína persónulegu skoðun, að ég teldi bezt á því fara, að ekki yrðu frekari breytingar gerðar á frv. hér í þessari hv. þd. N. hefur ekki, eins og ég sagði, tekið afstöðu til þessara till., og það verður að koma í hlut hv. þd. að taka afstöðu til þeirra.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að umr. verði lokið og þetta frv., sem hefur verið alllengi hér í hv. þd., fái sem fyrst þinglega meðferð frá deildinni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau ummæli hv. frsm. n., að æskilegt væri, að þetta frv. þyrfti ekki að tefjast lengur. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé til mikilla bóta. Það er mikla vinnu búið að leggja í þetta frv., fyrst og fremst við samningu þess, og n. hefur rætt það á mjög mörgum fundum. En nú liggja fyrir brtt. við þetta frv. á þskj. 413 frá 4 hv. þm. og 1. flm. þessara till. mun vera forfallaður vegna veikinda, en væntanlega verður nú talað fyrir þessum till. samt. Ég ætla, að 2 af flm. séu auk þess fjarverandi og það sé aðeins einn af þessum 4, sem hér er staddur.

Eins og frsm. tók réttilega fram, hefur n. ekki tekið afstöðu til þessara till. Ég tel lakara, að það liggur ekki fyrir nein vitneskja um það, hvernig flugfélögin og flugmálastjórnin taka þessum brtt. Ég tel þörf á, að slíkt hefði getað legið fyrir, því að það eru allmikilsverð ákvæði í þessum brtt., ekki sízt um vinnutíma og hvíldartíma flugmanna. Ég hef satt að segja ákaflega mikla tilhneigingu til þess að verða við sanngjörnum óskum flugmanna um ákvarðanir í þessum efnum, en ég á afar bágt með að taka ákvörðun um það, þegar ég veit ekkert, hvernig flugfélögin taka þessu eða flugmálastjórnin, og ekki er vitað, hvernig þessar till. mundu verka í framkvæmd fyrir öryggi í flugmálum.

N. gerði þá breytingu á þessu frv., að um hvíldartíma flugmanna skuli sett ákvæði í reglugerð. Við gengum ekki lengra í því en að þær ákvarðanir yrðu teknar til þess að tryggja sem bezt öryggi í flugi. Við þorðum ekki að ganga lengra. Ef það kemur í ljós, að þessar till. eru mjög nálægt því, sem bæði flugfélög, flugmálastjórn og flugmenn telja hæfilegt og réttmætt, sé ég ekkert í veginum að samþykkja till. En þetta liggur ekki fyrir. Ég vil ógjarnan fara fram á það, að málinu sé frestað enn. Það er kominn svo langur tími í meðferð þessa máls, að það er slæmt að þurfa að gera það. Ég held, að ég sjái mig til neyddan að sitja hjá við atkvgr. um þessi atriði till. af þessum ástæðum.

Þá er hér allstórt atriði í þessum brtt. um loftferðadómstól, sem mikið er búið að ræða um í n. Ég er ekki enn reiðubúinn að fallast á þá till., enda held ég, að n. hafi komizt að þeirri lausn á því vandamáli, sem megi vel við una.

Þá er ein till. á þessu þskj. frá þeim fjórmenningunum um það, að 160. gr. frv. falli niður. Um þessa grein var allmikið rætt í n., og urðum við ekki sammála um afstöðu til hennar, enda flytjum við tveir þm. brtt. við gr., hv. 5. þm. Vesturl. og ég. Greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú leiðir maður, sem skuldbundið hefur sig til starfa í loftfari, hjá sér að taka til starfa eða halda starfi áfram, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

Nú lætur flugverji á flugfari undir höfuð leggjast án gildra ástæðna að koma til starfa á réttum tíma eða fer frá starfi án leyfis, og

skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 5 mánuðum.“

Brtt. okkar hv. 5. þm. Vesturl. er á þskj. 395, og við leggjum til, að seinni hluti gr. falli niður. Okkur þykir það nokkuð hart og nokkuð langt gengið, ef á að vera heimilt að fara að setja menn í varðhald fyrir það að vera óstundvísir til vinnu, því að þótt þessi hluti gr. yrði felldur niður, er ekki hægt að sjá, að það skapi neina hættu í flugi, því að þarna er um að ræða, að starfsmenn komi til starfa á réttum tíma og fari ekki án leyfis. Þetta getur ekki átt við menn uppi í loftinu, þeir geta ekki farið frá störfum þaðan án leyfis og ekki heldur komið of seint til starfa uppi í loftinu. Þetta hlýtur að eiga eingöngu við starfa á jörðu niðri, þ. e. á flugvöllum, og við sjáum þess vegna enga hættu á ferðum, þó að þessi harða refsing sé felld niður, enda eru í öðrum greinum og það allmörgum allþungar refsingar við, ef flugmenn eða starfsmenn flugþjónustunnar óhlýðnast fyrirmælum yfirmanna sinna. Strax í næstu grein á eftir segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef flugverji hlýðir eigi við starfann skipunum yfirboðara sinna, skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.“

Þetta er sannarlega nóg, án þess að taka það fram í sérstakri grein, að ef hann er óstundvís til vinnu, skuli hann sæta svona óvenjulega þungum refsingum.

En nú flytja þessir hv. 4 þm. till um, að öll greinin skuli falla niður. Ég sé ekkert á móti því, að hún falli öll niður. Það raskar ekkert frv. til skaða, þó að það verði gert, og ég mun greiða atkv. með þeirri till., og er þá auðvitað till. okkar hv. 5. þm. Vesturl. fallin. Verði hún hins vegar ekki samþ., þessi brtt. þeirra fjórmenninganna, þá fylgjum við náttúrlega okkar eigin till. um að fella seinni hluta gr. niður.

Þá hef ég flutt brtt. við frv. á þskj. 394. Sú brtt. er við 7. gr. frv. 7. gr. greinir frá því, hverjir hafa rétt til að fá skrásett loftför á Íslandi, og segir í upphafi greinarinnar: „Rétt er að skrásetja loftfar hér á landi, þá er íslenzkir aðilar eiga það.“ Svo kemur skilgreining á því, hvað eru íslenzkir aðilar. Í þremur fyrstu liðunum, sem enginn ágreiningur er um, segir, að það sé íslenzka ríkið og stofnanir, sem hlíta stjórn þess, íslenzk sveitarfélög og íslenzkir ríkisborgarar. Við þessa þrjá liði hef ég ekkert að athuga. Svo kemur d-liður: „Mannúðarstofnanir, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, ef þeir hafa aðsetur á Íslandi.“ Ég skil ekki, við hvaða aðila þarna er átt. Ég veit ekki, hvers konar mannúðarstofnun þetta getur verið, þ. e. a. s. íslenzk, ef hún fellur ekki undir þau ákvæði, sem síðar koma um hlutafélög með takmarkaðri ábyrgð eða félög með ótakmarkaðri ábyrgð. Það eru ekki ríkisstofnanir, það eru ekki íslenzk sveitarfélög, það eru ekki íslenzkir ríkisborgarar, það eru ekki hlutafélög, það eru ekki félög með takmarkaðri ábyrgð, og það eru ekki félög með ótakmarkaðri ábyrgð. Hver getur þetta þá verið? Og ég get ekki fengið mig til þess að setja ákvæði í lög, sem ég skil ekki sjálfur. Ég vil ekki eiga þátt í því, og ég hef enga skýringu fengið á því í samgmn., hvers konar stofnun þetta getur verið. Hún á að vera íslenzk og hlýtur að eiga að vera það, fyrst upphaf gr. byrjar á því, að það eru aðeins íslenzkir aðilar, sem mega eiga hér loftför. Það bar á góma einu sinni í n., að þarna kynni að vera átt við Rauða kross Íslands. Ég hef kynnt mér það og komizt að þeirri niðurstöðu, að það getur ekki átt við hann, því að Rauði kross Íslands er íslenzkt félag með ákveðnum, tilgreindum félagsmönnum, sem greiða sín gjöld til þessa félags, hefur sína íslenzku stjórn og er ekki háð á neinn hátt Alþjóðarauðakrossinum. Þótt það greiði nokkurn fjárstyrk til hans, breytir það því ekki, að Rauði kross Íslands er íslenzkt félag og mundi því falla undir önnur ákvæði þessarar gr. Mér sýnist því, að þessi d-liður sé algerlega óþarfur, og meðan ég fæ ekki nánari skýringar á honum, hver hann getur verið, vil ég ekki taka þátt í að hafa hann þar með.

Næsti liður er e-liður. Þar segir svo: „Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. 2/3 samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.“

Það er alveg eins um þetta atriði og hitt, að ég get ekki séð, hvers konar fyrirbæri þetta er, samtök, sem ekki er félag, ekki er ríkisstofnun, ekki eru ríkisborgarar, og ekki nein tegund félaga. Ég veit ekki, hvað þetta er, og þar af leiðandi get ég ekki tekið þátt í að samþykkja það. Um þetta segir, að þessi samtök hlíti fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna og að 2/3 samtakamanna séu íslenzkir ríkisborgarar. Er þetta þá ekki félag af einhverju tagi? Þau koma síðar í upptalningu í gr., svo að ég álít þetta óþarft.

Loks koma þrír liðir, f, g og h. Það eru félögin, sem hafa einn alvarlegan ágalla, sem ég vildi fá numinn burt. F-liður hljóðar svo:

„Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkv. gr. þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvari 2/3 hlutafjár“ o. s. frv.

Þeir, sem eiga hlutabréfin í þessu félagi, verða að vera ríkisborgarar eða aðilar, sem verða settir á bekk með þeim. Hverjir geta það verið? Hvaða aðilar geta það verið, ef þeir eiga að vera íslenzkir, sem aðeins verða settir á bekk með íslenzkum ríkisborgurum? Er ekki hér hreinlega verið að heimila útlendingum að mega eiga hlutabréf í slíku félagi, ef viðkomandi yfirvöldum þóknast að telja þá hæfa til að setjast á bekk með Íslendingum? Ég held, að það sé með öllu óvenjulegt í löggjöf að taka svona til orða, þannig að maður viti alls ekkert, við hverja er átt, og ég get ekki komizt hjá að álíta, að hér hljóti að vera átt við útlendinga, hér sé um útlendinga að ræða, sem megi telja jafngilda og Íslendinga til að eiga hlutabréf í hlutafélagi, er reki loftfar. Þess vegna hef ég lagt til, að þessu verði breytt.

Um g- og h-liðinn er alveg það sama að segja. G-liðurinn hljóðar svo:

„Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, enda séu 2/3 hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkv. grein þessari eru settir á bekk með þeim.“

Og í síðasta liðnum, h-liðnum, er sama orðalag: „Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkv. gr. þessari eru settir á bekk með þeim.“

Ég leitaði mjög eftir skýringu á þessu í n., hvað þetta þýddi, þetta orðalag, og ég fékk enga viðunandi skýringu. Þó var það nefnt, að hér væri átt við 3 fyrstu liði gr., það væru aðilar, sem mætti setja á bekk með íslenzkum ríkisborgurum. Hvernig er hægt að koma því heim, að íslenzka ríkið, íslenzk sveitarfélög, íslenzkir ríkisborgarar verði settir á bekk með íslenzkum ríkisborgurum? Ég sé enga skýringu á þessu. Mér finnst þetta vera orðin hrein meiningarleysa, ef á að skýra það þannig. Hér hlýtur að vera átt við útlendinga og ekkert annað. Og ef það er svo, að þarna er átt við útlendinga, sem verða settir á þennan dýrmæta bekk, sé ég ekki annað en útlendingar geti líka átt fjármagnið í þessum félögum, og þá fer að verða hæpið að telja þetta íslenzka aðila, eins og gr. byrjar á. Af þessum ástæðum er það, sem ég hef flutt brtt. á þskj. 394, og felli ég þá saman í einn staflið alla þessa 5 stafliði, d—h, þ. e. a. s., ég sleppi mannúðarstofnunum og samtökum, sem ég er búinn að gera grein fyrir áður, en hvað félögin snertir, hef ég flutt þessa till.: „Félagssamtök, hlutafélög svo og önnur félög með takmarkaðri og ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu a. m. k. 2/3 hlutar félagsmanna íslenzkir ríkisborgarar, er eigi a. m. k. 2/3 hlutafjár eða félagseignar.“ M. ö. o.: íslenzkir aðilar geta ekki aðrir talizt hvað félög snertir en þessir, að 2/3 hlutar félagsmanna séu íslenzkir og þeir eigi 2/3 hlutafjár eða félagseignar. Þetta er því mjög einfalt. Er þá sloppið við þetta ákaflega óákveðna orðalag, sem kemur fram í frv.

Ég hefði nokkra hvöt til að ræða frekar um brtt. á þskj. 413, en þar sem þess er enginn kostur að athuga þær nánar eða a. m. k. það er erfitt og tefur enn frv., að n. athugi þær nánar, þó að ég hefði reyndar kosið það, þá þýðir ekki fyrir mig að vera að fara lengra út í þá sálma. Ég er búinn að nefna afstöðu mína til stærstu atriðanna í þessum brtt., en það eru fleiri atriði í þeim, sem eru nokkuð athyglisverð og ég mundi hafa rætt um frekar, en þar sem þetta er síðasta umr. í þessari hv. d. um frv. og n. mun sennilega ekki skoða frv. frekar, þá verð ég að láta það hjá líða og mun sitja hjá við atkvgr. um þessar brtt. nema hvað snertir 160. gr., eins og ég áður sagði.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur nú verið til meðferðar hjá hv. samgmn. síðan í haust, og er enginn vafi á því, að n. hefur athugað málið mjög vel og gaumgæfilega, farið yfir frv., kallað ýmsa á sinn fund og rætt við þá og hefur að sjálfsögðu markað sér stefnu í málinu, enda þótt hér liggi fyrir tvær brtt. frá tveimur hv. nm., sem eru ekki að vísu efnismiklar, en geta þó haft nokkur áhrif. Það hefur verið frestað umr. um þetta mál hér í d. vegna veikinda hv. 1. flm., sem á brtt. á þskj. 413, og er það að vísu mjög slæmt, að ekki hefur verið mælt fyrir þessum till. og gerð grein fyrir þeim, en þær skýra sig nokkuð sjálfar, og án þess að fyrir þeim sé mælt er hægt að sjá, hvað fyrir hv. flm. vakir.

Þegar þessar brtt. á þskj. 413 komu fram, sendi ég þskj. til umsagnar flugmálastjóra, fulltrúa flugmálastjóra og þess lögfræðings, sem er sérstakur ráðunautur flugmálastjórnarinnar. Og umsögn þeirra um till. liggur fyrir í stuttu máli, sem sé það, að þeir telja till. ekki til bóta, þótt þær verði samþykktar, heldur miklu fremur vafasamt, að þær eigi á nokkurn hátt rétt á sér. Og ef við tökum 1. till., a-lið, og athugum hana, þá er það ljóst, að í brtt., eins og hún er á þskj. 413, ef hún yrði samþykkt, er dregið mjög úr þeim áhrifum, sem ákvæðunum í frvgr., 52. gr., er ætlað að hafa. Það hefur verið vitnað til þess í umr. um þetta mál hér á Alþ. og eins af hv. frsm. samgmn., að þetta frv. er á margan hátt sniðið eftir löggjöf nágrannaþjóðanna, og það er áreiðanlega hvergi í þessu frv. gengið lengra í kröfum á hendur flugmönnum eða flugáhöfnum en þótt hefur nauðsynlegt í nágrannalöndunum. Það er fjarri mér að vilja níðast á flugmönnum, sem gegna svo ábyrgðar- og þýðingarmiklu starfi fyrir þjóðfélagið. En þessi stétt, flugmennirnir og flugáhafnir yfirleitt, það er ekkert síður þeirra vegna sjálfra en almennings að sníða löggjöfina við hæfi og miða hana við þá reynslu, sem þær þjóðir hafa fengið, sem hafa lengur starfað við þennan atvinnuveg en við, telja nauðsynlegt. Ég kemst því ekki hjá því að mæla gegn a-lið brtt. við 52. gr.

B-liður till. á sama þskj. er í sambandi við það, að ef flugverja er tekið blóð, telja flm. brtt. nauðsynlegt, að flugverja sé ekki heimilt að hefja flug næstu 12 klukkustundirnar, eftir að blóðið hefur verið tekið. Nú hefur það verið fullyrt í mín eyru og er álit þeirra aðila, sem ég hef leitað til, að þegar um blóðtöku sé að ræða, sé þetta tiltölulega mjög lítið, og þótt það væri eðlilegt, að flugverji fengi nokkra hvíld eftir slíkt, er talið alger óþarfi, að það þurfi að vera í 12 klukkustundir. Að því leyti er þessi till. óþörf og óheppileg, og er því talið sjálfsagt að mæla gegn henni, og er það till. þeirra, sem hafa þekkingu á þessu.

Þá er það 2. liður brtt. á þskj. 413, sem er um ýmislegt, sem lýtur að kjörum flugmanna og ekki þykir eðlilegt að vera að setja í löggjöf. Það þykir miklu eðlilegra, að þetta sé í kjarasamningi eða þá í reglugerð, ef það þætti nauðsynlegt, en alls ekki í lögum. Og það er hvergi í lögum. Hvers vegna ættum við Íslendingar þá að byrja á því, úr því að það þykir ekki eðlilegt annars staðar? Og ég segi nú það, að þegar ég les þessa brtt., sýnist mér,

að það geti verið mjög vafasamt, nema hér sé um of langan vinnutíma að ræða. Ég teldi það mjög vafasamt að lögfesta, að hvíldartíminn skuli ekki vera jafnvel meiri en þetta, og það er þungt í vöfum, ef menn kæmust að raun um, að það væri eðlilegt, að hvíldartíminn væri lengri en gert er ráð fyrir í þessari brtt., að það yrði að breyta l. til þess að geta gert eðlilega samninga um þessi mál milli atvinnurekenda og flugverjanna. Það er sem sagt, að þetta ákvæði á að vera í kjarasamningum eða reglugerð, og það er vitanlega sjálfsagt að miða við það, að hvíldartími sé nægilegur. Það er ekki aðeins mál flugverjanna, það er ekki síður mál almennings, fólksins, sem flýgur með þessum mönnum, að þeir séu ekki of þreyttir og syfjaðir, og það er þess vegna nauðsynlegt, að það sé fyrir það girt, að mönnum sé ætlaður of langur vinnutími við svo ábyrgðarmikið starf, en það er hægt að tryggja á hentugri og betri hátt en að lögfesta þá brtt., sem hér er um að ræða á þskj. 413, enda endurtek ég það, sem ég sagði áðan, að það gæti vel verið, að að athuguðu máli þætti nauðsynlegt, að hvíldartíminn væri lengri en hér er um rætt.

Þá er hér brtt., sem gerir ráð fyrir loftferðadómstól, sem hefur yfirstjórn rannsókna vegna flugslyss. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv., en brtt. gerir ráð fyrir því. En í frv. er gert ráð fyrir, að flugmálastjórnin láti fara fram rannsóknir á flugslysum, en ráðh. geti, ef hann telur ástæðu til, skipað sérstaka rannsóknarnefnd kunnáttumanna til þess að rannsaka slysin. Þetta ákvæði er í frv., og það má geta nærri, ef flugslys verður, hvort þessi heimild verði ekki notuð. Hún hlýtur að verða notuð af hvaða ráðh. sem væri, því að ef um flugslys er að ræða, verður vitanlega talið nauðsynlegt að komast eftir því, hvaða orsakir ollu slysinu. Þess vegna er þessi brtt. á þskj. 413 með öllu óþörf og óeðlileg.

Það er þá eiginlega ekki fleira, sem ég þarf að segja um brtt. á þskj. 413, — og það er þó ein, það er brtt. við 160. gr. Þar er gert ráð fyrir, að gr. verði alveg felld niður. Ekki þykir heppilegt að hafa ekkert ákvæði til trygginga og aðhalds fyrir því, að flugmenn mæti og ræki störf sín, því að þótt flugmenn séu yfirleitt mjög samvizkusamir sem betur fer og hreinar undantekningar, ef það er ekki, er vitanlega nauðsynlegt að hafa ákvæði í l., sem hægt er að beita, ef flugmaður vanrækir starf sitt, því að það getur vitanlega valdið ekki aðeins miklum óþægindum, heldur og miklum kostnaði, ef flugmaður mætir ekki, þegar flugvél á að fara í langferð og búið að bóka flugvélina alveg þéttsetna. En sem betur fer er það sjaldan og hefur kannske aldrei verið, að það hafi komið fyrir hér, að um slíkt væri að ræða. En þetta gæti skeð, og þess vegna er eðlilegt að hafa ákvæði um þetta í l., og það er vitanlega ekki að ástæðulausu sett þar inn.

Tveir hv. nm. hafa flutt brtt. á þskj. 395, þar sem þeir leggja til, að fyrri mgr. till. standi í frv. áfram, en seinni mgr. falli niður. Ég vil nú segja það, að ég vil taka til athugunar, hvort það nægir ekki, að fyrri mgr. standi. Mér sýnist í fljótu bili, að það gæti komið til greina, og ég mundi leggja til, að atkvgr. yrði frestað í dag, en helzt, að umr. yrði lokið, og mér finnst alveg sjálfsagt að athuga það, hvort það er ekki fullnægjandi að hafa fyrri mgr. í l. og fella seinni mgr. niður. Það vil ég taka til nánari athugunar.

Og svo er hér till. á þskj. 394 frá hv. 4. þm. Vestf. Hans brtt. er við 7. gr., sem hann var að lesa hér áðan, og ég get ekki verið sammála hv. þm. um það, að eins og 7. gr. er nú, sé jafnvel gert ráð fyrir því, að útlendingar geti haft meiri hluta í félagi, sem væri stofnsett hér til rekstrar flugvéla. Mér sýnist, ef við lesum þessa grein frá orði til orðs, með leyfi hæstv. forseta, að það sé algerlega fyrir það girt. Það segir orðrétt í 7. gr.:

„Rétt er að skrásetja loftfar hér á landi, þá er íslenzkir aðilar eiga það. Íslenzkir aðilar teljast: a. Íslenzka ríkið og stofnanir, sem hlíta stjórn þess. b. Íslenzk sveitarfélög. c. Íslenzkir ríkisborgarar. d. Mannúðarstofnanir, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi. e. Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda sé a. m. k. 2/3 samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar. f. Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkv. gr. þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvari 2/3 hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. 2/3 allra atkv. g. Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, enda séu 2/3 hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkv. gr. þessari eru settir á bekk með þeim, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenzkra ríkisborgara búsettra þar. h. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkv. gr. þessari eru settir á bekk með þeim.

Flugmálaráðherra er rétt, þegar mjög mikilvægar ástæður eru til, að leyfa, að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun, megi skrá hér á landi, þótt eigandi þess fullnægi eigi skilyrðum 1. mgr. a—g.“

En brtt. hv. þm. er um það, að í stað e—h liða komi einn liður eða e-liður: „Félagssamtök, hlutafélög, svo og önnur félög með takmarkaðri eða ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu a. m. k. 2/3 hlutar félagsmanna íslenzkir ríkisborgarar, er eigi a. m. k. 2/3 hlutafjár eða félagseignar.“

Ég sé nú ekki, þótt þessi till. væri samþykkt og liðirnir e—h felldir niður, að það tryggi nokkuð betur en gr., eins og hún er nú, að útlendingar kæmu hér ekki til greina með að hafa meiri hl., því að gr., eins og hún er, girðir alveg fyrir það, eins og ég vænti að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir. Þess vegna tel ég, að þessi till. sé með öllu óþörf og það mundi ekki bæta málið eða efnið að samþykkja hana.

Enda þótt þetta frv. hafi nú verið lengi hér í hv. Nd., er engin ástæða til þess að kvarta

sérstaklega undan því. Ég vil miklu frekar þakka hv. samgmn. fyrir það, að hún hefur lagt sig fram um það að kynna sér málið og vinna þetta vel. Það er enginn vafi á því, að þetta frv. er vel undirbúið. Það er samið af þremur reyndum lögfræðingum, Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara, sem var formaður n., Hákoni Guðmundssyni ritara hæstaréttar og Jónasi G. Rafnar alþm. Og þessi nefnd tók sér góðan tíma til þess að semja frv. og kynna sér þær reglur og lög, sem gilda um flug í öðrum löndum. Og það er vissulega ekki n. til lasts, þótt hún hafi sniðið þetta frv. að efni til eftir þeirri löggjöf, sem gildir um flugför og flugáhafnir annars staðar. Hvað annað höfum við til fyrirmyndar en það. Og það er ósköp eðlilegt, að sú löggjöf, sem við setjum hér um þessi mál, verði að efni til mjög svipuð því, sem aðrar þjóðir á sama menningarstigi og við styðjast við.

Ég legg til, að atkvgr. verði frestað og það yrði þá fram yfir helgi, og vonandi yrðu þá a. m. k. 1. flm. þessara mörgu brtt. við til að greiða atkv. um málið. En að meginefni til mæli ég gegn þessum brtt. að öðru leyti en aðeins einni, sem ég vil taka til athugunar og gæti vel komið til greina að yrði samþykkt, því að þeir menn, sem bezt eru inni í þessum málum, leggja það til og telja, að till. yrðu alls ekki til bóta og sumar þeirra, eins og ég minntist á, alls ekki eðlilegt að setja í lög.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að umr. um málið verði ekki lokið á þessum fundi, sem sagt, að það verði ekki aðeins atkvgr., sem verði frestað, heldur umr. verði ekki lokið, því að ég tel það alveg óverjanlegt, að hv. 1. flm. brtt. á þskj. 413 eigi ekki færi á því að mæla fyrir þeim brtt. sínum.

Ég efast ekki um það, að sá mikli lagabálkur, sem hér er til meðferðar í þinginu um loftferðir, hafi verið vel og vandlega undirbúinn. En hér er um svo stórt mál að ræða, að það er ekki óeðlilegt, þó að séu um það nokkuð skiptar skoðanir, og ég fyrir mitt leyti hefði talið það þó enn þá betri undirbúning þessa mikla máls, hefðu þessi lög, sem nú er ætlað að setja, verið meira sniðin eftir amerískri löggjöf, bandarískri og enskri, heldur en þó eftir löggjöf Norðurlandanna. Og ég verð að segja það líka, að ég er veikur fyrir sumum þeim brtt., sem hér eru. Ég mundi ekki greiða atkv. á móti sumum þeim brtt., sem eru einmitt á þskj. 413 frá hv. 8. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, o. fl. Mér finnst t. d. ekki óeðlilegt, þar sem tekið er fram hér í b-lið brtt. við 4. mgr., að verði flugverja tekið blóð, skuli honum ekki heimilt að hefja flug næstu 12 klukkustundir á eftir, þó að rannsókn vegna meints brots á 1. mgr. þessarar gr. leiði í ljós, að hann sé ekki sekur. Það er nú svo, að það er mjög misjafnt, hvernig menn bregðast við, þegar lögreglan tekur þá og þeir eru færðir til læknis og tekið blóð. Margir hverjir og allflestir væntanlega taka þessu með stillingu og ró, en svo er líka hitt til, að menn fara gersamlega úr jafnvægi, þegar þetta er gert, og mér finnst það ekkert óeðlilegt, að maður, sem hefur farið í blóðrannsókn, hvíli sig á eftir í a. m. k. 12 klukkustundir. Ég tel það líka til bóta við þessar brtt., að þær gera ráð fyrir, að skipaður verði loftferðadómstóll, fastur loftferðadómstóll. Í frv. er gert ráð fyrir því, að þegar slys ber að höndum, geti ráðh. skipað nefnd. En í mörgum tilfellum og ég ætla allflestum þarf þessi rannsókn að hefjast samstundis og slys er skeð, en það getur tekið nokkurn tíma að skipa nefnd, sem á að vinna þetta verk. Það þarf ekki endilega að vera, að það sé alltaf hægt að finna ráðh. á hverri stundu, getur meira að segja verið, að hann hafði brugðið sér úr landi. Ef það er um langan tíma, tekur auðvitað einhver annar við störfum hans, og það getur tekið nokkurn tíma að fá þessa nefnd skipaða. Þess vegna tel ég það til bóta, ef það yrði fastur starfandi dómstóll í þessum málum.

En sem sagt, þá stóð ég bara upp til að óska eftir því, að umr. yrði ekki lokið, þannig að hv. flm. þessara brtt. á þskj. 413 gefist kostur á að fylgja þeim úr hlaði.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi taka undir þau tilmæli, sem hér voru flutt af hv. 2. þm. Norðurl. v. (GunnG). Mér sýnist aðeins eðlilegt, að þannig sé nú haldið á afgreiðslu þessa máls, fyrst hæstv. ráðh. fellst á það, að atkvgr. fari ekki fram um málið nú, henni verði frestað, að þá verði umr. einnig frestað, til þess að flm. þeirrar till., sem hér er flutt á þskj. 313, gefist kostur á að tala hér fyrir þessari till. Við höfum fylgzt með því, að þessu máli hefur verið frestað nokkrum sinnum hér á dagskrá, m. a. til þess, að hægt væri að láta fara fram athugun á sérstökum tilmælum, sem alþm. höfðu borizt frá samtökum flugmanna út af ýmsum ákvæðum í frv. Og niðurstaðan varð síðan sú, að 4 hv. alþm., hver úr sínum stjórnmálaflokki, féllust á það að flytja hér brtt. til samræmis að verulegu leyti við óskir samtaka flugmanna. En svo hefur nú atvikazt, að flm. þessarar till. hafa ekki getað talað hér fyrir þessum till. 1. flm. er veikur nú, boðar forföll vegna veikinda og 2 aðrir flm. eru ekki staddir á landinu. Mér þykir því alveg einsætt, að það á að verða við þeim tilmælum að fresta þessari umr.

En fyrst ég er nú kominn hér í ræðustól, langar mig þó að segja hér um málið nokkur orð, án þess þó að ég telji mig vera til þess færan að ræða efnishlið málsins. Ég hef ekki kynnt mér þetta stóra og mikla lagafrv. neitt ýtarlega, en ég hef hlustað á þær mjög takmörkuðu umr., sem hér hafa farið fram, og alveg sérstaklega veitti ég nú athygli, hverju hæstv. flugmálaráðh. svaraði í sambandi við þær brtt., sem hér liggja fyrir, og það verð ég að segja eins og er, að málflutningur hans var ekki sannfærandi fyrir mig, heldur þvert á móti.

Hæstv. ráðh. sagði t. d. um aðalbrtt., sem er að finna á þskj. 413 undir tölulið 2, að hann vildi telja, að þær breytingar, sem þarna er

um að ræða, ættu í rauninni ekki heima í löggjöf um þessi mál, en eðlilegra væri, að þessi ákvæði væru í kjarasamningum. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að við höfum bein fordæmi hér um úr annarri löggjöf, þar sem þetta snýr alveg öfugt við það, sem hæstv. ráðh. segir. Fyrra atriðið í breytingunum undir tölulið 2 er — með leyfi hæstv. forseta — svo hljóðandi:

„Nú veikist eða slasast flugverji fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfa hans. Ber þá vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans."

Nákvæmlega sams konar ákvæði er í gildandi lögum um aðra farmenn, um sjómenn alla, nákvæmlega sams konar ákvæði eru þar í lögum, ekki kjarasamningum, nema þá einhver sérstök viðaukaákvæði, sem stundum eru tekin upp í kjarasamninga. Þetta er viðtekin regla, sem þykir sjálfsagt að hafa í lögum, og ég er algerlega sammála samtökum flugmanna um það. Ég sé enga ástæðu til þess að neita þeim farmönnum, sem eru flugmenn, um sams konar réttindi í lögum og aðrir farmenn hafa, eins og t. d. sjómenn. Engin frambærileg ástæða er til þess að neita slíku. Þetta er því beinlínis eðlilegt löggjafaratriði, en er ekki fyrst og fremst kjarasamningaákvæði.

Þá er hitt atriðið í till. undir tölulið 2, sem varðar hámarksvinnutímaskyldu flugmanna og lágmarkshvíldartíma þeirra. Við erum einnig með í annarri hliðstæðri löggjöf einmitt svona ákvæði. Þar er það bundið í löggjöf, hver skuli vera lágmarkshvíldartími við ýmis störf, — og hvers vegna ekki einnig að binda það í sambandi við þessi störf, þar sem það skiptir jafnmiklu máli frá öryggissjónarmiði, eins og allir hljóta að viðurkenna? Það var auðvitað alveg fráleitt hjá hæstv. ráðh. að mæla gegn þessum ákvæðum á þeim grundvelli, að með því að fara að setja þessi ákvæði í lög þyrfti að breyta l., ef menn vildu ganga lengra í því að tryggja flugmönnum hvíldartíma en tekið er fram hér undir orðalaginu um lágmarkshvíld. Það bannar vitanlega enginn að semja eða setja reglur um það, að hvíldin skuli vera meiri en lágmarkshvíld er ákveðin í lögum. Það þarf því enginn að vera á móti þessu ákvæði vegna þess, að það verði þunglamalegt og það þurfi síðan að breyta lögum, ef það eigi að tryggja mönnum meira en þarna er ákveðið. Í þessari till. er skýrt talað um lágmarkshvíldartíma, hann skuli aldrei vera minni en þar greinir, alveg hliðstætt við það, sem þekkist í öðrum lögum. Mér sýnist því, að þetta ákvæði sé hreint öryggismál og eigi að líta á það þannig. Þetta er ekki eðlilegt kjarasamningamál. Auk þess vitum við, að svo ber við alltaf öðru hverju, að kjarasamningar falla úr gildi. Það getur farið svo, t. d. við okkar litlu kringumstæður hér á Íslandi, að okkar tvö aðalflugfélög, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, kjarasamningar þeirra falli úr gildi, það verður vinnudeila á milli aðila. Slíkt er þekkt fyrirbæri, en þá eru ýmsir aðrir aðilar, sem geta flogið og hafa rétt til þess að fljúga og flytja fólk, og þá væru engin ákvæði í gildi um þetta öryggisatriði, ef kjarasamningarnir væru upphafnir vegna vinnudeilu. Nei, þetta á hreinlega að vera löggjafarákvæði, þar sem lágmarksöryggi er tryggt. Það er það eðlilega. En vitanlega kemur þetta ekki á neinn hátt í veg fyrir það, að aðilar geti samið um einhver viðbótarákvæði, eins og algengt er um svona atriði. Ég verð sem sagt að segja það, að mér fannst það, sem hæstv. ráðh. sagði um þessi atriði, sem ég tel þau mikilvægustu í þessum till., ekki vera sannfærandi, síður en svo.

Svipað er að segja í rauninni um annað atriði í þessum brtt., sem varðar sérstakan loftferðadómstól. Mér sýnist líka þessi ákvæði, sem hér er lagt til að taka upp, mjög eðlileg og alveg til samræmis við það, sem við höfum í annarri löggjöf, þar sem svipað stendur á. Við höfum slíkt alveg bundið í sambandi við sjóferðir. Þar erum við með sérstakan sjódóm, sem er fastadómstóll, sem ber að starfa í hverju einstöku tilfelli. Og eins er eðlilegt, að þetta sé í sambandi við loftferðir. Það væri fyllilega eðlilegt, og mér líst miklu lakar á hitt ákvæðið, að ráðh. eigi, þegar honum þykir ástæða til, að skipa nefnd, eina í þetta skiptið og aðra í hitt skiptið, það sé miklu lakara frá því gengið en hafa föst ákvæði um þetta, á svipaðan hátt og nú á sér stað í sambandi við sjóferðir hjá okkur, ákvæði um fastan dómstól í þessum efnum varðandi loftferðir.

Þá vildi ég einnig segja það, að mér sýnist, þegar ég fer að hugleiða málið, að ákvæði þau, sem er að finna í 160. gr. frv. um þessa alveg sérstöku skyldu flugmanna fram yfir aðrar vinnustéttir til þess að mæta til vinnu, að það megi jafnvel setja þá í varðhald fyrir að hafa ekki mætt á réttum tíma til vinnu, — mér sýnist, að þessi ákvæði séu mjög óeðlileg og ekki í samræmi við neitt annað, sem við höfum í löggjöf okkar. Ég held því, að það væri full ástæða til þess að fella slíkt ákvæði niður, eins og samtök flugmanna hafa eindregið farið fram á. Þó að menn segi, eins og hæstv. ráðh. sagði hér, að auðvitað getur það valdið miklum óþægindum, ef flugmaður mætir ekki á tilsettum tíma til sinnar vinnu, og það geti valdið kostnaði, þá er það auðvitað alveg rétt. En drottinn minn dýri, ætli við þekkjum þetta ekki í fleiri tilfellum! Ætli það geti ekki valdið talsverðum kostnaði og óþægindum, þegar ýmsir aðrir stjórnendur farartækja í landi okkar mæta ekki á réttum tíma? Ég er nú hræddur um það, og ég er nú hræddur um, að slíkt þekkist. En þó höfum við ekki ákveðið að setja það í lög varðandi störf þeirra, að það megi sækja svo hart að þeim fyrir það, að það eigi að setja þá í varðhald fyrir. Það er auðvitað eðlilegur hlutur, að það er réttmætt að lögsækja með eðlilegum hætti flugstarfsmenn eins og aðra fyrir að brjóta gerða samninga eða reglur. En ég sé ekki ástæðu til þess að setja harðari ákvæði í þessum efnum um flugmenn en aðra starfsmenn, og mér fyndist þá ekki síður, að það mætti segja það

í þessu tilfelli, að þetta gæti þá verið kjarasamningaákvæði, en að löggjafinn ætti ekki að stökkva fram fyrir í þessum efnum og binda þessa stétt eina á þennan hátt.

Ég skal svo ekki ræða um þetta frekar, því að ég hef ekki kynnt mér það nægilega vel, en ég veitti því þó athygli, að samtök flugmanna sneru sér til þm. með nokkrar aths. út af þessari lagasetningu, og ég tel eðlilegt, að hér sé gerð alveg fullnægjandi grein fyrir því í sambandi við afgreiðslu málsins, hvers vegna er ekki hægt að verða við óskum þeim, sem þeir setja fram. Og mér finnst í rauninni algert lágmark vera líka í sambandi við slíkan lagabálk sem hér er á ferðinni, að sú n., sem málið hefur til meðferðar, taki afstöðu til þýðingarmikilla till., sem liggja fyrir um málið, og þegar jafnstórir aðilar og samtök flugmanna eru í þessu tilfelli setja fram ákveðnar óskir, finnst mér ástæða til þess, að gerð sé grein fyrir því hér í umr. á viðhlítandi hátt, hvers vegna er ekki hægt að verða við því. En það er mjög óaðgengilegt fyrir einstaka þm. og þá ekki síst þá, sem ekki hafa haft aðstöðu til þess að starfa í n., að snúast við till., ef þeim eru ekki gerð betri skil en hér hefur verið gert í þessu máli.

Ég sem sagt íterka tilmæli mín til hæstv. forseta um, að orðið verði við því að fresta umræðunni um þetta mál, en slíta henni ekki nú að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 413 hef ég leyft mér ásamt þrem öðrum hv. þm. að flytja nokkrar brtt. við frv. til l. um loftferðir. Því miður hefur dregizt að fylgja till. þessum úr hlaði vegna veikinda minna, og ég vil þakka hv. þd. fyrir þá biðlund, sem hún hefur haft við að afgreiða mál þetta, svo að einum flm. þessara brtt. gæfist tækifæri til að segja um þær nokkur orð.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða mörgum orðum að þýðingu flugsins fyrir okkur Íslendinga. Hv. þm. er jafnvel kunnugt um það og mér. Okkur er öllum kunnugt um, að í dag er flugið ein meginundirstaða allra samgangna hér innanlands og við önnur lönd, auk þess sem þýðing þess fyrir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og þjóðartekjurnar í heild fer vaxandi með hverju ári. Þegar þessa er gætt og hins, að núgildandi loftferðalög eru yfir 30 ára gömul og engar atvinnugreinar, sem við leggjum stund á, munu bundnari alls konar millirikjasamningum og alþjóðareglum en einmitt millilandaflugið, er bæði tímabært og eðlilegt, að Alþingi setji nýja löggjöf um loftferðir, og um það munu allir sammála. En ég álít, að þegar Alþingi setur slíka löggjöf um jafnþýðingarmikinn atvinnuveg og flugið er, beri ekki aðeins að hafa í huga þau atriði, sem ég hef drepið á, heldur ótalmörg önnur og þá ekki síst, að flugstarfsemi okkar er öðrum atvinnugreinum fremur undir stöðugri smásjá erlendra stjórnvalda og voldugra og fjársterkra fyrirtækja, í mörgum tilfellum studdra fjárhagslega af eigin stjórnvöldum, sem eiga kannske fáar óskir heitari en að koma á kné þeirri íslenzku starfsemi, sem framsæknir og dugmiklir íslenzkir flugmenn hafa öðrum fremur gert að þýðingarmikilli atvinnugrein, sem m. a. á innan sinna vébanda eitt öflugasta fyrirtæki á Íslandi, fyrirtæki, sem hefur skapað sér hinn bezta orðstír á erlendum vettvangi og aukið hróður okkar fámennu íslenzku þjóðar. Hv. þm. hafa að sjálfsögðu fylgzt með starfi Loftleiða, sem hefur tekið þátt í og veitt þá hörðu samkeppni á alþjóðavettvangi, sem hver milljónaþjóð gæti verið stolt af, enda líkt við í heimspressunni baráttu Davíðs við Golíat. Með þetta og annað í huga, sem ég hef drepið á, ber okkur ekki að hika við að ganga í lögum þessum fetinu framar í þeim atriðum, sem öryggi varða, en aðrar þjóðir jafnvel gera, og um leið og við sköpum nauðsynlegt aðhald í sambandi við störf og skyldur flugverja, ber okkur að varast þau ákvæði í l., sem túlka má á þann veg, að löggjafinn sé að sníða hálfgerðum misindismönnum og einhverri brotalamastétt þann stakk, sem þeim sé verðugur.

Meginorsakir þess, að við fjórmenningarnir flytjum brtt. okkar á þskj. 413 nú við 3. umr., hafa hv. þm. getað séð í bréfi, sem þeim barst þann 20. marz s. l. frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna. Í bréfi þessu skýrir félagið frá því, að það hafi að beiðni hv. samgmn. þessarar d. sent henni aths. félagsins vegna þess frv., sem hér er til umr. um loftferðir. Þetta félag var ásamt öðrum, sem gæta hagsmuna þeirra, sem flug stunda, óánægt vegna þess, hve lítt var komið til móts við óskir þess, þegar það er einnig haft í huga, að stjórn Félags ísl. atvinnuflugmanna ritaði á sínum tíma þeim, sem unnu að því að semja frv., bréf og óskaði eftir að fá tækifæri til að kynna sjónarmið flugmannastéttarinnar varðandi nýja fluglöggjöf, sem þessi stétt öðrum fremur telur brýna þörf á að verði sett, þá var þessari ósk ekki sinnt.

Þegar svo var komið, þótti okkur flm. þeirra brtt., sem ég mæli hér fyrir, tímabært að verða við fram kominni ósk um að ræða við stjórn þessa stéttarfélags, og að afloknum ýtarlegum viðræðum við þessa aðila og aðra ákváðum við að flytja þær brtt., sem hér eru nú til umr. ásamt frv. í heild.

1. brtt. okkar, a-liður, fjallar um að draga nokkuð úr þeirri skerðingu á persónufrelsi flugverja, sem 2. mgr. 52. gr. kveður á um. En í henni er eftir orðanna hljóðan lagt í mat flugverja sjálfs, hvenær hann eigi að búast við opinberri rannsókn, og hann skyldaður til að haga einkalífi sínu næstu 6 klukkustundir, eftir að starfi hans í loftfari lýkur, með hliðsjón af sinni eigin matsniðurstöðu. Við viljum fyrst og fremst með brtt. okkar færa matið á því, hvort rannsókn sé væntanleg eður ei, í hendur annars aðila, sem það kemur við, og setja um leið hömlur á það, hversu lengi hægt er að skerða persónufrelsi mannsins með þeirri aðvörun, er við leggjum til að tekin verði inn

í þessa gr. frv. Ef sú staðreynd er athuguð, að flugtími, tíminn frá því, að vélin tekur sig á loft og þar til hún er setzt og komin á stæði sitt, er annað en vakttími og vakttíma lýkur einni klst. eftir að flugtíma lýkur erlendis, en hálfri klukkustund hér heima, teljum við flm. meira en nægilegt, að hann undirgangist þessa kvöð á einkalífi sínu, ef hann fær aðvörun um það, áður en vakttíma hans lýkur, að ástæða sé að ætla, að opinber rannsókn verði hafin á atferli hans við starfann.

B-liður þessarar 1. brtt. okkar varðar 4. mgr. sömu gr., að hún orðist eins og segir á þskj. 413. Við teljum, að m. a. með hliðsjón af öðrum gildandi lögum verði heimild að vera fyrir hendi til að færa flugverja til læknis til rannsóknar, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið ákvæði 1. mgr. 52. gr. Hins vegar leggjum við til, að við bætist ákvæði þess efnis, að verði flugverja tekið blóð við slíka rannsókn og niðurstöður bendi til, að hann sé ekki sekur, sé honum ekki heimilt að hefja flug næstu 12 klst. á eftir. Þessa brtt. berum við fram fyrst og fremst til aukins öryggis fyrir farþega og áhöfn flugvéla. Áður en ég rek rök okkar fyrir þessu nýja öryggisákvæði, vil ég benda á, að blóðtaka og samfara rannsókn tekur undir venjulegum kringumstæðum nokkrar klukkustundir og engu flugfélagi ætti því að vera leyfilegt, enda mundi það ábyggilega ekki gera það, að láta mann fljúga, sem bíður slíkrar rannsóknar. Hins vegar hefur flugmálastjórnin ekki fyrir alllöngu gefið út tilkynningu þess efnis, að flugmenn geti hvenær sem er fyrirvaralaust búizt við blóðrannsókn til athugunar á því, hvort ákvæði í sambandi við áfengisneyzlu séu brotin. Það eru ekki margar vikur liðnar síðan lesa mátti í einu dagblaðanna hér í Reykjavík, að einn elzti og reyndasti flugstjóri okkar Íslendinga var sviptur flugmannsskírteini sínu um aldur og ævi vegna augnablikssjúkleika í einu líffæra hans, sem kom fram við læknisrannsókn hér heima í sambandi við smávægilegt fótarmein, — sjúkleika, sem alls ekki hefur fundizt neitt dæmi um aftur hér heima eða erlendis þrátt fyrir mjög ýtarlegar rannsóknir og erfiðar. Ég dreg þetta fram sem dæmi um þær gífurlegu kröfur, sem gerðar eru til heilbrigðis flugmanna. Sjálfsagt hefur flugmálastjórnin haft í huga, eins og flestir munu gera við fyrstu athugun, að blóðtaka sé ekki sú aðgerð, sem eigi að valda fjarveru frá vinnu. En áður en þeirri skoðun er slegið fastri sem staðreynd, ber að líta á fleiri atriði. Nú tel ég sjálfsagt, að flugmálastjórnin hafi leitað álits lækna, áður en hún gaf hæstv. flugmálaráðh. þá yfirlýsingu, er hann, eftir því sem blöð herma, flutti við þessa umr. málsins, þess efnis, að engin ástæða væri til að samþykkja neina af þeim brtt., sem eru á þskj. 413. Það má vera, að flugmálastjórnin hafi leitað álits trúnaðarlæknis síns, sem hefur t. d. varað flugmenn við að fljúga kvefaðir og sagt þeim, að þeir eigi alls ekki að gera það. Ég hef fengið upplýsingar frá tveimur læknum um þetta mál. Annar, sem hefur starfað lengi við sjúkravarðstofuna, sagði, að þó að ekki væri um stærri aðgerð en þetta að ræða, væru þess dæmi, að hún setti menn úr andlegu jafnvægi. Sálrænu áhrifin þekkjast kannske enn betur úr skólum okkar. Sjálfur hef ég verið með mjög vel á sig komnum stýrimannaskólanemanda, bæði til líkama og sálar, sem féll í yfirlið við blóðrannsókn, var fölur og fár í margar klst. á eftir. Annar læknir, sem við var rætt, kvað yfirlið ekki óalgengt við blóðtöku. Yfirlið skapar blóðþrýstingsfall, en rannsókn á og krafa um eðlilegan blóðþrýsting er mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við hinar tíðu læknisrannsóknir flugmanna. Og það mætti búast við, að ekki teldist öruggt að láta mann fljúga, sem ekki hefði þetta atriði heilsu sinnar í fullkomnu lagi.

Það er mjög skiljanlegt, að þeir einstaklingar séu til, sem hafi mjög sterka andúð á því að láta vaða inn í hold á sér, inn í æðakerfi líkamans, inn í sjálfa blóðrásina, svo sterka andúð, að andlegt ójafnvægi skapist um lengri eða skemmri tíma. Læknar skilja þetta líka, og víðast hvar í heiminum virða læknar ósk einstaklinga um það, að ekki sé framkvæmd aðgerð á líkama þeirra án vilja þeirra, enda vafamál, að annað væri samrýmanlegt codex læknastéttarinnar. Og þá getur verið, að fengin sé skýring á þeirri mjög almennu skoðun, sem hér ríkir, a. m. k. í Reykjavík, að það séu læknanemar, sem framkvæmi blóðtöku í sambandi við rannsóknir vegna meintra brota um neyzlu áfengis, og þetta sé gert í nokkurs konar uppmælingu og að þeir fái 150 kr. fyrir hverja blóðtöku. Ég held, að hjá því verði ekki komizt að viðurkenna, að hvers konar blóðtaka getur hjá vissum einstaklingum skapað andlegt jafnvægisleysi og ójafnvægi. Þess finnast líka dæmi, að slíkt hafi líkamleg áhrif, sem koma fram eftir á, t. d. sem bólga eða stirðnun í handlegg. Með þessi rök í huga bendi ég á þá geysilegu ábyrgð, sem hvílir á flugstjórnarmönnum, kannske með á annað hundrað farþega í vél sinni, þar sem líf eða dauði þeirra allra, sem innanborðs eru, getur verið komið undir viðbragðsflýti við sérstakar kringumstæður, þegar öll viðbrögð líkama þeirra og sálar líka verða að vera í fullkomnu lagi, t. d. í flugtaki eða lendingu. Mér er ekki kunnugt um ákvæði þessa efnis í loftferðalögum annarra þjóða. Hins vegar veit ég, að í tilfelli blóðgjafar, þar sem að vísu miklu meira blóðmagn er tekið úr líkamanum en við venjulega blóðrannsókn, er flugmönnum í ameríska flughernum t. d. bannað allt flug í næstu 3 sólarhringa á eftir. Enn fremur eru flugmenn vestra varaðir mjög eindregið við að gefa blóð og þeim bent á, að blóðið flytji súrefni um líkamann og því færri sem blóðkornin eru á hættustund í súrefnislitlu lofti, því minni viðbragðsflýtir verði hjá þessum sömu mönnum. Ef þeir hins vegar, þ. e. a. s. atvinnuflugmenn, gefa blóð, er þeim ráðlagt að fljúga ekki í a. m. k. 30 daga eftir blóðgjöf.

Um 2. brtt. okkar, a-lið, get ég verið fáorður. En þetta lagafrv., sem hér er til umr., er að mestu sniðið eftir dönsku loftferðalögunum.

Þó virðist sem víðar hafi verið leitað fanga, þegar um er að ræða kröfur á hendur áhöfn og viðurlög við þeim, og jafnvel þyngt frá því, sem þar er. Við teljum það sjálfsögð mannréttindi, sambærileg við þau, sem sjómenn búa við samkv. íslenzkri löggjöf, að flugverjum sé veitt sú trygging, sem þar segir í tilfelli veikinda eða slysa fjarri heimilum sínum.

B-liður 2. brtt. okkar fjallar um, að inn í frv. komi ný grein um hámarkstíma, sem flugverji megi starfa um borð í loftfari, um lágmarkshvíldartíma og hámarksvakttíma. Eins og frv. hljóðar eftir 2. umr. hér í hv. d., skal ráðh. í reglugerð ákveða um lágmarkshvíldartíma flugmanna, „til að tryggja fyllsta öryggi," eins og þar segir. Það vantar mikið á, að ég telji, að fyllsta öryggi sé tryggt, þótt ráðh. setji í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma, og það jafnar við, að ég telji þá menn hjá flugmálastjórn, sem létu fara frá sér þá yfirlýsingu, sem ég vitnaði í áðan, starfi sínu vaxna, ef þeir telja, að óþarfi sé að lögbinda ákvæði um hámarksflugtíma og að reglugerð um lágmarkshvíldartíma tryggi fyllsta öryggi. Ef lágmarkshvíldartími er nauðsynlegur, hika ég ekki við að fullyrða, að til að tryggja fyllra öryggi áhafnar og farþega séu þau ákvæði, sem hér er lagt til að lögfesta um hámarksflugtíma, ekki síður nauðsynleg, eins og öll flugfélög, sem virða öryggi mannslífa, hafa viðurkennt í sínum samningum. Þótt ákvæði um hvíld eftir langt starf séu bæði góð og nauðsynleg, getur, ef engin hámarksákvæði eru fyrir hendi, slíkt álag verið komið á flugmann, slík þreyta sótt á hann, að hann nái aldrei að koma farþegum sínum á leiðarenda til að njóta sinnar lágmarkshvíldar, heldur fái aðeins notið hvíldarinnar löngu. Það hafa verið margar ritgerðir samdar um þreytu og sérstaklega á síðustu árum vegna sérstakra rannsókna á því sviði og þá ekki eingöngu í sambandi við flugstarfsemi. Og við höfum meira að segja heyrt mörg flugslys rakin til málmþreytu, sem stafar af mörgum ástæðum, t. d. bognun, álagi, titringi o. s. frv. En hvað skyldi þá vera með þreytu mannsins, sem á að fljúga þessum sömu vélum? Það er talið, að þreyta mannsins sé ekki mælanleg, en hitt er vitað, að þreyta orsakar minnkandi viðbragðsflýti og öryggi og hún eykur ótta. Margir munu spyrja í þessu sambandi, hvað skapi þreytuna, hvað orsaki hana, og þeir, sem hafa fengizt við rannsóknir á þessu sviði, hafa talað bæði um innri og ytri orsakir þreytu. Þær ytri gætu t. d. verið í sambandi við starf flugmanns vegna slæms skyggnis, mikillar ókyrrðar í lofti eða öldugangs, mikilla andstæðna í veðurfari, fjölda lendinga og þeirrar flugleiðar, sem flogin er. Og auk þess má bæta við fleiru, eins og takmörkuðum hreyfingum, stöðugri setu í þröngu sæti, miklum kulda á einum stað, háum hita á öðrum, hávaða, þrýstingi o. fl., o. fl., sem mætti telja upp. Innri ástæðurnar, sem ég minntist á, yrði of langt mál að telja upp. Þær stafa bæði af sálrænum og líkamlegum orsökum.

En ef slys hefur orðið, hvað skyldi sá aðili, sem með rannsókn fer, athuga undir þeim lið, sem kalla mætti „þreytu hjá flugmanni" sem slysaástæðu. Hann mundi í fyrsta lagi athuga óhóflegan flugtíma, ekki aðeins í þeirri ferð, sem endaði í slysi, heldur einnig klukkustundirnar á undan, dagana á undan og jafnvel vikurnar á undan. Og hann mundi athuga öll þessi þreytuskapandi atriði, sem ég minntist á, og önnur þar með. Hann mundi athuga t. d. síðustu hvíld, sem flugmaðurinn fékk, hvenær hún var, hvar hún hafi verið og hve lengi. Hann mundi einnig rannsaka, hvað hafi liðið vakttíma hans á jörðu niðri og hvernig hann hafi eytt fristundum sínum á undan, og einnig ýmsa aðra sálræna faktora, sem þarna kæmu inn í. Þetta er aðeins lítið af því, sem rannsakað yrði, og af þessu litla sýnishorni tel ég það mikinn ábyrgðarhluta að ætla að leiða þetta mikilvæga atriði hjá sér, eins og það væri ekki til.

Ég vil benda á, að þegar eru í íslenzkum lögum slík ákvæði, sem við leggjum til að hér verði lögfest. Í 1. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum eru ákvæði um lágmarkshvíldartíma verkamanna og ákvæði um hámarksvinnutíma bifreiðastjóra og stjórnenda véla, sem mönnum getur stafað hætta af. Og menn getur rennt grun í, af hverju þarna sé verið að ræða um hámarksvinnutíma hjá þeim, sem fara með stjórn bifreiða annars vegar eða véla hins vegar. Og mín spá er sú, að það líði ekki á löngu, unz flestir vinnandi þegnar þjóðfélagsins búi við slík lagaákvæði, bæði af heilsufars-, öryggis- og menningarástæðum. Og þá verður ekki staðið, að ég tel, á móti slíkum ákvæðum, þegar um er að ræða öryggi mannslífa. Þetta hafa flugfélög um allan heim skilið og gert samninga þess efnis, og ríkisstj. hafa gefið út reglugerðir varðandi öll þau atriði, sem við leggjum til að verði tekin inn í nýja og að mörgu leyti fullkomna löggjöf um loftferðir, og þó með þeirri undantekningu, að ákvæði 1., sem við leggjum til að verði lögfest, eru töluvert rýmri en núgildandi samningar Félags ísl. atvinnuflugmanna bæði við Loftleiðir og Flugfélag Íslands um þessi efni segja til um.

Það má vissulega segja sem svo, að reglugerðarákvæði um öll þessi atriði nægðu, ef aðeins væru höfð í huga framangreind tvö flugfélög, sem samninga um þetta efni gera. En það ber að líta um leið á þá þróun, sem hefur orðið í flugmálum okkar á síðustu missirum eða þó öllu frekar á síðustu mánuðum. Það hefur verið keyptur fjöldinn allur af litlum flugvélum og ný félög stofnuð utan um þessar vélar. Þetta mun auðvitað hafa mikil áhrif til bóta fyrir samgöngur við ýmsa staði á landinu, sem hafa verið á eftir í þessum málum. Auk þess munu þau veita á margan hátt æskilega samkeppni þeim aðila, sem að mestu hefur annazt einn allt innanlandsflug á síðustu árum.

En því ber ekki að neita, að á þessu máli eru fleiri hliðar, ef undan eru skildar ýmsar staðreyndir í sambandi við rekstrarhagkvæmni

þessarar þróunar og það, að ýmsir staðir, sem vélum þessum er ætlað að fljúga á, eiga ekki annað val um langa framtíð, og aðeins eitt einangrað atriði tekið út úr, það atriði, sem flestar brtt. okkar ganga út á, að auka og styrkja öryggi farþega og áhafnar. Og ef við kljúfum þetta atriði enn í sundur og sleppum t. d. öllum vangaveltum um möguleika stærri vélanna til að vera búnar fleiri og betri öryggistækjum, en einblínum aðeins á þessi þrjú atriði um lágmarkshvíldartíma, hámarkstíma í starfi og vakttíma, þá blasir sú staðreynd við, að um þessi atriði eru engir samningar til við öll þessi litlu fyrirtæki, enda í flestum tilfellum sjálfir eigendurnir, sem vélunum fljúga. Myndin er þá þannig, að ráðh. er ætlað að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma, til þess að fyllsta öryggis sé gætt, eins og í lagafrv. segir, reglugerð, sem auðvitað allir verða að búa við. Stóru flugfélögin búa áfram við samninga um vakttíma og hámarkshvíldartíma, sem inn er komið vegna öryggis farþega og áhafnar ómótmælanlega. En þessir nýju samkeppnisaðilar, sem binda afkomu sína við flutninga á Íslendingum hér innanlands, þurfa ekki að búa við slík öryggisákvæði. Þetta hljómar ekki vel, enda óviðunandi í þessari mynd.

En er þá ekki hægt að ákveða vakttíma og hámarksflugtíma einnig í reglugerð? mundu einhverjir spyrja. Vissulega er þetta hægt. En frv., eins og það er í dag, segir ekkert til um, að svo skuli gera, enda er enginn vafi á því, að það er áhrifameira að hafa þetta sem lagaboð, sér í lagi með hliðsjón af því, sem ég hef sagt hér að framan, og einnig því, að hinu nýja innanlandsflugi, sem nú er að komast á fót, er veitt töluvert svigrúm og rýmri ákvæði í till. okkar fram yfir samninga stærri flugfélaganna.

Reglugerðarákvæði skapa oft grundvöll fyrir undanþágur og undanhald og eru ekki virt að sama skapi og löggjöfin sjálf. Mér dettur í hug í þessu sambandi reglugerð, sem gefin var út á yfirstandandi vetri um hleðslu og búnað skipa á vetrarsíldveiðum. Það vantaði ekki, að stéttarfélög sjómanna, Slysavarnafélag, að ógleymdum skipaskoðunarstjóra og fleiri aðilum, brýndu allir fyrir skipstjórnarmönnum og áhöfnum skipa, að þeim væri nauðsynlegt sjálfra sín vegna og skips síns vegna að fylgja þessum reglugerðarákvæðum út í yztu æsar. En hvað skeði? Aðeins nokkrum dögum, að ég held tveim vikum eftir að þessi reglugerð var gefin út, ferst síldarbátur á leið af miðunum. Það var guðs lán, að áhöfn skyldi bjargað. En við eitt ýtarlegasta sjópróf, sem hér á landi hefur verið haldið í sambandi við þetta slys, vitnaðist, að skipstjórinn hafði ekki brotið eitt af reglugerðarákvæðunum, hann hafði brotið tvö og jafnvel sterkur grunur á, að hann hefði brotið þrjú reglugerðarákvæði.

Ég er ekki að segja, að það mætti ekki einnig brjóta lög á þessum sviðum. En við skulum hafa það í huga og fyrir það er að þakka, að þótt þeir aðilar séu til hér á landi, sem neita að hlýða lögum, nema þau falli saman við hagsmuni þeirra sjálfra eða hópa, sem þeir virðast bera fyrir brjósti, eru enn í margföldum meiri hluta þeir menn, sem eru löghlýðnir í þessu landi.

Um þessi þrjú atriði: hámarksflugtíma, vakttíma og lágmarkshvíldartíma, eru ákvæði í fluglögum og reglugerðum annarra þjóða, einkum engilsaxneskra. Ef brtt. okkar þess efnis, að í loftferðalögum minnstu þjóðar heims komi þvílík ákvæði, verða samþ., mun það verða túlkað þannig út í frá, að við séum fyllilega samkeppnisfærir þrátt fyrir fyllri kvaðir um öryggi fyrir farþega, sem ferðast með vélum okkar, jafnvel samkeppnisfærari en eigendur SAS eru, ef horft er á þær kröfur, sem þeir gera í sinni eigin löggjöf.

3., 4., 5., 6., 7. og 8. brtt. okkar fjalla um loftferðadómstól, skipan hans og störf og breytingar á öðrum greinum í samræmi við till. okkar um sérstakan loftferðadómstól.

Eins og ég hef þegar bent á, er frv. það, sem hér er til umr., að mestu sniðið eftir dönsku lögunum um þetta efni. Þó vantar í íslenzka frv. þær greinar dönsku l., sem bera nr. 138 og 144, að mig minnir. En þessar gr. í dönsku l. fjalla um fasta rannsóknarnefnd skipaða til 4 ára í senn, sem við teljum sambærilega við till. okkar um sérstakan loftferðadómstól. Eins og 140. gr. frumvarpsins hljóðar eftir 2. umræðu, er flugmálaráðherra skylt að skipa rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið. Í öllum öðrum tilvikum, er það flugmálastjórnin, sem á að framkvæma rannsóknina. Nú þarf auðvitað ekki að benda hv. þingmönnum á það, að flugmálastjórnin og starfsmenn hennar, þ. e. a. s. rannsóknaraðilinn, geta í mörgum tilfellum verið þolandinn í rannsókninni, sá, sem rannsaka á eða störf hans. Ég bendi t. d. á hæstaréttardóm frá 1952 í sambandi við Geysisslysið, en þá var flugumferðarstjórinn á Reykjavíkurflugvelli ákærður fyrir brot gegn ákvæðum l. nr. 32 frá 1929. En vegna þess að greind vangæzla flugumferðarstjórans varðaði ekki við nein ákvæði þeirra l. og hann var ekki saksóttur fyrir brot í opinberu starfi, var hann sýkn dæmdur. Álit hæstaréttar á þessu fyrirkomulagi má t. d. finna í hæstaréttardómi frá 1959, en þá voru tveir af rannsóknarnefndarmönnum við flugslys starfsmenn flugmálastjórnarinnar, og í dómsniðurstöðu segir m. a., með leyfi forseta:

„Stefndi (þ. e. kennsluflugmaðurinn, sem var við stjórn flugvélarinnar) hefur mótmælt álitsgerð þessari m. a. á þeim grundvelli, að tveir nm., þeir Sigurður og Jón, hafi verið eftirlitsmenn með lofthæfni flugvéla og geti því ekki talizt óvilhallir, og verður að fallast á það hjá stefnda, að að þessu leyti hafi verið óheppilega valið í rannsóknarnefndina."

Þetta er niðurstaða hæstaréttar. Við verðum að hafa það í huga, að undir flugmálastjórn heyra m. a. bæði loftferðaeftirlitið, útgáfa lofthæfniskírteina véla og skírteina manna og prófun þeirra, ratsjár, stjórn flugumferðar, vellir og útbúnaður, auk flugleiða og sjálfsagt margt fleira, sem ég get ekki talið hér

upp. Ég tel það vera óhæfa málsmeðferð, að ekki sé skipaður sérstakur dómstóll til að hafa yfirumsjón allra rannsókna í sambandi við flugslys. Og við eigum ekki að láta nein músarholusjónarmið ráða á þessu sviði, og ég fullyrði reyndar, að margir, sem álitið hafa, að kostnaðarhliðin yrði of mikil í sambandi við loftferðadómstól, hafi álitið, að kostnaðurinn yrði allt of mikill og að þeir hafi í því áliti sínu ætlað sér um of. Ég leyfi mér í sambandi við þessa skoðun manna að benda á kostnað við siglingadóm. Í honum eiga sæti fimm menn, hér er gert ráð fyrir þremur mönnum. Í fjárl. er gert ráð fyrir, að kostnaður við siglingadóm sé 120 þús. kr. Jafnvel þó að þessi upphæð yrði eitthvað hærri, kostnaðarhliðin við loftferðadómstól, tel ég það ekkert atriði, þegar við höfum í huga, hve yfirgripsmikil og þýðingarmikil sú atvinnugrein er, sem verið er að setja þessa löggjöf um. Ég bendi á t. d., að árið 1962 var heildarvelta tveggja stórra flugfélaga okkar um 400 millj. kr. Þetta var árið 1962. Ég geri ráð fyrir, að á s. l. ári hafi þessi velta jafnvel farið fram úr hálfum milljarð og fer vaxandi í ár. Eigum við þá að vera að setja fyrir okkur 120, 200 þús., 300 þús. kr. í sambandi við kostnað á loftferðadómstól? Ég segi nei.

Síðasta brtt. okkar fjallar um að fella 160. gr. niður með öllu. Ég tel, að í grein þessari felist svo einstök ákvæði, að Alþingi mundi bíða hnekki af, ef samþ. væru, jafnvel þótt ein af hinum svokölluðu lýðræðissinnuðu þjóðum hafi slík ákvæði í sambærilegri löggjöf. Ég er með þessu hvorki að mæla bót samningsrofum né að of seint sé komið til vinnu, heldur tel ég, að grein þessi sé óþörf með öllu, aðrar gr. frv. um refsiákvæði spanni nægilega yfir það, sem hér virðist eiga að fyrirbyggja. Ef einhverjir telja, að svo sé ekki, leyfi ég mér að benda á 44. gr. l. um stéttarfélög og vinnudeilur, sem fjallar um verkefni félagsdóms, en í 2. málsl. segir, að hann skuli dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans. Ég hef heyrt nokkra aðila mæla þessu bót með tilvitnunum í sjómannalögin, að samkv. þeim megi flytja skipverja til skips með lögregluvaldi. Þetta er þó aðeins heimilt, ef skip er vanmannað eða ef skipverji er ölvaður. Í þeim kafla sjómannalaganna, sem fjallar um refsivald skipstjóra, segir, að komi skipverji eigi í skiprúm á ákveðnum tíma eða fari hann frá skipi í leyfisleysi eða komi hann eigi til skips á ákveðnum tíma úr landgönguleyfi, megi skipstjóri refsa honum með kaupmissi í 1—7 daga. Það eru engin ákvæði um það, að hægt sé að setja þennan mann í tukthús fyrir þessi brot sín. Í 79. gr. sjómannalaganna segir enn fremur, að ef skipverji í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu á skipi annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi, skuli hann sæta sektum fyrir strok, — engin fangelsisákvæði. Ef einhver hv. þm. telur grein þessa nauðsynlega í þessari löggjöf, hversu langt geta þá aðrir launþegahópar búizt við að líði, unz þeim verði boðið upp á sömu ákvæði? Við getum t. d. tekið leikara og rútubílstjóra. Mín persónulega skoðun er sú, að með samþykki þessarar gr. séum við farnir að standa iskyggilega líkt og verkamenn undir ráðstjórn stóðu eftir hinar svæsnu tilskipanir Stalins 1938 og 1940. En 1938 var þeim skipað að hafa vinnupassa, og þá voru sett ströng refsiákvæði við fjarvistum, sektir, refsivinna og fangelsi, og til fjarvistar taldist m. a. að koma 20 mínútum of seint. Á árunum 1949—1959 tóku leiðtogar kommúnista í Mið-Evrópu upp sama stjórnarfar og félagslegt skipulag ráðstjórnarinnar í flestum efnum, þ. á m. þessu. Þá var bætt við fangelsisákvæðum og í sumum tilfellum dauðarefsingu við að bregðast vinnuskyldu sinni, sem svo var kölluð. Ég þarf ekki að taka það fram, að frjáls verkalýðshreyfing um allan heim mótmælti og lýsti fyrirlitningu sinni á þessum gerræðisfullu aðgerðum, og ég hef grun um, að viðbrögð hér heima verði ekki ósvipuð við 160. gr. þessa frv., ef Alþingi samþykkir hana.

Ég hef dvalizt nokkuð við þessa hlið málsins, og ég mun því fara fljótt yfir hina hliðina, að þau vandamál geta auðveldlega komið upp, bæði andleg og líkamleg, hjá flugmanni, sem geri það að verkum, að hann telji sér með öllu ófært að fljúga. Þau persónuleg vandamál, sem koma upp og skapa það jafnvægisleysi, að flugmaður treysti sér ekki til þess að taka á sig þá ábyrgð, sem farþegaflugi er samfara, geta komið upp. Á að setja þennan mann í fangelsi fyrir þetta? Frétt um slys á samstarfsmanni, vini eða kunningja getur t. d. haft sömu áhrif. Á að setja flugmann í fangelsi fyrir það, að hann neiti að fljúga undir þeim kringumstæðum? Kannske væri hægt í sambandi við þessi síðustu tvö dæmi, sem ég hef dregið fram, að halda fram sterkustu rökunum fyrir því að fella þessi einstæðu ákvæði úr frv. En eitt slíkt dæmi er svo nýtt og ferskt, því miður, að upprifjun þess gæti valdið óþörfum skaða og sársauka viðkomandi aðila.

Ég vil að lokum aðeins segja það, að við eigum stóran hóp ungra og áhugasamra flugmanna. Auðvitað er misjafn sauður í mörgu fé, eins og í öllum stéttum þjóðfélagsins. Þessir menn fljúga af hjartans lyst, eins og einn hefur orðað það við mig, og þeir telja það móralska skyldu sína að gera það. En þeir geta líka verið í þeirri aðstöðu, — og það bið ég þm. um að hafa í huga, þegar þeir greiða atkv. um þessa 160. gr., — að þeir geta líka verið í þeirri aðstöðu og því ástandi, að þeir telji það siðferðilega skyldu sína að sitja heima og fljúga ekki. Á kannske að setja þá í fangelsi fyrir það?

Herra forseti. Ég hef lokið þessu máli mínu að mæla með þessum brtt. Ég mun ekki, nema sérstök ástæða gefist til, tefja mál þetta meira en raun ber vitni um. En það er till. mín, að allar brtt. á þskj. 413 verði samþykktar.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar en orðið er. Ég vil aðeins geta þess, að frá því

að þetta frv. til l. um loftferðir var til umr. síðast hér í hv. þd., hefur samgmn. d. haldið fund með sér og athugað þær brtt., sem fyrir liggja. N. varð sammála um að mæla með, að samþykkt yrði brtt. á þskj. 395 frá Sigurvin Einarssyni og Benedikt Gröndal, þar sem lagt er til, að felld verði niður síðari mgr. 160. gr. Það hefur verið gerð efnislega grein fyrir þeirri brtt. Efni hennar er það að fella niður ákvæði, sem þykir allharkalegt gagnvart flugmönnum, sem ekki mæta til vinnu. N. mælir sem sagt með, að sú brtt. verði samþ. Enn fremur mælir n. einróma með því, að samþ. verði 2. brtt. á þskj. 413, þ. e. a. s. a-liðurinn, en þar segir á þessa leið:

„Nú veikist eða slasast flugverji fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfs hans. Ber þá vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans."

N. þykir eðlilegt, að þetta ákvæði verði tekið upp í lög, enda þótt gert hafi verið ráð fyrir því af þeim, sem frv. sömdu, að eðlilegra væri, að það yrði tekið upp í samninga milli aðila.

Í þriðja lagi varð samkomulag um það í samgmn., að n. flytti brtt. eða viðbótartill. aftan við 52. gr. frv., en í henni segir á þessa leið, þ. e. a. s. síðustu mgr. 52. gr., eins og hún er nú, eftir þá brtt., sem samþykkt var frá samgmn. við þessa gr. við 2. umr. málsins:

„Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi."

Þessi brtt. var samþ. frá n. við 52. gr. við 2. umr. En aftan við þessa mgr. leggur n. nú til að bætist: „að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar." Þessi brtt. skýrir sig sjálf og er flutt til þess að koma til móts við fyrst og fremst félagssamtök flugmanna. Vildi ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till.

Í fjórða lagi vildi ég geta þess, að samgmn. mælir ekki með samþykkt annarra brtt., sem fluttar eru á þskj. 413 og hv. 8. þm. Reykv. gerði hér grein fyrir áðan. Ég tel ekki þörf á því að fara að ræða þessar brtt. og svara ræðu hans. Það hefur í raun og veru verið gert af hæstv. flugmálaráðh., sem ræddi þær allýtarlega hér í hv. þd. fyrir skömmu. Ég vil þó bæta því við þessi ummæli mín, að frv. þetta er sniðið eftir norskum og dönskum loftferðalögum, sem þykja mjög fullkomin og nýtízkuleg á sínu sviði. Og við vitum, að það hefur verið háttur okkar Íslendinga að fylgja einmitt fordæmi frændþjóða okkar á Norðurlöndum á fjölmörgum sviðum löggjafarmálefna. Hefur það þótt vel gefast. Að sjálfsögðu ber okkur að líta sjálfstætt á okkar aðstæður og miða löggjöf okkar við þær sérstöku aðstæður, sem kunna að vera fyrir hendi í hinum ýmsu tilfellum hér hjá okkur. En yfirleitt hefur það þótt mjög vel gefast að sníða íslenzka löggjöf eftir fyrirmyndum frændþjóðanna á Norðurlöndum. Enn fremur má geta þess, að þetta frv. til loftferðalaga er samið af Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara, einum færasta og traustasta lögfræðingi landsins. Enn fremur hefur það verið yfirfarið af Hákoni Guðmundssyni hæstaréttarritara og Jónasi G. Rafnar alþm. Það fer því víðs fjarri, að hægt sé að segja með minnstu rökum, að kastað hafi verið höndunum til undirbúnings þessa frv. Það má enn fremur geta þess, að ég held, að samgmn. hafi um örfá mál fjallað jafnnákvæmlega og um þetta frv., enda er það geysiefnismikið og nauðsynlegt að setja sig inn í fjölmargar nýjungar, sem í því felast.

Ég vil loks geta þess, að það er ekki rétt, að ekki hafi verið sinnt ósk um það, að fulltrúar flugmanna gætu skýrt sjónarmið sín fyrir samgmn. Þetta er beinlínis rangt. Fulltrúi flugmanna mætti í n. og fékk mjög gott tækifæri til þess að skýra þau ýtarlegu skriflegu erindi, sem fyrir n. lágu. Ég skil ekki, hvað hv. 1. flm. þessara till. gengur til að vera að rangherma um slíka hluti, því að honum hlýtur að vera það ljóst, að lögfræðingur atvinnuflugmanna mætti hjá n. og átti þar að auki tal við einstaka nefndarmenn utan funda oftar en einu sinni.

Að lokum vil ég segja það, að ég tel, að það hafi verið komið í till. n. nokkuð til móts við óskir flugmanna, og því fer víðs fjarri, að n. hafi haft minnstu ástæðu til annars en að líta með fyllstu góðvild og skilningi á þær ábendingar, sem fram hafa komið, bæði hjá fulltrúum samtaka flugmanna og ýmsum aðilum öðrum, sem hún leitaði álits hjá um þetta þýðingarmikla frv.

Um loftferðadómstólinn og brtt. fjórmenninganna um, að tekið verði upp ákvæði í l. um hann, vil ég aðeins segja það, að auðvitað er mikið álitamál, hvort það skipulag eigi að taka upp í þessum efnum eða það, sem gert er ráð fyrir í frv. Það, sem mestu réð í okkar huga, í samgmn., var það, að n. taldi, að þetta mundi verða of þungt í vöfum, ef ætti að fara að setja hér upp sérstakan loftferðadómstól. Þar að auki höfum við ekki á að skipa þeim fjölda sérfræðinga á þessu sviði, sem nágrannaþjóðir okkar eiga á að skipa. En til þess að koma nokkuð til móts við það sjónarmið, sem felst í raun og veru í till. um loftferðadómstól, var við 2. umr. samþ. till. frá samgmn. svo hljóðandi, sem var tekin upp í 140. gr. frv.:

„Skylt er flugmálaráðh. að skipa rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið."

Það er sem sagt gert ráð fyrir því, ef um meiri háttar flugslys er að ræða, að þá sé flugmálaráðh. ekki aðeins rétt, heldur skylt að skipa sérstaka rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en n. mælir með því, að það verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef hér skýrt frá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 447) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Frv. til l. um loftferðir er allmikill bálkur og var það ekki vonum fyrr, að sett yrði ný löggjöf um það mikilsverða mál, þar sem eldri löggjöf er frá 1929 og að sjálfsögðu orðin úrelt í verulegum atriðum, því að í fyrsta lagi eru það gömul lög og í öðru lagi er það svið löggjafar, sem hún fjallar um, sérstaklega þannig vaxið, að það hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og tekur miklum breytingum. Það er því enginn vafi á því, að hið nýja frv. var mjög þarft, og ábyggilega óhætt að treysta því, að mjög margt í því frv. er til mikilla bóta frá gildandi lagaákvæðum. Þá er enn fremur þess að geta, að í meðförum samgmn. og Alþingis fram að þessu hefur frv. tekið talsverðum breytingum, og hygg ég, að þær muni allar vera til bóta.

Hér eru nokkrar brtt. þó eftir á þskj. 413, sem hv. samgmn. hefur ekki viljað taka upp á sína arma. Þær fjalla flestar um réttarbætur fyrir flugliðið og hefur í umr. um þetta mál að undanförnu verið gerð nokkuð rækileg grein fyrir þeim og þær rökstuddar, bæði í síðustu ræðu hv. 8. þm. Reykv. og svo nokkrum ræðum hér, þegar málið var síðast til meðferðar í hv. d. Skal ég ekki þreyta hv. þdm. á því að endurtaka þau rök, sem flutt hafa verið fyrir nauðsyn þessara breytinga, en ég hygg, að þær muni flestar a. m. k. vera til bóta. Sérstaklega vil ég undirstrika það, að 160. gr. frv., eins og hún nú liggur fyrir, er einsdæmi í íslenzkri löggjöf og fordæmi, sem ég tel, að ekki ætti að taka upp. Það er þakkarvert af hv. samgmn., að hún hefur nú þegar fallizt á að fella niður síðari mgr., en ástæða væri til að óska þess, að hún sæi sér fært að ganga lengra og fella alla gr. niður, því að hún er löggjöfinni ekki til sóma.

Það er skylda okkar alþm., þegar mikilsverð frv. eru lögð fyrir til meðferðar, að reyna að gera sér grein fyrir því, hvaða afstöðu sé rétt að taka. Og það er eitt atriði í loftferðafrv. nýja, sem ekki hefur fengið áheyrn, hvorki hjá hæstv. samgmrh. né heldur hjá hv. samgmn., en það eru þau ákvæði, sem ráðgera flugdómstól. Ég hef reynt að undanförnu litillega að gera mér grein fyrir því, hvað sé bezt í því efni, hvort ekki sé rétt að taka upp flugdómstól eða hvort það fyrirkomulag, sem ráðgert er í umræddu frv., sé nægilegt til þess, að fyllsta öryggis sé gætt. Í því sambandi hef ég reynt að lesa mér nokkuð til um það, hvernig þessum málum er hagað annars staðar og þá ekki sízt með þeim þjóðum, sem fyrirmyndin að frv. er sótt til, Norðmönnum og Dönum. Ég hef í þessu sambandi komizt yfir skýrslu frá norska samgmrn., sem prentuð er í Þrándheimi 1957. Þar er greint frá með nokkrum orðum þróun þessara mála í Noregi og aðeins komið inn á þróun hennar í öðrum löndum líka. Í þessari skýrslu segir, að upphaflega, þ. e. a. s. á byrjunarárum flugsins eða fyrir heimsstyrjöldina síðari, hafi verið samvinna milli loftferðaeftirlitsins og viðkomandi lögregluyfirvalda um rannsókn flugslysa hverju sinni. Það voru ekki fastar reglur. En eftir stríðið, þegar flugsamgöngur fóru að hafa meiri þýðingu og slysafjöldinn óx og slysin urðu meiri, eins og eðlilegt er, þegar flugið vex, hafi þessar reglur verið teknar til endurskoðunar. Og þá hafi verið farið yfir í þær reglur í alvarlegum tilfellum, sérstaklega þar sem um mannslát hafi verið að ræða eða mjög stórt efnahagstjón, að þá hafi verið settar sérstakar rannsóknarnefndir, settar af samgmrn. í hverju einstöku tilfelli, en við minni háttar slys eða óhöpp hafi flugmálastjórnin haft rannsóknina með höndum. Og í þessari skýrslu segir, að þessi tilhögun hafi gilt fram til 1948—1949, en þá hafi ríkissaksóknarinn farið fram á það, að breyting yrði á þessu, þannig að lögreglan yrði aðili að þessum rannsóknum.

Þetta fyrirkomulag er, að mér virðist, það, sem ráðgert er að taka upp hér. Það er, að flugmálastjórnin hafi með höndum rannsókn allra minni háttar slysa, en í meiri háttar tilfellum og þegar um manntjón er að ræða verði samkv. nýorðinni breytingu frá hv. samgmn. tekinn upp sá háttur, að samgmrh. hæstv. skipi sérstaka rannsóknarnefnd í því einstaka tilfelli. Þessi tilhögun, sem gilti í Noregi á því tímabili, sem ég hef nú greint, sætti mikilli gagnrýni. T. d. var gagnrýnin ekki hvað sízt byggð á því, að rannsóknarnefndirnar eða meiri hl. þeirra væri úr hópi þjónustumanna í flugi, úr flugmálastjórninni eða starfsliði hennar. Í því sambandi var á það bent, sem raunar kom hér fram áðan, að það væri alls ekki óalgengt, þegar um flugslys væri að ræða, að rannsóknin beindist að nokkru eða jafnvel öllu leyti að starfsmönnum flugmálastjórnarinnar sjálfum. Á þessum forsendum var farið fram á það, að sérstakur rannsóknaraðili yrði settur á laggirnar. Og það mun hafa verið gert 1956, og síðan mun það skipulag ríkja þarna, að það er föst nefnd, sem hefur það starf eitt að rannsaka flugslys. Hún er byggð upp af sérfræðingum í flugi og þeim málum, sem að því lúta. Það eru þrír menn í þessari nefnd, einn frá lögreglustjórninni og tveir settir af flugmálaráðh. eða samgmrh., og varamenn þeirra. Auk þess eru svo skipaðir á svipaðan hátt, eins og er hér í sjó- og verzlunardómi, sérstakir meðdómsmenn, nokkuð margir, og sá háttur hafður, að þeir eru til kallaðir tveir í senn eftir því, hvaða tegund rannsóknar það er, sem á að fara fram, þannig að tryggt er, að sérfræðileg sjónarmið eru þarna alltaf fyrir hendi.

Í öðrum löndum mun svipaður háttur víða vera á hafður. Í Belgíu er t. d. sérstakur loftferðadómstóll. Í Kanada, Hollandi, Bretlandi og Sviss eru fastar rannsóknarnefndir á svipuðum grundvelli, eins og ég hef hér áður gert grein fyrir.

Mér finnst í sambandi við afgreiðslu þessa máls hér í hv. Nd. Alþingis tæplega hafa komið fram nægilega sterk rök af hálfu samgmn. og hæstv. flugmálaráðh., sem geri það að verkum, að við eigum ekki að semja okkur að þessum siðum, heldur eigum við að hafa þá málsmeðferð á, sem aðrir nágrannar okkar og fyrirmyndir okkar að ýmsu leyti í þessum tilvikum eru fallnir frá. Enn er tími til þess að athuga

þetta mál betur, og erindi mitt í ræðustólinn að þessu sinni var aðeins að vekja athygli á því, hvort ekki þætti fært að endurskoða þessar ráðagerðir um það, að ekki skuli vera loftferðadómstóll eða a. m. k. föst loftferðarannsóknarnefnd. Ég tel, að það fyrirkomulag mundi gefast okkur betur. Það eru vankantar á því skipulagi, sem hér er ráðgert. Það hefur verið bent á þá, ég skal ekki endurtaka það. Mér finnst þau rök, sem hv. frsm. og form. samgmn., hv. 2. þm. Vestf., hér áðan greindi fyrir því, að loftferðadómstóll væri ekki mögulegur hér, ekki verulega sannfærandi. Að vísu skal það viðurkennt, að hann tók ekki á þessu með neinni hörku. Hann viðurkenndi það, sem ber að meta, að þetta væri matsatriði. Ég viðurkenni það líka, að þetta er matsatriði. Ég hef reynt fyrir mitt leyti að gera mér grein fyrir því, hvað væri rétt stefna í þessu matsatriðismáli, og hún er sú, sem ég hef hér þegar gert grein fyrir, að við eigum að fara inn á þá leið að setja upp sérstakan loftferðadómstól, og ef það af einhverjum ástæðum þykir ekki tiltækilegt, þá a. m. k. skipuð föst rannsóknarnefnd í flugslysum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. vegna þeirra ummæla, sem komu fram í umr. um mál þetta hér í dag í þinginu.

Það eru í fyrsta lagi þau ummæli hv. frsm. samgmn., sem hann hafði og að ég tel þóttist þá vitna í orð mín um viðskipti Félags ísl. atvinnuflugmanna við samgmn. Ég tel, að hann hafi misskilið orð mín allhrapallega, því að það, sem ég var þarna að ræða um, var í fyrsta lagi, að félagið hafi að beiðni hv. samgmn. þessarar d. sent henni aths. félagsins vegna þess frv., sem hér er til umr. um loftferðir. En í sambandi við viðskipti þeirra við þá aðila, sem sinntu ekki óskum þeirra, var það ekki samgmn. þessarar d., heldur voru það þeir aðilar, sem var falið að semja þetta frv. En þeim aðilum skrifaði Félag ísl. atvinnuflugmanna bréf á sínum tíma og óskaði eftir að *fá tækifæri til að kynna sjónarmið flugmannastéttarinnar varðandi nýja fluglöggjöf*, sem þessi stétt einmitt öðrum fremur telur brýna þörf á að verði sett, eins og ég orðaði það, en þessari ósk var ekki sinnt, þannig að ég tel, að hv. 2. þm. Vestf. hafi alveg misskilið orð mín. Hins vegar er því ekki að leyna, að ég hef þá skoðun á afstöðu samgmn. til þessa félags þar fyrir utan, að ég tel, að samgmn. hv. hefði getað átt betra og nánara samstarf við stjórn þess en raun ber vitni um.

Hv. 2. þm. Vestf. lagði fram brtt. frá samgmn., sem vissulega er til bóta, svo langt sem hún nær. Þessi brtt. fjallar aðeins um síðasta málsl. 52. gr. frv., eins og það hljóðar eftir 2. umr., en í þessari síðustu mgr. er aðeins rætt um lágmarkshvíldartíma flugmanna. En hins vegar erum við með þrjú hugtök í sambandi við okkar brtt. í sambandi við vinnutíma flugmanna, um lágmarkshvíldartíma, um hámarkstíma í starfi í flugfari og um vakttíma. Ég segi fyrir mig, að ég mundi telja það til stórra bóta, ef till. okkar um þetta efni yrðu felldar, en þessi brtt. samgmn. yrði samþ., þó með þeirri breytingu, að inn í síðasta málsl. væru einnig tekin skýr ákvæði um það, að ráðh. væri skylt að setja í reglugerð ákvæði ekki aðeins um lágmarkshvíldartíma, heldur einnig um hámarkstíma í starfi og vakttíma flugverja.

Þetta voru helztu atriðin, sem ég vildi láta koma fram í sambandi við ummæli þessa hv. þm. Ég vil einnig láta það koma fram, að það er hinn mesti misskilningur hjá honum, ef hann álítur, að orð mín í ræðu minni hér í dag hafi mátt skilja á þann veg, að um væri að ræða einhverja sérstaka gagnrýni á þá einstaklinga, sem unnu að samningu eða kannske öllu frekar þýðingu þessa frv. Það er hinn mesti misskilningur, og það er ekki hægt að finna það út úr orðum mínum. Ég þekki a. m. k. einn þeirra, sem ég met mikils sem einstakling, og það er langt frá því, að það hafi verið gagnrýni á þá sem einstaklinga á einn eða annan hátt. Og svo var auðvitað þetta atriði, sem hv. 11. þm. Reykv. (EÁ) reyndar svaraði, að ef brtt. okkar um loftferðadómstól yrðu samþykktar, þyrfti skilyrðislaust að sækja til nágrannaþjóðanna eftir sérfræðingum til þess að framkvæma þær rannsóknir, sem nauðsynlegar eru í sambandi við flugslys. Þetta er auðvitað mesti misskilningur. Ef það er talið, að leita þurfi til nágrannaþjóðanna eftir þessum sérfræðingum í sambandi við flugslys, ef brtt. okkar verði samþ., þarf það ekki síður eftir orðanna hljóðan í frv., eins og það er nú og eins og það kemur frá hv. samgmn.

Og að síðustu vil ég draga stórlega í efa, að hv. þm. fari með rétt mál í því, er hann telur, að við getum sótt eitthvað svo stórkostlega mikið til Dana á sviði laga um loftferðir, að ég tali nú ekki um flugið sjálft. Ég vil minna hv. þm. á það, að íslenzkir flugmenn voru farnir að fljúga *fjórhreyfla flugvélum*, áður en Danir gerðu annað en sjá þær í lofti, og enn í dag eru íslenzkir flugmenn að kenna dönskum að fljúga, sbr. Grænlandsflugið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. gerði grein fyrir þeim till., sem samkomulag varð um að mæla með í samgmn., þ. e. allir nm. voru sammála um. Hins vegar gerði hann eðlilega ekki grein fyrir afstöðu einstakra þm. til annarra till., sem n. mælir ekki með, og það var ekki heldur til þess ætlazt, en um þær till. eru nokkuð skiptar skoðanir. Þegar þetta mál var til umr. fyrir nokkrum dögum, gerði ég grein fyrir brtt., sem ég flyt við 7. gr. frv. á þskj. 594. Þar gagnrýndi ég aðallega þetta orðalag um félög, sem eiga loftför á Íslandi: „aðrir, sem verða samkv. gr. þessari settir á bekk með þeim," þ. e. a. s. settir á bekk með íslenzkum aðilum eða ríkisborgurum. Mér fannst þetta óeðlilegt orðalag og vildi fá þessu breytt. Hæstv. flugmálaráðh. mælti heldur gegn því, að brtt. mín yrði samþ., á þeim forsendum, að það fælist ekkert annað í henni en væri í gr., — till. væri sama efnis, því að þessir aðilar,

sem talað er um í 7. gr., séu auðvitað íslenzkir aðilar, sagði hæstv. ráðh. Ég kalla það betra en ekki neitt að fá þetta fram, þessa skoðun hans á því, að þarna sé um íslenzka aðila að ræða, en ég taldi, að hér hlyti að vera átt við útlenda aðila. Ef ágreiningur verður síðar meir um þetta í framkvæmd, mætti vitna til umr. hvað þetta snertir. En sé þetta rétt hjá hæstv. ráðh., er gr. efnislega á þá leið, eins og ég sagði um daginn, að setja megi íslenzka aðila á bekk með íslenzkum aðilum, og ef hv. þm. vilja hafa gr. þannig, þá þeir um það.

Þá flyt ég till., eins og ég gerði grein fyrir um daginn, ásamt hv. 5. þm. Vesturl., um að fella niður seinni hluta 160. gr. Það er um hinar óhæfilegu refsingar fyrir að vera óstundvís til vinnu. Þar sem ég talaði fyrir þeirri brtt. þá, sé ég ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka það nú. En málum hefur nú skipazt þannig síðan, að nú eru allir orðnir sammála um að fella þetta niður, svo að væntanlega gengur sú brtt. fram auðveldlega, og er það ágætt. — En á þskj. 413, frá þeim fjórmenningunum, er frekari brtt. við þessa gr. Hún er um að fella alla gr. niður. Fyrri hluti þessarar gr., sem samgmn. leggur ekki til að fella niður, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nú leiðir maður, sem skuldbundið hefur sig til starfa í loftfari, hjá sér að taka til starfa eða halda starfa áfram, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum."

Þetta er fyrri hluti gr. Ég skil þennan hluta gr. svo, að hér sé eingöngu átt við starfa á flugi, þ. e. uppi í loftinu. En seinni hluti gr. á við starfa á jörðu niðri, þar sem um óstundvísi er að ræða til vinnu eða farið er frá starfi án leyfis. Það er ekki þægilegt að hlaupa heim til sín frá vinnu t. d. á miðri leið milli Bandaríkjanna og Íslands, svo að það er, held ég, alveg ótvírætt, að seinni hl. gr. á við starfa á jörðu niðri, en fyrri hl. á við starfa í loftfari á flugi. Mér sýnist því, að skipta megi í tvö horn refsingum í þessu tilviki. Ef á að hafa harðar refsingar við vanrækslu eða óhlýðni, — og þær eru sannarlega margar harðar í þessu frv., — er ekki hægt að neita því, að það sé þó helzt, ef menn fara að neita að gegna skyldu sinni, þegar loftfar er á flugi fullt af farþegum, og af því er ég ragur við að fella þetta niður. En seinni hl. gr. tel ég hins vegar sjálfsagt að fella, eins og ég hef áður sagt. Samt er það svo, að þótt þessi fyrri hl. gr. yrði felldur líka, sé ég enga hættu á ferðum, því að í næstu gr. á eftir koma álíka hörð viðurlög fyrir óhlýðni. Og í 170. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vanrækir flugstjóri eða flugverji starfsskyldur sínar með ítrekuðum eða óhæfilegum hætti eða fremur annars konar óhæfu í starfa sínum, án þess þó að ákvæði 152.—169. gr. taki til, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi."

Það eru a. m. k. tvær greinar þarna, sem geta komið til, jafnvel þó að öll 160. gr. yrði felld niður. En ég er ekki að mæla með, að það sé felldur niður nema seinni hl. gr. Hins vegar hafa þeir fjórmenningarnir ekki lagt til að fella þessar greinar úr frv., 161. eða 170 gr., og það eru þó sannarlega álíka harðar refsingar þar. En þó að fyrri hl. 160. gr. verði felldur, eru þó hinar gr. eftir, sem ég sé ekki betur en miði að hinu sama.

Á þskj. 413 eru nokkrar brtt., sem hv. 1. flm. gerði mjög rækilega grein fyrir hér í dag, og eftir hans ræðu skýrðist málið reglulega vel. Samgmn. hafði að vísu fjallað um málið á fundi í dag, og það var til bóta. En það var mjög ýtarlega gerð grein fyrir þessum brtt. hjá hv. frsm. í dag.

Fyrsta brtt., a-liður, er um það, að ef á að taka mann til rannsóknar, skuli hann fá aðvörun um það, áður en vakttíma hans lýkur. Ég vil segja það um þessa brtt., að þetta væri mjög æskilegt, ef hægt væri að gera þetta. En ég er hræddur um, að það verði ekki tækifæri til að koma slíkri aðvörun við, vegna þess að vakttíma flugmanna lýkur mjög skömmu eftir að flugvél er sezt á flugvöll. Sé maðurinn þá farinn heim til sín, verður þessu ekki komið við. Þá er ekki hægt að aðvara hann lengur, og þar af leiðandi getur þessi rannsókn ekki farið fram. Það er aðeins þess vegna, sem ég er ragur við að samþykkja þessa till. Ég held, að þetta verði dauður bókstafur, ef á að gera það að skilyrði, að slíkri aðvörun verði komið við svo fljótt, því að það getur komið í ljós síðar, að slíkrar rannsóknar þurfi við, en þá er hún útilokuð.

B-liður þessarar brtt. er um það, að ef flugverja er tekið blóð, skuli honum óheimilt að hefja flug næstu 12 klst. á eftir. Þetta er gert í öryggisskyni af hálfu flugmanna, að óska eftir þessari breytingu, og það er virðingarvert að fá sem flestar bendingar um það, sem getur orðið til fyllsta öryggis í flugi. En mér sýnist, að þau séu önnur ákvæði í frv., sem tryggi, að slíkur maður, sem tekur eitthvað nærri sér eða verður miður sín við blóðtöku, fljúgi ekki, þau komi í veg fyrir það, að hann fljúgi. Í 36. gr. frv. segir:

„Flugmálaráðh. ákveður, hverjum skilyrðum flugverjar, er í loftfari starfa, skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi" o. s. frv.

Sá maður, sem verður miður sín vegna blóðtöku, hefur ekki lengur þetta hæfi til að fljúga, og yfirmaður slíks flugverja má þá ekki láta hann fljúga, jafnvel þó að ekki væri samþykkt þessi brtt. En auk þess segir í 41. gr.:

„Nú verður læknir þess vís, að flugverji er haldinn slíkri heilsubilun, að hætta stafi af starfa hans í loftfari, og ber lækninum að vara hann við og tilkynna vitneskju sína flugmálastjórn eftir reglum, er flugmálaráðh. setur."

Þarna sýnist mér enn vera tryggt, að slíkur maður, sem vegna blóðtöku er eitthvað miður sín, megi ekki fljúga, og lækni þarf þó til að taka honum blóð, og verði hann var við, að manninum verði svona mikið um það, er læknirinn skyldugur að aðvara manninn fyrst og síðan flugmálastjórnina, svo að mér sýnist ekki hætta á ferðum, þó að þessi till. yrði ekki

samþ. Auk þess vil ég benda hv. 1. flm. á, að í brtt. segir:

„Þyki ástæða til að ætla, að flugverji hafi brotið ákvæði 1. mgr. þessarar gr., er lögreglunni heimilt að færa hann til læknis" o. s. frv.

Það má þó aðeins samkv. brtt. flytja mann til læknis, ef hann hefur brotið 1. mgr., en þó að hann hafi brotið 2. mgr., er það ekki heimilt eftir brtt. En 2. mgr. þessarar gr. er um það, að bannað er flugverjum að neyta áfengis 18 klst. áður en störf eru hafin, svo að mér sýnist, að brtt. sé ekki fullnægjandi, hvernig sem á hana er litið, því að það getur þurft rannsókn út af því að brjóta þá mgr. alveg eins og hina, en eins og brtt. er, nær hún ekki nema til 1. mgr. Ég sé því enga hættu á ferðum, þó að þessi brtt. nái ekki samþykki, eins og ég sagði áðan, vegna þessara ákvæða í tveimur öðrum gr. frv., sem eiga að tryggja það, að slíkur maður megi ekki fljúga. Og það er skylda læknis að sjá um, að hann fljúgi ekki, ef honum verður mikið um blóðtöku. En hvað er svo um hina, sem ekkert verður um blóðtökuna, eru jafnbrattir eftir sem áður? Flugverja verður bannað að fljúga í 12 tíma samkv. brtt., og ég veit ekki, hvort það er alveg sanngjarnt, — ef ekkert er að honum, fullfrískur og brattur, þá má hann ekki fljúga í 12 tíma, ef brtt. er samþykkt.

2. brtt. a er hv. frsm. n. búinn að gera grein fyrir, að n. mælir einróma með því, að hún verði samþ., en það er um það, að hafi flugverji slasazt fjarri heimili sínu, skuli vinnuveitandi greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning heim.

Þá kem ég að 2. till. b, og það er um vinnutímann. Ég skal fúslega játa, að ég átti í erfiðleikum með að gera mér grein fyrir, hvort ætti að setja þarna inn ákveðinn vinnutíma. Engar till. fékk n. um það, hver slíkur vinnutími ætti að vera, fyrr en útbýtt var þessu þskj., hún hafði aldrei séð neinar till. um það fyrr. Þegar svo þessar till. koma um vinnutímann, verð ég að segja, að mér þykir hann eiga að vera nokkuð langur, og ég átta mig ekki á þessu, hvernig stendur á því, að flugmenn óska eftir svona löngum hámarksvinnutíma. Þar sem aðeins er einn flugmaður í áhöfn, má láta hann fljúga eða starfa allt að 12 klst. hvíldarlaust, þar sem tveir flugmenn eru í áhöfn, má láta þá fljúga allt að 14 klst., og ég veit ekki betur en þeir megi ekki víkja frá, þótt þeir séu tveir, þ. e. a. s. annar þeirra má ekki hvíla sig, annar má ekki sofna eða þess háttar. Þeir verða báðir að vera alltaf til taks. Svo stendur: „Tveir flugmenn og fleiri í allt að 16 klst." Ég veit ekki, hvort þetta „og fleiri" þýðir, að aðstoðarflugmaður eigi að vera sá þriðji. Það kann að vera. En þó held ég, að það sé svo, að hinir raunverulegu flugmenn tveir megi ekki hvílast, þ. e. a. s. þeir megi ekki sofna, og þá er nú tíminn orðinn langur, ef má ætla þeim að fljúga í 16 klukkutíma í lotu. Einmitt vegna þessa, hve þetta er langur tími, vil ég ekki samþykkja þessa till., og mér er tjáð, að þetta sé mun lengri tími en nú tíðkast hjá flugfélögunum, — mun lengri. Nú er þess að gæta, að auk þessa eru flugmenn, sem eru ekki í þjónustu annarra, heldur fljúga einkaflug og fljúga með farþega og eru ekki háðir öðrum vinnutíma, það getur verið hætt við því, að þeir vilji nota sér hámarkstímann, sem settur yrði í lög, ef þetta yrði lögfest. Mér finnst of lítið öryggi í því, ef hámarkstímanum yrði nú fylgt, sem hér er lagt til. Af þessum ástæðum er það, sem ég get ekki fallizt á till. Hins vegar álít ég nauðsyn á því að tryggja flugmönnum nauðsynlegan hvíldartíma, og mér hefur dottið í hug, hvort það muni ekki vera hægt. Ég skal ekki fullyrða um það, en líklegt, að rétt væri að samþykkja síðari hluta till., þ. e. um lágmarkshvíldartíma, þótt ekki verði samþykktur hámarksvinnutími. Ég sé a. m. k. ekkert á móti því að samþykkja þann hluta till., sem fjallar um hvíldartímann.

Þá kemur loks 3. till., um loftferðadómstól í staðinn fyrir rannsóknarnefnd, sem nú er í frv., þ. e. 140. gr. Þessi breyt. var samþ. við frv. um daginn: „Skylt er flugmálaráðh. að skipa rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið." Þetta þykir flugmönnum ekki nóg og vilja, að lögfest séu ákvæðin um loftferðadómstól.

Eins og fram kom í framsöguræðu hv. formanns n. í dag og hann orðaði mjög réttilega, er þetta matsatriði, og sama ætla ég, að hv. 11. þm. Reykv. hafi sagt í sinni ræðu. Þetta er matsatriði. En ég held, að það sé ekki matsatriði, að það er miklu meiri festa og miklu meira öryggi í því að hafa loftferðadómstól en að hafa rannsóknarnefnd. Ég er því mjög fylgjandi því, að þessi brtt. verði samþ. um loftferðadómstól. Það hefur helzt verið fært sem rök gegn því, að það muni vera erfitt að finna sérfræðinga í slíkan loftferðadómstól. En ef það er ekki hægt að finna sérfræðinga í hann, hvernig á þá að finna sérfræðinga í rannsóknarnefnd? Ég held, að það sé sama, hvernig maður veltir því fyrir sér, það eru sömu vandkvæðin í báðum tilfellum.

Ég hef þá gert grein fyrir skoðun minni á þeim till., sem ekki voru sérstaklega til umr. af hálfu frsm. í dag, og sé þá ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta lengur.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Hér hefur verið rætt mikið um loftferðalög, sem eru stór lagabálkur og margt nýtt í og breytt frá því, sem áður hefur verið, og er það vissulega gott, að verið er að setja nýja löggjöf um svo þýðingarmikil mál sem loftferðirnar nú eru orðnar fyrir okkur Íslendinga. Og ég vil taka undir með þeim mönnum, sem hafa mælt það hér í dag, að þeir væru ánægðir með þessar till. til breytinga á loftferðalögunum, sem eru í mörgum atriðum miklu ýtarlegri og fyllri en gömlu loftferðalögin voru. En hér hefur verið deilt um brtt. á þskj. 413, sem fjórir alþm. hafa flutt. Ég hef hlustað á þessar umr. og reynt að setja mig inn í málið, eftir því sem ég hef haft getu til á stuttum tíma, og ég verð að

segja það, að mér sýnist, að þessar brtt. flestar stefni að því að auka öryggi í loftferðum, og get ég því tekið undir með hv. 8. þm. Reykv. um það, að ég teldi rétt, að þær yrðu samþ.

Það hefur verið nokkuð rætt sérstaklega um b-lið 1. till., þ. e. a. s. síðari málsgr. 52. gr., þá skyldu, að flugverja, sem tekið hefur verið blóð, verði gert fært að hvílast í 12 klst., áður en hann hefur starf að nýju. Mér sýnist, að þessi till. stefni mjög ákveðið að því að skapa aukið öryggi í flugi og þess vegna sé rétt að samþykkja hana af þeim ástæðum. Það er algengt, að menn, sem verða fyrir einhverjum truflunum, eins og t. d. yrði í þessu tilfelli, þegar mönnum er þvingað með valdi til blóðtöku, þeir verða í nokkru uppnámi fyrst á eftir og eru af þeim sökum ekki hæfir til að taka að sér jafnþýðingarmikið starf og flugstjórn er, og þess vegna eðlilegt að gefa þeim tækifæri til að hvílast og komast í eðlilegt ástand aftur.

En það, sem einkum hefur valdið umr. hér, er þó 2. og 5. liður þessara brtt., þ. e. a. s. annars vegar ákvæðin í þessum brtt. um hámarksflugtíma flugverja og lágmarkshvíldartíma þeirra og ákvæðin um flugdómstól, og um þau ætla ég fyrst og fremst að ræða. Mér sýnist, að till. um hámarksflugtíma og lágmarkshvíldartíma stefni mjög ákveðið að auknu öryggi í flugi og sé um leið mannréttindatill. En það, sem helzt mætti finna að þessum till., væri það, sem síðasti hv. ræðumaður vék að, að hámarksflugtími væri eftir þessum till. of langur. En hér er um það að ræða, að gerður er greinarmunur á reglubundnu flugi og því, sem kalla má óreglubundið flug. Í samningum flugmannafélaganna við flugfélögin er samið um styttri hámarksvinnutíma en hér er lagt til, en þessi ákvæði eiga þá fyrst og fremst við um þá, sem stunda óreglubundið flug, fara í einstakar flugferðir í leiguflugi ýmiss konar og eru ekki bundnir af samningum flugmanna og flugfélaga. Og mér er tjáð af mönnum, sem eru kunnugir ákvæðum í loftferðalögum annarra þjóða, eins og t. d. Breta, að þetta séu nálega sömu ákvæði og eru í brezku flugferðalögunum. En eins og kom fram hér hjá hv. 8. þm. Reykv., munum við sennilega geta leitað meiri fyrirmynda að okkar loftferðalögum meðal enskumælandi þjóða en Dana, vegna þess að þær eru komnar lengra á veg í þessu. Þær hafa stundað flugið lengur en Danir, og við höfum líka stundað flugið lengur en Danir og ættum sennilega fremur að tileinka okkur öryggisráðstafanir, sem enskumælandi þjóðir hafa tekið upp hjá sér. Og með því að það liggur upplýst fyrir, að í samningum flugmannafélaga og flugfélaganna eru þessi ákvæði þrengri, þannig að hámarkstími er mun styttri en hér er lagt til og lágmarkshvíldartími lengri, þá sýnist mér, að þetta skapi þó aukið öryggi fyrir annað flug í landinu og þess vegna sé rétt að samþykkja þetta.

En það, sem ég vildi þó sérstaklega fjalla um og drepa á hér, eru till. um loftferðadómstól. Það hefur verið sagt hér, að það væri matsatriði, hvort hagkvæmara væri að skipa sérstaka rannsóknarnefnd, þegar flugslys verður, eða hafa starfandi loftferðadómstól. Að mínu viti er hér um tvö mjög þýðingarmikil atriði að ræða, sem menn þyrftu að gera upp við sig og greina á milli, og er þar raunverulega um grundvallaratriði að ræða í sambandi við framkvæmdavald og dómsvald. Í allri almennri löggjöf um þessi efni er reynt að aðgreina svo sem fært er framkvæmdavaldið frá dómsvaldinu. En mér sýnist, að ef sá háttur er á hafður að skipa rannsóknarnefnd, eins og lagt er til í frv. og skv. till. samgmn., sé ekki skilið þarna svo vel á milli sem þörf er á og í rannsóknarnefndina muni koma menn, sem hafi haft afskipti af framkvæmdinni og gætu e. t. v. verið að einhverju leyti sekir um vanrækslu, þannig að þeir væru ekki hlutlausir í rannsókn máls. Þess vegna tel ég miklu sterkara og betra fyrir málið, ef starfandi væri sérstakur loftferðadómstóll til þess að rannsaka flugslys og dæma um þau mál. Og meðal þess, sem mælir með því, að dómstóll sé fremur en rannsóknarnefnd, er það, að ef menn eru skipaðir til lengri tíma í dóm, mundu þeir fylgjast meir með, vera sívakandi og fylgjast meir með því, sem máli skiptir í þessu sambandi, fylgjast með nýjungum í öllu, sem þetta skiptir, og líka kynna sér það, sem skeður í öðrum löndum í sambandi við flugslys og niðurstöður af rannsóknum þeirra. Það mun vera svo, að það eru gefnar út árlega skýrslur um öll flugslys, sem verða, og þar er skýrt mjög rækilega frá orsökum þeirra og allri rannsókn þeirra, og þeir menn, sem eru skipaðir í loftferðadómstól, mundu að sjálfsögðu kynna sér þessar skýrslur og væru þess vegna kannske betur hæfir til starfsins, rannsaka málin og dæma í þeim, heldur en menn, sem eru skipaðir fyrirvaralaust og óundirbúið til starfsins.

Það hefur komið fram hér, að það kynni kannske að vera örðugt að fá menn, sem hefðu sérþekkingu og væru jafnframt hlutlausir, í slíkan dóm sem þennan. Það má vera, að í mannfæð okkar sé ekki um mjög marga menn að ræða, sem gætu verið algerlega hlutlausir í þessu efni, en þó hæfir til starfans. En ég hygg, að þeim fjölgi mjög ört, og það er af því, að við eigum nú orðið allstóran hóp af starfandi flugmönnum, en starfsaldur þeirra er ekki ýkjalangur. Þeir verða af eðlilegum ástæðum að hætta störfum ekki mjög gamlir, og þá eru þeir samt sem áður mjög hæfir til þess að taka þátt í slíkum dómstólum sem loftferðadómstóll væri. Þeir hafa alla þekkingu til þess að fjalla um málin og reynslu, og jafnframt mundu þeir þá, eftir að hafa hætt að starfa á flugfari, geta verið hlutlausir um rannsókn máls gagnvart öðrum mönnum, sem þarna kæmu til að verða fyrir slysi eða hafa tekið þátt í umferðarstjórn. Mér sýnist, að það sé ekki ástæða til að óttast, að okkur mundi vanta menn í slíkan dóm, þótt að því ráði yrði horfið að skipa loftferðadómstól. En hitt liggur hins vegar ljóst fyrir, ef ætti að skipa rann-

sóknarnefnd hverju sinni, að þá gæti orðið í sumum tilfellum a. m. k. örðugt að fá hæfa menn í þetta með örstuttum fyrirvara, sem væru nægilega vel inni í málunum.

Þá er till. um að fella niður 160. gr. Mér sýnist eðlilegt og sjálfsagt að fella 160. gr. niður, vegna þess að hún gerir ráð fyrir óeðlilegum kröfum til flugverja fram yfir alla aðra menn í starfi. Hvað yrði sagt um það, ef ætti að fangelsa t. d. alþm., sem mættu ekki til atkvgr. á réttum tíma, eða aðra slíka menn, sem gegna að sjálfsögðu þýðingarmiklum störfum og bera vissulega mikla ábyrgð? Ég held, að það þættu harðir kostir, ef slíkt ætti að gilda um aðra menn. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að hafa slík ákvæði um flugverja, meðfram af því líka, að það er, eins og fram kom hjá einum hv. ræðumanni hér, ákvæði í öðrum greinum frv., sem tryggja viðurlög og öryggi flugfarþega, ef eitthvað brestur á um flugstjórn.

Mér sýnist, þegar litið er yfir rök þau, sem færð hafa verið fram með og á móti þessum till. á þskj. 413, að þau beri með sér, að till. stefni miklu frekar að því að auka öryggi í loftferðum og þess vegna beri að samþykkja þær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 16. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 377, 394, 395, 413, 447).

ATKVGR.

Brtt. 394 felld með 21:14 atkv.
— 413,1.a felld með 19:15 atkv.
— 413,1.b felld með 17:15 atkv.
— 447 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 413,2.a samþ. með 32 shlj. atkv.
— 413,2.b felld með 19:15 atkv.
— 413,3—4 felld með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EÁ, BergS, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, GGuðbj, SP, IG, VG, LJós, PS, RA, SI, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ.

nei: EI, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, SvH, JR, MB, MÁM, AJ, ÁP, SvJ, BGr, US, BBen, BP, DÓ, SB.

1 þm. (ÓskJ) fjarstaddur.

Brtt. 413,5—8 teknar aftur.
— 413,9 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 395 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr., og var því þá útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 467).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Forseti (SÓÓ): Ég vil geta þess, að hæstv. samgmrh. er ekki hér á landi eins og stendur, en óskaði eftir því, að frv. yrði tekið á dagskrá og því vísað til n., þó að framsaga yrði ekki flutt, og vildi ég verða við því, ef enginn hefur neitt við það að athuga.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða neitt verulega þetta frv. að sinni. Ég hef lesið það yfir með nokkurri athygli, og einkanlega hef ég tekið eftir, að þetta frv. er samið á býsna frumlegu máli og þar er mikið eða a. m. k. nokkuð um ýmiss konar nýyrði og að orð séu notuð í óvenjulegri merkingu. Þetta frv. er búið að fara í gegnum hv. Nd., og þar sé ég, að n. hefur rekið augun í þetta sama. Hún hefur breytt um orð, þar sem talað var um, að maður þyrfti að vera verkvís, og sett þar annað og skiljanlegra orð í staðinn. Ég skal ekki fara út í þetta atriði, a. m. k. ekki að þessu sinni, en þarna er ýmislegt, sem ég kann ekki vel við málfarslega, eins og það t. d., að ráðstöfunarréttur „rakni við", m. ö. o. að ráðstöfunarréttur geti raknað úr roti. Fleiri einkennileg orð eru hér og jafnvel nýyrði. Ég kannast við sögnina að afmá, en ég kannast ekki við orðið „afmáning". Hins vegar þekki ég gott og gamalt íslenzkt orð, sem heitir afmán og þýðir handaskömm eða óféti

En ég stend hér aðallega upp til þess að beina því til þeirrar hv. n., sem þetta frv. fær til meðferðar, hvort hún vildi ekki athuga 1. gr. frv. og hvort ekki færi bezt á því að sleppa þeirri gr. með öllu, eins og hún er. Í þessari upphafsgrein frv. er gerð tilraun til þess að skilgreina, hvað átt er við með loftfari. En þessi skilgreining er afmán, ef ég svo mætti segja svo, og færi miklu betur á því að gera enga tilraun til þess að skýra hugtakið en gera það á þann hátt, sem hér er gert. Það segir í 1. gr.:

„Loftfar nefnist í lögum þessum hvert það tæki, sem ætlað er til að hefja sig á loft eða haldast og hreyfast á lofti og telst af eðlisrökum loftfar."

Mér dettur í hug í þessu sambandi: Er flugeldur, sem notaður er hér á gamlárskvöld, loftfar samkv. þessari skilgreiningu? Eða flugdreki, eins og börn leika sér með? Að vissu leyti uppfylla þau það, sem í skilgreiningunni felst. Ég hygg, að geimfar muni samkv. þessu skilyrðislaust teljast loftfar, á meðan það er á ferðinni í lofthjúpnum. Nei, það fer langtum betur á því að sleppa slíkri skilgreiningu en hafa hana, og ég vil sérstaklega beina því til hv. n. að athuga, hvort henni finnist ekki einnig fara bezt á því. Það er kannske ekki furða, þótt hún sé dálítið ófullkomin, þessi skilgreining. Eins og hún er þarna orðuð, er hún sótt í frönsk lög, sem eru orðin 40 ára gömul. Og upp úr þessum frönsku lögum er þessi vandræðaskilgreining þýdd og ég held illa þýdd. Hins vegar hafa ýmis önnur lönd, t. d. Norðurlandaþjóðirnar, alveg horfið frá allri tilraun til þess að skilgreina, hvað loftfar er, og þær sleppa því hreinlega. Sama er að segja um svissnesk

lög. Þar er þessu sleppt. En Vestur-Þjóðverjar sneiða hjá þessum vanda með því að telja upp, hvað teljist loftför, þannig hafa sennilega flestar þjóðir, sem eiga tiltölulega ný lög, algerlega sleppt þessari skilgreiningu, sem í 1. gr. felst, og nú erum við að koma með ný lög um þetta efni, og færi þá ekki einnig bezt á því, að við slepptum þessu, úr því að erfitt reynist að skilgreina þetta á viðunandi hátt? Hitt finnst mér alveg fráleitt, að vera að sækja jafnvafasama skilgreiningu í 40 ára gömul frönsk lög.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 467, n. 560, 564).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þessu til l. um loftferðir hefur verið vísað til samgmn. Niðurstaðan af athugun n. er sú, að hún leggur til, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu úr hv. Nd. Þó hafa einstakir nm. áskilið sé rétt til að flytja brtt. við frv., og hafa hér komið fram brtt. frá tveimur meðlimum samgmn., þeim hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Austf.

Hér er um mikinn lagabálk að ræða, sem lagður var fram snemma á þingi og hefur verið lengi til meðferðar í hv. Nd. Þar hefur frv. þetta fengið allrækilega yfirvegun, en það hefur ekki komið fyrr en núna alveg nýlega til Ed. Það vill verða svo, þegar mjög fer að líða á þingtímann, að þá er mikið annríki, því að mál eru oft síðbúin, og það er auðvitað ekki því að leyna, að þegar svo skammt er eftir, en mörg frv. og stórmál þurfa afgreiðslu við, gefst ekki tími til að kanna svona lagabálk eins rækilega og æskilegt væri. Þessi lagabálkur er í sjálfu sér mjög sérfræðilegs eðlis, þar sem þar eru annars vegar vandmeðfarin lögfræðileg atriði, sem eru reyndar ekki á færi annarra en þeirra, sem sérstaklega hafa kynnt sér loftferðarétt, og svo hins vegar sérfræðinga í öllum þáttum flugmála. Það er þess vegna erfitt að kryfja slík frv. til mergjar og gera þeim góð skil.

Loftferðalöggjöf okkar er að meginstofni til frá árinu 1929, svo að það er ekki undarlegt, þó að tími sé til kominn að setja nýja loftferðalöggjöf, enda þarf ekki mörgum orðum að fara um það, hversu allri þróun í flugmálum hefur fleygt fram, svo að það er raunar um gerbyltingu að ræða frá árinu 1929, bæði hér á landi og reyndar með öllum þjóðum. Við athugun á frv. kvaddi samgmn. á sinn fund fulltrúa frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna og ræddi við þá um ýmis atriði, sem þeir höfðu sérstaklega áhuga á að fá breytt, og þær brtt., sem liggja hér fyrir, eru í raun og veru sömu till. og bornar voru fram í Nd., en náðu þar ekki fram að ganga, þó að þar væru raunar ýmsar breyt. á frv. gerðar. Þessar brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 564, eru í 7 liðum, og ég ætla að leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum.

1. brtt. er við 52. gr. frv., 3. mgr. En í 3. mgr. segir: „Sá, sem starfað hefur í loftfari, má eigi neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja næstu 6 klukkutíma eftir að starfi hans í loftfari lauk, enda hafi hann ástæðu til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.“ Þetta var 3. mgr. 52. gr., en brtt. hljóðar á þá leið, að í staðinn fyrir „enda hafi hann ástæðu til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann“ komi: „enda hafi hann fengið aðvörun um það, áður en vakttíma hans lýkur, að ástæða sé til, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.“

Í sjálfu sér er hér um smávægilegt atriði að tefla. En það gæti oft borið að, að það væri fyrst og fremst sá, sem á von á opinberri rannsókn, er geti bezt gert sér grein fyrir því sjálfur, að opinber rannsókn sé yfirvofandi, og þess vegna er það mín skoðun, að það sé ekki ástæða til þess að gera þessa breytingu og oft gæti líka verið erfitt að vita og reyndar ekki í brtt. sagt neitt um það, hver það sé, sem á að gefa þessa tilteknu aðvörun.

Þá er næsta brtt., þ. e. við 4. mgr. 52. gr., en efni hennar er það, að verði flugverja tekið blóð vegna rannsóknar á því, hvort hann sé undir áhrifum áfengis, skal honum ekki heimilt að hefja flug næstu 12 klukkustundir á eftir, þó að rannsókn vegna meints brots á 1. mgr. þessarar gr. leiði í ljós, að hann sé ekki sekur. Ég tel, að það sé í rauninni ástæðulaust að veita flugmanni frí í 12 tíma á eftir, þó að honum sé tekið blóð. Það er nú vissulega mjög smávægileg aðgerð, og flugmaður gæti í mjög mörgum tilfellum verið fullkomlega fær um að stýra loftfari innan miklu skemmri tíma frá því, að honum hefur verið tekið blóð.

Þá kemur brtt. undir 2. lið á þskj. 564, sem er við 53. gr. Það yrði þá ný gr., en samkv. brtt. á að ákvarða hámarkstíma, sem flugverji má starfa um borð í loftfari hverju sinni, eins og þar er greint frá. Það er í fyrsta lagi rétt að benda á, að hjá öllum meginþorra flugmanna er hámarkstíminn ákveðinn í kjarasamningum þeirra, og þar er hámarkstíminn lægri en það, sem hér er gert ráð fyrir. En að vísu er það rétt, að það eru nokkrir flugmenn á hinum smærri flugvélum, sem ekki eru ráðnir til stóru flugfélaganna, sem hafa ekki kjarasamninga, en þá má á það benda, að í frv. segir í síðustu mgr. 52. gr.:

„Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum till. félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar.“

Þessi hámarkstími, sem hér er verið að ræða um í brtt., er samkv. till. Félags ísl. atvinnuflugmanna, en í sjálfu sér þyrfti, áður en þetta verður ákveðið, umsagnir fleiri aðila um það,

hver þessi hámarkstími ætti að vera, svo sem flugfélaganna og flugmálastjórnarinnar. Og í rauninni ætti það að vera fullnægjandi, að þessi ákvæði yrðu sett í reglugerð, eins og frv. gerir ráð fyrir, því að vitanlega má, þegar ákveðinn er lágmarkshvíldartími, auðveldlega um leið ákveða, hver sé hámarksvinnutíminn.

Þá kem ég að hinum brtt. undir 3., 4., 5. 6. og 7. lið á þskj. 564. Þær till. eru einnig allar samtengdar og fjalla um það, að setja skuli á stofn loftferðadómstól. Þetta er í rauninni sú brtt., sem að mínum dómi er langþýðingarmest, því að hinar fjalla mest um atriði, sem eru minni háttar. Það getur auðvitað verið talsvert álitamál, hvort setja eigi á stofn loftferðadómstól eða láta það duga, eins og í frv. er gert ráð fyrir, að skipuð verði rannsóknarnefnd kunnáttumanna til þess að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið, og ef um minni háttar slys er að ræða, fari fram rannsókn á vegum flugmálastjórnarinnar. Eftir brtt. er gert ráð fyrir, að þessi loftferðadómstóll sé skipaður 7 mönnum, þar af 2 lögfræðingum, og svo 5 mönnum, sem hafi sérþekkingu á starfsgreinum í flugi og flugmálefnum.

Ég álít, að það séu í rauninni, eins og nú standa sakir eða koma til með að standa á næstu árum, tæplega næg verkefni fyrir slíka stofnun, því að sem betur fer eru flugslys hjá okkur fátíð, og það væri í nokkuð mikið ráðizt að setja á stofn svo mikið bákn til þess að gegna því hlutverki. Þá tel ég líka, að það kynni að vera erfitt að fá vel hæfa og fróða menn 5 að tölu í dóminn, sem hefðu sérþekkingu á flugmálum. Öðru máli getur gegnt með rannsóknarnefndir, því að í þær er auðvitað hægt að skipa erlenda sérfræðinga, þótt að vísu megi segja, að loftferðadómstóll gæti að sjálfsögðu kvatt erlenda sérfræðinga sér til aðstoðar. En það kann vel að vera, að í framtíðinni verði þetta þannig, að hér verði settur á fót loftferðadómstóll og það verði þá meiri grundvöllur fyrir slíka stofnun en er í dag. En ég skal alveg fúslega játa það, að þetta getur verið talsvert mikið álitamál, hvort grundvöllur sé fyrir því að setja slíkan dómstól á stofn nú eða ekki. En þess ber að gæta, að þessi brtt. kom fram í Nd. og var felld þar, og mín skoðun er sú, að það gæti, ef þessi till. væri samþykkt hér, teflt framgangi frv. í hættu, því að það væri ekki að vita, hvernig Nd. mundi taka þeirri breytingu, og ég tel það meira virði að tryggja framgang frv. en fara að gera hér breytingar á síðustu stundu, sem gætu e. t. v. orsakað það, að frv. næði ekki fram að ganga.

Þessi löggjöf eða lagasetning hefur verið vandlega undirbúin. Með henni er verið að miða að því að samræma loftferðalög okkar loftferðalögum nágrannaþjóðanna og þá fyrst og fremst skandinavísku landanna og einnig að samræma þau gildandi alþjóðlegum loftferðarétti. Á þessu öllu hefur verið brýn þörf.

Ég endurtek það svo að lokum, að samgmn. hefur mælt með samþykki frv., þó að einstakir nm. hafi áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við það og þær hafi komið hér fram, eins og ég hef rætt hér að framan.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Í nál. samgmn. um þetta mál er það tekið fram, að einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Í samræmi við þetta hef ég ásamt hv. 1. þm. Vesturl. borið fram á þskj. 564 nokkrar brtt. við frv. Þessar brtt. voru einnig lagðar fram í hv. Nd. og fengu mikið fylgi við atkvgr. þar, þótt þær yrðu reyndar ekki samþykktar.

Fulltrúar atvinnuflugmanna ásamt lögfræðingi, sem hefur verið þeim til aðstoðar við athugun á þessu máli, komu á fund n., þegar frv. þetta var þar til umr. og athugunar, og lögðu þeir áherzlu á, að þær breytingar fengjust á frv., sem við leggjum til á þskj. 564. Hv. frsm. hefur nú gert þessar till. að umtalsefni og rakið nokkuð, hverju þær breyta frá ákvæðum frv., og get ég þess vegna farið fljótt yfir sögu. En allar miða þessar till. að því að skapa aukið öryggi í sambandi við flugþjónustuna.

1. till. er um breyt. á 52. gr. frv. og er um það, að flugmaður skuli ekki neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja næstu 5 klukkutíma eftir að starfa hans í loftfari lauk, enda hafi hann ástæðu til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann. Hér viljum við fá þá breytingu á orðalagi, að aðili, sem í hlut á, hafi fengið aðvörun um það, áður en vakttíma hans lýkur, að ástæða sé til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann. Þetta er í samræmi við það, sem algengt er í réttarfarsmálum, að frumkvæðið sé ekki hjá aðilla eða segja má sakborningi sjálfum, heldur hjá öðrum aðila, þegar ástæða þykir til um rannsókn á atferli manns.

B-liður þessarar till. er um það, að við viljum fá þá breyt. á frv., að flugmaður gegni ekki flugþjónustu næstu 12 klukkustundir á eftir að honum hefur verið tekið blóð vegna rannsóknar á meintu broti. Þetta þykir rétt að setja í lög, þetta ákvæði, af öryggisástæðum, því að sé manni tekið blóð, getur það haft líkamleg áhrif á hann, t. d. að handleggur bólgni, en þau áhrif komi ekki fram fyrr en nokkrar klukkustundir séu liðnar frá læknisaðgerðinni, og enn fremur sökum þess, að slík læknisaðgerð hafi oft sálræn áhrif á menn og það þurfi að vera öruggt, að menn gegni ekki þjónustu sem flugmenn, á meðan þeir séu í geðshræringu eða hugur þeirra ekki í jafnvægi sökum árekstra og aðgerða, sem orðið hafi fyrir stuttum tíma.

2. brtt. á þskj. 564 er um það, að lögákveðinn verði hámarksstarfstími flugmanna. Þessi ákvæði, sem í brtt. standa, eru í samræmi við það, sem gildir í brezkri löggjöf um þessi mál, eftir því sem greint var frá, þegar n. hafði þetta mál til athugunar. Í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæði um þetta efni séu sett í reglugerð, og nú munu samsvarandi ákvæði vera í samningum, sem flugmenn eða félag atvinnuflugmanna gerir við flugfélögin. En í þessu sam-

bandi er þess að gæta, að samningar eru miklu hreyfanlegri en löggjöfin sjálf. Svipað er raunar að segja um reglugerðarákvæði, og ég vil í þessu sambandi sérstaklega benda á, að hér á landi eru nú þegar allmargir flugmenn, sem starfa ekki hjá flugfélögunum hinum stærri, heldur gegna flugþjónustu á einkaflugvélum og falla því ekki undir þá samninga, sem um þetta hafa verið gerðir. En að setja þessi ákvæði í löggjöf mundi vissulega veita öllum flugmönnum mikið aðhald.

Þá kem ég að þeirri brtt. okkar, sem er mikilvægust, en það eru töluliðirnir 3—7, sem má skoða sem eina heild í þessu sambandi. Þar er svo kveðið á, að skipaður skuli loftferðadómstóll. Dómsmrh. skipar menn í dóminn og dómurinn sé skipaður til 4 ára í senn. Formaður dómsins og varaformaður skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar, en auk formanns og varaformanns skulu skipaðir í loftferðadómstólinn 5 menn, sem hafa sérþekkingu á starfsgreinum í flugi og flugmálefnum. Við dómsstörf skulu tveir hinna sérfróðu manna starfa með formanni dómsins, og skal við val þeirra tekið tillit til þess, hvert verkefnið er og hverrar sérþekkingar helzt er þörf. Okkur er það kunnugt, að flugslys hafa orðið þó nokkrum sinnum hér á landi. Og einnig ber að líta á það, að flugið er í mjög örum vexti. Það virðist því eðlilegt, þegar þessi heildarlöggjöf er sett, að litið sé til hins öra vaxtar í flugþjónustunni og ákvæði um loftferðadómstól lögleidd. Það getur ekki orkað tvímælis, að það er hin fyllsta ástæða til þess, hvenær sem flugslys verður, að það sé rannsakað eins nákvæmlega og nokkur kostur er á. Sú rannsókn mun raunar oft litlu fá bjargað frá því, sem þegar er orðið. En hún getur orðið til lærdóms og viðvörunar síðar og átt þátt í því að koma í veg fyrir, að slys af sams konar eða svipuðum orsökum endurtaki sig. Og á þetta verður naumast lögð of mikil áherzla, að fyllstu varúðar sé gætt í þessu efni.

Í frv., eins og það kemur frá Nd., er gert ráð fyrir því, að ráðh. geti hverju sinni, sem flugslys verður, skipað rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að rannsaka orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið. En við, sem stöndum að þessum brtt., teljum miklu meira öryggi í því fólgið, að starfandi sé fastur dómstóll, sem hafi það verkefni að fjalla um mál af þessu tagi. Þá eru þar alltaf viðbúnir starfi hverju sinni menn, sem ber skylda til að framkvæma slíka rannsókn, og það á ekki að þurfa að valda neinum töfum að ná til þeirra, svo að þeir geti þegar gengið hiklaust að sínu starfi og haft sér til stuðnings þá reynslu, sem þeir öðlast í starfinu. Hitt sé ekki eins líklegt til árangurs, að þurfa að leita að mönnum í rannsóknarnefnd hverju sinni, sem óhapp verður við flugþjónustuna.

Við, sem flytjum þessar brtt., leggjum ríka áherzlu á, að þær verði samþykktar, og teljum þó tillögurnar um loftferðadómstólinn mikilvægastar.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram í tilefni af þeim umr., sem hér hafa orðið um loftferðadómstól, að ég tel, að þótt loftferðadómstóll yrði ekki settur hér á stofn, sé ekkert því til fyrirstöðu, að rannsókn flugslysa geti farið fram fyrir dómstólum. Yfirleitt öll meiri háttar slys á að rannsaka fyrir dómstólum, og þá er það að jafnaði reglan, að dómari, sem venjulega eftir okkar löggjöf situr einn í dómi, kveður sér til aðstoðar tvo sérkunnáttumenn sem meðdómendur, þannig að frv., eins og það liggur hér fyrir, breytir í raun og veru engu um það, þó að það sé gert ráð fyrir því, að skipa megi og skipa skuli sérstaka rannsóknarnefnd í hverju tilfelli, ef alvarleg flugslys ber að höndum. Það er líka mikill vandi að setja reglur um loftferðadómstól og hlutverk hans og þó að ég skuli nú ekki fara neitt út í það hér, skilst mér, að í þessum reglum segi ákaflega takmarkað um hlutverk og valdsvið dómsins, sérstaklega hvort hann á að dæma í refsingar og hvort hann á að hafa heimild til þess að dæma skaðabætur, réttindamissi og annað, sem verulegu máli skiptir. — Ég vildi aðeins vekja athygli á þessum atriðum, en ég get þó að lokum áréttað það, sem ég sagði áðan, að það kann vel að vera, að í framtíðinni verði nauðsynlegt að setja hér á fót loftferðadómstól, þó að ég telji, að það sé naumast tímabært nú.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja fram nokkrar skriflegar brtt. við þetta frv. og vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þeim. Þessar till. eru ekki veigamiklar, ég vil taka það strax fram, og óþarfi að hafa mörg orð um þær, þær skýra sig sjálfar.

Aðeins vil ég taka fram, að 1. till. mín er sú, að 1. gr. frv. verði felld niður. Hún er, eins og ég tók fram við 1. umr. málsins, ófullkomin skilgreining á hugtakinu loftfar, og þar sem hún er mjög ófullkomin og vandræðaleg, tel ég miklu betra að fella greinina alveg niður og það, sem í henni felst, líkt og aðrar þjóðir hafa gert við endurskoðun sinna l. um loftferðir, t. d. Noregur, Sviss og fleiri lönd.

Í 104. gr. er dálítið óljóst orðalag í staflið c. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta, að „flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans að lögum, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun“ o. s. frv. Hér hygg ég, að hafi orðið prentvilla einhvern tíma í árdaga, en sú prentvilla síðan orðið föst við endurprentun frv. Hér mun eiga að standa, að „flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjár-sáttmálans eða lögum, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð“ o. s. frv. Ég tel rétt, af því að frv. mun vera á förum héðan úr þessari hv. d., að benda á þetta og gera um það brtt., að þetta verði leiðrétt, því að eins og þetta er, er það með öllu óskiljanlegt.

Allar aðrar brtt. mínar eru orðalagsbreytingar og breyta ekki í neinu meiningu frv. Ég

skal aðeins nefna sem dæmi, að ég geri till, um, að orðalaginu „árekstrar milli loftfara" verði breytt, því að auðvitað er hér um að ræða „árekstur loftfara", en ekki neinn árekstur, sem milli þeirra verður. Aðrar brtt. mínar eru í svipuðum dúr, þ. e. orðalagsbreytingar, og ég skal nefna annað dæmi. Í 150. gr. er talað um afhendingu brennis (eldsneytis). Vitanlega er hér ekki átt við afhendingu brennis, sem er ein ákveðin tegund eldsneytis, en alls ekki sú tegund, sem flugvélar undir nokkrum kringumstæðum nota. Hér vil ég láta koma í staðinn afhendingu eldsneytis, það er alveg nóg.

Ég vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessum skrifl. brtt., þannig að þær megi komast til afgreiðslu í tæka tíð.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 590) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 590,1 felld með 10:6 atkv.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 590,2 samþ. með 11:2 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
15.—51. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 564,1.a felld með 8:8 atkv.
— 564,1.b felld með 8:8 atkv.
52. gr. samþ. með 10:1 atkv.
53. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 564,2 felld með 9:8 atkv.
54.—103. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 590,3 tekin aftur til 3. umr.
104.—107. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 590,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
108. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
109.—133. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 590,5 samþ. með 8:6 atkv.
134. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
135.—140. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 564,3—4 felld með 8:8 atkv.
— 564,5—7 tekin aftur.
141.—149. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 590,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
150. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 590,7 samþ. með 14 shlj. atkv.
151. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
152.—162. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 590,8 felld með 9:3 atkv.
163.—190. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 592, 590,3).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls komu fram nokkrar brtt. frá hv. 9. þm. Reykv., sem sumar voru samþ., en ein þeirra var dregin til baka til 3. umr. Þessar till. áttu sammerkt um það, að í þeim fólst ekki nein efnisbreyting, heldur var þar eingöngu um að ræða að færa ákvæðin til betra máls.

Í tilefni af þessu athugaði samgmn. það á milli 2. og 3. umr., hvort ástæða væri til að gera fleiri brtt. á svipuðum grundvelli. Það getur auðvitað verið mikið álitamál, hvort menn séu ánægðir með málfar og orðalag á frv., og þar hefur hver sinn smekk. Sumum finnst margt í þessu vera sérvizkulegt og stirt, ólipurt, öðrum finnst þetta hins vegar fallegt mál. En ég álít, að þegar stjórnarfrv. koma fram, ætti í raun og veru svo að vera gengið frá þeim af hálfu ráðuneytanna, að þm. þyrftu ekki að liggja yfir því að breyta málfari, þar sem um engar efnisbreytingar væri að ræða, það ætti að mega treysta því, að þau væru þannig úr garði gerð.

En niðurstaðan af þessari athugun n. var sú, að það væri á svo margt að líta, ef ætti að fara frekar út í þessa hluti en gert var við 2. umr., að það væri alls ekki tiltækilegt á þeim stutta tíma, sem nú væri til stefnu. Þess vegna var það niðurstaða n. að flytja enga brtt. En að gefnu tilefni við 2. umr. varðandi þá till., sem þar var dregin til baka til 3. umr., sem var brtt. við c-lið 104. gr. frv., en c-liðurinn hljóðar þannig, að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjár-sáttmálans að lögum, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi, — mönnum fannst þetta ákvæði lítt skiljanlegt og töldu annaðhvort hafa orðið einhverja brenglun þar eða prentvillu eða einhver mistök. Ég lét þess vegna athuga sérstaklega, hvort svona væri frá þessu gengið frá höfundarins hendi, og það reyndist svo vera, að þetta ákvæði hljóðar eins og höfundar frv. hafa gengið frá því. En þýtt á skiljanlegra mál er efni þess ákvæðis, að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjár-sáttmálans eftir lögum, sem til jafns við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi.

Þá vil ég að lokum benda á, að í 2. mgr. 164. gr. frv. er prentvilla. Þar segir: „Sömu refsingu skal sé flugstjóri sæta, sem brýtur gegn ákvæðum 91. gr." — á augljóslega að vera: „Sömu refsingu skal sá flugstjóri sæta" o. s. frv. — og er vitanlega hægt að leiðrétta það án brtt.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég flutti þessa brtt., 3. brtt. á þskj. 590, af því að ég taldi öruggt, að hér hlyti að vera um prentvillu að ræða. Nú hefur það verið athugað nánar á milli umr., og eftir því sem hv. frsm. n. segir, er þetta ekki talin prentvilla og ekki talið rangt. Ég tek fyllilega trúanlegt, að það hafi verið athugað af lögfróðum mönnum, og skal ég ekki deila frekar við dómarann í þessu efni. Ég hlýt þó að líta á þetta, eins og að nokkru leyti kom fram hjá hv. frsm., sem eitt af hinum undarlegu orðatiltækjum í þessu frv., og með tilliti til þess, að hér sé ekki um prentvillu að ræða, þá tek ég till. mína aftur.

ATKVGR.
Brtt. 590,3 tekin aftur.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 96. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Landbn. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. hafa e. t. v. veitt athygli, eru þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. í Ed., mjög smávægilegar. Breytingarnar eru á þskj. 590, og er hér aðeins um orðalagsbreytingar að ræða, að því er sumir hv. alþm. segja, fært til betra máls. En annars eru menn ekki alveg sammála um, hvort það er betra mál, sem þetta hefur verið fært í með breytingunum, en það má hins vegar kannske segja, að það sé nær því að vera nútímamál heldur en þau orð, sem voru í frv. áður. Hv. þm. hafa þskj. fyrir sér og geta gert sér grein fyrir því, og ég hygg, að allir geti verið sammála um það, að hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur aðeins orðabreytingar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi.

---

31. Eftirlit með opinberum sjóðum.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um afnám l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og l. nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög [150. mál] (stjfrv., A. 271).

Á 47. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á árinu 1935 voru sett lög um eftirlit með sjóðum, sem fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Með þeim var ákveðið, að sameinað þing skyldi kjósa þrjá menn til að hafa eftirlit með og halda skrá yfir sjóði í landinu. Þessum lögum var svo breytt bæði árið 1941 og 1953. Við athugun á þessum málum hefur sú niðurstaða orðið, að óþarft væri að halda þessari nefndarskipan og eðlilegra væri og kostnaðarminna að fela ríkisendurskoðuninni þetta eftirlit, sem lögin hafa fjallað um. Það er meginefni þessa frv. að afnema þessi lög um eftirlit með opinberum sjóðum, en fela framvegis ríkisendurskoðuninni það eftirlit, sem hér er um að ræða.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 271, n. 294).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv., er efni þess það, að afnumið verði hið sérstaka eftirlit með opinberum sjóðum, sem nú er í gildi, en verkefni þess verði í þess stað falin ríkisendurskoðuninni. Eins og nál. á þskj. 294 ber með sér, hefur fjhn. fallizt á þau rök, sem að því hníga að gera þessa breytingu á, og mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á árinu 1935 voru sett lög um eftirlit með sjóðum, sem fengið höfðu konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Með þeim lögum var ákveðið, að sameinað þing skyldi kjósa 3 menn til þess að hafa eftirlit með og skrá yfir sjóði í landinu. Þessum lögum var nokkuð breytt árin 1941 og 1953. Við athugun á þessum málum hefur sú niðurstaða orðið, að óþarfi væri að halda þessari nefndarskipan og eðlilegra og kostnaðarminna að fela ríkisendurskoðuninni þetta eftirlit, sem lögin fjalla um, án endurgjalds. Það er meginefni þessa frv. að afnema lögin um eftirlit með opinberum sjóðum, en fela framvegis ríkisendurskoðuninni það eftirlit. Þetta frv. hefur legið fyrir hv. Ed. og verið samþykkt þar ágreiningslaust.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 70. og 76. fundi í Nd., 17. marz og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 271, n. 374, 594).

Einar Ágústsson: Herra forseti. Frv. til l. um afnám l. nr. 111 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, hefur verið hér til meðferðar hjá fjhn.

Upphaflega var gert ráð fyrir því, að hægt væri að fella þessi lög algerlega niður. En við nánari athugun hefur komið í ljós, að réttara muni að fella þau ekki niður, heldur breyta þeim þannig, að eftirlit þetta sé falið ríkisendurskoðuninni. Þess vegna hefur fjhn. orðið sammála um að flytja þær brtt., sem lagðar hafa verið fram á þskj. 594 og eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. frv. orðist svo: Ríkisendurskoðunin skal annast eftirlit með sjóðum þeim í landinu, sem hlotið hafa staðfestingu forseta á skipulagsskrá, svo og öðrum hliðstæðum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið með framlögum einstaklinga, félaga eða stofnana. Rísi ágreiningur um það, hvort sjóður skuli háður eftirliti skv. lögum þessum, sker fjmrh. úr. Fjmrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins."

Önnur brtt., að 2. gr. frv. orðist svo: „Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965. Þá falla jafnframt úr gildi l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum, svo og l. nr. 20 11. febr. 1953, um viðauka við þau lög."

Fyrirsögnin verði: „Frv. til l. um eftirlit með opinberum sjóðum."

Hér er sem sagt ekki um neina breytingu aðra en þá að ræða frá því ástandi, sem nú gildir, að eftirlitið er flutt frá þeim kjörnu eftirlitsmönnum, sem hingað til hefur tíðkazt að kjósa, og til ríkisendurskoðunarinnar, og fjhn. er sammála um að mæla með þeirri breyt. og telur hana eðlilega.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Um þetta frv. er algerlega samstaða efnislega, sem er í því fólgin að leggja niður þá n., sem haft hefur sérstaklega með höndum þetta eftirlit með opinberum sjóðum, og fela það ríkisendurskoðuninni. Þegar málið kom frá Ed. til fjhn. Nd., kom það til athugunar og umr., eins og hv. þm. gerði grein fyrir, hvort hentara væri að hafa annað form á þessu, og eftir viðræður milli fulltrúa n. og fjmrn. varð þessi niðurstaðan, sem hér birtist á þskj. 594.

Ég vil svo þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu hennar á málinu og lýsi því, að ég er fyllilega samþykkur þeim breyt., sem hún ber hér fram á þskj. 594.

ATKVGR.

Brtt. 594,1 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 594,2 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 594,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um eftirlit með opinberum sjóðum.

Á 94. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 609).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Efni þessa frv. er það að leggja niður þá n., sem hefur haft eftirlit með opinberum sjóðum, og fela það eftirlit ríkisendurskoðuninni. Þetta frv. var lagt fyrir þessa hv. d. og samþ. hér samhljóða. Í Nd. komu fram óskir um það, í fjhn. þeirrar d., að gera formbreytingu á frv., og eftir athugun sameiginlega af hendi fjmrn. og fjhn. varð niðurstaðan að gera formbreytingu á þessu frv., en efnisbreyting er þar engin. Um það varð alger samstaða í hv. Nd., og legg ég til, að frv. verði samþykkt í þessari d., eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 671).

---

32. Tekjustofnar sveitarfélaga.

Á 68. fundi í Ed., 14. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga [209. mál] (stjfrv., A. 451).

Á 69., 70., 71. og 72. fundi í Ed., 16., 17., 20. og 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 73. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er því miður enn þá forfallaður sökum veikinda frá að mæta hér í d. Hann hefur hins vegar beðið mig að fara þess á leit við hv. dm., að þeir féllust á það, að þetta frv. yrði engu að síður tekið til 1. umr. og vísað til n. Það er orðið það áliðið þings, að það er ekki auðið annað en þoka málinu áfram, og nauðsynlegt, að það sé hægt að hefja á því nefndarathugun. Hann er hins vegar að sjálfsögðu reiðubúinn til að gefa þeirri hv. n., sem fær frv. til meðferðar, allar nauðsynlegar upplýsingar í sambandi við málið og sömuleiðis við 2. umr. þess hér í hv. d. að gera grein fyrir þeim atriðum, sem hv. þdm. þætti nauðsynlegt að fá frekari skýringar á.

Eins og hv. þdm. hafa án efa kynnt sér,

er allýtarleg grg. með þessu frv., þar sem gerð er nákvæmlega grein fyrir þeim breyt., sem frv. felur í sér frá gildandi l. um tekjustofna sveitarfélaga, þannig að í meginatriðum liggja fyrir í grg. upplýsingar um allt það, sem höfuðmáli skiptir til þess að gera sér grein fyrir afstöðu manna til málsins. Ég vildi því leyfa mér, herra forseti, að bera fram þessa ósk hæstv. ráðh. og vonast til þess, að eftir atvikum geti hv. þdm. fallizt á þessa meðferð málsins.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Mér finnst sjálfsagt af þessari hv. d. að verða við þeirri ósk hæstv. fjmrh. að taka þetta mál til 1. umr., þó að hann geti ekki sökum veikinda tekið þátt í henni. Að vísu er það miklu verra að geta ekki á fyrsta stigi málsins hér rætt um efni frv. við hann. En þetta eru mjög eðlilegar ástæður, og verður ekki um þær sakazt.

„Skattur og útsvör lækka," sögðu blöð hæstv. ríkisstj. um daginn, þegar komið var að því, að lögð yrðu fram á Alþ. stjórnarfrv. tvö um breytingar á l. um tekju- og eignarskatt og í öðru lagi frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

„Loksins, loksins lyftist vorsins brá," hugsuðu skattþegnarnir. Frv. virtist bara falleg sumargjöf eftir skrautlegum umbúðum, sem þau voru reifuð í af Morgunblaðinu, Vísi og Alþýðublaðinu. Svona sumargjöf gefa mínir menn þjóð sinni, sögðu stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. þar og brostu í breiðara lagi. Engum er alls varnað, sögðu stjórnarandstæðingar, dálítið vantrúaðir á svipinn að vísu. Ekki má vanþakka allt, bættu þeir við, og það er alveg rétt. En svo var farið að taka umbúðirnar utan af. Fyrst var byrjað á frv. um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum. Þá urðu ýmsir nokkuð langleitir, af því að innan úr kom ekki skattalækkun, heldur skattahækkun, — skattalækkun aðeins borið saman við meiri hækkun. „Snuð," hefðu krakkar sagt sín á milli um slíka gjöf. „Snuð!"

En þá var frv. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga eftir. Hvað er í þeim sumargjafarböggli? Blöðin gáfu í skyn, að það væri mikilsverð lagfæring, lækkun útsvara, fyrst og fremst á þeim, er þess þyrftu mest með, og álagningin gerð fjórum sinnum auðveldari og léttari fyrir alla hlutaðeigendur, skildist manni helzt, með því að fækka þrepum útsvarsstigans úr 8 í 2 þrep. En hvers vegna þrepið var ekki haft eitt, úr því að svona vel tókst að fækka þrepunum, það nefndu blöðin ekki. Það hefur kannske þótt ofrausn svona í einu. En sennilega verður þess ekki langt að bíða í höndum sömu smiða. Væri það ekki hin fullkomnasta jafnaðarmennska að hafa skattaprósentuna eina og sömu prósentu fyrir alla?

Nú liggur þetta frv. hér fyrir, og athugum nú þessa sumargjöf ofur lítið nánar. Léttist álögubyrðin hjá sveitarfélögunum, ef frv. verður að lögum, eins og fólk álítur eftir túlkun stjórnarblaðanna að verða muni? Auðvitað léttist hún ekki um eina einustu krónu, frekar hið gagnstæða, eins og ég mun síðar koma að. Öll álögð gjöld hjá sveitarfélögunum voru árið 1963 781307779 kr., og þessi upphæð lækkar ekki, hún hækkar vafalaust stórlega. Tekjuútsvörin voru 1963 596687446 kr., eignarútsvörin 18711420 kr., fasteignaskattur 34143660 kr. og aðstöðugjald 181765253 kr. Þetta gerir samtals, eins og ég sagði áðan, 781307779 kr.

Á engan hátt er með frv. þessu dregið úr þörf sveitarfélaganna fyrir tekjuöflun. Hitt er ljóst, að með þeirri óhemju dýrtíð, þeim óhemjulega dýrtíðarvexti, sem átt hefur sér stað síðan í fyrra, að sveitarfélögin lögðu á áðurnefndar gjaldfúlgur, hefur álöguþörfin stórlega vaxið. Sjálft Alþingi hefur bætt á byrðina með hækkun gjalda sveitarfélaganna til almannatrygginga og enn fremur með 5.5% söluskattsviðauka.

Tryggingartillagið er hár liður í útgjöldum sveitarfélaganna. Mér skilst, að sá liður út af fyrir sig verði um 60% hærri 1964 en hann var í fyrra. Eftir fréttum að dæma af áætlunum sveitarfélaganna á þessu ári hækkar útgjaldahlið áætlananna stórlega. Til þess að mæta þeirri hækkun þurfa sveitarfélögin að hækka útsvarsfúlguna, því að hún er aðaltekjuöflunin og hinir tekjuliðirnir eru óhreyfanlegir frá ári til árs. Ég er með fréttir af því úr mínu kjördæmi, að á Akureyri er áætlað, að útsvarsfúlgan hækki um 32%, og á Húsavík er talið, að hún þurfi að hækka um 40%. Þetta eru fjölmennustu sveitarfélögin í Norðurlandskjördæmi eystra. Og allt mun í þessu efni vera á eina leið alls staðar í landinu, hækkun á hækkun ofan. Þetta fylgir núverandi stjórnarstefnu ófrávíkjanlega eins og draugur, og hæstv. ríkisstj. kveður ekki þann draug niður á sviði sveitarfélaganna með þessu frv.

Í frv. er ekki lækkað það, sem jafna þarf niður á gjaldendur, en álögusviðið er þrengt. Öðrum megin frá er það þrengt með því, að gjaldendum er eitthvað fækkað með því að taka upp ákveðinn persónufrádrátt frá hreinum tekjum, sem nemur 25 þús. kr. fyrir einstakling, 35 þús. kr. fyrir hjón og 5 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára. Sízt er nú þetta of mikill frádráttur, þegar litið er til þess, hve lífskostnaðurinn er orðinn hár í krónutölu. Aftur á móti má búast við, að til séu sveitarfélög, sem þoli illa að fella alveg niður útsvör hjá nokkrum, sem borið hafa útsvör að undanförnu. Kemur þá einnig til greina, að reynsla er fyrir því, að menn telja misjafnlega rétt fram tekjur sínar og hafa komizt upp með það. Vitanlega herða þessi ákvæði frv. á nauðsyn þess, að menn geti ekki með röngu framtali komizt niður fyrir álögumarkið og orðið útsvarsfríir í skjóli þess.

Sveitarfélögum er samkv. gildandi l. heimilt að bæta allt að 30% ofan á útsvör, sem lögð hafa verið á eftir fullnýttum gildandi útsvarsstiga, ef þau nægja ekki til að ná þeirri heildarfjárhæð, sem sveitarfélagið þarf á að halda. Samkv. frv. er heimildin til ofanálags færð úr 30% niður í 20% og þannig þrengt svíðið frá þeirri hliðinni. Tekjustofnalögin hafa gilt í 2 ár. Á þeim gildistíma hafa sveitarfélögin

ekki þurft að grípa til heimildarákvæðisins. En hver veit, hvað kann að verða nú, þegar dýrtíðin hefur tekið hástökk og þyngdar hafa verið af löggjafans hálfu byrðar sveitarfélaganna, en gjaldendum á að fækka með hækkuðu lágmarki útsvarsskyldra tekna? Ég er ekki á móti þessari þrengingu, ég tek það fram, á álögusviðinu, þótt ég bendi á, að ekki sé tryggt, að vel reynist. Ég tel þetta tilraunavert.

Síðan tekjustofnalögin komu til framkvæmda, hafa öll sveitarfélög getað bæði gildisárin lækkað útsvör frá hinum lögboðna útsvarsstiga og álagningu samkv. honum. Ég hef kynnt mér þetta og séð, að lækkunin 1963 var frá 8% upp í 87%. Eitt sveitarfélag hefur þannig þurft að nota stigann að 92%, en annað ekki nema 13% af honum. Svo misjöfn hefur álöguþörfin reynzt. Þessi munur sýnir, hve torvelt er að sníða þeim öllum sameiginlegan álöguskatt. Ég fyrir mitt leyti hef alltaf talið vafasamt, að rétt væri af löggjafanum að gera það, hef talið, að fámennari sveitarfélögin hefðu sérstöðu, sem samrýmdist ekki reglum fyrir hin fjölmennari. En um það skal ég ekki ræða nú, heldur frv., eins og það liggur fyrir í sambandi við þau lög, sem gilda í dag.

Vel getur maður látið sér detta í hug, að þau sveitarfélög, sem þurftu s. l. ár að leggja á, svo að ekkert teljandi væri eftir af útsvarsstiganum, lendi yfir hann samkv. frv., ef það verður að lögum, og í raun og veru er það sagt í grg. frv., að höfundar þess búist við því, að það geti komið fyrir. Og ef sveitarfélögin lenda 20% yfir stigann, hvað þá? Þá á jöfnunarsjóður að bæta við því, sem á vantar. Ég bendi á þetta, af því að það sættir mig við, að þrengt sé álögusviðið þrátt fyrir óvissuna um það, hve álöguþörfin kann að stíga hátt af völdum hinnar ofsalegu verðbólgu og kröfugerðar á hendur sveitarfélögunum. Ég álít, að jöfnunarsjóðurinn eigi meira og meira að koma til sögunnar til að jafna álöguþungann hjá sveitarfélögunum og jafna framkvæmdagetu þeirra í þágu byggðarlaganna. En til þess að það megi verða, þarf að efla jöfnunarsjóðinn, ætla honum miklu meiri tekjur en nú er gert. Það þarf að ætla honum viðtækari landsútsvör og meiri hlutdeild í söluskattinum til jöfnunar innbyrðis. Landsútsvörin gerðu aðeins 27 millj. 1962. Ég hef ekki getað fengið upplýsingar um það, hvað þau muni gera fyrir 1963. En 1962 varð hlutur sveitarfélaganna 27 millj. í landsútsvörunum, en hann er 3/4 hvers útsvars. Hlutdeild jöfnunarsjóðs í söluskatti er, eins og menn vita, bara 1/5 hluti, og það var ekki ætlaður til sveitarfélaganna 1/5 hluti af þeim 5.5% viðbótarsöluskatti, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir, að lögleiddur var í vetur, og tel ég það rangt. Tel ég sveitarfélögunum misboðið með því, eins og ég gat um við umr. þess máls, þar sem vitanlega hækkar þessi söluskattur tekjuþörf sveitarfélaganna. Mundi ég í sambandi við frv. þetta vilja prófa, hvort ekki er vilji fyrir því að auka eitthvað tekjur jöfnunarsjóðsins, því að efling hans er áreiðanlega það, sem koma skal.

Ég hef þá, að ég held, minnzt á það, sem telja má aðalatriði frv., vil þó aðeins drepa á fleira.

Ég er samþykkur því að færa aðstöðugjald fiskiðnaðar úr hámarksheimild, sem er 1½%, niður í 1% hámarksheimild, eins og lagt er til í 2. gr. frv.

Ég tel mjög umdeilanlegt, að rétt sé að fækka útsvarsstigaþrepunum úr 8 niður í 2, en þessi 2 þrep verða 20% og 30% af útsvarsskyldum tekjum, eins og 6. gr. frv. gerir ráð fyrir. Með því verður álagningin að vísu einfaldari í framkvæmd, en hún verður grófari og ónákvæmari, tekur minna tillit til tekjumunar, verður ójafnaðarmennskulegri í þess orð venjulegu og beztu merkingu. Ef litið er á útreikningana í grg., má sjá þetta glöggt, en meira verður það þó áberandi, ef 20% álagningarhækkuninni er bætt við, eins og rökrétt er að gera ráð fyrir að geti orðið að einhverju leyti, jafnvel öllu. Mér finnst, að Alþfl. muni í þessu eins og fleiru nú í stjórnarsamstarfinu hafa sett sjónauka sinn fyrir blinda augað.

Þá er 8. gr. frv. Hana tel ég, að fella eigi niður. Hún er um það að skylda sveitarfélögin til að endurgreiða skattyfirvöldunum kostnað af álagningu útsvara og aðstöðugjalda. Tekinn var með l. um tekjustofna sveitarfélaga, er gengu í gildi 1962, rétturinn af sveitarstjórnum til að jafna niður útsvörunum nema þar, sem íbúatala var ekki yfir 500, skattstjórum þess í stað falið að ganga frá útsvarsskrám. Enn fremur var skattstjórum falið að annast álagningu aðstöðugjalda í öllum sveitarfélögum, sem þær álögur nota. Þetta var misviturleg ráðstöfun. Á landsþingi sveitarfélaga s. l. sumar mátti glöggt heyra, að sveitarstjórnarmenn töldu þetta hafa gefizt illa, tafið álagningu útsvara og verið sums staðar meira að nafninu til en í reynd í höndum skattstjóranna. Ég tel, að ákvæðinu um þetta ætti að breyta, en býst þó naumast við, að þeir, sem settu ákvæðin, vilji strax ganga inn á það, ef ég þekki þá rétt. Aftur á móti vil ég vænta þess, að þeir vilji sýna sveitarfélögunum þá sanngirni að auka ekki útgjöld þeirra með því að gera þeim reikningskröfur fyrir óumbeðna og yfirleitt mjög vafasama greiða í þessum efnum. Það að gera sveitarfélögunum reikning fyrir þetta væri naglaskapur fyrir hönd ríkissjóðs í garð sveitarfélaganna. Í þessu sambandi skiptir ekki máli, þótt hið nýja skattstjórafyrirkomulag kunni að hafa reynzt dýrt og hafi ekki verið til sparnaðar, eins og gert var ráð fyrir að yrði af þeim, sem komu því á. Engin ástæða er til að velta vegna þess kröfum yfir á sveitarfélögin að neinu leyti.

Ég hef nú ofurlítið skoðað í sumargjafabögguinn, sem stjórnarblöðin vöfðu skreyttum umbúðum. Öllum má ljóst vera, að hér er um enga lækkun á útgjaldabyrðum sveitarfélaga að ræða. Eins og ég þykist hafa rökum stutt, eru sum atriði frv. þó fremur til bóta. Önnur orka aftur á móti tvímælis, og til eru þar ákvæði, sem alls ekki á að lögleiða, en þar á ég einkum við 8. gr. frv.

Ég hef með nokkrum háðshreimi að vísu kallað frv. þetta sumargjöf vegna þess, hve mikið var af því gumað. En ég skal játa, að engin von er til þess, að hæstv. ríkisstj. geti lagt fram frv. til l. um fjármál sveitarfélaga, sem fögnuð veiti eins og góðar sumargjafir, meðan hún er háð efnahagsmálastefnu, sem elur óðaverðbólgu.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er leitt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa tækifæri til þess að tala fyrir þessu frv. hér nú við 1. umr., en með því að hann hefur lögmæt forföll, er ekki um að sakast og varla þess að vænta, að hann geti unað því öllu lengur, að málið tefjist sökum veikindaforfalla hans. Það eru örfá atriði, sem mig langar til á þessu stigi að hafa orð á, meðfram vegna þess, að minn flokkur á ekki sæti í þeirri hv. n., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar.

Ein veigamesta breyt. í þessu frv. frá gildandi lögum snertir útsvörin. Samkv. frv. skal skattstiginn lækkaður í heild. Þetta er talið fært að gera að fenginni reynslu af útsvarsstiga, sem unnið hefur verið eftir til þessa og sýnt sig vera óþarflega hár, þannig að sveitarfélögin hafa getað gefið afslátt á útsvörum álögðum samkv. þeim skattstiga frá 10 og upp í 90%. Með þessari lækkun útsvarsstigans verður þá um leið að gera ráð fyrir því, að möguleikar sveitarfélaga til slíks afsláttar minnki að sama skapi, enda gert ráð fyrir því í þeim aths., sem frv. fylgja. Þetta tel ég í raun og veru kost við þetta frv., að möguleikarnir til þessa afsláttar sveitarfélaganna minnki, því að að mínum dómi hefur þessi afsláttur sveitarfélaganna verið í sumum sveitarfélögum mjög hár, ekki verið réttlátur. Hann hefur sem sé verið með þeim hætti að þeir menn, sem hæstu tekjurnar hafa haft, hafa fengið mesta afsláttinn reiknað í krónutölu. Að því leyti sem breytingin kynni að hafa það í för með sér, að úr dræg þessu misrétti, tel ég, að um kost sé að ræða, sem ég vil hafa hér orð á.

En svo eru önnur atriði í þessu frv., sem meira orka tvímælis, þegar um endurbætur er að ræða frá gildandi lögum. Það er gert ráð fyrir því, um leið og útsvarsstiginn í heild er lækkaður, að þá sé gjaldþrepum skattstigans fækkað úr 8 niður í 2. Hvaða afleiðingu hefur þetta í för með sér fyrir útsvarsgreiðendur? Ég sé ekki, að það hafi aðra breytingu en þá í för með sér, að með þessu ákvæði sé hinum tekjulægstu í þjóðfélaginu íþyngt á kostnað þeirra, sem tekjuhærri eru. Það er sem sagt með þessu spori stefnt í þá átt að draga úr hinni stighækkandi útsvarsálagningu, þannig að menn greiði í hækkandi hlutfalli við tekjurnar. Þetta er að vísu í samræmi við annað í stefnu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Stefna hennar í skattamálum hefur frá öndverðu verið sú að draga úr allri stighækkun skatta, þannig að fátæki maðurinn komi til með að greiða svipað og sá ríki. Þetta kom berlega fram, þegar söluskattur var lögfestur hér fyrir nokkrum árum. Þetta tel ég mikinn ljóð á stefnu hæstv. ríkisstj.

Í gildandi lögum er heimild fyrir því, að ef útsvarsstiginn reynist of hár og sveitarfélag geti lækkað útsvör, megi gera það með því móti að draga vissa upphæð, allt að 800 kr., frá útsvörum allra. M. ö. o.: það er heimild fyrir því, að draga megi sömu krónutölu frá öllum útsvörum. Þetta verkar í öfuga átt við það, sem ég gat um áðan, og er hinum tekjulága til hagsbóta. Ef þessi heimild er notuð, fær hann tiltölulega meiri afslátt á sínu útsvari en sá ríki. En þessa heimild á nú að nema úr lögum samkv. þessu frv. Ég tel það mikinn galla, því að heimildarákvæðið, hvort sem það hefur verið notað að litlu eða miklu leyti, var sanngjarnt og átti fyllilega rétt á sér í lögum um útsvör.

Samkv. þessu frv. eiga allir að lækka í útsvari, jafnt þeir, sem tekjulágir eru, og þeir tekjuháu. Þetta er þó ekki alveg undantekningarlaust. Ef við lítum á lágtekjumann og reiknum hans tekjur ekki í krónum, heldur sem þurftartekjur, hækkar útsvar hans nú samanborið við árið 1962. Ef miðað er við þurftartekjur samkv. vísitöluútreikningi hagstofunnar, ber þeim manni, sem þær hefur, að greiða hærra útsvar nú en 1962, og nemur mismunurinn hér um 2000 kr. Á þetta þykir mér einnig vert að benda í sambandi við þetta frv.

Þá vildi ég aðeins fara nokkrum orðum um persónufrádráttinn, eins og hann er hugsaður í þessu frv. Fyrir ekki allmörgum vikum var rætt hér í hv. d. um frv. til l. um hækkun bóta almannatrygginganna. Það kom þá í ljós og raunar í fjórða sinn, að fjölskyldubætur skyldu ekki hækkaðar, enda þótt allar aðrar bætur almannatrygginganna hækkuðu. Þannig hafa fjölskyldubæturnar, sem eru svo mikils virði barnmörgu fólki, staðið í stað, á meðan aðrar bætur hafa a. m. k. hækkað um 40—50%. Þetta afsakaði hæstv. ríkisstj. í vetur með því, að til stæði að gera stórfellda breyt. á lögum um álagningu útsvars og tekjuskatts í þá átt að auka persónufrádráttinn stórkostlega. Aðstoðin við barnmörgu fjölskyldurnar skyldi sem sagt öll koma á þennan frádrátt við álagningu skatta í stað þess að láta fjölskyldubæturnar hækka að krónutölu í samræmi við dýrtíð. Það er ekki óeðlilegt, að nú sé á þetta atriði litið hér í þessu frv. hvað útsvörin snertir. Þá kemur í ljós, að hækkun persónufrádráttar, eins og hún er hugsuð í þessu frv., nemur rétt liðlega 50% eða nálægt því, sem svarar til dýrtíðaraukningar, síðan ákvæði voru sett í lög um þetta efni 1962. Það má því segja, að hækkun persónufrádráttarins í þessu frv. samsvari dýrtíðaraukningunni, miðað við það, sem var 1962, en það er alls ekki gert ráð fyrir að bæta stórum fjölskyldum það upp, að fjölskyldubæturnar hafa ekki hækkað. Ég vildi gjarnan benda á þetta nú á þessu stigi málsins og á það, að ef rétturinn á að ske

gagnvart barnmörgum fjölskyldum í landinu, þarf nú að hækka persónufrádráttinn við álagningu tekjuskatts og útsvars um hvorki meira né minna en 90—100%. Annars er gengið á þeirra rétt við skattlagningu.

Það er annað, sem ég rak augun í í sambandi við þessa breytingu á persónufrádrættinum, þessa breytingu, sem fyrirhuguð er í frv., og það er, að persónufrádrátturinn, eins og hann er áformaður, er því lægri sem tekjur eru minni. Þetta kemur mér ákaflega spánskt fyrir, en svona mun þetta vera. Samkv. gildandi lögum fær maður, sem hefur fyrir konu og 3 börnum að sjá, 4100 kr. í persónufrádrátt, en samkv. frv. á sami maður að fá 4400 kr., eða sem næst alveg sömu upphæð í krónutölu og ákveðið var 1962. Þetta á að gilda um mann, ef hann hefur 70 þús. kr. í hreinar tekjur. En hafi hann 100 þús. kr. í hreinar tekjur, fær hann 6600 kr., ekki 4400, heldur 6600 kr. í frádrátt, og hafi hann 140 þús. kr. hreinar tekjur, fær hann 6700 kr. í frádrátt. Þetta er maður með konu og 3 börn á sínu framfæri. Hann fær því meiri frádrátt sem hann er tekjuhærri, a. m. k. upp að vissu marki, eins og fram kemur í þessu dæmi. Ég vil sérstaklega benda hv. d. á þetta atriði, að það virðist svo sem persónufrádrátturinn eigi að fara hækkandi með tekjunum, og ég hef þar ekki ómerkari heimild fyrir mér en samanburðinn, sem gerður er á bls. 4 og 5 í aths., sem frv. fylgja.

Þetta er það helzta, sem ég vildi koma á framfæri þegar við 1. umr., ekki sízt vegna þess, að við í Alþb. höfum ekki tækifæri til að ræða þetta í einstökum atriðum í n. Ég verð að ljúka máli mínu með því að láta í ljós nokkur vonbrigði með þetta frv. Það virðist fela í sér of fáa kosti og of fáar leiðréttingar á ranglæti, sem allir eru annars orðnir sammála um, að orðið hafi með vaxandi dýrtíð í skatta- og útsvarsmálum. Breytingarnar eru að vísu talsverðar, en koma því miður allt of lítið að gagni þeim, sem helzt þurfa þess með, þeim, sem tekjulægstir eru eða þyngstar byrðarnar hafa að bera sem gjaldþegnar. — Ég læt máli mínu lokið að þessu sinni, en vænti þess, að þessi fáu atriði, sem ég benti á, verði athuguð rækilega, áður en frv. verður að lögum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir, að þeir hafa fyrir sitt leyti fallizt á þá meðferð málsins að vísa því til n. nú, og vil þá, af því að mér láðist það í ræðu minni áðan, leggja til, herra forseti, að því verði að umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Í ræðum þessara tveggja hv. þm. komu fram ýmis atriði, sem fróðlegt hefði verið að gera að umtalsefni, en ég skal ekki langt út í þær umr. fara. Það er eðlilegt og verður vafalaust gert nánar, þegar hæstv. ráðh. hefur aðstöðu til þess að vera hér viðstaddur við framhaldsmeðferð málsins. En þó eru aðeins örfá meginatriði, sem mig langaði til að minnast á og leggja áherzlu á til frekari skýringar á bæði þessu frv. og frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, sem hér hefur einnig verið til meðferðar og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) vék lítið eitt að í sambandi við þetta mál.

Hann sagði, að það hefði mikið verið gumað af þessum tveimur málum, og kallaði þau sumargjöf, að því er mér skildist af lítilli hrifningu. Ég held, að í þessu sé fólginn ákaflega mikill misskilningur hjá hv. þm. Það hefur ekkert óeðlilega verið gumað af þessum málum, heldur hreinskilnislega sagt, hvað í þeim fælist, og það er langt síðan að því var vikið af hæstv. fjmrh., þegar í haust í fjárlagaræðu, að það stæði til að gera tilteknar breytingar á þessum lögum, fyrst og fremst l. um tekju- og eignarskatt, sem snertu skattamál ríkisins, og það var beinlínis á þann hátt að leiðrétta þessi lög með hliðsjón af þeim dýrtíðarhækkunum, réttara sagt hækkunum á kaupgjaldi, sem orðið hefðu frá því, að tekjuskattslögin voru sett, til þess að þau meginhlunnindi, sem gert hafði verið ráð fyrir í þeim lögum, yrðu áfram í fullu gildi. Við þetta hefur fullkomlega verið staðið í því frv. um tekju- og eignarskatt, sem hér liggur einnig fyrir hv. d. til meðferðar, en svo sem kunnugt er, var það grundvallaratriði, þegar tekjuskattslögin voru sett, að þurftartekjur, sem kallað var, eða almennar launatekjur yrðu gerðar skattfrjálsar. Auðvitað má löngum um það deila, hvað séu almennar launatekjur, en þar var þó miðað við ákveðið form, eins og var gengið frá því í þeim lögum, og á því hefur engin breyting orðið nú, þannig að frádrátturinn, sem gert er ráð fyrir, persónufrádrátturinn, er hækkaður sem þessu nemur, þannig að þeir, sem lægstar tekjur hafa, eru gerðir jafnsettir gagnvart sköttunum og áður voru þrátt fyrir þær hækkanir, sem orðið hafa. Hitt er rétt, að í sambandi við það mál eru ekki samsvarandi lækkanir gerðar á öllum tekjustigum, enda hefur því aldrei verið lofað í sambandi við skattamálin, að það skyldi gert, heldur miðað við hinar lægstu tekjur, þannig að á vissum tekjubilum verður mismunurinn minni og lækkunin minni en sem þessu svarar, þegar allt kemur til alls. En þar ber þó þess að gæta að lokum, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, sem fram hefur komið, að það gæti verið villandi, vegna þess að fram hefur komið hér í þessum umr., að hvorki í þessu frv. né frv. um tekju- og eignarskatt er gert ráð fyrir neinum óeðlilegum lækkunum á hátekjum. Það er gert ráð fyrir sömu skölum þar sem áður og engar breytingar gerðar til óeðlilegrar lækkunar miðað við þá, sem lægri eru í tekjum, frá því, sem áður var, nema síður sé, þannig að vitanlega er það rétt, að þegar komið er upp í visst tekjubil, verður auðvitað, má segja, kaupgeta þeirra tekna alls ekki sambærileg við það, sem var, þegar tekjuskattslögin voru sett. En það er annað mál. Það var höfuðatriði þessa máls og það, sem var höfuðtilgangurinn með núverandi breytingu á skattalögunum, að persónufrádrátturinn væri auk-

inn þannig að hlunnindin, sem menn nytu af honum á hinum lægri tekjubilum eða á hinum almennu launatekjum, væru jafnmikil og gert var ráð fyrir í núgildandi skattalögum.

Varðandi útsvörin, sem hér liggja fyrir, hefur það mál alltaf horft öðruvísi við, og auðvitað er þá takmarkað, hvað hægt er af hálfu ríkisvaldsins að ráða í því efni. Það eru vissar þarfir sveitarfélaganna, sem verður að taka tillit til, og því ekki hægt fyrir ríkið einfaldlega að slá því föstu, að svona og svona mikið skuli veittur afsláttur frá útsvörum eða breytt til frádráttarheimildum að vild. Þar verður að hafa hliðsjón af því, hverjar þarfir þessara aðila eru fyrir tekjur. Því hefur, eftir því sem ég bezt veit, aldrei verið haldið fram, að þetta frv. fæli í sér einhver stórkostleg hlunnindi í því efni. Hitt er staðreynd málsins, að það felur í sér mikilvæg hlunnindi engu að síður fyrir þá einmitt, sem hafa lægstu tekjurnar. Og það er, eins og hefur raunar verið upplýst hér af hv. 9. þm. Reykv., í þessu frv. einmitt um að ræða mjög verulega hækkun á persónufrádrættinum, þar sem breytt er algerlega um form á honum og hann mjög verulega aukinn frá því, sem nú er.

Einstök atriði málsins skal ég hins vegar ekki út í fara, en þetta er áreiðanlega mjög veigamikið og þýðingarmikið atriði einmitt fyrir þá, sem verr eru settir, og það er alveg rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér, að það er auðvitað til mikilla bóta einmitt fyrir þá, sem minni tekjur hafa, að sú breyt. er nú gerð að breyta útsvarsstiganum í þá átt, að ekki sé möguleiki til þess að gefa eins stórfelldan afslátt frá útsvari og áður var, vegna þess að afsláttur var gerður í ákveðnum prósentum, þannig að sjálfsögðu fengu þeir miklu meiri afslátt, sem höfðu hæstu útsvörin og hæstu tekjurnar. Af því leiðir þess vegna, að raunverulega eru hlunnindi þessa frv., að bilið á milli þeirra, sem er í lágum tekjum og háum tekjum, er með þessu frv. raunverulega mjög verulega aukið, en ekki hið gagnstæða, þegar við athugum það, sem um var að ræða, mjög verulegar prósentulækkanir á álögðum útsvörum. Og prósentulækkanir munu hafa verið gefnar, að ég hygg, í öllum sveitarfélögum og sums staðar mjög verulegar, þannig að að þessu leyti held ég, að sé engum efa bundið, að þetta er til bóta einmitt hvað snertir þá, sem eru tekjuminni og eru því í rauninni harðar úti að segja má í útsvörum eftir hinni fyrri reglu.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. ræddi um það, að ekki væri í þessu frv. að finna neinar lagfæringar á tekjumálum sveitarfélaga. Það er alveg rétt, og það hefur heldur aldrei staðið til, að það væri í þessu frv. En það var hins vegar rétt, sem hann sagði í sinni ræðu, að tekjuþarfir sveitarfélaganna hafa auðvitað vaxið mjög verulega á síðustu árum, þannig að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að hægt sé að veita stórkostleg útsvarsfríðindi, þó að, eins og ég áðan sagði, hér sé um að ræða þó verulegar lagfæringar, því að sveitarfélögin verða náttúrlega að ná á einhvern hátt inn sínum tekjum. Ég hygg hins vegar, að það séu óneitanlega hlunnindi fyrir sveitarfélögin og fólkið, sem í þeim býr þá fyrst og fremst, að það er gert ráð fyrir því að setja viss-takmörk og það strangari takmörk en áður varðandi aukaálagningu útsvara, þannig að ef þarfirnar fara umfram það, verði það bætt sveitarfélögunum með öðrum hætti. Þarna er um að ræða aukið aðhald að sveitarfélögunum hvað snertir útsvarsálagningu, sem er auðvitað til bóta fyrir fólkið, sem þar býr.

Varðandi svo almennar hugleiðingar hans um dýrtíð og annað þess konar, skal ég alveg stilla mig um að ræða það á nokkurn hátt. Það hins vegar hljómar dálítið einkennilega að vísu alltaf hjá framsóknarmönnum, þegar þeir eru að óskapast yfir því, að ekki skuli vera svona og svona stór hluti af söluskatti látinn renna til sveitarfélaganna, því að við munum þá tíð, þegar hv. núv. formaður Framsfl. hótaði stjórnarslitum, ef það yrði samþykkt í þingi, að sveitarfélögin fengju hluta af söluskatti. Þetta er staðreynd, sem ekki er hægt fram hjá að ganga. Hitt er annað mál, að það er rétt, að það hefur alltaf verið áhugamál sveitarfélaganna að fá hluta af söluskatti, og það hefur komið í ljós, sem vitað var, að sá hluti, sem þau hafa fengið af söluskatti að undanförnu, hefur orðið þeim til mikilla hagsbóta og m. a. lagt grundvöllinn að því, að þeir verulegu afslættir hafa verið gefnir frá útsvörum, sem að undanförnu hafa verið gefnir.

Að öðru leyti vil ég svo ekki fara að efna til neinna frekari umr. um það mál né heldur um skattamálin almennt. Ég tel eðlilegt, að það verði þá rætt við framhaldsumr. hér, þegar hæstv. fjmrh. er viðstaddur, en vildi aðeins nefna þessi meginatriði, sem mér fannst nauðsynlegt, að fram kæmu. Það getur vel verið rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að það væri æskilegt, að þau væru fleiri leiðréttingar í þessu frv. á útsvarsmálum. Það skal ég ekkert um dæma, og það er auðvitað alltaf álitamál og vafalaust alltaf töluvert meira, sem til bóta stendur, heldur en hverju sinni er hægt að gera. Það getum við vafalaust verið sammála um. En ég held, að það sé engum efa bundið, að bæði þetta frv. hér og frv. um tekju- og eignarskatt sé það mikið til hagsbóta fyrir allan almenning í landinu, að það sé alveg ástæðulaust að vera að hafa þau mál að nokkru sérstöku grínefni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 451, n. 503 og 520, 518, 521).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Árið 1960 voru gerðar róttækar breytingar á reglum um álagningu útsvara. Með þessari breytingu var afnumin sú regla, sem lengi

hafði verið í l., að útsvörum væri jafnað niður á gjaldendur eftir efnum og ástæðum, eins og það var orðað í útsvarslögunum. Útsvarsstigarnir, sem niðurjöfnunarnefndirnar höfðu sett sér sjálfar, voru allt að því jafnmargir og sveitarfélögin, og ósamræmi var mikið milli einstakra staða í álagningu útsvara. Hinar nýju reglur miðuðu fyrst og fremst að því að samræma útsvarsálagninguna hjá sveitarfélögunum, með því að lögfestur var útsvarsstigi með heimild til almenns afsláttar eða álags, eftir því sem þarfir hinna einstöku sveitarfélaga til tekjuöflunar sögðu til um. Útsvarsstigarnir voru ákveðnir 3: einn fyrir Reykjavík, annar fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur og sá þriðji fyrir hreppana og þó með nokkru valfrelsi fyrir sveitarfélögin milli útsvarsstiga. Þrep útsvarsstiganna voru misjöfn, 5 ætla ég að hafi verið í Reykjavikurstiganum, og allt upp í 11 þrep. Hinum nýju reglum var ætlað að gilda um takmarkaðan tíma, eða þar til allsherjarendurskoðun skatta-, tolla- og útsvarsmála, sem ríkisstj. hugðist beita sér fyrir, hefði átt sér stað.

Árið 1962 var svo lagt fram á Alþ. frv. um tekjustofna sveitarfélaga og afgr. sem lög frá Alþingi. Nýju tekjustofnalögin höfðu að geyma mörg merk nýmæli, sem óþarft er að rekja hér, enda hv. þm. öllum kunn, og m. a. var þá útsvarsstigi með 8 stighækkandi þrepum lögfestur, einn fyrir allt landið. Nú er fengin tveggja ára reynsla af tekjustofnal. Eins og við var að búast, hefur hún sýnt, að ástæða er til að gera á þeim nokkrar lagfæringar, og hafa enda síðan verið gerðar á þeim nokkrar breytingar. Með því frv., sem hér er til umr., er lagt til, að á tekjustofnal. verði gerðar breytingar, sem reynsla hefur sýnt, að eðlilegt og sanngjarnt er að gera. Sumt af því er raunar staðfesting á framkvæmd, sem orðið hefur í vissum efnum.

Varðandi aðstöðugjöldin, sem á sínum tíma komu í stað veltuútsvara, er í 2. gr. frv. lagt til, að hámark aðstöðugjalda af fiskiðnaði sé lækkað úr 1½% í 1% af rekstri og að viðmiðun eða binding aðstöðugjalda við veltuútsvör, eins og þau voru á árinu 1961, verði afnumin í 3 árlegum áföngum, þ. e. a. s. það síðarnefnda er í bráðabirgðaákvæði.

En veigamestu breyt. samkv. frv. eru í 5. og 6. gr. og eru varðandi álagningu útsvara. Samkv. núgildandi l. er veittur tiltekinn fjölskyldu- eða persónuafsláttur af útsvari, eftir að það hefur verið reiknað út eftir útsvarsstiganum. En í 5. gr. þessa frv. er lagt til, að persónufrádráttur sé veittur af tekjum gjaldanda, áður en útsvarið er lagt á tekjurnar, sama frádráttaraðferð og síðan 1960 hefur verið viðhöfð um persónufrádrátt í tekjuskatti. Og í 5. gr. er lagt til, að frádrátturinn verði 25 þús. kr. fyrir einstaklinga, 35 þús. kr. fyrir hjón og 5 þús. fyrir hvert barn á framfæri gjaldanda.

Í 6. gr. frv. er hins vegar lagt til, að þrepum útsvarsstigans verði fækkað úr 8 í 2.

Reynslan hefur sýnt það, að ástæða er orðin til þess að breyta núgildandi álagningarreglum þegar af þeirri ástæðu, að útsvarsstiginn, sem nú gildir, gefur það háa útsvarsfúlgu, að svo að segja öll sveitarfélög hafa gefið afslátt af útsvarinu. Mestur hefur hann þó verið í hreppunum, þar sem afsláttur hefur á einstaka stað komizt upp í 80 og jafnvel yfir 80% af útsvörum. Þegar svo er komið, verður niðurstaða álagningarinnar óeðlileg, miðað við það, sem ætlað var, og megintilgangi ákvæðanna, þ. e. a. s. stighækkandi útsvari, verður ekki náð nema að takmörkuðu leyti. Þær reglur, sem hér er lagt til að lögfestar verði, leiða til þess, að lágtekjufólk og þeir, sem hafa marga á framfæri, fá lægra útsvar en eftir núgildandi álagningarreglum.

Í aths. við frv. er á 4. og 5. bls. gerður samanburður á útsvörum samkv. núgildandi l. og eins og þau yrðu samkv. frv. Samanburðurinn er miðaður bæði við einstaklinga, barnlaus hjón og hjón annars vegar með 2 og hins vegar með 3 börn á framfæri. Þar kemur í ljós, að útsvör lækka hlutfallslega langmest hjá fólki með lægri tekjur og lækka að vísu eitthvað á öllum gjaldendum. Það er því augljóst mál, að sveitarfélögin mundu fá lægri heildartekjur í útsvörum samkv. frv. en samkv. núgildandi lögum, sem mun þá í framkvæmdinni þýða það, að minni afsláttur verði gefinn af útsvörum og jafnvel að einhver sveitarfélög verði að bæta við stigann, samkv. heimild í 34. gr. tekjustofnalaganna. Sú heimild hefur til þessa ekki verið notuð af neinu sveitarfélagi, er manni tjáð. Heimildin er að núgildandi lögum um það, að bæta megi ofan á stigann allt að 30%. Nú er talið fært að lækka þessa hlutfallstölu niður í 20% og lagt til, að svo verði gert, í 7. gr. frv.

Við 1. umr. um frv. í þessari hv. þd. lýstu 2 af þm. stjórnarandstöðuflokkanna afstöðu sinni til frv. og höfðu eitthvað við það að athuga. Hv. 1. þm. Norðurl. e., sem nú er hér því miður fjarverandi, kvartaði þá undan því, að með frv. væri ekkert dregið úr þörf sveitarfélaganna fyrir tekjuöflun. Ef létta á af sveitarfélögunum þörf fyrir tekjuöflun, yrði það líklega að gerast þannig, að létt væri af þeim einhverjum gjöldum, og hv. þm. hefur e. t. v. átt við það að létta af sveitarfélögunum þörfinni fyrir tekjuöflun með útsvarsálagningu. Hann talaði um það, að fyrirsjáanlegt væri, að tekjuþörf sveitarfélaganna mundi aukast verulega, nefndi í því sambandi áætlun um það í hans heimahéraði, í Húsavík, þar mundi tekjuþörfin aukast um 40% frá því, sem var í fyrra. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að tekjuþörf sveitarfélaganna mun aukast og það allverulega, og til þess liggja ýmsar ástæður. Það má t. d. minna á það, að fastráðnir starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga fengju yfirleitt frá miðju s. l. ári mjög miklar kauphækkanir. Ég býst við því, að fæst eða kannske engin sveitarfélög hafi við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar fyrir s. l. ár gert ráð fyrir þeirri hækkun, enda var auðvitað ómögulegt að segja fyrir, hve mikil hún yrði. Þess vegna verða velflest sveitarfélögin á þessu ári að afla sér aukinna

tekna, bæði til þess að standa undir stórhækkuðu kaupi starfsmanna þetta ár og einnig hálft árið sem leið.

Nú býst ég ekki við, að þessi hv. þm. eða aðrir þm. hafi talið það óeðlilegt, að starfsmenn sveitarfélaganna fengju kauphækkanir, og það var a. m. k. að vissu marki fyrirmynd við samningana eða hafður til hliðsjónar kjaradómur frá s. l. sumri, og það ætla ég, að hv. 1. þm. Norðurl. e. muni ekki frekar en framsóknarmenn yfirleitt hafa talið, að kauphækkanirnar væru of miklar, a. m. k. ekki fyrr en seinna meir, þegar átti að nota þær til þess að byggja á rök fyrir almennum kauphækkunum, þegar fór að líða á árið.

Hv. þm. nefndi líka hækkun á t. d. framlögum sveitarfélaganna vegna almannatrygginga, sem hann sagði að mundu hækka um 60% frá því í fyrra. Það er nú nokkuð ríflega mælt, því að ég hygg það muni vera 54%, en það er, eins og þm. er í fersku minni, svo um hækkun á útgjöldum Tryggingastofnunarinnar, að það hafa verið samþykktar hlutfallslegar hækkanir á bótunum til jafns eða til samræmis við almennar kauphækkanir, sem hafa orðið í landinu á þessu tímabili, og kauphækkanir, sem hv. þm. og flokkur hans hafa stutt dyggilega og sízt talið of miklar, hafa numið hvorki meira né minna en yfir 30%, en að öðru leyti stafar hækkunin á tryggingaframlögunum af því, að um s. l. áramót kom til framkvæmda mikil aukning og útvíkkun bóta, sem ég held að flestir hafi talið að væri sanngjörn, eðlileg og æskileg.

Það er sjálfsagt óhætt að segja það, að almenn kauphækkunaralda eins og sú, sem gekk yfir á s. l. ári hér á landi, hækki svo að segja hvern útgjaldalið sveitarfélaganna, og sú hækkun kemur til viðbótar öðrum hækkunum, sem margar hverjar eru ofur eðlilegar og nokkuð stöðugar jafnvel frá ári til árs. Þar á ég t. d. við hækkanir vegna fjölgunar íbúa og þá einnig vaxandi viðleitni sveitarstjórnanna til þess að verða við síauknum kröfum íbúanna til bættrar þjónustu og aukinna framkvæmda á ýmsum sviðum.

Þegar talað er um vaxandi tekjuþörf og síaukin útgjöld sveitarfélaganna, er í þessu sambandi rétt að minnast á það, að gjaldstofninn, þ. e. a. s. tekjur almennings, varð langtum hærri á s. l. ári en á árinu 1962 og mun fyrirsjáanlega hækka mjög á þessu ári.

Hv. 9. þm. Reykv. kvaðst m. a. vera andvígur því, að heimildin til allt að 800 kr. afsláttar í núgildandi l. verði felld niður, þótt hins vegar sé nú upplýst, að hún hafi verið sáralítið notuð. Um það vil ég segja, að hinar nýju frádráttarreglur frv. byggjast á því, að núgildandi persónufrádráttur af útsvörum falli niður. Og það er þaðan af síður ástæða til að halda eftir einstökum tegundum eða þáttum þess afsláttar, þar sem í þessu tilfelli er aðeins um að ræða heimildarákvæði, sem lítið hefur verið notað.

Hv. þm. taldi, að hinar nýju frádráttarreglur væru hagstæðari, eftir því sem tekjur manna hækkuðu, og nefndi dæmi í tölum, sem mér er nú reyndar ekki alveg ljóst, hvernig hann fær út. En hins vegar er það auðvitað ljóst, að persónufrádráttarreglur, eins og frv. gerir ráð fyrir, koma eitthvað misjafnlega út eftir því, hve tekjuhár gjaldandinn er, þ. e. a. s. hvort kúfurinn, sem frádrátturinn sneiðir af útsvarsskyldum tekjum, hefði ella lent í hærra þrepi í útsvarsstiganum samkv. frv. M. ö. o.: um persónufrádráttinn samkv. frv. gildir alveg það sama að þessu leyti og um frádrátt frá tekjum yfirleitt.

Eins og fram kemur á nál. á þskj. 503, hefur heilbr.- og félmn. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n., við 3 þm., sem stöndum að nál. á þskj. 503, leggur til. að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl., hv. 1. þm. Vesturl., hefur skilað séráliti og flutt brtt. við frv. á þskj. 521, og þá hefur einnig hv. 8. landsk. þm. flutt brtt. við frv. á þskj. 518. Ég skal ekki vera margorð um þessar brtt. Um 1. brtt. á þskj. 521 er það að segja, að þar er gert ráð fyrir, að hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna, sem á tekjulið fjárl. fyrir yfirstandandi ár mun vera áætlaður 26 millj. kr., renni frá og með ársbyrjun 1964 í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en hætti þá frá og með sama tíma að renna í ríkissjóð. Þar sem þarna yrði um verulegan tekjumissi að ræða fyrir ríkissjóð, býst ég við, að hæstv. fjmrh. muni vilja eitthvað segja um þá brtt.

Um 2. brtt. á þskj. 521 er hins vegar það að segja, að þar er um að ræða mál, sem hv. framsóknarmenn þjörkuðu mikið um, þegar tekjustofnalögin voru til meðferðar á Alþingi 1962. Má í því sambandi minna á, að það var einmitt liður í þeirri viðleitni að samræma útsvarsálagninguna í landinu, að fela skattstjórunum álagninguna, en eins og menn muna, beittu framsóknarmenn sér mjög gegn því á Alþ. 1962. Við í meiri hl. n. erum þessari brtt. andvíg, og er það í samræmi við afstöðu okkar, sem áttum sæti á þinginu 1962, til þessa máls.

3. brtt. á þskj. 521 er um það, að 65. gr. l. falli niður. M. ö. o. þýðir þetta það, að hér er lagt til, að 2. og 3. málsgr. í 8. gr. frv. falli niður, en þar er lagt til, að sveitarstjórnum verði gert að skyldu að endurgreiða skattayfirvöldum allan beinan, útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi þeirra fyrir sveitarfélögin, samkv. l. þessum. Ég minnist þess, að við 1. umr. málsins, þá held ég, að hv. 1. þm. Norðurl. e. teldi hér um hreinan naglaskap að ræða. Ég held, að hann hafi orðað það þannig, ef ætti að fara að krefja sveitarfélögin um slíkar greiðslur, eftir að búið væri að þröngva aðstoð skattstjóranna upp á sveitarfélögin. Það má vel vera, að það hafi verið fyllilega réttmætt og réttlætanlegt í augum þeirra, sem telja, að þarna hafi verið framin einhver óhæfa gagnvart sveitarfélögunum, að bæta þeim það þá að einhverju leyti upp með því, að þau þurfi ekki að endurgreiða útlagðan kostnað skatta-

yfirvaldanna við álagninguna. En hins vegar fæ ég ekki annað séð en það sé alveg eðlilegt og réttmætt að ætlast til þess, að sveitarfélögin endurgreiði útlagðan kostnað, eins og lagt er til þarna í gr., og ég geri ráð fyrir, að það mundi þá aldrei vera annað eða meira en í hæsta lagi það, sem þau yrðu hvort sem er að taka á sig, ef þau önnuðust sjálf álagninguna. Meiri hl. n. er þess vegna einnig andvígur þessari brtt.

Ég sé svo að svo komnu máli a. m. k. ekki ástæðu til þess að ræða frv. frekar. Ég hef þegar lýst afstöðu meiri hl. heilbr.- og félmn. og þá um leið afstöðu hennar til brtt. hv. 1. þm. Vesturl., að svo miklu leyti sem ég þó ekki hliðraði mér hjá því að taka afstöðu til 1. brtt., ekki af því, að ég hafi ekki um það ákveðnar skoðanir, heldur tel ég eðlilegt, að fjmrh. tjái sig um þá brtt.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég flyt hérna örfáar brtt. við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, og till. *mínar* eru á þskj. 521.

Það er í fyrsta lagi viðbótarliður við 17. gr. l., sem fjallar um þá, sem eiga að greiða landsútsvör. Till. þessi miðar að því, að bankar greiði landsútsvör af vissum hluta tekna sinna.

Og þá er í öðru lagi viðbótartill. við 18. gr., sem er í framhaldi af þeirri fyrri, sem segir til um það, hve háan hundraðshluta bankar skuli greiða og við hvað skuli miða þessa greiðslu. Hér er átt við mismuninn, sem er á sölu erlends gjaldeyris miðað við kaupgengi á sama gjaldeyri. Lagt er til, að helmingur þessara tekna af gjaldeyrissölu bankanna renni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í stað þess, að þessi hluti fer nú til ríkissjóðs.

Þá er í þessari brtt. enn fremur lagt til, að jöfnunarsjóður fái 50% af þeirri þóknun, sem bankar taka fyrir yfirfærslu fjár til útlanda og aðra þá þjónustu, sem þeir veita í því skyni, en þessar tekjur *hafa einnig* runnið til ríkissjóðs. Á fjárl. fyrir yfirstandandi ár eru tekjur þessar áætlaðar 26 millj. kr. samkv. 2. gr. fjárl., 12. lið.

Á s. l. ári námu tekjur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem næst 150 millj. kr., sem komu til jöfnunar meðal bæjar- og sveitarfélaga í landinu. Allar líkur benda til, að tekjur jöfnunarsjóðs verði allmiklu hærri á yfirstandandi ári eða geti nálgazt því sem næst 200 millj. kr. Þetta er að vísu nokkur upphæð, en þarf að verða mun meiri, þar sem ríkið leggur nú með ári hverju þyngri byrðar á herðar sveitarfélaga og almennings í landinu, en möguleikar bæjar- og sveitarfélaganna hins vegar verða lakari til að mæta þessum auknu álögum. Þetta sýndi sig glöggt s. l. ár, hversu misjöfn aðstaða sveitarfélaganna var, þar sem sum sveitarfélögin í landinu þurftu að nota 92% af útsvarsstiganum til þess að ná þeirri upphæð, sem jafna skyldi niður á þegnana, en önnur aðeins 13% af útsvarsstiganum. Möguleikar sveitarfélaganna til að gera sveitarstjórnum, borgarstjórnum og bæjarstjórnum kleift að leggja á fyrir þörfum eru rúmir í l., það er ekki annað hægt að segja, og þessir möguleikar eru líka það rúmir, að til lengdar getur ekki eitt sveitarfélag risið undir slíku, ef það þarf að *nota* þetta *rými* til *hins* ýtrasta ár eftir ár. Áður en kemur til hjálpar samkv. b-lið 15. gr. sveitarstjórnarl., þ. e. a. s. um aukaframlag, verður að leggja 200% á fasteignaskattinn, nota aðstöðugjaldið til fulls, og samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, verður að bæta 20% ofan á útsvarsstiga á tekju- og eignarútsvar. Ég held, að það verði orðið mjög erfitt hjá fámennum sveitarfélögum að ná inn lögákveðnum útsvörum. Þótt hægt sé að jafna niður, er ekki þar með sagt, að það verði jafnauðvelt að innheimta útsvör, sem yrðu það há. Því finnst mér tímabært, að jöfnunarsjóður sé efldur til muna, áður en grípa þarf til þess að nota allar hugsanlegar lagaheimildir til þess að jafna niður á þegna sveitarfélaganna.

Við framsóknarmenn höfum flutt till. til þál. í sameinuðu þingi, þ. e. mál nr. 189. Og eins og fram kom í gær, þegar hv. 4. þm. Reykn. (JSk) hafði framsögu fyrir þessu máli, lýsti hann því mjög glögglega, hversu mikil þörf sveitarfélaganna er fyrir það, að frekari jöfnun geti átt sér stað á milli sveitarfélaganna en verið hefur til þessa, því að nú fá allir jafnt, hvar sem er á landinu. En mér finnst, að tilgangi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé ekki fyllilega náð á þann hátt, því að auka þarf framlag, þar sem þörfin allajafna er brýnust. Og ég vænti því þess, að þeirri till., sem flutt er í Sþ., verði vel tekið og sá árangur geti náðst út frá þeirri endurskoðun, sem fram á að fara, að nýir tekjustofnar komi til handa sveitarfélögunum. Það er allt útlit fyrir, að þess verði ekki minni þörf á næstu árum en verið hefur nú að undanförnu. Þess vegna finnst mér sú till., sem ég flyt hér um, að hluti af *þeim* tekjum, sem nú renna í ríkissjóð, renni til sveitarfélaganna, réttmæt, vegna þess að það er þörf á frekari tekjum fyrir jöfnunarsjóð en verið hefur.

Þá er ég enn fremur með breytingu við 45. gr. l. Sú breyt. er um það, að sveitarstjórnir og framtalsnefndir í bæjum, þar sem skattstjóri er ekki búsettur, fái heimild til að leggja á útsvörin sjálfar, sveitarstjórnirnar fái þessa heimild sjálfar, en samkv. gildandi lögum nær þessi heimild aðeins til þeirra, sem hafa 500 íbúa og færri. Mér finnst mjög réttmætt að mæta óskum sveitarfélaganna í þessu efni, þar sem mun vera yfirleitt vilji flestra sveitarstjórna og bæjarstjórna að inna þessi verk sjálf af hendi. Og enn þá nauðsynlegra finnst mér það, eftir að fram er komin hér till. á Alþ. þess efnis, að ríkissjóður eigi að fá sérstaka greiðslu fyrir þau störf, sem skattstofurnar eða skattstjórarnir inna af hendi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög. Og þessi till. finnst mér koma úr hörðustu átt, vegna þess að því var haldið fram, þegar skattanefndir voru lagðar niður og skattstofurnar myndaðar, að það mundi verða til verulegs útgjaldasparnaðar fyrir ríkissjóð, og þegar á það er litið, að ríkissjóður þarf að

spara sér útgjöld, hygg ég, að flestir hafi skilið það á þann veg, að þetta kæmi ekki neins staðar til gjalda, vegna þess að þetta yrði raunverulegur sparnaður við vinnu. En svo virðist ekki vera, þar sem á að leggja enn þá nýjar byrðar á sveitarfélögin með því að innheimta sérstök gjöld af þeim til þess að rísa undir þeim kostnaði, sem af þessu kann að hljótast varðandi niðurjöfnun útsvara og annað, sem skattstjórarnir inna af hendi fyrir sveitarfélögin í landinu, þau sem ekki hafa heimild til að jafna niður þessum útsvörum sjálf.

En ég flyt enn fremur till. um það, að 8. gr. þessa frv. ásamt 65. gr. l. verði felld. Ég tel, að samkv. öðrum breyt. á frv. þurfi 65. gr. l. ekki að standa lengur, því að tilgangi 65. gr. l. er náð annars staðar með þeim lagabreyt., sem hér liggja fyrir.

Þetta eru þær aðaltill., sem ég flyt og vænti, að hv. alþm. taki til greina og samþykki á þessu þingi.

Árið 1963 námu útsvörin í heild í landinu 781307779 kr., og sýnilegt er, að miklar hækkanir verða á útsvörum á þessu ári, og ekki er fráleitt að hugsa sér, að þau kunni að nema nokkuð yfir 800 millj. kr., eða útsvör og það tillag, sem kemur frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þetta samanlagt komi til með að vera nálægt því 1 milljarður kr. eða kannske nokkuð yfir. Þetta sýnir miklar þarfir bæjar- og sveitarfélaga fyrir miklar tekjur, og enn fremur sýnir þetta, hversu ört dýrtíðin hefur vaxið í landinu á undanförnum árum. Og það getur með jafnört vaxandi dýrtíð og verið hefur hin síðari ár orðið mjög erfitt fyrir ýmsar sveitarstjórnir að jafna niður þeim útgjöldum, sem þarf til að mæta þessum síauknu útgjöldum, sem verið hafa hin síðari ár og virðast enn þá vera í vændum.

Herra forseti. Ég hef hér með fært rök fyrir brtt. mínum, og ég vænti þess, að þeim verði vel tekið hér á hv. Alþingi. Að sjálfsögðu má margt ræða um þetta frv., sem hér liggur fyrir, en í því efni læt ég nægja að vitna til þess nál., sem hér liggur fyrir á þskj. 520, ásamt því að ég vitna til þeirrar ræðu, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti við 1. umr. þessa máls.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við lög um tekjustofna sveitarfélaga á þskj. 518. Þessi brtt. fjallar um greiðslur úr jöfnunarsjóði, en í gildandi lögum er svo kveðið á, að hámark framlaga úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaga skuli vera 60% miðað við álögð útsvör, fasteignaskatta og aðstöðugjöld næsta ár á undan. Þetta ákvæði hefur valdið því undanfarið, að sum sveitarfélög hafa ekki náð fullu út úr jöfnunarsjóði miðað við íbúatölu í sveitarfélaginu, en eins og vitað er, er greitt eftir íbúatölu hvers sveitarfélags miðað við 1. des. árið áður. Þetta hefur þó ekki, að því er ég bezt veit, komið sveitarfélögum verulega illa, nema máske aðeins einstaka sveitarfélagi. En nú hygg ég, að það muni geta orðið mun meira, sem sveitarfélög fá í frádrátt vegna þessa ákvæðis, vegna þess að dýrtíð og allar greiðslur hafa hækkað svo mjög nú að undanförnu, að áætlanir um tekjur og gjöld sveitarfélaganna hljóta að hækka verulega, og þar með mundu viss sveitarfélög geta komið til með að fara sérstaklega illa út úr því, að miðað sé við næsta ár á undan.

Till. sú, sem ég flyt við 20. gr. l., er í því fólgin, að miðað sé við útsvör, aðstöðugjöld og fasteignaskatta gjaldársins. Þó að ég segði það hér áðan, að þetta hefði ekki komið verulega að sök hingað til, veit ég þó þess dæmi, að lítil sveitarfélög og mjög vanmegnug, sem ekki höfðu treyst sér til að leggja á nema fyrir brýnustu þörfum, hafa orðið af með dálítið fé vegna þessa ákvæðis. En ég held, að það sé sanngjarnt mjög að breyta þessu nú vegna þess stóra stökks, sem dýrtíð og aukin útgjöld í krónutölu hjá sveitarfélögunum hljóta að taka nú.

Ég vil taka það fram, að ég hafði hugsað mér að koma aths. um þetta efni á framfæri við þá n., sem fjallaði um málið, en hafði ekki aðstöðu til þess, áður en hún skilaði sínu áliti, vegna þess að ég var fjarverandi þá. En ég tel að sjálfsögðu mikinn vinning að því, að heilbr.- og félmn. hafi fjallað um þessa till., áður en hún kemur endanlega til afgreiðslu, því að það er styrkur, ef hún sæi sér fært að mæla með henni, og þess vegna mun ég ekki leggja áherzlu á það, að atkvgr. fari fram um hana nú við þessa umr., heldur geyma það til 3. umr., ef heilbr.- og félmn. sæi sér fært að taka nokkrar mínútur til að athuga till.

Ég held, að ég hafi þá ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira. Ég tel talsvert miklu máli skipta, að þessi breyt. verði gerð nú til þess að fyrirbyggja, að ákvæði 20. gr. komi illa niður á vissum sveitarfélögum, einkum þeim, sem hafa litla getu, og ástæðan er aðallega sú, hversu nú hefur orðið mikil breyting á því, sem sveitarfélögin verða að leggja á, miðað við þarfir, frá því, sem þó hefur verið áður.

Ég vænti þess svo, að hv. heilbr.- og félmn. vildi gera það að athuga till., áður en 3. umr. fer fram, og mun, eins og ég hef þegar sagt, ekki óska eftir því, að atkvgr. fari fram nú við þessa umræðu.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta frv. gerði ég grein fyrir áliti mínu á þeim breyt., sem í frv. felast. Ég benti á, að þetta frv. bæri allan svip hæstv. ríkisstj. og hennar stefnu í skattamálunum, eins og hún hefur komið fram hin síðari ár. En sú stefna hefur einkum lýst sér í því að jafna skattana, ekki eftir efnum og ástæðum, heldur frekar eftir höfðatölu og án tillits til getu þeirra, sem byrðarnar eiga að bera. Þetta kemur greinilega fram í frv., sem hér er til umr. Hér er enn vegið í sama knérunn, byrðunum frekar létt af hátekjumönnum og þyngdar að sama skapi á lágtekjumönnum og fólki, sem hefur þunga fjölskyldu. Þetta kemur greinilegast fram í

þeim greinum frv., sem fjalla um útsvör og álagningu útsvara.

Það er einkum tvennt, sem ég við 1. umr. og eins nú vil finna að í þessu frv. Í fyrsta lagi er persónufrádrátturinn of lágur, eins og hann er ákvarðaður í frv., og í öðru lagi er gengið of langt í frv. í átt til afnáms stighækkunar útsvara. Persónufrádrátturinn er að visu hækkaður frá því, sem var 1962. Hann er hækkaður að nokkru leyti í samræmi við aukningu dýrtíðar á þessum tveimur árum. Þó kemur þetta alls staðar fram, og eins og ég benti á við 1. umr., kemur þessi hækkun persónufrádráttar sízt fram þar sem helzt skyldi. Ég benti á sem dæmi, að hjón með 3 börn og 70 þús. kr. nettótekjur fá enga hækkun á persónufrádrætti. Persónufrádráttur slíkrar fjölskyldu á að vera 4400 kr., en var ákveðinn 4100 kr. 1962. Hins vegar fær jafnstór fjölskylda, hjón með 3 börn, með 200 þús. kr. nettótekjur 6700 kr. í frádrátt, sem er nærri lagi, að frádrátturinn sé, með tilliti til aukinnar dýrtíðar eða borið saman við 1962.

Ég hafði vænzt þess, að persónufrádráttur yrði hækkaður mun meira en gert er í þessu frv. Einkanlega hafði ég búizt við því vegna gefinna loforða hæstv. ríkisstj. undanfarin missiri. Hún hafði heitið því við tvennar breytingar á l. um almannatryggingar, að persónufrádráttur við álagningu útsvara og tekjuskatts skyldi hækkaður verulega. Þetta boðaði hæstv. ríkisstj. sér til afsökunar á því, að fjölskyldubætur hafa ekki verið hækkaðar neitt að krónutölu árum saman. Sé tekið tillit til þessa, hefði ég vænzt, að persónufrádráttur við álagningu útsvara yrði mun hærri en hann er í þessu frv. ákveðinn. Ég vil segja, að persónufrádrátturinn er ákveðinn í þessu frv. nokkurn veginn til samræmis við aukna dýrtíð, til þess að ná því, sem tapazt hefur síðan 1962, en hann er ekkert hækkaður með tilliti til þess, að fjölskyldubætur hafa verið látnar standa í stað árum saman. Þetta vantar. Gjaldþrepum útsvarsstigans er fækkað úr 8 niður í 2. Þetta segir sína sögu um stefnu hæstv. ríkisstj. í skattamálum. Það er dregið úr stighækkun skatta jafnt og þétt og að því stefnt, að allir borgi tilsvarandi upphæð án tillits til þess, hvort menn eru tekjulágir eða tekjuháir. Þetta er stefna, sem hæstv. ríkisstj. af einhverjum ástæðum aðhyllist, vinnur að, en margir eru andvígir og telja mjög óréttláta. Þetta kemur einnig fram, þegar reiknað er út, hverjir græði mest á þeirri breytingu, sem hér um ræðir. Þá er það enginn vafi, að það eru hátekjumennirnir, sem græða mest á breytingunum, en lágtekjufólkið minnst. Ég vil aðeins nefna eitt dæmi um það, og það er, að visitölufjölskyldan, fjölskylda af visitölustærð með þurftartekjur, greiðir hærra útsvar 1964 en hún gerði 1962, og mismunurinn nemur hvorki meira né minna en 2000 kr. Þetta er eitt lítið dæmi um það, hvert stefnir með þessa skattapólitík hæstv. ríkisstj.

Ég hef nú endurtekið sumt af því, sem ég sagði við fyrri umr., en takmarkað mig þó alveg við tvö meginatriði í þessu frv., persónufrádráttinn og fækkun gjaldþrepa útsvarsstigans, enda tel ég þetta vera höfuðgallana á frv. Ég stend upp hér að þessu sinni til þess að benda á þetta og til þess að leggja fram tvær brtt. við frv., sem einmitt miða að því að leiðrétta þetta nokkuð.

Fyrri brtt. mín er við 5. gr., þar sem ræðir um persónufrádrátt. Ég legg til, að frá hreinum tekjum skuli draga, þegar um hjón er að ræða, 40 þús. kr. Þá legg ég til, að gerð verði sú breyt. á sömu gr., að frádráttur barna verði einnig hækkaður. Hann er í frv. ákveðinn 5 þús. kr. fyrir hvert barn, en ég legg til, að svipuðu fyrirkomulagi verði haldið og er í gildandi l., í þessu efni, þ. e. a. s. að frádráttur vegna barna fari stighækkandi. Ég legg til, að fyrir fyrsta barn verði dregið frá 6000 kr., fyrir annað barn 6500, fyrir þriðja barn 7000 kr. og þannig áfram, að frádrátturinn hækki um 500 kr. fyrir hvert barn. Ég hygg, að ef báðar þessar breytingar fengjust á gr., mundi mjög bætt úr því, sem að mínum dómi fer mest aflaga í þessu frv.

Hin brtt. mín er við 6. gr. og er þess efnis, að gjaldþrepunum verði ekki fækkað úr 8 niður í 2, heldur úr 8 niður í 5, og að lagður sé lægri hundraðshluti á lægstu og lægri tekjur en gert er ráð fyrir í frv. Ég legg þannig til, að einstaklingar og hjón greiði af útsvarsskyldum tekjum af fyrstu 30 þús. aðeins 10%, af 30—40 þús. kr. 3 þús. af 30 þús. og 15% af afganginum og þannig áfram, unz náð er 60 þús. kr. tekjum, þá skuli af þeirri upphæð greiðast 9 þús. kr. af 60 þús. og 30% af afganginum.

Í gildandi lögum er heimild í þeirri gr., sem hér um ræðir, til þess að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem eru lægri en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 kr. Þetta tel ég þarfa og góða heimild, og ég er því andvígur, að hún sé felld niður, en það er einmitt gert ráð fyrir því í þessu frv. Það felst því í minni 2. till., að heimildin haldist og að hún orðist á þessa leið:

„Heimilt er að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 2000 kr.“

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Brtt. er of seint fram komin, og ég vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni, þannig að hún geti komið til atkv. við þessa umræðu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 535, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 521,1 felld með 9:6 atkv.
— 518 tekin aftur til 3. umr.
3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 535,1 felld með 9:6 atkv.
5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 535,2 felld með 8:6 atkv.

6.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 521,2 felld með 9:6 atkv.
— 521,3 felld með 9:6 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 451, 518).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. flutti hv. 8. landsk. þm. brtt., sem er á þskj. 518. Hann tók brtt. aftur til 3. umr. og mæltist til þess, að heilbr.- og félmn. fjallaði um hana milli umr. Það er ekki ástæða til þess að rekja efni þessarar brtt. Hv. flm. fylgdi henni úr hlaði og gerði grein fyrir henni nú fyrir örfáum klukkustundum. Heilbr.- og félmn. er sammála um að mæla með því, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 518 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 547).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal rekja í fáum orðum meginatriði þessa frv.

Fram til 1960 var sú regla í íslenzkum lögum, að útsvörin, sem voru aðaltekjustofn sveitarfélaga, skyldu lögð á eftir efnum og ástæðum. Þær reglur, sem sveitarfélögin notuðu, voru mjög misjafnar, og var stefnt að því með endurskoðun útsvarsl. 1960 að koma meira samræmi á um þessi mál. Var þá ákveðið í þeim l. frá 1960 að lögfesta 3 útsvarsstiga, einn fyrir Reykjavík, annan fyrir aðra kaupstaði og þriðja fyrir önnur sveitarfélög. Það var unnið að því áfram að reyna að koma á enn meira samræmi í þessum efnum, og með l. um tekjustofna frá 1962 var ákveðinn einn og sami útsvarsstigi fyrir landið allt. Vegna þess að hér var um tilraun að ræða og tekjuþarfir sveitarfélaganna ákaflega ólíkar og reglur þær mismunandi, sem þau höfðu notað, varð auðvitað að hafa þennan útsvarsstiga nokkuð rúman. Við notkun hans hefur síðan komið í ljós, að öll eða flestöll sveitarfélög hafa getað gefið nokkurn afslátt frá útsvarsstiganum, þ. e. a. s., að þegar búið hefur verið að leggja útsvörin á, hefur heildarupphæð útsvaranna reynzt yfirleitt hærri en sú heildarupphæð, sem fjárhagsáætlun þeirra gerði ráð fyrir. Þetta hefur komið þannig út, eins og segir í grg. þessa frv., að allur þorri sveitarfélaganna hefur síðustu árin veitt afslátt, þannig að óvíða hefur afsláttur numið minna en 10%, en flestir kaupstaðir og kauptún hafa veitt afslátt milli 15 og 30%. Reykjavíkurborg veitti á s. l. ári 17% afslátt. Í sveitarhreppum hefur afsláttur inn verið meiri, eða frá 40 upp í 60% og jafnvel þar upp fyrir.

Nú er svo kveðið á í 32. gr. tekjustofnal., að eftir að útsvar er á lagt eða útreiknað, réttara sagt, skuli veita fjölskyldufrádrátt, 800 kr. fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs 1000 kr. afslátt af útsvarinu fyrir fyrsta barn, 1100 kr. fyrir annað barn, 1200 kr. fyrir þriðja barn og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um 100 kr. fyrir hvert barn. Þessi fjölskylduafsláttur af útsvörum er sem sagt á annan veg en sá persónufrádráttur, sem ákveðinn er í tekjuskattslögum, þar sem dregin er viss fúlga fyrir maka og börn frá tekjunum, áður en á þær er lagður tekjuskattur. Hér er útsvarið reiknað út og síðan slegið af því eftir þessum reglum. Þar sem flest sveitarfélögin hafa þannig nú s. l. tvö ár veitt oftast verulegan afslátt af útsvari, hefur það raskað útsvarsstiganum og þessum afsláttarreglum fyrir fjölskyldurnar, barnfleiri fjölskyldum og þeim tekjulægri í óhag. Það er því ein meginbreyting þessa frv., sem hér liggur fyrir, að breyta þessum ákvæðum, endurskoða útsvarsstigann og breyta frá útsvarsafslætti eftir á yfir í persónufrádrátt, með það fyrir augum þá, að útsvarsstiginn, eins og hann yrði lögfestur nú, yrði í meira samræmi við hina raunverulegu tekjuþörf sveitarfélaganna. En þessi breyting hefur einnig þau áhrif, að hún á að vera barnmörgu fjölskyldunum og þeim tekjulægri í hag frá því, sem nú er í l., eftir þeirri framkvæmd, sem orðið hefur. Í stað þessa útsvarsafsláttar, 1000 kr. fyrir fyrsta barn o. s. frv., er gert ráð fyrir, að hér verði tekin upp sama regla og er í útsvarsl. eða sama skipan að því leyti að veita persónufrádrátt frá tekjum, og gert ráð fyrir, að sá frádráttur nemi 25 þús. kr. fyrir einstaklinga, 35 þús. kr. fyrir hjón og 5 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda.

Þá er önnur breyting sú, að í stað þess, að gjaldþrepin eru nú 8 að tölu, frá 14% og upp í 30%, er gert ráð fyrir, að útsvarsstiginn verði einfaldari með þessu frv., útsvarsgjaldþrepin 2 í stað 8. Álagningin ætti með þeim hætti að verða auðveldari og einfaldari í framkvæmd.

Í l. frá 1962 um tekjustofna sveitarfélaga var m. a. ákveðið aðstöðugjald, sem kom að nokkru í staðinn fyrir veltuútsvörin, sem voru numin úr lögum. Í 10. gr. l. er ákvæði um hámark þessa aðstöðugjalds, og segir þar m. a., að það megi verða allt að 1½% af hvers konar iðnrekstri. Með þessu frv. er lagt til að lækka aðstöðugjaldið af fiskiðnaði úr 1½% niður í 1%.

Þá er í gildandi l. ákvæði varðandi aðstöðugjaldið, að ekkert sveitarfélag megi leggja hærri hundraðshluta aðstöðugjalds á neinn gjaldstofn en hundraðshluti veltuútsvars hafði

verið 1960 af sama gjaldstofni. Hafa komið fram eindregnar óskir frá sveitarstjórnum og samtökum þeirra og landsþingi og fulltrúafundum, að þessu yrði breytt. Það þykir ekki fært að fella niður þessa takmörkun eða viðmiðun í einu lagi, en hefur orðið niðurstaðan að leggja til, eins og gert er í ákvæði til bráðabirgða í þessu frv., að þessi binding falli úr gildi á 3 árum, þ. e. a. s. um þriðjung á hverju ári 1964, 1965, 1966.

Þetta eru meginbreytingarnar, sem í frv. felast, og vil ég að öðru leyti varðandi nokkrar aðrar breytingar vísa til grg. En á bls. 4 og 5 er útreikningur á því, hvernig útsvar yrði samkv. gildandi útsvarsreglum og samkv. þeim útsvarsstiga og persónufrádrætti, sem hér er lagt til að tekinn verði upp, og þarf sú skrá út af fyrir sig ekki skýringar við. En auðvitað er rétt að taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, að í þessum samanburði er átt við annars vegar útsvarsstigann óbreyttan, þ. e. a. s. án afsláttar, eins og hann er í gildandi l., og hins vegar útsvarsstigann samkv. frv., einnig án afsláttar. Um það, hver afsláttur kann að verða á þessu ári frá þessum útsvarsstiga, sem hér er lagt til að taka upp, eða hvort hann verður nokkur, er ómögulegt að segja. Það er ekki hægt að fullyrða fyrr en liggur nokkuð fyrir, hverjar heildartekjur gjaldþegnanna hafa verið á árinu 1963.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að sinni. Það hefur gengið í gegnum Ed., og legg ég til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Forseti (SB): Það er áform forseta, ef mögulegt er, að ljúka umr. um þetta dagskrármál, áður en fundi verður slitið nú eða frestað. Ef hins vegar það tekst ekki, mun verða nauðsynlegt að boða til kvöldfundar í hv. þd. Í trausti þess, að mögulegt reynist að ljúka umr. um 2. dagskrármálið, verður umr. haldið áfram enn um skeið.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að þreyta hér neitt málþóf. Hins vegar er ekki óeðlilegt, þó að sagt sé álit sitt á þessu frv. við 1. umr. þess, ekki sízt þegar það hefur komið fram í túlkun stjórnarblaðanna, að hér væri boðuð stórfelld lækkun á útsvörum. Hins vegar kom það ekki fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan. Á árinu 1963 höfðu sveitarfélögin í tekjur 780 millj. kr. Þessara tekna var í stórum dráttum aflað á þann hátt sem hér segir, að fasteignaskattur var 34 millj., aðstöðugjald 131 millj., eignarútsvör 18 millj. og tekjuútsvör 596 millj. kr., eða þessar tekjur álagðar í heild 615 millj. kr. Það gefur því auga leið, að útsvörin eru megintekjustofn sveitarfélaganna. Þess vegna eru áfram sem hingað til útsvörin sá tekjustofninn, sem sveitarfélögin verða að byggja tekjumöguleika sína á að verulegu leyti.

Ekki virðast líkur fyrir því, að útsvör verði raunverulega lækkuð á yfirstandandi ári. Eins og kunnugt er, gekk hækkunarbylgja eða dýrtíð yfir landið á s. l. ári, og kom hún við sveitarfélögin svo sem aðra. Til dæmis að nefna mun framlag sveitarfélaganna til Tryggingastofnunar ríkisins hækka um 50—60% á árinu 1964 frá því, sem var 1963. Sömu sögu er að segja um menntamál, veruleg hækkun verður á framlagi til þeirra. Og ef sveitarfélögin ætla að halda uppi svipuðum verklegum framkvæmdum á yfirstandandi ári og gert var á s. l. ári, þarf stórkostlega hærri fjárveitingu til þeirra. Það er því ljóst, þegar þetta mál er athugað, að hækkun á tekjum sveitarfélaganna þarf að vera 25—40% að meðaltali a. m. k., til þess að hægt verði að halda uppi svipaðri þjónustu og verið hefur, enda mun það svo, að hjá þeim sveitarfélögum, sem gengið hafa frá fjárhagsáætlunum sínum, sem eru öll bæjarfélög og kauptún og stærri sveitarfélög, er gert ráð fyrir því, að tekjur af útsvörum muni hækka um 20—40% á þessu ári. Þess vegna er það blekking og fráleitt að láta sér detta það í hug, að útsvör raunverulega lækki, þó að breyting verði á við álagninguna. Það, sem hins vegar er að gerast með þessu frv., eins og hæstv. fjmrh. tók fram, er, að það er verið að breyta vinnuaðferðinni við útsvarsálagninguna. Framkvæmdin hefur verið sú, að eftir að útsvar hefur verið á lagt, hafa verið gerðar verulegar lækkanir frá útsvarsstiganum í hinum einstöku sveitarfélögum, en mismunandi þó. Minnsta lækkun, sem gerð var á útsvarsstiganum 1963, var 8%, en mesta lækkun var 87%. Ef gerður er samanburður á útsvarsálagningu sveitarfélaganna í landinu í heild, hygg ég, að það komi nú í ljós, að engin tvö sveitarfélög hafi raunverulega lagt á eftir sömu reglum. Þegar útsvarsstiganum er breytt, eins og hér er gert með þessu frv., þýðir það, að afsláttur sá, sem áður var gefinn, fellur að mestu eða öllu niður, og mér sýnist, að hjá því hefði ekki orðið komizt, að ef þetta frv. hefði verið orðið að l. á s. l. ári, hefðu þau sveitarfélög, sem minnstan afslátt veittu, orðið að nota heimild l. til þess að hækka stigann, eins og l. heimila og nú í þessu frv. er gert ráð fyrir að megi fara allt að 20%. Það eru líkur fyrir því eftir þessa breytingu, að þannig geti farið, að sveitarfélög þurfi að nota sér þessa heimild. En ég vil þrátt fyrir þetta taka undir það, að þessi breyting, sem gerð er nú með persónufrádrættinum, er til bóta. Það sýndi sig í framkvæmd, að þegar var farið að lækka útsvörin jafnmikið og gert var hlutfallslega, eftir að þau voru á lögð, eyddi það persónufrádrættinum á hinum lægri útsvörum og þeir, sem hæsta bráttóútsvarið höfðu, fengu mestu lækkunina eftir þessum útreikningsaðferðum. Þess vegna er það ákvæði að breyta persónufrádrættinum, eins og nú er gert ráð fyrir í þessu frv., til bóta frá gildandi l., og hefur sýnt sig við framkvæmdina, að þurfti að sveigja inn á þessa braut.

Annað ákvæði þessara l. er það, að skattstigarnir eða útsvarsstigarnir eða þrepin í stigunum voru 8 áður, sem lagt var á eftir, en nú eru þau aðeins 2. Það verður að segjast eins og er, að þetta er auðvitað auðveldara í fram-

kvæmd, að hafa þrepin í útsvarsstigunum svo fá. Hitt gefur líka auga leið, að hér verður um grófari aðferð að ræða, ef svo mætti að orði komast, þar sem sveiflurnar verða minni eða tilvikin minni en áður var.

Eitt atriði er í frv. þessu, sem hæstv. ráðh. gat ekki um, en það er 8. gr. frv. Eitt af því, sem hæstv. fjmrh. boðaði á sínum tíma í sínum sparnaðartill., var framkvæmd skattalaga. Þar átti að koma við miklum sparnaði, sem þjóðin mundi njóta í framtíðinni. Það virðist nú hafa farið á annan veg en um sparnað væri að ræða í framkvæmd þeirra l., en út í það atriði ætla ég ekki sérstaklega að fara nú. En eitt ákvæði núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga er það, að sveitarstjórnunum er ekki heimilt lengur að framkvæma sjálfar útsvarsálagninguna, heldur er það skylda, að skattstofurnar skuli framkvæma hana. Það kom mjög fram á landsþingi sveitarfélaganna á s. l. sumri, að sveitarstjórnir voru almennt óánægðar með þetta Fram var komin þá till. um það að skora á yfirvöldin að breyta þessu aftur, en samkomulag varð um að fela sambandsstjórn sveitarfélaganna að vinna að málinu, án þess að sérstaklega væri um það ályktað. Framkvæmdin, eins og hún var úti í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki voru skattstofur, var þannig, að skattanefndirnar unnu úr skattskýrslunum heima fyrir og gerðu skrá yfir tekjur manna og afhentu sveitarstjórnunum þessar skrár ásamt framtölum, ef þær óskuðu þess, til þess að styðjast við útsvarsálagninguna. Þessa vinnu skattanefndanna þurftu sveitarstjórnirnar á engan hátt að greiða. Síðar vann svo sveitarstjórnin að útsvarsálagningunni og sá sjálf um að reikna útsvörin út. Nú er þessu þannig varið, að eftir að skattstofan hefur unnið úr skattskýrslunum og gert um það skrá vegna tekjuskattsins eða vegna skattanna, fá sveitarstjórnir eða framtalsnefndir, sem af þeim eru kosnar, þessar skýrslur til meðferðar ásamt framtölunum og vinna þetta mál upp aftur, og reynsla s. l. árs varð þannig, að það var miklu meiri vinna en áður hafði verið. Þegar svo þessu verki er lokið, sem er aðalverkið, og færðar á skrána tekjur, sem á að reikna útsvarið af, þá er raunverulega málið leyst, því að þá er hægt að vinna þetta á 1—2 dögum í meðalstóru sveitarfélagi og þaðan af stærra með venjulegum skrifstofuáhöldum. En samkv. núgildandi l. verður að senda þessi gögn aftur til skattstofunnar til þess að láta hana snúa reikningsvélum eða setja þau i skýrsluvélar, eins og gert var hér á Suður- og Suðvesturlandi. Framkvæmdin varð sú á s. l. ári, að það voru mjög fá sveitarfélög, sem gátu komið út sinni útsvarsskrá á eðlilegum tíma. Þeir, sem urðu að sæta þessu, komust ekki að öðru samkomulagi, fengu ekki sín útsvör útreiknuð fyrr en í september, október og jafnvel síðar. Nú þarf ekki að segja þeim, sem að framkvæmd þessara mála vinna, hvað það er fyrir sveitarstjórnir að fá svo seint álögð útsvör. Það auðvitað gerir það að verkum, að öll innheimta er komin úr lagi, seinvirk og jafnvel komin í stóra áhættu Ef mikil breyting verður á útsvörum til hækkunar, er innheimtan í stórkostlegri hættu, ekki síst ef árferði versnar. Þess vegna var það ósk sveitarstjórnarmanna, að þessu ákvæði l. yrði breytt í heimildarákvæði, en ekki, að það verði gerð skylda sveitarstjórnar að gera þetta, því að svo, þegar búið er að gera þetta og sveitarstjórnin er búin að leggja yfir þessa útreikninga blessun sína, breytingar í sambandi við kærur og annað því um líkt, á enn á ný að senda þetta til skattstjórans, svo að eftirlitið af hálfu skattstofunnar ætti að vera tryggt, þó að sveitarstjórnirnar yrðu látnar reikna út sín eigin útsvör, eins og nánast er ekki um annað að ræða í þessu tilfelli. En í staðinn fyrir að breyta þessu þannig, gera þetta heimildarákvæði, er gert ráð fyrir því í 8. gr. þessa lagafrv., að sveitarstjórnirnar eigi nú að greiða fyrir það, að skattstofan tefji fyrir framkvæmd á eðlilegri útsvarsálagningu. Mér finnst það mjög aftan að síðunum farið og nóg að verða að þola það, að vegna þessara framkvæmda er kannske þessi höfuðtekjustofn sveitarfélaganna í nokkurri hættu, þó að það verði ekki að greiða fyrir það að auki.

Nú vildi ég beina því til hæstv. fjmrh., sem fer með sveitarstjórnarmál, og hv. heilbr.- og félmn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún taki nú það atriði upp að breyta 65. gr. tekjustofnalaganna á þann veg, að þetta verði aðeins heimilt, að sveitarstjórnum sé heimilt að fá skattstofurnar til þess að reikna út útsvörin og greiða þá fyrir þá vinnu, en það sé ekki skylda. Það hefur sýnt sig, að þetta er allt of þungt í vöfum, og ef þetta á að vera til þess að tryggja það, að sveitarstjórnirnar reikni rétt út útsvör, sem mér finnst næsta óeðlilegt að ætla þeim að þær geri ekki, því að þær eru þá ekki færar um að stjórna sínum sveitarfélögum, þá hafa skattstofurnar allan aðgang og möguleika til þess að fylgjast með þessu atriði í framkvæmd, þó að þær annist ekki sjálfar þennan útreikning, sem er sveitarfélögunum að verulegu leyti til tafar og á engan hátt neinn greiði gerður. Og það er ekki hægt að réttlæta það að krefja sveitarfélögin um greiðslu fyrir það verk, sem þau vilja ekki láta aðra vinna fyrir sig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 8. mai, var frv. tekið til 2. umr. (A. 547, *n.* 608).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 451, um breyt. á l. nr. 69 frá 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. N. hefur orðið sammála um afgreiðslu málsins, og leggur hún einróma til,

að það verði samþ. með þeirri breyt., sem fram kemur í nál. á þskj. 608. Tveir nm., þeir Jón Skaftason og Ágúst Þorvaldsson, hafa þó áskilið sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Brtt. n. er á þskj. 608 og er sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: 45. gr. laganna orðist svo: Sveitarstjórnum (framtalsnefndum) er þó heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té framtöl skattgreiðenda (framteljenda) í sveitarfélaginu til hliðsjónar við álagninguna. Sveitarstjórn (framtalsnefnd) gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu sveitarstjórna ákvæði laga þessara."

Breytingin er í því fólgin, að 45. gr. gildandi l. um tekjustofna sveitarfélaga gerir aðeins ráð fyrir, að sveitarfélögum með færri en 500 íbúa sé heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra. En till. n. gerir hins vegar ráð fyrir, að öllum sveitarfélögum verði þetta heimilt. Ef athugað er, hvað heimildargr. l. nær til margra sveitarfélaga, kemur í ljós samkv. upplýsingum ríkisskattstjóra, að af 229 sveitarfélögum geta 189 þeirra notað heimildina, ef þau æskja þess, en aðeins 40 sveitarfélög, þar með taldir kaupstaðirnir 14, eru bundin af ákvæðum laganna.

Nú liggur það fyrir, að landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga óskaði þess eindregið á fundi sínum í sumar, að 45. gr. tekjustofnalaganna yrði breytt í þá átt, sem till. n. gerir ráð fyrir.

Lítur n. svo á, að þótt till. hafi verið samþ., muni ekki verða nein veruleg breyting á framkvæmd laganna. Kaupstaðirnir og hin stærri sveitarfélög munu eftir sem áður nota sér heimild 44. gr. l. um að láta skattstjóra annast álagningu eða útreikning útsvaranna, því að í raun og veru er það ekki annað, sem skattstjóra er ætlað, en að reikna út útsvarsupphæð hvers einstaklings, eftir að framtalsn. hefur yfirfarið framtölin og ákveðið útsvarsskylda upphæð af tekjum hvers og eins samkv. þeim reglum, sem þar um gilda.

Í 42. gr. gildandi l. um tekjustofna sveitarfélaga er hlutverk framtalsnefnda afmarkað skýrt og greinilega. Þar er ákveðið, að framtalsn. skuli rannsaka framtöl útsvarsgreiðenda og úrskurða útsvarsskylda upphæð hvers gjaldanda af tekjum hans. Enn fremur er framtalsn. samkv. þessari gr. l. ætlað að áætla útsvarsskyldar tekjur og eignir þeirra, sem skila ekki framtölum, og er beint fram tekið, að miða skuli álagningu útsvara þessara aðila við áætlun framtalsnefndar.

Í gr. eru einnig ýtarleg ákvæði um, hvernig framtalsnefnd skuli að öðru leyti haga störfum sínum. Er af þessu ljóst, að þó að skattstjóri annist álagningu útsvara, er hann bundinn af úrskurði framtalsn. um útsvarsskylda upphæð af tekjum hvers og eins, nema um beina reikningsskekkju sé að ræða eða framtalsn. hafi ekki fylgt ákvæðum 42. gr. laganna. Er framtalsn. að sjálfsögðu í öllu bundin ákvæðum þessara l., þótt hún sjálf annist álagningu útsvaranna samkv. 45. gr., og er það veruleg trygging fyrir útsvarsgreiðendur, að þeim verði ekki mismunað í útsvari, ef framtali hefur verið skilað og rétt hefur verið fram talið. Er því ekki, eins og ég sagði áður, nein ástæða til að ætla, að nein veruleg breyting verði á framkvæmd l., þótt till. n. verði samþykkt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frv. efnislega ýtarlegar, þar sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því, þegar það var lagt hér fram við 1. umr. í þessari hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—7. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 608 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
8.—11. gr. (verða 9.—12. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 630).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var samþ. í þessari hv. d. og hefur nú gengið í gegnum Nd. einnig. Í þeirri d. var gerð ein breyt. á frv. Það var bætt inn 8. gr., eins og það liggur fyrir. Það er varðandi breyt. á 45. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga, en þar segir, að í hreppum með færri en 500 íbúa er sveitarstjórn heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, en í öðrum sveitarfélögum skal skattstjórinn leggja á útsvör. Komið hafa fram óskir um það frá sveitarstjórnarmönnum og samtökum þeirra að rýmka þessa heimild, og er gengið til móts við þær óskir með þeirri breyt., sem hér liggur fyrir, þannig að þessi heimild nái hér eftir til allra sveitarstjórna. Það er lagt til í 8. gr., að hin umrædda gr. l. orðist þannig:

„Sveitarstjórnum (framtalsnefndum) er þó heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té framtöl skattgreiðenda" o. s. frv.

Um þessa breyt. varð algert samkomulag í hv. Nd., og legg ég til, að frv. verði samþ. svo breytt í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 652).

33. Húsnæðismálastofnun o. fl. (stjfrv.).

Á 54. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl. [195. mál] (stjfrv., A. 393).

Á 71. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar lögin um húsnæðismálastofnunina o. fl. voru sett 1957, var einn þátturinn í þeirri fjáröflun, sem lögin gerðu ráð fyrir, nokkur skyldusparnaður, sem skyldi lagður til hliðar og notaður til lána hjá húsnæðismálastjórn, samtímis sem vitaskuld þeim, sem lögðu þessa peninga til hliðar, var þar með gefinn kostur á að eignast nokkra upphæð, sem var laus til íbúðarkaupa eða íbúðarbyggingar, þegar viðkomandi hafði náð 26 ára aldri eða hafði gift sig og stofnað heimili. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að upphæð skyldusparnaðarins, sem var og er í l. nú 6%, verði hækkuð upp í 15%. Það er í fyrsta lagi gert til þess að afla húsnæðismálastjórn nokkurra viðbótartekna við það, sem hún hefur. Það er líka meiningin með frv., að unglingarnir, sem leggja þessa peninga til hliðar, geti þar með verið betur undir það búnir að greiða vexti og afborganir af lánum, sem þeir þurfa að taka í sambandi við húsbyggingar, og vera þannig betur undir það búnir að geta staðizt þann kostnað, sem af því leiðir. Með þeim tilkostnaði, sem nú er á íbúðabyggingum, og þeim vöxtum, sem greiddir eru af lánum til þeirra, er oft og tíðum erfitt fyrir þá, sem litlar eða mjög takmarkaðar eignir eiga, að standa undir þessum gjöldum öllum, en það ætti að verða þeim léttara, þegar þessi upphæð verður hækkuð á þann veg, sem hér er gert ráð fyrir. Tekjur manna hafa upp á síðkastið vaxið verulega í krónutölu, og er þess vegna ekki ástæða til að ætla, að það valdi þessum ungmennum verulegum erfiðleikum að leggja þetta fé til hliðar, en með því er, eins og ég segi, sköpuð veruleg trygging fyrir þá, að þeir geti betur staðið að húsbyggingum, þegar til þess kemur.

Þessum skyldusparnaði fylgja nokkur og raunar mjög veruleg fríðindi. Ég vil fyrst nefna, að það fylgja honum þau fríðindi, að hann er vísitölutryggður, þannig að verði verðhækkun á þessu tímabili, sem peningarnir eru lagðir fyrir á, verða þeir greiddir út í lokin með þeirri hækkun eða viðbót, sem af hækkun vísitölu framfærslukostnaðar leiðir. Þetta er náttúrlega mjög þýðingarmikið atriði, því að þær verðbreytingar, sem verða nú og hafa orðið á undanförnum árum, eru mjög örar og hafa dregið úr gildi sparifjárins, en með þessu er komið í veg fyrir, að sparifé rýrni, en haldi þvert á móti sínu gildi, hvernig sem verðlagsbreytingarnar í landinu verða.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að þetta fé, sem sparað er á þennan hátt, sé undanþegið tekjuskatti og útsvari. Þetta eru líka talsvert mikil hlunnindi fyrir þá, sem þetta fé leggja til hliðar.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í þessu frv., að þeir, sem leggja fram fé á þennan hátt með skyldusparnaði, hafi skýlausan forgangsrétt að lánum hjá húsnæðismálastjórn. Í lögum þeim, sem um þetta gilda nú, er gert ráð fyrir, að þeir hafi forgangsrétt „að öðru jöfnu". Hefur þetta ákvæði orðið til þess, að minna hefur orðið úr því, að þessi forgangsréttur væri notaður og þessir skyldusparendur gengju fyrir. Þessi orð „að öðru jöfnu", eru nú numin úr l. með þessu frv., sem þýðir þá um leið, að þeir hafa forgangsrétt fram yfir aðra umsækjendur.

Í fjórða og síðasta lagi er svo gert ráð fyrir því, að þau lán, sem þessir menn fá hjá húsnæðismálastjórn, megi nema allt að 25% hærri upphæð en það, sem aðrir fá. Þessi fjögur atriði eiga að tryggja það, að menn, sem í þetta leggja og safna saman fé á þennan hátt, njóti mjög verulegra hlunninda samanborið við aðra sparifjáreigendur í landinu.

Ég held, að frv. sé svo einfalt, að ég þurfi ekki að hafa um það miklu fleiri orð, en ég legg áherzlu á, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi. Að vísu verður það að segjast, að með þessu er ekki vandi húsnæðismálanna leystur að fullu, það er langt í frá, heldur er þetta spor í þá átt að tryggja húsnæðismálastjórn meira ráðstöfunarfé en hún hefur haft.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Framsfl. átti á sínum tíma þátt í því, að innleiddur var skyldusparnaður. Við teljum reynsluna sýna, að þar var farið inn á rétta braut. Við teljum, að verðtryggður skyldusparnaður sé heppilegt úrræði til þess að létta ungu fólki stofnun heimilis. Mætti færa fyrir því margvísleg rök, sem ég læt ógert, vegna þess að ég veit, að þetta mun mörgum vera ljóst. Aðalfundur miðstjórnar Framsfl., sem nýlega var haldinn, samþykkti, að flokkurinn beitti sér fyrir auknum skyldusparnaði. Ég mæli þess vegna með þessu frv., sem hæstv. ráðh. hefur lagt hér fyrir. Á hinn bóginn má vera, að einstök atriði þess þurfi nánari athugunar við, og verður það að sjálfsögðu gert í nefnd.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að skyldusparnaður unglinga, sem í lögum hefur verið síðan 1957, verði hækkaður mjög verulega eða úr 6% upp í 15%. Eftir því sem segir í grg. frv., er reiknað með því, að á þennan hátt fái húsnæðismálakerfið um 30 millj. kr. á ári í aukið *starfsfé fyrstu* árin, en að þessi upphæð muni hins vegar fara nokkuð minnkandi, eins og gefur að skilja, þegar aftur fer að bera á því, að þetta fé verður tekið út aftur af þeim, sem það koma til með að greiða. Hér er sýnilega um mjög verulega hækkun á þesum skyldusparnaði að ræða, umtalsverða, og verður því ekki neitað, að hér er stigið æðistórt skref varðandi fjáröflun til þessa kerfis, miðað við þennan einstaka lið, sem hér er fengizt við.

Þegar lögin um skyldusparnað voru sett á árinu 1967, stóðum við Alþb.-menn að þeim lögum. Þá var Sjálfstfl. hér á Alþingi á móti ákvæðunum um skyldusparnað, taldi þeim flest til foráttu. En nú virðast sjálfstæðismenn *standa hér að frv. um að hækka þennan skyldu*sparnað um 150% frá því, sem hann hefur verið. Við erum á þeirri skoðun, Alþb.-menn, að það sé ástæða til þess að hækka þetta skyldusparnaðargjald nokkuð. Hins vegar getur leikið nokkur vafi á því, hvað á að hækka gjaldið mikið, og við erum á þeirri skoðun, að það sé erfitt að taka þennan lið einan út af fyrir sig og hækka hann svona mikið, án þess að nokkrar aðrar ráðstafanir verði gerðar um leið.

Það eru ekki aðeins unglingarnir í landinu einir saman, sem eiga að leggja fram fé það, sem þarf að nota nú í dag til húsbygginga. Það geta vissulega fleiri komið hér til að eiga að leggja fram fé til þess að leysa þennan vanda. Ég held því, að það sé brýn nauðsyn á því, eins og húsnæðismálin standa nú í dag, að það séu gerðar miklu víðtækari breytingar en þær, sem felast í þessu frv. Það er vel hægt að fallast á það að hækka skyldusparnaðinn svona mikið, eins og lagt er til í þessu frv., ef ýmsar aðrar ráðstafanir eru gerðar um leið gagnvart ýmsum öðrum aðilum. Það hefur lengi verið einn aðalvandi húsnæðismálakerfisins, að sjálft kerfið hefur ekki haft nægilega mikið af eigin tekjum til þess að lána út. Starfsemin hefur að langmestu leyti verið rekin á þeim grundvelli, að útvega hefur þurft lán til stofnunarinnar frá öðrum, og hún hefur síðan framlánað þau lán til húsbyggjenda, en það ástand hefur vitanlega haldið þessari stofnun alltaf í sama vandanum eða jafnvel í vaxandi vanda, eftir því sem kröfurnar hafa orðið meiri um lánveitingar úr þessu kerfi, á meðan ekki hefur tekizt að byggja upp eigin fjárhag þessa útlánakerfis.

Þegar skyldusparnaðurinn var lögtekinn árið 1957 og l. um húsnæðismálastjórn voru sett, var gerð tilraun til þess að afla þessu kerfi nokkurra tekna, og skyldusparnaðarákvæðið var aðeins eitt af þessum ákvæðum, sem þá voru lögfest. Þá var t. d. ákveðið, að hið nýja kerfi skyldi fá allmikil framlög, óafturkræf framlög frá ríkissjóði. Ríkissjóður hafði áður veitt nokkur lán, sem síðan höfðu verið framlánuð húsbyggjendum, en með þessum lögum var ákveðið að breyta þeim lánum í óafturkræf framlög, sem húsnæðismálastofnunin þar með eignaðist sem sitt eigið fé. Í öðru lagi var svo ákveðið í þessum lögum, að 2/3 hlutar af stóreignaskattinum, sem þá var verið að leggja á og áætlað var að mundi nema í kringum 60 millj. kr., skyldu renna sem óafturkræft framlag til húsnæðismálakerfisins. En reynslan hefur nú orðið sú, að þeir, sem með völdin fara í landinu í dag, hafa gert þetta ákvæði að engu með því að innheimta ekki stóreignaskattinn nema þá að sáralitlu leyti, og þannig hafa þeir orðið þess valdandi að svipta févana húsnæðismálakerfi þessum tekjustofni. Það virtist sem sagt koma heldur óþægilega við suma aðila í landinu að láta stóreignamenn í landinu borga nokkurn skatt í þessu skyni, þó að þeir geti hins vegar verið með því í dag að hækka nokkuð skyldusparnaðarákvæði á unglinga. Þegar þessi lög voru sett, var auk þess lögfestur ákveðinn tekjustofn handa húsnæðismálakerfinu, sem nam 1% af innheimtum tollum og sköttum til ríkissjóðs. Og í fjórða lagi kom svo ákvæðið um skyldusparnaðinn, sem þá nam 6%. Það var því alveg augljóst, að þegar þetta ákvæði var sett í lög, var það aðeins einn liður af fleirum, sem áttu að byggja upp fjárhag þessarar stofnunar.

En það hefur lengi verið þörf á því að stíga hér viðbótarskref við þau, sem þarna voru stigin 1957. Það hefur lengi verið þörf á því að efla húsnæðismálakerfið enn meira en þarna var gert, ekki sízt vegna þess, að húsnæðismálakerfið var svipt stóreignaskattsframlaginu, sem gert hafði þó verið ráð fyrir. En um það er ekkert að villast, að húsnæðismálakerfið hefur þó byggt að mjög verulegu leyti á þessum tekjustofnum, sem þarna voru lögfestir á sínum tíma, og ólíkt hefði gengið verr að leysa þennan vanda á undanförnum árum, ef þessir tekjustofnar hefðu þó ekki verið ákveðnir með l. á þessum tíma.

S. l. ár mun húsnæðismálakerfið hafa haft yfir að ráða kringum 100 millj. kr. til útlána. Af þessu fé hafði stofnunin sjálf af eigin tekjum kringum 50 millj. kr., en fékk svo til viðbótar frá atvinnuleysistryggingunum kringum 40 millj. kr. En framlög frá ýmsum öðrum aðilum, sem oft hafa verið tilnefndir að ættu að leggja hér fram nokkurt viðbótarfé, eins og frá ríkissjóði og frá vátryggingakerfinu í landinu og bönkum landsins, — framlag frá þessum aðilum hefur verið sáralitið. Mér skilst, að frá tryggingafélögunum í landinu hafi þetta kerfi fengið á s. l. ári 1.9 millj. kr. og frá bankakerfinu í landinu hafi það á s. l. ári fengið 700 þús. kr., ekki 1 millj. Eftir því sem mér skilst, hefur skyldusparnaðarkerfið, sem í gildi hefur verið, tryggt húsnæðismálakerfinu á undanförnum árum milli 70 og 80 millj. kr. til útlána.

Það er enginn vafi á því, að það er þörf á

því að auka við tekjustofna húsnæðismálakerfisins og þessi leið, sem hér er minnzt á í þessu frv., kemur til greina sem ein leið. En það er ekki hægt að víkja sér undan þeim vanda, að það verður að gera meira en lagt er til í þessu frv., og það er varla sanngjarnt að hækka þetta gjald svona mikið eins og þarna er lagt til, á sama tíma sem ekkert frekar er gert í málinu. Það er ekki heldur hægt að una öllu lengur við það misrétti, sem raunverulega á sér stað með lánveitingar úr þessu kerfi, eins og það hefur verið rekið, því að um það er ekki að villast, að þeir aðilar í landinu, sem búa við þá aðstöðu að geta fengið lán úr hinum almennu lífeyrissjóðum, sem eru orðnir býsna margir, njóta í framkvæmdinni algerrar sérstöðu um lán úr hinu almenna veðlánakerfi. Það mun vera orðið svo, að hinir almennu lífeyrissjóðir í landinu lána út nú á hverju ári kringum 160 millj. kr. En þeir aðilar, sem þau lán hafa úr lífeyrissjóðum sínum, geta einnig komið í hið almenna veðlánakerfi og fengið mikinn hluta af þeim 150 þús. kr. lánum, sem þaðan eru veitt til hvers húsbyggjanda. En þeir fjölmörgu aðilar í landinu, eins og t. d. verkamenn, iðnaðarmenn og sjómenn yfirleitt, sem eiga ekki aðgang að neinum lífeyrissjóðalánum og verða að láta sér nægja það hámarkslán, sem veitt er úr almenna veðlánakerfinu, 150 þús. kr. lán, komast vitanlega afskaplega skammt með slík lán til þess að komast yfir venjulegar íbúðir, eins og þær kosta nú. En þrátt fyrir það, þó að svona sé, hefur þannig verið haldið á málunum, að það er einmitt sjóður þessara aðila, sem hér er verst á vegi staddur, það er einmitt sjóður verkamanna og almennra sjómanna og iðnaðarmanna. Atvinnuleysistryggingasjóðurinn, sá sjóður, sem þessir aðilar hafa byggt sér upp, verður að leggja af mörkum megnið af því fé, sem hið almenna veðlánakerfi hefur til útlána, en síðan gengur til þeirra aðila að mjög verulegu leyti, sem hafa sérstöðu um möguleika til lána til húsbygginga. Þetta atriði, eins og mörg önnur fleiri í sambandi við rekstur þessarar veðlánastarfsemi, er þess eðlis, að það er ekki hægt að una við þetta miklu lengur. Það verður að gera á þessu breytingar. Um leið og fjár er aflað til kerfisins, þá verða þarna að verða mjög verulegar breytingar. Enginn hefur vitanlega treyst sér til þess að leggja það til, að þeir aðilar, sem njóta lána úr lífeyrissjóðunum, verði útilokaðir frá því að fá lán úr hinu almenna veðlánakerfi, vegna þess að lán þeirra, þó að úr báðum stöðunum komi, eru sízt of há. En þetta kallar þá bara enn þá meira á það, að hlutur hinna, sem nú er lakastur fyrir, verði réttur. Af því er það, sem við höfum margsinnis á það bent, að það er full ástæða til þess, að það fé, sem kemur frá atvinnuleysistryggingunum og er ætlað til íbúðalána, verði alveg sérstaklega lánað þeim aðilum, sem eiga þann sjóð og nú standa höllustum fæti í sambandi við þessi íbúðabyggingamál.

Auðvitað er vandi húsbyggjenda alltaf að verða meiri og meiri, það gerir hin sífellda verðlagshækkun í landinu. Það er ekkert um það hægt að deila, að sú hefur orðið niðurstaðan nú á síðustu árum, að verðhækkunin hefur orðið svo mikil við húsbyggingar, að verðhækkunin á meðalíbúð á síðustu 4 árum nemur mun meira en því, sem hámarkslán veðlánakerfisins nemur. Aðstaða húsbyggjenda hefur því stórkostlega versnað frá því, sem áður var, og var hún þó nógu léleg fyrir. Það er vitanlega alveg þýðingarlaust að nefna í þessum efnum tölur um það, að hið almenna veðlánakerfi hafi lánað út heldur fleiri krónur nú en gert var fyrir nokkrum árum, þegar kostnaður við byggingarnar er orðinn svona miklum mun meiri en hann var, kostnaðaraukinn er miklum mun meiri en sem nemur öllu láninu, sem veitt er. Það er því orðin brýn nauðsyn á því í þessum efnum einnig, að lán húsnæðismálakerfisins verði hækkuð til muna frá því, sem áður var, og það heimtar auðvitað, að það komi til miklu fleiri nýir tekjustofnar en sá, sem hér er minnzt á í þessu frv. Ég vil því leggja á það áherzlu nú hér við 1. umr. þessa máls, að ég álít, að það sé í rauninni ómögulegt að taka á þessu vandamáli á þann hátt að ætla sér að einangra afgreiðslu málsins við þennan þátt einan, sem hér er fjallað um í þessu frv. Það er engin sanngirni að taka þannig á málinu, og það leysir svo sáralítið af vandanum, að það er ekki viðunandi.

Hér verður að velja úr þeim till., sem fram hafa komið, og margsinnis hafa verið ræddar hér á Alþingi, um tekjuöflunarmöguleika handa þessu kerfi og breytingar á kerfinu um leið. Ég skal nefna hér nokkrar leiðir, sem hér hefur verið minnzt á. Það kann vel að vera, að það séu ekki allir algerlega sammála um það, hvernig fé til kerfisins skuli koma, en á þessar leiðir hefur verið minnzt hér, till. hafa verið fluttar um þær, og það ber að takast á við þennan vanda og velja úr þessum till. Í fyrsta lagi hafa komið hér fram ýmsar till. um það, að þetta kerfi eigi að fá beint framlag frá ríkissjóði árlega. Og það er auðvitað alveg útilokað, að ríkið skjóti sér undan þessum vanda á þann hátt, að afgreidd séu hér fjárlög upp á nærri 3000 millj. kr., án þess að gert sé ráð fyrir því að leggja til lausnar á slíku vandamáli eins og þessu 50—100 millj. kr. á ári. Um minni upphæð má þar í rauninni ekki vera að ræða. Það hefur verið lagt til í öðru lagi, að til komi sem tekjur fyrir húsnæðismálakerfið nokkur hluti af gróða bankanna á ári hverju. Það hefur í þriðja lagi verið minnzt á það að leggja nokkurt prósentugjald á fasteignir í landinu, á öll hús og lóðir, og miða við fasteignaverðmæti þeirra. Fasteignir hafa farið verulega hækkandi í verði, og þeir, sem þær eiga, hafa verið að græða á undanförnum árum vegna verðlagsbreytinga í landinu. Það hefur verið minnzt á það í fjórða lagi, að atvinnurekendur í landinu yrðu látnar borga eitthvert lítið gjald árlega til þess að byggja upp tekjur þessarar stofnunar. Í fimmta lagi hefur það verið lagt til, að vátryggingafélögin

í landinu yrðu skylduð með lögum til þess að leggja nokkurt fé fram til þessa kerfis. Í sjötta lagi hefur það komið fram hér að skylda bankakerfið í landinu til þess að leggja fram, sem lán að vísu, vissan hluta af sparifjáraukningunni, sem verður í landinu á hverjum tíma. Og í sjöunda lagi hafa svo komið fram till. um það, að atvinnuleysistryggingasjóðurinn leggi fram nokkurt fast árlegt framlag eða lán til kerfisins með hagstæðum kjörum og þá alveg með sérstöku tilliti til þess, að það fé kæmi til góða meðlimum þess sjóðs, sem nú standa, eins og ég hef sagt áður, alveg sérstaklega höllum fæti í þessum efnum. Í áttunda lagi hafa svo verið till. um það, að lífeyrissjóðakerfið í landinu legði hér fram nokkurn hluta til uppbyggingar á hinu almenna veðlánakerfi, á meðan allir lífeyrissjóðsþegar eiga rétt á lánum úr þessu kerfi, eins og aðrir. Fleiri till. hafa eflaust komið fram, en þessar hafa m. a. komið fram, og þá á að velja úr þeim og skapa veðlánakerfinu eðlilegar, árlegar tekjur, svo að hægt sé að hækka lánin, lengja lánin frá því, sem nú er, og gera lánskjörin almennt séð hagstæðari eða betri.

Og svo kemur auk þess til sú tekjuöflun, sem minnzt er á í þessu frv. og ég álít, að sé réttmæt, þó að um það megi nokkuð deila, hvað á að hækka þetta gjald mikið. Hér er farið í býsna mikla hækkun, að fara alveg upp í 15%, og getur auðvitað óneitanlega komið nokkuð hart við í sumum tilfellum, því að þótt svo sé ástatt í mjög mörgum tilfellum, — það skal játað, — að ungmenni á þessum aldri, frá 16 árum upp í 25 ár, eyði fjármunum sínum á gálauslegan hátt, fari illa með fé, þá verður hinu ekki heldur neitað, að þau ungmenni eru líka til æðimörg í landinu, sem leggja meginhlutann af tekjum sínum til að halda uppi heimili, til þess að aðstoða foreldra sína og aðra við að byggja yfir heimilin, slík dæmi eru mörg, eða við að aðstoða heimilin á annan hátt, og það er býsna mikill skattur á slíka aðila að láta taka 15% af þeirra kaupi og binda það þennan tíma. En þó mundi ég ekki mæla gegn því, að það yrði gert, ef þetta yrði einn liður af mörgum í sambandi við alhliða fjáröflun til þessa kerfis, til þess að leysa þetta nauðsynjamál, sem íbúðabyggingarnar eru. En að ætla sér að taka þannig á þessu mikla vandamáli að hækka aðeins þetta gjald, en láta hitt allt saman óleyst, bæði varðandi fyrirkomulag og starfsemi kerfisins og eins viðvíkjandi tekjuöflun þess, nær auðvitað engri átt og allra sízt eins og ástandið er núna í verðlagsmálunum, þegar byggingarkostnaður m. a. fer ört hækkandi frá degi til dags.

Ég vil því vænta þess, að sú nefnd, sem tekur þetta mál nú til athugunar, hugleiði þetta og komi fram með brtt. á þessu frv., og auk þess vildi ég alveg sérstaklega beina þeim óskum til hæstv. ráðh., sem með þetta mál hefur að gera, að hann vildi stuðla að því, að málið yrði leyst á miklu víðtækara grundvelli hér í meðförum þingsins en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega um það frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að ég býst við, að um það verði nokkurn veginn samkomulag á Alþingi. Nú er hér á Alþingi önnur og ábyrgari stjórnarandstaða en sú, sem var, þegar skyldusparnaður var upphaflega tekinn upp í sambandi við þessar framkvæmdir. En ég man ekki betur en sú stjórnarandstaða, sem þá var, beitti sér mjög á móti því, að skyldusparnaður væri þá upp tekinn, þó að sá aðili sé því nú fylgjandi, að skyldusparnaður verði hækkaður.

En í sambandi við þetta mál vildi ég leyfa mér að beina nokkrum fsp. til hæstv. félmrh. Það er þá í fyrsta lagi sú fsp., hvort ekki séu væntanlegar frá ríkisstj. á þessu þingi till. um frekari fjáröflun fyrir byggingarsjóð en sú, sem felst í þessu frv.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvaða ásetlanir ríkisstj. hefði um það fjármagn, sem hún ætlaði byggingarsjóði að hafa til umráða á þessu ári. Það er nú það langt komið á þetta ár, að ríkisstj. ætti að vera búin að gera sér það nokkurn veginn ljóst, hve mikið fé hún ætlar byggingarsjóði að hafa til lánveitinga á þessu ári, og væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það, og enn fremur, hvernig ríkisstj. ætlar að haga þessum lánveitingum, á hvaða tíma ársins þetta fé mundi koma til ráðstöfunar hjá húsnæðismálastjórn, því að það er mjög heppilegt fyrir þá, sem eiga von á þessum lánum, að hafa nokkra vitneskju um það, hvenær þeir geti átt von á þeim.

Í þriðja lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort ríkisstj. hefði ekki í hyggju að hækka eitthvað lán þau, sem byggingarsjóður veitir nú, en hámark þeirra er ekki nema 150 þús. kr. Það þarf ekki að færa rök að því hér, hvílík nauðsyn það er, að þessi lánsupphæð verði hækkuð. Ég minnist þess í þessu sambandi, að eitt dagblaðanna í dag birtir ræðu eftir einn af nm. í húsnæðismálastjórn, sem telur það algert lágmark, að þessi lán verði hækkuð upp í 300 þús., en ég veit þó, að aðrir nm. í húsnæðismálastjórn telja þörf á enn meiri hækkun og að þessi lán ættu ekki að vera undir 400 þús., ef farið væri eftir hinni svonefndu Hoffmannsskýrslu, sem hefur verið útbýtt hér fyrir nokkru og kennd er við norskan sérfræðing, sem kynnti sér þessi mál. Ég vildi sem sé spyrja um það, hvort ríkisstj. hefði það ekki í undirbúningi að hækka verulega þá lánsupphæð, sem byggingarsjóður ríkisins veitir einstaklingum.

Í fjórða lagi vildi ég svo spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort ríkisstj. hefði ekki hugsað sér neinar sérstakar ráðstafanir vegna þeirra íbúðaeigenda, sem eiga það á hættu að missa íbúðir sínar vegna lausaskulda, en þeir eru því miður margir. Það eru margir, sem hafa ráðizt í byggingar á undanförnum árum, en orðið að sæta því, að ásetlanir hafa ekki staðizt vegna þess, hversu fljótt eða ört byggingarkostnaður hefur vaxið og framkvæmdir hafa þess

vegna orðið miklu dýrari en gert var ráð fyrir í upphafi, þegar í þær var ráðizt. Það er þegar búið að veita útgerðarmönnum og bændum sérstaka aðstoð vegna lausaskulda, sem hafa orðið til af þessum ástæðum, og nú á þessu þingi mun í ráði að veita iðnaðinum alveg sérstaklega fyrirgreiðslu á þennan hátt, og þess vegna væri ekki óeðlilegt, þó að íbúðarbyggjendur fengju einhverja svipaða fyrirgreiðslu og þessa, þ. e. a. s., að lausaskuldum, sem þeir hafa stofnað til vegna íbúðabygginga, yrði breytt í föst lán eða þeim veitt úrlausn með einhverjum öðrum hliðstæðum hætti.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa nú meir snúizt um aðra hluti en beinlínis það frv., sem fyrir liggur. Þó lýsti hv. 1. þm. Austf. því yfir, að hann væri frv. fylgjandi, og er ég honum þakklátur fyrir það. En aðrir, sem til máls hafa tekið, hafa meir drepið máli sínu á dreif og rætt um húsnæðismál almennt, og ég skal þá með nokkrum orðum reyna að svara því, sem fram hefur komið og beinlínis kallar á svar.

Hv. 5. þm. Austf. taldi að vísu, að þetta frv. væri til bóta, að mér skildist, að hann gæti á það fallizt, að hækkunin væri allveruleg að hans dómi, en vildi, að um leið væri tryggt, að fleiri tekjustofnar kæmu til. Ég sagði það í upphafi míns máls, að þetta frv. leysti ekki allan vanda og það væri aðeins einn liður í þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar væru, og þarf ég þess vegna ekki að svara hv. þm. frekar þessari aths., því að í því, sem ég sagði í upphafi um málið, liggur það, að þetta er einungis einn liður í fjáröflunarplani ríkisstj. handa húsnæðismálastjórn.

Hann sagði eitthvað á þá leið líka, að það væri ekki sanngjarnt að hækka skyldusparnaðinn svo mikið sem hér er gert ráð fyrir, á meðan ekkert annað væri gert og ekki fram komið annað frv. en þetta. Út af þessu get ég gjarnan lýst því yfir, að það eru búnar að vera um alllangan tíma til athugunar ýmsar aðrar fjáröflunarleiðir, m. a. nokkrar þeirra, sem hv. þm. minntist hér á. Málið er ekki hvað þær snertir komið það langt, að hægt hafi verið að útbýta hér frv. eða skýra frá samkomulagi, sem orðið hefði út af þeim athugunum, en ég get gjarnan svarað fyrstu fsp. hv. 5. þm. Reykv., sem ég held að hafi verið eitthvað á þá leið, hvort frekari fjáröflunarfrv. væri að vænta á þessu þingi, að ég vonast til, að það verði hægt í framhaldi af þessu frv., sem hér hefur verið til umr. En ég vildi í þessu sambandi undirstrika það, að tilgangurinn með hækkun skyldusparnaðarins er raunverulega tvíþættur. Hann snýr öðrum þræði að húsnæðismálastjórn og auknum tekjuöflunum handa henni. En hann snýr líka að eiganda skyldusparnaðarins sjálfum og gerir honum mögulegt að standa betur að vígi við sína húsbyggingu en hann mundi hafa gert, ef þessi hækkun hefði ekki verið framkvæmd. Það er, eins og líka kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv., í mörgum tilfellum erfitt fyrir menn að standa undir þeim lánum, sem þeir þurfa að taka, vegna þess, hve byggingarkostnaðurinn er orðinn mikill, og gildir þá einu, hvort lánin eru fengin hjá húsnæðismálastjórn eða annars staðar. Vexti og afborganir þarf að borga og þær greiðslur eru orðnar það miklar, að það er oft og tíðum erfitt fyrir menn að geta staðið undir þeim. En það ætti vissulega að hjálpa, ef skyldusparnaðurinn yrði það mikill, að um hann munaði verulega, þegar út í húsbyggingarnar væri farið. Ég veit ekki, hversu mikill skyldusparnaðurinn getur orðið á 10 árum, miðað við, að hann verði 15% af launatekjum, en segja mætti mér þó, að það yrði mjög veruleg upphæð. Ef maður gerði ráð fyrir, að þessir unglingar hefðu kannske 60—100 þús. kr. á ári í tekjur, þá sér hver maður, hvað út úr því mundi koma á 10 ára bili og gæti orðið það stór liður í byggingarkostnaðinum, að verulega munaði um að þurfa ekki að taka hann að láni a. m. k.

Um spurningar hv. 5. þm. Reykv. skal ég að öðru leyti segja það, að þær eru þannig fram settar, að ég á ekki gott með að svara þeim á þessu stigi, vegna þess að ákvörðun hefur ekki enn verið tekin um mörg atriði, eins og t. d. um það, hvaða fjármagn verði til ráðstöfunar. Það liggur ekki fyllilega fyrir enn þá og þar af leiðandi ekki heldur, hvenær hægt er að úthluta því. Okkur er það alveg ljóst, að það er æskilegt og nauðsynlegt að geta fengið tekna ákvörðun um þetta sem allra fyrst, og eins hitt, að úthlutun lánanna geti farið sem fyrst fram. Hvort lánin verða hækkuð, er náttúrlega undir því komið fyrst og fremst, að fé fáist til útlánanna. Að hækka lánin dugir ekki eitt út af fyrir sig, nema því aðeins að það sé aflað þess fjár, sem þarf til þess að veita lánin. Í skýrslu Hoffmanns bankastjóra, sem minnzt var hér á áðan, er gert ráð fyrir því, að eðlileg byggingarþörf á Íslandi sé í kringum 1500 íbúðir á ári, og gert ráð fyrir, að af þessum 1500 íbúðum komi helmingurinn til með að þurfa á lánum að halda hjá húsnæðismálastjórn eða 750 íbúðir. Ef lánin á hverja íbúð yrðu hækkuð, segjum tvöfölduð, eins og hér var nefnt áðan, þannig að þau yrðu 300 þús. kr. á íbúð, sem hv. 5. þm. Reykv. virtist þó telja fulllítið, þá er maður kominn upp í tvöfalda upphæð á við það, sem hæst hefur verið úthlutað hingað til, eða kominn í milli 200 og 300 millj. kr. á ári, og eins og landið liggur núna, er sú upphæð ekki til fyrir hendi, og verður auðvitað að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla hennar. Við þetta bætist svo það, að enn liggur óafgreiddur hjá húsnæðismálastjórn mikill fjöldi umsókna um lán og miklu fleiri en 750, sem ég nefndi áðan, að Hoffmann bankastjóri hefði talið eðlilegan, — mikill fjöldi, og sérstaklega hafa safnazt á s. l. ári margar umsóknir, sem ekki hefur verið hægt að sinna, þó að á því ári hafi verið úthlutað meira fé til þessara mála en nokkru sinni áður. Ég get þess vegna ekki svarað

þessum spurningum hv. þm. núna. E. t. v. verður það hægt síðar, þegar málið liggur ljósara fyrir.

Ég tel alveg sjálfsagt, að hv. heilbr.- og félmn. athugi málið frá öllum hliðum, eins og hér hefur verið óskað eftir. Það er venja n. að gera það og ekkert um það að segja nema gott, en ég vil bara í því sambandi benda á, að það eru enn ókomin nokkur frv. til viðbótar við þetta og í beinu framhaldi af því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 393, n. 508).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismálastofnun o. fl. á þskj. 393. Frv. er eingöngu um breytingar á l. að því er snertir skyldusparnað unglinga, eða fólks á aldrinum frá 16—25 ára. Meginbreytingarnar, sem frv. hefur í för með sér, eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi hækkar skyldusparnaðurinn úr 6% í 15%. Í öðru lagi eru nú tekin af tvímæli um það, að fólk, sem hefur sparað saman á þennan hátt, nýtur nú forgangsréttar til lána hjá húsnæðismálastjórn, en áður naut þetta fólk forgangsréttar að öðru jöfnu. Nú eru orðin „að öðru jöfnu" felld niður, þannig að ákvæðið er skýrara en áður var, en jafnframt er hækkaður sá sparnaður, sem við skyldi miðað, til þess að fólk nyti þessa forgangsréttar, úr 25 þús. kr. í 50 þús. kr. Það er talið, að á fyrsta ári eigi þessi ráðstöfun eða þær breytingar, sem felast í þessu frv., að geta þýtt 30 millj. kr. fé, sem kæmi til húsnæðismálanna, eins og upplýst var hér á þingi í dag í umr. um fsp. í sameinuðu þingi.

Við 1. umr. þessa máls hygg ég, að ekki hafi verið neinn ágreiningur um það, að málið ætti að ná fram að ganga, þótt sumir ræðumenn teldu, að fleira þyrfti til að koma í húsnæðismálunum en þetta eitt. En þetta er að sjálfsögðu aðeins liður í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar ætla sér að gera, til þess að reyna að leysa vanda þess fólks, sem þarf á lánum til íbúðabygginga að halda. Í heilbr.- og félmn. var ekki heldur ágreiningur um, að frv. ætti að ná fram að ganga, og n. mælti einróma með því, að það yrði samþykkt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að mótmæla þessu frv. eða tefja umr. í sambandi við afgreiðslu þess, en mig langar til að drepa á tvö atriði, sem varða framkvæmd málsins. Því miður er hæstv. félmrh. ekki viðstaddur, en ég vildi gjarnan mælast til þess, að hv. frsm. kæmi því þá áleiðis, sem ég kann um frv. að segja.

Ég vil fyrst taka það fram, að þegar skyldusparnaði var á komið hér 1958, var ég fylgismaður þess, að sú stefna yrði upp tekin, og ég hef sem sveitarstjóri kynnzt því nokkuð, að einmitt var þar farsælli stefnu fram komið á skyldusparnaði. Margt ungt fólk hefur komið til mín síðar, þegar það hefur verið að stofna heimili, og lofað guð hátt og í hljóði fyrir það að eiga þó þennan pening, sem þannig hefði sparazt, og látið í ljós áhuga á því, að gjarnan mætti það hafa verið meira, sem hefði verið lagt til hliðar einmitt á unglingsárunum og geymt væri til heimilisstofnunar. Þess vegna er ég einnig fylgismaður þess að hækka prósentuna, sem skyldusparnaðurinn nær til, og ég er sannfærður um, að það munu einnig verða margir, sem eiga eftir að lofa það að hafa safnað sér þannig fé. Og ég vil líka undirstrika það, að þetta hefur ekki einungis það gildi, að þetta unga fólk safnar þarna fé, heldur hefur það uppeldisleg áhrif, því að það kennir unga fólkinu að virða fjármuni meira og nota ekki alla þá fjármuni, sem það aflar, strax, sem sumt af því gerir á miður heppilegan hátt. Hitt vil ég svo segja, að mér virðist, að framkvæmdin á orlofslögunum hafi orðið mjög dýr, og ég er ekki heldur viss um, að það fyrirkomulag að greiða út skyldusparnaðinn með orlofsmerkjum sé alls kostar heppilegt og hef orðið var við, að á þeirri leið hafa komið fram gallar, og m. a. hafa þeir verið fólgnir í því, að sparnaðarmerkin hafa getað gengið kaupum og sölum og þannig hefur viðkomandi glatað þessum fjárhæðum. Ég hefði því mjög viljað beina þeim tilmælum til stjórnvalda landsins, sem um framkvæmd þessara laga eiga að sjá, að þessi aðferð um skyldusparnaðinn væri athuguð og fengnir til þess þeir menn, sem þar kunna bezt skil á, hvort ekki fyndist til önnur leið heppilegri en sparimerkin, sem nú eru afgreidd, og þá ber fyrst og fremst að stefna að þessu tvennu, að gera kostnaðinn við framkvæmdina sem minnstan og tryggja það, að hlutaðeigandi geti ekki glatað þessum fjárhæðum.

Í öðru lagi er það, að við það að taka svo háa prósentu eins og nú á að gera, leiðir það til þess, að unglingar þeir, sem legðu fyrir fjármuni sína heima fyrir í peningastofnun héraðanna, gera það að minna leyti og kannske litlu leyti, eftir að svona hár hlutur tekna þeirra er af þeim tekinn. Þess vegna getur það komið til með að draga fjárhæðir út úr slíkum peningastofnunum hingað til Reykjavíkur, og sjáum við, sem úti á landsbyggðinni búum og alltaf erum í fjárþröng, eins og aðrir, eftir því, að þetta skuli leiða til þeirrar þróunar. Þess vegna hefði ég viljað mælast til þess þrátt fyrir ákvæði l., hvort ekki væri hægt að finna leið til þess, að þessa fjármuni mætti geyma í peningastofnunum héraðanna heima fyrir þann tíma, sem þeir væru ekki í notkun. Auðvitað hlýtur alltaf að safnast upp nokkurt fé þannig, og væri því heppilegt, ef hægt væri að finna leiðir til þess, að héruðin þyrftu ekki af þessum fjármunum að missa.

Þessum tveim atriðum vildi ég mega koma á framfæri við þessa umr. og endurtek það, að ég er stuðningsmaður frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég er hér með brtt., sem ég vil flytja við þetta frv. Það er skv. 1. gr. 1. málsgr. gert ráð fyrir því, að lagður verði í veðdeild Búnaðarbankans hluti af skyldusparnaðinum, eins og verið hefur. En þar sem skyldusparnaðurinn er vísitölutryggður og veðdeild Búnaðarbankans lánar aðeins til jarðakaupa, getur veðdeildin ekki ávaxtað þetta fé, og hefur það sýnt sig, að veðdeildin tapar á þessu fé, þar sem hún endurlánar það með tiltölulega lágum vöxtum, en vísitölutryggir það eigi að síður.

Þar sem stofnlánadeild Búnaðarbankans hefur miklu víðtækari heimildir til þess að lána en veðdeildin, þykir bankastjórn Búnaðarbankans eðlilegra, að þetta fé renni í stofnlánadeildina. Og því er það, að ég leyfi mér að flytja brtt., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr.

a) Í stað orðanna „veðdeild Búnaðarbanka Íslands“ í 1. mgr. kemur: stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

b) 2. málsl. 4. málsgr. orðist svo: Þeir, sem lagt hafa fé í stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar.“

Búnaðarbankinn, veðdeildin, hefur þegar tapað allmiklu fé á því að vísitölutryggja þann vísitölusparnað sem hún hefur tekið á móti. Og með því að láta féð fara inn í stofnlánadeild landbúnaðarins er möguleiki á því að endurlána það með sömu kjörum og lán húsnæðismálastjórnar hafa verið lánuð. Og mætti þá hugsa sér að veita þessi lán til vélakaupa eða til félaga til stöðvarbygginga, eða lán, sem eru til tiltölulega stutts tíma, og jafnvel til bústofnskaupa, þar sem það yrði einnig að vera til tiltölulega stutts tíma, og ef verðbreytingar eru í landinu, þá hækkar verð bústofnsins. En það er því síður mögulegt fyrir veðdeild Búnaðarbankans að ávaxta og geyma þetta fé með sömu kjörum og áður, þar sem skyldusparnaðurinn hækkar úr 6% í 15%, og það fé, sem veðdeildin hefur þegar fengið, hefur valdið deildinni verulegu tjóni. Það er því eindregin ósk stjórnar Búnaðarbankans, að þessi till. verði samþykkt.

Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 536) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi fara fram á það, að umr. um þetta mál verði frestað, þannig að tóm gæfist til að skoða þessa brtt., sem ég hef aldrei séð og aðeins heyrt í fyrsta skipti nú.

Forseti (SB): Það verður orðið við ósk hæstv. félmrh. að fresta umr. um málið.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 393, 536).

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það er um brtt. á þskj. 536, sem hæstv. landbrh. flytur, sem ég vildi segja nokkur orð. A-liður brtt. er um það, að skyldusparnaður sveitaunglinga, sem ávaxtaður hefur verið í veðdeild Búnaðarbankans, verði hér eftir ávaxtaður í stofnlánadeild landbúnaðarins. Veðdeild Búnaðarbankans er eina peningastofnunin í þessu landi, sem hefur því hlutverki að gegna að lána fé til jarðakaupa og greiða á þann hátt fyrir frumbýlingum og öðrum þeim, er vilja eignast ábýlisjörð sína. Þó að veðdeildin hafi oftast verið félítil, hefur hún dálítið getað hjálpað til við eigendaskipti á jörðum. Eitt af því sem mjög stendur landbúnaðinum fyrir þrifum og á sinn þátt í því að fækka bændum, er einmitt, hversu erfitt er að fá lán til jarðakaupa og hversu lítið veðdeildin getur hjálpað í því efni vegna féleysis. Ég tel þess vegna alveg fráleitt að taka af henni þá fjáröflunarmöguleika, sem hinn aukni skyldusparnaður mundi skapa henni.

Fulltrúar Framsfl. í heilbr.- og félmn., við Jón Skaftason styðjum þetta frv. um aukinn skyldusparnað, m. a. með tilliti til þeirrar fjáröflunar, sem þar er ráðgerð til veðdeildar Búnaðarbankans. Við hljótum því að vera á móti brtt.

Um b-lið brtt. vil ég í öðru lagi einnig segja það, að ég er á móti því, að sett sé vísitölutrygging á lán, sem veitt eru af skyldusparnaðarfé til þeirra sjálfra, þegar þeir stofna bú. Nú kann einhver að segja sem svo, að B-lán húsnæðismálastjórnar séu vísitölubundin. En þá er því til að svara, að B-lánin eru ekki hluti af skyldusparnaðinum, heldur er þar um að ræða fé, sem fengið er til byggingarlánanna með öðrum hætti samkv. l. um húsnæðismálastofnun. Ef þeir, sem vilja stofna bú í sveit, fengju til þess lán samkv. því, sem brtt. gerir ráð fyrir, þá byggju þeir við annan og minni rétt að mínu viti heldur en annað hliðstætt fólk, því að þau lán, sem þeir fengju, væru þá að öllu leyti vísitölubundin, þegar húsbyggjendur í bæjum og þorpum þurfa ekki

að sæta slíkum kjörum nema aðeins á litlum hluta af sínum lánum. Mér virðist því, að hér væri stofnað til nokkurs misréttis, og get ekki stutt þessa till. og mun greiða atkv. á móti henni eins og fyrri liðnum.

Hitt er svo allt annað mál, að ég tel, að nauðsyn beri til þess að taka til athugunar, hvort ekki sé hægt að koma við verðtryggingu sparifjár, og hlýtur þá einnig auðvitað að koma til íhugunar um verðtryggingu á útlánum peningastofnana. Slík athugun hlýtur að verða gerð, ef þeir, sem hafa ábyrgð á stjórn landsins, vilja stöðva verðbólguna. Nýlega hefur Jón Skaftason og fleiri framsóknarmenn lagt fram hér á hinu háa Alþingi till. til þál. um athugun á verðtryggingu sparifjár. Ég álít, að það sé nauðsynjamál, og tel, að þá till. eigi að samþykkja.

Ég skal svo ekki, herra forseti, tefja þessar umr. með fleiri orðum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Sunnl. skilur þessa brtt. mína á þskj. 536 þannig, að það eigi að fara að rýra tekjumöguleika veðdeildar Búnaðarbankans, talar um það, að veðdeildin hafi greitt fyrir jarðarkaupum, m. a. vegna þess, að hún hafi fengið fé af skyldusparnaðinum. Það er hreinn misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur það, að þessi till. eigi að hafa það í för með sér að rýra tekjumöguleika veðdeildarinnar. Eins og allir hv. þm. vita, er gert ráð fyrir því í l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, að veðdeildin geti selt þar árlega bréf fyrir 10 millj. kr., en stofnlánadeildin getur því aðeins keypt þessi bréf, að hún hafi fé undir höndum. Það er eindregin ósk stjórnar Búnaðarbankans, að þessi breyting verði gerð. Þetta fé, sem skyldusparnaðurinn leggur til, er verðtryggt. Deildin tekur á móti þessu fé og verðtryggir það. Ef hún hins vegar á að lána það út, án þess að það sé vísitölutryggt á lánunum, liggur í hlutarins eðli, að deildin hlýtur að tapa stórfé á þeim lánum. Og ekki væri það til þess að auka möguleika veðdeildarinnar til þess að lána, ef hún ætti að taka á móti fé til ávöxtunar og verðtryggja það, án þess að geta lánað það út aftur með sömu kjörum. Ég er þeirrar skoðunar, að um leið og Búnaðarbankinn, eins og hver önnur stofnun, tekur á móti fé til ávöxtunar og verðtryggir það í geymslu hjá sér, hljóti deildin að lána þetta fé út aftur með sama hætti.

Hins vegar er það útilokað að lána með vísitölutryggingu fé til jarðarkaupa. Það tel ég alveg útilokað, og þess vegna getur veðdeild Búnaðarbankans ekki tekið þetta fé til geymslu. En þá er spurningin, getur stofnlánadeildin þetta frekar? Ég tel það. Stofnlánadeildin hefur marghátttaðar heimildir til þess að lána. Hún hefur heimild til þess að lána til bústofnskaupa, hún hefur heimild til þess að lána til stöðva, til hinna ýmsu félaga, og hún hefur heimild til þess að lána út á húsbyggingar, bæði peningshús, íbúðarhús og jarðarbætur. Ég tel, að það sé mjög vafasamt, að það sé á nokkurn hátt eðlilegt að lána bændum með því að vísitölutryggja, a. m. k. alls ekki til langs tíma. Það er hugsanlegt, að það mætti lána til vélakaupa ræktunarsamböndum eða öðrum aðilum til stutts tíma með vísitölu og þó helzt ýmsum stöðvum landbúnaðarins, sem eiga að fá lán hjá stofnlánadeildinni samkv. lögum.

Það er til fróðleiks hægt að upplýsa það, að veðdeildin hefur þegar tapað allmiklu fé á þessu skyldusparnaðarfé, sem hún hefur tekið til geymslu, talsverðum upphæðum, og slíkt getur ekki gengið áfram.

Ég er á sama máli og hv. 2. þm. Sunnl. um, að það ber að efla veðdeildina og verður að vinna að því, og hv. 2. þm. Sunnl. veit, að þangað til á s. l. ári er gert ráð fyrir að lána 35 þús. kr. til jarðarkaupa og var ekki alltaf hægt að standa við það, vegna þess að veðdeildin var tóm. Á s. l. ári var þessi heimild hækkuð upp í 100 þús. kr. og hafa nú verið veitt allmörg lán með þeirri upphæð. Það er mín skoðun, að þetta sé einnig of lítið, það þurfi að hækka þetta mark enn meira og veðdeildin þurfi árlega að selja a. m. k. 10 millj. kr. verðbréf til stofnlánadeildarinnar, til þess að hún geti orðið aflögufær. Því er það, að stofnlánadeildin getur keypt verðbréf af veðdeildinni og stuðlað að því, að hún hafi meiri möguleika en hún hefur haft til þessa til útlána, og stofnlánadeildin hefur miklu meiri möguleika til þess að taka á móti skyldusparnaðinum og verðtryggja hann heldur en veðdeildin. Veðdeildin getur það ekki. Satt að segja átti ég ekki von á því, að það yrði metingur um þetta hér í hv. Alþingi, vegna þess að þetta sýnist liggja svo ljóst fyrir, og ég er sannfærður um það, að þegar hv. 2. þm. Sunnl. áttar sig á málinu og gerir sér grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, hlýtur hann að verða á sömu skoðun og stjórn Búnaðarbankans og ég í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 536 samþ. með 18:10 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 585).

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ. með lítils háttar breytingum, eins og það var lagt fram, og að ég ætla samhljóða. Efni málsins er það að hækka skyldusparnaðinn úr 6% upp í 15% fyrir ungt fólk á aldrinum 16—25 ára. Þetta er gert ráð fyrir að þjóni tvenns konar tilgangi. Í fyrsta

lagi þeim að auka ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar, og er gert ráð fyrir, að á ársgrundvelli verði þessi aukning skyldusparnaðarins a. m. k. fyrsta árið eða fyrstu árin allt að 30 millj. kr., og í öðru lagi er þetta gert til þess að freista þess að tryggja ungu fólki, sem ræðst í húsbyggingar, nokkru meira eigið fé en það annars mundi hafa til umráða og geti þannig betur staðið undir þeim lánum, sem það óumflýjanlega þarf að taka. Það er kannske talið nokkuð hart aðgöngu að taka 15% af launatekjum unga fólksins og setja það fast í þessu skyni. En það sama unga fólk nýtur líka við þessar aðgerðir verulegra hlunninda. Þessi skyldusparnaður er undanþeginn bæði tekjuskatti og útsvari. Það er nr. 1. Nr. 2 er það, að hann er gengistryggður. Nr. 3 er svo það, að eigendur þessa skyldusparnaðar eiga að hafa samkv. l. skýlausan forgangsrétt að lánum hjá húsnæðismálastjórn. Nú er það svo í l. um húsnæðismálastjórn, að því er þetta snertir, að þar segir, að þeir, sem leggi fram skyldusparnað og sæki um lán úr húsnæðismálasjóði, eigi að hafa forgangsrétt að öðru jöfnu. En þessi orð „að öðru jöfnu" hafa nú verið numin úr l. eða verða numin úr þeim, ef þetta frv. verður samþykkt, þannig að viðkomandi aðili á skýlausan forgangsrétt á láni, þegar hann þarf á því að halda. Og í fjórða lagi fylgja þessu þau hlunnindi fyrir sparifjáreigendurna, að þeirra lán mega vera 25% hærri en venjuleg lán hjá húsnæðismálastjórn. Ég held þess vegna, að þetta frv. stefni í rétta átt og geti þjónað bæði þeim tilgangi að auka starfsfé húsnæðismálastjórnar og um leið að tryggja það, að þeir, sem skyldusparnaðinn eiga, standi betur að vígi með húsbyggingar sínar, þegar að því kemur, að þeir þurfi í þær að ráðast.

Mér er að vísu ljóst, að þessi starfsfjáraukning húsnæðismálastjórnar er hvergi nærri nóg, og auk annars frv. ekki óskylds, sem nú liggur fyrir hv. Nd., hefur ríkisstj. til athugunar ýmsar leiðir, sem hún er að freista að fara til þess að auka þetta starfsfé enn meir og það svo, að e. t. v. væri þá hægt að hækka hin einstöku lán ekki síður en heildarráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnarinnar.

Frv. er ákaflega einfalt, og efni þess er ekki annað en þetta, sem ég nú hef rakið, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum. En ég vil leyfa mér að leggja á það áherzlu við hæstv. forseta og þá n., sem fær þetta til meðferðar, að það verði reynt að flýta því, svo að hægt verði að afgreiða það sem lög frá þessu þingi.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að að umr. lokinni verði frv. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að taka undir þau orð, sem féllu hjá hæstv. ráðh., að ég álít, að þetta frv. stefni í rétta átt. Ég álít, að það sé mikil þörf á því, að húsnæðismálasjóður og húsnæðismálastjórn fái aukið starfsfé, og það sé þjónað mjög þörfum tilgangi með þeirri fjársöfnun, sem hér er fjallað um. Ég álít enn fremur, að það geti verið hollt fyrir ungt fólk að leggja til hliðar nokkurt sparifé. Það má að vísu segja, að það sé eðlilegra, að það geri það af sjálfsdáðum og án þess að vera lögþvingað til þess, en þessari lögþvingun fylgir þó sá kostur, eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, að um leið og það er skyldað til þessa sparnaðar, er tekin ábyrgð á því sparifé, sem þannig er lagt til hliðar, þannig að það er vísitölutryggt, eins og hann gerði ráð fyrir.

Skyldusparnaðurinn var upphaflega lögtekinn 1957 fyrir frumkvæði vinstri stjórnarinnar. Þá var hann aðeins 6%. En ég minnist þess, að hv. sjálfstæðismenn töluðu þá í æðimiklum lítilsvirðingartón um það spor, sem þá var stigið, og töldu hæpið, svo að ekki sé meira sagt, að þar væri farið í rétta átt. Nú á að hækka þetta úr 6% upp í 15%. Það er ánægjulegt, að sjálfstæðismenn hafa skipt um skoðun í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 585, n. 626).

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 585, hefur heilbr.- og félmn. athugað, og mælir n. með því, að frv. verði samþ. Frv. þetta er um breyt. á l. nr. 42 frá 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Helztu breyt. frá núgildandi lögum, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, eru fólgnar í því í fyrsta lagi, að í stað þess, að nú er gert ráð fyrir, að öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára sé skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit, er skv. frv. gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir 6% komi 15%. Hér er um verulega hækkun að ræða, sem gerð er í því skyni að auka fjáröflun til íbúðarlána. Það er áætlað, að þessi hækkun muni nema fyrsta árið um 30 millj. kr., en fé það, sem þannig er aflað til íbúðalána, mun þó fara minnkandi með hverju ári sem líður vegna þeirra, sem ná 26 ára aldri og taka þá strax út skyldusparnað sinn.

Það er gert ráð fyrir samkv. núgildandi lögum, að fé það, sem á þennan hátt safnast, skuli ávaxta í innlánsdeild byggingarsjóðs fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveit. Skv. frv. því, sem hér liggur fyrir, stendur þetta ákvæði óbreytt að öðru leyti en því, að í staðinn fyrir veðdeild Búnaðarbanka Íslands stendur í frv.: Stofnlánadeild landbúnaðarins við

Búnaðarbanka Íslands. Þetta er sjálfsögð breyt. með tilliti til hlutverkaskiptingar hjá lánasjóðum landbúnaðarins.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að þeir, sem hlíta ákvæðum um skyldusparnað, skuli sitja fyrir um lán til íbúðabygginga að öðru jöfnu, eins og það er orðað í lögunum, frá húsnæðismálastjórn. Þetta ákvæði stendur óbreytt í frv. frá því, sem er í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að felld eru niður orðin „að öðru jöfnu", þ. e. a. s. að samkv. frv. verður fortakslaus réttur þeirra, sem skyldusparnaðar njóta og fylla önnur skilyrði laga, að sitja fyrir lánum húsnæðismálastjórnar.

Í núgildandi lögum er hinn skilorðsbundni forgangsréttur til lána hjá húsnæðismálastjórn bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem um er að ræða, nemi samanlagt a. m. k. 25 þús. kr. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessu sé breytt þannig, að um leið og forgangsrétturinn er aukinn, þá sé þessu lágmarki breytt úr 25 þús. kr. í 50 þús. kr.

Í núgildandi lögum er kveðið svo á, að fé það, sem safnast við skyldusparnaðinn, skuli ávaxta í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, og byggingarsjóður ríkisins veiti lán þessum aðilum. Á sama hátt er gert ráð fyrir því í núgildandi lögum, að þeir, sem búa utan kaupstaða og kauptúna og eiga fé sitt ávaxtað í veðdeild Búnaðarbankans og vilja stofna bú í sveit, skuli njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar frá deildum Búnaðarbankans. Hér er gerð í frv. sú breyt. frá þessum ákvæðum gildandi laga, að í staðinn fyrir, að talað er um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans, að þá er í frv. talað um lán til bústofnunar úr stofnlánadeildinni. En auk þess er bætt ákvæði í frv., sem ekki er í gildandi lögum og er svo hljóðandi: „enda verði þau lán veitt," þ. e. a. s. úr stofnlánadeildinni, „með sams konar visitölutryggingu og hin visitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar." Þetta þykir sjálfsögð breyt. frá gildandi lögum, því að skv. gildandi lögum hefur Búnaðarbankinn orðið að taka að sér skuldbindingar, sem eru vísitölutryggðar, vegna fjáröflunar í þessu skyni, en hann hefur ekki haft lagaheimild til að veita lán af þessu fé með visitölutryggingu. Þetta hefur skapað vissa erfiðleika hjá Búnaðarbankanum og hann borið halla af þessari lánastarfsemi af þeim sökum, og því þykir eðlilegra að breyta þessu á þann veg, að Búnaðarbankanum sé veitt heimild til að veita vísitölutryggð lán á sama veg og byggingarsjóður ríkisins á að gera, eins og ákveðið er í gildandi lögum.

Ég hef hér vikið að þeim atriðum, sem fela í sér breyt. frá gildandi lögum. Ég ítreka það, sem ég hef áður sagt, að heilbr.- og félmn. mælir með því, að frv. verði samþ., en tveir nefndarmanna, þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Vesturl., hafa áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. skýrði frá, mælir öll nefndin með samþykkt frv. Hins vegar áskildum við hv. 1. þm. Vesturl. okkur rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt.

Aðalatriði frv. er, að skyldusparnaður sé hækkaður hjá ungu fólki úr 6% í 15%. Þetta tel ég ágætt. Ég minnist nöldursins, sem var í sjálfstæðismönnum, og mótspyrnunnar frá þeim, þegar 6% skyldan var lögleidd. Nú leggja þeir — og það sömu menn flestir — til, að skyldan sé 2½-földuð. Betur, að sjálfstæðismenn sæju að sér svo rækilega á fleiri sviðum. Hv. frsm. nefndarinnar rakti önnur atriði frv., þ. á m. að skyldusparnaður sveitafólksins, sem hefur gengið til veðdeildar Búnaðarbankans fram að þessu, eigi nú að ganga til stofnlánadeildar Búnaðarbankans. Ég fyrir mitt leyti er ekki viss um, að þetta sé heppilegt. Þetta atriði var víst mikið rætt í hv. Nd., og fóru þar fram atkvgr. í því sambandi. Við hv. 1. þm. Vesturl. gerum engar brtt við þetta. En hitt er það, að við teljum sjálfsagt, að fólkið í sveitunum njóti sama réttar og fólkið í þéttbýlinu að því er forgangsrétt til lána snertir hjá þeim, sem hafa lagt inn eða átt inni skyldusparnað, en eftir frv. virðist það ekki eiga svo að vera. Í 4. mgr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þeir, sem lagt hafa fé í stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar." Af orðunum, eins og þau hljóða hér, verður ekki annað ráðið en öll þau forgangslán, sem sveitafólkið á að eiga rétt á úr stofnlánadeildinni, eigi að vera lán með kvöð vísitölutryggingar. En í húsnæðismálastofnuninni er það þannig, að það eru B-lánin, sem eru vísitölutryggð, það er hluti af forgangsréttarlánunum, sem þannig er veittur og að vísu ekki fastákveðinn, og um þetta mun vera nokkuð breytileg framkvæmd, hvað hinn vísitölutryggði hluti er hár hverju sinni, en hann má þó aldrei vera hærri en 50%. Mér skilst, að eftir orðanna hljóðan í frv. eigi að miða öll lán til sveitafólksins, sem á að leggja sitt fé inn í stofnlánadeildina, við það, að þau séu vísitölutryggð, því að hér segir, að þau skuli „veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar."

Ég skil ekki, að nokkur geti talið réttmætt að gera þannig upp á milli sveitaæskunnar og kaupstaðaæskunnar í þessum efnum. Nóg er nú samt, sem dregur unga fólkið úr sveitum, þótt það séu ekki beinlínis lagðar á það í þessum efnum þyngri kvaðir en þá, sem eru í kaupstöðum. Af þessum ástæðum höfum við 1. þm. Vesturl. ákveðið að leggja hér fram skrifl. brtt., sem ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa, en hún er við 1. gr., að í stað orðanna í 4. mgr.: „enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar" komi:

„enda verði þau lán veitt að sama hluta með vísitölutryggingu og lán húsnæðismálastjórnar til skyldusparnaðarfólks“, — að þau verði veitt að sama hluta með vísitölubindingu, en ekki stærri hluta eða öllu leyti. Ég mun afhenda hæstv. forseta till. og tel ekki ástæðu til að reifa málið með lengri ræðu að sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 653) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur vikið að þeirri breyt., sem gerð var á þessu frv. í hv. Nd. í sambandi við ávöxtun skyldusparnaðarfjár, sem til fellur frá fólki búsettu í sveitum. Ég vil taka það fram, að sú breyt., sem þar var gerð á frv., er skv. ósk stjórnar Búnaðarbankans og af mjög eðlilegum ástæðum, því að sannast sagna hygg ég, að menn hafi lítið gert sér grein fyrir því, þegar þetta ákvæði var sett upphaflega í sambandi við skyldusparnaðinn, hvaða áhrif það hefði að afhenda Búnaðarbankanum þetta fé til ráðstöfunar með þeim hætti, sem þá var gert. Það var ákveðið í þeim lögum, að þetta fé skyldi renna til veðdeildar Búnaðarbankans, og að vísu ákveðið svo, að því skyldi varið til bústofnunar í sveit. Þessum ákvæðum hefur aldrei verið hægt að fullnægja, þ. e. a. s. seinna atriðinu, vegna þess, svo sem öllum hv. þm. er kunnugt, að veðdeild Búnaðarbankans er ekki sérstaklega til þess fallin að lána slík lán, ekki sízt ef það hefur verið hugsað sem bústofnslán, þá er alls ekki gert ráð fyrir, að hún reki slíka starfsemi. En það, sem var þó verst af öllu, var, að þetta fé var afhent veðdeildinni með þeim kjörum, að veðdeildin skyldi bera vísitöluhalla af þessu fé, en hins vegar engin heimild fyrir hendi til þess að endurlána féð með vísitöluáhættu, þannig að þetta var sannarlega hinn mesti bjarnargreiði við veðdeild Búnaðarbankans og hefur valdið því, þar sem hún lánar þetta fé út með 8% vöxtum, að með vísitöluuppbótunum, sem nú eru komnar á, mun láta nærri, að hún muni verða að borga 20% í vexti af þessu fé til þeirra, sem það eiga, þannig að það gefur auga leið, að hér er auðvitað um svo fráleita skipan mála að ræða, að það er ekki hægt fyrir neina bankastofnun að taka á móti slíku fé. Það var því ekki um annað að ræða en að gera á þessu breyt., og þessi breyt. var tvíþætt: Annars vegar, að féð rynni til stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem er miklu eðlilegri aðili, ef hugsunin væri sú að miða þetta fé sérstaklega við lánveitingar til bústofnunar, eins og í lögunum réttilega segir, því að í stofnlánadeildarlögunum er gert ráð fyrir mjög víðtækum heimildum til lánveitinga og þá ekki hvað sízt í sambandi við slíka hluti. Hitt ákvæðið er svo sett inn í frv., að þetta fé verði ekki endurlánað nema með vísitölutryggingu, og það er að sjálfsögðu ekki verið að mismuna einum né neinum með því, vegna þess að allt það fólk, sem fær það fé, sem er andvirði skyldusparnaðar hjá ungu fólki í bæjum, verður að greiða vísitölutryggingu á þeim skuldum sínum, og hefur með þeim hætti tekizt að forða því, að það fari eins um þetta fé hjá húsnæðismálastofnuninni og það hefur gert hjá Búnaðarbankanum. Ég verð því að halda því fram, að það sé síður en svo, að það sé verið að mismuna einum né neinum með þessu, heldur er verið að koma hér á skipan mála, sem við hljótum öll að vera sammála um að er óumflýjanleg, og hitt getur ekki verið neinum til góðs, því að á stuttum tíma mundi það ríða veðdeild bankans að fullu, ef hún ætti að halda áfram ávöxtun slíks fjár.

Varðandi það, að með þessum ákvæðum sé verið að mismuna einhverjum og gera lítinn hlut þeirra, sem eru að stofna bú í sveit, þá er því að svara, að með lögunum, eins og þau voru, var það á engan hátt tryggt, og þetta fé hefur alls ekki verið notað í því skyni sérstaklega að lána því fólki, sem hefur sparað þetta fé, þannig að það hefur þá fyrst og fremst verið mismunun til þess, sem þar hefur átt sér stað.

Varðandi brtt. þeirra hv. þm., sem hér hefur komið fram og lýst var af hv. 1. þm. Norðurl. e., er það að segja, að þessi brtt. er byggð, að ég hygg, að töluverðu leyti á misskilningi á þessu ákvæði, sem hér er um að ræða. Hér segir ekki neitt um það, hvort þessi lán, sem fólk fær að þessu leyti til til bústofnunar, eigi að öllu leyti að vera vísitölubundin eða ekki. Hér er aðeins það eitt sagt, að skyldusparnaðurinn, sem notaður er í þessu skyni, skuli vera vísitölubundinn. Það er það eina, sem felst í þessu lagaákvæði eða þessari breyt., sem samþykkt hefur verið í hv. Nd. inn í frv., þannig að eftir sem áður er það algerlega fyrirkomulagsatriði, hve stór hluti þetta verður af hverju einstöku láni, sem kann að verða veitt í þessu sambandi.

Ég get tekið það fram hér, af því að ég veit, að hv. þm. hafa borið mjög fyrir brjósti, að það yrði fundinn einhver möguleiki til bústofnslána, — það hefur hingað til ekki verið, m. a. af fjárskorti og einnig að vísu vegna hins, að það eru mikil vandkvæði á slíkum lánum, en í mörgum tilfellum er þó hægt að veita þau. Það er mjög tilfinnanlegt oft fyrir marga unga menn, sem eru að hefja búskap, sérstaklega á það sér stað í sambandi við yfirtöku á jörð og bústofni, sem henni fylgir, frá foreldrum eða vandamönnum, að þeir skuli ekki geta leyst til sín þennan bústofn. Þarna er um að ræða mjög brýnan vanda, sem þarf að leysa, og ég tel, að þann vanda þurfi að reyna að leysa. Þetta yrðu hins vegar lán, sem yrðu til stutts tíma, svo sem t. d. á sér stað með vélakaupalán, og ég álít, að það sé ekki hægt að endurlána með vísitöluáhættu lán, nema þau séu til skamms tíma, og þess ber að gæta, að vísitölulánin, sem lánuð eru fólki í bæjum, eru til miklu lengri tíma en ég tel að væri gerlegt að lána þessi lán til fólks í sveitum, þannig að það er síður en svo, að það sé hugsuð nokkur mismunun á þessu í þessu sambandi. Ég mundi hins vegar telja það mjög óheppilegt að vera

að ákveða í lögunum nein ákveðin hlutföll í þessu skyni, vegna þess að það þarf að athugast allt miklu nánar, og ég fullyrði aðeins það, að með þessu ákvæði út af fyrir sig er ekkert verið að segja um það, hvernig þessi einstöku lán skuli vera, þ. e. a. s. hve stór hluti þeirra skuli vera vísitölubundinn og hve stór hluti með öðrum kjörum. Að sjálfsögðu kemur það mjög til álita, að þessi lán yrðu þó með eitthvað lægri vöxtum, og ég er í engum efa um það, að fólk, sem hingað til hefur ekki átt þess nokkurn kost að fá t. d. bústofnslán, það mundi taka því með miklum þökkum að fá slík lán sem þessi, jafnvel þótt þau væru að fullu vísitölubundin. Og mér er ekki kunnugt um annað en það hafi jafnvel verið uppi raddir um það í sambandi við húsnæðislán, að til þess að auðvelda öflun fjár til þeirra, þá gæti vel komið til mála að auka þar vísitölubindinguna, og ég get búizt við, að það geti þurft að gera það með hliðsjón af því, að hér er gert ráð fyrir stórauknu fé við hækkun skyldusparnaðar.

Ég held, að þessi till. byggist að því leyti á misskilningi, að með lagaákvæðinu, eins og það er, þá er ekkert sagt til um það, í hvaða hlutföllum þetta fé skuli vera við annað lánsfé í þessu skyni, heldur það eitt sagt, að þetta vísitölutryggða fé skuli í heild lánast út með vísitölukjörum. Og þar sem ekki er komin endanleg niðurstaða um það, hvernig þessu fé yrði ráðstafað, og bankastjórnin hefur enga ákvörðun um það tekið, hvernig heppilegast væri að gera það, þá teldi ég óheppilegt, að það væri farið að binda þetta frekar en þarna er gert, því að ég álít, að allir hv. þm. eigi að geta treyst því engu að síður, að það verði ekki á neinn hátt notað til að mismuna einum né neinum.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Ég get minnt á það, að undanfarin ár hefur flokksþing Framsfl. og miðstjórn hans ályktað, að bæri að auka skyldusparnaðinn og verðtryggingu, og í samræmi við það geri ég ráð fyrir, að það muni ekki skorta stuðning framsóknarmanna í þessari d. við þetta frv. efnislega. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, að framsóknarmenn í d. muni eins og ég styðja brtt. hv. 1. þm. Norðurl. e.

Ég hygg, að það sé rétt, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að sú till. sé að nokkru leyti byggð á misskilningi. Ég hygg nefnilega, að það hafi vakað fyrir flm. þeirrar brtt., sem samþ. var í Nd., hæstv. landbrh., að endurbæta frv. með þeirri breyt., sem hann fékk þar samþ. En honum tókst bara að gera orðalag hennar svo óskýrt og óskiljanlegt, að jafnvel eins greindir og málsnjallir menn og hv. 1. þm. Norðurl. e. gátu ekki skilið það, sem sennilega var átt við, og þess vegna hefur hv. 1. þm. Norðurl. e. borið fram brtt., sem gerir þetta, sem þarna er um að ræða, fyllilega skiljanlegt, og ég vil mæla með því, að hún verði samþ.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að ég gat ekki á mér setið, þegar hv. frsm. heilbr.- og félmn. stóð hér í stólnum áðan og mælti fyrir þessu frv. Það rifjaðist upp fyrir mér, að í ræðustóli sameinaðs Alþingis stóð þessi sami hv. þm. í fyrra og þurfti þá að skamma stjórn Hermanns Jónassonar fyrir aðgerðir hennar í húsnæðismálum, og þ. á m. sagði þessi hv. þm., að fjáraflanir þeirrar stjórnar hefðu aðallega byggzt á skyldusparnaði, sem hann taldi vera einskis virði sem tekjustofn fyrir húsnæðismálin, vegna þess að á stuttu árabili yrðu útborganir af þessu fé svo miklar, að það kæmi ekki að neinu gagni.

Ég hef nú ekki hirt um að láta sækja þessar umr. til þess að lesa þetta yfir hv. 4. þm. Vestf., en mér þótti hins vegar fróðlegt að rifja þetta upp og minna á þetta, þegar hv. þm. stóð hér og mælti fyrir þessu frv. núna. Það hefði kannske verið eitthvað minni belgingurinn í honum um þetta mál í fyrra, ef hann hefði vitað, að það átti fyrir honum að liggja að halda þessa ræðu, sem hann flutti hér í dag.

Að svo mæltu vil ég mæla með samþykkt brtt. hv. 1. þm. Norðurl. e. og síðan frv. svo breytts.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. (HB) sagði hér áðan, eins og allir hv. þm. heyrðu, að till. hv. 1. þm. Norðurl. e. væri flutt af misskilningi. Af því leiðir, að till. er óþörf, og þess vegna undrar mig það, að þessi hv. þm. skyldi lýsa því yfir, að hann mundi styðja till. Í fyrsta lagi lýsir hann því yfir, að till. sé flutt af misskilningi, og þar á eftir segir hann, að hann vilji fylgja till. Þetta er málflutningur, sem tæplega á við hér í hv. þd.

Hv. þm. sagði, að það mundi hafa vakað fyrir mér að bæta frv. með því að flytja brtt. í Nd. Það er alveg rétt. Ég flutti till. í þeim tilgangi, og ég get ekki að því gert, þótt hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi ekki áttað sig á orðalaginu, eins og það er hér í frv. skv. 1. gr., og til leiðbeiningar hv. þm., sem hafa ekki lesið frv. vel enn og áttað sig á því, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér 4. mgr. 1. gr., þar sem brtt. er felld inn í. Þar segir:

„Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hlut launa sinna en 15%, byrja sparnaðinn fyrr en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölutryggðu lán húsnæðismálastjórnar."

Ég held, að það sé enginn vafi á því, hvað er meint með því, sem hér er sagt. Það er ekki meiningin, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. talaði hér um áðan, það er ekki gert til þess að mismuna einum eða öðrum, sveitafólkinu, sem á að njóta þess, heldur er það gert til þess, að það sé hægt að veita því frekari aðstoð en verið hefur, því að með því að láta þetta fé

ganga inn í veðdeildina, eins og gert var, hefur ekki verið unnt að fullnægja þeim tilgangi, sem ætlazt var til, þegar þetta var ákveðið. Með því að koma því inn í stofnlánadeildina, eins og hér er gert ráð fyrir, er miklu rýmra svið og meiri möguleikar til að greiða fyrir þessu. Og eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. tók fram, er ekki meiningin — og það er alveg óhætt að treysta því — að haga framkvæmdum þannig, að það verði á nokkurn hátt hægt að segja, að um mismunun sé að ræða. Og eins og hér er tekið fram, þá eru margs konar möguleikar fyrir hendi til þess að dreifa þessu vísitölubundna fé. Þannig er heimilt að lána þetta fé til þeirra, sem ekki eiga vísitölubundið fé inni í stofnlánadeildinni, veita þeim lán, sem er vísitölutryggt, til þess að sá, sem á féð inni, ungi maðurinn, og þarf að nota það, þurfi ekki að taka vísitölubundið lán nema að litlum hluta. Þannig hlýtur þetta að verða í framkvæmdinni. Og það er engin ástæða til að ætla, að stjórn Búnaðarbankans hagi því á annan hátt, og það er þess vegna, sem ég tel, að till. hv. 1. þm. Norðurl. e. sé óþörf.

Hv. þm. spurði mig að því, hvort ég vildi ekki koma hér upp og gefa yfirlýsingu eitthvað í þá átt, að framkvæmdinni yrði hagað á þann veg, sem hann ætlast til og vill að gert verði. Ég get tekið undir það, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að framkvæmdinni verður vitanlega hagað á þann veg. Út af fyrir sig finnst mér ekkert óeðlilegt, þótt hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi flutt till. í þessa átt, úr því að hann áttaði sig ekki í fyrstu á því, hvað er meint með þeirri breyt., sem gerð var í hv. Nd. En ég efast ekki um, að jafnskýr maður og þessi hv. þm. er hefur áttað sig fyllilega á því og sannfærzt um það nú, eins og hv. 6. þm. Sunnl., að till. er óþörf.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara orðum um þá brtt., sem hér hefur verið lögð fram. Bæði hv. 6. þm. Norðurl. e. og hæstv. landbrh. hafa skýrt það, svo að ég hygg, að allir megi skilja, jafnvel hv. 6. þm. Sunnl., en ég stend hérna upp í tilefni nokkurra orða, sem hann lét falla í minn garð í sambandi við skyldusparnaðinn.

Hann sagði réttilega, að ég hefði vikið fyrr að þeim málum, og það var ærin ástæða til þess. Ég ætla nú ekki að vera langorður hér og ætla því ekki að fara að rifja upp þá sögu, en ég get ekki komizt hjá því að minna á það, að þegar vinstri stjórnin kom fram með frv. sitt um skyldusparnað, hagaði vinstri stjórnin sínum málflutningi á þann veg, að með því frv. væri fundin ein allsherjarlausn á tekjuöflun til þessara mála. Það voru ekki spöruð stóryrði í því sambandi, og það var engu líkara en forsvarsmenn vinstri stjórnarinnar gerðu ekki ráð fyrir því, að það fólk, sem átti að hlíta skyldusparnaðinum til 26 ára aldurs, yrði nokkurn tíma 26 ára, því að það var talað um þetta mál þannig, að þar væri um örugga fjáröflun til íbúðalánakerfisins að ræða. Þetta var að sjálfsögðu á misskilningi byggt, og þegar núv. ríkisstj. reifar þetta mál, þá er það skýrt tekið fram, eins og raunar ég tók fram í minni fyrri ræðu hér áðan, að það fjármagn, sem verður til ráðstöfunar af skyldusparnaðarfé, fer smám saman minnkandi. En ef við tökum dæmið eins og það lá fyrir, þegar vinstri stjórnin bar fram sitt frv. um skyldusparnað, þá kom dæmið þannig út, að að nokkrum árum liðnum, — ég man ekki, hvort það voru 8, 9 eða 10 ár, kannske ekki nema 8 eða 9, — þá stóð dæmið þannig, að það raunverulega ráðstöfunarfé, sem kom út úr þessum ráðstöfunum, var ein milljón króna á ári, þ. e. a. s. mismunurinn á því fjármagni, sem kom inn á hverju ári, og því fjármagni, sem varð að greiða út vegna þeirra, sem fóru af skyldusparnaðaraldri.

En í þessu sambandi er svo rétt að minna á annað, að hér var allt á sömu bókina lært. Framkvæmd þessa kerfis í tíð vinstri stjórnarinnar, sem þýddi til frambúðar einnar millj. kr. tekjur fyrir íbúðarlánakerfið, kostaði árlega 2½ milljón.

Þetta er það, sem framsóknarmenn geta sérstaklega státað af í sambandi við framkvæmdina í húsnæðismálunum á tímabili vinstri stjórnarinnar. En það eru framsóknarmenn sem hafa gert það að hlutskipti sínu að státa sérstaklega af framferði vinstri stjórnarinnar í þessum málum, sem var þó að vísu unnið undir forustu Hannibals Valdimarssonar, og þeir hafa gengið svo langt í þjónkun sinni við kommúnista og Hannibal Valdimarsson í túlkun sinni á öllum þessum málum, að þeir hafa gleymt því þrásinnis í umr. um þessi mál, þegar þeir hafa verið að halda fram, hvílík afrek hafi verið unnin í tíð vinstri stjórnarinnar, að fyrir tíð vinstri stjórnarinnar var þeirra eigin maður, að vísu í samvinnu við góða menn, sem höfðu áhuga á þessum málum, sem fór með æðstu stjórn húsnæðismálanna, Steingrímur Steinþórsson.

Ég sagði áðan, að þetta var það eina, sem vinstri stjórnin kom fram með í sambandi við fjáröflun til húsnæðismálanna, eina, sem nokkurs virði var. Og ég verð að viðurkenna, að það hefur orðið meira virði en hinir fræðilegu útreikningar gerðu ráð fyrir. Ég skal segja hv. 6. þm. Sunnl., hvers vegna það var. Það var vegna þess, að vinstri stjórnin var dugleg við að magna dýrtíðina í landinu strax á sínum stjórnarárum og það þýddi auknar launatekjur, og þess vegna raskaðist þessi útreikningur. En ég hef alltaf litið þannig á, að skyldusparnaður til öflunar fjár til húsbygginga gæti ekki verið nema einn liður í þeim aðgerðum, sem þyrfti að gera, og það mætti ekki ofmeta þau áhrif og það gagn, sem gæti verið af skyldusparnaði, — og ég segi tímabundna gagn, — það mætti ekki ofmeta það. Og það er einmitt þetta, sem núv. ríkisstj. er að gera. Jafnframt því sem það frv., sem hér er til umr., liggur fyrir þessari hv. d., liggur annað frv. fyrir um ráðstöfun á fé vátryggingarfélaganna í sama skyni, og er yfirlýst af hálfu stjórnar-

innar, að viðtækari athuganir séu nú gerðar til þess að efla íbúðalánastarfsemina.

Ég hygg, að þegar þetta er athugað, þurfi þeir, sem styðja núv. stjórn, ekki að bera kinnroða fyrir samanburð á störfum núv. ríkisstj. og ríkisstj. Hermanns Jónassonar í þessum málum, og ég vildi ráðleggja hv. 6. þm. Sunnl. að vera ekki með neinn vindbelging, eins og hann orðar það, um þessi mál.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef sannfærzt um það við þessar umr., að við flm. skrifl. till. höfum ekki misskilið neitt í þessu máli. Hv. 6. þm. Norðurl. e. lýsti því mjög greinilega, að það, sem gerir það að verkum, að Búnaðarbankinn setur upp aðrar reglur en húsnæðismálastofnunin hefur, er, að hann treystir sér ekki til þess að fylgja reglum húsnæðismálastofnunarinnar gagnvart þéttbýlisfólkinu. Ég fyrir mitt leyti álít, að ríkinu sé skylt að búa þannig að Búnaðarbankanum, að hann geti veitt sveitaæskunni sömu kjör og húsnæðismálastofnunin veitir bæjaræskunni.

Ég verð að segja það um 4. mgr. 1. gr. frv., að hún er ákaflega óljós, hún færir á mjög ófullkominn hátt út þá hugsun, sem kom fram í ræðu hæstv. landbrh., og er mjög ófullkomin. Málið er ómótað, og það er verið þarna að fálma eftir því að rýmka starfssvið í þessum efnum. Ég álít fyrir mitt leyti, að það hefði þurft að móta þetta frv. að þessu leyti miklu betur. En ég er viss um það, að það er enginn tími til þess að gera það nú, og með tilliti til þess, að það er enginn tími til þess, þá get ég lýst því yfir, að ég geng inn á það að taka þessa till. aftur, ekki til þess að hverfa frá þeirri áherzlu, sem kemur fram í till. á því, að sveitafólkið njóti sömu réttinda í þessum efnum og bæjaræskan, heldur til þess að taka tillit til þess, hve málið er nú komið í mikinn ótíma, og hugsa mér að taka það upp, þegar betri tími er til að endurbæta þá afgreiðslu, sem nú verður.

Ég tel, að hæstv. landbrh. hafi gefið yfirlýsingu, sem ég vil treysta í bili að verði unnið samkvæmt, og þess vegna er það, að ég tek f. h. okkar flm. till. aftur.

Ég ætla ekki að fara neitt út í að svara hv. 4. þm. Vestf. um það, hvernig Framsfl. hefur staðið að byggingarmálum. Hann viðurkenndi það nú sjálfur, að þessi till. um skyldusparnað ungmenna, sem Sjálfstfl. reis gegn, þegar hún kom fram, hefði reynzt betur en hann hefði búizt við, og ég hygg, að ef hún hefði aldrei komið fram, hefði núv. hæstv. ríkisstj. ekki látið sér detta í hug þessa leið til fjáröflunar. Og mér finnst, að hv. frsm. heilbr.- og félmn. hefði frekar átt að þakka Framsfl. og vinstri stjórninni heldur en að deila á hana í þessum efnum. En í heildinni leit ég nú satt að segja á ræðu hans eins og vestangarra, sem geisaði í sameinuðu þingi í nótt, en kom ekki við á hans bæ. Vestfirðingar virðast hafa þörf fyrir það að láta blása þessa dagana.

ATKVGR.
Brtt. 653 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 663).

---

34. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn.

Á 74. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn [201. mál] (stjfrv., A. 425).

Á 75. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., á sér nokkuð langan aðdraganda, og vildi ég leyfa mér að víkja nokkuð fyrst að sögu þessa máls.

Það hefur verið um alllangt skeið kunnugt, að leiðju þá, sem safnazt hefur fyrir á botni Mývatns og aðallega er leifar af skeljum örsmárra þörunga, sem lifa í vatninu, hefur mátt að verulegu leyti nýta til framleiðslu á svokölluðum kísilgúr. Upphaf þeirrar vitneskju hygg ég að sé fyrst og fremst að rekja til rannsókna Baldurs Líndals efnaverkfræðings, en á árunum 1950—1953 annaðist hann á vegum raforkumálastjóra rannsóknir á nýtingarmöguleikum jarðhitans í Námaskarði við Mývatn, og á þeim tíma vaknaði áhugi hans fyrir möguleikunum á því að vinna þetta hagnýta efni, kísilgúrinn, úr botnleðju vatnsins. Hann hefur verið frá öndverðu frumherji á sviði rannsóknanna í sambandi við þetta mál, og þó að margir hafi lagt hönd á plóginn, hygg ég að öllum ólöstuðum, að Baldur Líndal eigi mestan þátt í þessu máli fram til þessa, að því er snertir tæknihliðina, og get ég sagt það sjálfur, að frá því að ég hef átt samvinnu við hann á vegum stóriðjunefndar, eftir að hún fékk málið til meðferðar 1961, þá hefur verið mjög ánægjulegt að kynnast þeim mikla og lifandi áhuga, sem hann hefur haft fyrir þessu máli, og hefur komið málinu að miklu liði og reyndar bjargað því, þegar aðra þraut trúna á það, sem ég skal síðar að víkja.

Það var svo nokkru seinna, á árunum 1955—1957, að Tómas Tryggvason jarðfræðingur ann-

aðist nánari athuganir á magninu af því hráefni, sem þarna væri fyrir hendi til vinnslu á kísilgúr, og upp úr því mun Baldur Líndal hafa hafið tilraunir á eigin spýtur með vinnslu kísilgúrs úr botnleðju vatnsins. Um sama leyti höfðu Íslendingar samband við tækniaðstoð Vestur-Þýzkalands og voru studdir til þess af þýzka sendiráðinu hér, og sérfræðingar á þessu sviði frá Þýzkalandi voru hér til athugana og gáfu skýrslu um rannsóknir sínar, sem þeir framkvæmdu á árunum 1956—1959. Upp úr því var samin álitsgerð á vegum rannsóknaráðs og raforkumálastjóra, en fram til þessa höfðu rannsóknirnar aðallega farið fram á vegum þessara aðila, — var samin álitsgerð um málið, og hún lá fyrir í marzmánuði 1961, en þessi álitsgerð bar það með sér, að ætla mátti, að hér gæti verið um að ræða möguleika til að hefja arðbæran atvinnurekstur, sem fólst fyrst og fremst í því að framleiða kísilgúr til útflutnings. Það var um þetta leyti, sem stóriðjunefnd fékk þetta mál til meðferðar, en þar sem ýmsar athuganir og fyrirspurnir höfðu farið fram héðan að heiman um málið út í önnur lönd Evrópu, höfðu nokkrir aðilar þar fengið áhuga fyrir málinu, og það kom fyrst í ljós í ágústmánuði eða með bréfi 31. ágúst 1961, að fyrirtæki í Hollandi, AIME, hafði ákveðinn áhuga fyrir því að eiga einhvern hlut að máli og vera þátttakandi í rannsóknunum á möguleika þess að vinna kísilgúr úr Mývatni. Síðan hefur verið náin samvinna milli íslenzkra aðila og þessa hollenzka fyrirtækis um rannsóknir og undirbúning þess, að hægt væri að reisa kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Það er nokkuð nýtt af nálinni, að við Íslendingar ætlum okkur beina samvinnu við erlenda aðila í sambandi við atvinnurekstur hérlendis. En í sambandi við þetta mál, vinnsluna á kísilgúr úr Mývatni, hafa þeir, sem að þessum málum hafa unnið, bæði sérfræðingar og aðrir, frá öndverðu talið, að málið væri nokkuð sérstaks eðlis og væri öðru fremur öruggara að hafa samvinnu við erlenda aðila, bæði af tæknilegum ástæðum og einnig vegna sölumöguleikanna á erlendum markaði, þar sem öll framleiðsla, ef til kæmi, væri ætluð til útflutnings. Um þessar sérstöku ástæður til erlendrar hlutdeildar í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að vísa til grg., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn yrði ekki mjög stórt iðjufyrirtæki, t. d. samanborið við sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna. Fjárhagslega og tæknilega væri ekki útilokað fyrir Íslendinga eina að reisa verksmiðjuna, enda kæmi erlent lánsfé til. Vandamálið liggur hins vegar í því, að allur kísilgúrinn yrði að seljast úr landi í harðri keppni við gróna keppinauta um markaðinn, andstætt því, sem gegnir að mestu um sement og köfnunarefnisáburð. Þar við bætist hið sérstaka eðli markaðsins fyrir kísilgúr. Notkun hans er afar margbreytileg, en sjaldnast notað nema mjög lítið magn hjá hverjum kaupanda, auk þess sem kröfur um gæði og afhendingu eru mjög mismunandi. Af þessum ástæðum er sala á kísilgúr mjög mikið starf, sem krefst góðrar skipulagningar og ekki síður traustra viðskiptasambanda, þar eð kísilgúrmarkaðurinn í Evrópu er í höndum tiltölulegra fárra, en sterkra aðila. Aðstæður þær, sem lýst hefur verið hér að framan, benda eindregið til, að alíslenzk kísilgúrverksmiðja, sem sjálf mundi annast sölu gúrsins, mundi mæta miklum söluerfiðleikum.“

Hér eru í fáum orðum dregnar saman aðalástæðurnar fyrir því, að talið hefur verið eðlilegt að miða við þátttöku erlendra aðila í því fyrirtæki, sem frv. þetta tekur til.

Fyrsta samkomulag, sem gert var við hina erlendu aðila um þetta mál, er frá því í nóv. 1961, en þá var gert samkomulag við þetta hollenzka félag, sem ég nefndi áðan, AIME, og annað námufélag, sem það hafði samband við, Billiton, um það, að þau létu gera á sinn kostnað umfangsmiklar rannsóknir á stóru sýnishorni af botnleðju úr Mývatni, sem sent var til Hollands í því skyni í árslok 1961. Þetta samkomulag var uppsegjanlegt af beggja aðila hálfu með litlum fyrirvara. Síðan mun það hafa verið síðari hluta árs eða í októbermánuði 1962, að þá komu upp nokkrar efasemdir hjá þessum erlendu aðilum um það, að vinnsla kísilgúrs væri eins hentug eða hagkvæm og gert hafði verið ráð fyrir, og þá voru látnar í ljós skoðanir þeirra um það, að e. t. v. mundi kísilgúrinn lúta í lægra haldi fyrir öðrum efnum, sem unnin væru úr biksteini, og skoðanir hinna erlendu aðila voru það fast mótaðar á þessu stigi málsins, að þeir sögðu upp samkomulaginu, sem við höfðum gert við þá í nóv. 1961. Þá voru stöðvaðar þær tæknirannsóknir, sem opinber hollenzk rannsóknarstöð, TNO, hafði haft með höndum fyrir hönd þessara erlendu aðila og þá okkur á sama tíma. Þá var það, sem Baldur Líndal hélt áfram rannsóknum á vinnslu kísilgúrsins um tíma upp á eigin spýtur og eins og ég vék að sýndi þá öðrum meiri trú á þessu máli og tókst með seiglu og áhuga að sannfæra hina erlendu aðila um, að kísilgúrinn úr Mývatni væri svo góð vara, að það þyrfti ekki að óttast samkeppnina við biksteininn, og færði rök að því og sýndi fram á það með árangri rannsókna sinna, að hér væri hægt að vinna kísilgúr af beztu gerð, sem fyllilega jafnaðist á við þann bezta kísilgúr, sem nú er framleiddur í heiminum og kemur aðallega frá Bandaríkjunum.

Í framhaldi af þessu lifnaði svo áhugi hinna erlendu aðila að nýju, og gert var nýtt samkomulag í aprílmánuði 1963 við félagið AIME. Samkvæmt því átti íslenzka ríkið að standa straum af kostnaði við, að rannsóknarstofnunin í Hollandi, TNO, lyki tæknirannsóknum sínum, og jafnframt skyldi AIME gera fullkomna markaðsrannsókn á sinn kostnað. Og tæknirannsóknirnar skyldu einkum taka til rannsóknar á tæknilegum möguleikum til framleiðslu síunargúrs, sem er dýrasta tegund gúrsins, úr botnleðju Mývatns, svo og áætlunar á stofnkostnaði kísilgúrverksmiðju við Mývatn

og framleiðslukostnaði. Markaðsrannsóknunum var svo ætlað að beinast ekki hvað sízt að samkeppnishæfni biksteinsins við kísilgúrinn, og þessum tvíþættu rannsóknum lauk í des. s. l., 1963, og þá með jákvæðum árangri.

Það komu svo hingað eftir áramótin, í febrúarmánuði, fulltrúar frá hinu hollenzka fyrirtæki, og var þá undirritað samkomulag milli fulltrúa úr stóriðjunefnd og þeirra, sem prentað er sem fskj. með þessu frv., fskj. VII, en þar er lagður grundvöllurinn að áframhaldi þessa máls, og ríkisstj. fyrir sitt leyti hefur fallizt á þetta samkomulag, en það var gert af hálfu hinna íslenzku fulltrúa með þeim fyrirvara, að Alþingi staðfesti það og veitti ríkisstj. þær nauðsynlegu heimildir, sem hún teldi þurfa, til þess að málið gæti orðið að veruleika. En á þessu stigi málsins var gert ráð fyrir því að mynda fyrst og fremst tvö félög: Annars vegar framleiðslufélag, kísilgúrfélag við Mývatn og væru Íslendingar aðaleigendur þess félags, en Hollendingarnir hlutahafar í því. Á hinn bóginn yrði svo stofnað sölufélag í Hollandi, sem kisilgúrfélagið fengi aðstöðu til þess að vera hluthafi í, og Íslendingar hefðu fulltrúa í því félagi og þannig væru á gagnkvæman hátt tvinnaðir saman hagsmunir Islendinga og þeirra erlendu aðila, sem kynnu að vera þátttakendur í þessari atvinnustarfsemi.

Eins og ég hef vikið að, er vinnsla kísilgúrs alveg nýtt fyrirbrigði fyrir okkur hér á landi, en við höfum nefnt hinar ólífrænu leifar kísilþörunganna kísilgúr. Ég veit, að sumum kemur nafnið nokkuð spánskt fyrir, sem er ekki óeðlilegt. Stóriðjunefnd leitaði á sínum tíma till. um annað heiti, en fékk engar till., sem betur þóttu henta en kísilgúrinn. Það var stungið upp á kísildufti og kísilgeri og einhverju fleira, en kísilgúrinn er sama orð og Þjóðverjar kalla þessa framleiðslu. Við gerum ráð fyrir því, að hún verði fyrst og fremst seld á Evrópumarkað og þess vegna hafi nafnið að því leyti nokkuð til síns gildis að falla vel í eyru útlendinga, sem þekkja þetta áður frá Þjóðverjum, sem hafa verið ein af þeim ekki mörgu þjóðum í Evrópu, sem stundað hafa framleiðslu kísilgúrs.

Það er gerð nánari grein fyrir kísilgúrframleiðslunni og eðli hennar í fskj. nr. I með þessu frv., samin af Baldri Líndal efnaverkfræðingi, og ég sé ekki ástæðu til að víkja nokkuð verulega að því. En hv. þm. og sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, hefur aðstöðu til þess að kynna sér þær upplýsingar, sem þar eru fram settar. En í aðalatriðum eru þessar leifar kísilþörunga mismunandi lagaðar kísilskeljar, því að venjulega er um að ræða margar tegundir af þörungum, og hver tegund um sig hefur sína eigin sérkennilegu lögun. Skeljarnar eru örsmáar, og lögun þeirra sést einungis í smásjá, því að stærðin er yfirleitt milli eins þúsundasta og 200 þúsundustu úr millimetra, eins og fram kemur í grg. Baldurs Líndals. En þessar leifar falla til botns í sjó og vötnum og mynda þar set, sem oft og tíðum finnast síðar á þurru landi sökum breytinga, sem þá hafa átt sér stað á afstöðu láðs og lagar.

Það er gerð nokkur grein fyrir því í þessum kafla í fskj. I með frv., hversu stór sú náma er, sem við eigum hér kost á, og þá miðað við heimsframleiðsluna og markaðsmöguleika. Í því sambandi vil ég aðeins vekja athygli á því, að það er talið, að heimsframleiðslan nemi nú um 1 millj. tonna á ári, og er helmingurinn af því talinn vera framleiddur í Bandaríkjunum. Síðan skiptist framleiðslan á nokkur Evrópulönd, eins og fram kemur, Frakkland, Þýzkaland, Danmörku, Ítalíu og Bretland. Um botnleðjuna í Mývatni er það vitað í stórum dráttum, að hún mun vera yfirleitt um 3—4 metrar að þykkt og Mývatn sjálft um 38 km² að stærð, og er þá heildarmagnið nálægt 100 millj. rúmmetra. Og þessir 100 millj. rúmmetrar eru taldir svara til 10—15 millj. tonna af fullunnum kísilgúr. En þegar miðað er við það, sem Baldur Líndal gerir í þessari grg. sinni, að aðeins 15% af þessu magni væri gott til námugraftar, sem hann telur án efa of lágt, þá væri það nægilegt magn fyrir 50 þús. tonna verksmiðju í 30—45 ár. Það er því ekki talinn neinn efi á því, að nægilegt magn af kísilgúr sé fyrir hendi, enda mun Mývatnsnáman sem heild vera á meðal þeirra stærri, sem þekktar eru. En eins og ég vík að síðar, er gert ráð fyrir, að í öndverðu verði þessi verksmiðja, sem hér er lagt til að reist verði, af þeirri stærð, að hún geti framleitt um 11500 tonn á ári af fullunnum kísilgúr, en hér var talað um, að 50 þús. tonna verksmiðja ætti að hafa nægjanlegt verkefni næstu 30—45 árin.

Um tæknirannsóknir, sem fram hafa farið af hollenzku rannsóknarstofnuninni, TNO, vil ég aðeins árétta þessar niðurstöður, sem fram koma í fskj. nr. II, að helztu niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

1. Tilraunirnar sýna, að unnt er að framleiða síunargúr úr botnleðju Mývatns, sem er fyllilega sambærilegur við þann bandaríska hvað gæði snertir.

2. Með því að nýta 100 þús. tonn af botnleðju á ári, 80% af því er vatn, má framleiða 11500 tonn af síunargúr af ýmsum tegundum.

3. Álitið er, að unnt sé að selja minnst 12000 tonn af íslenzkum síunargúr í Evrópu á ári, án þess að það valdi verðlækkun á markaðinum.

Þá eru í fskj. III upplýsingar um stofnkostnað, framleiðslukostnað og arðgjöf, og vil ég í aðalatriðum vitna til þess fskj., en af því kemur fram, að hér virðist vera um hagkvæman atvinnurekstur að ræða. Það er að vísu ekki alveg víst, hvað verðið á kísilgúrnum muni vera, en eins og fram kemur í þessu fskj., er miðað við annars vegar 4 þús. kr. á tonnið og hins vegar 5 þús. Fáist ekki nema 4 þús. kr. á tonn, er talið, að verksmiðjan muni hafa, þegar búið er að borga beinan rekstrarkostnað, afgang upp í vexti, afskriftir og ágóða ca. 11% af stofnkostnaði, en um 20% af stofnkostnaði, ef söluandvirðið verður 5 þús. kr. á tonn. Með

söluandvirði 5 þús. kr. á tonn er áætlað, að arðgjöf eigin fjár geti orðið 16% og arðgjöf á heildarfjármagninu 17%, en verði söluandvirðið ekki nema 4 þús. kr. á tonn, er áætluð arðgjöf eigin fjár 1% og heildarfjármagnsins 7%.

Þá eru ýmis almenn atriði, sem ég vildi víkja að í sambandi við þetta mál, og þá fyrst og fremst það þýðingarmikla atriði, hver sé eignarrétturinn að vatnsbotninum í Mývatni, en um það liggur fyrir fskj. nr. IV, sem felur í sér álitsgerð Ólafs Jóhannessonar prófessors um *þetta atriði, hvernig háttað sé eignarrétti* að kísilgúr á botni Mývatns. Þar eru rakin bæði lagafyrirmæli og skoðanir fræðimanna í lögfræði, sem fram hafa komið um þetta atriði, og niðurstöður prófessorsins eru þær, sem ég skal nú vitna til, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skírskotun til alls þess, er að framan greinir," þar á hann við sína álitsgerð, „verður svar mitt við þeirri spurningu, sem hér er til athugunar, þetta: Kísilgúr í netlögum tilheyrir þeirri jörð, er netlög fylgja. Vatnsbotn í stöðuvötnum utan netlaga er almenningur landsmanna allra — er ríkiseign. Kísilgúr á vatnsbotni utan netlaga er því eign þjóðarheildarinnar, sem löggjafinn getur ráðstafað að vild sinni. Getur löggjafinn því einnig að sjálfsögðu veitt landeigendum eða öðrum rétt til kísilgúrsins. Valdi kísilgúrtaka í almenningi netlagaeigendum eða veiðiréttarhöfum í vatninu tjóni, eiga þeir auðvitað rétt á fullum bótum."

Hér lýkur þessari tilvitnun, en þar eru ótvíræðar niðurstöður um það, að botninn og botnleðjan í Mývatni sé almenningseign eða ríkisins eign, og hygg ég heldur ekki og hef aldrei orðið var við það, að neinn drægi það í efa. Hins vegar styðst það við fornar venjur og forn lagaákvæði, að botninn á svæði netlaganna, sem miðuð eru við 115 m, tilheyri hverju sinni þeirri jörð, sem land á að vatninu, og fylgi þannig viðkomandi jörð.

Annað almennt atriði í sambandi við þetta mál, sem ástæða er til þess að víkja að, er, að *hér háttar svo til, að rétt við Mývatn er* Námaskarð með gífurlega miklum jarðhita, sem er í eigu ríkisins, en það er einmitt mjög þýðingarmikill orkugjafi til þess að þurrka upp botnleðjuna í Mývatni, sem er einn þáttur kísilgúrvinnslunnar. Það er því gert ráð fyrir því hér, að ríkið muni vinna jarðhitann eða standa fyrir framkvæmd á nýrri hitaveitu úr Námaskarði og sú hitaveita muni selja verksmiðjunni hita þann, sem hún þarf á að halda við kísilgúrvinnsluna, og jafnframt þá selja öðrum aðilum hita í sambandi við þær byggingar, verksmiðjubyggingar, íbúðabyggingar og annað þess háttar, sem er líklegt að fylgi þessari framkvæmd, ef til hennar verður stofnað. Þetta er mikilvægt atriði og gæti orðið nokkurs virði fyrir sveitina þarna í heild, og gefst þá tækifæri um leið til þess að kanna frekar en áður hefur orðið það orkumagn, sem er í Námaskarði.

Það er gert ráð fyrir því, að við þessa verksmiðju af þeirri stærð, sem ég hef nefnt, 11500 tonn, muni að jafnaði vinna um 50—60 manns, og það er nokkuð fjölmennur hópur miðað við sveitina í kring, en hitt má líka ætla, að það muni sjálfsagt ekki á ýkjalöngum tíma vaxa upp bær eða sveitaþorp í kringum slíka framleiðslu, sérstaklega ef hún gefst vel og verður aukin frá því, sem í öndverðu er áætlað, sem ástæða er til að verða muni. Þá yrði þessi bær eða nýja íslenzka sveitaþorp staðsett á einum fegursta stað á landinu, í Mývatnssveit, sem er orðlögð fyrir fegurð og tign náttúrunnar, og veltur *þá á miklu*, að slíkt þéttbýli verði frá öndverðu vel og fagurlega skipulagt, og kemur það að sjálfsögðu til álita í sambandi við framkvæmd þessa máls.

Ég átti hlut að því, að í janúarmánuði s. l. fór einn af fulltrúum stóriðjunefndar, Magnús Jónsson alþm., norður í Mývatnssveit til viðræðna við Mývetninga um þetta mál, og þótti tilhlýðilegt á því stigi málsins að kynna þeim, hvernig málið stæði og hvað líklegt væri um framgang málsins og horfur. Hann átti viðræður við sveitarstjórnina í Mývatnssveit og landeigendur, sem nánastan hlut eiga að máli miðað við staðsetningu sjálfrar verksmiðjunnar, en það eru eigendur Voga og Reykjahlíðar. Viðhorf allra þessara aðila, bæði sveitarstjórnanna og þessara landeigenda, voru mjög jákvæð, og ég tel það mjög mikils virði að hafa fengið svo góðar undirtektir frá þeim, sem hér standa nánast að, og að sjálfsögðu er það alltaf viðkvæmnismál fyrir sveitir eins og þessar, hvernig til tekst, þegar á að hefja allverulegar nýjar framkvæmdir, sem leiða af sér margvísleg þáttaskil í lífi og þéttbýli eða sambýli fólksins á viðkomandi stöðum.

Eitt er það enn, sem leiða mundi af þessari framkvæmd, að vegakerfið mundi taka nokkrum stakkaskiptum, og er gert ráð fyrir, að nýr vegur verði lagður niður Hólasand og stytztu leið til Húsavíkur, en það mundi stytta leiðina til Húsavíkur um 25—30 km og vera þýðingarmikið atriði í sambandi við flutningskostnað á framleiðslu þessarar verksmiðju frá Mývatni og til afskipunarhafnar, sem þá yrði Húsavík. Um þetta atriði hefur farið fram athugun á vegum vegamálastjóra, og fylgir um það grg. með frv. í fskj. nr. VI. Þar kemur m. a. fram, hversu mikil hagkvæmni verður að því að fá þessa töluverðu vegastyttingu til Húsavíkur, sem hér um ræðir, og mundi hún vinnast upp á skömmum tíma. En að öðru leyti tel ég einnig mikils virði almennt, að þessi nýja tenging vegakerfisins geti átt sér stað af öðrum ástæðum en þessum einum.

Ég skal svo þessu næst víkja að sjálfu efni frv., en hef viljað láta þessi orð fylgja almennt um sögu málsins og önnur veigamikil atriði, sem snerta þá framkvæmd, sem frv. sjálft tekur til. En efni frv. er í aðalatriðum að veita ríkisstj. heimildir til þess að hefjast handa og beita sér síðan fyrir því, að reist verði kísilgúrverksmiðja við Mývatn. Þetta kemur fram fyrst og fremst í 1. gr. frv., í þeim 5 töluliðum, sem þar eru, þar sem ríkisstj. yrði heimilað

í fyrsta lagi að leggja fram allt að 50 millj. kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og henni einnig heimilað að taka lán í þessu skyni og til greiðslu undirbúningskostnaðar, í öðru lagi að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunni í Mývatni utan netlaga eða leigja hlutafélaginu afnot hennar, í þriðja lagi að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðnæði við Mývatn og Námaskarð, eftir því sem þarfir hennar krefjast og ríkið á eða kann að eignast, í fjórða lagi að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu, er ríkisstj. lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til rekstrar síns, og í fimmta lagi heimild til að semja um lækkun aðflutningsgjalda af vörum til byggingar verksmiðjunnar.

Þetta eru meginheimildirnar, sem ríkisstj. telur sig þurfa að fá til þess að halda þessu máli áfram. En sé vilji fyrir því hér í hv. Alþingi, þá er gert ráð fyrir því í 2. gr., að stofnað verði fyrst í stað, áður en framleiðslufélagið er stofnað, sérstakt hlutafélag til bráðabirgða, sem annist skipulagningu kísilgúrverksmiðjunnar og annan undirbúning að byggingu og rekstri hennar, enda sé stefnt að því, að framleiðslufélagið taki við af slíku undirbúningsfélagi. Þetta bráðabirgðaundirbúningsfélag samkv. 2. gr. er aðeins til komið af hagkvæmniástæðum. Málið þykir vera nú á því stigi, að sé vilji fyrir samþykkt þessa frv. í Alþingi, sé eðlilegt, að við málinu taki nú þeir aðilar, sem síðar verða aðaleigendur bæði framleiðslufyrirtækisins og sölufélagsins, sem stofnað yrði í Hollandi, en undirbúningsfélagið hefði fyrst og fremst það verk að vinna að halda áfram markaðsathugunum og annast tækniundirbúning frekar en orðið er með það fyrir augum, að hægt verði að hefjast handa um byggingarframkvæmdir á árinu 1965 eða vorið 1965, og þá væri gerð gangskör að því að stofna verksmiðju- eða framleiðslufélagið, og þá er gert ráð fyrir því samkv. ákvæðum frv., að hlutafjáreignin í bráðabirgðafélaginu renni að nafnverði inn í framleiðslufélagið. En framleiðslufélagið sjálft er svo gert ráð fyrir að hafi heimild til, að því marki, sem nánar er tilgreint í samkomulaginu við AIME á fskj. VII, að eignast hluta í sölufélaginu, framleiðslufélagið sjálft eignist hluta í því.

Og 6. gr. tekur til þess, að framleiðslufélaginu eða hlutafélagi samkv. 1. gr. skuli heimilt að festa kaup á hlutabréfum í erlendu hlutafélagi, sem stofnað kann að verða til að annast sölu og dreifingu á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar erlendis. Það eru nokkur skilyrði, sem sett eru fram í þessu frv. í sambandi við hlutafjársöfnunina, en hlutafélagsformið þótti eðlilegast. Þessi skilyrði koma fram í 3. gr., að hlutafélagið greiði ríkissjóði annaðhvort í peningum eða hlutabréfum allan kostnað, sem hann hefur haft af undirbúningsrannsóknum og áætlunum vegna kísilgúrverksmiðjunnar, og í öðru lagi. að hlutabréfin séu skráð á nafn, og er það skilyrði sett fram til þess, að auðveldara sé að fylgjast með hlutabréfaeigninni á hverjum tíma. Loks er svo í 5. gr., 1. mgr., sett það skilyrði, að af hlutafé félaga, sem stofnuð verða samkv. 1. og 2. gr., skal ekki minna en 51% vera í eigu íslenzka ríkisins. Hér er gert ráð fyrir því, að íslenzka ríkið eigi meiri hlutann í framleiðslufélaginu fyrst og fremst, einnig undirbúningsfélaginu. Sjálfsagt getur það orkað nokkurs tvímælis, hvað kveða á um slíkt í sambandi við mál eins og þetta. Á hitt er þó að líta, að af opinberri hálfu hefur verið höfð öll forganga um þetta mál fram til þessa, hráefnið, sem á að vinna úr, botnleðjan í Mývatni, er ríkisins eign, og loks er svo hér um að ræða að selja eða framleiða vöru, sem við þekkjum lítið til enn og öll á að fara til útflutnings og í samvinnu við erlenda aðila, og að öllu þessu athuguðu þótti ríkisstj. ekki óeðlilegt, að þessi háttur yrði hafður á í sambandi við hlutafjáreignina. En þá er gert ráð fyrir því hins vegar, eins og fram kemur í samkomulaginu við AIME á fskj. VII, að heildarhlutafé í kísilgúrfélaginu við Mývatn skuli minnst vera 30 millj. ísl. kr. og þar af skuli hlutafjárframlag íslenzku ríkisstj. nema minnst 51%, en AIME skal leggja fram eigi minna en 10% og eigi meira en 20% hlutafjárins. Þau 29—39%, sem þá eru eftir, skal íslenzka ríkið annaðhvort sjálft leggja fram eða selja tilsvarandi hlutabréf bæjar- og sveitarfélögum eða öðrum aðilum á Íslandi. Það gætu því orðið um 40% af hlutafénu, sem einstaklingar, sveitarfélög eða bæjarfélög ættu kost á að kaupa, og er ekki ólíklegt, að bæði einstaklingar hafi nokkurn hug á því, einkum þeir, sem þarna eiga að standa næst, Norðlendingar, vildu eiga hlutafé þarna sem einstaklingar, einnig sveitarfélagið sem slíkt, bæði sveitarfélagið og landeigendur og jafnvel aðrir, Húsavík eða Húsvíkingar og aðrir aðilar, og það mál verður að sjálfsögðu allt kannað nánar, þegar þar að kemur, en væri hins vegar mjög eðlilegt, að nokkuð víðtæk sameign gæti myndazt um þetta félag, bæði milli ríkisins, sveitarfélaga, bæjarfélaga og einstaklinga, sem ætti að gefa félagsskapnum aukið traust og geta orðið bæði til styrktar og hagræðis.

Þá hefur þótt rétt að taka inn í frv. nokkur sérákvæði í sambandi við hlutafélagsformið, og felast þau í 4. gr. frv., þar sem fjöldi stofnenda hlutafélaga samkv. 1. og 2. gr. skal vera óháður ákvæði 1. málsl. 2. málsgr. 4. gr. l. nr. 77 frá 1921, um hlutafélög, og sama máli gegnir um hluthafa þess að því er snertir 38. gr. hlutafélagalaganna, þ. e. a. s. um tölu hluthafanna, sem þarf til þess að stofna félag, gerð undanþága frá ákvæðum í hlutafélagalögunum, að það megi ekki vera færri en 5 við stofnun félags, og einnig undanþága frá því ákvæði, að slíta beri hlutafélagi, verði hluthafarnir færri en 5. Svo er einnig í þessari grein ríkinu og hinum erlenda aðila veittur réttur til að vera fullgildir aðilar að stofnun hlutafélaganna, og er því þar um að ræða undanþágu frá hlutafélagalögunum, sem gera aðeins ráð fyrir því, að einstaklingar geti verið meðal stofnenda.

Íslenzka ríkið og erlendi aðilinn munu tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaganna, og sem umboðsmenn hluthafa þurfa þeir ekki að fullnægja því skilyrði í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. hlutafélagalaganna, að engan megi kjósa í stjórn hlutafélags, nema hann eigi hlut í félaginu. Þessar undanþágur eða sérákvæði, sem öll fela í sér undanþágur frá hinum almennu hlutafélagalögum, hefur þótt nauðsynlegt að setja inn í þessa löggjöf eða inn í þetta frv.

Svo er í 7. gr. loks almenn eignarnámsheimild, sem er í sjálfu sér mjög eðlileg, ef framkvæmdir samkv. 1. gr. krefjist kaupa á jarðnæði og annarri aðstöðu í eigu annarra en ríkisins, án þess að samningar náist um kaup þessara réttinda, þá skuli ríkisstj. heimilt að taka þau eignarnámi gegn bótum eftir mati óvilhallra manna og um þetta eignarnám mundi þá fara eftir hinum almennu lögum um eignarnám frá 1917, um framkvæmd þess.

Loks er sérákvæði í 8. gr. varðandi tvísköttun í sambandi við aðild að þessu máli. Við Íslendingar höfum tvísköttunarsamninga við Danmörku og Svía og kannske fleiri nú þegar, en hins vegar ekki tvísköttunarsamning við Holland. En meðan það er ekki, mundi verða mjög örðugt um vik um samvinnu við erlenda aðila, sem yrðu þá að borga skatta af arði í hlutafélaginu bæði hér á landi og í sínu heimalandi. Meðan ekki er gerður tvísköttunarsamningur, felast þess vegna í þessari gr. ákvæði um það, að þá skuli gilda um skatta og útsvarsgreiðslur af arði af hlutabréfum útlendinganna ákvæði 10. gr. í till. Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, OECD, að millirikjasamningi um tvísköttun, en þær till. um tvísköttun fylgja frv. í fskj. nr. V. Það er 10. gr. í till. Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París frá 30. júlí 1963 um skattlagningu arðs af hlutabréfum. Og frv. gerir ráð fyrir því, að farið verði að þessum reglum í sambandi við skattlagninguna, meðan tvísköttunarsamningur hefur ekki verið gerður. Hins vegar er nú verið að hefja undirbúning að tvísköttunarsamningi við Holland og einnig fleiri lönd, sem við höfum rekið okkur á á undanförnum árum, að hefur verið annmörkum bundið, að engir tvísköttunarsamningar hafa verið við, eins og t. d. Noreg.

Ég held, að með því, sem ég nú hef sagt, hafi ég rakið efni frv., öll þau atriði, sem máli skipta. Ég vil mega vænta þess, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi og að framkvæmd þess geti orðið til hagsbóta, bæði þjóðinni í heild og svo þeim öðrum aðilum, sem að þessu standa. Við erum hér að vinna nokkuð nýtt verk. Má segja, að hér sé um nokkurt landnám á atvinnusviði okkar Íslendinga að ræða, þar sem stefnt er að því að reisa verksmiðju til framleiðslu á afurðum, sem við höfum ekki framleitt fram til þessa og allar yrðu eða að mestu leyti fluttar á heimsmarkaðinn og þar í samkeppni við sterka aðila. Ég læt í ljós von mína um það, að málinu megi vel af reiða hér í þingi og megi einnig verða til farsælda, þegar til framkvæmdanna kemur.

Að svo mæltu vildi ég mega leggja til, að málinu yrði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er fullkomlega rétt hjá hæstv. ráðh., að hér er um nýmæli að ræða, og þegar af þeirri ástæðu slæmt, að þetta frv. skuli koma fram svona seint á þinginu og þess vegna minni tími til þess að athuga það og það, sem á bak við það liggur, ofan í kjölinn.

Áður en ég vík að efni frv. og öðru, sem kemur upp í hugann í sambandi við það, vil ég minna á, að eftir því, sem ég veit bezt, varð þetta mál fyrst að þingmáli á Alþingi 1958—1959 og var þá samþykkt þáltill. um málið, sem flutt var af Karli Kristjánssyni um vinnslu kísilleirs við Mývatn og í Aðaldal, og var sú ályktun þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar á þessu ári ganga til hreins um það með fullnaðarrannsókn og áætlunum, hvort arðvænlegt sé að vinna til útflutnings kísilleir þann, sem er á botni Mývatns og meðfram Laxá í Aðaldal. Komi í ljós að fullathuguðu máli, svo sem líkur virðast benda til, að vinnsla leirsins sé arðvænleg, leiti ríkisstj. úrræða til þess, að vinnslan verði hafin sem allra fyrst."

Þetta var upphaf málsins á Alþingi, eftir því sem ég bezt veit, og síðan hefur verið unnið að þessu máli nokkuð, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. En áður en þessi þáltill. var samþykkt á Alþingi, höfðu íslenzkir sérfræðingar unnið í þessum málum mjög merkilegt starf, sem hæstv. ráðh. kom að nokkru inn á.

Nú standa þessi mál þannig, eftir því sem hæstv. ríkisstj. upplýsir í frv., að hún leggur fram frv. til l., sem gerir ráð fyrir ýmsum heimildum henni til handa til frekari framkvæmda í málinu. En í raun og veru standa þessi mál í dag á því stigi, sem segir í upphafi grg., því að þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En er margt óunnið í þessu máli, og traustar niðurstöður um líklega rekstrarafkomu fyrirtækisins fást ekki, fyrr en hið fyrirhugaða undirbúningsfyrirtæki hefur lokið lokaáætlunum sínum."

Og síðar í gr. er upplýst, að stofnkostnaðaráætlanir liggi raunar ekki fyrir enn nema mjög lauslegar og mörg önnur atriði í málinu séu óljós. En það, sem menn vita, sé þó þannig, að ástæða sé til að ganga fastar að, setja undirbúningsstarfið í fastari skorður en verið hefur og afla heimilda til að reisa verksmiðju, ef niðurstöðurnar verða jákvæðar að lokum. Þannig stendur málið í dag að þessu leyti til. Ég vil láta í ljós þá von, að björtustu vonir um möguleika til að koma þarna á fót merkilegu fyrirtæki rætist og þannig verði lokaniðurstaðan af þeim athugunum, sem enn eiga eftir að eiga sér stað. En í því sambandi langar mig til að setja strik undir það, sem kemur fram í þessu máli, og benda á, hvað það er ánægjulegt, að í þessu máli virðist tækni-

forustan alveg tvímælalaust hafa verið íslenzk og það svo greinilega, að eins og kemur fram í þeim gögnum, sem lögð eru fram um málið, var málið algerlega strandað af tæknilegum ástæðum, þangað til íslenzkur tæknimaður fann þau úrræði, sem komu aftur hreyfingu á málið og við vonumst eftir að verði til þess, að endanlega risi þarna merkilegt fyrirtæki. Það er ástæða til þess að láta í ljós sérstaka ánægju yfir þessu, og því á auðvitað sá maður, sem forustuna hefur haft í þessu efni, Baldur Líndal, mestar þakkir skilið, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. En þetta er sérstaklega ánægjulegt að minna á, því að þetta sýnir okkur á einhvern hinn skemmtilegasta hátt, sem verið getur, hvað langt er hægt að komast, jafnvel meðal lítillar þjóðar, í því að eignast góða tæknimenn. Það fer ekki allt eftir höfðatölunni. Ætti þetta að auka okkur kjark til að leggja meira í tæknimálin, meira í kostnað til þess að Íslendingar geti sjálfir séð sér farborða tæknilega skoðað, því að sannleikurinn er sá, sem kemur einmitt fram í sambandi við þetta mál, vissa þætti í því, sem ég kem að síðar, að algert sjálfstæði okkar í framtíðinni byggist kannske meira á því en flesta okkar grunar í dag, að við getum staðið tæknilega séð á eigin fótum, að við eigum mönnum á að skipa, sem geta fundið úrræði í atvinnumálum okkar, og við getum því verið raunverulega sjálfstæðir, en þurfum ekki að láta fjöregg okkar fyrir tæknikunnáttu annarra.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að nú kemur fram, hversu óheppilegt það er að haga undirbúningi stórfelldra nýmæla á þann hátt, sem nú er farið að tíðkast allt of mikið, en það er, að málin séu lögð í hendur manna, sem valdir eru einhliða pólitískt og þá með það fyrir augum, að eingöngu komi þeir til greina, sem fylgja stjórninni að málum þá og þá. En það er svo með þetta mál, að þó að það ætti náttúrlega ekki að vera málefni, sem þyrfti að fjalla um eftir pólitískum línum, a. m. k. ekki tæknihlið málsins né fjármálahlið, þá hefur það verið haft á vegum stóriðjunefndarinnar, en hún er valin á þann hátt, sem ég lýsti. Þess er gætt, að þar komi engir nærri aðrir en þeir, sem eru á sömu „línu" sem kallað er og ríkisstj. Þar fá ekki önnur sjónarmið að koma til greina. Þeir, sem kvaddir eru til þar umfram, eru þá embættismenn eða tæknimenntaðir menn, sem búa vitanlega við þagnarheit um þau efni, sem þarna er um fjallað, og ber að líta eingöngu á hina tæknilegu hlið málanna. Þetta verður svo til þess, að ýmsar þýðingarmiklar ákvarðanir eru teknar, jafnvel um alger nýmæli, án þess að sjónarmið þeirra fái að koma til greina, sem þá og þá eru í stjórnarandstöðunni. Sjónarmið þeirra eru þá aldrei skoðuð einu sinni, það er ekki grennslazt eftir, hver þau eru, hvort þeim geti dottið í hug eitthvað, sem væri nauðsynlegt að taka til greina, þegar um algerar nýjungar er að ræða. Ekkert slíkt getur komizt að, ekkert slíkt getur komið til greina. Og oft fer svo þannig, að áður en málin eru lögð fram til íhugunar á hv. Alþingi, þá er búið að taka þýðingarmestu ákvarðanirnar, og e. t. v. er þannig ástatt einmitt um þetta mál, að það sé í raun og veru búið að taka í þessu máli þýðingarmestu ákvarðanirnar, þegar það er lagt hér fram til meðferðar á hv. Alþingi.

Það er auðvitað nauðsynlegt stundum, að ríkisstj. hafi aðeins þá, sem kalla mætti sína eigin menn, við að útbúa pólitísk mál í vissum farvegi. Það getur komið fyrir, að þetta sé algerlega eðlilegt. En það er ekki eðlilegt, að við venjum okkur á að hafa þennan háttinn á, þegar um er að ræða að þreifa sig áfram með algerar nýjungar, eins og hér er ástatt t. d., og yfirleitt að því er varðar stóriðju og spursmálið um það, hvernig semja skuli við útlendinga í sambandi við erlent fjármagn og atvinnurekstur á Íslandi.

Öll þessi mál eru þannig vaxin, að það er áreiðanlega lífsnauðsyn og þar af leiðandi á allan hátt eðlilegt, að þessi mál séu skoðuð á frumstigi þeirra gaumgæfilega alveg ofan í kjölinn á talsvert viðtækum grundvelli, þannig að þar geti öll sjónarmið komizt að. Þessi mál eru áreiðanlega nægilega vandasöm og í þeim eru það mörg hættuleg atriði, að það væri full ástæða til þess.

Ég minni aðeins á þetta. Það verður ekki tekið aftur, sem búið er að gera, en ég minni samt á þetta í sambandi við þetta mál, sem nú hefur verið lagt fyrir. Þetta veldur oft alveg ónauðsynlegri tortryggni. Oft steyta menn líka bókstaflega á skerjum, vegna þess að þetta er ekki gert. Öll einangrun veldur tortryggni, ekki sízt af þessari gerð, og þetta getur gert málin helmingi erfiðari viðfangs en þau þyrftu að vera á marga lund. Og það veit ég, að allir sjá, sem vilja íhuga þetta af sanngirni.

Eftir þennan örstutta inngang vil ég víkja að málinu, sem fyrir liggur. Það er gert ráð fyrir því, eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, að stofna undirbúningsfélag, sem svo mætti kalla og þannig er kallað í frv., til þess að halda áfram nauðsynlegum rannsóknum, gera endanlegar kostnaðaráætlanir og yfirleitt kryfja til mergjar, hvort hér getur orðið um að ræða að byggja verksmiðju. Enn fremur er ætlazt til þess, að ríkisstj. fái heimild til að leggja fram allt að 50 millj. kr. af ríkisfé sem hlutafé í félagi, sem kynni að verða stofnað til þess að reisa verksmiðju til að vinna kísilgúr. Enn fremur er þarna heimild til þess að byggja hitaveitu vegna verksmiðjunnar við Mývatn, að selja verksmiðjunni hráefni úr kísilgúrnámunum utan netlaganna, þ. e. a. s. af þeim kísilgúr, sem talið er að ríkið eigi.

Það er gert ráð fyrir því, að ríkið eigi meiri hluta bæði í undirbúningsfélaginu og hlutafélaginu, sem reisir á sínum tíma verksmiðjuna, ef í það verður ráðizt, sem við skulum vona að verði.

Ekkert af því, sem ég nú þegar hef talið, er í raun og veru sérstaklega nýstárlegt, nema

það, að ráðgert er að vinna þarna nýtt efni, og það er nýstárlegt og stórt mál. En ekkert er að öðru leyti nýstárlegt við það, sem ég þegar hef talið um efni frv. En það nýstárlega við fyrirkomulagið er ótalið, og það er, að gert er ráð fyrir þátttöku erlendra aðila í þessum félögum, bæði undirbúningsfélaginu og eins félaginu, sem reisir verksmiðjuna. Þessum erlendu aðilum er þó ekki ætlað að leggja verulegt fjármagn í þetta fyrirtæki. Ef hlutafé verksmiðjunnar verður 30 millj., eins og ráðgert er, sem ekki er ósennilegt, samkv. frv., þá mundi erlendi aðilinn, sem á að eiga þarna hlut að máli, leggja til 3—6 millj. kr. eftir ástæðum, getur leikið á 10—20%, — eitthvað dálítið meira, ef hlutaféð verður hærra. M. ö. o.: það eru ekki neinir verulegir fjármunir, það er ekki neitt, sem máli skiptir, sem erlendu aðilunum er ætlað að leggja í þetta fyrirtæki, því að við gerum ráð fyrir því, að það, sem ekki yrði hlutafé, yrði tekið að láni.

Íslendingum sjálfum er ætlað að eiga skýlausan meiri hluta í þessu fyrirtæki, og ríkinu sjálfu er meira að segja einu ætlað að eiga meiri hlutann í því. Útlendingunum er ætlað að eiga lítinn minni hluta, sem engu máli skiptir frá því sjónarmiði að afla fjár til fyrirtækisins. Þetta er alveg augljóst, enda eru þeim þá líka að sjálfsögðu ætluð minni ráð í félaginu, og verður framleiðslufélagið á vegum Íslendinga að þessu leyti til. Þetta sýnist liggja augljóslega fyrir af frv. sjálfu.

En þá er þess að gæta, að frv. sjálfu fylgir samningur eða samningsuppkast a. m. k., sem stóriðjunefndin hefur gert fyrir hönd ríkisstj. og ríkisstj. fyrir sitt leyti, að því er helzt verður skilið, fallizt á, og sýnir, hvernig hún hugsar sér að framkvæma stofnun kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn og rekstur hennar. Og það er þessi samningur, sem mér sýnist sérstök ástæða til þess að skoða og fá upplýsingar um.

Við tökum eftir því, að eins og málið liggur fyrir, þá er það augljóst, að Íslendingar þurfa ekki að sækja fé til annarra. Þeir þurfa ekki að hleypa neinum í meðeign með sér í þessu fyrirtæki til þess að útvega fé. Þetta er ekki stærra fyrirtæki en svo, að það er vel viðráðanlegt Íslendingum einum, enda sjáum við, að þær fjárhæðir, sem ætlazt er til að útlendingar leggi fram, skipta nálega engu máli.

Við sjáum einnig af því, sem liggur fyrir í málinu, þó að það sé ekki að öllu leyti sundurliðað í einstökum atriðum, að tæknikunnáttu þarf ekki heldur að kaupa inn í þetta fyrirtæki með því að tengja það útlendingum. Það virðist liggja alveg augljóslega fyrir, að okkar eigin forustumaður í þeim efnum hefur leyst aðalhnútinn, og ég sé ekki betur af því, sem hér liggur fyrir, en það, sem á hefur vantað tæknilega séð, hafi verið keypt erlendis, eins og reyndar líka er viðurkennt í grg. frv. Eru það því hvorki tæknilegar né fjárhagslegar ástæður, sem gera það að verkum, að hér er ráðgerð þátttaka útlendinga í þessu félagi, þátttaka útlendinga, sem að vísu í sjálfu verksmiðjufélaginu er svo lítil, að hún út af fyrir sig hefur auðvitað enga hættu í för með sér.

En þá er samningurinn, sem fylgir og er þannig vaxinn, að hann þarf að athuga betur. Þar er gert ráð fyrir því, að þessi verksmiðja skuli ekki sjálf selja sínar vörur erlendis, eins og íslenzk framleiðslufyrirtæki gera yfirleitt, heldur skuli afhenda vörurnar, þegar þær hafa verið framleiddar, öðru fyrirtæki, sem er erlent fyrirtæki, úti í Hollandi. Og í þeim samningi, sem hér liggur fyrir, ef þetta er þá samningur, ef þetta er ekki útdráttur úr samningi, stendur, að þetta hlutafélag, sem er tvímælalaust og óumdeilanlega erlent hlutafélag, skuli eitt hafa rétt til þess að selja framleiðslu kísilgúrfélagsins við Mývatn utan Íslands. Eins og þetta liggur fyrir eftir orðanna hljóðan, virðist þarna vera gert ráð fyrir því, að íslenzka félagið afhendi þessu félagi allan útflutningskísilgúr til sölu og það skuli eitt hafa hann með höndum.

Enn fremur segir, að félögin tvö skuli gera með sér samkomulag, er tryggi sanngjarna skiptingu hagnaðar milli félaganna. Nú er það mjög óljóst fyrir mér og þarf skýringar við og skoðunar, hvað átt er við með hagnaði í þessu tilfelli. Hvaða hagnaði á að skipta á milli félaganna? Framleiðslufélagið er íslenzkt félag og framleiðir kísilgúrinn. Hitt á að vera sölufélag og selja kísilgúrinn. En hvaða hagnaði á þá að skipta á milli félaganna? Á erlenda félagið að fá hluta af hagnaðinum við að reka verksmiðjuna við Mývatn? Er átt við það með þessu? Ég hafði hugsað, að þetta hlyti að eiga að byggjast upp þannig, að tæki félag að sér að selja vöru fyrir framleiðslufyrirtæki á Íslandi, þá mundi það fyrirtæki fá sín sölulaun fyrir að selja vöruna. Og þannig hélt ég sannast að segja alla slíka samninga byggða upp, að það fyrirtæki fengi sölulaun fyrir að selja vöruna, en ekki fylgdu samningar um, að sölufyrirtækið fengi hluta af þeim hagnaði, sem kynni að verða á framleiðslunni hér í landinu. Það væri hliðstætt því, að frystihús, sem fengi firma erlendis til þess að selja fyrir sig, léti af hagnaði sínum í uppbót á sölulaun, það væri sett upp af hendi þess, sem ætlaði að selja vöruna, að hann fengi hluta af hagnaði frystihússins í ofanálag á sölulaunin.

Þetta þarf frekari skýringar við, og ég var satt að segja hissa, þegar ég sá þetta, vegna þess að ég gerði ráð fyrir því, að hér ætti að vera um hreina og skýra verkaskiptingu að ræða: annars vegar framleiðslu, sem væri seld með ákveðnu verði, og hins vegar sölu, sem væri goldin með ákveðnum sölulaunum. Ef þetta er ekki réttur skilningur hjá mér, þá er hér í raun og veru um samrekstur að ræða, einhvers konar samrekstur hugsaður, án þess þó að þetta sölufélag eigi nokkuð í verksmiðjunni. Þarf þetta þá allt miklu nánari athugunar við. Þá er hér í raun og veru tæpast um tvö fyrirtæki að ræða eða hvernig menn vilja orða það, þá er ekki þarna um hreina fram-

leiðslu annars vegar að ræða og sölumennsku hins vegar. Annað atriði í þessum samningum er það, að hlutafélagið erlenda skuli eitt hafa rétt til þess að selja framleiðslu kísilgúrfélagsins við Mývatn utan Íslands. Það kemur ekki fram í þessu sambandi hve lengi. Ég veit, að það er öllum hv. þm. ljóst, að Íslendingar hafa ævinlega lagt höfuðáherzlu á að reyna að byggja sér upp markaði erlendis sjálfir. Það ætti ekki að þurfa að halda langan fyrirlestur um, hversu geysilega þýðingarmikið það er og hvar værum við staddir, ef það hefði þó ekki tekizt að byggja upp sölukerfi erlendis fyrir hraðfrysta fiskinn? Ef við þyrftum að afhenda hann erlendum aðilum óseldan og sæta því verði, sem þeim sýndist að skammta okkur fyrir, hvernig værum við settir, ef við hefðum þannig aðstöðu með afurðir eins og fiskinn? Og ég veit, að það er öllum mönnum ljóst, hversu geysilega þýðingarmikið þetta atriði er, að geta byggt upp sinn eigin markað og haft fullt vald á vörunni. Á hinn bóginn geri ég ráð fyrir því, að það séu stundum notaðar þær aðferðir, vegna þess að menn sjái ekki aðrar tiltækar, að semja við vissa aðila um einkarétt til að selja afurðir tiltekinn tíma eða á meðan menn telja hyggilegt að fara þannig að. Og ég vil í lengstu lög vona, að það sé þetta, sem hér er í raun og veru ætlunin að gera, og menn hugsi sér ekki að ganga lengra en það að semja við fyrirtækið erlendis um að hafa söluna með höndum á þann hátt.

En þá vil ég leyfa mér að spyrja: Hvers konar uppsagnarákvæði er í þessum samningi? Ég get ekki séð, að í því, sem hér er birt, sé neitt uppsagnarákvæði, og þar kemur ekkert fram, til hve langs tíma menn hugsa sér eða hafa hugsað sér að semja við þetta erlenda fyrirtæki um, að það eitt geti ráðstafað afurðum verksmiðjunnar. En það hlýtur þó að vera hugsunin, að slíkt ákvæði verði að vera uppsegjanlegt og það verði að vera á valdi þeirra, sem framleiða vöruna, að eiga sér einhverjar útgöngudyr aðrar en þær að afhenda vöruna einu tilteknu fyrirtæki og þá vitaskuld raunverulega með því verði, sem það fyrirtæki sér sér fært að borga fyrir hana. Það hlýtur að vera meiningin, að í þessu efni séu einhverjar útgöngudyr til tryggingar þeim aðila, sem framleiðir vöruna, til þess að hann geti haft aðstöðu til þess að vera ekki algerlega öðrum háður í þessu tilliti. Ég veit, að allir sjá það í hendi sér, að ef fyrirtæki, sem framleiðir vöru, er skuldbundið um aldur og ævi óuppsegjanlega til að afhenda vöruna öðru fyrirtæki, þá er það fyrirtæki alveg á valdi þess síðarnefnda. M. ö. o.: ef erlent fyrirtæki ætti að hafa einkasölurétt á vöru eins og kísilgúr, óuppsegjanlegan um aldur og ævi, hvernig sem til tekst, og framleiðsluverksmiðjunni óheimilt að breyta til, óheimilt að leita sér annarra úrræða, þá hefur erlenda fyrirtækið, í þessu falli erlenda fyrirtækið í Hollandi, öll ráð verksmiðjunnar á Íslandi í hendi sér og þar með í raun og veru nálega öll ráð þess byggðarlags, sem mundi koma upp við Mývatn, því að okkur er það auðvitað ljóst, að það hlýtur að koma upp þéttbýlissvæði í kringum þessa merkilegu verksmiðju, ef okkur tekst að koma henni á fót.

Ég sé ekki betur, ef svona væri gengið frá, en að þá gæti erlendi aðilinn skammtað sér verðið, sem hann fær vöruna á, og tekið í framkvæmdinni til sín þann ágóða, sem kynni að vera hægt að kreista út úr þessu, án þess að leggja nokkurt fjármagn fram af sinni hendi. Ég segi þetta vegna þess, að ég sé ekki á þessu, sem hér liggur fyrir, hvernig þetta er hugsað, þess vegna er ég að taka þetta fram. En vitanlega hlýtur að verða ákvæði í þessum samningi til þess að tryggja verksmiðjuna sjálfa og þar með Íslendinga á þennan hátt.

Ef slaknar á sölunni hjá erlenda fyrirtækinu vegna meiri áhuga fyrir öðru en því að sinna einmitt þessu eða af öðrum mýmörgum ástæðum, sem geta komið til greina, ef slaknaði á og þjónustan yrði ekki eins og hún ætti að vera, þá gæti framleiðsluverksmiðjan enga björg sér veitt, ef hún væri um aldur og ævi bundin við þetta eina úrræði. Þetta veit ég raunar að allir sjá, en það verður að taka þetta fram, til þess að fyrir þetta verði rækilega girt, ef það hefur ekki nú þegar verið gert í þeim samningi, sem gerður hefur verið. Það kemur sem sé ekki fram alveg skýrt, hvort það, sem hér er prentað í grg., er í raun og veru þýðing á samningi alveg að fullu eða útdráttur. En náttúrlega kemur fyrir nefndina, sem fjallar um málið, sá samningur, sem gerður hefur verið um þetta mál.

Yfirleitt vil ég mega vænta þess, að góð samvinna verði um að tryggja stöðu Íslendinga að þessu leyti. En hér er um mjög merkilegt mál að ræða að öllu leyti. Bæði er það ákaflega þýðingarmikið, ef tekst að koma upp verksmiðjunni. Enn fremur er það, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, ákaflega þýðingarmikið fordæmi, sem hér er verið að efna til, um eina tegund samvinnu við erlenda aðila.

Það kemur hér fram í grg. og plöggunum, að það hefur verið talsverð samvinna við þetta erlenda fyrirtæki, sem ég vil nú — með leyfi hæstv. forseta — kalla Eim, það er tilraun til þess að bera fram skammstöfunina sem heiti, en hún er AIME. Eim hefur haft áhuga fyrir því að leggja til þessara mála. En það er sýnilegt á öllu, að aðaláhugi þess virðist stafa af því, að það vill fá þessa vöru til sölumeðferðar. Það kemur ekki hér fram, hvers konar fyrirtæki þarna er um að ræða. En mig langar til þess að spyrja um í því sambandi: Hvers konar firma er þetta? Hefur þetta firma reynslu í því að selja kísilgúr og eitthvað sérstakt fram að leggja vegna reynslu sinnar í því að selja kísilgúr, t. d. dreifingarkerfi, sem sé sérstaklega heppilegt fyrir kísilgúr? Þetta hefði verið fróðlegt að fá upplýst, a. m. k. í þeirri n., sem tekur þetta til meðferðar. En mér sýnist það koma augljóslega fram, að tæknikunnáttu hefur þetta firma ekki getað lagt til, því að það sýnist ekki vera tæknifirma. Tæknikunnáttan er tekin hér heima fyrir að mestu

og svo til viðbótar sumpart hjá þýzkri ríkisstofnun og sumpart hjá hollenzkri ríkisstofnun.

Ég þori ekki að leggja dóm á það hér, því að þetta mál var fyrst lagt fram í gær, hvort það er eðlilegt eða óeðlilegt að semja við firma erlendis um að hafa á boðstólum sérstaklega þessa vöru, t. d. að eitt firma hafi hana á boðstólum, sem yrði þá að vera í takmarkaðan tíma. Ég þori ekki að dæma um það í dag, hvort ástæða er til að gera slíkt. Ég veit, að það eru geysilega miklir erfiðleikar því samfara að ryðja nýstárlegri vöru á markaðinn eða ryðja vöru inn, þar sem mikið framboð er af hliðstæðri vöru. Við höfum dálitla reynslu í þessu og þó nokkra reynslu. En samt sem áður tókst þetta á sínum tíma með frysta fiskinn. Þá var ekki látið undan þeirri freistingu að afhenda hann til annarra, heldur var baksað áfram, þangað til þessi þýðingarmiklu og stóru sölukerfi erlendis voru komin upp, sem við byggjum nú mjög á okkar sjálfstæðu tilveru í öllu tilliti, og þetta var ákaflega merkilegt.

Ég get ekki stillt mig um að benda á í þessu sambandi til athugunar fyrir menn, þó að ég vilji ekki útiloka, að þetta kunni að vera skynsamlegt eða nauðsynlegt, að í skýrslunni, sem hérna fylgir um markaðsrannsóknir, segir, að niðurstöður markaðsrannsóknarinnar voru þessar: Í fyrsta lagi: Öruggt má telja, að notkun síunargúrs í Evrópu, — og ég skal taka fram, að það er eingöngu síunargúr svokallaður, sem á að framleiða, — að notkun síunargúrs í Evrópu sé í örum vexti. Í öðru lagi, að horfur eru á hækkandi markaðsverði á síunargúr í Evrópu. Í þriðja lagi, að fullvíst megi telja, að biksteinn og síunargúr hafi haslað sér völl hvor á sínu notkunarsviði og notkun beggja muni þróast í vaxandi mæli, án þess að áhrifa annars til lækkunar á verði hins gæti, svo að miklu nemi. Og í fjórða lagi, að unnt sé að selja minnst 12 þús. tonn af íslenzkum síunargúr í Evrópu á ári, án þess að það valdi verðlækkun á markaðinum. Þetta bendi ég á.

Ég veit, að annars staðar í þessu er talað almennum orðum um mikla erfiðleika á því að koma vörunni inn, og ég veit, að þeir eru vafalaust verulegir. Ég er á hinn bóginn að benda á þetta til að koma því á framfæri, að horfur virðast vera dágóðar í þessu efni eftir markaðsskýrslunni og þess vegna engin ástæða til að sæta nokkrum afarkostum í sambandi við hugsanlega sölu á vörunni.

Fjármagnið hef ég rætt um áður og tæknihliðina, og það virðist mega ráða af þessu, að engin ástæða sé til að sæta afarkostum í samningum varðandi sölu á þessari vöru, þess vegna hljóti að vera hægt að ganga þannig frá samningum um þau efni, að hagsmunir Íslendinga verði alveg tryggðir og hagur þessa nýja, merka fyrirtækis, sem við vonum öll að komist á fót.

Þá eru tvö atriði enn, sem ég vildi fara um örfáum orðum, nú við 1. umr., því að þetta fær allt sína skoðun í n. Annað er það, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. megi semja um lækkun aðflutningsgjalda af vörum til byggingar verksmiðjunnar. Þetta er mjög athyglisvert mál og stórt, og í grg. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Athugun hefur leitt í ljós, að miðað við núgildandi reglur mundu aðflutningsgjöld af innfluttum vörum til byggingar kísilgúrverksmiðju að líkindum hækka heildarbyggingarkostnað verksmiðjunnar um 20% og t. d. nema nálega 41% af fob-verði véla, en nálega 11% af heildarverði bygginga og um 26% af heildarverði flutningatækja og námavinnslutækja. Þótt tölur þessar séu áætlunartölur, má telja fullvíst, að þær séu ekki fjarri sanni.“ Síðan segir: „Slík tollun vara til stofnsetningar iðjuvera til útflutningsiðnaðar mun naumast nokkurs staðar þekkjast utan Íslands og getur því ráðið úrslitum um samkeppnishæfni iðjuvers, sem reist er hér á landi til framleiðslu á vörum til útflutnings. Endanlegt mat á því, hver greiðslugeta slíks fyrirtækis er í þessu efni, getur hins vegar ekki farið fram, fyrr en endanlegar kostnaðaráætlanir hafa verið gerðar,“ segir í grg. frv.

Ég vil taka undir þetta á þann hátt að benda á, að það er ekki aðeins fyrirhuguð verksmiðja til þess að vinna úr kísilgúr til útflutnings, sem verður að búa við þessi tollakjör á vélum og efni til stofnkostnaðar, þó að ég hafi ekki við höndina upplýsingar um þá tolla, sem þarf að greiða af ýmsu því, sem fer t. d. til fiskiðnaðar og iðnaðar yfir höfuð í landinu. Það er út af fyrir sig spurning, hvort það er viðeigandi að lækka sérstaklega tolla fyrir eitt tiltekið fyrirtæki. Það er atriði, sem að sjálfsögðu má skoða. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki vilja láta stranda á því, ef um það væri að ræða, hvort menn treystu sér eða ekki til að leggja í merkilegt útflutningsfyrirtæki. Mundi það ætla að stranda vegna tollanna, þá mundi ég hiklaust vera með því að létta af tollunum eins og þyrfti, til þess að hægt væri að koma fyrirtækinu af stað. Ég segi þetta alveg hiklaust og tek á þann hátt undir þetta í frv.

En ég bendi á í þessu sambandi, að þetta sýnir okkur, að það þarf að endurskoða aðflutningsgjaldakerfið með tilliti til þess mikla stofnkostnaðar, sem orðinn er yfirleitt í landinu, ekki sízt í iðnaði. Ég mundi vilja, að þetta, sem rifjast nú svona rækilega upp fyrir okkur einmitt í sambandi við þetta mál, yrði til þess, að við tækjum okkur til hér á hv. Alþingi og létum fara fram athugun í framhaldi af þessu á þessu stórkostlega máli.

Það hefur sagt við mig maður, sem er ákaflega vel kunnugur sjávarútvegi og fiskiðnaði, að það mundi verða algerlega ókleift að koma hér upp nýtízku heppilega vélvæddum iðnaði, ef menn þyrftu að greiða jafnhá aðflutningsgjöld af því, sem kaupa þarf til fiskiðnaðarins, vélum og öðru þess konar, og nú er ætlazt til. Hann tók þetta djúpt í árinni, að hann sagði beinlínis, að þessar geysiháu tollgreiðslur af vélum stæðu í vegi fyrir því, að framleiðnin gæti batnað, eins og hún þyrfti að gera í sjálfum fiskiðnaðinum.

Ég vil taka undir þá stefnu, sem kemur fram í þessu lagaákvæði og þessari grg., og skora á meiri hl. á Alþingi að taka sig til og efna til breytinga á þessu.

Loks er það svo ákvæðið um skattgreiðslu þeirra útlendinga, sem kunna að eignast hluta í kísilgúrverksmiðjunni. Það er hér í 8. gr. Þar er gert ráð fyrir tilteknu fyrirkomulagi í því efni. Það skiptir engu máli peningalega séð, hvernig skattur verður greiddur af þessu, því að þarna er um mjög lágar fjárhæðir að ræða. Það eru örsmáar fjárhæðir, sem gert er ráð fyrir að útlendingarnir eigi í verksmiðjunni sjálfri, og maður vonar náttúrlega, að það gæti orðið góður arður, en á hinn bóginn yrðu það aldrei nema smáar fjárhæðir samt. En hér er eigi að síður um ákaflega merkilegt stefnumál að ræða, hvernig á þessu skuli halda. Búast má við því, að með þessu lagaákvæði, sem þarna yrði sett, yrði gefið fordæmi í þessum efnum. Ég hef ekki haft neina aðstöðu til þess síðan í gær að skapa mér skoðun á því, hvort þessi till., sem hér kemur fram í 8. gr., er heppileg eða ekki. En þetta verður að sjálfsögðu að athuga gaumgæfilega í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og þar á meðal skoðaðir þeir tvísköttunarsamningar, sem nú þegar eru fyrir hendi.

Þá eru það tvö atriði enn, sem ég gleymdi áðan. Ég vil taka undir það, sem hæstv. ráðh. sagði varðandi það, að byggðarlögin þarna fyrir norðan og jafnvel einstaklingar þar ættu að eiga hlut í þessari verksmiðju, ættu að eiga hlutabréf, t. d. sýslan, Húsavíkurkaupstaður og Mývatnssveit, a. m. k. þessir aðilar, því að ef þetta kemst í framkvæmd, verður þetta stórfelldur þáttur í búskap þeirra þar. Ég vil einnig taka fram, að ég er algerlega fylgjandi því, að eins og þetta er allt í pottinn búið, þá eigi ríkið meiri hlutann í þessari verksmiðju. En ég vil í því sambandi benda á, hvort ekki mundi heppilegra, að Alþingi kysi fulltrúa fyrir ríkið í stjórn verksmiðjunnar, eins og gert er varðandi stjórn áburðarverksmiðjunnar. Ég held, að það hafi verið góð regla tekin upp, þegar lögin um áburðarverksmiðjuna voru sett, og það var að kjósa fulltrúa ríkisins í hlutafélaginu á Alþingi. Ég vil beina því til hæstv. ráðh., hvort það væri ekki heppilegra.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Samkv. frv. þessu er lagt til, að ríkið gangist fyrir, að reist verði og rekin kísilgúrverksmiðja við Mývatn. Ráðgert er, að stofnað verði hlutafélag í þessu skyni og að hollenzkt fyrirtæki verði aðili að því fyrirtæki ásamt Íslendingum.

Bygging nýs útflutningsfyrirtækis er út af fyrir sig gleðiefni. Allar ráðstafanir, sem miða að því að gera útflutningsatvinnugreinar okkar fjölbreyttari en þær eru, eru auðvitað ánægjulegar. Og mér finnst sérstök ástæða vera til þess að gleðjast yfir því, að í þessu tilfelli er ráðgert að byggja nýtt framleiðslufyrirtæki úti á landi, sem haft getur talsverða atvinnulega þýðingu á þeim slóðum, þar sem ráðgert er að reka fyrirtækið, og að því leyti til hefur bygging fyrirtækisins tvíþættan tilgang.

Í sambandi við þetta mál er líka sérstök ástæða til að fagna þeim ágæta árangri, sem íslenzkir sérfræðingar — og þá fyrst og fremst Baldur Líndal verkfræðingur — hafa náð varðandi undirbúning þessa máls og vísindalegar rannsóknir í sambandi við það.

Það fyrirtæki, sem ráðgert er að koma á fót til vinnslu á kísilgúr, er ekki ýkjastórt fyrirtæki, ekki heldur á íslenzkan mælikvarða mælt. Ef við berum þetta fyrirtæki, sem hér er nú rætt um að koma á fót, saman við ýmis önnur fyrirtæki, sem eru starfandi fyrir í landinu, eins og t. d. sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna, þá kemur það greinilega í ljós, að hér er ekki um stórt fyrirtæki að ræða. Svipað mætti segja, ef samanburður á þessu fyrirtæki væri gerður við mörg önnur fyrirtæki, sem starfandi eru í landinu, þá er ekki hægt að segja, að hér sé um ýkjastórt framleiðslufyrirtæki að ræða. Samkv. lauslegum áætlunum, sem fylgja þessu frv., er ráðgert, að stofnkostnaður verksmiðjunnar muni verða í kringum 130 millj. kr. Að vísu mun þá ekki vera reiknað á þann hátt, sem venjulega er reiknað um stofnkostnað fyrirtækja í okkar landi, þá mun ekki vera reiknað með innflutningstollum á öllum þeim varningi, sem til verksmiðjunnar þarf, og má búast við því, að þar sé um upphæð að ræða, sem geti numið í kringum 30 millj. kr. Auk þess er ekki talinn með í þessum stofnkostnaði kostnaður, sem yrði af vegagerð, sem augsýnilega ætti að tilheyra þessum framkvæmdum, og ekki heldur af sérstakri hitaveitu, sem gert er ráð fyrir að ríkið komi upp. Mér þykir líklegt, að ef mælt yrði á hinn venjulega og eðlilega hátt um stofnkostnað, þá mætti í rauninni reikna með, að hér væri um stofnkostnað að ræða, sem næmi í kringum 200 millj. kr. Gert er svo aftur ráð fyrir, að árleg framleiðsla til útflutnings hjá þessu fyrirtæki geti verið u. þ. b. 40—50 millj. kr. Mér dettur í hug aðeins til samanburðar, til þess að gera sér grein fyrir því, um hvað mikið fyrirtæki hér er að ræða, að benda t. d. á, að ein meðalsíldarverksmiðja, sem mér er mjög vel kunnugt um, kostar í stofnkostnaði metið nú í kringum 30 millj. kr., en útflutningsverðmæti hennar á s. l. ári voru í kringum 85 millj. kr. Og þó að maður drægi frá allt hráefnisverðið, sem þessi verksmiðja greiddi sínum veiðiskipum, mundu samt sem áður þau gjaldeyrisverðmæti, sem þá væru eftir, vera eins mikil eða u. þ. b. eins og árleg framleiðsla þessarar verksmiðju. En þó að slík verksmiðja sem þessi sé ekkert ýkjastór heldur á okkar mælikvarða, getur hún verið gott fyrirtæki eigi að síður og haft allmikla þýðingu í okkar atvinnulífi. En það er vitanlega sjálfsagt að gera sér samt sem áður alveg raunhæfa og rétta grein fyrir því, um hvað þýðingarmikla atvinnu-

stofnun hér er að ræða, og villa sjálfum sér ekki sýn í þeim efnum, eins og mér sýnist að verulega komi fram í ýmsum umræðum um þetta mál og skrifum í blöðum. Það þarf auðvitað allmiklu meira til en þessa 11 þús. tonna kísilgúrverksmiðju við Mývatn til þess, að ástæða sé til að skrifa um það í blöðin eins og eitt af stærstu blöðunum skrifaði í morgun: „Ný borg við Mývatn.“ Það er mjög fjarri því, að eitthvað slíkt geti verið á ferðinni. Menn mega ekki mikla svo fyrir sér nýja atvinnuhætti, sem út af fyrir sig geta átt fullan rétt á sér, að menn vísivitandi slái þannig skugga á það, sem er okkur mjög þýðingarmikið í okkar framleiðslulífi og við höfum átt og við búum við. Útflutningsverðmæti þessarar verksmiðju, 40—50 millj. kr., eru ekki nema rétt í kringum það að vera 1% af heildarútflutningi þjóðarinnar á ári. Ég segi þetta ekki á neinn hátt til þess að draga úr því, að hér geti verið um ágætt fyrirtæki að ræða, sem rétt er að ráðast í, en það er vitanlega engin ástæða til að telja sér eða öðrum trú um það, sem ekki er rétt, varðandi þá framkvæmd, sem hér er fyrirhuguð.

Hér er sem sagt um nýjan þátt í okkar útflutningsframleiðslu að ræða. Við getum ekki talað um nýjan atvinnuveg, en nýjan þátt í útflutningsframleiðslunni, þátt, sem getur haft verulega þýðingu og þá sérstaklega fyrir það svæði, sem þessi verksmiðja yrði reist á. Og rætist allar beztu vonir í sambandi við byggingu og rekstur þessarar verksmiðju, þá má telja alveg víst, að hér geti orðið um mjög gagnlegan viðauka að ræða við okkar útflutningsframleiðsluatvinnuvegi.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að stofnað verði hlutafélag um byggingu og rekstur verksmiðjunnar. Þær skýringar hafa verið gefnar á því, að horfið hafi verið að því ráði að leggja til, að hlutafélag ætti verksmiðjuna, að hér sé um að ræða mjög vandselda framleiðsluvöru og vandinn við að finna markað og öruggari sölu geti verið svo mikill, að það sé vissara fyrir Íslendinga að hafa útlendinga þar í fylgd með sér. Ég verð að segja, að mér finnst þessar skýringar vera afskaplega ófullnægjandi til að réttlæta það, að farin er þessi leið, að mynda sérstakt hlutafélag um þessa verksmiðju. Það er, eins og hér hefur verið áður sagt í umræðum, alveg augljóst mál, að hlutur útlendinganna í stofnkostnaði fyrirtækisins er svo óverulegur, að hann getur ekki skipt neinu verulegu máli um það að útvega fé til framkvæmda, enda hygg ég, að reynslan verði sú, að það verður að hvíla á íslenzka ríkinu að útvega svo að segja allt það fé, sem þarf til þess að koma þessu fyrirtæki upp. En það má vera, að hæstv. ríkisstj. hafi litið svo á, eins og í mörgum öðrum tilfellum, að það væri eðlilegra og skemmtilegra form, að hér væri um hlutafélag að ræða, heldur en beint ríkisfyrirtæki. En ég tel, að við höfum þegar fengið reynslu af því, að það sé mjög óeðlilegt og óheppilegt að efna þannig til hlutafélagsrekstrar, að nokkrum aukaaðilum, sem eru í fylgd með ríkinu, sé gefinn kostur á tilteknum hluta af hlutafénu, en síðan hvíli öll skyldan á ríkinu raunverulega eða í framkvæmd til þess að leggja fram hið eiginlega stofnfé og sjá í rauninni um rekstur fyrirtækisins á eftir. Við höfum í þessu efni alveg skýra reynslu frá áburðarverksmiðjunni. Þá var ákveðið, að hlutafé þeirrar verksmiðju skyldi vera 10 millj. kr. Ríkið lagði fram 6 millj., og ýmsir aðrir aðilar áttu að leggja fram 4 millj. kr. Síðan mun byggingarkostnaður áburðarverksmiðjunnar hafa verið eitthvað rúmlega 130 millj. kr. Auðvitað varð ríkið að sjá um að leggja fram allt þetta fé, útvega það að láni og koma verksmiðju upp. En eignahlutföllin áttu þá að vera frá upphafi, ef litið var á þetta að öllu leyti sem hlutafélag, að nokkrir aðilar áttu á móti ríkinu 40% á móti 60% í þessu fyrirtæki. Nú hygg ég, að málin séu komin þannig, að telja megi alveg víst, að þeir aðilar, sem þarna lögðu fram einar 4 millj. kr., sem auðvitað dró sáralítið í því að koma upp þessari verksmiðju, eigi raunverulega eignarhluta í þessari verksmiðju, sem nemur líklega 80—90 millj. kr. vegna mikilla verðhækkana, sem hafa á þessu orðið, og hagnaðar, sem þarna hefur safnazt fyrir í ýmsu formi. Ríkið hefur séð um það varðandi rekstur fyrirtækisins, fyrst í sambandi við uppkomu þess og síðan í sambandi við reksturinn, að þetta hefur farið svona. Það hefur sem sagt orðið afskaplega þægilegt fyrir þessa málamyndastofnendur eða eigendur að áburðarverksmiðjunni að vera þarna hluthafar.

Ég held, að það geti enginn vafi leikið á því, að svipað hlýtur að fara í sambandi við þessa kísilgúrverksmiðju. Ríkið verður vitanlega að sjá um að útvega allt það fé, sem þarf til að koma upp þessu fyrirtæki. Og það verður ríkið, sem verður að skapa sérreglur fyrir þetta fyrirtæki í sambandi við tolla og gefa þar með eftir af sínum tekjum. Og ríkið verður einnig að hlutast til um það með skatta- og útsvarsreglum, ef svo ber við að horfa síðar, að fyrirtækið geti búið við skaplega rekstrarafkomu. Þá verður það auðvitað orðið ágætt fyrir einstaklinga í landinu að vera þarna málamyndahluthafar, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., leggja t. d. fram 4—5 millj. kr., sem yrðu orðnar býsna margar millj. kr. eftir nokkurn tíma algerlega fyrir tilverknað íslenzka ríkisins.

Ég álít því, að valið á hlutafélagsforminu í þessu tilfelli sé mjög óeðlilegt. Það eðlilega hefði verið, að hér hefði verið um hreint ríkisfyrirtæki að ræða. Ríkið átti að eiga þetta fyrirtæki að öllu leyti. Ef einhverjar aðrar ástæður en hér hafa nú raunverulega verið færðar fram enn þá lágu til þess, að það var talið alveg óhjákvæmilegt að hafa útlenda aðila með í þessu fyrirtæki upp á 10—20% af hlutafénu, þá álít ég, að það hefði átt að nema staðar við það, en vera ekki að opna þetta félag að öðru leyti fyrir einstaklingum eða öðrum, sem þarna eiga litið erindi inn í

að mínum dómi. Að vísu skal ég játa, að þó að þarna væri um hlutafjáreign að ræða frá hálfu sýslufélags eða bæjarfélags, þá gildir um það nokkru öðru máli, þar sem það er um slík almenningssamtök að ræða, að nokkuð svipuðu gegnir um það og ríkið. En ég hefði þó talið miklu eðlilegra, að ríkið hefði verið eini aðilinn í sambandi við að koma upp og síðan að eiga og reka þetta fyrirtæki.

En mér sýnist svo á þeim gögnum, sem hér fylgja með þessu frv., að það sé hins vegar ljóst, að raunverulega sé hinum erlendu aðilum ætlaður miklu meiri hlutur en þessar tölur, sem ég hef nefnt til þessa, bera með sér, þ. e. a. s. að þeir eigi að eiga 10—20% í framleiðslufyrirtækinu. Mér sýnist, að sá háttur hafi verið á hafður að skipta raunverulega því fyrirtæki í tvo hluta, sem hér er á ferðinni, því að það er auðvitað ekki hægt eðli málsins samkv. að tala um annars vegar framleiðslufyrirtæki sem sjálfstætt fyrirtæki, en hins vegar eitthvert allt annað fyrirtæki, sem hefur með að gera alla söluna á framleiðslunni. Þetta er aðeins aðferð til þess að skipta einu og sama fyrirtækinu upp í tvo hluta. Það er auðvitað algert grundvallaratriði í rekstri eins fyrirtækis, að það fyrirtæki sjálft hafi vald yfir sölunni á sinni eigin framleiðslu. En hér er talað um að haga málunum þannig, að stofna skuli sérstakt sölufélag, sem á að vera erlent félag að meiri hluta til. Gert er ráð fyrir, að um 60% af hlutafé þess sé í höndum útlendinga, en Íslendingar geti átt 40% þar á móti, og að þetta erlenda sölufélag hafi einkaréttaraðstöðu til sölu á allri framleiðslu fyrirtækisins. Hér er ekki um það að ræða, eins og er þekkt, að fyrirtæki útvegar sér einkaumboðsmann til sölu á sinni framleiðslu, þ. e. a. s. tryggir sér gott söluumboð, fái sér góðan aðila til þess að annast það. Nei, hér er um að ræða, að sölufélagið tekur framleiðslu framleiðslufyrirtækisins í sínar hendur og hefur, eftir því sem helzt verður ráðið, fullkominn yfirráðarétt yfir framleiðslunni, þegar hún er komin til sölumeðferðar, og getur selt framleiðsluna á þann hátt, að sölufélagið geti farið að safna gróða. Þetta tel ég alveg fráleitt ákvæði. Og ég get í rauninni ekki skilið þetta á annan hátt en þann, að þetta fyrirkomulag hafi verið valið, þegar mönnum hefur ekki líkað það alls kostar vel á pappírnum að hafa hlutdeild útlendinganna svo mikla, að þeir raunverulega hefðu að meiri hluta yfirráðarétt í fyrirtækinu. En það er alveg augljóst, að hið erlenda sölufélag fær með þessum hætti fullkomin yfirráð yfir gangi þessa fyrirtækis. Mér sýnist t. d., að það geti ekki verið neitt því til fyrirstöðu, að þetta sölufélag beinlínis neiti því að selja framleiðslu framleiðslufyrirtækisins til hæstbjóðanda í ýmsum tilfellum. Sölufélagið hefur þarna einkaréttaraðstöðu, og það getur borið við mörgu, þegar það neitar að taka bezta tilboði, en velur að selja einhverjum öðrum, sem það getur auðvitað haft bein eða óbein hagsmunasambönd í. Þetta er því vægast sagt mjög óeðlilegt. Verði þessi háttur á hafður, að efnt verði til þessa sölufélags á þann hátt, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, að meiri hluti í eigu þessa sölufélags verði í höndum útlendra aðila og að sölufélagið hafi einkarétt til sölu á framleiðslunni, þá álít ég, að það sé algerlega óhjákvæmilegt að tryggja það, að slíkum samningi sé hægt að segja upp og það tiltölulega fljótlega. En hitt held ég þó miklu þýðingarmeira, ef hægt væri að breyta þessu ákvæði á þá lund, að sambandið við hið hollenzka fyrirtæki væri ekki víðtækara en svo, að það hefði aðalumboð fyrir hið íslenzka framleiðslufyrirtæki til sölumeðferðar á framleiðsluvörum þess. Það er auðvitað nauðsynlegt í ýmsum tilfellum að gera vel við sína umboðsmenn, sem eiga að fara með sölumálin á erlendum vettvangi, og það getur þurft að greiða þeim allvel fyrir í sumum tilfellum, það er rétt. En hitt nær vitanlega engri átt, að gefa þeim fullnaðarákvörðunarvald um það, hvaða verð skuli gilda á hverjum tíma, eða gefa þeim einkaréttaraðstöðu í sambandi við söluna.

Í frv. er á það minnzt, að það muni reynast nauðsynlegt, að ríkið felli niður eða lækki að meira eða minna leyti aðflutningsgjöld á efni og vélum til verksmiðjunnar, og í grg. er beinlínis tekið fram, að það megi búast við því, að þetta geti numið í kringum 20% af stofnkostnaðarverði hennar. Og einnig er síðan á það minnzt, að það muni þurfa að gera sérstakar breytingar varðandi skattamál fyrirtækisins eða þeirra aðila, sem að fyrirtækinu eiga að standa. Það kann vel að vera, að þetta reynist óhjákvæmilegt. En þá er líka rétt að hafa í huga, þegar menn meta gildi þessa fyrirtækis í samanburði við ýmis önnur fyrirtæki, sem við rekum í okkar landi, að hér er auðvitað um gífurleg fríðindi að ræða. Mér kemur það ekkert á óvart út af fyrir sig, að erlendir aðilar setji fram kröfur í þessa átt. Ég er líka alveg sannfærður um það, að þeir muni, ef þeir verða einhverjir þátttakendur að ráði í framleiðslu hér á landi á vöru til útflutnings, á vöru, sem á að keppa á erlendum markaði, gera kröfur um breytingar á fleiri liðum hér hjá okkur, sem eru hreint ekki sambærilegir við það, sem almennt gerist erlendis hjá þeim fyrirtækjum, sem eiga að keppa á erlendum mörkuðum. En íslenzk útflutningsframleiðsla hefur þurft að búa við þessi ákvæði og þarf að búa við þau í dag. Það er t. d. alveg útilokað að byggja síldarverksmiðjur á Íslandi nú í dag eða frystihús án þess að borga öll þessi gjöld. Og ég er líka sannfærður um það, að erlendir aðilar mundu fljótlega reka sig á það, að það er ekkert þægilegt að þurfa að borga 9—10% vexti af óhjákvæmilegu rekstrarfé í sambandi við útflutningsframleiðslu, þegar langalgengast er, að vextirnir í slíkum tilfellum erlendis eru ekki nema 3—5%. Það munar ekki litlu í slíkum tilfellum. Og allur kostnaðurinn hér hjá okkur er einmitt byggður upp á þessum grundvelli. Við vitum, að það er ekki hægt að koma upp meiri háttar raforkuverum á Íslandi án þess að borga þessa gífurlega háu

tolla og hækka stofnverð virkjananna á þann hátt, og síðan er verðlagningin á orkunni miðuð við þessa háu tolla. Okkar útflutningsframleiðsla í dag verður að standa undir þessu öllu saman. Sjávarútvegurinn hefur svo þurft til viðbótar við þetta að standa undir því, að hann verður að bera há útflutningsgjöld, sem beinlínis eru lögð á framleiðsluna, bæði til að byggja upp sérstaka lánasjóði og til annars.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að útlendingarnir koma til með að reka sig á það, þegar þeir fara að gera samanburð á möguleikum hér og möguleikum annars staðar, að útflutningsframleiðslan á Íslandi býr við mjög ósambærileg kjör við það, sem útflutningsframleiðsla í löndunum hér í kringum okkur býr við. En það má vel vera, að ekki verði undan því vikizt að vægja þarna nokkuð fyrir þessari nýju framleiðslu, létta þar af tollum, þó að enn um sinn verði hægt að halda því áfram að láta aðrar okkar útflutningsgreinar standa undir þessum gjöldum, en það mætti bara sýna mönnum, að okkar aðalútflutningsframleiðsla, sjávarútvegurinn, er ótrúlega hagstæð í samanburði við svo að segja alla aðra framleiðslu. Og ég er hræddur um það, að þeir, sem mest hafa talað um stóriðju og nýjar atvinnugreinar að undanförnu, eigi eftir að reka sig á þetta allóþyrmilega í framkvæmd, að þeir finna ekki auðveldlega framleiðslu, sem skilar raunverulega jafnmiklum hagnaði og okkar sjávarútvegsframleiðsla gerir.

Af þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir um þetta mál, tel ég alveg augljóst, að fyrirhuguð kísilgúrverksmiðja við Mývatn er ekki ýkjastórt fyrirtæki á íslenzkan mælikvarða mælt, en að þetta fyrirtæki getur eigi að síður haft mikla þýðingu í okkar atvinnulífi og þá vitanlega alveg sérstaklega fyrir þau svæði, þar sem þessi rekstur er ráðgerður að fara fram. Ég tel, að eðlilegast hefði verið, að verksmiðjan væri að öllu leyti eign íslenzka ríkisins og með sem allra minnstri beinni þátttöku erlendra aðila, að hægt hefði verið að koma við. En ég tel, að úrslitaþýðingu í þessu máli hafi þó, að Íslendingum sé tryggður alveg óskoraður réttur yfir fyrirtækinu öllu, þ. e. a. s. bæði yfir framleiðsluhluta þess og eins yfir þeim hlutanum, sem á að annast sölu á framleiðsluvörunum. Þetta skiptir vitanlega höfuðmáli.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að við Alþb.-menn viljum gjarnan styðja að framgangi þessa máls, en við viljum fyrst og fremst tryggja það, að yfirráð Íslendinga verði alveg ótvíræð yfir fyrirtækinu öllu.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 13. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, en ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. forseta og þó sérstaklega til hæstv. ríkisstj., að mér sýnist það óhæfilegt að ætla þessari hv. d. ekki nema 6 klukkustundir eða svo að jafnaði til fundarhalda á viku, þegar svo langt er liðið á þing og mál eins og t. d. þetta frv. bíða ýtarlegrar afgreiðslu í nefnd. Eins og ég sagði, ætla ég ekki að verða langorður um málið sjálft, en ég vil segja það, að enda þótt ég sjái ýmis misssmíði á undirbúningi þessa frv. og að sumu leyti á frv. sjálfu, þá vil ég eigi að síður lýsa yfir ánægju minni yfir því, að þetta mál skuli nú vera fram komið á Alþingi á þann hátt, að gert er ráð fyrir, að reist verði kísilgúrverksmiðja við Mývatn.

Alla tíð síðan Baldur Líndal efnafræðingur og síðar Tómas Tryggvason jarðfræðingur um eða laust eftir 1950 vöktu athygli á notagildi skeljaleirsins á botni Mývatns, hefur verið mikill áhugi fyrir þessu máli heima í héraði og þess beðið með nokkurri eftirvæntingu, að úr því yrði skorið, hvort þarna væri fyrir hendi rekstrargrundvöllur nýrrar útflutningsframleiðslu til styrktar atvinnulífi og byggð í héraðinu. Það var fyrir mörgum árum eða á Alþingi 1958, sem þáv. þm. S-Þing., núv. hv. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, flutti till. til þál. varðandi þetta mál, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta.

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar á þessu ári ganga til hreins um það með fullnaðarrannsókn og áætlunum, hvort arðvænlegt sé að vinna til útflutnings kísilleir þann, sem er á botni Mývatns og meðfram Laxá í Aðaldal. Komi í ljós að fullathuguðu máli, svo sem líkur virðast benda til, að vinnsla leirsins sé arðvænleg, leiti ríkisstj. úrræða til þess, að vinnslan verði hafin sem allra fyrst."

Þetta var á Alþingi 1958—1959, sem þessi till. var flutt og hlaut þá samþykkt Alþingis, en síðar, eða á Alþingi 1961, fluttu þm. Norðurl. e. ásamt tveim hv. landsk. þm. enn á ný till. til þál. um málið, sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort ekki sé arðvænlegt að koma upp verksmiðju til vinnslu kísilgúrs úr Mývatni, og kanna þá jafnframt, hverjar leiðir séu heppilegastar til þess að tryggja fjárhagsgrundvöll þeirrar framleiðslu."

Þessi till. var þá einnig samþykkt sem ályktun Alþingis um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Ég vil nú mega vænta þess, að sú verði niðurstaða þessa máls hér á Alþingi, að kísilgúrverksmiðjan við Mývatn verði reist eigi síðar en á árunum 1965—1666, eins og rætt er um í grg. frv. Hér væri um að ræða merkilegt nýmæli í atvinnulífi Íslands, þótt ekki sé e. t. v. sérlega stórt í sniðum, og staðsetning verksmiðjunnar er til þess fallin að efla byggð í landshluta, sem eins og sakir standa á eins og fleiri landshlutar í vök að verjast.

Um einstök atriði frv. ætla ég ekki að ræða hér, enda líkur til þess, að það verði til meðferðar í nefnd, sem ég á sæti í. En ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, vekja athygli á einu atriði, sem er það, að mér finnst, að ef

þetta frv. eða annað um þetta mál verður að lögum, þá ætti í þeim lögum beinlínis að gera ráð fyrir því, að ýmsir aðilar í þeim landshluta, sem hér á hlut að máli, eigi þátt í stofnun fyrirtækisins og hlutdeild í meðferð mála, eftir að það hefur verið stofnað. Það er að vísu vikið orðum að því í grg., að það mundi standa opið, ef framleiðslufélag verður stofnað, opið sveitarfélögum, sýslufélögum og bæjarfélögum að gerast eigendur að einhverju, a. m. k. að þeim hluta væntanlegs hlutafjár, sem ekki yrði í eigu ríkisins og ekki í eigu útlends aðila. En ég lít svo á, að í l. ætti beinlínis að áskilja þeim aðilum, sem standa nærri þessu máli á Norðurlandi, þátttökurétt í sambandi við stofnun þess fyrirtækis, sem hér er um að ræða, og stjórn þess.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki efna til neinna yfinga um þetta mál út af smávegis gagnrýni um einstaka þætti þess, sem fram hefur komið hér við 1. umr. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, og ég tel ekkert af því svo mikilvægt, að það sé ástæða til að karpa mikið um það. Aðalatriðið er hitt, að bæði hv. 1. þm. Austf. og 5. þm. Austf. og svo hv. 3. þm. Norðurl. e., sem nú var að ljúka máli sínu, hafa allir lýst sig í aðalatriðum samþykka þessu máli og lýst ánægju sinni yfir því, að efnt sé til þeirrar framkvæmdar, sem frv. ráðgerir, og má af því ætla, að þeir séu í aðalatriðum — í aðalatriðum segi ég — samþykkir þeim heimildum, sem ríkisstj. nú fer fram á til þess að koma málinu lengra áleiðis og í framkvæmd. Ég verð að vísu að játa það, að ég skil ekki almennilega þann tón, sem fram hefur komið, að ríkisstj. hafi haft eitthvað óviðurkvæmilegan hátt á meðferð þessa máls og það séu bara menn á sömu línu, sem unnið hafi að undirbúningi málsins og stjórnarandstaðan ekki verið kvödd til ráða, þetta leiði til tortryggni og einangrunar. Þetta fæ ég ekki skilið og alveg sérstaklega það, sem fram hefur komið og lýst af tveimur hv. þm., að tvisvar sinnum er búið að flytja og samþykkja þáltill. hér á hv. Alþingi, sem beinlínis skora á ríkisstj. að láta til sín taka og undirbúa framkvæmd þessa máls, fyrst árið 1958 og þá var það ályktun Alþingis, að á því ári yrði gengið til hreins um það með fullnaðarrannsókn og ásetlunum, eins og þar stendur, hvort arðvænlegt sé að vinna til útflutnings kísilleir þann, sem er á botni Mývatns, og svo aftur 1961, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, og voru þá margir flm. og Magnús Jónsson 1. flm., en hún hneig að því sama, sú ályktun, sem þingið samþykkti, að skora á ríkisstj. að láta nú þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort ekki sé arðvænlegt að koma upp verksmiðju til vinnslu kísilgúrs úr Mývatni, og kanna þá jafnframt, hverjar leiðir séu heppilegastar til þess að tryggja fjárhagsgrundvöll þeirrar verksmiðju.

Þetta er það, sem ríkisstj. hefur verið að gera. Áður en þessar till. voru fluttar, höfðu farið fram allverulegar rannsóknir, allt frá því rétt eftir 1950, og 1956 hygg ég, að það hafi verið, sem, eins og fram hefur komið, Baldur Líndal beinlínis hóf sinar tilraunir á vinnslu kísilgúrsins. Og ég gerði einnig grein fyrir því, að áður en þessar till. voru fluttar eða um það leyti höfðum við notið samvinnu þýzkra sérfræðinga á þessu sviði og frá þeirra hendi og svo frá rannsóknaráði ríkisins og raforkumálastjórninni lágu fyrir ýtarlegar skýrslur um málið 1961, þegar stóriðjunefnd var af þáv. iðnmrh., Bjarna Benediktssyni, falið þetta mál til meðferðar, að sjálfsögðu með það fyrir augum, að nú væri kominn tími til þess að fá fullreynt um möguleikana til þess, að úr þessu máli gæti orðið. En ég skal ekki fara fleiri orðum um það.

Ég er mér þess ekki vitandi, að ég hafi gert neina tilraun til þess að gera meira úr þessu máli en efni standa til, eins og aðeins mátti skilja á hv. 5. þm. Austf. Málið er í sjálfu sér, eins og fram hefur komið, ekki ýkjastórt í sniðum. En hins vegar er það nokkuð sérstaks eðlis, og hefur þurft að kanna ýmsar leiðir, áður en málið var talið komið á það stig, sem það nú er, en þegar frv. er lagt fram, vakir það fyrir ríkisstj., að með þeim heimildum, sem hún fer fram á, komist málið inn á nýtt framkvæmdastig og við taki stjórn bráðabirgðafyrirtækis eða undirbúningsfélags, sem hafi með höndum þann undirbúning og rannsókn, sem eftir er, til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir á næsta vori eða 1965.

Mér er ekki heldur ljóst, að neitt hafi komið fram í meðferð þessa máls, hvorki fyrr né síðar, sem gefi ástæðu til þess að ætla, að Íslendingar þurfi að sæta einhverjum afarkostum um sölu kísilgúrsins, og það er á misskilningi byggt, að þessu erlenda sölufélagi, sem ekki verður kaupandi að framleiðslunni, heldur félag til að selja framleiðsluna, eigi að tryggja einkasölu til þess um aldur og ævi. Það fylgir þessu frv. í fskj. nr. VII samkomulag það, sem síðast var gert við hollenzka fyrirtækið AIME í febrúarmánuði s. l., og það, sem þar segir um sölufélagið, er enn það eina, sem samið hefur verið um í sambandi við það, en það er aðeins viljayfirlýsing beggja aðila að hafa þennan hátt á framkvæmd málsins, að við hliðina á framleiðslufélaginu verði sölufélag, sem báðir aðilar séu eigendur að, eins og þar er nánar tilgreint, en samningagerð um það, með hverjum hætti salan fari fram og til hve langs tíma og hvaða fyrirvara framleiðslufyrirtækið geti haft á því að losna undan því samkomulagi, ef svo bæri undir, að það teldist óhagkvæmt á síðara stigi málsins, er enn eftir. En að sjálfsögðu getur ekki komið til mála, að það verði lagt í hendurnar á þessu félagi, sem erlendir aðilar hafa meiri hl. í, fyrirvaralaust og eins og sumir hafa borið í munn sér um aldur og ævi. Það held ég, að engum í raun og veru geti dottið í hug, ef því er að skipta, að hugsað sé um málið málefnalega. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að at-

huga, þó að nokkur tortryggni komi fram í þessu sambandi, og meina ég þá, að mér finnst ekki nema eðlilegt, að menn vilji láta í ljós viljayfirlýsingar sínar um það, að þegar að því komi að ganga frá samningsatriðum eins og þessum, þá sé tryggilega um þau búið.

Ég er nú ekki alveg viss um og segi það að gefnu tilefni, að það sé fullvíst, að það hafi verið eitthvert sérstakt happ fyrir okkur Íslendinga, sem við byggðum okkar sjálfstæðu tilveru á, eins og sagt hefur verið, að við hefðum sjálfir kosið að annast söluna á hraðfrysta fiskinum á bandaríska markaðinum. Það er margt, sem þar kemur til álita, og þó að mér sé ljóst, að það sölukerfi, sem þar hefur verið byggt upp, er nú orðið nokkuð gróið og mikils virði, þá hafa verið á því margir annmarkar og snöggir blettir og að mínum dómi alls ekki fullreynt, hvort annað fyrirkomulag á því sviði hefði ekki verið heppilegra. En um það skal ég ekki hafa fleiri orð. En þegar þetta mál hefur verið í undirbúningi, töldu allir aðilar í stóriðjunefnd, og það var einnig skoðun ríkisstj., að það gæti eðli málsins samkv. verið heppilegt og sennilega öruggara fyrir framtíð fyrirtækisins að hafa samvinnu við erlenda aðila um söluna á heimsmarkaðinum, sem væri háð nokkuð harðri samkeppni við fjársterka aðila.

Um þetta fyrirtæki, AIME, sem spurt var um, hvers konar fyrirtæki það er og hvort það hefði reynslu í að selja kísilgúr, þá hefur það enga reynslu í því nema það, sem það hefur verið að byggja upp og undirbúa sölu á kísilgúr úr þeim sýnishornum, sem unnin hafa verið af því magni, sem flutt var á haustinu 1961 til Hollands. En þetta er almennt sölufyrirtæki og nýtur góðs álits í sínu heimalandi, og að svo miklu leyti sem ég hef haft samband við aðila og fulltrúa þessa fyrirtækis, þá finnst mér engin ástæða til að bera í brjósti neina sérstaka trotryggni, þó að rétt sé að gæta allrar varúðar í sérhverjum skiptum, eins og hér um ræðir, við erlenda aðila.

Það er misskilningur, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Austf., að það mundi vera eitthvað á bak við þessa skiptingu á fyrirtækjunum og með því að hafa þau tvö, væri raunverulega verið að gefa hinum erlendu aðilum stærri hlutdeild en ella hefði orðið. Ég var iðnmrh. hér skamman tíma síðari hluta árs 1961 og átti þá viðræður við fulltrúa frá AIME í sambandi við þetta mál, og það kom aldrei neinn vilji í ljós af þeirra hálfu til þess að seilast til neinna meirihlutayfirráða í þessu félagi. Það var rætt, eins og margt annað, en þegar á það reyndi, var það ekki ósk þessara manna og kemur ekki heldur fram í þeirri skiptingu eða hugsanlegri hlutdeild, sem gerð er nánar grein fyrir í fskj. þessa máls.

Það var smáatriði í ræðu hv. 5. þm. Austf. um verðmæti verksmiðjunnar. Það skiptir ekki miklu máli, en ég vil þó leiðrétta það, að í þessum 130 millj., sem áætlaðar eru kostnaðurinn á verksmiðjunni, kemur það fram á bls. 12 í fskj. III, að aðflutningsgjöldin eru meðtalin í þessari upphæð, en heildarkostnaðurinn mundi lækka allverulega, ef sérstaklega væri samið um eftirgjöf þeirra, eins og frv. gerir ráð fyrir í 1. gr. að gæti orðið.

Ég held svo, að það sé ekki ástæða fyrir mig til þess að hafa um þetta fleiri orð nú. Ég skil ákaflega vel, að það kemur fram hjá hv. þm., að n. sú, sem fær málið til meðferðar, þurfi að skoða það gaumgæfilega. Ég hef sjálfur ekkert á móti því, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að það væru beinlínis heimildir í lögunum til þess, að sýslufélög og bæjarfélög og sveitarfélög, sem þarna standa nánast að, hefðu heimild til þátttöku í félaginu. Það kemur fram í grg., og það hefur alltaf vakað fyrir mér, og mér finnst það í sjálfu sér mjög eðlilegt og ekki nema skiljanlegt, að slíkir aðilar mundu láta í ljós óskir um það. Á því ætti ekki að vera nein fyrirstaða og er ekki af hálfu stjórnarinnar. Hvort ástæða þyki til af hv. n. að taka það inn í bein ákvæði frv., það kemur betur í ljós, þegar hún skoðar efni þess, en efnislega er ég á engan hátt á móti því.

Ég læt svo lokið þessu máli mínu og legg aðaláherzlu á það, að í heild hafa menn veitt þessu máli góðar undirtektir, og endurtek óskir um það, að framkvæmdin megi fara farsællega úr hendi.

Bergur Sigurbjörnsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., er mjög athyglisvert að því leyti, að hér gæti verið um það að ræða að skapa fordæmi fyrir samvinnu við erlenda aðila um stofnun fyrirtækja hér á landi og framleiðslu hér á landi. Ég skal ekki endurtaka þau varúðarorð og þá gagnrýni á þessu frv., sem komið hefur fram í ræðum hv. 1. þm. Austf. og hv. 5. þm. Austf. Á hitt vildi ég mega benda, að ég tel mikið lán í þessu sambandi fyrir okkur, ef þetta frv. verður samþykkt og úr þeim plönum verður, sem hér eru uppi, hvað málið er lítið. Ég tel það mikið lán, vegna þess að hin erlenda aðild að þessu litla máli getur ekki valdið neinu verulegu tjóni í efnahagslífi okkar, þó að hún gefist illa. Og ég vil alveg sérstaklega undirstrika það hér, að verði þetta frv. samþykkt og þessi verksmiðja byggð í megindráttum eins og í frv. því, er lagt er fram af hæstv. ríkisstj., segir, væri ákaflega hyggilegt, held ég, og skynsamlegt að láta líða nokkurn tíma, áður en í önnur fyrirtæki yrði ráðizt með erlendri aðild, til að sjá, hvernig þetta samstarf gæfist, fá reynslu af þessu litla fyrirtæki, áður en við hættum okkur út í stærri fyrirtæki með erlendri aðild, sem gætu, ef illa tækist til, valdið alvarlegu tjóni í okkar efnahagskerfi. Og þannig stendur nú á í dag og mun að minni hyggju verða næstu árin, að við þurfum ekki á því að halda að byggja hér stórfyrirtæki með erlendu fjármagni, vegna þess að okkur skortir ekki framleiðslufyrirtæki í þjóðfélaginu í dag, heldur vinnuafl, og svo mun verða næstu árin. Og meðan svo er, er ástæðulaust og gæti verið beinlínis hættulegt að stofna til stórra fyrir-

tækja, sem hér hefur verið kallað stóriðja, með erlendu fjármagni og erlendri íhlutun, því að það gæti ekki haft annað í för með sér í fyrstu umferð en það, að lögð yrðu niður íslenzk framleiðslufyrirtæki, sem nú eru starfrækt og í fullum gangi í okkar hefðbundnu atvinnuvegum.

Það voru aðeins þessi atriði, sem ég vildi mega undirstrika til viðbótar við það, sem hér hefur verið sagt um þetta frv. af stjórnarandstöðunni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. sagði. Honum fannst ekki sanngjarnt, að ég ræddi það í sambandi við þetta mál, að réttara væri að hafa þann hátt á, að í þeim n., sem undirbyggju veruleg nýmæli, sem snertu stefnur í atvinnumálum, ættu sæti fulltrúar frá stjórnmálaflokkunum, öðrum en stjórnarflokkunum, og aðrir en þeir, sem væru beinlínis á vegum stjórnarflokkanna þá og þá. Ég notaði hins vegar tækifærið og reyndi að undirstrika enn einu sinni í sambandi við þetta mál þá skoðun, sem ég hef oft látið í ljós, að hyggilegra muni vera, þegar um stórmál er að ræða og sérstaklega þegar um verulegar nýjungar er að ræða, að hafa til ráðuneytis annaðhvort þingkjörnar mþn. eða þá að ríkisstj. hefði þann hátt á að velja ekki einlitt pólitískt í slíkar nefndir. Ég benti núna á þetta vegna þess m. a., að stóriðjunefndin hefur haft þetta mál með höndum, en hún er einmitt valin, að því er mér virðist, á þann hátt, sem ekki er heppilegur, og vísa ég þar til þess, sem ég hef sagt um heppilegri allsherjarreglu en kemur fram í vali hennar. En stóriðjunefndin hefur haft þetta mál með höndum, og taldi ég þess vegna rétt að vekja enn einu sinni athygli á þessu vinnubragðaatriði í sambandi við þetta mál.

Vona ég, að hæstv. ríkisstj. taki þetta til yfirvegunar og þá m. a. þá uppástungu, sem ég og fleiri höfum gert á öðru þskj. um að breyta til varðandi athuganir á stórvirkjunum og stóriðju yfirleitt, með sérstöku tilliti til þess, hvað þar er um nýstárleg mál að ræða.

Ég hef ekki deilt á hæstv. ríkisstj. fyrir að leitast við að framkvæma þáltill. um athugun á því að koma upp verksmiðju til vinnslu kísilgúrs við Mývatn, síður en svo. Það var hins vegar þetta fyrirkomulagsatriði, sem er mjög þýðingarmikið og ég leyfði mér að benda á í þessu sambandi.

Þá minnti ég hér á nokkur atriði um daginn, sem mér sýndist ástæða til að draga fram, sérstaklega í sambandi við samninginn, sem birtur er með frv., samninginn við hina erlendu aðila. Ég sagði þá, að það væri ekki alveg ljóst, hvort hér væri birtur orðréttur þýddur samningur, sem gerður væri við þessa aðila, eða hvort hér væri að einhverju leyti um útdrátt að ræða, en þó væri ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að öll efnisatriði þess samkomulags, sem gert hefði verið, væru tekin fram. En það er tekið fram, að samkomulag þetta hafi verið gert 27. febr. 1964 milli stóriðjunefndar og fulltrúa fyrirtækisins erlenda, sem þá voru staddir í Reykjavík, og samkomulagið er birt hér á þskj. Í þessu samkomulagi stendur, að hlutafélagið, sem á að koma á fót erlendis og á að vera eign útlendinga að meiri hluta til, skuli eitt hafa rétt til þess að selja framleiðslu kísilgúrfélagsins utan Íslands. Og þar er enginn fyrirvari á og ekkert gefið í skyn um það, að sá samningur skuli vera tímabundinn eða með nokkrum fyrirvörum. Það var þetta atriði, sem ég leyfði mér sérstaklega að gera að umtalsefni og sýna fram á, að jafnvel þótt menn kæmust að þeirri niðurstöðu, að það væri nauðsynlegt eða hyggilegt að fela einhverju félagi sölu á vörum verksmiðjunnar, þá mætti slíkt ekki með nokkru móti vera þannig, að það væri óafturkallanlegt, heldur yrðu að vera á því sterkir fyrirvarar, en ekki þannig um búið, að íslenzka verksmiðjan væri í raun og veru alveg lögð undir sölufélagið. Ég færði rök fyrir því, að svona þyrfti þetta að vera, það þyrfti að vera þannig, að samningur væri tímabundinn og einnig uppsegjanlegur, ef þessi leið með sölufélagið dæmdist skynsamleg eða nauðsynleg.

Nú heyri ég, að hæstv. ráðh. tekur þessu vel og segir, að hér sé aðeins um drög að samkomulagi að ræða, en ekki fullgerða samninga. Það eru því nýjar upplýsingar, sem hér koma fram í málinu, að hér sé ekki um fullgerðan samning að ræða, heldur aðeins drög að samkomulagi, sem svo sé eftir að útfæra á ýmsar lundir. Og þ. á m. segir hæstv. ráðh., að í þann samning, sem kæmi til greina, yrði að setja ákvæði, sem sýndu greinilega, að hér væri ekki ætlazt til, að fyrirtækið hefði einkarétt um aldur og ævi, og gera aðra fyrirvara, sem væru nauðsynlegir til að innlenda verksmiðjan væri raunverulega frjáls og þarna væri raunverulega um sölufélag að ræða. Ég lýsi ánægju minni yfir því, að þessu er svona varið, að hér er aðeins um lausleg drög að ræða, en ekki búið að ganga frá neinu, og líka ánægju minni yfir undirtektum hæstv. ráðh. um, að þetta þurfi einmitt að tryggja í því samkomulagi, sem síðar verði gert. Vænti ég og, að þetta verði tekið til athugunar í þeirri n., sem málið fær til meðferðar.

Annað atriði drap ég einnig á, og það var, að talað er um í fskj. eða þessum drögum að samkomulagi, sem ég vil nú kalla eftir þessar upplýsingar ráðh., að félögin tvö skuli gera með sér samkomulag, sem tryggi sanngjarna skiptingu hagnaðar milli félaganna. Mér kom þetta einkennilega fyrir og kemur enn. Ég hafði gert ráð fyrir því, að hér væri um tvö fyrirtæki að ræða, annað, sem framleiddi vöruna og ætti að hafa rekstrarútkomu í samræmi við framleiðsluna, þ. e. a. s. fá eðlilegt verð fyrir sínar framleiðsluvörur og standa og falla með því, en á hinn bóginn væri svo um sölufélag að ræða, sem ætti að fá þóknun og greiðslu fyrir að selja vöruna. Ég bað um skýringar á, hvernig á þessu ákvæði stæði og hvað það raunverulega þýddi, hvernig þetta væri hugsað. En hæstv. ráðh. gaf engar upp-

lýsingar um þetta. Má vera, að hann hugsi sér að upplýsa það nánar í þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar. En þetta atriði þarf að skýrast, áður en meðferð málsins er lokið á hv. Alþingi, hvernig þetta er hugsað.

Hæstv. ráðh. upplýsti, að firmað, sem hér hefur verið haft samband við, sé verzlunarfirma og hafi ekki neitt sérstaklega fengizt við að selja þessa vöru, en eftir því sem hann hafi fengið upplýsingar um og þeir, sem að þessu máli standa, njóti það góðs álits og hafi myndarlega sölustarfsemi.

Ég spurði um þetta aðallega til þess að fá að vita, hvort þetta firma hefði yfir nokkurri sérþekkingu að ráða í þessu sambandi, sem þyrfti að slægjast eftir, og svar hæstv. ráðh. er náttúrlega ótvírætt um, að ekki er um slíkt að ræða, a. m. k. ekki tæknilega þekkingu.

Vegna ummæla, sem hæstv. ráðh. lét falla almennt um sölu á íslenzkum vörum, þar sem hann sagði, að hann væri ekki alveg viss um, að það hefði verið sérstakt happ að byggja upp okkar eigin sölukerfi á hraðfrysta fiskinum, eins og gert hefði verið, vil ég aðeins enn og aftur nota þetta tækifæri til að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ég tel það alveg sérstakt happ, einmitt alveg sérstakt happ, að Íslendingum hefur tekizt að byggja upp erlendis eigin sölukerfi fyrir jafnþýðingarmikla vöru og hraðfrysta fiskinn og framleiða hann beint inn í þetta sölukerfi í stað þess að leggja fiskinn inn í sölukerfi erlendra aðila. Ég tel þetta eitt hið allra þýðingarmesta fyrir smáþjóð, að geta haft vald á framleiðsluvöru sinni og selt hana þar, sem bezt býðst, og geta annazt sölu sjálf, en vera ekki háð dreifingarkerfum annarra. Það eru til í heiminum ýmsir stórir hringar, sem hafa með höndum fiskiðnað t. d., og þeir hafa mjög stór sölukerfi víðs vegar um heiminn. Þeir leggja alveg gífurlegt kapp á að hafa söluna með höndum sjálfir sem víðast í heiminum til þess að fá allt út úr þessu, sem hugsanlegt er, til sín og vera ekki öðrum háðir.

Ég tel, að það sé mikið neyðarúrræði fyrir Íslendinga að þurfa að notfæra sér þjónustu annarra í þessu tilliti, því að með því móti verða menn aldrei eins frjálsir. Það er ætíð sú hætta, að menn verði háðir þeim, sem hefur söluna með höndum, ef hann hefur sölukerfið í sínum höndum. Þetta tel ég stórkostlegt mál fyrir Ísland, að einmitt hefur svona skipazt með sölu á þessum aðalafurðum, freðfiskinum.

Ef við lítum svo til framtíðarinnar t. d. varðandi sölu á vörum eins og niðurlagðri síld og niðursoðinni síld og öðru þess konar, þá er auðvitað við mikinn vanda að fást. Það væri auðvitað langæskilegast, að Íslendingar gætu komizt upp á lagið með að framleiða slíkar vörur og selja þær sem íslenzkar vörur, sem sínar vörur, á erlendum mörkuðum og gætu sjálfir náð verzlunarsamböndum með þessar vörur, eins og með hraðfrysta fiskinn. Þetta finnst mér að væri langsamlega æskilegast og þyrfti að verða. En svo er aftur önnur leið, sem dálítið er komin til greina hér. Vegna þess, hve erfitt er að afla markaðanna fyrir niðurlögðu vörurnar og niðursoðnu vörurnar, er orðin tilhneiging hjá ýmsum áhugamönnum að koma upp samböndum við erlenda aðila, sem hafa sölukerfi. T. d. hygg ég, að sé í uppsiglingu hér að hafa samvinnu við norskan aðila, sem framleiðir þessar vörur, og þá skilst mér, að varan, sem hér er framleidd, verði sett inn í sölukerfi hans. Menn eru frjálsir að því að reyna slíkar aðferðir, og ég vildi óska þess, að það gengi sem bezt fyrir þeim, sem reyna þetta. En ekki finnst mér þetta vera eins æskileg leið og hin. Það æskilegasta væri að geta haft þetta á eigin vegum eins og freðfiskinn, og þess vegna hefði ég verið miklu ánægðari með þetta mál, ef menn hefðu treyst sér til, að verksmiðja við Mývatn brytist sjálf í því að koma þessum vörum á markað og selja þessar vörur erlendis, fengi sér umboðsmenn með venjulegum hætti, en þyrfti ekki að lúta því, að búið væri til félag af þeirri tegund, sem hér er gert ráð fyrir og kallað sölufélag. Ég hefði verið miklu ánægðari, ef menn hefðu treyst sér til að ganga í þetta mál á þennan hátt. En það má vera, að slíkt væri of áhættusamt og það þurfi að hafa sérstakt samband við félag í þá átt, sem hér er ráðgert. En þá er auðvitað þýðingarmikið, að sem bezt sé frá öllu gengið og menn séu ekki háðari þessu félagi erlendra, sem hefði sölukerfið, en ástæður standa til og góðu hófi gegnir. Ég heyri, að hæstv. ráðh. hefur opin augun fyrir því, að um þetta þurfi að setja ákvæði í þá samninga, sem endanlega kunna að verða gerðir, og að hér er aðeins um drög að ræða. Ég vona því, að það verði samkomulag um að ganga vel frá þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 425, n. 513).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Iðnn. hefur á nokkrum fundum rætt frv. á þskj. 425 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og orðið sammála um að mæla með, að það verði samþ. með viðaukatill. við 4. og 6. gr. þess, eins og fram kemur í nál. Tveir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Fulltrúi frá Alþb. sat fundi n. og fylgdist með störfum hennar.

Eins og fram kemur í aths., sem lagafrv. fylgja, er það árangur langs undirbúningsstarfs, er unnið hefur verið á undanförnum árum, og hafa margir þar lagt hönd á plóginn.

Stóriðjunefnd mun hafa annazt hinar viðskiptalegu athuganir og samningaviðræðurnar, sem við það hafa verið tengdar. Hins vegar

hefur hin tæknilega hlið málsins verið í höndum raforkumálastjóra og rannsóknaráðs ríkisins.

Frv. fylgir ýtarleg grg. og aths. við hverja einstaka gr. þess. Þá fylgja því og 6 álitsgerðir og samkomulag við hollenzkt félag, sem skammstafað er AIME. Að álitsgerðum þessum hafa m. a. unnið Baldur Líndal efnaverkfræðingur, Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri og Ólafur Jóhannesson lagaprófessor.

Varðandi efni frv. og tilgang leyfi ég mér að vísa til fyrrnefndra gagna og þá einnig til hinnar ýtarlegu framsöguræðu hæstv. iðnmrh., sem hann flutti hér við 1. umr. málsins.

Hæstv. iðnmrh. mætti á fundi hjá n. og gaf henni margar upplýsingar og vil ég mega leyfa mér að geta nokkurra þeirra, sem hann lagði skriflega fyrir nefndina.

Varðandi aðgerðir við að tryggja sanngjarna skiptingu hagnaðar á milli félaganna, sem á að stofna, upplýsti ráðh., að í viðræðum við hið hollenzka félag hefði komið fram, að gera þyrfti sérstakt samkomulag á milli sölufélagsins og framleiðslufélagsins, annaðhvort um sölukostnaðinn eða verð til framleiðslufélagsins pr. tonn, og byggja þar á þeim áætlunum og upplýsingum, sem fyrir lægju um bæði framleiðslukostnað og sölukostnað. Með slíku samkomulagi yrði stefnt að því, að hagnaður af hlutafé í sölufélaginu yrði ekki meiri en af hlutafé í framleiðslufélaginu. Ekki er hægt að ganga frá slíku samkomulagi, fyrr en fyrir liggur, hvernig salan fer fram í einstökum atriðum. Um sölufélagið upplýsti ráðh. m. a., að aldrei hefði verið rætt um annað við AIME en einkasöluréttur sölufélagsins yrði háður endurskoðun, sem semja þyrfti um. Hin gagnkvæma hlutafjáreign á að stuðla að því, að slíkt samkomulag geti náðst.

Þá er varðandi rétt ríkisins til þess að eignast hlutabréf hinna erlendu aðila í sölufélaginu eftir tiltekinn tíma. Ríkið hefur ekki formlega áskilið framleiðslufélaginu rétt til að eiga meira en 40% hlutafjárins í sölufélaginu. Hins vegar er því áskilinn forkaupsréttur að þeim bréfum í sölufélaginu, sem AIME kann að vilja selja síðar meir. Telja verður líklegt, að í samningum um einkasölurétt félagsins muni AIME áskilja, að ríkið kaupi hlutabréf þess í báðum félögunum, ef sölufélagið yrði svipt einkasöluréttindum. Engir örðugleikar ættu að vera á því að ná samkomulagi í þessa átt.

Þá lágu fyrir nokkrar upplýsingar um væntanlegt sölufélag. Sölufélagið er miðlungsstórt fyrirtæki, sem upphaflega hafði með höndum námurekstur í nýlendum Hollendinga, en annast nú fyrst og fremst sölu og dreifingu á ýmiss konar efnavörum, einkum mangan og öðrum hráefnum. Fyrirtækið hefur umboðsmenn um alla Evrópu auk eigin sölumanna. Dreifingarkerfi þess virðist henta sérlega vel til dreifingar á kísilgúr. Á hinn bóginn hefur það ekki reynslu í dreifingu á kísilgúr sérstaklega. Sala á honum er svo til eingöngu í höndum núverandi framleiðenda, þ. e. a. s. væntanlegra keppinauta okkar. Hér er því ekki um annað að ræða en að byggja upp nýtt og sjálfstætt sölu- og dreifingarfyrirkomulag.

Í s. l. 3 ár hefur félagið unnið mikið starf við að kanna kísilgúrmarkaðinn og m. a. komið upp skrá yfir þær þúsundir aðila, sem kaupa kísilgúr í Evrópu. Hefur fyrirtækið gert sér far um að vera sem bezt undir það búið að annast beint eða óbeint kísilgúrsölu í Evrópu. Ef við ættum að annast söluna sjálfir, mundi það áreiðanlega krefjast mjög mikils undirbúnings í langan tíma.

Helztu markaðslöndin fyrir kísilgúr munu verða Bretland, Frakkland, Vestur-Þýzkaland, Holland og Belgía.

Í n. var allmikið rætt um hina svonefndu tvísköttunarsamninga, og kom þar m. a. eftirfarandi fram: Í fyrsta lagi, að Ísland er aðili að eftirtöldum samningum til þess að koma í veg fyrir svonefnda tvísköttun. Í fyrsta lagi er samkomulag milli Íslands og Stóra-Bretlands um gagnkvæmar undanþágur frá tekjuskatti af hagnaði af skipaútgerð. Þetta samkomulag var gert 1928 og birt í Stjórnartíðindum 1930. Í öðru lagi er samningur milli Íslands og Belgíu til þess að forðast tvísköttun á tekjum siglingafyrirtækja landanna. Þessi samningur var undirritaður 1928 og gekk samkvæmt sérstöku ákvæði í gildi 1930 og birtur í Stjórnartíðindum 1931. Í þriðja lagi samkomulag milli Íslands og Sviþjóðar til þess að komast hjá tvísköttun á tekjum og eignum. Samningurinn var undirritaður 1937 og birtur 1938. Í fjórða lagi samningur milli Íslands og Danmerkur til þess að komast hjá tvísköttun á tekjum og eignum. Sá samningur var undirritaður 1939 og birtur síðar á árinu 1939. Í engum þessara samninga er gert ráð fyrir því, að skattlagður sé hér á landi sá arður, sem greiddur er til erlendis búsettra aðila og á rót sína að rekja til hlutafjáreignar af íslenzku fé. Sama máli gegnir um nýjan tvísköttunarsamning við Sviþjóð, sem nú er í undirbúningi. Samkv. upplýsingum frá ríkisskattstjóra hefur sú stefna verið tekin að viðhalda skattfrelsi að þessu leyti, þegar Norðurlöndin eiga í hlut, á hinn bóginn megi ætla, að gagnvart öðrum löndum verði stefnt að því að skattleggja að einhverju leyti hér á landi þann arð, sem greiddur er út úr landinu.

Í 8. gr. kísilgúrfrv. er þannig gert ráð fyrir, að heimilt sé að skattleggja umræddan arð að nokkru leyti hér á landi. Er talið eðlilegt að fylgja í því efni till. Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, enda á lausn á þeim grundvelli mestu fylgi að fagna meðal aðildarríkja. Till. er birt í íslenzkri þýðingu sem fskj. nr. V, með frv. Samkv. henni mundi heimilt að leggja skatt á arðgreiðslu kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn til sölufélagsins og mætti sá skattur mest nema 15% af brúttóupphæð arðsins. Með fyrirkomulagi því, sem 8. gr. frv. gerir ráð fyrir, er gengið skemmra til móts við hagsmuni útlendinga en gert hefur verið í þeim tvísköttunarsamningum, sem Ísland er aðili að.

Hjá n. mættu, auk hæstv. iðnmrh., Baldur Líndal efnaverkfræðingur og Steingrímur Hermannsson, formaður rannsóknaráðs ríkisins. Þeir greiddu úr ýmsum spurningum varðandi hina tæknilegu hlið málsins og lýstu fyrir n. sölumöguleikum á kísilgúr. Þeir töldu m. a., að jarðhitinn réði úrslitum um það, að unnt væri með hagkvæmu móti að vinna kísilgúr úr Mývatni, einnig að söluhorfur mættu teljast góðar, þar sem efnið væri mikið notað við margvíslega framleiðslu og ekki væru horfur á, að eftirspurn eftir því mundi fara minnkandi. Kísilgúrinn væri t. d. notaður sem fyllliefni við lyfjagerð, framleiðslu á málningu og síun fyrir margvíslega vökva. Sölumöguleikarnir ættu því að fara vaxandi.

Fyrir atvinnulíf okkar Íslendinga er það án efa þýðingarmikið að fá nýjar framleiðslugreinar, sem ekki eru allt of háðar aflabrögðum og duttlungum veðráttunnar. Hafa verður það í huga, að þjóðinni fjölgar ört og því meiri og meiri þörf fyrir ný verkefni og aukna fjölbreytni í atvinnuháttum. Að sjálfsögðu er enn margt ógert á því sviði að hagnýta betur en verið hefur sjávaraflann og landbúnaðarframleiðsluna, en ekki má vanrækja iðnaðinn, ef vel á að fara, og í fallvötnum landsins höfum við orku, sem endast mun langt fram í tímann. Með stofnun og starfrækslu kísilgúrverksmiðjunnar er farið inn á nýjar brautir, þar sem framleiðsla hennar verður útflutningsvara, sem allir vona að afli þjóðinni öruggra gjaldeyristekna á komandi árum. Staðsetning verksmiðjunnar við Mývatn í Suður-Þingeyjarsýslu er og tvímælalaust æskileg frá því sjónarmiði séð, að allur iðnaður landsmanna eigi ekki að vera á allt of takmörkuðum svæðum.

Eins og ég gat um, flytur n. tvær brtt. við frv., að sveitarfélög á Norðurlandi skuli hafa rétt til þess að gerast hluthafar í félögunum, sem stofnuð verða um verksmiðjuna, og að fulltrúar ríkissjóðs í stjórn hlutafélags samkv. 1. gr. frv. skuli kosnir af Alþingi. Þarfnast þessar till. ekki nánari skýringa.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska eftir því, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkrar upplýsingar, sem ég vildi afla mér og ég vil spyrja hæstv. ráðherra um, þar sem hv. frsm. er nú í forsetastól.

Í fskj. VII, á bls. 23, með þessu frv. er birt samkomulag við AIME, sem gert var 27. febr. 1964. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkomulag þetta var gert 27. febr. 1964 milli stóriðjunefndar og fulltrúa AIME, sem þá voru staddir í Reykjavík. Það hefur síðan verið staðfest af AIME og ríkisstjórn Íslands. Staðfestingin var að sjálfsögðu með þeim fyrirvara, að Alþingi veitti nauðsynlega lagaheimild til að framkvæma samkomulagið."

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Lítur hann svo á, að þegar búið er að samþ. þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, þá sé hæstv. ríkisstj. búin að fá heimild til þess að framkvæma það samkomulag, sem birt er sem fskj. með þessu frv.?

Ef það er svo, að skilja á frv. sem heimild til ríkisstj. til þess að framkvæma þetta samkomulag, þá sýnist mér, að það sé samkomulagið, eins og það liggur fyrir. Og ekki getur Alþingi verið að veita heimild til þess að framkvæma eitthvert annað samkomulag en þarna er. Ég lít svo á, ef þetta er heimild fyrir hæstv. ríkisstj. til að framkvæma þetta samkomulag, þ. e. þennan samning eða samningsuppkast eða hvað á að kalla það, sem birt er hér með, þá verði það samkomulag eða samningur að vera þannig.

Í öðru lagi vil ég benda á, að í þessu samkomulagi, sem ég minntist á, segir á bls. 24 í þskj., með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutafélag þetta skal eitt hafa rétt til þess að selja framleiðslu kísilgúrfélagsins við Mývatn utan Íslands."

Nú hefur hv. frsm. getið þess, að n. hafi fengið þær upplýsingar hjá hæstv. ráðherra, að þetta ákvæði, eins og hann orðar það, sé háð endurskoðun, ef samkomulag verði um. Á þá að skilja það svo, að eftir að búið er að stofna þetta hlutafélag, þá eigi að óska samkomulags við hið erlenda félag um að breyta þessu, eða á að stofna hlutafélagið um þennan samning og félagið hafi þennan einkarétt? Eiga Íslendingar að fara bónarveg að hinu erlenda félagi, eftir að búið er að gera þennan samning og staðfesta hann, eða á að breyta þessum samningi, áður en hlutafélagið er stofnað?

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vildi svara þessu strax til þess að taka af hér allan efa um misskilning.

Hv. 3. þm. Vestf. virðist líta svo á sem það samkomulag, sem hér er sem fskj. VII, sé það samkomulag, sem verða muni og annað ekki á milli félaganna, ef heimildir þær eru veittar, sem í frv. þessu felast. Liggur í hlutarins eðli, að hér er auðvitað um mikinn misskilning að ræða, því að það er í raun og veru ekki annað, þetta samkomulag, heldur en yfirlýsing frá beggja aðila hálfu um það, hvernig þeir í aðalatriðum ætla að haga sínu samstarfi. Og auðvitað var talað um það og gert ráð fyrir því í viðræðum hér við Hollendingana, að ef þessi heimild fengist hjá ríkisstj., þá yrðu teknir upp samningar, raunverulegir samningar um það, hvernig háttað skyldi skiptum sölufélagsins við verksmiðjufélagið. Það ber þess vegna að líta á það, sem segir á bls. 24, í fskj. VII, eins og ég reyndar hef tekið fram áður hér við 1. umr. þessa máls, sem stefnuyfirlýsingu af hálfu aðilanna um það, að þetta hlutafélag skuli eitt hafa rétt til þess að selja framleiðsluna á grundvelli þess nánari samnings, sem um það verður gerður bráðlega. Það getur vel svo farið, bæði af okkar hálfu og einnig af þeirra hálfu, að það takist ekki að ná endum saman um nánari samningagerðir. En það er auðvitað alveg tilgangslaust að fara að ganga nánar í samningagerðir, ef ekki fást

heimildir af hálfu þingsins til þess að gera þær við viðkomandi aðila. En það sjá allir í hendi sér, að þetta getur ekki verið sá endanlegi samningur, sem um það yrði gerður, hvernig haga skuli sölufyrirkomulagi, tímalengd samnings og uppsagnarákvæðum og öðru slíku, og þetta er Hollendingunum að sjálfsögðu fyllilega ljóst.

Mér var kunnugt um það, sem n. setti um þetta atriði sem hugleiðingar frá sér í nál., og taldi, að það væri alveg eðlilegt, og féllst fullkomlega á það. Ég vildi, að menn eyddu ekki tíma í að ræða um þetta atriði eða að það fjarlægðist í upphafi allur sá misskilningur, sem gæti orðið um þetta atriði, því að menn hljóta að sjá það sjálfir, að hér liggur ekki fyrir samningur, sem hægt er að hefja samstarf um, heldur grundvallaryfirlýsing um það, að þessir aðilar vilji semja í stórum dráttum eins og þarna er lýst, þ. á m. um einkaréttaraðstöðu. En það getur vel farið svo, eins og ég sagði, að það samkomulag náist ekki, að það gangi ekki saman með okkur, þegar við eigum að semja um það nánar, og það getur alveg eins komið frá þeirra hálfu og okkar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þingflokki Alþb. gafst tækifæri til að fylgjast nokkuð með þessu frv., meðan það var rætt í hv. iðnn., og ég vildi nú aðeins koma með, — þar sem mér gafst nokkur kostur á að vera það, — mínar persónulegu hugleiðingar í sambandi við þetta.

Það er tvennt, sem mælir algerlega með þessu frv. Annað er það, að það hráefni, sem þarna virðist eiga að vinna, sé gott. Baldur Líndal efnaverkfræðingur virðist hafa unnið mjög gott starf og beitt sinni þekkingu til þess að ráða fram úr nokkrum vanda, sem skapaðist á vissu tímabili um að geta framleitt eins gott hráefni úr þessu og nauðsyn var á. Og það virðist vera svo, að það hráefni, sem þarna virðist vera hægt að vinna, þoli samkeppni við það bezta, við það ameríska hráefni, sem ella er til á þessum markaði, þannig að hvað tæknilegu hliðina snertir þá virðist þetta vera í lagi. Í öðru lagi mælir það með þessu, að þessi kísilgúr er í Mývatni, þannig að sú verksmiðja, sem ráðizt yrði í, er á Norðurlandi, er úti í dreifbýlinu, eins og við mundum kalla það. Ég býst ekki við, að Alþingi mundi detta í hug að ráðast í þetta fyrirtæki, ef þessi sami kísilgúr væri hér í einhverju stóru vatni á Suðurlandi. Þetta tvennt er það, sem mælir með þessu frv. og með því að ráðast í þetta. Ég vil undirstrika það hvort tveggja mjög, og ég býst við, að þetta séu þær forsendur, sem gera það að verkum, að rætt er um og hæstv. ríkisstj. leggur til og n. er henni sammála um að samþ. þetta frv.

Nú vildi ég hins vegar segja það persónulega í sambandi við þessi mál, að ég álít, að það væri ákaflega æskilegt, að það væri hægt að ræða iðnaðarmálin, sem við Íslendingar erum að leggja í, án tillits til þess pólitíska ágreinings, sem kann að vera um þau, eða ýmislegs, sem við berum hver á annan í þessu sambandi, þannig að við reyndum nokkuð að læra af okkar reynslu, þegar við erum að feta fótsporin áfram á þessu sviði, sem við erum nýbyrjendur í. Okkar sérgrein er sjávarútvegur, fiskiðnaður og landbúnaður, og þar þykjumst við kunna fótum okkar forráð. Þegar við erum að byrja í iðnaðinum, jafnvel þó að það séu okkar eigin afurðir, sem við vinnum úr, gerum við mistök stundum. Og ég held, að við eigum að setja okkur það, þegar við erum nú að leggja í iðnað, að reyna að læra af þeim mistökum. Ég álít að vísu, að stundum höfum við kannske gefizt of fljótt upp í slíkum efnum, en stundum höfum við líka rasað um ráð fram. Við höfum reynt í sambandi við síldariðnaðinn hjá okkur erfiðleikana í sambandi við Faxa og Hæring. Við höfum lagt í iðnað, sem stendur hjá okkur, eins og sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna, og ég býst við, að ef við ættum að ákveða það hvort tveggja í dag með þeirri reynslu, sem við höfum, hefðum við haft vélar áburðarverksmiðjunnar öðruvísi, keypt þær öðruvísi inn og haft kornastærðina öðruvísi, undirbúið þetta tæknilega betur. Og ég býst jafnvel við, að við hefðum staðsett sementsverksmiðjuna líka öðruvísi.

Við vitum, hvað við höfum ráðizt í af öðru. Við höfum reynt með glerverksmiðjur og annað slíkt. Við höfum reynt með niðursuðuverksmiðju, eins og núna á Siglufirði, hlut, sem við ráðum ágætlega við hvað gæði snertir, en við höfum ekki ráðið við hvað sölu snertir enn sem komið er. Ég held þess vegna, að þegar við ræðum um þessi iðnaðarfyrirtæki okkar, þurfum við að reyna að koma okkur niður á það, að það, sem okkur hefur mistekizt í því, sem við höfum gert fram að þessu, þurfum við að reyna að hafa í huga, þegar við ákveðum það næsta.

Það, sem þá verður fyrst fyrir mér af þeim vandamálum, sem standa í sambandi við þessa verksmiðju, sem við erum hér að ræða um, er spurningin um söluna. Eins og gefur að skilja, þurfum við að reyna að tryggja okkur sem bezt með markað fyrir þá vöru, sem við þarna ætlum að framleiða. Og ég held, að það sé ljóst, og ég vona, að allir þm. geri sér það ljóst, að þegar við erum að ræða um þessa vöru nú sem stendur, getum við ekki selt fyrir fram af henni eitt einasta tonn og erum ekki vissir um að geta selt eitt einasta tonn. Við vitum, að það er markaður fyrir þetta og varan er góð. Það höfum við vitað um ýmsa aðra ágæta vöru, sem við framleiðum. Við settum upp verksmiðju jafnvel í miðri London til þess að selja, og við vissum, að þar var nægur markaður, en við gátum ekkert selt og urðum að gefast upp, vegna þess að það voru svo öflugir keppinautar, svo sterkir einokunarhringar, sem við áttum í höggi við, að við treystum okkur ekki. Okkur tókst þetta sama hins vegar í Bandaríkjunum og hefur gengið ágætlega með það. Við vitum, að það

hollenzka félag, sem við erum þarna í samningum við, er enginn sérfræðingur í þessum efnum og hefur engan sérstakan markað hvað kísilgúr snertir, en virðist annars vera bæði mjög fjársterkt félag og hafa góð sölusambönd almennt í Vestur-Evrópu. Hins vegar er það upplýst í iðnn., að stærsti framleiðandinn í Vestur-Þýzkalandi í kísilgúr, sem framleiðir um 10 þús. tonn á ári, skilst mér, af kísilgúr og enn fremur ýmislegt af öðruvísi gúr, hefði um tíma máske verið til viðtals um að kaupa eða gera einhvers konar samkomulag, en síðan dregið sig til baka, og sá hinn sami stórframleiðandi er sá aðili, sem hefur umboðin fyrir stærstu amerísku félögin, stærstu amerísku samsteypurnar af þeim, sem flytja jafngóðan kísilgúr og við búumst við að geta framleitt til Evrópu, þ. e. Great Lakes Carbon, sem mun vera stærsta fyrirtækið í Bandaríkjunum í þessu.

Við vitum það sem sé fyrir fram, þegar við leggjum í þetta, að einn stærsti framleiðandinn og einn stærsti umboðsmaðurinn og það einmitt í Vestur-Þýzkalandi, sem um leið hefur aðalsamböndin við bandarísku framleiðendurna, hefur að vísu nokkuð verið að hugsa um þetta, en dregið sig til baka, þannig að við höfum ekki núna sambönd við þá aðila, sem stóriðjunefndin reyndi að skapa um tíma, sem hafa fyrir fram öruggan aðgang að markaðinum. Við verðum að berjast við þessa aðila til þess að komast þarna inn. Það má deila um það oft, hvað það sé skynsamlegt að semja við þá stóru, sem þarna eru fyrir, en venjulega held ég, að það sé öruggara að geta samið við einhvern af aðilunum, sem eru inni í þessu. Það þýðir, að við þurfum að horfast í augu við þá áhættu, sem í sambandi við þetta er. Við verðum að horfast í augu við þá áhættu, að við verðum að berjast á markaði, þar sem mjög sterkir aðilar eru fyrir, og við verðum að öllum líkindum að slást utan frá við alla þessa aðila til þess að reyna að komast þar inn. Ég skal taka það fram, að þetta er náttúrlega ekki nýtt, þetta kemur fram í aths. við lagafrv. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er um nýja framleiðslu að ræða hér á landi, sem leita þarf markaðar víða um lönd í harðri samkeppni við öfluga framleiðendur, sem lengi hafa búið um sig á heimsmarkaðinum. Þótt árangur þeirra athugana, sem fram hafa farið til þessa, sé jákvæður, er hér ekki um svo arðvænlegt fyrirtæki að ræða í upphafi, að það geti tekið á sig veruleg áföll."

Ég aðeins undirstrika þetta, því að það hefur hæstv. ríkisstj. líka auðsjáanlega gert sér ljóst, að það er við mjög öfluga aðila að etja og fyrirtækið ekki það arðvænlegt, að það geti tekið á sig verulega áhættu.

Það er þess vegna rétt að athuga, hvernig er um arðvænleika þessa fyrirtækis, sem við viljum að ríkið festi raunverulega einhvers staðar á milli 150 og 200 millj. kr. í. Ég skal strax taka það fram, að hér erum við ekki að deila á þann máta, sem við stundum undanfarið höfum verið að deila. Ýmsir af okkur þm. Alþb. óttast, að sterkir, erlendir fjárhringar vilji ná sterkum ítökum í okkar auðlindum, og við höfum óttazt það í sambandi við alúmíníumhring eða slíkt. En hér er um það að ræða, skilst mér, að það kemur aðeins til mála, að íslenzka ríkið festi fé í þessu. Ég reikna ekki það litla, sem þetta hollenzka sölufélag mundi vera þarna með í. Mér skilst, að enginn einstaklingur utan lands né innan vilji festa fé í þessu, það hafi verið athugað og það hafi verið reynt, en enginn einstaklingur utan lands né innan vilji festa fé í þessu. (**Gripið fram í:** Það hefur ekki verið reynt innanlands.) Já, ætli maður hefði ekki heyrt um það, ef það hefðu einhverjir haft áhuga. (**Forsrh.:** Vill þm. flytja brtt. og gerast aðili í viðskiptafélaginu?) Ég mundi láta aðra um að gera það. En ég er ákaflega hræddur um, að það yrðu því miður ekki margir. Ég hef ofur lítið verið að reyna að athuga um þetta mál, hvernig gengið er frá þess reikningum hér, og er ég þó enginn sérfræðingur í að reikna slíkt út. Ég sá t. d. á 13. síðunni, að reiknað er með, að fast starfslið við verksmiðjuna sé 50—60 manns. Ég reyndi að fá upplýsingar um, hvort það væri gengið út frá því, að það væru þrjár vaktir í verksmiðjunni. Ég gat ekki fengið upplýsingar um það, þannig að það er ekki vitað, hvort á að vinna þarna eina vakt, tvær vaktir eða þrjár vaktir, eins og t. d. er gert í áburðarverksmiðjunni. En sé reiknað með því, að þarna mundi unnið með samsvarandi kjörum og nú eru í áburðarverksmiðjunni, mundi kaupið, sem út er reiknað á 15. síðunni, b-liðurinn undir „Vinnulaun í verksmiðju", þar er reiknað með launum í verksmiðju 4.3 millj., en þó að ekki væru nema 50 starfsmenn með þeim launum, sem eru í áburðarverksmiðjunni, mundi þetta vera um 6 millj., þannig að strax í þessum reikningi, sem þarna er lagður fyrir, stenzt hann ekki í einum lið, — og það er eini liðurinn, sem ég hef athugað, — þá er of lágt áætlað um 50% raunverulega, bara vinnulaunaþátturinn.

Þá kemur spursmálið um, hvort þetta muni borga sig. Það er reiknað með, að kostnaðurinn — og sjáum við strax nokkrar villur í því — sé 32 millj. kr. að framleiða þetta. Síðan er á 13. síðunni verið að reyna að gera sér grein fyrir, hvað mikið komi inn fyrir söluna, og reiknað með, að það geti verið á milli 46 millj. og upp í 57 millj. og þarna sé þá afgangs upp í vexti, afskriftir, ágóða og annað slíkt. Þegar þarna er reiknað með kostnaðinum og gengið út frá, að ríkið geri þetta, er reiknað með stofnkostnaði, sem er 130 millj. Þá er ekki reiknað með sem stofnkostnaði í sambandi við þetta vegalagningu, sem er í sambandi við það. Hún er þarna fyrir utan, og er þó gefið, að það er ekki annað en framlag ríkisins í því sambandi. Enn fremur er vitanlegt, að þarna þarf að byggja, fyrir utan þau íbúðarhús, sem þarna er sérstaklega reiknað

með, þá þarf að byggja þarna yfir það fólk, sem ætti að búa og vinna þarna við, um 50 manns, og það er engin smávægis fjárfesting, raunverulega einvörðungu fyrir þessa kísilgúrverksmiðju, þannig að mér sýnist, að sá raunverulegi stofnkostnaður, sem ríkið leggur þarna fram, muni vera nær því að vera milli 150 og 200 millj. heldur en bara þær 130, sem þarna eru settar fram, og ég er þess vegna hræddur um, að þegar ætti svo að fara að reikna þá vexti, sem þarna væru af lánum, sem eru upp í 9%, reikna afborganirnar þarna inn í, sé þetta fyrirtæki ákaflega tvísýnt hvað arð snertir, — ákaflega tvísýnt. Og ég held, að ef menn vildu fara að gera þetta að almenningshlutafélagi, yrðu menn fyrir þá væntanlegu hluthafa að leggja fram miklu nánari útreikninga, a. m. k. ef við ætlum að fá einhverja fjármálamenn í það, en ekki bara plata saklausan sveitamanninn, eins og Reykvíkingar mundu segja, þannig að ég held nú, að það ætti að athuga þessa hluti betur.

Mér skilst nú satt að segja að sumu leyti, að það sé meira meiningin að fá þessi lög í gegn sem eins konar heimild hjá hæstv. ríkisstj. heldur en hún sé ákveðin að leggja í þetta og að það muni raunverulega allt saman verða athugað miklu nánar, þegar þetta svokallaða undirbúningsfélag væri þarna stofnað. En ég tel þó rétt að benda á þessa hluti, að þetta þurfi að athuga betur. En það var upplýst í iðnn., að það væri að öllum líkindum aðeins eitt fyrirtæki í heiminum, sem raunverulega gæti byggt þessa verksmiðju, það væri Kaiser-fyrirtækið í Bandaríkjunum, sem virkilega mundi hafa áhuga á að gera það. Það mundi að vísu vera nokkuð dýrt, en það mundi vera það eina örugga í slíku. Og mér er nú spurn: Eru það virkilega áætlanir frá einhverju slíku fyrirtæki, sem þarna liggja fyrir, eða eru þessar áætlanir ekki það lausar, að við gætum búizt við allt öðrum áætlunum, þegar að því væri komið, að slíkt fyrirtæki ætti að fara að byggja upp í Mývatnssveit og sjá um að útvega þær vélar, sem í þetta þyrfti? Þetta finnst mér rétt að láta koma fram, þegar við erum að ræða þetta. Mér skilst, að það hollenzka sölufélag, sem þarna er verið að ræða um að gefa einokun á sölunni, hafi allt sitt á þurru í sambandi við þetta og þess framlag í raun og veru í t. d. hlutafé nálgist mest að vera það, sem á verzlunarmáli mundi nú vera kallað fríakstur fyrir þann kostnað, sem þeir leggja á sig, í sambandi við þann undirbúning, sem þeir leggja á sig, og ráð, sem þeir gefa, og annað slíkt, þannig að þeir hafi raunverulega allt sitt á þurru í þessu, það sé íslenzka ríkið, sem hafi í þessu sambandi alla áhættuna.

Ég vildi minnast á þessa tvo hluti, annars vegar áhættuna viðvíkjandi sölunni, hins vegar efasemdirnar um, hvort þetta fyrirtæki bæri sig, vegna þess að það eru hlutir, sem þurfa náttúrlega að athugast og vegast, um leið og við sláum hinu föstu, að þarna sé um mjög gott hráefni að ræða, með þeim beztu í heiminum, og hins vegar um mjög mikla nauðsyn að ræða að koma upp fyrirtækjum norður í landi og hjálpa þannig til við að rétta við jafnvægið í byggðinni. Ég vil þó um leið leyfa mér að kasta því fram til athugunar fyrir hæstv. ríkisstj., þegar hún hefur fengið þetta frv. fram, sem ég efast ekki um að hún fái, að meðan á þessum undirbúningi stendur og þessu undirbúningsfélagi og haldið verður áfram samningum þarna, áður en lokaákvarðanirnar verði teknar, þá íhugi hún sitt mál. Ég held, að höfuðástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. leggur út í þetta, sé sú, að hún vilji gjarnan koma upp fyrirtæki þarna norður í dreifbýlinu. Ég held, að það sé höfuðástæðan. Ég held, að hún mundi ekki hafa lagt til að byggja kísilgúrverksmiðju hérna einhvers staðar í þéttbýlinu hjá okkur syðra.

Ég hef stundum orðið var við þann hugsunarhátt, að 150—200 millj. væru ekki stórfé, þegar það væri ríkið, sem legði það út, það væri ekki neitt að súta, þótt það færi þá í súginn eða misheppnaðist og verksmiðjan stæði uppi og væri ekki rekin. En ég verð nú að segja það frá mínu sjónarmiði, það er kannske íhaldssemi og gamaldags, að þá finnst mér 200 millj. vera þó nokkur peningur, og ég held, að hæstv. ríkisstj., áður en hún ákveður nú að verja þessum peningum, ætti að ræða t. d. við Norðlendinga, t. d. fulltrúa frá bæjarstjórnunum og sýslufélögunum á Norðurlandi, um, hvernig þeim litist á þetta. Ég þykist vita, að sumir séu mjög hrifnir af þessari kísilgúrverksmiðju og vilji mjög gjarnan fá hana, og það er ekki nema gott eitt um það að segja, en aðrir kynnu líka að koma með einhverjar aðrar tillögur. Ég hef orðið var við það hér á Alþingi, að það hafa ýmsir t. d. af þeim þm., sem eru fyrir Norðurlandskjördæmi vestra, verið að flytja hér ýmsar till. um ýmsar verksmiðjur, sem komið væri upp á ýmsum stöðum þar, Sauðárkróki, Skagaströnd og víðar, þar sem nokkurt atvinnuleysi hefur verið að undanförnu. Og það, sem helzt virðist bjáta á í því sambandi, er peningaleysi, eins og stundum ber nú við, þó að það sé mikið til kannske, ef við viljum leggja í kísilgúrverksmiðju. T. d. niðurlagningarverksmiðju á síld, ef við vildum byggja aðra í viðbót og setja þessa í gang, sem nú er, og ég efast ekki um, að það sé hægt að selja úr þeim báðum, ef að því er unnið, — ég held, að niðurlagningarverksmiðja eða jafnvel fleiri en ein, sem ynni úr 15 þús. tunnum af síld, mundi varla kosta meira en einar 12—15 millj. kr., og við slíka verksmiðju mundu vinna um 70—80 manns í tíu mánuði, og útflutningsverðmæti slíkrar vöru mundi vera upp undir 100 millj. kr., þannig að ef menn hafa 150 eða 200 millj. kr. til taks eða vilja taka það að láni og vilja verja því til þess að efla atvinnurekstur í dreifbýlinu, atvinnurekstur til útflutnings, þá er hægt aðeins með því að dreifa þeirri upphæð niður á 4, 5, 6 staði við Norðurland, og það þyrfti ekki að skilja Suður-Þingeyjarsýslu þar út undan, þá er áreiðanlega hægt fyrir þær 150 millj. kr.,

skulum við segja, að koma upp fyrirtækjum, sem veita fimm til tíu sinnum fleiri mönnum atvinnu en þeim, sem fengju hana við kísilgúrverksmiðjuna, og sköpuðu útflutningsverðmæti, sem væri a. m. k. fimmfalt og tífalt jafnvel á við það, sem kísilgúrverksmiðjan mundi flytja út, því að það er reiknað með, að það séu milli 46 og 57 millj. Þegar við erum að hugsa um fjárfestingu og hvernig við verjum fé bezt, þá kann ég bezt við, að menn hugsi það líka, þótt ríkið borgi, út frá því sjónarmiði, að því sé varið sem skynsamlegast, jafnvel eins og menn ættu það sjálfir, þannig að ég held, að það væri rétt, um leið og haldið sé nú áfram, eins og vafalaust verður, undirbúningi að þessu og allt athugað vel, að líta á hina hlutina. Það er líka hægt að koma upp ýmissi framleiðslu á Norðurlandi fyrir innanlandsmarkað, sem mundi bæta þarna, því að það vitum við náttúrlega allir, að kæmum við svona verksmiðju upp, stæðum í okkar hörðu baráttu við þá aðila, sem þetta selja, og lægjum í þeirri baráttu, þannig að við yrðum að stöðva þetta, þá verður það náttúrlega ekki heldur að gagni þeim, sem við viljum að það komi að gagni.

Við skulum ekki heldur vera of svartsýn, en við gætum líka sigrað í þeirri baráttu og slegið í gegn með þessa vöru, sem vafalaust er gæðavara. Við verðum bara að gera okkur ljóst, að við erum þarna að leggja í nokkra áhættu. Ég held þess vegna, að það væri ákaflega gott, að það væru athugaðir, á meðan hæstv. ríkisstj. væri að vinna frekar að undirbúningi þessa máls, aðrir möguleikar viðvíkjandi Norðurlandi líka, og það væri náttúrlega eins hægt á síðari stigum þessa máls, að jafnvel hæstv. ríkisstj. væri þar gefin heimild til þess, ef henni litist svo á, þegar hún væri komin út í frekari undirbúning að þessu, að það mætti verja því fé betur, þeim 130 millj. eða hvað sem við viljum nú nefna það fé, — mér skilst, að hér séu 150 millj., sem á að leggja úr ríkissjóði, og þar að auki taka þau lán, sem með þarf, — ef henni litist á að verja því betur á annan máta til þess að koma upp verksmiðjurekstri á Norðurlandi, bæði til framleiðslu á vöru, sem seld væri innanlands, og framleiðslu á vöru, sem flutt væri út úr landinu, gæti hún haft heimild til þess að breyta þessu á þann veg. Ég býst við, að við séum allir sammála um, að það sé höfuðatriðið í þessu að gefa hæstv. ríkisstj. allmiklar heimildir til þess að verja fé úr ríkissjóði og taka fé að láni til að koma upp allmiklum verksmiðjurekstri á Norðurlandi með þá vöru, sem þætti, þegar allt væri athugað vel, arðvænlegast og öruggast að leggja í.

Þessar hugleiðingar vildi ég setja fram á þessu stigi málsins, og það væri þá, ef menn vildu eitthvað með þær gera, máske hægt að íhuga betur, ef menn vildu hnýta aftan við þetta frv. einhverjum frekari heimildum til hæstv. ríkisstj. til þess að nota svipað fé og hér er til þess að greiða úr vandamálum dreifbýlisins.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. segja, að ég felli mig ósköp vel við þann skilning, sem hann leggur í þetta mál og þetta frv., og það er ekki nema gott eitt að segja um þá varúð, sem hann vill láta viðhafa í sambandi við þetta mál. Ég held, að ég hafi látið það koma fram hér við 1. umr., að þegar væri áreiðanlega nokkrum vanda bundið um framkvæmd málsins og jafnvel gæti brugðið til beggja vona um það, hvernig gengi, og þetta er ég honum alveg sammála um, að við eigum að gera okkur grein fyrir og enda ekki að rasa um ráð fram. Og það er rétt, að ríkisstj. er fyrst og fremst að afla sér með þessu frv. heimildar, sem hún taldi að væri kominn tími til að hafa í höndum, til þess að halda áfram frekari framgangi þessa máls, með þá von í huga, að svo gæti til tekizt, að framkvæmdir við að reisa þessa verksmiðju kynnu að geta hafizt á næsta vori, 1965, en undirbúningsfélagið, sem hugmyndin að varð til á síðasta stigi þessa máls, er einmitt nokkuð út frá þessum sama hugsanagangi og fram kemur hjá hv. 3. þm. Reykv., að það þyrfti í raun og veru að gera einmitt margt meira enn, áður en sjálft verksmiðjufélagið væri stofnað. Áætlanir, sem hér eru settar fram, eru mjög lauslegar, það er alveg ljóst, bæði um stofnkostnað og um hugsanlega rekstrarafkomu, og ég held, að ég hafi einnig talað um, að við verðum að taka þeim með fyrirvara.

Varðandi áhuga ríkisstj. til þess að koma upp þessari verksmiðju verða menn að hafa í huga, að Alþingi hefur tvívegis verið að hvetja ríkisstj. til og beinlínis að fela henni með ályktunum að gera gangskör að því, að úr því fengist skorið, hvort hægt væri að vinna botnleðjuna í Mývatni sem arðbæra framleiðslu eða kísilgúr. Og það er í framhaldi af þessu og fyrri rannsóknum, sem hafnar voru af opinberra aðila hálfu á árunum eftir 1950, sem ríkisstj. og stóriðjunefnd hafa haft þetta mál til meðferðar nú síðustu þrjú árin. Ég fyrir mitt leyti teldi, að það hefði í sjálfu sér verið miklu æskilegra, að einstaklingar hefðu unnið að þessu máli og að hér hefði verið bæði fjármagn og kraftur af þeirra hálfu til þess að ráðast í slíka framkvæmd eins og þessa. Og við vitum, að þetta er svona hjá okkur, þegar nokkur verulegur tilkostnaður og óvissa er í hlutunum, þá er okkar þjóðfélag ekki stærra en svo, að það er þá oftast ætlazt til þess, að ríkið komi til skjalanna og sé annaðhvort einhvers konar öryggisventill í málunum eða beinlínis verði að taka að sér meira og minna frumkvæðið. Og ég verð að segja það, að þó að ég sé þess heiðurs aðnjótandi að heita iðnaðarmálaráðherra, þá er ég ekki orðinn neinn efnafræðingur, efnaverkfræðingur eða sérfræðingur á sviði hvorki stóriðju né kísilgúrframleiðslu eða í öðru slíku, og við höfum ekki heldur, hvorki þessi ríkisstj. né aðrar ríkisstj., haft úr miklu að spila eða vald á sérfræðingum eða sérfræðilegum stofnunum hér hjá okkur, eins og kunnugt er.

Þetta eru hugleiðingar um það, vegna hvers ríkisstj. hefur verið að vinna að þessu máli, og það er líka rétt til getið, að hennar áhugi er kannske meiri vegna þess, að hér sé hægt að skapa nýja atvinnugrein og einmitt á þeim slóðum landsins, í dreifbýlinu, sem oft er talið og einmitt hér í þingsölunum að vanti atvinnugreinar í til þess að mynda hæfilegt jafnvægi í varðandi byggðina í landinu.

Ég held, að það sé dálítill misskilningur, ef það hefur komið fram í iðnn., að það væri aðallega eitt fyrirtæki, sem gæti byggt þessa verksmiðju, eða þetta ameríska fyrirtæki, Kaiser Corporation, en það hefur í raun og veru ekkert verið við þetta mál annað riðið en það, að stóriðjunefndin hefur ekki alls fyrir löngu til þess að flýta fyrir málinu aðeins gert fsp. til þeirra, hvort þeir mundu hafa aðstöðu til og væru tilleiðanlegir, ef til þess kæmi, að verða ráðunautar um það og þá væntanlega að teikna og skipuleggja slíka verksmiðju, og þessi fsp. var gerð, eins og ég sagði, meira til þess að flýta fyrir, að þegar þetta undirbúningsfyrirtæki, ef þetta frv. yrði að lögum, væri stofnað, þá gæti stjórn þess vitað strax, hvort það hefði þýðingu að snúa sér til þessara aðila eða einhverra annarra. En við höfðum gert ráð fyrir því, að það væri mjög æskilegt að hafa annars vegar erlenda ráðunauta um framkvæmd málsins og hins vegar innlenda ráðunauta, en fram hefur komið, að við höfum bæði sérþekkingu í efnafræðilegu tilliti og svo einnig verklega sérþekkingu, sem er nægjanleg og margreynd af okkar hálfu, til þess að annast byggingarframkvæmdir og annað slíkt. Það hljóta auðvitað að vera margir fleiri aðilar en þetta fyrirtæki, sem gætu orðið ráðgefandi aðilar um byggingu svona verksmiðja, sem reistar hafa verið í mörgum Evrópulöndum, eins og fram kemur í fylgiskjölum. Í Englandi, Frakklandi og Danmörku eru verksmiðjur, og svo markaðir í Hollandi og Belgíu, og í Þýzkalandi eru slíkar kísilgúrverksmiðjur, ég hygg líka í Ítalíu, svo að sjálfsagt væru til ráðunautar á þessu sviði í Evrópu. En hinu er ekki hægt að neita, að það eru sjálfsagt aðilar með lengsta og kannske viðtækasta reynslu á þessu sviði vestanhafs. Og við höfum ráðið af okkar takmörkuðu þekkingu í þessu og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, að t. d. ef hægt væri að fá fyrirtæki eins og Kaiser fyrirtækið til ráðuneytis fyrir stjórn undirbúningsfyrirtækisins, þegar þar að kæmi, þá mundi það verða til öryggis og sennilega ekki á öðru betra völ.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég tek alveg undir öll þau varnaðarorð, sem hér hafa verið sögð, og geri mér fyllilega ljóst, að það þarf vel að vanda til þessa máls, ef það á vel úr hendi að fara, og það geta verið í því bæði plús og mínus, eins og þar stendur. Þetta kynni vel að geta orðið gott og arðvænlegt fyrirtæki, og það kemur fram í hugleiðingunum um þá stækkunarmöguleika, sem kynnu að geta orðið á þessari verksmiðju, að þeir eru mjög miklir hérlendis, ef við höfum markaðina erlendis. Um þetta allt er ekki hægt fyrir okkur að segja á þessu stigi málsins, og tíminn, þangað til nokkuð verður hafizt handa um þær ráðagerðir, sem uppi hafa verið, á næsta ári t. d., á náttúrlega fyrst og fremst að fara til þess að afla allra þeirra frekari upplýsinga og nánari, sem nauðsynlegar eru hverju sinni og eðlilegar þeim, er vilja kunna fótum sínum forráð í slíku fyrirtæki eins og þessu, þar sem við erum að fara inn á alveg nýtt svið. Að öðru leyti þakka ég fyrir þær undirtektir, sem málið hefur fengið í n., og vona, eins og fram hefur komið, að það megi ná afgreiðslu nú í þinginu, sem verður nú senn á enda.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 513,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 513,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 543).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég bjóst nú satt að segja ekki við, að þetta yrði tekið alveg undireins, og ætlaði að geta ráðgazt nokkuð við aðra hv. þm. um eina brtt., sem ég vildi gjarnan leggja hér fram, og ég mun leggja hana fram nú, en mér hefði þótt mjög vænt um, ef hæstv. forseti hefði nú viljað fresta umr., þannig að hugsanlega væri hægt að breyta henni á eftir.

Það var út frá því, sem ég talaði hér við 2. umr., að svo fremi sem hæstv. ríkisstj. þætti nokkuð tvísýnt að leggja í byggingu þessarar verksmiðju, þegar búið væri að rannsaka þetta mál vel, væri rétt að heimila henni að nota engu að síður þá lánsheimild, sem í þessu frv. felst, til þess að koma þá upp öðrum verksmiðjum á Norðurlandi. Ég veit, að eitt af því, sem vakir fyrir öllum þm. í sambandi við afgreiðslu þessa máls, er að gera verulega myndarlegan hlut hvað snertir eflingu iðnaðar á Norðurlandi, sýna dreifbýlinu það svart á hvítu, að menn vilja gjarnan leggja í verulega mikla nýja framleiðslu þar, ef þess er nokkur kostur. Nú kann það vel svo að vera, þegar farið verður að vinna betur að þessari undirbúningsstarfsemi, sem á að vera fyrsti þátturinn í undirbúningi þessa máls, að menn reki sig á það, sérstaklega vegna söluhorfanna og vegna útlitsins um fjárhagslega afkomu fyrirtækisins, að þó að ýmislegt annað mæli með því að leggja í þetta, bæði gæði kísilgúrsins og eins að þetta skuli vera staðsett í dreifbýlinu, komi það í ljós, að hæstv. ríkisstj. þyki þetta fullt tvísýnt. Þá álít ég, að Alþingi ætti að gefa

hæstv. ríkisstj. heimild til þess að taka engu að síður að láni allt að 150 millj. kr., eins og gengið er út frá að hún ýmist leggi fram eða taki að láni til þess að koma upp kísilgúrverksmiðjunni, og þá megi verja því til annarra verksmiðja á Norðurlandi, til að koma upp öðrum verksmiðjum á Norðurlandi. Og ég mundi leggja til að hafa þann hátt á, að ef hæstv. ríkisstj. þætti tvísýnt að leggja í kísilgúrverksmiðjuna, kallaði hún saman á ráðstefnu nefnd, sem þannig væri skipuð, að sýslufélög á Norðurlandi og hver bæjarstjórn á Norðurlandi skipaði þar einn fulltrúa, og þessi ráðstefna fengi síðan tilboð frá ríkisstj. um það, að hún láni til þessara sýslufélaga og bæjarstjórna á Norðurlandi alls allt að 150 millj. kr. til þess að koma upp verksmiðjum víða um Norðurland samkv. nánari till. Þá mundu bæjarstjórnirnar og sýslufélögin, þegar þau vissu þetta, náttúrlega fara strax að athuga þessa hluti, til þess að hafa til varatill., ef illa skyldi fara um þetta verkefni, sem sett er með þessu frv. um svona kísilgúrverksmiðju, og hæstv. ríkisstj. mundi að sínu leyti athuga þetta líka.

Við vitum, að það hafa komið fram margar óskir nú þegar, bæði frá Norðurlandskjördæmi vestra, og við vitum, að það er líka mikill áhugi í Norðurl. e., ekki síst í Suður-Þingeyjarsýslu í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna, þannig að ég býst við, að það mundi vera bæði nokkurt frumkvæði frá hálfu Norðlendinga í þessum efnum og góðar athuganir. Það eru uppi nú þegar ýmsar uppástungur, eins og ýmsir hv. þm. þegar hafa flutt, og sú upphæð, sem kísilgúrverksmiðja og vegur í sambandi við hana mundi kosta, mundi nægja til að koma upp mörgum verksmiðjum á Norðurlandi, sem vafalaust gæfu líka mun meiri útflutningsverðmæti en kísilgúrverksmiðjan gæfi, eins og ég gat um hér við 2. umr. Ég vildi þess vegna leyfa mér að flytja svo hljóðandi till. um, að aftan við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Nú þykir ríkisstj. að rannsökuðu máli tvísýnt að hefja byggingu kísilgúrverksmiðju, og heimilast ríkisstj. þá að taka engu að síður lán allt að 150 millj. kr. og verja því láni sem hér segir: Ríkisstj. kallar saman ráðstefnu fulltrúa bæjarstjórna og sýslufélaga norðanlands. Skal vera einn fulltrúi frá hverju sýslufélagi og hverri bæjarstjórn. Ríkisstj. gefur síðan þessari ráðstefnu kost á að fá handa bæjunum og sýslunum lán, alls að upphæð 150 millj. kr., til þess að koma upp nýjum verksmiðjum víða norðanlands samkv. nánari áætlun, sem ríkisstj. og þessir aðilar gera í sameiningu.“

Þessa till. vildi ég leyfa mér að leggja fram, en jafnframt, af því að ég ætlaði að nota tímann til þess að geta rætt við fleiri þm. um þetta, æskja þess við hæstv. forseta, hvort hann mundi nú ekki fresta þessum umr. á meðan, svo að menn gætu athugað þetta ofur lítið betur, áður en málið færi frá d., en leita að öðru leyti afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 563) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 543, 563).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af brtt. á þskj. 563 frá hv. 3. þm. Reykv. (EOl). Ég hef því miður ekki haft aðstöðu til þess að kalla hv. iðnn. saman til fundar til þess að athuga þessa brtt., en hins vegar hef ég með viðtölum kannað viðhorf nefndarmanna til hennar, og mun vera óhætt að segja, að þeir séu sammála um það, að hér sé um tvö óskyld mál að ræða og að þeir geti af þeirri ástæðu ekki mælt með brtt.

Ég viðurkenni, að það væri full ástæða til þess og raunar veruleg þörf á því að útvega 150 millj. kr. til þess að efla iðnaðinn á Norðurlandi. En ég tel, að ef horfið yrði að því ráði, þyrfti það að bera öðruvísi að og að slík stórframkvæmd þyrfti mjög mikinn undirbúning, áður en um hana yrðu gerðar till. hér á hv. Alþingi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir mjög leitt, að hv. form. iðnn. skuli ekki hafa getað fallizt á mína brtt. Með henni er raunverulega aðeins stefnt að því að gefa hæstv. ríkisstj. möguleika til þess að nota það fé, sem Alþingi nú er að heimila ýmist að veita eða taka að láni, til þess að bæta úr atvinnuleysi og að öðru leyti efla framleiðslu á Norðurlandi, svo fremi sem þætti tvísýnt að leggja út í kísilgúrverksmiðjuna. Það er vitað, að allt það, sem snertir undirbúning að nýjum iðnaði á Norðurlandi og annað slíkt, ætti eðlilega að vera eitt af því, sem bæði stóriðjunefnd og efnahagsráðuneytið hugsaði um og skipti sér af, og ef hér væri nokkurt áætlunarráð starfandi eða ef Seðlabankinn fyndi til sín og þeirrar ábyrgðar, sem hann raunverulega ber á atvinnulífi landsins, þá mundi hann hafa slíka stofnun starfandi, þannig að það ætti að vera hægt meira að segja innan þess ramma, sem nú er til í stjórnarfarinu, að vinna nokkuð að slíku. En með minni till. væri þó enn þá frekar gerð ráðstöfun til þess að veita Norðlendingum þarna alveg sérstakan rétt í þessu sambandi. Ríkisstj. hefði málið eftir sem áður í sínum höndum. Hún mundi aðeins tilkynna, ef hún hætti við kísilgúrverksmiðjuna, þessum fulltrúum norðlenzku sýslufélaganna eða bæjarstjórnanna, að hún væri reiðubúin að veita þeim þetta lán, en það yrði náttúrlega að vera með þeim skilyrðum og með þeirri aðstöðu, sem ríkisstj. þætti heppilegt, þannig að það væri ekki verið að neinu leyti að binda þarna hendur hæstv. ríkisstj. öðruvísi en það, að ef henni litist tvísýnt að leggja út í kísilgúrverksmiðjuna, þá missi ekki Norðurland af þeirri atvinnuaukningu, sem ella mundi í

henni felast, eða að mínu áliti fær hana margfalda fyrir sama fé, því að ég held, að það sé hægt að verja þessu sama fé, sem nú er hugsað að verja til kísilgúrverksmiðjunnar, til þess að koma upp mjög blómlegum iðnaði á Norðurlandi, sem gefur margfalt útflutningsverðmæti á við það, sem kísilgúrverksmiðja mundi gefa, jafnvel þótt hún borgaði sig, sem ég vil efast um.

Ég mun þess vegna halda fast við mína till. og þykir mjög leitt, að það skuli ekki hafa náðst samkomulag við iðnn. eða formann hennar um það að samþ. hana.

ATKVGR.

Brtt. 563 felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, LJós, RA, EðS, EOl, GeirG.

nei: GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, AJ, SÁ, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, RJ, EI, EmJ, GíslG, GuðlG, SB.

HÁ, SE, SkG, ÁÞ, BP, EÁ, HermÞ greiddu ekki atkv.

7 þm. (HS, IG, JSk, PS, ÞÞ, BFB, EystJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal reyna að gera grein fyrir þessu máli í stuttu máli, m. a. vegna þess, að ég geri ráð fyrir því, að það sé orðið allkunnugt hv. þm., og enn fremur vildi ég mega vænta þess, að bæði í grg. og á fskj., sem fylgja þessu máli, sé gerð nokkuð ýtarleg grein fyrir því.

Þetta mál á orðið nokkuð langan aðdraganda, og mun vera um rúmlega áratugur síðan menn fyrst fóru að huga að því, að í botnleðju Mývatns mundi vera náma til þess að vinna svokallaðan kísilgúr úr, og af einstökum mönnum, hygg ég, að óhætt sé að segja, að Baldur Líndal efnaverkfræðingur sé einn af frumkvöðlum þessa máls og mun hafa fyrst hugað að þessum málum, þegar hann var að vinna að athugunum á vegum raforkumálastjórnarinnar í sambandi við jarðhita við Mývatn. Síðan hefur bæði raforkumálastjórnin og rannsóknaráðið unnið að þessu máli, og 1961, hygg ég, að það hafi verið, sem stóriðjunefnd var fengið málið til meðferðar af hálfu þáv. iðnmrh.

Þetta mál var af hálfu ríkisstj. talið komið á það stig, að rétt væri að leita heimilda þingsins, sem felast í þessu frv. Það eru að vísu ekki eingöngu heimildir, heldur er beinlínis samkv. 1. gr. ríkisstj. falið að beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Þetta er í raun og veru framhald af tveimur ályktunum, sem Alþingi hefur gert 1958 og 1962, þar sem samþ. voru áskoranir til þáv. ríkisstj. um að beita sér fyrir framgangi þessa máls.

Í Nd. voru gerðar breytingar á stjórnarfrv. með samþykki ríkisstj., sem felast í því, að sveitarfélög á Norðurlandi skuli hafa sama rétt til þess að gerast hluthafar í félögum, sem stofnuð eru í þessum tilgangi, eins og ríkisstj. var ætlaður samkv. 4. gr., og einnig, þegar að því kæmi að stofna þetta félag, verksmiðjufélagið, þá skyldu fulltrúar ríkisstj. verða kosnir af hálfu Alþingis. Iðnn. Nd., sem hafði málið til meðferðar, leitaði ýmissa upplýsinga um málið, sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér nú, en ég hef afhent formanni iðnn. þessarar d. þær upplýsingar og vona, að það verði til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins.

Mér er það ljóst, að það getur verið nokkur áhætta í fyrirtæki eins og þessu. Það kom fram í Nd., og ég held, að þeir, sem hafa kynnt sér málið, geri sér það ljóst. Hins vegar er hér að vissu leyti um mjög merka framkvæmd að ræða og í fyrsta skipti ráðizt í hér á landi að vinna þennan kísilgúr. Það er talið, að í Mývatni sé ein af stærri námum, sem þekktar eru í þessu sambandi, og fyrir tilstuðlan íslenzkra sérfræðinga er það talið núna fullreynt, að þarna sé um mjög góða möguleika að ræða til þess að vinna kísilgúr, sem á að geta jafnazt á við þann bezta, sem er á heimsmarkaðinum.

Þá er einnig nýmæli í þessu máli, að það hefur verið gert ráð fyrir því frá öndverðu að hafa samvinnu við erlenda aðila og fyrst og fremst vegna markaðsöflunarinnar. Stóriðjunefnd hefur haft í því sambandi samband við hollenzkt fyrirtæki, svo sem fram kemur í grg. málsins og fskj. Þar er fyrst og fremst um að ræða grundvallarsamkomulag milli hins hollenzka félags og íslenzku ríkisstj., sem fram kemur í fskj. VII, en mér þykir ástæða til þess að taka það fram, að öllu nánara samkomulag og samningar á grundvelli þessa samkomulags eiga eftir að gerast á milli aðilanna. Enda kemur það fram í nál. í Nd., að n. gerir ráð fyrir þar, að bæði í sambandi við tímalengd samnings, sem kynni að verða gerður við þetta erlenda félag, og uppsagnarákvæði yrði nánar ákveðið í slíku samkomulagi.

Meginefni málsins er, að það er gert ráð fyrir því samkv. frv., að ef þetta frv. verður að lögum, verði hafizt handa um undirbúningsfélag, sem mundi taka alla nánari rannsókn þessa máls í sínar hendur, og ef niðurstöður þeirrar rannsóknar verða þær, sem nú má gera ráð fyrir, er ætlað, að hægt verði að hefjast handa um stofnun þessa félags á næsta ári. Þessi hugmynd um undirbúningsfélagið er komin fram í raun og veru á síðasta stigi þessa máls, en þótti aðeins hagkvæmniástæða og hentara en að hefjast strax handa um stofnun sjálfs verksmiðjufélagsins.

Ég vona, að ég þurfi ekki á þessu stigi málsins að gera nánari grein fyrir því, en vænti

þess, að þau gögn, sem ég hef fengið þeirri nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, verði talin fullnægjandi til þess að skýra málið nánar en ég hef nú gert.

Ég mundi svo vilja leggja til, herra forseti, að málinu yrði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að lýsa ánægju yfir því, að áform um kísilgúrvinnslu við Mývatn eru nú komin á það stig, að Alþingi er að setja lög um, að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns, eins og segir í 1. gr. þessa frv. og hæstv. ráðh. vitnaði til áðan. Ég hef sérstakar ástæður til þess að lýsa ánægju yfir þessu frv., fyrst og fremst af því, að ég varð til þess fyrstur að hreyfa þessu máli á hv. Alþingi, enda snertir málið heimahérað mitt meira en það snertir önnur héruð. Ég flutti á þinginu 1958—1959 þáltill., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar á þessu ári ganga til hreins um það með fullnaðarrannsókn og áætlunum, hvort arðvænlegt sé að vinna til útflutnings kísilleir þann, sem er í botni Mývatns og meðfram Laxá í Aðaldal.

Komi í ljós að fullathuguðu máli, svo sem líkur virðast benda til, að vinnsla leirsins sé arðvænleg, leiti ríkisstj. úrræða til þess, að vinnslan verði hafin sem allra fyrst."

Till. þessari var vel tekið. Fjvn., sem var falið að athuga till., mælti einróma með henni óbreyttri, og hún var samþykkt samhljóða í sameinuðu Alþingi. Eftir þetta var hvað eftir annað hugsað fyrir athugun á þessu máli með dálitlum fjárveitingum í sambandi við fjárlög Alþingis. En athuganirnar reyndust seinlegar, eins og grg., sem fylgir frv., sem hér liggur fyrir, skýrir glögglega frá, og er ekkert við því að segja. Mér er persónulega kunnugt um, að mikið verk var lagt í að athuga og undirbúa málið, því að ég reyndi að hafa fréttir af, hvernig gengi með það á hverjum tíma þau 5 ár, sem liðin eru síðan ég bar fram þáltill. Mér er vel kunnugt um það, að Baldur Líndal efnaverkfræðingur hefur sýnt mikla þekkingu og þrautseigju við rannsóknir og undirbúning málsins, eins og hæstv. iðnmrh. gat líka um við reifun málsins áðan. Ég efast ekki heldur um, að stóriðjunefnd og fleiri, er með málið hafa farið, hafa lagt sig fram til að gera því sem bezt skil. Þetta ber að þakka.

Hér er ekki um stórt fyrirtæki að ræða, en merkilegan vísi þó til útflutnings á framleiðslu úr skauti landsins og gæti sá útflutningur, ef vel tækist til, margfaldazt og fyrirtækið orðið stórt.

Íslendingar þurfa að leggja kapp á að auka gjaldeyrisöflun sína og fjölga atvinnugreinum. Hér á að stíga spor í þá átt, og því ber að fagna. Ég tek undir það, sem segir í grg. frv.: „Stofnsetning kísilgúrverksmiðju við Mývatn getur orðið upphaf mikilsverðs útflutningsiðnaðar. Ytri skilyrði virðast vera hin æskilegustu, þar sem annars vegar er nær óþrjótandi kísilgúrnáma í Mývatni, en hins vegar markaður, sem allt bendir til, að muni fara ört vaxandi með aukinni iðnþróun og batnandi lífskjörum" fólks. Hins vegar tek ég einnig undir það, sem þar stendur líka, að mikið er í húfi, að vel takist um alla framkvæmd og undirbúning, áður en af stað er farið með þennan nýja atvinnuveg. Hjá þeim hæstv. ráðh., sem reifað hefur málið hér á Alþingi, virðist mér þessara sjónarmiða gæta, og hef ég því ekkert út á reifun málsins að setja. Við frv. sjálft ætla ég ekki heldur að gera aths. við þessa umr. Í hv. Nd. hafa verið gerðar á frv. tvær breytingar, sem við framsóknarmenn teljum til verulegra bóta: Önnur sú, að sveitarfélögin í þeim landshluta, þar sem fyrirtækið verður staðsett, skuli hafa rétt til að gerast fullgildir hluthafar. Hin, að fulltrúar ríkissjóðs í stjórn fyrirtækisins skuli verða kosnir af Alþingi. Enn fremur hefur það verið tekið fram af hæstv. iðnmrh., að sölusamningurinn við hið erlenda félag, ef til kemur, verði tímabundinn og uppsegjanlegur, en að hann yrði það, skorti á að ljóst kæmi fram í frásögn þeirri, er fylgdi frv., þegar það var lagt fram.

Frv. þarf að verða að lögum á þessu þingi, og stutt er eftir af þinginu væntanlega. Ég veit ekki betur en mér sé óhætt að lýsa því yfir, að framsóknarmenn í þessari hv. d. vilja ekki tefja fyrir, að svo megi verða, að málið fái afgreiðslu og frv. verði að l., heldur greiða fyrir því, að svo megi verða án mikilla tafa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 543, n. 627).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. iðnn. á þskj. 627 ber með sér, hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. Að vísu hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., en í n. sjálfri komu engar slíkar till. fram.

Hæstv. iðnmrh. rakti þetta mál nákvæmlega hér við 1. umr., og ég sé því enga ástæðu til að fara að ræða það ýtarlega. Með frv. fylgir að auki mjög nákvæm grg. og áætlanir um rekstur og stofnkostnað fyrirhugaðrar kísilgúrverksmiðju, sem og einnig tæknilegar athuganir, sem gerðar hafa verið, yfirlit um þær, þannig að það er hv. þdm. mjög auðvelt að kynna sér til hlítar, hvað gerzt hefur í þessu mikilvæga máli.

Þessar áætlanir benda allar til þess, að það virðist eiga að mega telja, ef ekki kemur neitt óvænt fyrir á síðustu stigum málsins, að hægt sé hér að leggja grundvöll að mjög sæmilega góðu fyrirtæki, það er kannske ekki vert að

orða það meir en svo, vegna þess að það eru ýmis atriði óljós varðandi verðlag og annað, sem verður að áætla, og hagnaður ekki mjög stórfelldur, ef miðað er við lágmarksverð a. m. k. á framleiðslunni, en hins vegar mjög bærilegur og raunar góður, ef miðað er við það meðalverð, sem nú er á þeim gæðaflokki kísilgúrs, sem gert er ráð fyrir að þessi verksmiðja framleiði. Það er margt ókannað í sambandi við þetta mál, bæði hvað snertir markaðshlið þess og einnig varðandi ýmis tæknileg atriði. Byggingarkostnaðaráætlun hefur ekki endanlega verið gerð, þannig að fullnægjandi megi telja. En þetta mál hefur þó verið rannsakað það ýtarlega frá öllum hliðum, að það ætti ekki að þurfa að reikna með því, að neitt óvænt kæmi fyrir, sem breytti mjög verulega um viðhorf varðandi það, hversu æskilegt þetta fyrirtæki sé.

Það má segja, að sé mikilvægust nýjung í þessu máli, að það er gert ráð fyrir því, að viss samvinna verði tekin upp við erlenda aðila í sambandi við málið, og byggist sú samvinna fyrst og fremst á nauðsyn þess að tryggja sér aðgang að markaði. En hér er um mjög sérhæfða framleiðslu að ræða og markaður mjög þröngur, þannig að þeir aðilar, sem hingað til hafa framleitt þessa vöru, sitja sjálfir yfir meginhluta markaðarins, en ekki einstök fyrirtæki, sem annast dreifinguna. Í þessu sambandi er hins vegar gengið þannig frá hnútum, að íslenzk yfirstjórn þessa fyrirtækis er örugglega tryggð og veruleg aðild Íslendinga einnig að því sérstaka sölufyrirtæki, sem gert er ráð fyrir að stofnsett verði í Hollandi til að annast sölu og dreifingu á framleiðslu verksmiðjunnar. Það hefur verið gerður bráðabirgðasamningur við hollenzka fyrirtækið AIME, sem er gert ráð fyrir að verði sameignaraðili að fyrirtækinu, og í þeim samningi er gert ráð fyrir því, að samkomulag verði gert á milli þessara tveggja fyrirtækja, framleiðsluhlutafélagsins og sölufélagsins, sem tryggi sanngjarna skiptingu hagnaðar milli félaganna. Þó að talað sé um það, að einkaréttaraðstaða verði veitt sölufélaginu, þá, eins og áður hefur verið lýst yfir, ber að sjálfsögðu ekki að skilja það svo, að ætlunin sé, að það verði um aldur og ævi miðað við slíkt fyrirkomulag, ef annað reynist hagkvæmara, og einmitt með eignaraðild Íslendinga að sölufyrirtækinu er tryggt, að þeir geti til hlítar fylgzt með, hvað þar er að gerast, og fylgzt með því, hvaða raunverulegur hagnaður er af sölu þessa varnings. Og það tryggir okkur nægilega, að það sé þá hægt að taka upp endurskoðun á því, ef það sýnir sig, að þar sé um óeðlilega skiptingu hagnaðarmöguleika að ræða. Ekkert hefur verið gert í þessu máli, sem á neinn óeðlilegan hátt bindur aðstöðu Íslendinga eða réttindi þeirra. Það er engum námuréttindum hér eða hitaréttindum hér afsalað og gert ráð fyrir því, að ríkið sjálft eigi þá orku áfram, sem þessi verksmiðja notar, og selji verksmiðjunni hana.

Ég held ekki, herra forseti, að sé ástæða til þess að rekja málið nánar. Það hafa allir, sem um það hafa fjallað og hafa látið í ljós skoðun sína á því hér á Alþingi, lýst stuðningi sínum við málið og talið, að hér væri um mjög mikilvæga og nytsama framkvæmd að ræða, og af þeim sökum tel ég ekki ástæðu til að fara að ræða einstök atriði nánar, nema þá tilefni gefist til þess, ef einhverjar umr. verða um það hér, að gera einstök atriði að umtalsefni. Það er því, herra forseti, að lokum till. n., að frv. verði samþykkt.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós ánægju mína yfir þessu frv. og það mál, sem hér er um að ræða, skuli vera komið á það stig, sem raun ber vitni. Ég vil einnig í því sambandi leyfa mér að óska hv. 1. þm. Norðurl. e., sem fyrstur gerði þetta mál að þingmáli fyrir allmörgum árum, til hamingju með þá framvindu, sem þetta mál hefur tekið. Það er enginn vafi á því, að hér hefur verið unnið mjög langt og gott og mikið undirbúningsstarf.

Við umr., sem farið hafa fram, bæði hér í þessari hv. d. og einnig í hv. Nd., hafa ýmsir hv. þm. látið í ljós ánægju sína yfir því, hvern þátt íslenzkir tæknimenn hafa átt í því að undirbúa þetta mál og finna þær leiðir, sem hentuðu þeim sérstöku aðstæðum, sem þarna er við að etja. Í grg. frv., sem liggur hérna fyrir, er einnig að þessu vikið, en þar stendur:

„Um leið og þetta frv. er lagt fram, er ástæða til þess að fagna því, hvern þátt íslenzkir vísindamenn hafa átt í að finna þá auðuppsprettu, sem kísilgúrnáman í Mývatni er, og að leysa margvísleg tæknivandamál, sem eru samfara nýtingu hennar."

Síðan er nefndur sérstaklega til einn íslenzkur verkfræðingur og raunar síðar í grg. a. m. k. tveir aðrir, og það er ástæða til þess að rifja það upp í þessu sambandi, hvernig svo hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningslið ætlar að kvitta fyrir framlag þessarar stéttar til tækniþróunarinnar í landinu. Næsta mál á dagskrá er að samþykkja á þessa stétt eina allra stétta í landinu sams konar þrælalög og ríkisstj. og hennar stuðningslið lyppaðist niður á að beita aðrar stéttir landsins hér fyrr í vetur.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta nú. Það mál verður væntanlega á dagskrá síðar í dag. En þetta mál, sem hér liggur fyrir, hlýtur, eins og ég sagði áður, að gleðja alla, sem áhuga hafa fyrir aukinni fjölbreytni og aukinni uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega. Þetta fyrirtæki, sem hér er um að ræða að koma á fót, er að vísu ekki stórt, en það er afar þýðingarmikið, vegna þess að við bindum allir við það þær vonir, að það sé upphaf að öðru meira. Ég hef í sjálfu sér engar aths. að gera við frv. sjálft og vil gjarna lýsa yfir stuðningi mínum við það, en athyglin beinist öllu frekar að samkomulagi, sem félagar hv. 6. þm. Norðurl. e. í stóriðjunefnd hafa gert, því að ég trúi honum ekki til að hafa gert þetta samkomulag, og um það vildi ég fara örfáum orðum.

Það segir í upphafi frásagnarinnar af sam-

komulaginu, sem birtist aftast í þessari grg., að samkomulag þetta hafi verið gert milli stóriðjunefndar og fulltrúa frá hinu hollenzka félagi og það hafi síðar verið staðfest af Hollendingunum og af ríkisstj. Íslands, en staðfesting hennar hafi að sjálfsögðu verið með þeim fyrirvara, að Alþingi veitti nauðsynlega lagaheimild til þess að staðfesta samkomulagið.

Ef samþykkt þessara laga verður túlkuð á þann veg, að í henni sé fólgin eins konar staðfesting eða yfirlýsing um það, að Alþingi hafi ekkert við þetta samkomulag að athuga, eins og þetta orðalag gæti bent til, þykir mér rétt að gera við þetta samkomulag örfáar aths.

Ég skal ekki tefja tímann á því að vera að gera aths. við samkomulagið að því er lýtur að bráðabirgðafélaginu, sem gert er ráð fyrir að stofna. Það er í sjálfu sér ekki svo ákaflega veigamikið atriði. En undir 1. tölul. þessa samkomulags, þar sem talað er um kísilgúrfélagið við Mývatn, segir, að þetta félag skuli vera framleiðslufélag, sem starfi á Íslandi að því að framleiða kísilgúr-síunarefni og flytji þau til Rotterdam eða annarra geymslustöðva sölufélagsins. Hér virðist því vera slegið föstu strax í upphafi þessa máls, að öll framleiðsla kísilgúrfélagsins við Mývatn skuli fara í gegnum geymslustöðvar sölufélagsins. Ég vil aðeins benda á, að mér finnst það næsta óeðlilegt að slá þessu föstu þegar á þessu stigi málsins, en samt er þetta kannske ekki veigamesta atriðið.

Það stendur einnig í samkomulaginu, að félögin tvö skuli gera með sér samkomulag, er tryggi sanngjarna skiptingu hagnaðar milli félaganna, og hv. 6. þm. Norðurl. e. notaði aftur þetta orðalag í framsöguræðu sinni hér áðan. Þetta er að mínum dómi ákaflega óljóst orðalag, óvenjulegt og óvænt, vegna þess að sölufélag hefði maður haldið að mundi fá sölulaun og það þyrfti ekki neina flókna samninga um skiptingu hagnaðarins milli félaganna. En einmitt af því, að þetta orðalag er notað, hljóta menn að velta svolítið vöngum yfir því, hvernig er gert ráð fyrir, að þessi félög skuli vera upp byggð. Það er þá gert ráð fyrir því, að kísilgúrfélagið við Mývatn skuli vera upp byggt þannig, að íslenzka ríkið eigi a. m. k. 51%, og þessu ákvæði er ég fyllilega sammála og fagna því. Ég álít, að þetta sé þess eðlis, að ríkið eigi að hafa tryggðan algeran meiri hluta í félaginu. En síðan er gert ráð fyrir því, að hollenzka félagið skuli leggja fram eigi minna en 10% og eigi meira en 20% hlutafjárins. M. ö. o.: það er gert ráð fyrir, að einhvers staðar milli 80 og 90% hlutafjárins skuli vera í íslenzkri eign. Það er í sjálfu sér ánægjuefni, að það geti verið sem mest, sem er í höndum íslenzkra eigenda. En ég álít þó, að það sé kannske ekki afgerandi atriði í þessu máli. Það er afgerandi atriði, að íslenzka ríkið eigi meiri hl., en hitt finnst mér ekki skipta meginmáli, hvort Íslendingar ættu 80—90% af félaginu, fyrst þeir eiga það þá ekki allt. En á hinn bóginn, ef hér er um það að ræða, eins og gefið er í skyn með þessu samkomulagi, að félögin eigi með einhverju samkomulagi sín á milli að skipta á milli sín arðinum af þessari starfsemi allri, þá álít ég, að það geti verið hættulegt og líklegt til þess að skapa erfiðleika í þessari sambúð, að eignahlutföllin í þessum tveimur félögum, annars vegar framleiðslufélaginu og hins vegar sölufélaginu, séu svo gerólík eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég álít þess vegna, að það eigi að vera til athugunar a. m. k. fyrir undirbúningsfélagið að leitast við að eignast sem mest af hlutafé sölufélagsins, þó að það kostaði það að láta hlut Hollendinganna í framleiðslufélaginu vera í stærra lagi. Ef þessi leið yrði farin, mundi það verða til þess að draga úr hættunni á því, að þarna yrði hagsmunaárekstur.

Mér virðist, að þetta samkomulag sé ekki þannig, að ástæða sé til að láta það fara fram hjá án þess að gera við það aths. Að vísu tók ég eftir því með ánægju, þegar hæstv. iðnmrh. lagði þetta frv. fram hér við 1. umr. í þessari deild, að hann lét þess getið, að frekari samningar um þessi efni, þ. á m. um tímalengd og uppsagnarákvæði samnings við Hollendingana um sölumálin, verði á valdi undirbúningsfélagsins að gera og það sé í veigamiklum atriðum óbundið. Það var mér ánægjuefni að taka eftir þessari yfirlýsingu, sem ég held að sé mjög þýðingarmikil, því að ótímabundinn einkarétt fyrir hið hollenzka fyrirtæki til að selja þessar framleiðsluvörur er vissulega mjög hæpið fyrir okkur Íslendinga að fallast á.

Ég skal nú ekki tefja tímann á því að fara frekari orðum um þetta. Ég hef gert nokkrar aths. við þetta samkomulag og lýst því, að ég tel ekki, að samþykkt lagafrv. eigi að skiljast sem yfirlýsing um það, að menn séu fyllilega ánægðir með þetta samkomulag í öllum atriðum, og ég vísa til yfirlýsingar hæstv. iðnmrh., sem ég var að rekja hér áðan, og mæli með samþykkt frv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla í þeim fáu orðum, sem ég segi hér, að reyna að halda mér að þessu máli, en hv. 6. þm. Sunnl. er sýnilega orðið svo brátt að flytja áróðursræðu hér í máli, sem kemur til umr. á eftir, að hann gat ekki stillt sig um að kynna nú þegar skoðun sína á því, ef kannske einhverjir yrðu ekki áheyrendur, sem hefðu heyrt orð hans núna, eða þá til að auðvelda, að það yrði safnað fleiri áheyrendum. Það er meinfangalaust frá minni hendi, þó að manni verði á dálítið að brosa, þegar hv. framsóknarþm. tala með stórfyrirlitningu um gerðardómslög sem þrælalög. Mig minnir, að þeir hafi einhvern tíma staðið að gerðardómslögum, en það vill sumt gleymast, þegar það hentar.

Mér þykir vænt um undirtektir hv. þm. að öðru leyti í þessu máli, og ég verð þó að hryggja hann á því, að hann hefur sennilega oftraust á mér um það, að ég hafi ekki staðið að því samkomulagi, sem gert var við AIME. Það

höfum við allir í stóriðjunefnd gert og sannast sagna blygðumst okkar ekkert fyrir, vegna þess að þetta samkomulag er að sjálfsögðu rammasamkomulag til þess að draga fram meginefni þessa máls, og var auðvitað ekki nein leið að leggja þetta fyrir Alþingi, án þess að hv. þm. fengju í stórum dráttum að sjá, hvaða hugmyndir væru uppi í sambandi við hugsanlega samaðild Íslendinga og Hollendinga eða þessa hollenzka fyrirtækis að þessu fyrirhugaða fyrirtæki hér. Það er auðvitað engum vanda bundið að finna ýmislegt að þessu bráðabirgðasamkomulagi. Í fyrsta lagi er það nú svo, að það er ósköp hætt við því, að slíkt samkomulag verði aldrei gert, án þess að ýmislegt í því kunni að orka tvímælis, og ég geri ekki ráð fyrir, þegar lokasamkomulag verður gert um þetta fyrirtæki, þá verði það í öllum efnum þannig, að það geti ekki einn og annar sagt, að þetta hefði verið heppilegra á hinn veginn. Það verður jafnan svo. En það, sem er kjarni þessa máls, er, að ég hygg, að það sé alveg óhætt að fullyrða það, að með þessu samkomulagi út af fyrir sig hefur engu verið afsalað af því, sem hér hefur komið fram á Alþingi, að menn telji nauðsynlegt að tryggja Íslendingum yfirráðarétt yfir. Það er kjarni málsins. Það er ótalmargt, sem á eftir að fylla út í þetta, og það er alveg rétt, sem hv. þm. segir, að ýmislegt orðalag í þessu er óljóst, og það er beinlínis óljóst vegna þess, að það á eftir að fylla inn í þetta hin endanlegu ákvæði, t. d. eins og atriðið um það, sem hann gerði sérstaklega að umtalsefni, að það er sagt í samkomulaginu, að félögin tvö skuli gera með sér samkomulag, er tryggi sanngjarna skiptingu hagnaðar milli félaganna. Ég sé ekki með góðu móti, að neitt annað orðalag hefði verið eðlilegra á þessu stigi málsins en þetta, því að að sjálfsögðu getur þetta orðalag rúmað hvað sem er í sambandi við það, hvort endanlega verður ákveðin þessi eða önnur skipan mála varðandi skiptingu þessa hagnaðar. Við skulum nú segja, að kísilgúrverksmiðjan skilaði engum hagnaði, þannig að það yrði í rauninni spurning um, hvaða möguleiki væri að borga söluþóknun, og ég er ekki endilega viss um, að það væri undir öllum kringumstæðum eðlilegt að binda þetta við það, að sú söluþóknun yrði greidd, hvernig sem gengi að öðru leyti með rekstur verksmiðjunnar. Ég nefni þetta sem dæmi um það, að ég tel ekki endilega öruggt, að sé heppilegast fyrir okkur, að það sé ákveðið, að sölufyrirtækið fái einhverja ákveðna söluprósentu, sem það skuli fá, hvernig svo sem vegnar og hvernig sem allt gengur. (Gripið fram í.) Já, venjulegast, en ég er að segja, það er ekki endilega víst, að þetta sé. Þess vegna segi ég, að orðalagið sem hér er um, að samkomulag þetta verði gert að lokum af þessum aðilum, það getur rúmað alla þessa möguleika, og það væri ekki eðlilegt, að stóriðjunefnd, sem er ríkisnefnd til undirbúnings málsins og hlýtur að afhenda það í hendur þess bráðabirgðafélags, sem tekur við þessu, geti farið endanlega að binda það félag og þá fulltrúa, sem ríkisstj. skipaði sérstaklega til að annast þetta mál út af fyrir sig, — að stóriðjunefnd fari fyrir fram að semja um útfærslu á einstökum atriðum. Ég nefni aðeins sem annað dæmi, sem er orðið knýjandi nauðsyn að leysa, og það er spurningin um það, hver annist hér alla „prósjekteringu", ef svo má segja, af þessu fyrirtæki og við hvern verði samið um það. Þetta er atriði, sem hefði í rauninni þurft að vera búið að afgera og hefur komið mikið til athugunar í stóriðjun., en n. hefur verið þeirrar skoðunar, að væri fráleitt að ákveða um það, fyrr en bráðabirgðahlutafélagið væri formlega tekið til starfa, og önnur framkvæmdaratriði hljóta þar einnig til greina að koma.

Varðandi svo endanleg eignarhlutföll, skiptingu þeirra milli AIME og Íslendinga, þá hygg ég, að það séu einnig möguleikar til margvíslegra samninga um það. Það þótti nauðsynlegt í grundvallaratriðum að slá föstum einhverjum prósentum til þess að ganga út frá, en ég er ekki fjarri því, að þeir aðilar geti hugsað sér aðra skiptingu og ýmislegt í því efni, sem þeir hefðu kannske kosið að hafa á annan veg, ekki til þess að ganga á okkar rétt. Og ég vil taka það alveg skýrt fram, svo að það liggi fyrir hér, að það hefur aldrei í viðræðum við þennan hollenzka aðila komið fram nokkuð það, sem gefi ástæðu til að halda, að hann vilji fara að misnota sér aðstöðu sína á einn eða neinn hátt í sambandi við þetta mál. Á vissum stigum hefur verið takmarkaður áhugi hjá þeim, það eru vissir aðilar, sem hafa verið miklir áhugamenn í þessu, og það eru ekki hvað sízt sumir tækniaðilar, sem þar eru starfandi og hefur fundizt þetta vera merkilegt og skemmtilegt viðfangsefni að leggja út í, en hins vegar á ýmsum stigum verulegar efasemdir hjá ýmsum aðilum um það, hversu hagkvæmt þetta væri. Og eins og hv. 6. þm. Sunnl. sagði og það alveg réttilega, þá hygg ég, að að öllum öðrum ólöstuðum eigi Baldur Líndal efnaverkfræðingur mestar þakkir skilið fyrir það, að þessu máli hefur þokað svo sem hér er raun á, vegna þess að á vissu stigi málsins var talið í rauninni, að þetta væri ekki fyrirtæki, sem ætti sér neina framtíð eða væri neinn grundvöllur undir, og það var fyrst og fremst fyrir þolgæði hans, eftir að í rauninni erlendar athugunarstofnanir, sem þetta önnuðust, höfðu lýst efasemdum í málinu, að hann tók sig sjálfur til og gerði sérstakar rannsóknir og athuganir, sem var svo hægt að sannfæra aðra aðila um, sem um málið fjölluðu, að væru réttar og öruggar, að þetta mál var ekki gefið upp á bátinn.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja frekar um málið, því að það er í rauninni ekki tilefni til þess, en aðeins leggja áherzlu á það, að varðandi samkomulagið við AIME hlýtur auðvitað öll nánari útfærsla þess að vera í höndum þeirra stjórnarfulltrúa, sem af hálfu íslenzka ríkisins verða skipaðir í stjórn bráðabirgðafélagsins, en svo sem hér er gert ráð fyrir, er ætlazt til, að ríkissjóður verði í fyrstu

atrennu einn aðili að þessu máli ásamt AIME, meðan bráðabirgðafélagið starfar, til þess að fá svigrúm til þess að athuga á því stigi, hverjir aðrir aðilar kynnu hér heima að vilja gerast aðilar að þessu. Og það verður að sjálfsögðu hlutverk þeirra fulltrúa, sem í þessa bráðabirgðastjórn fara af hálfu íslenzka ríkisins, að ljúka samningum við hið hollenzka fyrirtæki, þannig að grundvöllur fáist til stofnunar kísilgúrfélagsins sjálfs, og það er vissulega vonandi, að það geti allt orðið með þeim hætti, að það geti orðið til farsældar og uppfyllt þær vonir, sem við öll tengjum við það, að þessi framkvæmd, sem hér er um að ræða, geti orðið upphaf annarra og meiri hluta í eflingu iðnrekstrar og atvinnulífs í okkar landi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 664).

---

35. Tollskrá o. fl.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. [148. mál] (stjfrv., A. 269).

Á 47. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og mönnum er í fersku minni, voru á síðasta Alþingi sett upp ný tollskrárlög, en þau fólu í sér gagngerða breytingu á tollakerfinu. Þá voru m. a. sameinuð í einn verðtoll hin ýmsu gjöld og gjaldaviðaukar, sem hvíldu á flestum vörum og gerðu tollakerfið óhæfilega flókið. Ýmsar lagfæringar voru gerðar til samræmis á tolltöxtum skyldra vara. Þó var að vísu ekki hægt til fulls að sníða af þann skakka, sem orðinn var á tollum sakir þeirrar að mörgu leyti handahófskenndu gjaldheimtu, sem hafði átt sér stað um langan aldur til stuðnings atvinnuvegunum í stað réttrar gengisskráningar. Með tollskránni var enn fremur lækkaður verulega tollur á fjölmörgum vörutegundum, og síðast, en ekki síst var sú breyting á gerð, að við niðurröðun vörutegunda í skránni var fylgt hinni alþjóðlegu tollskrárfyrirmynd, Brüsselskránni svonefndu. Hér var um svo viðamiklar og veigamiklar breytingar að ræða, að öllum, sem að þeim unnu, var ljóst, að strax og farið væri að beita lögunum, mundi ýmislegt koma í ljós við daglega framkvæmd, sem nauðsyn bæri til að lagfæra.

Tollskrárnefnd, sem skipuð var að mestu sömu mönnum og þeim, sem sömdu tollskrárfrv., var falið að fylgjast með framkvæmd laganna, athuga erindi, sem borizt hafa frá félögum og einstaklingum, og gera till. um, hverju væri rétt að breyta og þá á hvern hátt. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um tollskrá, byggist á tillögum tollskrárnefndar. Þar er fyrst og fremst um að ræða ýmsar tæknilegar lagfæringar og samræmingu á tolli af skyldum vörum úr mismunandi efnum. Breytingarnar eru allmargar. Eins og sjá má á frv., er 1. gr. 91 liður og 2. gr. 5 liðir, þannig að í rauninni má segja, að 96 séu liðir þeir, sem breyta á, en í rauninni eru breytingarnar miklu fleiri, vegna þess að innan hvers liðs eru víða allmörg tollskrárnúmer, t. d. í einum þeirra tæplega 30. Hér er því um margar breytingar að ræða, og vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að þessar breytingar á tollum eru svo að segja allar til lækkunar og sums staðar svo að verulegu nemur. Ég ætla, að um hið gagnstæða séu aðeins 6 dæmi í þessu frv., og eru þau þannig til komin, að tollskrárnefnd taldi brýna nauðsyn til bera vegna samræmis að gera þær breytingar.

Um einstakar till. skal ég ekki ræða neitt að ráði, en vísa til grg. frv., en víkja þó að nokkrum breytinganna, sem einna mestu máli skipta.

Þess er fyrst að geta, að tollur á smíðatólum og ýmsum öðrum handverkfærum lækkar verulega, eða úr 50—100% niður í 35%. Við þessa breytingu er höfð hliðsjón af tolli á iðnaðarvélum, sem er almennt 35%, svo og af því, að í flokk með handverkfærum hafa fallið ýmis verkfæri, sem notuð eru sem hjálpartæki við vélar, en þær bera sem sagt 35% toll. Ég ætla að hér sé um réttmæta og sanngjarna lagfæringu að ræða, en sá óeðlilega hái tollur, sem nú er á þessum vörum, smíðatólum og verkfærum, á fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að á þau var á sínum tíma lagt hið svonefnda innflutningsgjald, eins og ýmsar fleiri hátollaðar vörur.

Þá er í öðru lagi tollur á varahlutum í rafmagnsheimilistæki lækkaður úr 80% niður í 50%. Má gera ráð fyrir því, að sú lækkun stuðli að því, að viðgerðir á slíkum tækjum verði ódýrari.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir í frv. að fella alveg niður toll af orgelum til notkunar í kirkjum, en samkvæmt gildandi ákvæðum er sá tollur 30%. Síðasta kirkjuþing samþykkti áskorun í þessa átt, um að fella niður aðflutningsgjöld af orgelum til kirkna. Eins og kunnugt er, þá er hér oft um að ræða dýr orgel, pípuorgel, og yfirleitt þykir rétt að fella niður tollinn og íþyngja ekki söfnuðum með tollum af þessum hljóðfærum, sem nauðsynleg eru hverri kirkju.

Þá er í fjórða lagi breyting varðandi tollaeftirgjafir af bifreiðum til öryrkja. Í gildandi tollskrárlögum er heimild til þess að fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir lamað og fatlað fólk og fólk með ýmsa nánar tilgreinda sjúkdóma og örorku, og er heimildin bundin við 40 þús. kr. fyrir hverja bifreið. Að vísu hefur þessi bifreiðatala í tollskránni eða tollalögum, sem staðið hefur í allmörg ár, verið hækkuð nokkuð árlega undanfarin síðustu ár með sérstöku lagaákvæði, sem gilt hefur fyrir eitt ár í senn, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að heimildin verði bundin við 150 bifreiðar í stað 50, og jafnframt, að hámark eftirgjafar á aðflutningsgjöldum af hverri bifreið hækki úr 40 þús. upp í 70 þús. Hér er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir þá, sem vegna fötlunar eða einhverra sjúkdóma þurfa á bifreið að halda til þess að komast ferða sinna eða stunda vinnu.

Þá er í fimmta lagi tekin upp heimild til þess að endurgreiða gjöld af vísindatækjum, sem samsvari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur. Samkvæmt gildandi tollskrá er ákveðinn 35% tollur af vísindatækjum yfirleitt. Það hefur hins vegar komið í ljós, að ýmis slíkra tækja teljast til tollskrárnúmera með hærra gjaldi, þannig að það gæti jafnvel farið upp í 100 eða 110% eftir því, úr hvaða efni þessi tæki eru. Dr. Finnur Guðmundsson hefur fyrir hönd náttúrugripasafnsins vakið sérstaka athygli á þessu, m. a. varðandi fuglamerki og ýmsar aðrar þarfir náttúrugripasafnsins, og talið óeðlilegt, að ýmis slík tæki séu tolluð hærra en hin almennu tæki til vísindarannsókna, og hefur niðurstaðan því orðið sú, að setja inn í 2. gr. frv. slíka heimild sem ég gat um, til að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur. Hin aðferðin þótti of flókin, að fara að breyta hverjum einstökum lið tollskrárinnar, sem hér gæti komið til greina. Niðurstaðan verður því sú, ef þetta ákvæði verður samþykkt, varðandi vísindatækin, að af flestum þeirra greiðist 35% tollur, en ef einhver þeirra falla í annan hærri tollflokk, þá verður endurgreitt það, sem umfram er 35%.

Ég nefni hér nokkrar af þessum breytingum, en vísa að öðru leyti til grg. með frv., bæði almennt og sérstaklega með einstökum liðum.

Með þeim brtt., sem hér eru fluttar við tollskrána, er að sjálfsögðu ekki náð neinu lokatakmarki, og áfram verður að halda á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið, að lækka tollana og færa tollakerfið til enn meira innbyrðis samræmis, því að eins og ég gat um áðan, er enn langt frá því, að það hafi tekizt. Við allar slíkar aðgerðir verður einnig að hafa í huga, að sanngjarnt og eðlilegt tillit sé tekið til innlends iðnaðar og hlutur hans ekki fyrir borð borinn.

Á síðasta iðnþingi var samþykkt ályktun á þá leið, að skorað var á ríkisstj. og Alþingi að lækka tolla á vélum til iðnaðarframleiðslu, en þeir eru yfirleitt 35% nú. Þetta mál hefur verið til sérstakrar athugunar, því að vitanlega hefur það ákaflega mikla þýðingu fyrir íslenzkan iðnað og þá ekki síst fyrir útflutningsatvinnuvegina. Eftir nokkra athugun á þessu máli almennt, um möguleika á lækkun tolla af vélum, ritaði ég tollskrárnefndinni 12. des. bréf um þetta efni og vil lesa hér meginatriði þess.

„Það er og hefur verið stefna núv. ríkisstjórnar að hafa gjöld á innfluttum vélum og öðrum tækjum til atvinnuveganna eins lág og fjárhagur ríkissjóðs frekast leyfir. Í samræmi við það var með setningu nýrra tollskrárlaga á síðasta vori ákveðin veruleg lækkun á tolli landbúnaðarvéla og sömuleiðis voru lækkaðir tollar á ýmsum vélum og tækjum til fiskveiða. Hins vegar var að svo stöddu ekki talið fært að lækka tolla á vélum almennt frá því, sem verið hafði. Í nýju tollskránni er yfirleitt 35% tollur á vélum og tækjum, öðrum en þeim, sem notuð eru við fiskveiðar og landbúnað. Ráðuneytið telur nú tímabært, að kannaðir verði möguleikar á því, að tollar á vélum og tækjum verði lækkaðir, og er tollskrárnefnd falið að gera þá athugun, samkvæmt því, sem hér segir:

1) Athuga þarf, hvort og þá að hve miklu leyti sé framkvæmanlegt að ákveða tolla af vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða lægri en á vélum og tækjum til annarra nota.

2) Athuga þarf, hve mikið það mundi kosta ríkissjóð, ef lækkaðir yrðu tollar af vinnuvélum og öðrum tækjum til þess iðnaðar, sem framleiðir vörur og veitir þjónustu fyrir innlendan markað. Í því sambandi verður að athuga, hvort framkvæmanlegt verður að takmarka tollalækkun við slíkar vélar og tæki eða hvort óhjákvæmilegt sé að láta hana einnig taka til annarra véla og tækja og þá til hverra.

3) Að athuga aðrar hliðar þessa máls, svo sem hvaða breytingar aðrar kynni að þurfa að gera á tollskránni, ef tollar á vélum og tækjum yrðu lækkaðir, og hverjar fjárhagslegar afleiðingar slíkt hefði fyrir ríkissjóð. Í því sambandi þyrfti að athuga áhrif lækkunar vélatolla á samkeppnisaðstöðu innlendra vélaframleiðenda."

Eins og kemur fram af þessum útdrætti úr bréfinu, er þetta mál ákaflega viðtækt og flókið. Það, sem mörgum finnst ef til vill eðlilegast, er að lækka tolla á vélum til útflutningsframleiðslunnar. En þá er það athugandi, að sumar slíkar vélar eru sams konar og vélar, sem notaðar eru til annars en útflutningsframleiðslunnar, og í framkvæmd er ákaflega örðugt að hafa mismunandi tolla á sams konar vöru eftir því, til hvers hún er notuð. Í öðru lagi koma hér varahlutamálin mjög til athugunar, því að að því hefur verið stefnt og æskilegast að hafa tolla af varahlutum jafnháa tollum af sjálfum aðalhlutunum eða vélinni.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta mál hér, en aðeins taka það fram, að hugmyndir voru uppi um það, þegar þetta bréf var ritað í des-

ember, að unnt væri að taka inn í þetta frv. till. um lækkun á vélatollum. Fyrir nokkru tjáði hins vegar tollskrárnefndin mér, að málið væri svo víðtækt, að hún treysti sér ekki til að leggja fram rökstuddar till. á þessu stigi og taldi, að það yrði að bíða næsta hausts. Hér er um að ræða mál, sem hefur verulega þýðingu fyrir iðnaðinn í landinu og ekki síst útflutningsiðnaðinn. Vegna þess að ekki er um þetta fjallað í frv., vil ég taka það fram til þess að sýna, að málið hefur verið í rækilegri athugun og er, og vænti ég þess, að till. um umbætur í þeim efnum, þ. e. a. s. lækkun vélatolla, geti orðið lagðar fyrir næsta þing.

Ég vænti þess, að um þetta frv. geti orðið samstaða á Alþ., og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir, í sér leiðréttingu á ýmsu, sem sézt hafði yfir eða ekki var séð fyrir, þegar nýja tollskráin var samin á s. l. ári. Í tollskránni, sem þá var samin, fólust svo umfangsmiklar breytingar á formi tollskrárinnar, að það kemur að sjálfsögðu ekki neinum á óvart, þó að nokkur reynsla, sem fengin er, hafi leitt í ljós, að ýmislegt þyrfti að lagfæra. Það virðist svo sem allt, sem þarna er í þessu frv. fólgið, sé til samræmingar og til þess að koma í veg fyrir misskilning, sem ekki hafði verið séður fyrir. Þessar samræmingar, sem þarna er um að ræða, eru, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, flestar heldur til lækkunar, en sumar þó einnig til hækkunar. Hvorugt skiptir verulegu máli, hvorki fyrir ríkissjóð né neytendur. Breytingarnar eru smávægilegar, og í öllum tilfellum ná þær aðeins til tiltölulega lítilla, takmarkaðra vöruflokka. Þó er ástæða til þess að láta í ljós ánægju sína með það, að nokkur leiðrétting hefur verið gerð á tollum á handverkfærum, eins og hæstv. ráðh. tók fram, og einnig hefur verið gert ráð fyrir því að lækka varahluti í heimilistæki úr 80%, sem er tollurinn á heimilistækjunum sjálfum, niður í 50%. Hæstv. ráðh. lét þess getið í ræðu sinni, að það þætti æskilegt að hafa varahlutina í sama flokki og tækin sjálf. Hérna hefur þó verið gerð undantekning. Það hefur oft verið bent á það af hálfu þm. Framsfl. hér á hv. Alþ., að tollar á heimilistækjum séu óþarflega og óeðlilega háir, en hæstv. ríkisstj. hefur nú sýnilega ekki séð sér fært, að lækka þá tolla ofan í 50%, heldur lætur sér nægja að lækka tolla á varahlutunum ofan í 50%, en innflutningur á varahlutum í heimilistæki mun nú ekki vera mjög mikill. Þetta er gott, svo langt sem það nær. Það er í áttina. En þetta eru ekki nein stór atriði, sem ég ætla að fara að gera hér að frekara umræðuefni. Þessi einstöku atriði frv. verða vafalaust athuguð í n. og ekki ástæða til að eyða tíma í að tala um þau á þessu stigi málsins.

Það, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, var, að ég vildi ekki láta hjá líða að láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að engar verulegar umbætur í tollamálum skyldu vera lagðar til með þessu frv., heldur aðeins tæknískar leiðréttingar. Það hefur oft verið bent á það, og ég hef m. a. bent á það í umr. hér nýlega, að það er mikil nauðsyn fyrir okkur Íslendinga að lækka stofnkostnaðinn í þjóðfélaginu. Tollarnir eiga drjúgan þátt í stofnkostnaði framleiðslutækjanna. Eins og hæstv. ráðh. nefndi áðan, þá eru tollar á flestum framleiðsluvélum 35%, og útflutningsframleiðslan og önnur framleiðsla í landinu verður að dragast með þann kostnaðarauka, með vexti og afborganir af honum, og það liggur í hlutarins eðli, að slíkt rýrir mjög aðstöðu þessara atvinnugreina til þess að keppa hvort sem er á erlendum markaði eða á innlendum markaði við innfluttar vörur.

Nýja tollskráin, sem sett var á s. l. vori, var fyrst og fremst formbreyting, en jafnframt fór fram nokkur jöfnun á tollum. Það fór fram lækkun á háum tollum og hækkun á lágum tollum á móti. Þessar breytingar voru yfirleitt ekki stórvægilegar, en að svo miklu leyti sem þær höfðu einhver áhrif á aðstöðu iðnaðarins í landinu, þá fóru þær í þá átt að minnka tollvernd hans. Til þess að sætta iðnrekendur í landinu við þessa stefnu var þeim lofað ýmislegri og margvíslegri fyrirgreiðslu til þess að auka og bæta samkeppnishæfni þeirra, bæði erlendis og við erlendar vörur á innlendum markaði. Efndirnar á þessum loforðum hafa fyrst og fremst lýst sér í því, að innflutningur á erlendum iðnaðarvörum hefur verið örvaður með því að veita innflytjendum ótakmarkaðar heimildir til þess að flytja inn vörur á vörukaupalánum, en slík vörukaupalán koma aftur á móti ekki iðnrekendum að neinu gagni, bæði vegna þess, að hráefnin, sem þeir flytja inn, eru í flestum tilfellum aðeins lítill hluti af þeirra kostnaði, og í öðru lagi vegna þess, að þeir þurfa miklu lengri tíma, frá því að þeir kaupa sín hráefni og þangað til þeir selja fullunnar vörur, heldur en innflytjendur fullunninna vara þurfa. Ég veit ekki, hvort sú breyting, sem gerð var á l. um iðnlánasjóð hér í fyrra, hefur átt að vera einhver þáttur í efndum þessara loforða, en það var, eins og kunnugt er, gert með þeim snjalla hætti, sem núv. hæstv. ríkisstj. notar mjög, að skattleggja menn sjálfa til þess að veita sjálfum sér lán.

Skattlagningin í landinu til ríkissjóðs er nú komin yfir 3000 millj. kr. Það var það, sem hv. 1. þm. Austf. kallaði í umr. í Nd. að fara í gegnum hljóðmúrinn, svo ofbauð þeim hv. þm., sem var annars hér áður fyrr talinn drjúgur tollheimtumaður, þó að hann muni nú ekki eiga nein met lengur í þeim efnum. Það er enginn vafi á því, að það er nauðsynlegt að draga úr þessari miklu skattheimtu. Hins vegar er það auðvitað álitamál, hvar á að gera það, á hvaða sviðum.

Hæstv. ríkisstj. hafði það að stefnumáli í upphafi síns ferils að lækka beinu skattana og hækka óbeinu skattana í staðinn. Þetta hefur nú orðið þannig í framkvæmd, að beinu

skattarnir hafa ekki lækkað neitt svipað því og gert var ráð fyrir, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur engan hemil haft á dýrtíðinni, sem aftur hefur leitt til hækkaðs verðlags og síðan kaupgjalds, þar með hækkaðra tekna í krónutölu, og menn hafa komizt hátt upp í hinn prógressiva skala, jafnvel menn með miðlungstekjur. Það mundi því sjálfsagt ýmsum þykja ástæða til þess — og ekki sízt væntanlega stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. — að draga úr þeim. Aðrir og þ. á m. ég sjálfur mundi álíta, að mikil nauðsyn væri fyrst og fremst til þess að draga úr sölusköttunum, sem hafa svo alvarleg áhrif á verðlagsþróunina í landinu sem raun ber vitni.

En allt um það, hvað sem mönnum kann að finnast um þetta, virðist mér, að nauðsynlegt sé að draga ekki lengur að lækka tolla á framleiðslutækjum, ekki bara til útflutningsframleiðslunnar, heldur einnig til þess atvinnurekstrar, sem vinnur að framleiðslu fyrir innlendan markað í samkeppni við innfluttar vörur. Hæstv. ráðh. gerði þetta nokkuð að umræðuefni í ræðu sinni hér áðan, og nauðsyn þessa er viðurkennd af hæstv. ráðh. og fleirum af hans liðsmönnum, og vil ég láta í ljós ánægju mína yfir því. Hitt er svo annað mál, að ég verð að láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að undirbúningur þessa máls skuli ekki vera lengra á veg kominn en ræða hæstv. fjmrh. bar vott um. Nauðsynin á þessu fer auðvitað vaxandi, þeim mun lengra sem haldið er inn á þá braut, sem kennd er við fríverzlun.

Og þá er ég kominn að síðasta atriðinu, sem ég ætla aðeins að nefna í þessu sambandi. Í verkfallinu í desember, einhvern daginn, þegar engin blöð komu út, birtist í útvarpi fréttatilkynning frá hæstv. ríkisstj., þar sem skýrt var frá því, að sótt hefði verið um bráðabirgðaaðild fyrir Ísland að almenna tolla- og viðskiptasamkomulaginu, GATT. Þó að þessi tilkynning léti ekki mikið yfir sér í miðju verkfallinu, var hún eigi að síður mjög mikilvæg. Með því var snúið a. m. k. að sinni inn á tollasamningsleiðina í viðskiptum okkar við nágrannaþjóðirnar, leið, sem mjög hafði verið haldið fram af framsóknarmönnum í þeim umr., sem urðu hér á s. l. ári um þessi efni. Nú hlýtur maður að gera ráð fyrir því, þó að ekki hafi verið neitt um það tilkynnt, að um þessar mundir séu að hefjast viðræður milli aðildarríkjanna að tolla- og viðskiptasamkomulaginu annars vegar og íslenzku ríkisstj. hins vegar. Og það er því að mínum dómi mjög nauðsynlegt, að við athugum það, Íslendingar, að undirbúa það sem allra bezt og koma tollamálum okkar fyrir á sem hagkvæmastan hátt einmitt núna. Það er gert ráð fyrir því í almenna tolla- og viðskiptasamkomulaginu, að til þess að þjóðir öðlist að því aðild, skuli þær semja um eða sjálfar lækka eða a. m. k. festa einhverja af tollum sínum. Í framkvæmd hefur þetta verið þannig nú í seinni tíð, að þess hefur yfirleitt ekki verið krafizt af þeim þjóðum, sem gerðust aðilar að þessu samkomulagi, að þær lækkuðu tolla sína. Ég er hins vegar ekki í neinum vafa um það, að hjá þeim þjóðum, sem þarna eiga hlut að máli, sem flestar eru útflytjendur vara af því tagi, sem ég var þarna einmitt að tala um, véla og framleiðslutækja, mundi það mælast mjög vel fyrir í þessu sambandi, ef við lækkuðum tolla okkar á þessum vörum, og mundi vafalaust auðvelda okkur samninga við þessar þjóðir. Ég legg ekkert upp úr því, að beðið væri eftir því, að þessar þjóðir gerðu kröfu um þessar lækkanir. Ég geng út frá því sem vísu, og það liggur raunar í hlutarins eðli, að ekki mundi það síður verða metið, ef við gerðum þær einhliða sjálfir. Það er m. a. af þessum ástæðum, sem ég tel það vera tímabært einmitt núna að athuga þessi mál *alveg sérstaklega og vandlega, og ég vil* endurtaka það, að mér voru það vonbrigði, að þessum málum voru engin skil gerð í þessu frv., sem hér liggur fyrir, fyrst á annað borð var farið að leggja fram frv. til breytinga á tollskránni.

Ég skal að sjálfsögðu taka það fram, að ég hef ekkert við einstök atriði þessa frv. að athuga á þessu stigi málsins. Við fljótlega yfirferð virðist mér þessar breytingar, sem þarna er gert ráð fyrir, vera eðlilegar, en að sjálfsögðu verður það frekar athugað í nefnd. En ég vildi ekki láta þessa umr. fara fram hjá án þess að vekja athygli á þeim vandamálum, sem ég hef verið að gera hér að umræðuefni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 269, n. 485 og 489, 316, 487, 490).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er nú búið að vera alllengi í meðförum hv. d. En ástæðan til þess dráttar, sem á hefur orðið og að ýmsu leyti er óæskilegur af ástæðum, sem ég síðar mun víkja að, er sú, að allmörg erindi hafa borizt frá ýmsum aðilum, þar sem óskað er frekari breytinga á tollskránni en frv. gerir ráð fyrir og gerðar athugasemdir við ýmis atriði frv. Þessum erindum hefur fjhn. yfirleitt vísað til tollskrárnefndarinnar til frekari athugunar. En svo fljótt sem álit tollskrárnefndarinnar lá fyrir um þessi atriði hefur málið verið afgreitt frá n., en þó er rétt að vekja athygli á því, sem raunar er getið um í nál. meiri hl., að fáein erindi eru enn óafgreidd frá tollskrárnefndinni. En álit hennar um þau mun liggja fyrir í dag eða á morgun, svo að að því leyti sem tollskrárnefndin telur æskilegt, að komið sé til móts við þessi erindi, þá munu verða fluttar um það brtt. fyrir 3. umr.

Eins og þau tvö mál, sem fyrir liggja, bera með sér, hefur ekki náðst full samstaða í n. um afgreiðslu málsins. N. stendur þó öll að þeim brtt., sem fluttar eru á þskj. 487, en 2 hv. nm., fulltrúar Framsfl. í n., hafa borið fram till. um allmiklu víðtækari breytingar, sem ég síðar mun víkja að. En áður en lengra er haldið, vil ég víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem n. flytur sameiginlega, þeim til frekari skýringa.

Það er í fyrsta lagi brtt. við 1. gr. frv., í a-lið. Í henni felst ekki annað en það, að gert er ráð fyrir, að tollur á þeim vörum, sem hér er um að ræða, lækki úr 100%, eins og frv. gerði ráð fyrir, í 80%. Tollskrárnefndin taldi, að þetta væri til samræmis við toll á öðrum skyldum vörum. B-liðurinn snertir kexframleiðsluna, þannig að tollur á tilbúnu kexi er lækkaður úr 125% í 80%. Tollskrárn. taldi, að þetta væri í samræmi við tollun á hliðstæðum vörum og innlenda framleiðslan á þessu sviði mundi njóta nægilegrar tollverndar, þó að tollurinn sé lækkaður sem þessu nemur. C-liðurinn, eða sú brtt., sem þar er flutt, er samkv. tilmælum frá Félagi ísl. iðnrekenda. Tel ég hann ekki þurfa frekari skýringa við. Hvað d-liðinn og sömuleiðis f-liðinn snertir, þá þótti eðlilegt, að gervibeitur bæru toll, sem væri í samræmi við toll á hliðstæðum útgerðarvörum. Einnig kemur það hér til, að n. hefur verið tjáð, að sjúklingar á Vífilsstöðum ynnu að þeirri framleiðslu, sem hér er um að ræða, og er það enn frekari ástæða til þess að taka tillit til þeirra óska, sem fram hafa verið bornar hvað þetta snertir. Lækkun á tolli á notuðum hjólbörðum er samkv. tilmælum frá Félagi ísl. iðnrekenda. Sama máli gegnir um g-liðinn um breytingu á tolli á pappír og vaxbornum pappa, að hún er einnig samkv. ábendingum frá Félagi ísl. iðnrekenda. H-liðurinn felur ekki aðra breytingu í sér en þá, að orðinu „kaðla" er bætt inn í þennan texta til þess að taka af tvímæli, og í samræmi við annað þótti rétt að gera þá breytingu. I-liðurinn, eða sú breyting, sem í honum felst, er einnig gerð samkv. ábendingum frá Félagi ísl. iðnrekenda, lækkun á tolli úr 100% í 80%. Hvað j-liðinn snertir, þá er þar um orðalagsbreytingu að ræða samkvæmt ábendingu frá Félagi skókaupmanna, og sama máli gegnir um k-liðinn. Hvað snertir l-liðinn, þá er um það að ræða að hækka nokkuð toll á götuljóskerum, en í ljós kom, að hér var um innlenda framleiðslu að ræða, svo að þetta var í samræmi við þá tollvernd, sem hliðstæð framleiðsla nýtur að öðru leyti. Hvað snertir m-liðinn er þar um þá breytingu að ræða, að gelatínbelgir utan um lyf eru teknir út úr þessu tollskrárnúmeri og tollur af þeim lækkaður úr 100% í 15%, en eðlilegt þótti, þar sem hér er um að ræða umbúðir um lyf, að þær væru í sama tollflokki og lyfin sjálf.

Þá kem ég að 2. brtt., a-lið. Þar er um orðalagsbreytingu að ræða varðandi skilyrði fyrir því, að fatlað fólk njóti tollaívilnunar á tilteknum fjölda farartækja. Áður var þetta orðað þannig, að menn nytu því aðeins þessara ívilnana, að þeir gætu ekki farið ferða sinna án farartækis. Ef þetta væri bókstaflega skilið, munu þeir sjálfsagt vera fáir, sem geta ekki undir neinum kringumstæðum komizt ferða sinna án farartækis, og þess vegna var samkv. tilmælum þeirra, sem fjalla um úthlutun þessara bifreiða, gerð sú orðalagsbreyting á, að þetta sé orðað þannig, að fólkið eigi erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. B-liðurinn þarf að mínu áliti ekki nánari skýringa við, en sú breyting er gerð samkv. tilmælum Blindravinafélagsins.

Þetta eru þær brtt., sem n. í heild leggur til að gerðar verði á frv. Eins og ég áður gat um, hefur hv. minni hl. borið fram allmiklu víðtækari brtt á þskj. 490. Nú væri út af fyrir sig auðvitað æskilegt að geta framkvæmt þá tollalækkun, sem þar er um að ræða, en tvær ástæður liggja til þess, að meiri hl. sér sér ekki fært, að mæla með samþykkt þessara till., a. m. k. ekki að svo stöddu. Er önnur ástæðan sú, eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir þessu frv., þegar það var lagt fram, að hvað snertir tolla á vélum, þá er það mál enn til ýtarlegrar endurskoðunar og gert ráð fyrir, að till. tollskrárnefndar í þeim efnum liggi fyrir næsta haust. Það sama hefur einnig komið fram í þeim viðræðum, sem fjhn. hefur átt við tollskrárnefndina. Hvað snertir önnur meginatriði þessara till., lækkun tolla af heimilistækjum og endurgreiðslu tolla af byggingarefnum eftir þeim reglum, sem hér er gert ráð fyrir, þá mundi hér óhjákvæmilega verða um allmikið fjárhagsatriði að ræða fyrir ríkissjóð, en með tilliti til þess, að fjárl. hafa þegar verið afgreidd, þá telur meiri hl. ekki fært að mæla með slíkum breytingum að þessu sinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um málið. Afstaða meiri hl. er í stuttu máli sú að mæla með samþykkt frv. með þeim brtt., sem ég nú hef lýst. En rétt þykir mér að vekja athygli á því, að það er þegar farið að valda talsverðum óþægindum, að sá dráttur hefur orðið á afgreiðslu málsins, sem raun er á, — óþægindum fyrir innflytjendur þessara vara og þó sérstaklega notendur þeirra. Að vísu felur frv. ekki í sér neina róttæka breytingu eða allsherjarendurskoðun á tollskránni, en samt er hér um allþýðingarmikla vöruflokka að ræða, sem tollur er lækkaður á, og má þar fyrst og fremst nefna handverkfæri. En það er eðlilega farið að valda allmiklum óþægindum, að innflutningur á þessum vörum hefur verið svo að segja stöðvaður frá því um miðjan febrúar. Það má sérstaklega í þessu efni benda á það, að gert er ráð fyrir lækkun tolla á landbúnaðarverkfærum og garðyrkjuverkfærum, að vísu ekki eins mikilli lækkun og hvað önnur verkfæri snertir, af því að þessar vörur voru í lægri tollflokki áður, en þó nægilega mikilli til þess, að innflytjendur munu ekki telja sér fært að taka þessa lækkun á sig. Með tilliti til þess væri mjög æskilegt, að hægt væri að flýta afgreiðslu málsins sem mest í hv. d., og rétt er, að það

komi fram, að þó að fjhn. hafi að vísu ekki átt fulla samstöðu um málið, hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar þar sýnt hina mestu samvinnulipurð hvað það snertir að láta málið ekki tefjast í n. lengur en nauðsyn var á.

Tollamálin eru vissulega stórmál, og ekkert við því að segja, þó að menn óski eftir að ræða þau. En hvað snertir þá almennu hlið fjáröflunar ríkissjóðs, þá vildi ég leyfa mér að benda á það, að næstu daga mun skattafrv. koma til umr. hér í hv. d. Þá mun gefast tækifæri til þess, að því leyti sem mönnum liggur slíkt á hjarta, að ræða hina almennu hlið fjáröflunar ríkissjóðs, og ég býst við, að það mundi ekki verða eins óvinsælt, þótt ekki sé meira sagt, þó að einhver dráttur kynni að verða á álagningu skatta og innheimtu þeirra, eins og hitt, að þeir mörgu, sem stunda garðyrkju- og landbúnaðarstörf, gætu ekki keypt nauðsynleg verkfæri. Á þetta vildi ég að lokum leyfa mér að benda. Felst auðvitað ekki í því, að ég mælist undan því, að menn ræði efni þessa frv., eftir því sem þeir hafa löngun til. En hvað snertir almennu hliðina, þá vil ég leyfa mér að benda á þann möguleika að taka hana til meðferðar, þegar skattafrv. kemur til umræðu.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, hefur þetta mál verið alllengi til meðferðar í fjhn., og það á, eins og hann gat um, rót sína að rekja til þess, að það hafa borizt margvísleg erindi, sem öll voru til meðferðar í tollanefnd fjmrn., og það hefur ekki staðið á fjhn. að afgreiða þetta mál. Í þessu frv. eru fólgnar leiðréttingar á ýmsu ósamræmi, sem komið hefur í ljós í tollskránni, sem samþ. var á hv. Alþ. í fyrra, og dreginn lærdómur af ýmissi reynslu, sem fengin er af framkvæmd hennar þetta eina ár, sem hún hefur verið í gildi. Og það er í raun inni ekki að undra, þó að eitt og annað komi í ljós eftir þá miklu formbreytingu, sem þá var gerð á tollskránni, sem þarf að leiðrétta. En breytingar, sem verulegu máli skipta fyrir ríkissjóð eða neytendur, breytingar á tollapólitíkinni, eru í raun og veru engar fólgnar í þessu frv. Það eru ekki í því fólgnar neinar hækkanir til skaða, þó að einstaka liður sé hækkaður, og í þessu frv. eru fólgnar breytingar til lækkunar, sem ég hef enga ástæðu til þess að vanþakka, eins og t. d. á handverkfærum og varahlutum í heimilistæki, þó að þessar breytingar séu ekki stórvægilegri en það, að verulega þýðingu fyrir verðlagsmyndunina í landinu hefur þetta ekki.

Skattabyrðin í þjóðfélaginu er orðin óhóflega mikil. Núv. ríkisstj. hefur aukið skattheimtuna úr um það bil 1000 millj. kr. eða minna en það, þegar hún tók við, og í um það bil 3000 millj. kr. Skattar og tollar, sem innheimtir hafa verið í ríkissjóð samkv. ríkisreikningum frá 1960 til 1962, eru þessir: 1960 1188 millj., 1961 1368 millj. og 1962 1714 millj. Á þessum 2 árum hefur þessi skattheimta, þ. e. a. s. skattar og tollar, hækkað um 44.9%. Nú er þetta gjarnan skýrt af hálfu talsmanna hæstv. ríkisstj. á þann veg, að þetta séu afleiðingar af almennri verðlagsþróun í landinu og af auknum innflutningi. Þessi atriði eiga sjálfsagt sinn þátt í þessari þróun, en þær skýra hana engan veginn til fulls. Innflutningurinn á árinu 1962 var 3837 millj. og hafði þá aukizt um líðlega 700 millj. frá árinu 1960 eða um 24%. Vísitala framfærslukostnaðar á þessum árum hækkaði úr 104 og upp í 116, miðað við aprílmánuð, sem ég hef miðað hér við. Vísitala vöru og þjónustu hækkaði úr 106 og upp í 133 eða um 25%, vísitala framfærslukostnaðar um 12%. Þannig er það ljóst, að verðlagið hækkaði á þessum 2 árum ekki nema u. þ. b. helminginn af því, sem skattahækkanirnar námu prósentvís.

Ef litið er á hækkun á almennum tekjum á þessu tímabili, kemur í ljós, að árstekjur þær, sem hagstofan vinnur úr skattskýrslum með hliðsjón af verðlagningu landbúnaðarafurða, uxu á árinu 1960 til ársins 1962 úr 78900 kr. í 103600 kr. eða um 32.5%. Þegar verið er að ræða um álagningu skatta á árinu 1960 og 1962 og verið er að bera þá saman við tekjuaukningu, væri að sjálfsögðu eðlilegra að miða við tekjurnar á árinu 1959 og 1961, því að það eru þær tekjur, sem á var lagt á þessum árum, og úrtakstekjurnar fyrir þessi ár, 1961 og 1959, hækkuðu úr 74900 og upp í 85400 eða um 14%. Þannig nær engin þeirra hækkana, sem gjarnan eru hafðar til viðmiðunar og afsökunar á því, hvað skattar hafa hækkað mikið í landinu, svipað því þeirri hækkun, sem varð á innheimtu skatta og tolla samkv. ríkisreikningi á þessum árum, sem ég hef hér tekið til meðferðar.

Það er skoðun okkar, sem erum í minni hl. fjhn., að þessar háu skattheimtur séu ákaflega skaðlegar, sérstaklega með tvennu móti. Tollarnir, sem lagðir eru á innfluttar vélar og tæki til útflutningsatvinnuveganna og framleiðsluatvinnuveganna í landinu, íþyngja þessum atvinnuvegum óhæfilega og rýra samkeppnismöguleika þeirra á erlendum og raunar einnig innlendum mörkuðum. Enn fremur eiga hinir háu tollar á byggingarvörum og ýmsum nauðsynjum til heimilisstofnunar mikinn þátt í að blása upp framfærslukostnaðinn í landinu með þeim afleiðingum, sem það hefur fyrir verðlagsþróunina og fyrir kaupgjaldsþróunina, sem hlýtur að fylgja í kjölfar dýrtíðarinnar. Hinn hái stofnkostnaður heimilanna hefur þau áhrif, eins og hann nú er orðinn, að mörgum ungum heimilum, sem eiga við þunga skuldabagga að stríða, eins og þau sjálfsagt eiga flest, þessu fólki finnst jafnvel sumu, að verðbólgan sé því nauðsynlegur bandamaður, til þess að það geti ráðið við eðlilegar fjárfestingar. En það er að sjálfsögðu ákaflega óholit fyrir verðlagsþróunina í landinu, að nokkurt fólk skuli þurfa að hafa þá tilfinningu, að verðbólgan sé því einhver bandamaður. Nóg er það, að nokkur hópur manna hefur verðbólguna að bandamanni til stórfelldrar eignasöfnunar, þó að ekki þurfi

einnig að verða svo, að ungt fólk, sem þarf að ráðast í nauðsynlegar og eðlilegar fjárfestingar til heimilisstofnunar eða atvinnurekstrar, þurfi líka að líta á verðbólguna sem sinn bandamann. Þess vegna er það skoðun okkar í minni hl., að það sé ákaflega nauðsynlegt að reyna að draga úr þessum nauðsynlega stofnkostnaði.

Af þessum ástæðum höfum við til viðbótar þeim brtt., sem hv. fjhn. flytur í heild, en þær brtt. eru flestar eða allar þannig til komnar, að þær eru fluttar eftir tilmælum einhverra aðila og með meðmælum tollskrárnefndar fjmrn., flutt brtt., sem lúta fyrst og fremst að tvennu: í fyrsta lagi lækkun á tollum á vélum og tækjum til framleiðslunnar til samræmis við þær framleiðslugreinar, sem bezt eru settar í þessu efni, og í öðru lagi flytjum við brtt. um verulega endurgreiðslu tolla af byggingarefni til íbúða af hóflegri stærð og lækkun tolla á heimilistækjum, sem nú má orðið telja til nauðsynja á hverju heimili, og við leggjum til, að tollur á slíkum tækjum lækki úr 80% í 50%, eins og frv., sem hér liggur fyrir, leggur til að tollar á varahlutum til þessara tækja geri. Að sjálfsögðu er það líka óumdeilt, að æskilegt sé, að tæki og vélar annars vegar og varahlutir til þeirra hins vegar séu í sama tollflokki.

Ég skal minna á það, að við 1. umr. um þetta frv. gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir því, að þær breytingar, sem fólgnar eru í þeirri brtt. okkar, sem ég hér taldi fyrsta, um lækkun á vélum og tækjum til framleiðslunnar, væru til meðferðar í fjmrn. og hjá tollskrárnefnd þess. Það er vissulega ekki nema ánægjulegt, að fjmrn. skuli hafa haft þessar breytingar til meðferðar og skuli, eins og fram kom í ræðu hans við 1. umr. málsins, hafa fullan skilning á nauðsyn þess, að þessar breytingar séu gerðar. Á hinn bóginn teljum við í minni hl., að lagfæring á þessu þoli ekki frekari bið. Ég vil leyfa mér í því sambandi að minna á það, sem raunar er minnt á í nál. okkar minni hl., að í grg. um kísilgúrverksmiðju er gerð grein fyrir nauðsyn þess, að þessar tollabreytingar eigi sér stað, og við leggjum þess vegna til, að fyrsta skrefið í þessu efni sé tekið með því, að samþykktar séu brtt. okkar um þessi efni. Við gerum okkur það ljóst, að sjálfsagt eru þessar brtt. eitthvað ófullkomnar. Sjálfsagt eru einhverjir liðir, sem þar hefðu átt að vera með, sem vantar í till. okkar, og e. t. v. á sér einnig stað, ef brtt. okkar yrðu samþykktar, einhver tollverndarskerðing, sem ekki væri í sjálfu sér fyllilega æskileg. Hins vegar álítum við, að þetta mál sé svo stórt og þýðingarmikið, að það verði þá heldur að taka upp þau vandamál, sem af þessu kann að leiða, sérstaklega og auka þá e. t. v. annan stuðning við þær greinar, sem misstu tollvernd sína við þessar breytingar, enda munu þær ekki vera mjög umfangsmiklar í okkar atvinnulífi miðað við þann vinning, sem fengist af því fyrir útflutningsframleiðsluna alla, ef þessar till. yrðu samþykktar.

Í öðru lagi leggjum við til, að tollar af byggingarefni til íbúða, sem eru ekki stærri en hámark þeirra íbúða, sem húsnæðismálastjórnin viðurkennir, nefnilega 360 kúbíkmetrar, séu að verulegu leyti endurgreiddir. Við leggjum til, að það sé endurgreitt upp í þessa hámarksstærð sem svarar 110 kr. á rúmmetra. Hámarksendurgreiðsla gæti með þessum hætti orðið tæplega 40 þús. kr. á íbúð, en meðalendurgreiðsla yrði væntanlega eitthvað lægri. Mætti gera ráð fyrir 30--35 þús. kr. á íbúð, og miðað við, að byggðar séu 1500 íbúðir, eins og nú er gert ráð fyrir að þurfi árlega, gæti þessi endurgreiðsla í heild numið rúmlega 50 millj. kr. Við gerum ráð fyrir því, að þessi upphæð, sem þarna er um að ræða, mundi nema milli 70 og 80% af öllum tollum, sem greiddir eru af innfluttu efni til slíkra íbúða.

Og í þriðja lagi leggjum við svo til þá lækkun tolla á heimilistækjum, sem ég gat um áðan.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess í framsöguræðu sinni áðan, að það lægju einkum til þess tvær ástæður, að meiri hl. gæti ekki fallizt á þessar brtt. okkar, og hann gat um þessar tvær ástæður. Önnur þeirra var sú, að till. okkar um lækkun tolla á vélum og tækjum til framleiðslunnar væri nú í ýtarlegri endurskoðun í fjmrn., eins og hv. dm. er öllum kunnugt um, og væri eðlilegt að bíða úrslita þeirra athugana og þeirrar endurskoðunar. Ég held, að ég fari rétt með það, að það hafi m. a. komið í ljós í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls, að ekki er gert ráð fyrir því, að þessari endurskoðun geti verið lokið á þessu ári, og það þykir okkur langt að bíða eftir næsta Alþingi með svo nauðsynlegar leiðréttingar eins og hér er um að ræða.

Hitt atriðið, sem hv. frsm. meiri hl. gat um, var það, að hér væri um að ræða verulegt fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð. Réttilega tók hv. frsm. meiri hl. það fram, að það gæfist kannske tækifæri til þess að ræða frekar um stefnuna í skattamálum og fjárhagsafkomu ríkissjóðs í sambandi við það frv., sem liggur fyrir d. og væntanlega kemur á dagskrá næstu daga, um tekjuskatt, og ég skal ekki heldur fara mörgum orðum um það atriði, að hve miklu leyti þessar brtt. eru fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð eða að hve miklu leyti þær mundu stefna fjárhagsafkomu ríkissjóðs í voða, en mér þykir rétt að minna aðeins á örfá atriði í þessu sambandi.

Það var stefna núv. hæstv. ríkisstj., sem boðuð var í upphafi starfsferils hennar, að óbeinir skattar skyldu að verulegu leyti koma í stað beinna skatta. Beinir skattar voru þá taldir óréttlátir, m. a. sökum þess, hve mikil brögð eru að skattsvikum, og það var talið hentugra að afla ríkissjóði tekna með óbeinum sköttum. Þá voru svo óbeinir skattar stórauknir, eins og hv. þm. er öllum minnisstætt, en beinir skattar voru lækkaðir snemma á ár-

inu 1960, og þær tekjur, sem kallaðar voru þurftartekjur, voru gerðar skattfrjálsar. Með því frv. um breyt. á l. um tollskrá, sem hér liggur fyrir, er ekki vikið frá þessari stefnu, sem þá var boðuð, í neinu, því að breytingar til lækkunar á óbeinum sköttum eru ekki slíkar í þessu frv., að þær hafi nein áhrif á eða verði skoðaðar sem nein breyting á skattapólitíkinni yfirleitt. En hins vegar er vikið frá þeirri stefnu, sem mótuð var á árinu 1960 í skattamálum, með því frv., sem hv. frsm. meiri hl. minnti á áðan, frv. um tekjuskatt, sem ákveður lægri persónufrádrátt miðað við verðlagið en gert var, þegar stefnubreytingin var gerð í skattamálum í upphafi ársins 1960, og enn fremur ákveður hærri skattstiga í prósentum af skattskyldum tekjum en gilt hefur að undanförnu. Þetta er ágreiningslaust frá okkar hálfu, sem ávallt höfum talið skattastefnu hæstv. núv. ríkisstj. ranga. En þetta frávik, sem ríkisstj. er nú að leggja til, er einhliða til hækkunar. Og við teljum, að þá sé tímabært að gera einnig frávik frá hinni upphaflegu stefnu ríkisstj. með tilliti til þess að lækka þá einnig óbeina skatta, um leið og álagning beinna skatta er hlutfallslega aukin. Við teljum þess vegna, að það sé fjárhagslegur grundvöllur fyrir því að rýra tolltekjur ríkissjóðs nokkuð, svo sem gert er ráð fyrir í brtt. okkar, með tilliti til þess, að ríkisstj. hefur nú til meðferðar og mun væntanlega fá samþykkta þá stefnubreytingu að því er lýtur að beinu sköttunum, sem fólgin er í frv. um tekjuskatt, sem liggur fyrir þessari hv. deild.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég enn fremur minna á það, að hv. þm. Daníel Ágústínusson, sem sat hér sem varamaður hv. 1. þm. Vesturl. um það leyti, sem frv. um tollskrá var lagt fram, lagði fram tvær brtt. á þskj. 316, og lýtur önnur að því að heimila fjmrn. að fella niður gjöld af hljóðfærum til notkunar í skólum og hin að því að heimila fjmrn. að fella niður aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir félagsheimili og skóla. Ég vil leyfa mér að minna á þessar brtt. hv. þm. og geta þess, að við í minni hl. styðjum þær og mælum með samþykkt þeirra. Við mælum enn fremur með samþykkt frv., þeirra brtt., sem fjhn. flytur í heild, og að sjálfsögðu með brtt. okkar sjálfra.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða hér mikið almennt um það frv., sem hér liggur fyrir. Ég er alveg sammála því, sem hér hefur komið fram, að með þessu frv. er ekki um neina stefnubreytingu að ræða í tollamálum, heldur einvörðungu tæknilegar breytingar, sem líklega og reyndar vafalaust eru til bóta við framkvæmd tollheimtunnar, en skipta litlu sem engu um byrðar á landsmenn. Í samræmi við það, að hér er ekki um neina slíka stefnubreytingu að ræða, er ekki hreyft við neinu í þessu frv., sem varðar rekstur heimilanna í landinu. Þar situr allt við það sama og áður. Stefna hömlulausrar tollheimtu og skattheimtu af hinni almennu neyzlu er trúlega fylgt eins og áður, og það er sýnilegt með flutningi þessa frv., að þar er ekki meiri vilji til breytinga frá því, sem verið hefur, heldur en áður. Með hliðsjón af þessu tel ég tilgangslaust að flytja nú brtt. í þá átt að létta byrðar hins almenna neytanda í landinu, þar sem það verður að telja fullreynt að svo komnu a. m. k., að enginn bilbugur er á hæstv. ríkisstj. til þess að slaka nokkuð á í þeim efnum, hversu brýn nauðsyn sem væri þó á því nú heldur en oftast áður að létta nokkuð það dýrtíðar- og verðbólguflóð, sem nú er fremur en nokkru sinni áður að kaffæra afkomumöguleika láglaunafólks í landinu.

Við setningu tollskrárlaganna á síðasta Alþingi flutti ég allmargar brtt. í þá átt að létta byrðar af hinni almennu og óhjákvæmilegu neyzlu, og þær till. voru allar felldar. Ég mun því ekki freista þess nú að leggja hæstv. ríkisstj. undir neitt nýtt próf í þessum efnum. Og auk þess bætist það svo við, að tillögugerð varðandi þetta frv. er örðugri af hálfu okkar Alþb.-manna heldur en áður, þar sem við eigum engan fulltrúa í þeirri n., sem um frv. hefur fjallað. Ég hef hins vegar ákveðið að leyfa mér að flytja tvær brtt. við 2. gr. frv. Þær till. varða ekki að neinu heildarstefnuna í tollamálum og eru þess eðlis, að um þær ætti að geta orðið samkomulag, þó að deildar meiningar séu um heildarstefnuna. Þessar brtt. varðandi 2. gr. frv. eru efnislega þær, að í stað þess, að lagt er til að gefa eftir aðflutningsgjöld af 150 bifreiðum til fatlaðra og lamaðra, verði þeirri tölu breytt í 250, og enn fremur, að það verði sett inn í lögin, að aðflutningsgjöldin verði afskrifuð á ákveðnu árabili, á 6 árum, og að þeim tíma liðnum komi þeir, sem njóta þeirrar eftirgjafar, til greina með nýja eftirgjöf. Þessar till. eru mjög í samræmi við það, sem samtök öryrkja hafa barizt fyrir nú um margra ára skeið, en hefur ekki verið til þessa sinnt nema að litlu leyti.

Í grg. þessa frv. er sagt, að í stað þess, að í gildandi lögum sé heimild fyrir eftirgjöf af 50 bifreiðum árlega, sé nú lagt til, að þær verði 150. Þetta er að vísu rétt, svo langt sem það nær. En þó er þetta sagt á nokkuð villandi hátt, vegna þess að a. m. k. á 2 s. l. árum hefur verið leitað sérstakrar heimildar um þessar eftirgjafir og þær hafa verið um 150 bifreiðar á ári, svo að hér er ekki um neina fjölgun að ræða frá því, sem verið hefur. Það verður að telja fullkomlega rétt hjá öryrkjasamtökunum, að hér sé um algerlega ófullnægjandi tölu að ræða. Mér er kunnugt um það, að öll árin, síðan þessar eftirgjafir fóru að tíðkast, hafa umsóknir verið mörgum sinnum fleiri en unnt hefur verið að sinna og oft og tíðum a. m. k. 4—5 sinnum fleiri en hér er gert ráð fyrir. Það er því auðsætt, að mikill fjöldi umsækjenda, sem á sama eða svipaðan rétt á að fá eftirgjöf eins og þeir, sem hana geta fengið vegna þessarar takmörkunar, fær ekki sinnt að neinu leyti þörfum sínum í þessum efnum.

Þá er það varðandi afskriftirnar. Það er að sjálfsögðu bæði óhentugt og dýrt fyrir alla að eiga gamlar bifreiðar, og það kemur auðvitað sérstaklega hart niður á þessu fólki, sem þarna ræðir um og hverra fjárhagur oftast er þrengri en almennt gerist. Það segir sig svo líka sjálft, að möguleikar þessa fólks til þess að halda bifreiðum sínum við eru á margan hátt óhægri en flestra annarra. Það er því auðsætt, að þegar þessar bifreiðar eru orðnar úr sér gengnar og viðkomandi þarf að endurnýja þær, eru þeir oftast nær í sömu sporum og þeir, sem aldrei hafa áður fengið eftirgefin aðflutningsgjöld af bifreiðum. Það mun vera svo, að aðflutningsgjöldin af þessum bifreiðum séu að vísu afskrifuð á 5 árum, að ég held, það mun vera framkvæmdin á þessu, en hins vegar er það aðeins gert í eitt skipti fyrir öll, þannig að þeir, sem einu sinni hafa fengið eftirgjöf, koma ekki til greina upp frá því. Það er að vísu svo, að öryrkjasamtökin hafa verið með fleiri og fleiri óskir í þessum efnum, sem vafalaust væri rétt að athuga og taka að einhverju leyti til greina, en ég tel, að það ætti þá frekar heima í reglugerð um þessi efni. Það er t. d. það, að þeir hafa mjög sótt eftir því, að það væri frjálst val bifreiða, en ekki bundið við bifreiðainnflutning frá vissum löndum, sem a. m. k. fyrir suma þá aðila, sem hér er um að ræða, kemur sér mjög illa. T. d., svo að einhver dæmi séu nefnd um þetta efni, má nefna það, að frá þeim löndum, sem þessi innflutningur hefur verið bundinn við, er ekki unnt að fá bíla, sem eru sjálfskiptir, en það er oft mjög nauðsynlegt fyrir fatlað fólk að hafa ráð á slíkum bifreiðum og getur beinlínis ráðið úrslitum um það, hvort það er fært um að aka þeim eða ekki. T. d. maður með staurfót, það getur verið erfitt fyrir hann að skipta gírum á venjulegum bíl, en hins vegar auðvelt fyrir hann að aka bíl, sem er sjálfskiptur. Það má nefna það, að handarvana maður, þ. e. a. s. maður, sem vantar aðra höndina, getur auðveldlega ekið slíkum bíl, ef hann er með vökvastýri, en naumast að öðrum kosti. Það eru einmitt svona ástæður til þess, að öryrkjasamtökin hafa oft, árlega held ég, óskað eftir því, að á þessu yrði breyting. En ég tel, eins og ég sagði, að þarna eigi frekar að vera um framkvæmdaratriði að ræða, þar sem það á við, heldur en að það sé ástæða til að festa það í lögum.

Um þessar eftirgjafir er það annars að segja, að það verður að telja, að hér sé um að ræða einhverja handhægustu aðferð, sem hugsazt getur, til þess að létta undir með þessu fólki, sem þarna kemur til greina, í lífsbaráttu þess. Og það er ekki aðeins, að það sé handhæg aðferð af hálfu ríkisvaldsins, heldur er hún kostnaðarlaus með öllu. Og auðvitað er það svo, að ríkið hirðir ekki svo litlar tekjur, jafnvel þó að aðflutningsgjöldin séu felld niður að mestu eða öllu leyti af olíu, varahlutum og öðrum þörfum þessara farartækja, og það er því síður en svo, að það geti verið nokkur skaði fyrir ríkissjóðinn, þó að þessi ákvæði séu ekki ákaflega þröng, og mætti vel verða við óskum öryrkjasamtakanna í þessum efnum, án þess að um nokkurn skaða geti verið að ræða fyrir hið opinbera. Það er líka sjálfsagt að hafa það í huga, að þessar eftirgjafir og þeir möguleikar, sem skapast fyrir öryrkja til sjálfsbjargar, beinlínis gera það að verkum, að mörgum er mögulegt að bjargast af án annarrar aðstoðar af hálfu hins opinbera, og þannig gæti raunverulega verið um beinan sparnað þjóðarheildarinnar að ræða.

Það virðast því öll rök mæla með því, að það verði í ríkara mæli en áður orðið við tilmælum öryrkjasamtakanna og heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Og það verður að telja, að ekki verði með sanngirni a. m. k. gengið á móti þeim till., sem þau hafa árum saman beint til stjórnarvaldanna í þessum efnum.

Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 8. þm. Reykv. að flytja skriflega brtt. um þau efni, sem ég hef rakið, og vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir till., þar sem þær eru bæði skriflegar og of seint fram komnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 501) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 487,1.a—1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 490,1 felld með 11:8 atkv.
— 487,1.m samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 501 tekin aftur til 3. umr.
— 487,2.a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 316,1 felld með 11:8 atkv.
— 487,2.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 316,2 felld með 11:8 atkv.
— 490,2 felld með 11:8 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 506, 501, 516).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram við 2. umr., hafði tollskrárnefnd ekki lokið athugunum á öllum þeim erindum, sem fjhn. höfðu borizt og leitað umsagnar tollskrárnefndarinnar um. Tollskrárnefndin hefur nú sent umsögn um öll þessi erindi, og í samræmi við það flytur fjhn. á þskj. 516 5 brtt. við tollskrána í viðbót við þær till., sem hún áður hefur flutt og samþykktar voru við 2. umr. Ég skal fara örfáum orðum um þessar brtt., hvað í þeim felst.

Fyrsta till. fjallar um það, að tollur á efnivörum til sútunar og málningargerðar er ákveðinn 35%, en það tollskrárnr., sem þessar vörur féllu áður undir, var í 110%. Í 2. brtt. felst það, að hleraskóm er bætt inn í tollskrárnr.

73.40.41, sem ýmiss konar veiðarfæri falla undir. Er þetta gert samkv. ósk Landssambands ísl. útvegsmanna. Í 3. brtt. felst það, að tollur á hreinlætistækjum til innanhúsnota og hluta til þeirra er lækkaður úr 100% í 80%. Í 4. brtt. felst það, að tollur á próflípum til smíða eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjmrn. er lækkaður úr 35% í 15%. Og í 5. brtt. felst það, að neyðartalstöðvar, eins og þær nánar eru skilgreindar í till., fara í 4% toll, en áður voru talstöðvar yfirleitt í 35% tolli.

Hvað önnur erindi snertir, sem fjhn. hafa borizt og hún hefur óskað umsagnar tollskrárnefndarinnar um, þá hefur tollskrárnefndin ekki treyststst til þess að mæla með þeim till., sumpart með þeim rökum, að slíkt mundi vera brot á þeim grundvallarreglum, sem fylgt var við samningu tollskrárinnar, og sumpart vegna þess, að tollskrárnefndin taldi óframkvæmanlegt að greina ýmsar þær vörur, sem farið var fram á tollalækkanir á, frá öðrum vörum skyldum í tolli. Fjhn. eða a. m. k. meiri hl. hennar hefur því ekki treyststst til þess að koma frekar til móts við þessi erindi en orðið er.

Að lokum vildi ég aðeins minnast á brtt., sem borin var fram við 2. umr. málsins af þeim hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) og hv. 9. þm. Reykv. (AG), þess efnis, að bifreiðum til öryrkja, sem veittar eru tollaívilnanir á, yrði fjölgað úr 150 í 250. Að vísu er það nú svo, að ég hef ekki orðið var við það, að erindi hafi um það borizt til fjhn., að rýmkað yrði um þetta, en ég vefengi samt ekki, að meiri eftirspurn sé eftir þessum bifreiðum en fullnægja megi með þeirri tölu, sem tollaívilnanirnar nú ná til. En af tveim ástæðum treystist ég ekki til að mæla með samþykkt þessarar till. Í fyrsta lagi vegna þess, að hér er um nokkurt fjárhagsatriði að ræða, vegna þess að bifreiðar eru, eins og kunnugt er, tollaðar mjög hátt og tollur af þeim töluverður liður í tekjuöflun ríkissjóðs. Í öðru lagi er það svo með allar undanþágur af þessu tagi, að hætta er á misnotkun. Það er ekki til neinn hlutlægur mælikvarði á það, hverjir skuli njóta þessara ívilnana og hverjir ekki, og felst síðar en svo í þessu nein aðdróttun eða vantraust á þeim, sem þessa úthlutun hafa með höndum. Þetta á við allar undanþágur af því tagi, sem um er að ræða, og að mínu áliti er þeim mun meiri hætta á slíkri misnotkun, eftir því sem undanþágurnar eru rýmri. Að öðru leyti hlýtur þetta atriði auðvitað að verða til meðferðar frá ári til árs, hve margar bifreiðar sé hæfilegt að hafa með tollaívilnunum, en að svo stöddu treystist ég samkvæmt áður sögðu ekki til að mæla með þessari brtt.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Þær brtt., sem við í minni hl. fjhn. höfum staðið að því að flytja við þetta frv., eru tvenns konar. Annars vegar eru það brtt., sem við í minni hl. flytjum einir og miða að því að lækka verulega tolla á nokkrum tilteknum vöruflokkum. Þessar till. voru felldar við 2. umr., og við teljum, að með því sé það fullreynt, að hv. stjórnarflokkar munu ekki vera fáanlegir að víkja í neinum grundvallaratriðum frá þeirri tollastefnu, sem mörkuð er. Hins vegar höfum við ásamt meiri hl. nefndarinnar staðið að flutningi tillagna af öðru tagi, nefnilega um ýmiss konar leiðréttingar og samræmingar. Flestar þessar till. eru til komnar á þann veg, að tilmæli hafa borizt frá ýmsum aðilum, eins og hv. frsm. nefndarinnar hefur gert grein fyrir. Þessum till. hefur síðan fjhn. vísað til tollskrárnefndar fjmrn. til umsagnar. Eftir að þær umsagnir hafa verið fengnar, hefur nefndin í heild flutt brtt. í samræmi við það á 2 þskj., annað lagt fram við 2. umr. málsins, og þær till. voru allar samþykktar, og á öðru þskj. við 3. umr. málsins, sem hv. frsm. hefur gert grein fyrir. En ég vil geta þess, sem ekki kom að mínum dómi nægilega skýrt fram hjá hv. frsm., að til nokkurra af þeim atriðum, sem til umr. voru í n. og n. bað tollskrárnefndina um umsögn um, hefur hún mér vitanlega ekki tekið afstöðu enn þá. Ég átti í dag tal við einn úr tollskrárnefndinni, og hann hefur tjáð mér, að nokkur slík atriði væru enn til meðferðar í n. og hann gerði sér vonir um, að n. gæti látið fjhn. hv. Nd. í té umsögn um þau atriði, þegar frv. kæmi þangað. Ég vil aðeins geta þessa, vegna þess að ég hefði kosið að fá tækifæri til þess að taka afstöðu til þessara atriða einnig hér í þessari hv. d. En á hinn bóginn sé ég, eins og nú er komið málum, ekki ástæðu til þess að tefja meðferð málsins, og í trausti þess, að hv. Nd. fái tækifæri til þess að fjalla um þessi atriði, sem ég hér hef í huga, þá mun ég ekki leggja stein í götu þess, að þetta frv. verði afgreitt nú til Nd.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að brtt. okkar hv. 9. þm. Reykv. (AG) á þskj. 501 skuli ekki hafa getað fengið náð fyrir augum a. m. k. formanns hv. fjhn. Að vísu orðaði hann það svo, þegar hann ræddi um till., að hann gæti ekki persónulega mælt með till., og kann því að vera, að meiri hl. n. eða aðrir nm. séu þessu máli fylgjandi, og vil ég vona, að svo sé, og hann hafi þarna eingöngu verið að tala fyrir sína hönd persónulega, en ekki fyrir hönd n. En þetta eru mér því meiri vonbrigði sem ég hafði ástæðu til að ætla, sérstaklega vegna þess, að hv. formaður fjhn. var því a. m. k. hlynntur, áður en atkvgr. fór fram við 2. umr., að n. fengi þessar till. til athugunar, — þá hafði ég ástæðu til að ætla, að á þær yrði litið með nokkurri sanngirni. En ég sé að vísu, og undrar mig það ekki, að hv. formaður n. hefur þurft 2—3 daga til þess að geta fundið mótrök gegn því, að þessar að mínu viti sjálfsögðu till. yrðu samþ. Og ég verð að segja það, að mér fundust þau harla einkennileg. Hann sagði, áður en hann fór að telja þessi rök fram, að það hefðu ekki borizt nein erindi til fjhn., og skildist mér, að það eitt fyrir sig kynni að vera næg ástæða til þess að hafna þessum till. Ég held, að þarna misminni hv. þm. Að vísu er

það rétt, að það mun ekki hafa borizt erindi beint til fjhn., en ég held, að hver einasti þm. eigi að eiga í fórum sínum ýtarlegar samþykktir og bréf frá öryrkjasamtökunum um þetta mál, og það kom meira að segja snemma á þessum vetri, sennilega áður en þetta tollskrárfrv. var lagt fram, svo að ekki finnst mér sú ástæða geta verið veigamikil.

Mig undrar það ekki, að hv. formaður fjhn. skuli ekki vefengja það, að æskilegt væri, að fleiri bifreiðar kæmu til úthlutunar, enda er það mála sannast og hefði verið auðvelt fyrir hann að fá upplýst hjá þeirri n., sem hefur haft með þetta að gera, að umsóknir hafa venjulega verið 4—5 sinnum fleiri en unnt hefur verið að sinna. Og það er auðvitað mjög fjarri því, þó að þessi tala hefði verið hækkuð um 100 bifreiðar, að ófatlaðir hefðu farið að njóta þessara hlunninda, eins og hann gaf í skyn að hætta væri á og taldi fram, að sú hætta væri fyrir hendi, vegna þess að það væri ekki til neitt hlutlægt mat, sem þarna lægi til grundvallar. Ég hygg, að a. m. k. læknastéttinni þyki það ákaflega einkennileg kenning, ef ekki er til hlutlægt mat á örkumlum, því að þau eru metin og það meira að segja mjög nákvæmlega, og þarna er þess vegna um hreina gerviástæðu að ræða, enda eru ákvæðin, sem úthluta á eftir, það ströng, að ekki virðast vera neinir möguleikar að ganga fram hjá þeim.

Viðvíkjandi hinni mótbárunni hjá hv. formanni n., að þarna sé um nokkurt fjárhagsatriði að ræða fyrir ríkissjóð, þar er ég á algerlega öndverðri skoðun. Að vísu er það rétt, að eftirgjöf á 100 bifreiðum til viðbótar mundi þýða, ef maður gerði ráð fyrir því, að þetta fólk gæti flutt þær inn á fullu verði, 5—7 millj. kr. á ári. En málið er bara ekki þannig vaxið, að hægt sé að reikna út frá því, vegna þess að áreiðanlega er svo ástatt fyrir langsamlega mestum hluta af þessu fólki, að það hefur enga möguleika á því að eignast farartæki nema með þeim skilmálum, sem eftirgjafirnar veita.

Ég get þess vegna ekki, af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint frá, tekið þessi rök hv. formanns fjhn. gild að neinu leyti, og við munum vissulega halda fast við till. okkar. Og ég vil vona, að aðrir fjhn.-menn og aðrir hv. þm. í d. séu ekki á sama máli og hv. síðasti ræðumaður.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni vegna ræðu hv. 6. þm. Sunnl. vildi ég aðeins taka það fram, að s. l. mánudagskvöld afhenti fulltrúi tollskrárnefndar mér brtt. n. og gat þess ekki við mig, að n. hugsaði sér að athuga nánar önnur erindi, sem borizt höfðu, en ég hafði lagt á það áherzlu við tollskrárn., að hún lyki athugun sinni, áður en málið yrði afgreitt úr þessari hv. d. Nú upplýsir hv. 6. þm. Sunnl., að hann hafi átt tal síðar við einn tollskrárnefndarmanninn og hafi hann tjáð honum, að n. hygðist afgreiða endanlega eitt eða fleiri erindi, eftir að málið væri komið til meðferðar í Nd. Ég vefengi ekki, að svo sé. Þetta er vafalaust rétt, en við því er þá ekkert að gera. Ef þessi mál fá jákvæða afgreiðslu, þá verður frv. breytt í Nd. og sent hingað aftur.

Í tilefni af orðum þeim, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. mælti hér áðan, er rétt, að ég staðfesti það, að það, sem ég sagði um brtt. hans, er eingöngu frá eigin brjósti. Vegna þess, hve hraða hefur þurft meðferð þessa máls af ástæðum, sem ég gerði grein fyrir við 2. umr., hefur ekki verið mögulegt að taka þessa brtt. til meðferðar í n., svo að það var eingöngu mitt persónulega viðhorf, sem ég túlkaði áðan. En að öðru leyti hef ég ekki neinu að bæta við það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni um þetta atriði, nema aðeins það, að ég talaði um, að það væri ekki til neitt hlutlægt mat á verðleika manna í þessu sambandi. Það stend ég við. En mér er vel kunnugt um það, sem hv. þm. nefndi, að það eru til aðferðir til þess að meta örorku, sem kunna að vera meira eða minna umdeildar eða ekki eftir atvikum. Ég er ekki bær að dæma um það. En að mínu áliti getur það ekki verið hlutlægt mat, heldur huglægt mat.

ATKVGR.
Brtt. 516 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 501 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, GilsG, HB, PÞ, AG, ÁB.
nei: EggÞ, PP, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, EG, BGuðm, SÓÓ.
5 þm. (GTh, HermJ, KK, ÓlJ, AuA) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 530).

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á s. l. ári samþ. Alþingi lög um nýja tollskrá. Hún fól í sér gagngerðar breytingar í tollamálum, en þá var tekið fram, enda ljóst, að við framkvæmd hinnar nýju tollskrár mundi ýmislegt koma fram, sem lagfæra þyrfti og breyta í samræmi við framkvæmd, og hefur að þessu verið unnið síðan af hendi tollskrárnefndar, að athuga, hvaða atriði það væru, sem þyrfti að breyta af tæknilegum ástæðum eða til samræmingar.

Þetta frv. er í meginatriðum árangur af starfi þeirrar nefndar, síðan tollskráin var samþ. Þessar breytingar fela flestar í sér lækkun gjalda og sumar verulega. Það, sem einna mestu máli skiptir, er veruleg almenn lækkun á tollum af alls konar handverkfærum og enn fremur varahlutum í rafmagnsheimilistæki. Í

Ed. var málið til rækilegrar athugunar, og flutti fjhn. nokkrar brtt. við frv. í samráði við fjmrn. og tollskrárnefndina, en allmörg erindi höfðu borizt til n. og ráðuneytisins, síðan frv. var lagt fram.

Ég tel ekki ástæðu til að gera ýtarlegri grein að sinni fyrir þessu frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 530, n. 557 og 571, 572).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar d. hefur haft frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., til athugunar, eins og Ed. gekk frá því frv.

N. hefur yfirfarið frv., og fram hafa komið nokkrar athugasemdir í sambandi við það, sem n. hefur enn ekki lokið við athugun á og þar af leiðandi ekki tekið afstöðu til. Hins vegar mun þeirri athugun verða lokið fyrir 3. umr. í d., og þá væntanlega mun n. hafa samráð við tollskrárnefnd, sem hefur undirbúið þetta frv., áður en gengið verður frá þeim till., ef einhverjar verða.

Meiri hl. mælir með því, eins og fram kemur í nál., að frv. verði samþ., en hefur þann fyrirvara að áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma á síðara stigi málsins.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um breyt. á tollskránni, er komið frá Ed., og voru gerðar nokkrar breyt. á því, frá því að það var upphaflega lagt fyrir þingið. Við meðferð málsins hjá fjhn. þessarar d. hafa einnig vaknað nokkrar spurningar um það, hvort ekki þyrfti að breyta nokkrum liðum. Þeir liðir eru nú til athugunar hjá tollskrárnefnd, eins og hv. frsm. meiri hl. greindi frá hér áðan, og eru nm. allir óbundnir af því, hvaða afstöðu þeir taka til þeirra breyt., sem þar kunna að koma.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. á nokkrum fundum, og enda þótt við séum allir sammála um, að þetta frv. nái fram að ganga, þykir okkur, sem undirskrifum minnihlutaálit á þskj. 571, ástæða til að gera ýmsar breyt. í sambandi við tollskrárlög, og þess vegna stöndum við hér að sérstöku nál. og gerum örfáar brtt., sem lagðar eru fram á þskj. 572.

Þegar l. nr. 7 frá 1963 voru samþ. hér á hv. Alþingi, var með þeim gerð veruleg formbreyting á tollskránni. Hins vegar voru þá engar verulegar breyt. gerðar á tollheimtunni sjálfri. Það voru að vísu jafnaðir nokkuð tollar, þannig að hæstu tollarnir voru nokkuð lækkaðir, en aðrir voru einnig hækkaðir, þannig að heildarbreyting var ekki veruleg að öðru leyti en því auðvitað, að söluskattur, sem lagður hafði verið á nokkur undanfarin ár og talinn var vera til bráðabirgða, var nú lögfestur til frambúðar, þar sem hann var tekinn inn í verðtollinn og reiknaður sem hluti af honum. Þannig hefur tollheimtan í reynd stórlega aukizt að undanförnu. Um þetta liggja fyrir svo ljósar tölur, að ekki er þörf á að hafa þær yfir hér, og mun ég ekki heldur gera það.

Frv., sem hér liggur fyrir, felur ekki í sér neina stefnubreytingu að þessu leyti. Hér er ekki um neinar málsmetandi tollalækkanir að ræða. Hér er hins vegar verið að leiðrétta ýmislegt ósamræmi og ýmsa galla, sem fram hafa komið á tollskrárlögunum frá því á síðasta Alþingi. Það er auðvitað eðlilegt, að þegar svo gagnger breyting er gerð eins og þá var, þá sé ýmislegt, sem betur megi fara og komi í ljós við notkun, og því er eðlilegt, að þessar lagfæringar séu gerðar, og við í minni hl. teljum einnig, eins og meiri hl., að þessar breyt. séu flestar til bóta, svo langt sem þær ná, en við fullyrðum, að þær hafi mjög óveruleg áhrif á heildartollheimtuna.

Þegar mál þetta var til meðferðar í hv. Ed., báru tveir fjhn.-menn þar, þeir Karl Kristjánsson og Helgi Bergs, hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Sunnl., fram nokkrar brtt., sem gengu í þá átt að breyta stefnunni í þessum málum. Þessar brtt., sem þeir báru fram, stefndu aðallega að tvennu: Annars vegar að lækka tolla af vélum og tækjum til framleiðsluatvinnuveganna og til þess að gera samræmingar á milli þeirra, en á því virðist vera þörf. Þeir gerðu till. um, að þessar vörutegundir yrðu yfirleitt tollaðar með 4% tolli, en þær munu nú yfirleitt í 35% tolli. Mundi með því móti hafa fengizt mikilsverð lagfæring fyrir framleiðsluatvinnuvegina, sem þeir hafa fulla þörf fyrir. Hinn megintilgangurinn með brtt. minni hl. fjhn. Ed. var að lækka toll af rafknúnum heimilistækjum. Þau eru nú í 80% tolli, en till. þeirra var um að færa hann niður í 50%. Rafknúin heimilistæki má orðið telja til nauðsynja á hverju heimili, og því þótti þeim rétt að freista þess að fá á þessu lagfæringu, því að verðlag þessara hluta er nú svo hátt, að ekki geta eins margir notið þeirra og æskilegt væri. Auk þess er svo þess að gæta, að með frv. því, sem hér er til umr., er einmitt tollur af varahlutum til þessara tækja lækkaður, eins og þarna var ráðgert, og það þykir eðlilegt og er í beztu samræmi, að sami tollur sé af tækjunum og varahlutum til þeirra. Sé það ekki, þá hefur reynslan oft sýnt, að það er ekki heppilegt.

Þessar till. voru allar felldar í hv. Ed., enda þótt gild rök væru færð fram fyrir nauðsyn þeirra og fyrir réttmæti þeirra. Við í minni hl. hv. fjhn. Nd. sjáum ekki ástæðu til að flytja þessar till. á ný hér í hv. Nd. og gerum það því ekki.

Hins vegar höfum við freistað þess að flytja nú tvær brtt. við tollskrárfrv., ef ske kynni, að hægt væri að fá þótt ekki væri nema þær litlu lagfæringar, sem þar er farið fram á.

Við höfum leyft okkur að taka upp brtt. frá minni hl. fjhn. Ed., sem gengur út á það,

að ríkissjóður endurgreiði húsbyggjendum aðflutningsgjöld, sem nema 110 kr. á rúmmetra, að hámarki 360 rúmmetra íbúð. Það er kunnara en frá þurfi að segja og óþarfi að rifja það upp hér einu sinni enn á hv. Alþingi, að eitt af því, sem hvað mestu veldur um hinn háa framfærslukostnað, sem hér á landi er nú, er einmitt hinn hái húsnæðiskostnaður, og yfirleitt er ástandið í húsbyggingamálunum þannig, að það er óhugsandi annað en að grípa verði til róttækra ráðstafana til þess að ráða bót á þeirri meinsemd. Sú till., sem hér er flutt, er aðeins örlítið skref í áttina að þessu markmiði, því að hér er ekki farið fram á lækkun nema sem nemur um 35 þús. kr. tollalækkun á hverja meðalíbúð. Þegar það er haft í huga, að meðalíbúð, eins og það hugtak er skilgreint t. d. hjá Efnahagsstofnuninni, kostar nú um það bil 700 þús. kr. og nokkur hluti af því a. m. k. stafar af álögum ríkissjóðs, þá er ekki farið fram á mikið, þó að till. sé flutt um, að þessi tollabyrði sé lækkuð um sem svarar 35 þús. kr. Það er ekki farið fram á lækkun almennt á tollum til bygginga, þannig að þeir, sem byggja stærri íbúðir en 360 teningsmetra, verða að greiða fulla tolla af því byggingarefni, sem fer til byggingarinnar umfram þessa meðalstærð.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þessi till. fái hér betri afgreiðslu en samsvarandi till. fékk í hv. Ed., því að hér er hreyft miklu nauðsynjamáli að mínum dómi og full þörf á því, að húsbyggjendur fái einhverja lagfæringu a. m. k. á sínum miklu vandamálum.

Hin brtt., sem við í minni hl. fjhn. flytjum hér að þessu sinni, er um það, að heimilað verði að endurgreiða innflutningstolla af jarðýtum og skurðgröfum til ræktunarsambanda. Alþingi hefur borizt bréf frá búnaðarmálastjóra, sem dags. er 21. apríl. Efni þess bréfs er að koma á framfæri samþykkt, sem gerð var á fulltrúaráðsfundi ræktunarsambandanna. Þessi fundur var haldinn hér í Reykjavík í Bændahöllinni 12. og 13. febr. s. l. og gerði nokkrar ályktanir og m. a. eina þess efnis, að fundurinn skoraði á hv. Alþingi að afnema innflutningstolla af jarðýtum og skurðgröfum til ræktunarsambanda. Þessa till. höfum við nú leyft okkur að taka upp og bera hana fram sem viðbótarheimildarákvæði fyrir hæstv. ríkisstj.

Brtt. okkar eru lagðar fram á sérstöku þskj., 572. Þær eru við 2. gr., um það, að við 4. tölul. bætist tveir nýir töluliðir, eins og þar er nánar skilgreint og ég hef nú leyft mér að gera grein fyrir.

Það frv., sem hér er til umr., er, eins og ég áður sagði, fyrst og fremst til lagfæringa og úrbóta á þeim vankönturn, sem komið hafa í ljós á tollskrárlögunum frá síðasta hv. Alþingi. Það er skoðun okkar í minni hl. fjhn. þessarar hv. þd., að ekki verði hjá því komizt að taka alla tollheimtuna til gagngerðrar endurskoðunar til þess að draga úr þeirri miklu byrði, sem þannig er lögð á þjóðfélagsþegnana, og til þess að leiðrétta það misræmi, sem óneitanlega er í tollskránni nú, t. d. á milli einstakra atvinnuvega. Við höfum ekki að þessu sinni flutt till. í þessa átt. Við gerum það hins vegar að till. okkar, eins og segir í nál., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem við leggjum til og ég hef nú gert grein fyrir.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég gerði nokkra grein fyrir þessu máli við 1. umr. og sé ekki ástæðu til að lengja það neitt að ráði. En það eru ummæli í nál. hv. minni hl. fjhn. á þskj. 571, sem gefa ekki rétta mynd af því, sem gerzt hefur í tollamálum nú undanfarið, og tel ég rétt að leiðrétta það.

Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í l. nr. 7 frá 1963 var gagnverð formbreyting gerð á tollskránni, en engar verulegar breytingar á heildarfjárhæð tolla. Tollar voru jafnaðir þannig, að þeir hæstu voru nokkuð lækkaðir, en lægri tollar hækkaðir á móti.“ Þessi mynd af tollskrárbreytingunni er alröng. Í fyrsta lagi var um verulega breytingu á heildarfjárhæð tolla að ræða. Hagstofunni hefur reiknazt svo til, að nýja tollskráin frá í fyrra skili í ríkissjóð af sama innflutningsmagni a. m. k. 100 millj. kr. lægri tollum en áður var. M. ö. o.: miðað við innflutninginn 1962, sem hagstofan mun hafa byggt á, þýddi nýja tollskráin 100 millj. kr. lækkun á heildarfjárhæðinni. Þetta var til viðbótar þeirri lækkun, sem gerð var í nóv. 1961, en það var talið, að sú lækkun, sem þá var gerð, hefði einnig lækkað tollana miðað við sama innflutningsmagn um ca. 100 millj. kr. M. ö. o.: þær tollabreytingar, sem gerðar hafa verið síðan haustið 1961, hafa lækkað heildarfjárhæð tollanna um a. m. k. 200 millj. kr. Vil ég láta þetta koma fram, sem raunar hefur komið hér fram áður, til þess að undirstrika, að hér er um algeran misskilning að ræða í nál. hv. minni hl.

Í öðru lagi er gefið í skyn, að tollar hafi aðeins verið jafnaðir og lægri tollar hækkaðir til að vega á móti tollalækkun. Þetta er rangt. Lægri tollar voru í mjög fáum tilfellum hækkaðir, og það var eingöngu gert, eins og skýrt var tekið fram þá, þegar um var að ræða óhjákvæmilega samræmingu við aðra tolla, sem verið höfðu hærri. Það var eingöngu til samræmingar, þannig að vörur, sem svipaðar voru eða notaðar í svipuðu skyni, væru með líka tolla, sem í einstaka tilfellum tollar voru hækkaðir.

Um hitt atriðið, að hæstu tollar hafi verið lækkaðir nokkuð, sem á víst að þýða, að það hafi ekki verið neitt verulegt, má benda á, að þegar tollskráin gekk í gildi, eða við skulum segja, þegar endurskoðun á tollskránni hófst 1961, þá voru heildaraðflutningsgjöld á sumum vörutegundum 200—300% og komust jafnvel á fjórða hundrað prósent. Í núgildandi tollskrá er allra hæsti tollur 125%. Má hver sem vill túlka það svo, að hér sé um einhverja smávægilega lækkun að ræða, þegar tollur er lækkaður á fjölda vörutegunda úr 200—300 eða á fjórða hundrað prósent niður í 125%.

Þetta er rétt að komi hér fram og hefði náttúrlega átt að vera óþarfi, því að allar þessar upplýsingar hafa legið áður fyrir hv. þm. og þá ekki síst hv. fjhn.

Varðandi brtt. hv. minni hl. koma þær náttúrlega engum á óvart. Það er nú einu sinni siður þess flokks, sem hér á hlut að máli, að hafa uppi ýmis yfirboð eða undirboð, eftir því sem við á, og verður náttúrlega alltaf að búast við því. Þar sem hins vegar er rætt um lækkun og lagt til, að tollar séu lækkaðir af vélum, þá hef ég skýrt frá því áður og tekið fram í grg., að vélatollar í heild eru til gagngerðrar endurskoðunar hjá tollskrárnefnd. Þess var freistað að hafa þær till. tilbúnar nú, þannig að þær gætu komizt í þetta frv., en tollskrárnefndin var á einu máli um það, að málið væri svo viðtækt og umfangsmikið, að ógerningur væri að gera því nægileg skil á þetta skömmum tíma og væri þess vegna ekki að vænta tillagna um vélatollana fyrr en í haust. Hins vegar hefur verið margyfirlýst, að að því er stefnt að lækka tolla á vélum. Almennir tollar á vélum eru nú 35%, og er auðvitað æskilegt vegna framleiðslunnar í landinu og efnahagslífsins í heild að geta fært þá tolla niður og þá helzt í áföngum.

Varðandi aðra till. um það að gefa eftir aðflutningsgjöld að vissu marki af íbúðum, þá er það að sjálfsögðu till., sem rétt er að taka til athugunar. Ég geri ráð fyrir, að þessi till. þýddi a. m. k. um 50 millj. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð á ársgrundvelli, og slíkar till. er náttúrlega ekki hægt að bera fram, þegar nokkuð er liðið á fjárhagsár, eftir að fjárl. hafa verið afgreidd, og ef slíkar stórbreytingar á að gera, þá verður það auðvitað að gerast í sambandi og samræmi við fjárlög.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af þeirri aths., sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. Hann telur, að missagt sé í nál. okkar í minni hl. fjhn. það, sem þar segir um breyt. á tollheimtu, sem gerðar hafi verið á undanförnum árum. Ég skal út af fyrir sig viðurkenna það, að með tollskránni var upphæðum nokkuð breytt. En þá er þess að gæta, að áður en það var gert, höfðu verið framkvæmdar hér tvær stórfelldar gengislækkanir, þannig að stofn sá, sem tollarnir voru lagðir á, var vitanlega stórhækkaður. Annars eru tölur um gjaldheimtuna sjálfa ólygnasti vitnisburðurinn um það, hvernig þessari tollheimtu hefur verið varið á undanförnum árum, og í tilefni af þessum orðum hæstv. fjmrh. ætla ég að leyfa mér að rifja það upp, hvernig þær eru.

Aðflutningsgjöld á fjárl. hafa að undanförnu verið sem *hér segir: Í fjárl. fyrir árið* 1960 677 millj. kr., 1961 814 millj., 1962 914 millj., 1963 1190 millj., 1964 1337 millj. Þetta eru þær raunverulegu tollalækkanir, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum, í tölum taldar. Það er tvöföldun á tollinum. Við þetta bætist svo það, að söluskatturinn, sem tekinn var upp 1960 til bráðabirgða og átti að gilda í 8 mánuði, hefur nú verið lögfestur til frambúðar, tekinn inn í aðflutningsgjöldin, og er áætlað, að hann nemi 552 millj. kr. til ríkissjóðs. Heildargjaldheimtan er orðin samkv. fjárl. á 4. þús. millj. kr., var fyrir nokkrum árum, 4 eða 5 árum, 800 millj. kr. Þetta er sú mynd, sem tölurnar gefa af þróuninnni á undanförnum árum. Ég er ekki viss um, að það sé hægt að segja með rétti, að það sé mjög mikið missagt í því nál., sem hér var gert að umtalsefni.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekki við öðru að búast frá okkur þm. Framsfl. en því, að við kæmum með yfirboð, það gerðum við ávallt og ævinlega, yfirboð eða undirboð eftir því, hvort ætti betur við. Hæstv. fjmrh. er það auðvitað guðvelkomið mín vegna að kalla það yfirboð, að það sé gerð till. um að rétta svolítið hlut þeirra, sem eru að byggja sér hús, t. d. með því að slaka til á innflutningsgjöldum, sem nemur 35 þús. kr. á hverja meðalíbúð. En ég vil meina, að það sé réttlætismál, og ég vil halda því fram, að aðgerðir hæstv. *ríkisstj. í húsnæðismálunum* geri það ekki óeðlilegt a. m. k., að farið sé fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún láti koma einhverja lagfæringu á móti, t. d. þá, sem hér er gert ráð fyrir.

Það er út af fyrir sig gott að eiga von á því, sem hæstv. fjmrh. sagði í sinni ræðu, að tollar á vélum væru til athugunar. Það var raunar vitað. Það er gott að eiga von á því, en betra hefði þó verið, ef hæstv. ríkisstj. hefði séð sér fært að láta þessa lagfæringu, sem nú er talað um að nauðsynlegt sé að komi, — að láta hana koma strax, fyrst lagfæringar á tollskránni eru hér til meðferðar. Ég vil þess vegna, ekki síst eftir þau ummæli, sem hér féllu hjá hæstv. fjmrh., vænta þess, að þær till., sem við höfum borið fram á þskj. 572, verði samþykktar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
572 felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, IG, JSk, LJós, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EÁ, EOl.
nei: EmJ, GuðlG, HermÞ, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, AJ, SÁ, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, RJ, EI, SB.
2 þm. (GÞG, PS) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 91. og 94. fundi í Nd., s. d. og 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 530, 625).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, voru ýmsar till., sem fram höfðu komið í sambandi við frv. þetta til breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., til athugunar hjá tollskrárnefnd, og ég gat þess þá, að fyrir 3. umr. mundi fjhn. hafa samráð við tollskrárn. um flutning brtt. í sambandi við þær till., sem þá höfðu komið fram. Fjhn. hefur á þskj. 625 flutt 7 brtt., 6 af þeim eru fluttar í samráði við tollskrárn., en síðari liður 7. brtt. er fluttur að beiðni ríkisstj., og mun ég gera grein fyrir þessum brtt. í örstuttu máli:

Fyrsta brtt. fjallar um 12. kafla 1. gr. frv., og þar er tollur 30% færður í 20%, en það er á svokölluðum síkoríurótum, sem eru notaðar í kaffibæti.

Önnur og þriðja brtt. eru varðandi brauð og kex. Ed. hafði samþ. þar brtt. við lögin, tollur færður úr 125% í 80%, en tollskrárn. hefur talið, að eðlilegra samræmi væri í, að hér væri um að ræða 100% toll, og eru hér gerðar till. um hækkun aftur.

Fjórða brtt. er um flúrskinslampa. Þar var í frv. gert ráð fyrir að lækka tollinn úr 90% í 60%, en af tollskrárn. talið að athuguðu máli, að hér væri of hratt farið að niðurfellingu tolla, og lagt til að hækka hann aftur í 70%.

Fimmta brtt. er ný og er við 87. kafla 1. gr. tollskrárinnar, að inn komi nýr liður, þ. e. a. s. sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru lögreglubifreiðar, eftir nánari skilgreiningu og ákvörðun fjmrn., og á þeim sé 40% tollur. Það hefur færzt í vöxt úti um landið, að lögreglubifreiðar hafa verið notaðar og innréttaðar sem sjúkrabifreiðar um leið, og þá hefur verið talið rétt, að það væri lægri tollur þar, og gert ráð fyrir, að hann sé 40%, en lögreglubifreiðar eru tollaðar með 90% tolli.

Sjötta brtt. á þskj. 625 er varðandi hreyfla minni en 200 hestöfl. Er aðeins síðasta málsgr. breyting, þ. e. a. s. til samræmis, og það sama og gildir um hreyfla minni en 200 hestöfl látið gilda um hverfla og þrýstivatnspípur til raflýsingar á sveitabæjum. Tollurinn er þar 35%, en heimilt að færa niður í 10%.

Í sjöundu brtt. er lagt til að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings. Hér mun vera átt við það fyrirtæki, sem nú er verið að reisa í Hafnarfirði, Norðurstjörnuna, en þar er gert ráð fyrir niðursoðnum sjávarafurðum eingöngu til útflutnings, og er talið rétt, að ríkisstj. hafi heimild til að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eru notaðar til þeirrar framleiðslu.

Eins og hv. alþm. sjá, er síðari liður sjöundu brtt. varðandi tekjumöguleika til þess að standa undir stofnkostnaði sjónvarps. Eins og hæstv. menntmrh. skýrði Alþ. frá í dag, hefur sjónvarpsnefnd gert ýtarlega áætlun um íslenzkt sjónvarp, og eru skýrslur n. nú í athugun hjá ríkisstj. Sjónvarpsn. leggur til, að tekjustofnar til að byggja upp íslenzkt sjónvarp verði 3, hinir sömu og ríkisútvarpið hafði í upphafi: í fyrsta lagi stofngjöld og afnotagjöld sjónvarpsnotenda, í öðru lagi auglýsingatekjur og í þriðja lagi tekjur af innflutningi sjónvarpstækja. Sérstaka heimild Alþ. þarf til þess, að unnt sé að verja tekjum af aðflutningsgjöldum sjónvarpstækja til þess að greiða stofnkostnað sjónvarpsins. Telur ríkisstj. rétt að afla sér þessarar heimildar, og hefur hæstv. fjmrh. því óskað eftir því, að fjhn. þessarar hv. d. flytji brtt. við tollskrárl. þar að lútandi. Samþykkt þessarar till. mun tryggja, að eðlilegum og raunhæfum undirbúningi undir íslenzkt sjónvarp verði haldið áfram á næstu mánuðum. Sjónvarpsn. hefur áætlað, hve búast má við miklum innflutningi sjónvarpstækja á næstu árum. Er þá miðað við, að íslenzk sjónvarpsdagskrá verði fyrst send út 1966, en áætlanir n. eru sem hér segir: 1964 2500 tæki, 1965 3000 tæki, 1966 4000 tæki, 1967 4000 tæki, 1968 4000, 1969 3000 tæki, 1970 2000, 1971 2000 og 1972 2000 tæki. Á þessu tímabili er gert ráð fyrir, að sjónvarpskerfi verði byggt. Mundu þá um 66% íslenzkra heimila í öllum landshlutum hafa sjónvarp 1972, og er það án efa varlega áætlað.

Fjhn. hefur, eins og fram kemur á þskj. 625, flutt þessar brtt. Að vísu eru ýmsar till., sem komið hafa fram varðandi breyt. á tollskránni, sem e. t. v. einstakir þm. innan n. og utan hefðu viljað flytja. Þeim athugasemdum, sem hefur verið komið til fjhn. þessarar hv. d., hefur verið komið á framfæri við tollskrárn., sem eins og fram hefur komið hér í ræðum hæstv. fjmrh. hefur endurskoðun tollalaganna áfram til athugunar, og hefur n. fengið þær athugasemdir, sem fjhn. hafa borizt.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessar till., en eins og ég gat um, eru þær fluttar af fjhn.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 9. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef mikinn áhuga fyrir því að koma einni breytingu inn í tollskrána, sem hefur verið íhuguð í fjhn. beggja deilda, en ekki fengið nægilegan byr, og var að hugsa um að flytja brtt. varðandi þetta atriði, en er hættur við það. Ég ætla þó að segja hv. þm. frá því, hvað þetta atriði var, ef menn vildu íhuga það og það gæti orðið til athugunar síðar. Ég geri ráð fyrir því, að það verði að breyta tollskránni á hverju ári, það hefur oftast verið þannig. Ég vildi þess vegna segja mönnum frá þessu, svo að þetta gæti fengið athugun til næsta árs.

Þannig er ástatt, að sjúkrabílar eru tollaðir með lægra tollgjaldi en aðrar bifreiðar. Nú kemur þetta að fullum notum, þar sem hægt er að kaupa sjúkrabifreiðar, og það er meiningin núna að færa þetta í það horf, að þar sem sjúkrabifreiðar eru um leið lögreglubifreiðar, komi þær undir þetta lága tollgjald. En þar sem engin sjúkrahús eru og engar lög-

reglubifreiðar til að nota við sjúkraflutninginn, veldur það nokkrum vanda að flytja sjúklingana, og við mig hafa sagt a. m. k. tveir héraðslæknar, að þeir mundu gjarnan vilja eiga bíla, sem væru þannig gerðir, að hægt væri að flytja í þeim sjúklinga í rúmum, — leggja í það að eiga slíkar bifreiðar, ef þeir fengju þær undir lægra tollgjaldið eins og sjúkrabifreiðarnar.

Ég hef í vetur verið að reyna að fá þessa hugmynd tekna upp á vegum fjmrn. og fjhn. d., fá þetta sett inn í tollskrána, að læknabifreiðar, sem væru þannig gerðar, að hægt væri að flytja í þeim sjúklinga í rúmum, kæmu undir sama tollvörugjald og sjúkrabifreiðar, enda væri þetta í þeim læknishéruðum, þar sem ekki væru sjúkrahús. Ég er sannfærður um, að þetta mundi geta gert mikið gagn víða, þar sem það veldur verulegum vandkvæðum oft og tíðum með flutning á sjúklingum með nógu hagfelldu móti.

Ég ætla ekki að flytja brtt., vegna þess að mér er það ljóst, að hún hefur ekki möguleika til að hljóta samþykki, þar sem fjhn. hafa ekki viljað taka hana upp og málið er svona aðklemmt orðið, allt á síðustu stundu. Ég hef ekki viljað vera að flytja þetta persónulega, heldur hef reynt að koma þessu inn í málið gegnum nefndirnar. Ég læt því þetta nægja, en bið menn að íhuga þetta til næsta árs og þá, sem fyrir þessum málum ráða, að athuga það gaumgæfilega, hvort þeir vildu ekki fallast á að greiða svona fyrir læknishéruðum, þar sem ekki eru sjúkrahús.

ATKVGR.
Brtt. 625,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 625,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 643).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. hafa orðið varir við, hafa í hv. Nd. verið gerðar nokkrar breyt. á tollskrárfrv., en þar sem fjhn. hefur ekki enn þá haft möguleika á því að athuga málið, þykir mér rétt að gera með örfáum orðum grein fyrir því, í hverju þær breyt. eru fólgnar, sem hér er um að ræða, en eins og ég tók fram, eru þessar breyt. gerðar skv. till. tollskrárnefndar.

Brtt. eru í tveim liðum, 1. og 2. A-liður 1. liðar er fólginn í því, að lagt er til, að tollur á síkoríurótum lækki úr 30% í 20%. Síkoríurætur eru, eins og kunnugt er, eitt af aðalhráefnunum, sem notuð eru við kaffibætisgerð, en kaffibætirinn er til að drýgja kaffið. Hann er framleiddur hér innanlands, og þar sem kaffið er tollfrjálst, þykir eðlilegt, að þessi tollur sé ekki hærri.

Næstu tveir liðir, b og c, fela í sér, að tollur á brauðvörum og kexi, sem hér í þessari hv. d. var lækkaður úr 125% í 80%, sé aftur færður upp í 100%. Félag íslenzkra iðnrekenda mun hafa mótmælt því mjög eindregið, að tollurinn yrði lækkaður sem þessu næmi í einu, og tollskrárnefndin hefur lagt til, að komið yrði nokkuð á móts við það, og hv. Nd. á það fallizt.

D-liðurinn felur í sér, að tollur á flúrlömpum er hækkaður úr 60% í 70%. Eins og fram kom við meðferð málsins í þessari hv. d., voru tollar á þessum lömpum lækkaðir úr 90% í 60%, en þar sem þeir eru framleiddir innanlands, andmælti Félag íslenzkra iðnrekenda svo mikilli lækkun á tollinum, og tollskrárnefnd mun við nánari athugun hafa lagt til, að nokkur breyting yrði gerð á þessu að nýju til hækkunar.

E-liðurinn felur í sér, að lækkaðir eru tollar á sjúkrabifreiðum, eins og nánar er skilgreint, en eftir núgildandi reglum mundu þær vera tollaðar eins og venjulegar bifreiðar eða í 90% tolli. Býst ég ekki við, að ágreiningur sé um það, að rétt sé að gera þessa breytingu.

A-liður breytinganna við 2. gr. þarf að mínu áliti ekki nánari skýringar, og vænti ég ekki, að ágreiningur verði um það, að rétt sé að samþykkja þessa brtt. Sama máli gegnir um fyrri brtt. í b-lið, en seinni brtt. í þeim lið heimilar ríkisstj., eins og það er orðað, með leyfi hæstv. forseta, að „ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpi og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps". Það þarf ekki heldur nánari skýringa við, og býst ég við, að hv. d. fallist eftir atvikum á það, að rétt sé að veita þessa heimild, því að hvað sem líður skoðunum manna, sem geta verið skiptar um það út af fyrir sig, hvort rétt sé eða tímabært að stofna til sjónvarps hér á landi, þá er aðeins hér um heimild að ræða, og auðvitað verður það á sínum tíma borið undir Alþingi, ef til sjónvarps verður stofnað hér á landi. En ekki er ástæða til að ætla, að þessi heimild verði notuð, nema um slíkt verði að ræða, þannig að ég vænti þess vart, að ágreiningur verði um það, að eðlilegt sé að samþ. þessa heimild.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í sambandi við síðustu brtt. fjhn. á þskj. 625, þ. e. a. s. 2. brtt., b-lið, síðari hluta, þar sem segir, að heimilt skuli að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps. Ég vildi leyfa mér að fara um þetta atriði fáeinum orðum.

Það hefur hér á Alþingi alveg nýlega verið af hálfu hæstv. menntmrh. gefin skýrsla um það, hvernig nú stendur undirbúningur að íslenzku sjónvarpi. Frá því hefur verið skýrt, að útvarpsráð hafi haft slíkan undirbúning og

slíkar áætlanir með höndum og hafi nú nýlega skilað til hæstv. ríkisstj. till. sínum og áætlunum. Það er einnig upplýst, að þessar till. og áætlanir liggja nú hjá ríkisstj. til athugunar, og þess er ekki að vænta, þar sem þingi er nú að ljúka, að þær komi í einu eða öðru formi til kasta þessa Alþingis, sem nú er senn að ljúka störfum.

Hér er, eins og öllum er þegar kunnugt, um allmikið mál að ræða. Á okkar mælikvarða er hér um stórmál að ræða, ekki sízt fjárhagslega. Stofnkostnaður íslenzks sjónvarps, sem yrði þó ekki nema tvær klst. á dag, er talinn mundu verða hátt á annað hundrað milljóna, en jafnframt mundi að sjálfsögðu vera um að ræða kostnað við kaup sjónvarpstækja fyrir mjög háar upphæðir, hundruð millj. kr., þegar fram í sækti, þannig að hér er að sjálfsögðu um mikið fjárhagsatriði að ræða, auk þess sem þetta mál hefur ýmsar aðrar hliðar.

Það er þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, að slíkt mál sem þetta komi til kasta Alþingis, þegar undirbúningi er að fullu lokið, þegar hæstv. ríkisstj. hefur tekið afstöðu til þeirra athugana, sem gerðar hafa verið, og þeirra till., sem útvarpsráð hefur fyrir hana lagt. Þá tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að þetta mál komi til kasta Alþingis og því gefist kostur á að móta heildarstefnuna í þessum málum.

Þar sem undirbúningur þessa máls er ekki lengra kominn en raun ber vitni, tel ég óeðlilegt að slá því föstu nú á þessu stigi, að einhver ákveðinn tekjuliður skuli til þess ætlaður að standa undir stofnkostnaði sjónvarps. Meðan ekki er enn einu sinni tekin lögformleg ákvörðun um, að stofna skuli íslenzkt sjónvarp, og því síður, að Alþingi hafi haft tækifæri til að segja eitt eða neitt um það, með hverjum hætti skipulag þess og fyrirkomulag eigi að vera, þá tel ég það í fyllsta máta ótímabært og óeðlilegt, að farið sé að ákveða sérstakan tekjulið til þess að standa undir stofnkostnaði við íslenzkt sjónvarp. Það hlýtur skv. eðli málsins að eiga að koma á undan að taka prinsip-ákvörðun um þetta mál, og síðan er að sjálfsögðu eðlilegt að fara að afla fjár til undirbúnings framkvæmda.

En það er jafnframt önnur hlið á þessu máli, sem ég vil vekja athygli á og engin ástæða er til að gera lítið úr. Hér ríkir nú mjög óvenjulegt ástand í sjónvarpsmálum. Hér er starfandi erlent sjónvarp, sem rekið er fyrir erlenda herstöð fyrst og fremst, og eingöngu að því er þeir, sem það reka, telja. Hins vegar hefur því sjónvarpi fyrir nokkru verið breytt á þann veg, að það nær nú til allmikils hluta landsmanna, og þeim fer fjölgandi, sem koma sér upp sjónvarpstækjum og nota þetta erlenda sjónvarp. Það er vitað, að þó að það komi í ljós, að ekkert kunni að vera því til fyrirstöðu að halda áfram á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið af útvarpsráði um undirbúning íslenzks sjónvarps, þá verður þetta erlenda hermannasjónvarp eitt um hituna hér næstu 2—3 árin a. m. k., og ég tel óheppilegt og óæskilegt að gera þetta óeðlilega ástand í sjónvarpsmálum að eins konar grundvelli fyrir tekjuöflun handa íslenzku sjónvarpi. Það er að mínu viti óeðlilegt og það er tæplega sæmandi.

Ég vil leggja áherzlu á þetta, að það virðist eðlilegast og raunar sjálfsagt, að Alþingi fái þess kost á sínum tíma að taka formlegar ákvarðanir um stofnun sjónvarps á Íslandi og á hvern hátt því skuli komið upp og það skuli rekið. Síðan eða jafnframt því ber að ákvarða slíku sjónvarpi tekjustofna. Þar kemur að sjálfsögðu ýmislegt til greina og m. a. á sínum tíma, skömmu áður eða um það leyti sem íslenzkt sjónvarp tæki til starfa, þá sýndist mér ekki óeðlilegt, þó að þessi tekjustofn, sem um ræðir í brtt. á þskj. 625, kæmi til álita. En við það óvenjulega ástand í þessum málum, sem nú ríkir, tel ég mjög óeðlilegt að ákveða hann.

Ég vil aðeins í sambandi við þetta mál vekja athygli á því, að hér hefur legið fyrir Alþingi alllengi þáltill. í Sþ. í sambandi við það ástand í sjónvarpsmálum á Íslandi, sem nú ríkir. Þessi till. er flutt að vissu leyti í framhaldi af mjög svo umræddri áskorun, sem 60 þjóðkunnir menn sendu til Alþingis og mun hafa komið fram um miðjan marzmánuð. Síðan var lögð fram í Sþ. þáltill. um þetta efni, að því er mig minnir í aprílmánuði snemma. Þessi till. hefur, að ég held, tvívegis verið á dagskrá, en ekki komið til umr., og eru sennilega litlar líkur til þess, að það verði úr þessu. En ég vil aðeins minna á það, að í þeirri áskorun, sem fyrir Alþingi liggur frá hinum 60 þjóðkunnu mönnum, er á engan hátt tekin afstaða gegn íslenzku sjónvarpi og gegn því, að það verði undirbúið og fái að þróast með eðlilegum hætti. En það er hins vegar lögð á það áherzla, að íslenzkt sjónvarp verði ekki knúið fram með óeðlilegum hætti vegna þess ástands, sem nú ríkir, það fái sem sagt að þróast á eðlilegan máta.

Mér sýnist, að með því að flytja þá till., sem ég hef hér gert sérstaklega að umræðuefni, sé verið að slá hlut föstum, sem ætti að koma í annarri eða þriðju röð. Fyrst er að sjálfsögðu að taka prinsip-ákvörðun um stofnun íslenzks sjónvarps og að Alþingi gefist kostur á að móta heildarstefnuna í þeim málum, en síðan eða þá jafnframt ber svo að leggja fram að mínu viti tillögur um tekjuöflun til þess að standa undir stofnkostnaði.

Mér finnst þess vegna, að þessi till., eins og hún er nú fram komin og eins og hún liggur fyrir, þá sé hún þess eðlis, að það er eins og verið sé að koma þessu máli að einhverju leyti inn um bakdyr Alþingis, í staðinn fyrir að það væri sjálfsagt, að það kæmi inn um fordyrið og væri tekið til athugunar og umræðu í heild, en ekki reynt að knýja það fram með óeðlilegum hætti.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Mér kom þessi ræða hv. 5. þm. Reykn. (GilsG) nokkuð á

óvart og veit satt að segja ekki gjörla, hvernig ber að skilja hana. Þó komst ég einna helzt að þeirri niðurstöðu, að hann mundi vera andvígur þeirri brtt., sem flutt hefur verið við tollskrárfrv. um það að heimila ríkisstj. að nota aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum til þess að greiða stofnkostnað við íslenzkt sjónvarp. Það kemur væntanlega í ljós við atkvgr., hvort sá skilningur er réttur. En varðandi hitt atriðið, að með þessu móti sé að einhverju leyti óeðlilega farið að, vildi ég aðeins undirstrika, að hér er um heimild að ræða eingöngu, og heimildarinnar hefur verið æskt vegna þess, að ríkisstj. gerir ráð fyrir því að taka einmitt alveg nú á næstunni þá prinsip-ákvörðun um stofnun íslenzks sjónvarps, sem hann gerði að umræðuefni í ræðu sinni, og ef niðurstaðan verður sú, að ríkisstj. tekur ákvörðun um það að hefja raunverulegan undirbúning að íslenzku sjónvarpi, þannig að það geti tekið til starfa á árinu 1966, eins og rætt hefur verið um, þá er nauðsynlegt að hafa þá heimild, sem hér er um að ræða.

Hitt er svo allt annað mál, sem athuga þarf rækilega, eins og ég tók greinilega fram í skýrslu minni til Sþ. fyrir nokkrum dögum, að höfuðvandi í sambandi við allt þetta mál er að sjálfsögðu að ákveða, hver hraði skuli vera hafður á framkvæmdunum, þ. e. a. s. á hversu löngum eða skömmum tíma sjónvarpskerfinu skuli ætlað að taka til landsins alls. Það upplýstist í skýrslu minni, að stofnkostnaður sjónvarps, sem eingöngu tæki til Reykjavíkur og næsta nágrennis, mundi ekki verða innan 24 millj. kr. Stofnkostnaður sjónvarps, sem tæki til alls Suðurlandsundirlendisins og til suðurhluta Snæfellsness, þ. e. a. s. til um það bil 60% þjóðarinnar, mundi þó ekki verða nema 33 millj. kr. Og bygging fjögurra annarra höfuðendurvarpsstöðva um land allt, ef því yrði bætt við, þá mundi heildarkostnaðurinn verða um 70—80 millj. kr. Ef hins vegar gera á ráð fyrir því, að sjónvarpið nái til svo að segja hvers heimilis á landinu, bætist þarna gífurlegur kostnaður við, eða tæpar hundrað millj. kr., þannig að sá heildarkostnaður mundi verða um 180 millj. kr. Í þessu er að sjálfsögðu fólginn mesti vandinn í sambandi við ákvarðanir varðandi sjónvarpið, og það er til þessa vanda, sem ríkisstj. á eftir að taka afstöðu.

En mér leikur mjög mikil forvitni á því að vita, hver er afstaða hv. 5. þm. Reykn. til þessa sem slíks, og einmitt leikur mér hugur á að vita það, áður en ríkisstj. fjallar endanlega um þetta mál, þar sem hann er einn af höfuðmálsvörum stjórnarandstöðunnar og hefur látið þetta mál sérstaklega til sín taka, og ég vildi biðja hann um að svara þeirri fyrirspurn minni: Er hann fylgjandi því, að nú þegar verði hafinn undirbúningur að íslenzku sjónvarpi og tekin verði ákvörðun um að koma á fót íslenzku sjónvarpi? Auðvitað án þess að ég ætlist til, að hann láti á þessu stigi í ljós nokkra skoðun um það, hver hraði eigi að vera á framkvæmdunum hvað það snertir, hvenær íslenzkt sjónvarp eigi að geta tekið til landsins alls.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. virtist eiga í einhverjum erfiðleikum með að skilja ræðu hv. 5. þm. Reykn. (GilsG). E. t. v. er þessi skilningsskortur hæstv. ráðh. nokkuð einkennandi fyrir sálarástand hæstv. ríkisstj. í heild, þegar um þessi mál er að ræða.

Eins og hv. 5. þm. Reykn. tók fram í ræðu sinni og minnti á, sendu 60 þjóðkunnir menn á sviði menningarmála og félagsmála Alþingi eindregna áskorun um, að sjónvarpssendingar frá Keflavíkurflugvelli yrðu takmarkaðar eða hindraðar í átt til fjölbýlisins á Reykjanesskaganum. Þessi áskorun barst Alþingi fyrir tveim mánuðum. Mánuði síðar var borin fram þáltill. sama efnis. Hún hefur ekki fengizt rædd á Alþingi fyrir tilverknað hv. stjórnarliða. Það hefur ekki fengizt rætt á Alþingi, hvort hv. alþm. vilji una því, að þjóðin yrði að þola dátasjónvarp frá Keflavíkurflugvelli.

Hæstv. ríkisstj. hefur að sjálfsögðu ekki látið neitt til sín heyra í þessu máli fyrr en nú. Nú lætur hún til sín heyra loks, og það er í sambandi við brtt. um tollskrá.

Sextíumenningarnir, sem sendu Alþingi áskorun, líta allir sem einn á ameríska sjónvarpið sem smánarblett á íslenzku þjóðinni. Ég veit ekki, hvað hæstv. ríkisstj. gerir, en ég veit annað: Hvort sem hún lítur á það sem smánarblett á þjóðinni eða ekki, þá hugsar hún sem svo: Við skulum a. m. k. reyna að græða fjárhagslega á ósómanum og niðurlægingu þjóðarinnar. Þannig virðist hæstv. ríkisstj. hugsa og hæstv. menntmrh. þjóðarinnar, í sambandi við ameríska sjónvarpið. (**Forseti:** Mig langar nú til að minna hv. þm. á, að sjónvarpið er nú ekki til umr. hér, heldur er það tollskráin.) Það er ameríska og íslenzkt sjónvarp til umræðu, herra forseti. Ég ræði um breyt., sem gerð var í Nd. og komin er nú til hv. Ed. Það er breyt. við 2. gr. frv. um tollskrá, 39. lið, um heimild handa ríkisstj. til að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps. Hér er um að ræða annars vegar bandarísk sjónvarpið og sjónvarpstæki í sambandi við þann rekstur og hins vegar væntanlegt íslenzkt sjónvarp, svo að ég hef ekki farið neitt út fyrir dagskráratriðið.

Það er enginn efi á því, að það er eitthvað bogið við þjóðarmetnað þeirra manna, sem vilja nú snúast við ameríska sjónvarpinu á Íslandi með þeim eina hætti að reyna að græða á því. En það er einmitt það, sem felst í þessari till. Það er um það að setja aðflutningsgjald á sjónvarpstæki, sem notuð eru til þess að ná hermannasjónvarpinu á flugvellinum. Þessu vildi ég mótmæla harðlega. Ég mótmæli harðlega þeirri smekkleysu hæstv. ríkisstj. að tengja væntanlegt íslenzkt sjónvarp við þann sjónvarpsrekstur, sem nú fer fram í landinu, og ætla sér eða hugsa sér að

safna fé úr rekstri ameríska sjónvarpsins til þess að koma upp íslenzka sjónvarpinu. Og það er einmitt þetta, sem sextiumenningarnir, sem áskorunina sendu til Alþ., hafa varað við. Þeir segja um íslenzka sjónvarpið væntanlega, með leyfi hæstv. forseta:

„Með stofnun og rekstri íslenzks sjónvarps teljum vér, að ráðizt sé í svo fjárfrekt og vandasamt fyrirtæki með örfámennri þjóð, að nauðsynlegt sé, að það mál fái að þróast í samræmi við vilja og getu þjóðarinnar, án þess að knúið sé fram með óeðlilegum hætti."

En nú er einmitt komið að því, að hæstv. ríkisstj. vill knýja fram þetta vandamál, íslenzkt sjónvarp, með óeðlilegum hætti, með því að skattleggja að vissu leyti amerísku sjónvarpsstarfsemina í landinu, og það er það, sem ég vil sérstaklega undirstrika, að ég fordæmi. Ég er ekki andvígur því, að undirbúið sé íslenzkt sjónvarp, en ég er andvígur því, að rekið sé ameríska sjónvarp hér, og ég er andvígur því, að hið væntanlega íslenzka sjónvarp sé á nokkurn hátt gert háð ameríska sjónvarpsrekstrinum. Og ég tel það smekkleysi, eins og ég sagði áðan, að ætla sér að tengja möguleikana á að koma upp íslenzku sjónvarpi fjárhagslega rekstri dátasjónvarpsins. Þetta hljóta að skilja þeir menn, sem enn eiga heilbrigðan þjóðarmetnað.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ætlað að svara hæstv. menntmrh. örfáum orðum að gefnu tilefni, en hann hefur því miður orðið að víkja sér frá, en ég verð eftir sem áður að segja hér nokkur orð í tilefni af hans ræðu.

Hæstv. ráðh. leggur á það áherzlu, að hér sé um heimild að ræða eingöngu, og það er vitaskuld rétt. Hann segir, að þessarar heimildar sé óskað vegna þess, að ríkisstj. geri ráð fyrir því að taka, að því er mér skilst, alveg á næstunni formlega ákvörðun um stofnun og rekstur íslenzks sjónvarps. Af þessu tilefni vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj., hvort það sé ætlun hennar og hafi þegar verið ákveðið, að hún upp á sitt eindæmi taki þessar ákvarðanir: í fyrsta lagi prinsip-ákvörðunina um stofnun íslenzks sjónvarps og í öðru lagi ákvörðunina um það, á hvern hátt því skuli fyrir komið, til að mynda hvort það skuli rekið sem deild í ríkisútvarpinu, eins og um er talað í till. þeirrar n., sem hefur verið að undirbúa málið, eða hvort það skuli gert með öðrum hætti. Er ekki ætlunin að leggja þetta mál fyrir Alþ. í heild, áður en miklu lengra er komið, áður en farið er að gera annað en að undirbúa og kanna málið? Á ekki að setja löggjöf um íslenzkan sjónvarpsrekstur? Ég hygg, að oft hafi verið sett lög af minna tilefni, því að hér er um að ræða hvort tveggja í senn: mjög mikið fjárhagsmál fyrir þjóðina og í öðru lagi mjög áhrifaríkt og á ýmsan hátt viðkvæmt tæki, sem kemur á sínum tíma til með að hafa áhrif á hverju einasta heimili svo að segja í þessu landi, eins og að líkum lætur. Ég hygg, að það hafi verið sett lög af minna tilefni og það sé full ástæða til þess, að ríkisstj. athugi sinn gang, áður en hún ákveður ýmsa hluti í framkvæmdaátt í þessu efni, án þess að hafa um það samráð við Alþ.

Hæstv. ráðh. spurði mig um afstöðu mína til stofnunar sjónvarps á Íslandi. Ég skal skýra frá því hiklaust, að ég er þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt og ekkert við það að athuga, að haldið sér áfram þeim athugunum og þeim undirbúningi, sem þegar hefur verið settur af stað til að undirbúa þetta mál. En ég tel, að það sé enn svo að segja á frumstigi undirbúnings, og ég legg áherzlu á, að þótt ég telji, að íslenzkt sjónvarp eigi að koma og hljóti að koma, þá sé ekki rétt að flýta sér um of. Hér vantar mjög marga hluti enn, sem til þess þarf að standa undir sómasamlegu sjónvarpi. Innlend kvikmyndagerð er t. d. algerlega á frumstigi, tæknimenntun skortir okkur alveg í þessu efni, og þannig mætti lengi telja, þó að ég ætli ekki að tefja tímann með því.

Loks er þess að geta, að þetta er mjög tilfinnanlegt eða mjög verulegt fjárhagsmál fyrir okkur, og við höfum ekki efni á því að gera allt í einu eða hraða okkur um of. Ég teldi það háskalegt að ýmsu leyti, ef farið yrði út í það að stofna hér til íslenzks sjónvarps fyrir nokkurn hluta landsmanna, án þess að það sé þá tryggt, að á ekki allt of mörgum árum nái sjónvarpið til landsins alls. Þessa þarf vitanlega að gæta, eins og mér virtist hæstv. ráðh. hefði nokkurn skilning og ef til vill fullan skilning á. En þess er einnig að gæta, að við höfum í mörg horn að líta og getum ekki í þessu efni flýtt okkur allt of mikið og eigum ekki að gera það, því að við vitum, að jafnvel ýmsar ágætar menningarstofnanir, sem þegar eru komnar hér upp og ég veit að hæstv. ráðh. er annt um, þær berjast í bökkum og þær þyrftu vitanlega að eflast, og það eru takmörk fyrir því, hvað á að leggja til hliðar til að flýta allt of mikið fyrir því, að íslenzkt sjónvarp komi sem allra fyrst.

En sem sagt, fyrst hæstv. ráðh. er kominn hingað inn aftur, ætla ég aðeins að endurtaka það, sem ég sagði í sambandi við það, sem hann beindi til mín um afstöðu mína til íslenzks sjónvarps. Ég tel, að íslenzkt sjónvarp eigi og hljóti að koma og það eigi að halda áfram eðlilegum undirbúningi undir það, en hér sé undirbúningur enn ekki nema að heita má á frumstigi, það sé margt, sem sé ógert í sambandi við þetta mál, og loks, að það sé algjörlega óeðlilegt, að teknar séu prinsip-ákvarðanir og svo mikilsverðar ákvarðanir um fyrirkomulagsatriði, án þess að Alþ. fái þar um að fjalla.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Frv. um tollskrá er nú komið aftur frá Nd., og hún hefur gert á því nokkrar breytingar, og þess vegna er það komið til einnar umr. hér.

Fjhn. Ed. hefur, eins og formaður n. tók fram áðan, ekki haft tækifæri til þess að skoða þessar breytingar, sem Nd. hefur gert á málinu, en mér sýnist, að sumar þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið við 1. gr., orki mjög tvímælis og séu sízt til bóta. Á hinn bóginn eru þær breytingar, sem fólgnar eru í þessu frv. í heild, til bóta, og þær breytingar, sem Nd. hefur gert, a. m. k. á 1. gr., eru ekki svo stórvægilegar, að ég telji ástæðu til þess að fara að reyna að setja fótinn fyrir þær, því að slíkt mundi að sjálfsögðu stefna málinu í tvísýnu, ef væri farið að gera það.

En það, sem var tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli, er seinasta breytingin, sem hv. Nd. gerði með brtt. fjhn. á þskj. 625, þar sem ákveðið er, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.

Fyrir nokkrum dögum beindi ég í Sþ. fyrirspurn til hæstv. menntmrh. af þeim sökum, að mig var farið að lengja eftir því, að hæstv. ríkisstj. leitaði heimildar hjá Alþ. að ráðast í einhverjar framkvæmdir í sjónvarpsmálum. Þessi fyrirspurn mín gaf tilefni til þess, að hæstv. menntmrh. gaf mjög ýtarlega og ágæta skýrslu, sem hefur, eins og menn vita, vakið mikla athygli og verið til umræðu í blöðum að undanförnu. En í þeirri skýrslu lét hæstv. menntmrh. þá skoðun sína og væntanlega ríkisstj. allrar í ljós, að það væri ekki þörf á því að leita heimildar Alþ. um þetta mál, þar sem útvarpið mundi um það fjalla, og ég gat ekki skilið hæstv. ráðh. öðruvísi en það ætti að reka sjónvarp eða a. m. k. hefja rekstur sjónvarps á Íslandi á grundvelli laganna um útvarp. Ég verð að segja það hér, að það urðu mér vonbrigði, þegar hæstv. menntmrh. hafði lokið skýrslu sinni, að hæstv. forseti Sþ. neitaði mér um orðið til þess að gegna jafnsjálfsagðri kurteisisskyldu og þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýrsluna, auk þess sem ég hefði, ef ég hefði fengið orðið, þá kannske gert eitthvað af þeim athugasemdum, sem mig langar til að gera núna við þetta tækifæri, fyrst málið er af þessu tilefni komið á dagskrá.

Ég verð að láta þá persónulegu skoðun mína í ljós, að það orki mjög tvímælis sú skoðun hæstv. menntmrh., að hér væri hægt að hefja rekstur sjónvarps á grundvelli laganna um útvarp. Og mér virðist þó, að það hljóti að liggja í augum uppi, að þar sem þarna er um að ræða framkvæmdir á vegum ríkisins og kostnaður við þær nemur tugum eða jafnvel hundruðum milljóna, þá hljóti að þurfa samþykki Alþ. til fjárveitinganna a. m. k. Sá grunur minn reyndist réttur, því að sama kvöldið, — þetta var á föstudaginn var, — var útbýtt á Alþ. þskj. 625, þar sem lagt var til, að aðflutningsgjöldum á sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps, eða m. ö. o., þarna er skapaður tekjuöflunargrundvöllur fyrir því að hefjast handa í málinu. En hitt verð ég að taka undir, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., að þetta er auðvitað mjög óvenjuleg og óviðkunnanleg aðferð til að skapa réttargrundvöll fyrir framkvæmdum í sjónvarpsmálum og þetta má sannarlega kalla að fara með málið bakdyramegin inn á Alþ.

En í ræðu sinni áðan hafði hv. 10. þm. Reykv. annað um þetta að segja en það, sem hæstv. menntmrh. sagði um það á föstudaginn var. Hv. 10. þm. Reykv. sagði, að hér væri bara um heimild að ræða. Auðvitað verður málið lagt fyrir Alþ., áður en í framkvæmdir verður ráðizt, og þangað til verður heimildin ekki notuð, sagði hann einnig, ef ég tók rétt eftir. Þetta er allt önnur afstaða en fram kom hjá hæstv. menntmrh. á föstudaginn var, og ég vil fara fram á, að það komi hér skýrari grg. fyrir þessu atriði, þar sem hæstv. menntmrh. og hv. formanni fjhn. Ed. ber svo mikið á milli um þetta efni.

Ég skal taka það fram þessu máli til frekari skýringar, að á föstudagskvöldið var, einmitt þegar þessu þskj. var útbýtt, sem eru till. fjhn. Nd., þá átti ég tal við einn af þeim hv. þm., sem sæti eiga í fjhn., um þetta mál, hv. 3. þm. Reykn., og sagði hann mér, að það væri hans skoðun og mér virtist félaga hans í fjhn. Nd., a. m. k. einhverra, að í þeirri heimild, sem hér er til þess að nota aðflutningsgjöldin í þessum tilgangi, væri fólgið allt það, sem þörf væri á að fá frá Alþingi í þessu máli. Og þetta er skoðun, sem ég á mjög erfitt með að fella mig við og vildi mjög gjarnan biðja hæstv. menntmrh. um að staðfesta, ef hann getur, þann skilning, sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. um þetta efni.

Nú segi ég þetta alls ekki vegna þess, að ég vilji gera neitt það, sem tafið geti fyrir því, að framkvæmdir verði hafnar í sjónvarpsmálinu. Ég vil, að það komi alveg skýrt fram hjá mér, að úr því sem komið er með sjónvarp frá Keflavíkurflugvelli og það leyfi, sem gefið hefur verið til þess að reka það í því formi, sem það er nú, og þær afleiðingar, sem það hefur haft, og þar sem við hljótum að gera ráð fyrir því, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að við verðum að þola þetta sjónvarp um sinn, þá tel ég það vera áhrifaríkustu leiðina til þess að vinna gegn algerri einokun Bandaríkjamanna á þessu þýðingarmikla menningarmálasviði, að við komum okkur sjálfir upp sjónvarpi. Ég mun þess vegna fyrir mitt leyti styðja þessa breyt., sem gerð hefur verið á frv. í Nd. En mér þætti vænt um að fá skýr svör um það atriði, sem þeim ber á milli, hæstv. menntmrh. og hv. 10. þm. Reykv.

Hv. 5. þm. Reykn. taldi og hv. 9. þm. Reykv. tók undir það, að þessi tekjustofn, sem hér er gert ráð fyrir, fyrir sjónvarpið sé óeðlilegur, og hv. 9. þm. Reykv. kallaði það raunar að græða á niðurlægingu þjóðarinnar. Ég get ekki fallizt á þetta sjónarmið. Mér virðist þetta sjónarmið minna nokkuð á það, sem stundum kemur fram hjá ýmsum bindindismönnum, að þeim finnst það óviðkunnanlegt að fá aura frá áfengisverzluninni. En ekki hefur maður þó orðið var við það, að þeir hafi hafnað því að fá þaðan fé til þeirra góðmála, sem þeir vinna

að. Mér virðist, að hér sé kannske nokkuð svipað á ferðinni. En ég vil þó vekja athygli á því, að hér er ekki verið að gera innflutning sjónvarpstækja að tekjustofni á þá lund, að það sé verið að leggja á neina nýja skatta eða nýja tolla. Þeir, sem slík tæki kaupa, koma til með að borga af þeim sömu tolla og þeir, sem þau hafa keypt. Hér er aðeins um að ræða heimild til þess, að ríkisstj. noti það, sem inn kemur, í þessum sérstaka tilgangi, sem ég fyrir mitt leyti álít vera mjög mikið nauðsynjamál.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal í örfáum orðum svara þeirri fyrirspurn, sem hv. 6. þm. Sunnl. beindi til mín varðandi það, hver sé réttarstaða íslenzks sjónvarps, ef til verður stofnað.

Lögfræðingar, færustu lögfræðingar hafa skýrt gildandi lög um ríkisútvarpið þannig, að það taki einnig til sjónvarps, og er það hliðstæður skilningur og uppi hefur verið í öllum nálægum löndum og er uppi varðandi alþjóðasamninga og fjarskipti. Þannig hefur verið litið á, að á því sé enginn efi, að eins og lögum er nú háttað, taki gildandi útvarpslög bæði til hljóðvarps og sjónvarps. Með því móti verður ekki litið öðruvísi en svo á, að ríkisútvarpið hafi lögum samkvæmt heimild til að undirbúa sjónvarp og hefja starfrækslu, ef það hefur fjárhagslegt bolmagn til. Í ráðherrabréfi 1957, nánari dagsetningu man ég ekki, var þessi skilningur staðfestur af hálfu ráðuneytisins, hver væri raunveruleg þýðing gildandi útvarpslaga í þessum efnum. Á grundvelli þessara lagaskýringa og þessa ráðherrabréfs hefur ríkisútvarpið látið fara fram þann undirbúning, sem þegar hefur farið fram varðandi íslenzkt sjónvarp. Ég tel því, að útvarpinu væri tvímælaust heimilt, auðvitað að áskildu samþykki réttra stjórnarvalda, að hefja hér tilraunasjónvarp, ef það hefði fjárhagslegt bolmagn til af eigin rammleik. Lagalega séð væri ekkert því til fyrirstöðu. Á þessum grundvelli hefur sú braut verið mörkuð, sem haldið hefur verið í þessu máli. Hitt er svo annað mál, og það skal ég gjarnan staðfesta að gefnu tilefni frá hv. 6. þm. Sunnl., að stofnun varanlegs sjónvarps, sem ætlað væri að taka til verulegs hluta landsmanna, hvað þá til allra landsmanna, er svo mikilvægt fyrirtæki og fjárhagslega séð svo kostnaðarsamt, að ég fyrir mitt leyti tel vera eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. fái um það að fjalla. Það mundi því a. m. k. vera skoðun mín og ég geri ráð fyrir ríkisstj. í heild, að áður en lagt yrði í mjög veruleg útgjöld til stofnunar stórrar sjónvarpsstöðvar hér á Íslandi, þá væri eðlilegt, að málið væri rætt á Alþ. og Alþ. gefinn kostur á að segja sína skoðun á því máli, sérstaklega hversu hraðar framkvæmdir skyldu vera og hvernig þeim yrði hagað. Af þessum sökum er ekki um að ræða neinn skoðanamun á milli hv. 10. þm. Reykv. og mín. Ég hafði hugsað mér, að einmitt sá háttur yrði hafður á, sem hv. 10. þm. Reykv. lét getið í framsöguræðu sinni fyrir frv. áðan. Engu að síður er nauðsynlegt, að ríkisútvarpið hafi skilyrði til að hefja undirbúning og halda áfram þeim undirbúningi, sem undanfarið hefur verið í gangi, og í því skyni er nauðsynlegt, a. m. k. gagnlegt, að ríkisstj. hafi þá heimild, sem hún hefur farið fram á að fá í því frv., sem hér liggur fyrir. Með þessu vona ég, að telja megi fyrirspurn hv. 6. þm. Sunnl. fullsvarað.

Að síðustu vildi ég svo aðeins bæta því við, að mér var það til mikillar ánægju að heyra, að hv. 6. þm. Sunnl. virtist ekki vera sömu skoðunar og mér virtist hv. 5. þm. Reykn. vera varðandi það, hvort og hvenær æskilegt væri að efna til íslenzks sjónvarps. Hv. 6. þm. Sunnl. tók það skýrt fram og undirstrikaði það, að hann teldi, eins og öllum málum væri hér háttað, æskilegt, að framkvæmdum við íslenzkt sjónvarp væri hraðað eins og kostur væri á og eins og eðlileg fjárhagsgeta leyfði eða heimilaði, m. ö. o., að það væri æskilegt, að íslenzkt sjónvarp kæmist á sem allra fyrst, en auðvitað yrði að hafa þann hraða á framkvæmdum, sem samræmdist skynsamlegri hagnýtingu fjár og með fullum samanburði við aðrar fjárþarfir í landinu. Um þetta er ég honum nákvæmlega sammála. Þarna lét hann í ljós nákvæmlega þær skoðanir, sem ég persónulega hef á þessu máli.

Hins vegar fannst mér enn nokkurt hik á hv. 5. þm. Reykn. í málinu og raunar, án þess að ég vilji gera honum nokkrar getsakir, helzt mega skilja ummæli hans þannig, að hann sé íslenzku sjónvarpi frekar andsnúinn, a. m. k. telji sízt af öllu að þið liggi nokkuð á því, að íslenzkt sjónvarp komist á fót, hvorki fyrir Reykvíkinga né heldur fyrir Suðurlandsundirlendið, hvað þá landið allt. Um þetta er ekkert að segja. Ég get ekki sagt annað en það, að jafnvænt og mér þykir um, að hv. 6. þm. Sunnl. skuli hafa þá skoðun, sem hann hefur á þessu máli, þá harma ég það, að skoðun hv. 5. þm. Reykn. skuli vera jafnhaldssöm í þessu efni og hún virðist vera.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 669) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til frekari skýringar á því, sem ég sagði um sjónvarpið í fyrri ræðu minni, að gefnu tilefni frá hv. 6. þm. Sunnl.

Þegar ég sagði, að ég teldi, að óháð afstöðu manna til sjónvarpsmálsins teldi ég óhætt að samþ. þá heimild, sem hér var farið fram á, þá fólst ekki í því, að ég væri að lýsa neinni skoðun á því, hvort sérstaka löggjöf þyrfti til þess að stofna til sjónvarps hér á landi. Ég hef ekki myndað mér neina skoðun á því efni, hvort heimilt sé að stofna til sjónvarps á grundvelli l. um ríkisútvarpið, og var ekki að hugsa um að taka neina afstöðu í því máli, enda hef ég ekki kynnt mér það atriði rækilega. Það, sem ég hins vegar

átti við, var það, að ég taldi, að það gæfi auga leið, að stofnkostnaður sjónvarps yrði svo mikill, að sá kostnaður fengist ekki uppi borinn með því að samþ. þessa heimild einvörðungu. Og þar við má bæta því, að þess er ekki að vænta, hvaða ríkisstj. svo sem verður við völd á þeim tíma, þegar sjónvarpi verður komið á fót hér á landi, hvort sem það verður fyrr eða síðar, að stofnað verði til sjónvarps, nema tryggður sé ekki einvörðungu stofnkostnaðurinn, heldur líka rekstrarkostnaður, en til slíks þyrfti auðvitað að leita samþykkis Alþingis. Það var þetta, sem ég átti við og í því efni falla skoðanir mínar og hæstv. menntmrh. mjög saman, eins og þegar hefur komið í ljós. Hins vegar lá það ekki í orðum *mínum, að ég vildi neina afstöðu taka til þess,* hvort setja þyrfti sérstaka löggjöf um stofnun sjónvarps. Hitt gefur auga leið, að heimildir til fjáröflunar þarf auðvitað að fá á hæstv. Alþingi, en þessi heimild leysir ekki þann vanda.

ATKVGR.
Brtt. 669 felld með 12:4 atkv.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 671).

36. Sóknargjöld.

Á 75. fundi í Nd., 7. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29 marz 1961, um breyt. á l. nr. 24 17. marz 1954, um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld [205. mál] (stjfrv., A. 436).

Á 76. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir þeim breytingum á gildandi lagaákvæðum um sóknargjöld, að í stað þess, að þar er ákveðið fast gjald, sem nú er 100 kr., verði það framvegis eftir ákvörðun safnaðarfunda í hverri sókn, að fengnu samþykki kirkjumrh. Það kemur fram í grg. frv., að talið er, að það þurfi að hækka sóknargjöldin í sambandi við margvíslegan rekstrarkostnað safnaðanna nú, og er þar talað um, að það þurfi að hækka þau í 200 kr. Hins vegar liggja fyrir óskir um það og það væri hentara og eðlilegra, að þetta væri ekki bundið í l., heldur eftir ákvörðun hinna einstöku safnaða á hverjum tíma og þá með samþykki ráðh.

Þetta er efni þessa frv. Að öðru leyti skýrir grg., vegna hvers það er fram komið, vegna óska bæði biskups og safnaðanna, safnaðarráðs Reykjavíkur og fleiri aðila, og vildi ég mega vænta þess, að málið gæti fengið góðar undirtektir og afgreiðslu hér í þinginu, og vildi mega leggja til, að að lokinni þessari umr. yrði málinu vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 436, n. 597, 598).

Frsm. (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur fjallað um þetta frv. og skilað samhljóða áliti á þskj. 597. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. með breyt., sem prentaðar eru á þskj. 598 og eru svo hljóðandi:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo: 1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, allt að 100 kr. á ári, eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Þó má hækka gjaldið í allt að 250 kr. á ári, að fengnu samþykki kirkjumrh. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 24 17. marz 1954 og lög nr. 43 29. marz 1961.

Fyrirsögn orðist svo: Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld."

Um brtt. þessar hefur verið haft samráð við kirkjumrh., og er hann þeim meðmæltur. Nefndin óskar að draga till. til baka við þessa umr., en mun leggja þær fram aftur við 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 598 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 436, 598).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

ATKVGR.
Brtt. 598,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 598,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 598,3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 25:1 atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Á 75. fundi í Sþ., 9. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 631).

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 631, n. 649).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd., og er það, eins og grg. fyrir frv. ber með sér, flutt að ósk biskups á grundvelli samþykktar frá safnaðarráði Reykjavíkur. Efni frv. er í stuttu máli það, að þar sem hámark fyrir sóknargjöldum er nú 100 kr., þá er gert ráð fyrir því, að framvegis verði þessar 100 kr. lágmark sóknargjalda, en safnaðarstjórnum er heimilað að hækka það í 250 kr. Þetta frv. hefur, að því er ég veit bezt, verið afgreitt ágreiningslaust í hv. Nd. Fjhn. hefur haft það til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 649 ber með sér, leggur n. einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 672).

---

37. Ávöxtun fjár tryggingafélaga.

Á 70. fundi í Sþ., 29. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ávöxtun fjár tryggingafélaga [220. mál] (stjfrv., A. 517).

Á 88. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur verið freistað að ná um það samkomulagi við tryggingafélögin í landinu, að þau legðu fram af sínu ráðstöfunarfé nokkra upphæð til þess að kaupa bréf húsnæðismálastjórnar eða hins almenna veðlánakerfis. Árangurinn af þessum viðræðum og samningaumleitunum hefur orðið lítill, þ. e. a. s. nokkur félög hafa keypt lítils háttar af þessum bréfum, en það hefur, þori ég að segja, ekki verið neitt, sem neinu verulegu hefur numið. Það var þess vegna nú á síðasta vetri, sem farið var fram á það við tryggingafélögin, að þau féllust á, að um þetta yrðu settar fastar reglur og lögbundnar. Ég verð að segja, að félögin hafa tekið þessu eftir atvikum með skilningi, en komu með nokkrar brtt. við frv., sem sumar hafa verið teknar til greina, en aðrar ekki.

Frv. sjálft er ákaflega einfalt. Það er efni þess, að líftryggingafélögin eru skylduð til þess að leggja 25% af sínu ráðstöfunarfé tryggingasjóða líftrygginga til kaupa á íbúðalánabréfum frá húsnæðismálastofnun ríkisins. Enn fremur getur félmrh. ákveðið fyrir fram fyrir eitt ár í senn, að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti.

Þessi skylda, sem hér er lögð á tryggingafélögin, bæði líftryggingafélögin og hin almennu tjónatryggingafélög, er fram komin vegna þess, að mikil þörf er fyrir aukið fé handa húsnæðismálastjórn. Það hefur ekki tekizt neitt líkt því að fullnægja eftirspurninni eftir húsnæðismálastjórnarlánum, og hefur þess vegna verið leitað í ýmsar áttir um að auka framlög í þessu skyni. Nú fyrir stuttu var borið hér fram frv. um hækkun skyldusparnaðarins, og þetta er annað af þeim frv., sem hafa verið samin í því skyni að reyna að ráða hér nokkra bót á. Það verður þó sjálfsagt ekki með réttu sagt, að hér verði fullnægt neinni eftirspurn, en það má segja, að það verði bætt úr þörfinni. Það er gert ráð fyrir því, að með þessu frv., ef að lögum verður, fáist í kringum 20 millj. kr. á ári í þessu skyni, en um 30 millj. með hinu frv., ef það verður einnig að lögum. Það er náttúrlega nokkur úrbót, en ekki nóg, og enn hefur ríkisstj. til athugunar aðra hluti til viðbótar.

Það skal og tekið fram, að bæði þessi frv., sem hér eru borin fram, koma ekki að fullum notum á þessu ári, þar sem nokkuð er liðið á árið og fjárframlögin í þessu skyni koma þess vegna ekki til skila eins og á ársgrundvelli væri.

Ég held, að það sé ekkert annað, sem ég þarf að taka fram um þetta frv. Efni málsins er ekki annað en það, sem ég hef lýst, og nokkru nánari ákvæði um framkvæmdaatriði, sem óþarfi er að fara orðum um. Ég vildi svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Með þessu frv. er ætlunin að auka dálítið útlánafé íbúðalánakerfisins. Ég hef ekki hug á að setja fótinn fyrir þetta og ætla að styðja frv., en ég vildi nota þetta tækifæri til að benda á nokk-

ur atriði í sambandi við húsnæðismálin, því að þau gefa nokkra mynd af efnahagsmálaástandinu almennt, og einnig að láta í ljós skoðanir mínar á nokkrum atriðum í sambandi við þau. En allt verður þetta í mjög stuttu máli.

Það er ekki stór íbúð, sem kostar núna 600 þús. kr. Eins og vaxtagreiðslur eru nú, þá eru vextirnir einir út af fyrir sig af verði tiltölulega lítillar íbúðar þess vegna um 50 þús. kr. fyrir utan kostnað við íbúðina og afborganir, sem verður að bæta við, ef á að gera sér grein fyrir því, hvað það kostar nú orðið að búa í litilli, nýrri íbúð.

Húsaleiga er orðin 4—5 þús. kr. fyrir litla íbúð og fer síhækkandi nálega dag frá degi. Húsnæðiskostnaður er orðinn geigvænlegur, og æðimargir, sem ekkert húsnæði fá, nálega hvað sem í boði er.

Verkamannakaupið fyrir 8 klst. vinnu alla virka daga ársins er 77 þús. kr. á ári.

Þetta eru tölur, sem tala um það ástand, sem skapazt hefur í landinu.

Hinir háu vextir, sem innleiddir voru sem liður í efnahagsmálakerfinu, eru nú að byrja að koma inn í húsnæðismálin. Og þá er spurningin: Hvað verður kaupið orðið, þegar það er orðið tilsvarandi húsaleigunni, þessari nýju, og húsnæðiskostnaðinum? Hvað verður kaupið orðið, þegar það er orðið tilsvarandi kostnaðinum við að búa í nýju húsnæði og nýju húsaleigunni? Nú er sagt, að atvinnuvegunum gangi í ýmsum greinum illa að borga það kaup, sem sett hefur verið, þ. e. a. s. 77 þús. kr. á ári fyrir 8 stunda vinnudag allan ársins hring. Og það mun vera rétt um ýmsar greinar, því að þannig er að þeim búið. En hún er áleitin þessi spurning: Hvernig gengur þá atvinnuvegum Íslendinga að borga það kaup, sem dæmzt getur tilsvarandi við húsnæðiskostnaðinn, eins og hann er núna? En enginn þarf að halda, hvernig sem farið er að, að það sé hægt að halda þessum hlutum föstum. Kaupgjaldið hlýtur að leita samræmis við kostnaðinn við að lifa. Menn geta ekki hætt að búa í húsum, og kaupið lagar sig smátt og smátt og hlýtur að verða að laga sig eftir kostnaðinum við að framfleyta fjölskyldu í nýju húsnæði. Og þannig er það, sem hin nýja óðaverðbólga kemur inn í efnahagskerfið, kaupgjaldið og framleiðslukostnaðinn smátt og smátt. Og það eru ekki aðeins þeir, sem búa í nýja húsnæðinu, sem þurfa að fá kaup í samræmi við þessi nýju skilyrði, heldur taka allir aðrir vitanlega sama kaup og þeir. Það verður til þess, að allir þeir, sem búa í gömlum húsum og eiga gamlar eignir, fá til sín í skjóli hins nýja kaupgjalds hina sömu stórlega hækkuðu vexti af því fjármagni, sem þeir eiga í eignunum. Bæði ég og aðrir, sem eigum íbúð, fáum þetta fé í skjóli háu vaxtanna, í skjóli hins nýja, háa stofnkostnaðar. En atvinnuvegirnir borga að lokum. Fyrst er reynt að halda kaupinu niðri og klemma menn á þann hátt, því að það er svo erfitt fyrir atvinnuvegina að halda í horfinu og hækka nógu ört, til þess að þetta geti staðizt. En að lokum fer auðvitað svo, að þetta er knúið inn í framleiðslukostnaðinn, og atvinnuvegirnir verða að borga.

Nú er ég að segja þetta til að koma því að enn einu sinni, að þarna sjáum við afleiðingarnar af þeirri stefnu, sem tekin hefur verið upp: að reyna að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum með því að hækka verðlagið á framkvæmdunum, að hækka framkvæmdirnar og reyna þannig að takmarka þær, þ. á m. íbúðabyggingarnar, því að það hefur verið stefnan, og gera fjármagnið dýrt til þess að skapa jafnvægi á þá lund.

Það hefnir sín grimmilega að viðhafa þessar aðferðir, eins og við erum núna að sjá á ástandinu í húsnæðismálunum betur en í nokkurri annarri grein í þjóðarbúskapnum. Það kemur þar gleggra fram, þetta æpandi ósamræmi, sem verður á milli þeirra, sem eiga gömlu eignirnar, og hinna, sem eiga nýju eignirnar, og hvernig unga fólkið verður að hafa tekjur í samræmi við nýja kostnaðinn, hvernig þetta kemur svo niður fyrir atvinnuvegina og setur allt úr skorðum.

Og í framhaldi af þessu vil ég aðeins segja enn, að það er eitt hið nauðsynlegasta í þjóðarbúskapnum að söðla alveg um í húsnæðismálunum, einmitt í húsnæðismálunum, því að ef það tekst ekki, þá verða af þessu ömurlegar afleiðingar, — snúa blaðinu alveg við og í stað þess að nota þá aðferð að reyna að leita jafnvægis með því að láta verðið á framkvæmdunum hækka, líka verðið á íbúðunum, og halda háu vöxtunum, þá verði snúizt í það af fullri alvöru að reyna að lækka verðið á íbúðunum, auka lánin og lækka fjármagnskostnaðinn, vextina, alveg sérstaklega á íbúðalánunum.

Ég vil nefna í þessu sambandi fjögur atriði, það mætti nefna mörg fleiri.

Í fyrsta lagi vil ég nefna bætt skipulag á byggingum og meiri tækni í þeim efnum og vinnuhagræðingu. Það verður að skerast í það af fullri alvöru og mikilli atorku að innleiða betra skipulag, betri tækni og meiri vinnuhagræðingu.

Þar næst hygg ég, að sé ómögulegt að komast hjá því, ef þetta á ekki að riða atvinnuvegunum gersamlega á slig, að fara inn á þá braut að lækka verðið á íbúðunum, hæfilega stórum íbúðum, með beinum ráðstöfunum, t. d. eins og því að endurgreiða tolla af byggingarefni til hæfilega stórra íbúða, eða öðrum slíkum beinum stuðningi.

Í þriðja lagi verði að lækka almennu vextina, það verði að lækka almennu vextina í landinu, því að enginn atvinnurekstur getur risið undir þessum vöxtum til lengdar, enda áttu þessir vextir aðeins að vera, að því er sagt var, í stuttan tíma, til þess að koma jafnvæginu á. Það mistókst, en vextirnir eru látnir standa, og nú eru þeir að vefja sig inn í atvinnulífið með sívaxandi hraða. Þá kemur

það æ betur og betur í ljós, að ráðstöfunum til að lækka almennu vextina verða vafalaust að fylgja nýjar ráðstafanir til að verðtryggja sparifé. Og nú fáum við þær fréttir úr öðrum löndum, þar sem vextir eru miklu lægri en hér, þar sem verðbólga er nálega engin á íslenzkan mælikvarða, að þar sé óðfluga verið að íhuga og undirbúa að fara inn á þá braut að innleiða verðtryggingu á sparifé til þess að geta haft vextina enn lægri. Þeim er það ljóst í þessum löndum vafalaust, hvað stórkostleg hætta er því samfara að hafa gífurlega háa vexti, og vilja því íhuga, hvort þeir geti ekki lækkað enn vexti hjá sér, enda komi verðtrygging á sparifé. Þó eru í þessum löndum, þar sem verið er að íhuga þessi efni af ábyrgum mönnum, vextirnir miklu lægri en hér. Ég er alveg sannfærður um, að þeim mun lengur sem dregið verður að ganga inn á þessa braut, þeim mun meira tjón verður af því. Enda hygg ég, að hver einasti skynsamur maður, sem athugar, hvernig þessi þróun er orðin um framfærslukostnaðinn og húsnæðiskostnaðinn sérstaklega og kaupgjaldið og hvert stefnir, hljóti að sjá, að það verður að snúa við.

Fjórða höfuðatriðið sýnist mér svo vera, að það muni ekki verða komizt hjá því, auk þess að stórhækka íbúðalánin, að verja einhverju af almannafé til þess að borga niður sérstaklega vextina af íbúðalánunum, til þess að koma í veg fyrir þær óskaplegu kauphækkanir, sem annars hljóta að vera fram undan, lækka vextina sérstaklega með niðurgreiðslum, svipað og gert var í sumum öðrum greinum hér áður, áður en vaxtapólitíkinni var breytt. Þá voru borgaðir niður vextir af landbúnaðarlánum og eitthvað lítils háttar líka í sambandi við stofnlán sjávarútvegs og raunar íbúðalán að einhverju litlu leyti líka. Ég sé ekki annað en það þurfi að nota almannafé til þess að borga verulega niður vexti af íbúðalánum. Annars hlýtur þetta að ganga áfram í þessa átt, sem nú horfir, og stranda þessu öllu saman. Þessi nýi vaxtakostnaður fléttar sig inn í kaupgjaldið, og atvinnuvegirnir ráða ekki við neitt. Og það eru ekki bara vextirnir, sem koma inn í kaupgjaldið, það eru ekki bara vextir þeirra, sem skulda, t. d. út á nýju íbúðirnar, heldur allur fjármagnskostnaður í landinu, sem fer óðfluga hækkandi. Og þeir, sem eiga eldri eignir í landinu, hirða gífurlega fjármuni í skjóli þeirra, sem þurfa að geta lifað í nýja húsnæðinu. Þannig blæðir atvinnuvegunum, og þannig lenda þessi mál í slíkan hnút, að enginn fær ráðið við neitt. Og þetta er ein aðalskýringin á því, hvernig á þeim ósköpum stendur, að í hinum mestu uppgripum, sem Íslendingar hafa nokkru sinni lifað, er kaupið orðið svona lágt, samanborið við nýja húsnæðiskostnaðinn, en atvinnuvegirnir samt í erfiðleikum að borga það.

Húsnæðismálin eru einn allra stórfelldasti liðurinn í þessum málum, og þar dugir ekkert minna en að snúa blaðinu við, söðla um og taka upp nýja stefnu, sem er miðuð við að lækka húsnæðiskostnaðinn og gefa kost á meira fjármagni og ódýrara fjármagni en verið hefur til þessa í húsnæðismálum. Þess munu allir njóta, bæði þeir, sem eiga eftir að koma sér upp húsnæði, og ekkert síður atvinnuvegirnir, sem munu ekki geta ráðið við neitt, ef þannig verður haldið áfram sem nú hefur verið um sinn.

Ég vildi nota þetta tækifæri, vegna þess að þetta mál er beinlínis tengt við húsnæðismálin, til að segja þessi örfáu orð, benda á þessar fáu staðreyndir, sem blasa við og ekki er hægt að komast fram hjá, og þá nýju stefnu, sem verður að taka upp.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með þessu frv. hyggst ríkisstj. afla byggingarsjóði ríkisins um 20 millj. kr. tekna með því að setja lög um reglur um ávöxtun fjár tryggingafélaga í landinu. Þetta er annað frv., sem ríkisstj. flytur nú í því skyni að afla byggingarlánakerfinu tekna. Hitt frv., sem enn liggur hér fyrir til afgreiðslu, er um hækkun á skyldusparnaði unglinga. En gert hefur verið ráð fyrir, að það frv. gæti aflað byggingarsjóði aukinna tekna, sem nema í kringum 30 millj. kr. á ári.

Þessi tvö frv., sem eru þó þetta seint á ferðinni á árinu, ná því harla skammt í raun og veru til þess að leysa þann mikla vanda, sem við er að glíma í sambandi við íbúðarhúsalánveitingar. Þó að áætlanir þessara tveggja frv. stæðust með mögulelika á fjáröflun, þá getur varla orðið um að ræða meiri tekjuöflun en sem nemur í kringum 15 millj. kr. á þessu ári vegna hækkunarinnar á skyldusparnaði og varla um meiri tekjuöflun að ræða af þessu frv. en sem nemur 10 millj. kr. nú á þessu ári. Auk þess sýnist mér, að ákvæði þessa frv. séu þannig, að það verði að teljast mjög hæpið, að það takist að ná þeim auknu tekjum, sem gert er ráð fyrir í grg. frv., með ákvæðum frv., eins og þau eru. Ég sé, að það er gert ráð fyrir því, að sjóðir liftrygginga kaupi verðbréf af húsnæðismálakerfinu fyrir um 5 millj. kr. á ári. Það má vel vera, að það mundi takast að fá þá upphæð, þó að ákvæði frv. yrðu eins og þau eru nú í þessu frv., eins og það liggur fyrir. Þó sýnist mér, að þessar liftryggingar hafi alla möguleika til þess að binda sitt fé í öðru en verðbréfum íbúðalánakerfisins. Skv. 2. gr. þessa frv. er slíkum sjóðum heimilt að ávaxta fé sitt með ýmsu öðru móti, og ég dreg þó nokkuð í efa, að að öllu öðru óbreyttu komi 5 millj. kr. til íbúðalánakerfisins frá liftryggingunum. En þó sýnist mér, að enn þá meiri vafi hljóti að leika á því, að hin önnur vátryggingarfélög í landinu, sem frv. nær til, leggi íbúðalánakerfinu það fé, sem gert er ráð fyrir í grg., því að skv. frv. hafa þau heimild til þess að ávaxta sitt fé eftir svo mörgum leiðum, að ég held, að það hljóti að vera mjög vafasamt, að ríkisstj. gangi nokkuð betur eftir en áður með að fá fé frá þessum tryggingafélögum til íbúðalánakerfisins, ef ekki er gengið öðruvísi frá þessum málum en gert er skv. þessu frv.

Ef maður t. d. virðir fyrir sér helztu vátryggingafélögin í landinu, við skulum segja t. d. eins og Brunabótafélag Íslands, þá er vitað mál, að þetta vátryggingafélag hefur lánað talsvert mikið á hverju ári, og megnið af því, sem það félag hefur lánað út, hefur gengið til sveitarfélaga. Það er beinlínis gert ráð fyrir í frv., að þetta vátryggingarfélag geti haldið áfram að verja lánum sínum á sama hátt og verið hefur, það er fullkomlega heimilt.

Sama er að segja um brunatryggingar Reykjavíkurborgar. Þar er vitanlega um allmikla tryggingastarfsemi að ræða. Ég sé ekki annað en að sú tryggingastarfsemi geti varið fjármunum sínum á sama hátt og hún hefur gert áður, þ. e. a. s. lánað þetta til sveitarfélags eða þá til að kaupa eitthvað af ríkistryggðum bréfum. Svipað er að segja um mörg önnur vátryggingafélög, þau hafa greinilega alla möguleika til þess, þrátt fyrir ákvæði þessa frv., að festa sitt fé eða verja sínu fé án þess að það komi byggingarsjóði ríkisins sérstaklega til góða.

Ég vek aðeins athygli á þessu, að ég tel, að eins og frv. er, sé hæpið, að byggingarlánakerfið fái skv. þessari leið þær tekjur, sem hér eru ráðgerðar, um 20 millj. kr. á ári. Ég tel það mjög hæpið og alveg augljóst mál, að á þessu ári getur lánakerfið ekki fengið nema í mesta lagi um helming þessarar fjárhæðar eða í kringum 10 millj. kr. í almesta lagi, því að vitanlega tekur það vátryggingafélögin nokkurn tíma að komast út úr þeim lánveitingum, sem þau hafa staðið í. Þeim lánum verður ekki sagt upp í skyndi eða um leið og þetta frv. væri orðið að lögum, svo að það fé, sem er bundið í þeim lánum, losnar ekki undireins.

Ég verð því að segja, að þó að tilgangurinn með þessari lagasetningu sé út af fyrir sig góður, þá dreg ég það nokkuð í efa, að mikið fé verði laust til íbúðarhúsalána skv. þessari leið. Og eins og ég sagði hér áður, þá get ég ekki séð, að út úr skyldusparnaðarfrv., sem hér liggur fyrir, geti komið öllu hærri fjárhæð til útlána á þessu ári en í kringum 15 millj. kr., ef rétt er áætlað, að árlegar tekjur, miðað við 12 mánuði, af þessum aukna skyldusparnaði séu í kringum 30 millj. kr.

Þessar fjárhæðir draga því harla skammt til þess að leysa þann mikla vanda, sem við er að glíma í húsnæðismálunum. Ég held því, að það þurfi að koma fram miklu stærri tillögur frá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, ef hún ætlar að leysa á nokkurn viðunandi hátt þetta vandamál. Og ég á ákaflega erfitt með að sjá, að hjá því verði komizt, að ríkissjóður taki á sig allverulega greiðslu til byggingarlánakerfisins nú þegar á þessu ári til þess að leysa nokkuð þetta mikla vandamál. Auk þess finnst mér, að til greina hefði átt að koma að skattleggja bankakerfið í landinu nokkuð til ágóða fyrir byggingarlánakerfið. Það hafa oft komið hér fram till. um það áður, að bankarnir í landinu yrðu látnir borga nokkurn skatt af sínum árlega hagnaði, og mér hefði fundizt, að sú leið væri vel fær. Margt annað kæmi hér til greina, og skal ég nú ekki vera að fara í það, því að ég hef nú gert stundum áður grein fyrir mínum skoðunum í þeim efnum.

En aðeins örfá orð í sambandi við stöðuna í byggingarmálunum. Hæstv. félmrh. gat þess hér í umr. um þetta mál í gær, að áætlað væri, að það þyrfti að byggja í kringum 1500 íbúðir á ári í landinu. En reynslan hefur verið sú, að byggt hefur verið nokkru minna en þetta nú um nokkurra ára bil. Á tímabili tókst að byggja hér nokkru meira en þetta, en nú síðari árin hefur dregið aftur úr byggingum af skiljanlegum ástæðum, og byggingarnar hafa ekki náð þessu marki, sem talið er þó að sé það meðaltal, sem við þurfum að keppa að. Í skýrslum, sem Framkvæmdabankinn hefur gefið út, segir, að árið 1957 hafi fullgerðar íbúðir á landinu orðið 1618. Þá var farið yfir þetta mark. Og árið 1958 voru fullgerðar íbúðir á landinu taldar 1431. Árið 1959 voru fullgerðar íbúðir 1526 og árið 1960 1484. Á þessum árum má segja, að það hafi verið byggt um það bil þetta meðaltal, sem nú er áætlað að þurfi að byggja af íbúðum á hverju ári. En svo hefur farið að draga allverulega úr þessu, og á árinu 1961 voru ekki fullbyggðar nema 1209 íbúðir á öllu landinu, og árið 1962 1272, og á þessum árum hefur sem sagt skort allverulega á, að við næðum því meðaltali í íbúðarhúsabyggingum, sem talið er að við þurfum að ná, og við vitum mætavel, hverjar hafa verið orsakirnar til þessa. Orsakirnar hafa verið þær, að það hefur orðið erfiðara og erfiðara fyrir fólk í landinu að ráðast í byggingar og fullgera sín íbúðarhús. Kostnaðurinn hefur stóraukizt, og aðstoð ríkisins hefur raunverulega minnkað stórlega með tilliti til byggingarkostnaðar.

Þegar borinn er saman kostnaður við að koma upp meðalíbúð nú í dag og t. d. í upphafi viðreisnartímabilsins, kemur í ljós, að samkvæmt byggingarvísitölu hefur kostnaðurinn á meðalíbúð hækkað mjög verulega. Ef miðað er við 320 rúmmetra íbúð, sem er talsvert miklu minni íbúð en meðaltalið er nú í landinu, en mætti kannske teljast hófleg íbúð eigi að síður, þá kostaði slík íbúð skv. byggingarvísitölu í febrúarmánuði 1960 eða alveg í upphafi viðreisnarinnar 409 þús. kr., en nú í febrúarmánuði 1964 kostar jafnstór íbúð skv. byggingarvísitölu 626 þús. kr., eða hækkunin er 217 þús. kr. Hækkunin á þessari tiltölulega hóflegu íbúð er skv. byggingarvísitölu um 217 þús. kr., eða hækkunin er mun meiri en sem nemur hámarkslánum byggingarlánakerfisins á hverja íbúð, svo að það er auðvitað ekkert um það að villast, að sú aðstoð, sem veitt er af hálfu hins opinbera, hefur stórlega minnkað frá því, sem áður var. Það skiptir vitanlega engu máli að tala um það, hvort lánaðar hafi verið út aðeins fleiri krónur nú síðari árin en gert var fyrir fjórum eða fimm árum. Þær krónur hrökkva ekki einu sinni til til þess að vega upp aukinn byggingarkostnað.

Það er þessi þróun, sem hefur leitt til þess,

að það hefur dregið úr byggingum, þannig að við erum komnir þó nokkuð niður fyrir það að byggja það, sem talið er, að við þurfum að byggja á hverju ári. Og þegar þannig tekst til, þá kemur hitt tímabilið fljótlega. Það hefur reynslan sýnt okkur, að þá þarf eftir svolitinn tíma að ráðast í miklum mun meiri byggingar en sem nemur meðaltalinu, sem út hefur verið reiknað, og þá má búast við því, að við þurfum að fara að byggja í nokkur ár 1800—2000 íbúðir á ári til þess að vega það upp, sem aftur úr hefur dregizt.

Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt í þessum efnum að gera sér grein fyrir því, að það er óhjákvæmilegt, ef á að ráða bót á þessum vanda, að halda áfram því verki, sem hafið var árið 1957, þegar lögin um byggingarsjóð ríkisins og húsnæðismálastjórn voru sett, þegar lagður var grundvöllur að því að afla byggingarlánakerfinu nokkurra fastra tekjustofna, þ. e. a. s. byggja upp sjálfstæðan byggingarsjóð með eigin tekjum, sem gæti staðið undir lánveitingum eftirleiðis. Það þarf að halda þessu verki áfram, ef á að vera hægt að ráða fram úr þessum málum. Það er alveg útilokað að halda áfram eins og nú hefur verið um hríð, að öll lán húsnæðismálastjórnar byggist á aðfengnum lánum frá öðrum lánastofnunum og þar sé aðeins um framlán að gera, vegna þess að þá eru menn í rauninni alltaf í sömu vandræðunum í þessum efnum, auk þess sem af því leiðir svo það, að lánin verða til íbúðabyggjenda bæði með óhagstæðum vaxtakjörum og lánstíminn verður einnig allt of skammur.

Það, sem þarf því virkilega að gera í þessum efnum, er að horfast í augu við þann vanda, að það þarf að auka við fasta tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins, þannig að fastir tekjustofnar byggingarlánakerfisins geti komizt upp í 150—200 millj. kr. á ári, af því að það þarf vitanlega að stórhækka lánveitingarnar til hvers lántakanda um sig. Og til þess að gera það þarf vitanlega miklu stærri tillögur en þær, sem hér eru á ferðinni. Þær ná svo grátlega skammt, þó að ríkisstj. tækist nú að fá 10—20 millj. kr. að láni hjá vátryggingafélögunum skv. þessu frv. á ári og þó að henni tækist að fá nokkur fyrstu árin 30 millj. kr. eða svo í auknum skyldusparnaði unglinga, en það er vitanlega ekki fastur tekjustofn, því að hann kemur til með að ganga út úr kerfinu fljótlega aftur. Það þarf að ganga miklu lengra en sem nemur þessum till., ef á að ráða við þennan vanda.

Ég ætla líka, að ríkisstj. sé ljóst, að það er vitanlega ekki hægt að una við það lengur, að hámarkslán íbúðarlánakerfisins séu 150 þús. kr. á íbúð. Þá upphæð verður að hækka og hækka mjög verulega með tilliti til hækkandi byggingarkostnaðar.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta frv. á þessu stigi málsins, en læt aðeins í ljós efa minn um það, að þetta frv. verði sú tekjulind fyrir íbúðakerfið, sem látið er í veðri vaka í grg. frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Tilgangurinn með þessu frv. er að sjálfsögðu sá að afla lánsfjár til íbúðabygginga hjá tryggingafélögum. Hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, að með þessum hætti fáist um 20 millj. kr. á ári til ráðstöfunar fyrir húsnæðismálastjórn.

Nú munu tryggingafélög eitthvað hafa keypt af skuldabréfum húsbyggjenda að undanförnu, svo að ekki verður séð a. m. k. með neinni nákvæmni, hversu mikill hluti af þessum 20 millj. verður viðbótarfé húsnæðismálastjórn til handa.

Það mun enginn draga það í efa, að þörfin fyrir þetta viðbótarfé til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum landsins er ærin. Sú þörf er orðin að því þjóðfélagsvandamáli, að það spor, sem stigið er með þessu frv., nær harla skammt, þó að óneitanlega stefni þetta í rétta átt. Hinn öri vöxtur dýrtíðarinnar á undanförnum árum hefur skapað mönnum þann vanda í byggingarmálum, að vandséð er, hvernig fram úr þeim málum verður ráðið. En þessi vandi er þó sárastur fyrir unga fólkið, fólkið, sem er að stofna heimili. Þetta fólk hefur varið æskuárunum til náms og hefur því lítil tækifæri haft til þess að safna fé til íbúðabygginga í svo stórum stíl sem dýrtíðin krefur, og samt er það eitt fyrsta takmark, sem ungu hjónin setja sér, að eignast þak yfir höfuðið. Það er sannarlega lofsvert, hvað þetta fólk leggur mikið á sig til að ná þessu marki. En þótt hjónin bæði vinni við byggingu íbúðar sinnar, jafnvel dag og nótt, þá er eldur dýrtíðarinnar á aðra hönd og brennir stöðugt upp nokkurn hluta af árangri þessarar miklu vinnu. Þannig er ástandið.

Þær upplýsingar liggja nú fyrir, að á milli tvö og þrjú þúsund umsóknir um byggingarlán séu nú hjá húsnæðismálastjórn. Til þess að fullnægja þeim mun þurfa eitthvað á milli 230 og 280 millj. kr., og við þetta bætist svo hin árlega byggingarþörf, sem er a. m. k. 1500 íbúðir á ári. Ef ætti nú að vinna upp þennan slóða, við skulum segja t. d. á 5 árum, og fullnægja auk þess hinni árlegu byggingarþörf, þá þarf a. m. k. að byggja allt að 2000 íbúðum á ári. Með því að lána aðeins einar 150 þús. kr. til hverrar íbúðar, mundi þetta kosta um 300 millj. í lánsfé, ef ekki er dregið neitt úr lánareglunum.

En vandinn er ekki aðeins sá, hversu margar íbúðir þarf að byggja árlega, heldur er lánsfjárupphæðin til hverrar íbúðar með öllu óviðunandi, eins og nú er komið byggingarkostnaðinum, og svo veit enginn, hvað kostar að byggja íbúðir á næstu 5 árum, ef dýrtíðin heldur áfram að vaxa, eins og hún hefur gert að undanförnu.

Skv. upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni var meðalstærð íbúða, sem byggðar voru í landinu 1962, um 375 rúmmetrar hver íbúð. Samkvæmt skýrslum hagstofunnar kostaði íbúð af þessari stærð í febr. 1960 462 þús., í febr. 1961 532 þús., í febr. 1962 603 þús., í febr. 1963 633 þús. og í febr. 1964 kostar hún 734 þús. Miðað við febrúarmánuð hvert ár hefur þessi

íbúð hækkað í verði frá 1960—61 um 70 þús. kr., frá 1961—62 um 71 þús. kr., frá 1962—63 um 30 þús. kr. og loks frá því í febr. í fyrra þangað til í febr. nú í vetur um 101 þús. kr. Á 4 árum hefur þá íbúð af þessari stærð hækkað í verði um 272 þús. kr.

Fyrir hv. Alþ. liggur nú frv. um skyldusparnað unglinga. Þar er gert ráð fyrir, að ógift ungmenni safni sér sparifé sem nemur 15% af launatekjum þeirra. Ef 18 ára maður ræðst í opinbera þjónustu, tekur laun samkv. 10. launafl. og sparar 15% af þessum launum sínum, þar til hann er 26 ára gamall, en giftist ekki á tímabilinu, þá hefur hann safnað sparifé, sem nemur hér um bil 100 þús. kr. auk vaxta. Við skulum hugsa okkur, að konuefni þessa manns hefði líka sparað, t. d. helminginn af þessari upphæð, á sama tíma, þá eiga þessi ungu hjón um 150 þús. kr. stofnfé auk vaxtanna af því, þegar þau ætla að fara að byggja sér íbúð, eða jafnmikið og húsnæðismálastjórnin lánar nú til íbúðarinnar. Þrátt fyrir þetta þurfa þau að afla sér annarra lána, sem nemur yfir 400 þús. kr., til þess að geta komið íbúðinni upp. Af þessu má gleggst sjá, að 150 þús. kr. lán til hverrar íbúðar er með öllu óviðunandi. Eða hvar eiga þessi ungu hjón að fá slíkt lánsfé umfram byggingarsjóðslánið?

Þótt unnt reyndist að afla fjár til að fullnægja öllum lánsumsóknum, sem berast húsnæðismálastjórn, með því að lána 150 þús. kr. til hverrar íbúðar, þá er það ekki nema hálf lausn á byggingarvandamálinu, því að mikill fjöldi ungra manna getur ekki byggt sér íbúð, ef hann fær ekki hærra lán en þetta.

Fyrir 6 árum, eða í febr. 1958, var byggingarkostnaður meðalíbúðar, þ. e. a. s. íbúðar af þessari stærð, sem ég nefndi, umfram lán byggingarsjóðs um 300 þús. kr. En í febr. 1964 er byggingarkostnaður jafnstórrar íbúðar umfram lán byggingarsjóðs 580 þús. kr. Þannig hefur vaxið vandi húsbyggjendanna til þess að leggja fram sitt eigið framlag.

Þá kem ég að annarri hlið á þessu vandamáli: Hvaða tekjur þarf maðurinn að hafa til þess að búa í íbúð, sem hefur kostað yfir 700 þús. kr.? Ég skal ekki fara út í þá sálma að reikna það, en ég vil þó benda á, að vextirnir af þeim hluta byggingarkostnaðarins, sem umfram byggingarsjóðalánið er, eru um 50 þús. kr. á ári með núverandi vaxtakjörum, og reikna ég auðvitað með því, að maðurinn fái enga vexti af því, sem hann leggur sjálfur í íbúðina.

Þurfa menn svo að vera undrandi yfir því, að fólk heimti hærri laun, þegar þróunin er þessi í húsnæðismálunum? Þessi árlegi húsnæðiskostnaður meðalfjölskyldu, sem ég hef bent hér á og er vafalaust 40—50 þús. eða kannske meir, er svo reiknaður á 11 þús. kr. í útreikningi vísitölu framfærslukostnaðar, þ. e. a. s. um það bil 1/4—1/5 hluti af hinum raunverulega húsnæðiskostnaði. Þetta sýnir, hvað er að marka vísitölu byggingarkostnaðarins í útreikningi framfærslukostnaðar. En þrátt fyrir það, að svona lágt er húsnæðiskostnaðurinn reiknaður í framfærslukostnaði manna, þá segja skýrslur hagstofunnar, að 4 manna fjölskylda þurfi samt 106 þús. kr. til lífsnauðsynjanna á ári, og þó vantar þarna á sjálfsagt 30—40 þús. kr. í húsnæðiskostnaðinn. Ósanngirni þeirra manna er því ekki ýkjamikil, sem geta ekki þegjandi sætt sig við 77 þús. kr. árslaun fyrir 8 stunda dagvinnu alla virka daga ársins, þegar raunveruleg útgjöld fjölskyldunnar eru um 130—140 þús. kr. á ári og af þeirri upphæð er húsnæðiskostnaðurinn a. m. k. 35—40%.

Þetta frv. er spor í rétta átt, en það ræður ósköp litla bót á þeim mikla vanda, sem húsnæðiskostnaður manna er nú orðið.

Ég vil að lokum minna á það, að Alþ. hefur sínar skyldur að rækja við vaxandi kynslóð í landinu, ekki síst í húsnæðismálunum, og það veltur á miklu fyrir þetta fólk, hversu fljótt og hversu vel Alþ. rækir þessa skyldu sína.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þau ummæli hv. ræðumanna, sem hér hafa talað á undan, út af frv. sjálfu. Flestir hafa, að ég ætla, talið, að það væri spor í rétta átt, hins vegar ekki nægilega stórt og þyrfti þess vegna meira til að koma, ef fullnægja ætti þörfinni, og það skal ég fúslega ganga inn á að sé rétt. Það er þannig mín skoðun, sem ég við þetta tækifæri og raunar áður hef lýst. Þess vegna er þetta frv., sem hér liggur fyrir, ekkert lokaátak í málinu, heldur aðeins tilraun til þess að komast feti lengra en nú er og útvega húsnæðismálastjórn meira fé en hún hefur til umráða nú.

Einn hv. þm., sem hér talaði, hv. 5. þm. Austf. (LJós), dró að vísu mjög í efa, að sú upphæð, sem í grg. er gert ráð fyrir að náist með frv., mundi fást, og taldi sig hafa nokkra ástæðu til að ætla það. Hins vegar var fram tekið af mér og liggur raunar í augum uppi, að sú upphæð, sem grg. gerir ráð fyrir og er á ársgrundvelli, muni ekki fást í ár. Það liggur alveg ljóst, vegna þess að það verður nokkuð liðið á árið, þegar frv., ef að lögum verður, kemur til framkvæmda. Hins vegar hefur sú upphæð, sem nefnd er í frv., og eins sú upphæð, sem áætluð er frá tryggingarfélögunum, verið metin af þeim mönnum, sem ætla má að hafi á því beztan kunnugleik, og þeirra mat hefur verið, að þessar upphæðir mundu nást. Annars er náttúrlega ekkert, sem úr því getur skorið endanlega, nema reynslan, og það verður þá að koma í ljós, hvað út úr þessu kemur. En hvað sem um það er, þá vil ég ætla, að með þessum tveimur frv. sé stigið nokkurt spor í rétta átt, þó að það sé hins vegar ekki nægilegt og áfram verði að halda.

Það var af einum hv. ræðumanni, — ég ætla, að það hafi verið hv. 5. þm. Austf., — talið, að eigin tekjur húsnæðismálastjórnar þyrftu að vaxa, en tekjurnar yrðu ekki auknar fyrst og fremst á þann hátt, að ný lán yrðu útveguð,

sem síðan þyrfti að greiða og gætu ekki verið til frambúðarútlána, hitt væri betra, að húsnæðismálastjórn hefði fastar tekjur og gæti notað þær til lánanna og þyrfti ekki að standa skil af þeim útlánum aftur til þeirra, sem lán höfðu veitt húsnæðismálastjórn. Þetta er vissulega rétt, að æskilegt væri það, að húsnæðismálastjórnin hefði fastar tekjur sjálf, sem hún gæti notað til útlánanna, og það hefur hún orðið þó nokkrar og ég vil segja æðimiklar, því að tekjur húsnæðismálastjórnar sjálfrar í ár eru áætlaðar 55 millj. kr., og það er langsamlega stærsti pósturinn af því, sem hún hefur til útlána.

Um frv. sjálft ætla ég að ekki hafi verið fleiri athugasemdir gerðar, því að eins og ég sagði í upphafi, ég held, að allir ræðumennirnir hafi talið, að frv., þó að það gengi of skammt, miðaði í rétta átt. Og ég skildi það svo, að þeir hv. þm. allir vildu standa að því, að frv. næði fram að ganga. Hins vegar hafa svo umræðurnar snúizt um það að verulegu leyti, sem oft hefur heyrzt áður, bæði í þessari hv. d. og annars staðar, að byggingarkostnaðurinn væri nú orðinn óhóflega mikill og hvað væri unnt að gera til þess að mæta því á einhvern hátt, lánin væru of lág og íbúðirnar, sem byggðar væru, væru of fáar og annað þess háttar. Út af þessu vildi ég segja það, að íbúðafjöldinn, sem fullgerður er, getur breytzt nokkuð frá ári til árs, án þess að það þurfi í sjálfu sér að sanna það, að byggingastarfsemin í landinu hafi dregizt saman. Það getur verið meiri fjöldi af hálfgerðum íbúðum, sem gerir það að verkum, að fullgerðu íbúðirnar eitthvert árið séu færri en annað, og þarf ekkert að vera við það að athuga í sjálfu sér. Ég held, að yfirleitt hafi byggingarstarfsemin í landinu undanfarin ár verið það mikil, að sá íbúðafjöldi, sem talinn hefur verið eðlilegur árlega, 1500 íbúðir, hafi yfirleitt náðst. Hitt er alveg víst, að það hafa ekki verið til byggingariðnaðarmenn til þess að sinna öllu meiri störfum en gert hefur verið. Og það er á vitorði flestra, að ég ætla, að byggingarkostnaðurinn er kannske að mjög verulegu leyti og a. m. k. að nokkru leyti svo hár sem hann er vegna þess, að byggingariðnaðarmennirnir hafa verið á eins konar uppboði. Þeir hafa verið boðnir upp, þeim hafa verið boðin hærri laun en þeirra taxtakaup segir til um, aðeins til þess að þessi eða hinn gæti fengið þá á undan nágrannanum, og þar af leiðandi hefur byggingarkostnaðurinn orðið meiri en hann mundi hafa orðið, ef um venjulegar kaupgreiðslur hefði verið að ræða. Þetta bendir til þess, að byggingarstarfsemin hafi raunverulega verið meiri en byggingariðnaðarmannatjöldinn hafi verið fær um að inna af hendi og þess vegna hafi þetta uppboð á iðnaðarmönnunum orðið til þess að gera íbúðirnar talsvert miklu dýrari eða a. m. k. nokkru dýrari en þær hefðu annars þurft að vera.

Það hafa verið hér nefndar ýmsar tölur um það, hvað byggingarkostnaðurinn hafi vaxið, — og það er vissulega rétt, hann hefur vaxið, — og þar með hefur verið talið, að lánveitingar húsnæðismálastjórnar séu hlutfallslega minni nú en þær hafa verið áður, vegna þess að þær nægi raunverulega ekki fyrir þeirri hækkun, sem orðið hefur á s. l. 5—6 ára tímabili. Það má túlka málið á þennan hátt, en það má líka segja frá því á annan hátt. Það var nefnt hér, að 320 rúmmetra íbúð hefði fyrir nokkrum árum kostað rúmar 400 þús. kr., nú kostaði þessi íbúð í dag rúmar 600 þús. kr., þannig að hækkunin hefði orðið 200 þús. kr. Á sama tíma væri húsnæðismálastjórnarlánið ekki nema 150 þús. kr. og nægði þess vegna ekki fyrir þeirri hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði. En þetta má líka segja á annan hátt. Þegar íbúðin kostaði 400 þús., var lánið til hennar ekki nema 100 þús. kr. eða í kring um 25% af raunverulegu verðmæti íbúðarinnar. Í dag, þegar íbúðin kostar 600 þús. og lánið er 150 þús. kr., þá er lánveitingin líka 25% af byggingarkostnaðinum, þannig að hlutfallið er nánast það sama, vel að merkja ef 100 þús. kr. hefðu verið veittar af húsnæðismálastjórn, þegar íbúðin kostaði 400 þús. kr. En það var ekki í öllum tilfellum, heldur mun mjög oft hafa verið, að íbúðarlán á þeim tíma urðu ekki nema um 70 þús. kr., þannig að ef miðað er við 70 þús. kr. þá og 150 þús. kr. nú, þá er lánið í hundraðshlutum af byggingarkostnaðinum hærra í dag en það var þá. Náttúrlega þurfa möguleikar mannsins til þess að standa undir húsbyggingarkostnaðinum nú ekki að hafa versnað, þó að verðlagið hafi hækkað, ef hans eigin tekjur á tímabilinu hafa hækkað tilsvarandi, þannig að það er ýmislegt, sem verður að taka til greina í þessu sambandi, og það er ekki nóg að segja: Byggingarkostnaðurinn hefur hækkað um 200 þús. kr. á þessu tímabili eða kringum það, og það er meira en öll lánveiting húsnæðismálastjórnar nemur. — Það segir ekki nema hlutann af sannleikanum. Hitt verður að meta, hvað mikill hluti af heildarkostnaðinum lánin voru þá og hve mikill hluti af byggingarkostnaðinum þau eru nú.

Það er alveg rétt, að þeir, sem búa í eldri íbúðum, standa miklu betur að vígi heldur en þeir, sem núna eru að byggja. Þetta er hugsanlegt að lagfæra að nokkru leyti með fasteignaskatti, og það hefur verið athugað nokkuð, þó að ekki séu tilbúnar tillögur um það enn. Það má segja, að það væri ekki óréttlátt, að þeir, sem sitja í gömlum íbúðum og þurfa miklu minna til þeirra að kosta eða af þeim að greiða heldur en þeir, sem nú eru að byggja, gjaldi að einhverju leyti í sameiginlegan sjóð til þess að létta undir með hinum. Svipað væri hægt að gera með því, að ríkissjóður sjálfur legði fram einhvern verulegan hlut í þessa púlíu eða til þessarar starfsemi, og gæti það komið fram á þann hátt, að þeir, sem betri aðstöðu hefðu, annaðhvort í tekjum eða eignum eða eldra húsnæði, greiddu þá til ríkissjóðsins að verulegu leyti það, sem

á þyrfti að halda í þessu sambandi. Það eru á þessu margar hliðar og sem betur fer ýmsir möguleikar, en áfram verður haldið að vinna að því að kanna, hvaða möguleikar eru til þess að gera þessar hugmyndir að veruleika, sem geti hjálpað íbúðarbyggjendum nú til að standa undir sínum íbúðum og greiða kostnað við þær.

Eins og ég sagði áðan, eru athugasemdir þeirra, sem talað hafa hér á undan mér um frv., ekki meiri en það, að mér skilst, að þeir muni flestir fylgja málinu eins og það er lagt fyrir. Þó að það beri ekki í sér fullkomna lausn, stefni það þó í rétta átt. Um málið að öðru leyti, sem hefur nú verið aðalumræðuefnið, íbúðarvandamálið almennt, skal ég ekki ræða frekar að þessu sinni. Það gefst kannske tækifæri til þess síðar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hæstv. félmrh. sagði hér almennt um íbúðarhúsabyggingar. Mér fannst hæstv. ráðh. vilja láta liggja að því, að þær tölur, sem ég hefði nefnt hér um íbúðarhúsabyggingar á undanförnum árum, gæfu ekki fullkomlega rétta mynd af því, sem verið hefði að gerast í þeim efnum. En þær tölur, sem ég nefndi hér, voru yfir fullgerðar íbúðir, en þær sýndu, að nú síðustu árin hefur verið lokið við að fullu talsvert færri íbúðir en meðaltalið er talið þurfa að vera. En hæstv. ráðh. sagði þá, að það þyrfti einnig að hafa í huga, hvað margar íbúðir væru í byggingu á hverjum tíma, því að hefði verið lokið við nokkru færri íbúðir sum árin en önnur, þá gæti eigi að síður verið unnið að fleiri íbúðum þau árin. En þessu er nú ekki svona varið. Samdrátturinn hefur ekki síður komið fram í sambandi við fjölda þeirra íbúða, sem eru í byggingu og ófullgerðar eru. Í þessari skýrslu Framkvæmdabankans segir t. d. um þessi sömu ár, að í Reykjavík, svo að maður taki þann staðinn á landinu, sem segir langmest til í þessum efnum, hafi auk þeirra íbúða, sem voru fullgerðar á árinu, t. d. á árinu 1957 verið í byggingu í árslok 1957 1598 íbúðir, rétt tæpar 1600 íbúðir í byggingu, en hins vegar árið 1961 voru þessar byggingar ekki 1600, heldur 850 og 1962 voru þær 844. Samdrátturinn var alveg greinilega yfir alla línuna, bæði fullgerðar íbúðir voru miklum mun færri en áður og eins íbúðir í byggingu voru miklu færri. Og það er rétt að horfast í augu við þessar staðreyndir, því að þær liggja alveg óumdeilanlegar fyrir. Svona var þessu varið um allt land, og ástæðurnar til þess voru auðvitað þær, að byggingarkostnaður hafði farið ört vaxandi og aðstoð hins opinbera við húsbyggjendur var orðin miklum mun minni, miðað við byggingarkostnað, en áður var.

Í sambandi við athugasemdir hæstv. ráðh. í þeim efnum verð ég að segja, að það er auðvitað alveg fráleitt að ætla að fara að reikna þessa þátttöku ríkisins út í prósentutölum, því að það eitt, sem gildir fyrir húsbyggjendur í þessum efnum, er talan sjálf. Um það er vitanlega ekkert að villast, að ef byggingarkostnaðurinn vex meir en sem heildarlánveitingunni nemur, þá stendur húsbyggjandinn verr eftir en áður. Auðvitað væri betra fyrir húsbyggjanda, að byggingarkostnaðurinn á íbúðinni hefði lækkað um 217 þús. kr., þó að hann hefði ekkert húsnæðismálastjórnarlán fengið, heldur en að taka á sig þessa verðhækkun á íbúðinni upp á 217 þús. kr. og fá lán upp á 150 þús. Það er vitanlega hin „absolúta" tala, sem gildir í þessum efnum, það sem húsbyggjandinn verður að greiða út, það er það eina, sem segir vitanlega um vanda þann, sem húsbyggjandinn stendur í í þesum efnum.

Það er hins vegar rétt hjá hæstv. ráðh., að auðvitað eru fleiri þættir, sem koma inn í þessi mál, heldur en aðeins það, hvað hið opinbera veitir af lánum til þess að byggja íbúðirnar. Það skiptir líka miklu máli, hvað kaupið er, úr hverju menn hafa að spila af eigin tekjum. Vissulega spilar það mikið inn í þetta dæmi. Og það er líka rétt, að tekjur manna hafa verið býsna háar. En nú er það staðreynd, að tekjurnar hafa ekki vaxið allan þennan tíma nema rétt í hlutfalli við það, sem verðlag hefur almennt farið hækkandi í landinu. Að vísu hafa verið uppgripaár nú síðustu árin, s. l. ár, 1963, og reyndar einnig 1962 var mjög hagstætt atvinnuár, sem gaf mörgum góðar tekjur, enda kom það líka fram í því, að þá fóru aftur að aukast húsbyggingar víða á landinu, einmitt vegna þess að tekjurnar urðu allmiklar.

En það er ekki aðalatriði málsins að þræta um þetta, heldur hitt, að viðurkenna þann vanda, sem við er að glíma í þessum efnum. Hæstv. ráðh. viðurkennir, að hér er um mikinn vanda að ræða, hér þarf miklum mun meira fé til þessara útlána en hefur verið til staðar. Það þarf að auka þetta mjög verulega frá því, sem verið hefur, og þau frv., sem ríkisstj. hefur enn lagt hér fram á Alþ. til þess að bæta úr í þessum efnum, ná vitanlega harla skammt. En aðalatriðið er að gera sér grein fyrir þörfinni og snúa sér síðan að því að leita ráða til úrbóta, og vonandi eiga hér eftir að koma fram aðrar till. frá hæstv. ríkisstj., sem ná lengra en þessar, sem hér hafa verið ræddar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. félmrh., sem ég vildi víkja að. Hann viðurkenndi, að byggingarkostnaðurinn hefði vaxið svo, að hann væri orðinn mjög erfiður húsbyggjendum, en nefndi aftur á móti, að möguleikar mannsins til að taka á sig aukinn byggingarkostnað mundu hafa batnað, m. ö. o. að tekjuaukning þeirra frá því, sem áður var, kynni að geta mætt þessu, eða ég skildi hann svo. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að því miður getur tekjuaukning almennra launamanna ekki mætt þessu, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að dýrtíðin hefur hækkað allan annan kostnað hverrar fjölskyldu heldur en hús-

næðið svo mikið, að kauphækkanirnar, sem orðið hafa á síðustu 4 árum, duga ekki fyrir þeim hækkunum, þótt engin hækkun hefði orðið á húsnæðiskostnaði, og menn borga ekki með kauphækkuninni hvort tveggja, þegar hún dugir ekki fyrir hækkun á vörum og þjónustu. 1. marz 1960 stendur í Hagtíðindum, að þá kosti vörur og þjónusta fyrir visitölufjölskyldu um 48.8 þús. kr. yfir árið, en 1. marz 1964, 4 árum seinna, 87.1 þús. kr., aðeins vörur og þjónusta, en húsnæðið er ekki með. Þarna eru komnar um 38 þús. kr., sem mun vera u. þ. b. helmingi meira en laun almennra verkamanna hafa hækkað á sama tíma. Og hvernig eiga þeir þá að nota kauphækkunina til þess að borga hækkun húsnæðiskostnaðar þar að auki?

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, n. 595, 596).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. til l. um ávöxtun fjár tryggingafélaga og leggur einróma til, að það verði samþykkt með nokkrum minni háttar breytingum, sem prentaðar eru á þskj. 596 og hefur nú nýlega verið útbýtt meðal hv. þm.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. sjálft. Um það mun ekki hafa komið fram neinn efnislegur ágreiningur við 1. umr. Frv. er liður í fjáröflun til húsnæðisbygginga, og er talið, að það muni geta gefið, miðað við eitt ár, um 50 millj. til þeirra mála. Annað frv., um skyldusparnað, hefur nýlega verið hér til meðferðar, sem miðar einnig að því að afla fjár til byggingar íbúðarhúsa, og það mun á fyrsta ári geta gefið um 30 millj. kr. Hvort tveggja þetta er að vísu aðeins spor í þá átt að leysa úr fjármagnsþörfinni í sambandi við íbúðarhúsabyggingar, en ég hygg, að það sé ekki ágreiningur um, að heppilegt sé að fara báðar þessar leiðir, þótt allir viðurkenni hins vegar, að meira þurfi til að koma.

Það kom fram við 1. umr., að eftir atvikum hefur náðst gott samkomulag við tryggingafélögin um þetta mál, þó að þau telji, sem kannske er vonlegt, að það sé nokkuð þrengt að þeim með samþykkt frv. En ég tel, að óhætt sé að fullyrða, að ekki sé ætlunin að ganga svo langt í því efni, að það verði á nokkurn hátt til þess að hindra þá starfsemi tryggingafélaganna, sem er auðvitað fyrst og fremst þeirra verkefni, tryggingastarfsemina, og það verði ekki þrengt svo að þeim á þessu sviði, að þau hafi ekki nægilegt svigrúm til þess að borga tjónbætur og annað þess háttar, sem tilheyrir daglegum rekstri þeirra. Ákvarðanir þessa frv. ná fyrst og fremst til þess ráðstöfunarfjár, sem félögin hafa, þegar búið er að fullnægja venjulegum þörfum þeirra.

Brtt., sem n. flytur, eru allar samkv. ábendingum tryggingafélaganna, eða Sambands ísl. tryggingafélaga, og eftir að þær hafa náð fram að ganga, hygg ég, að tryggingafélögin sætti sig eftir atvikum betur við frv.

Fyrsta brtt. er við 1. gr. Hún er á þá leið, að við gr. bætist nýr liður, d-liður, þar sem talin er upp sú tryggingastarfsemi, sem undanskilin er ákvæðum frv., og að í d-lið verði bætt við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélögum.

Við 2. gr. er lagt til, að í 5. tölul. komi orðið „skrifstofur" í staðinn fyrir „aðalskrifstofur".

Í 4. gr. er lagt til, þar sem segir: „Enn fremur getur félmrh. ákveðið fyrir fram fyrir eitt ár í senn, að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti," að í staðinn fyrir „25%" komi „allt að 25%", enda er þarna um heimild að ræða.

Loks er lagt til við 5. gr., að í stað þess, að uppgjör skuli eiga sér stað ársfjórðungslega, komi „missirislega".

Þá held ég, að ég hafi minnzt á allar brtt., sem n. flytur við frv., en n. leggur til, að með þessum breytingum verði frv. samþykkt og því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 596,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 596,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 596,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 596,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 611).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 611 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ. með litlum breyt. frá því, sem frv. var, þegar það var lagt fram.

Meginefni frv. er að skylda líftryggingafélög til þess að leggja nokkuð af sínu ráðstöfunarfé í vaxtabréfakaup húsnæðismálastjórnar til þess að afla hinu almenna veðlánakerfi frekari tekna en það nú hefur.

Eins og hv. þdm. kannast við, var hér nýlega flutt frv. um hækkun skyldusparnaðar úr 6% upp í 15% fyrir unglinga frá 16 til 25 ára til þess að leggja í þennan húsnæðismálastjórnarsjóð, og hér er lagt til, að líftryggingafélög verði skylduð til þess að leggja fram 25% af sínu ráðstöfunarfé til þessara vaxtabréfakaupa.

Þá er enn fremur lagt til, að öðrum tryggingafélögum, þ. e. a. s. tjónatryggingafélögum, verði gert að skyldu, ef ráðh. ákveður svo, að kaupa fyrir sama hundraðshluta af sínu ráðstöfunarfé þessi bréf.

Það er gert ráð fyrir, að þetta muni gefa á ársgrundvelli í kringum 20 millj. kr., þannig að tekjuöflun til húsnæðismálastjórnar með hækkun skyldusparnaðarins og þessu frv. á að geta numið í allt um 50 millj. kr.

Ég geng þess að vísu ekki dulinn, að þetta muni ekki nægja til þess að fullnægja hinni gífurlega miklu eftirspurn, sem er eftir lánum hjá húsnæðismálastjórn, og ekki heldur og enn síður þörfinni til þess að hækka einstök lán, sem nú eru aðeins 150 þús. kr. Það hafa verið ýmsar fleiri leiðir til athugunar og eru enn. Það hefur t. d. verið rætt við stjórnir lífeyrissjóðanna ýmissa um það, að þeir legðu fram fé í þessu skyni, en það hefur ekki tekizt, vegna þess að við þá hefur ekkert samkomulag náðst enn sem komið er. En það hlýtur að þýða það, að meðlimir lífeyrissjóðanna, sem fá lán hjá þeim, verða látnir mæta afgangi í úthlutun lána húsnæðismálastjórnar, þannig að þeir, sem hafa ekki nein slík lán upp á að hlaupa, hafi nokkurs konar forgangsrétt til lánanna.

Önnur atriði eða aðrar leiðir eru einnig í athugun hjá ríkisstj., þótt það sé ekki komið svo langt, að hægt hafi verið að festa þær í frumvarpsformi. En það verður haldið áfram að vinna að því að auka enn það fé, sem húsnæðismálastjórn hefur til umráða á næstunni.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að þessari umræðu lokinni, en vildi mega fara þess á leit við n., að hún gæti tekið málið til afgreiðslu fljótlega, þar sem nú er væntanlega skammt til þingloka.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 611, n. 654).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 611, hefur heilbr.- og félmn. athugað, og n. mælir með því, að frv. verði samþ.

Frv. þetta er um ávöxtun fjár tryggingafélaga. Í 1. gr. frv. eru ákvæði um það, hvaða tryggingafélög eru undanþegin þessum lögum. Í 2. gr. frv. er kveðið á um það, hvernig skuli ávaxta fé tryggingasjóða líftrygginga. Og í 3. gr. eru ákvæði um það, hvernig skuli ávaxta fé tryggingafélaga, annað en fé tryggingasjóða líftrygginga. En meginefni þessa frv. er að finna í 4. gr., og þar er kveðið svo á, að árlega skuli verja 25% af ráðstöfunarfé tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á íbúðarlánabréfum húsnæðismálastofnunar ríkisins. Enn fremur getur félmrh. ákveðið fyrir fram fyrir eitt ár í senn, að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti.

Ástæðan til, að frv. þetta er borið fram, er sú, að það þykir rétt, að vátryggingafélögin leggi fram nokkurt fé til íbúðalána. Þegar almenna veðlánakerfið var stofnað árið 1955, var gert ráð fyrir því, að líftryggingafélögin legðu fram nokkurt fé árlega til kerfisins. Þetta var ekki lögbundið, og það var byggt á frjálsum samningum um þetta efni milli ríkisstj. og vátryggingafélaga. En það kom brátt í ljós, að það fé, sem almenna veðlánakerfið fékk til ráðstöfunar frá vátryggingafélögunum með þessum hætti, varð í reynd miklum mun minna en ráð var fyrir gert og vonir höfðu staðið til. Og þó var það svo, að fyrstu árin munaði nokkuð um þetta framlag vátryggingafélaganna, en það hefur farið minnkandi, eftir því sem á hefur liðið, og s. l. ár fékk almenna veðlánakerfið til ráðstöfunar aðeins 1 millj. og 860 kr. frá vátryggingafélögunum í formi kaupa á bankavaxtabréfum kerfisins. Á öllu tímabilinu, sem liðið er, frá því að almenna veðlánakerfið var stofnað fram til ársloka 1963, hefur kerfið fengið með þessum hætti aðeins 18 millj. 664 þús. kr. Til þess að ráða bót á þessu og fá til umráða meira af fé vátryggingafélaganna er frv. það, sem hér liggur fyrir, fram borið. Og það er gert ráð fyrir því, að skv. ákvæðum frv. megi reikna með því, að almenna veðlánakerfið fái fé frá vátryggingafélögunum sem svarar um 30 millj. kr. árlega með þessum hætti. Það kann að vera, að þessi upphæð geti lækkað eitthvað, vegna þess að vátryggingafélögin hafa yfirleitt bundið fé það, sem þau hafa lánað, í lánum til skemmri tíma en íbúðalánin eru og bankavaxtabréf almenna veðlánakerfisins. En samt sem áður er enginn vafi á því, að með samþykkt þessa frv. eru gerðar raunhæfar ráðstafanir til þess að auka ráðstöfunarfé húsnæðismálastofnunarinnar og almenna veðlánakerfisins verulega, og heilbr.- og félmn. mælir eindregið með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—9. gr. og ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 675).

---

38. Lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Á 5. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um lausn kjaradeilu verkfræðinga [36. mál] (stjfrv., A. 36).

Á 14. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 17. ágúst s. l. til lausnar á kjaradeilu verkfræðinga, sem hafði staðið frá 27. júní. Var þessi deila orðin mjög bagaleg, og verkfræðingar fengust ekki í þjónustu ríkisins, á meðan þeir höfðu vonir um að ná hagstæðari samningum en kjaradómur hafði ætlað þeim, en það töldu þeir sig hafa, á meðan þeir héldu uppi kröfunni um allt að 20 þús. kr. á mánuði, en kjaradómur gerði hins vegar aðeins ráð fyrir 14 440 kr. En svo sem greint er í forsendum brbl. um lausn kjaradeilunnar, hófst algert verkfall hjá verkfræðingum í þjónustu ríkisins 27. júní s. l.

Frá og með 1. júlí tók gildi hér nýtt launakerfi opinberra starfsmanna skv. lögum um kjaramál, l. nr. 55/1962. Samkvæmt því kerfi er almennum verkfræðingum ætlaður 22. launaflokkur, en í þeim flokki eru mánaðarlaun 14 440 kr. Voru kröfur Stéttarfélags verkfræðinga miklu hærri en þessu nemur, sem verkfræðingum er ætlað í 22. launaflokki, en það eru þau laun, sem margir opinberir starfsmenn hafa látið sér lynda, en hafa þó sambærilega þekkingu og verkfræðingar. Má þar t. d. nefna náttúrufræðinga og sérfræðinga hjá atvinnudeild háskólans, skógrækt, náttúrugripasafni, veðurstofu o. fl.

Hefði verkfræðingum tekizt að knýja fram sérsamninga, miklu hærri en kjaradómur ætlar þeim að hafa, þá hefði það verið ögrun við opinbera starfsmenn, sem sættu sig við það, sem þeim var úrskurðað skv. kjaradómi, og það hefði leitt til þess, ef Stéttarfélagi verkfræðinga hefði tekizt að kljúfa sig út úr, að launakerfið hefði hrunið og aðrir starfshópar hefðu komið á eftir og leikið sama leikinn.

Það liggur því í augum uppi, að það var nauðsynlegt að grípa hér inn í, ekki aðeins vegna þess, að verkfræðingarnir voru í verkfalli, heldur einnig vegna þess, að ef þeim hefði tekizt að knýja fram miklu betri og hagstæðari kjör en verkfræðingum eru ætluð með kjaradómi, þá hefði launakerfið hrunið. Það hefði haft þau áhrif, að ýmsir stéttahópar hefðu skorið sig úr og knúið fram enn hærri laun en þeir nú hafa, og þykir sumum, að í hærri launaflokkunum hafi kjaradómur skammtað allríflega, en út í það skal ekki farið að rökræða hér.

Úrskurður gerðardóms liggur nú fyrir, og er sýnt, að gerðardómur hefur haft það sjónarmið að samræma kjör verkfræðinga, sem vinna ekki hjá ríkinu, við það, sem þeim er ætlað skv. úrskurði kjaradóms. Talið er, að það sé nokkru betra að vera fastastarfsmaður hjá ríkinu en hjá einkafyrirtækjum, það sé meiri trygging. Sá, sem hefur einu sinni verið skipaður starfsmaður hjá ríkinu, er öruggur með að halda því starfi, ef hann brýtur ekki af sér, en maður, sem er hjá einkafyrirtæki, hefur aðeins vissan uppsagnarfrest. Auk þess hefur verið tekið tillit til þess, að lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er nú, ef svo mætti segja, vísitölutryggður samkvæmt lögum frá síðasta þingi, en þeir, sem starfa hjá einkafyrirtækjum, hafa ekki slíkan lífeyrissjóð.

Þess vegna hefur það þótt eðlilegt og rétt að ætla verkfræðingum, sem ekki vinna hjá ríkinu, nokkru hærri laun en verkfræðingum, sem eru hjá ríkinu, og er þetta frá 5.5% og allt upp í 11% hærri laun, sem verkfræðingum er ætlað hjá einkafyrirtækjum og bæjum, heldur en hjá ríkinu. Það eru t. d. byrjunarlaun hjá verkfræðingum skv. kjaradómi 12 300 kr., en verkfræðingum hjá Reykjavíkurborg og öðrum bæjar- og sveitarfélögum eru ætlaðar 12 980 kr. í byrjunarlaun. Þetta er 5.5% hærra. Eftir eitt ár hafa sömu verkfræðingar hjá ríkinu 12 980 kr., en 13 690 kr. hjá Reykjavíkurborg eða öðrum sveitarfélögum, eftir 3 ár skv. kjaradómi 13 690, en skv. gerðardómi 14 440, það er einnig 5.5% hærra, og eftir tíu ára þjónustu 14 440 skv. kjaradómi og skv. gerðardómi 15 240, 5.5% hærra.

Fastráðnir verkfræðingar, almennir verkfræðingar hjá einkafyrirtækjum, hafa allt upp í 11% hærra en almennir verkfræðingar hjá ríkinu, þar sem þar er búið við minna öryggi en hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta mál. Það liggur alveg ljóst fyrir. En það verður að segja það eins og er, að á meðan á verkfalli verkfræðinga stóð, var örðugt að halda uppi framkvæmdum hjá rík-

inu. Vegagerðin var að komast í vandræði, en það bjargaðist með því, að fjórir verkfræðingar réðu sig hjá vegagerðinni strax upp á þau kjör, sem kjaradómur býður, og seinna hafa verið ráðnir tveir verkfræðingar hjá vegagerðinni til viðbótar, þannig að vegagerðin hefur nægilegan mannskap til þess að vinna þau verk, sem fyrir liggja.

Síðan gerðardómur var upp kveðinn, hafa fjórir verkfræðingar tjáð sig fúsa til þess að ráða sig hjá landssímanum. Einn hefur tjáð sig fúsan til að ráða sig hjá raforkumálunum, en eins og ýmsir verkfræðingar hafa sagt, þá vildu þeir bíða eftir úrskurði gerðardómsins með að ráða sig. En síðan gerðardómur var upp kveðinn, hafa ýmsir verkfræðingar komið til viðtals við forstöðumenn ríkisstofnana og tjáð sig fúsa til að ráða sig hjá ríkinu upp á kjör kjaradómsins. Og síðan brbl. voru útgefin, er ekki um neitt verkfall að ræða hjá verkfræðingum, en þeir hafa ýmist unnið upp á væntanlegan gerðardóm eða eftir sömu reglum og giltu, áður en þeir fóru í verkfallið.

Þetta mál er nú þannig leyst sem betur fer. Það eru allir sammála um það, að verkfræðingum ber að borga vel fyrir þeirra störf. En þótt þeirra störf séu mikils virði, þá mega þeir vitanlega ekki nota þekkingu sína og sérstöðu til þess að sprengja allt launakerfið og skapa slíkt fordæmi, en það hefði orðið, ef ekki hefði verið gripið hér inn í, og það var þess vegna gert af illri nauðsyn. Og mér er kunnugt um það, að margir verkfræðingar voru þessari lausn fegnir, voru leiðir yfir því, að þetta verkfall hafði verið boðað, og voru því alls ekki samþykkir.

Ég vil leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. allshn.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi að deila um það, hver nauðsyn var á því, að þessi brbl. voru sett. Ég vil aðeins vísa til þeirrar fyrri skoðunar minnar, sem hefur komið fram hér í umr. á Alþingi, að ég áliti, að ríkisvaldið eigi ekki að hafa önnur afskipti af launadeilum en að vinna að samkomulagi milli deiluaðila, og í samræmi við það mun ég greiða atkv. um þessi brbl., þegar að því kemur. Það, sem mér finnst hins vegar rétt nú við 1. umr. málsins, er að vekja athygli á því, að ef Alþingi samþykkir þessi brbl., felst í því stefnuyfirlýsing og viljayfirlýsing af hálfu Alþingis þess efnis, að laun hjá einkafyrirtækjum skuli ákveðin með hliðsjón af launum hjá ríkinu á þann hátt, að laun einkafyrirtækja séu a. m. k. 11% hærri en hjá ríkinu, og vil ég nú færa þessum orðum minum stað.

Eins og fram kemur í 1. gr. brbl., er það tilgangur þeirra að ákveða kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum en ríkinu, og það skuli vera gert með gerðardómi. Sem sagt, þessi lög fjalla um það, hvernig ákveða eigi kjör verkfræðinga, sem vinna hjá einkafyrirtækjum, sem vinna hjá öðrum en ríkinu. Og í 2. gr. er svo sagt til um það, hvernig sá gerðardómur, sem um þetta á að fjalla, á að vinna að þessu máli, hvernig hann á að finna það út, hvert kaup verkfræðinga hjá einkafyrirtækjum eigi að vera, og um það segir svo í 2. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu samkv. launakerfi því, sem gildir frá 1. júlí 1963.“

Sem sagt, sú stefna, sem hér er sett fram hjá hæstv. ríkistj. um það, hvernig eigi að finna út laun verkfræðinga hjá einkafyrirtækjum, er, að sá gerðardómur, sem um þetta fjallar, á að hafa hliðsjón af þeim launum, sem slíkum starfsmönnum eru greidd hjá ríkinu. Það á sem sagt, þegar fundin eru út laun hjá verkfræðingum, sem vinna hjá einkafyrirtækjum, að miða við það, sem þessir starfsmenn fá hjá því opinbera, ríkinu og bæjarfélögum. Reglan, sem ríkisstj. byggir hér á, er, að launin hjá einkafyrirtækjum eigi að vera ákveðin með hliðsjón af því, sem ríkið borgar.

Eins og kunnugt er, var skipaður gerðardómur samkv. þessum brbl. Sá gerðardómur var útnefndur af hæstarétti, og vafalaust hafa verið valdir í hann mjög hæfir menn. Mér er því miður ekki kunnugt um, hverjir það eru, enda skiptir það ekki máli, en þeir hafa að sjálfsögðu farið eftir 2. gr. laganna og miðað úrskurð sinn við það, að laun verkfræðinga hjá einkafyrirtækjum væru ákveðin með hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna ríkisins samkv. úrskurði kjaradóms á s. l. sumri. Og samkv. því, sem hæstv. landbrh. upplýsti hér, þegar þetta mál var til umr. fyrir tveimur dögum, þá er úrskurður þessa gerðardóms í stuttu máli sá, að verkfræðingar hjá einkafyrirtækjum skuli hafa til jafnaðar um 11% hærri laun en verkfræðingar hjá ríkinu og sambærilegir starfsmenn hjá ríkinu. Þetta er samkv. því, sem hæstv. ráðh. upplýsti, byggt á því, að verkfræðingar, sem starfa hjá einkafyrirtækjum, búa ekki við eins mikið atvinnuöryggi og þeir, sem vinna hjá ríkinu, og þeir hafa að ýmsu leyti minni fríðindi. Þess vegna gat ég ekki heldur heyrt annað en hæstv. ráðh. tæki undir það, að þetta væri réttur úrskurður hjá gerðardómnum, að ákveða launin hjá einkafyrirtækjunum hvað verkfræðingana snertir 11% hærri en hjá ríkinu. Og með því að mæla með framgangi þessa frv. hér í þinginu, eftir að úrskurður þessa gerðardóms er kunnur, þá hlýtur að felast í því sú viljayfirlýsing og stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj., að hún telji ekki óeðlilegt, að laun hjá einkafyrirtækjum séu ákveðin 11% hærri en hjá

ríkinu. En það gefur að sjálfsögðu auga leið, að þegar búið er að skapa þá hefð, að verkfræðingar hjá einkafyrirtækjum hafi 11% hærri laun en sambærilegir starfsmenn hjá ríkinu, þá hlýtur slíkt einnig að gilda um aðra starfshópa. Þá er ekki nema eðlilegt, að slíkt gildi líka t. d. um skrifstofumenn, verzlunarmenn og annað fólk, sem vinnur hjá bæði einkafyrirtækjum og ríkinu. Ég verð því að líta svo á, að það, að hæstv. ríkisstj. mælir með framgangi þessa frv., eftir að þessi gerðardómur er kunnur, þá telji hún það eðlilegt og það sé hennar stefna, að þegar um sambærilega starfshópa sé að ræða, eigi einkafyrirtækin að greiða um 11% hærri laun en ríkið greiðir.

Mér finnst rétt að rifja þetta upp, vegna þess að fyrr á þessu þingi hafa verið nokkrar deilur um kaupkröfur og kröfur um kjarabætur, sem vissir starfshópar hafa gert, eins og verkamenn, verzlunarmenn og iðnaðarmenn. Þessir starfshópar hafa farið fram á kjarabætur, bæði með hliðsjón af hinni auknu dýrtíð í landinu og eins með tilliti til þess, að þeir telja eðlilegt, að þeir séu ekki lakar launaðir en ríkisstarfsmenn eru samkv. úrskurði kjaradóms á s. l. sumri. Og það furðulega hefur skeð í þessum umr., að þessum óskum verkamanna og verzlunarmanna og annarra hliðstæðra stétta, sem hafa ekki gengið lengra en það að óska eftir sambærilegum kjörum og ríkisstarfsmenn, hefur verið mjög illa tekið, og það hefur verið talið sjálfsagt að neita þeim. En mér virðist, að eftir að hæstv. ríkisstj. mælir með samþykkt þessa frv., sem felur það raunverulega í sér, að laun þeirra starfsmanna, sem það fjallar um, skuli vera 11% hærri hjá einkafyrirtækjum en ríkinu, þar með séu niður fallnar þær mótbárur, sem hún hefur áður haldið uppi um það, að ósanngjarnt væri af verkamönnum og verzlunarmönnum að krefjast hliðstæðra launa og ríkið borgar sínum starfsmönnum.

Ég skal ekki leggja dóm á það, tel mig ekki hafa kunnugleika til þess, hvort þessi munur, sem gerðardómurinn ákveður á launum verkfræðinga hjá einkafyrirtækjum og ríkinu, sé réttur. En mér finnst hins vegar ástæða til að fagna því, að það virðist koma hér fram hjá hæstv. ríkisstj. talsvert önnur afstaða en áður, þar sem hún t. d. í sambandi við kaupbindingarlögin vildi enga úrlausn veita þeim stéttum, sem eftir eru að fá hliðstæðar launabætur og opinberir starfsmenn, að í þessu máli leggur hún hins vegar til og virðist telja eðlilegt, að það sé 11% launamunur hjá starfsmönnum í þjónustu einkafyrirtækja og ríkisins. Ég vil vænta þess, að þessi breytta afstaða hæstv. ríkisstj. verði til þess að greiða fyrir lausn þeirra mála og hún sé þar með vikin frá hinni fjarstæðu stefnu sinni að neita t. d. verkamönnum og verzlunarmönnum og iðnaðarmönnum og öðrum slíkum starfshópum um svipaðar launabætur og opinberir starfsmenn hafa þegar fengið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umr., er það frv., sem hér liggur fyrir, flutt til staðfestingar á brbl., sem hæstv. ríkisstj. gaf út í ágústmánuði s. l. Með þessum brbl. greip hæstv. ríkisstj. inn í samningaumr., sem þá stóðu yfir á milli verkfræðinga og ýmissa atvinnurekenda þeirra. Og ég hygg, að þessi lög hafi einmitt verið sett um það leyti, sem segja mátti, að nokkurn veginn væri vist, að samningar væru að takast og sú deila, sem þá var, væri þá að leysast, enda er það kannske í fullu samræmi við það, sem fram kemur í röksemdum hæstv. ríkisstj. fyrir þessu frv., að það hafi verið nauðsynlegt að setja lögin til þess að koma í veg fyrir það, eins og hæstv. landbrh. sagði hér, þegar hann talaði fyrir frv., til þess að koma í veg fyrir það, að samið yrði á þann hátt um launakjör verkfræðinga, að það leiddi til hruns á því launakerfi, sem þá hafði verið komið upp með kjaradómi varðandi launakjör opinberra starfsmanna. Hæstv. ráðh. lagði á það allmikla áherzlu, að hefðu verkfræðingar komið fram kröfum sínum, hefði launakerfi ríkisins hrunið með því.

Ég vil taka það fram hér strax, að við Alþb.-menn erum algerlega mótfallnir þessu frv., sem hér liggur fyrir, og þeim brbl., sem ríkisstj. setti um þetta mál í ágústmánuði s. l. Við teljum, að það sé röng stefna, að ríkisstj. sé að blanda sér á þennan hátt í samninga um launakjör hinna ýmsu starfsstétta í landinu. Hið eðlilega sé, að samningafrelsið sé virt og viðkomandi stéttarfélög fái tækifæri til að semja við atvinnurekendur sína á jafnréttisgrundvelli um launakjörin. Mér dettur ekki í hug að halda, að verkfræðingar í landinu geti ekki alveg á sama hátt og aðrir átt samninga við atvinnurekendur um launakjör sín og á hliðstæðum grundvelli, að þeim sé ekki á sama hátt trúandi fyrir því að fara með samningsréttinn og svo þá þeim atvinnurekendum, sem eiga við þá að semja, en ríkisvaldið þurfi ekki að grípa þar inn í og ætla að verða leiðsögn fyrir annan hvorn aðilann, enda vita menn, að niðurstaðan hefur í rauninni orðið allt önnur en hæstv. ríkisstj. hafði ætlazt til. Niðurstaðan hefur orðið sú, að þessi afskipti ríkisvaldsins hafa leitt af sér mjög kostnaðarsamar truflanir varðandi öll verkfræðistörf í landinu og beinlínis orðið til tjóns í ýmsum tilfellum án efa. Þetta hefur t. d. leitt til þess í sumum tilfellum, að verk hafa stöðvazt, það hefur ekki verið hægt að vinna að þeim. Í öðrum tilfellum hefur þetta svo komið þannig út, að atvinnurekendur hafa gert sérsamkomulag í hverju einstöku tilfelli við verkfræðingana, sem eftir sem áður hafa þá unnið, og greitt allt annað en það, sem ríkisstj. vill láta standa á einhverjum opinberum pappírum.

Félög verkfræðinga, bæði Stéttarfélag verkfræðinga og Verkfræðingafélag Íslands, mótmæltu strax setningu brbl. og töldu þar gengið á sinn samningsrétt. Og ég held, að reynslan, sem orðið hefur einmitt í þeim tveimur til-

fellum, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur gripið inn í með setningu brbl. varðandi kjör verkfræðinga, — ég held, að reynslan hafi einmitt orðið sú, að það hefði átt að sýna ríkisstj., að slík afskipti sem þessi eru mjög óheppileg og óeðlileg í hæsta máta. Sú röksemd, að samningar, sem verkfræðingar hefðu gert við sína atvinnurekendur um launakjör þeirra, hefðu leitt til þess að sprengja launakerfið í landinu, eins og hæstv. ráðh. sagði, — ég get ekki séð á nokkurn hátt, að nokkur rök séu fyrir því. Það hefur ekki sprengt launakerfið, þó að þessir sömu verkfræðingar, eins og ég segi, hafi náð samkomulagi við fjöldamarga atvinnurekendur um kröfur sínar í framkvæmd, eða a. m. k. virðist hæstv. ríkisstj. telja, að þetta almenna launakerfi sé ekki hrunið enn.

Það eðlilega er, að stéttarfélög, eins og í þessu tilfelli Stéttarfélag verkfræðinga, hafi sitt fulla samningsfrelsi, geti gengið til samninga við vinnuveitendur á jafnréttisgrundvelli, og þá efast ég ekkert um það, að báðir aðilar finna sinn samkomulagsgrundvöll, áður en langir tímar líða, því að ég ætla, að þeim sé sams konar vandi á höndum og öðrum þeim, sem verða að semja í alveg hliðstæðum tilfellum, og reynslan hefur sýnt, að sé samningafrelsið virt, leiðir það til samninga eftir eðlilegan tíma. En einmitt þessi afskipti ríkisins geta truflað eðlilega samningagerð. Þegar aðilarnir eru farnir að hafa á vitundinni, að von sé á því, að ríkisvaldið grípi inn í, þá getur það truflað eðlilegan samkomulagsvilja aðila. Og á því er auðvitað enginn vafi, að þannig voru málin komin hjá verkfræðingum, að þar áttu menn von á því, eins og í hinu fyrra tilfellinu, að ríkisvaldið færi að grípa inn í, sem það líka gerði.

Afstaða okkar Alþb.-manna er því í stuttu máli þessi, að við teljum, að það hafi verið rangt af ríkisvaldinu að grípa inn í þessi samningamál á milli verkfræðinga og þeirra atvinnurekenda, og við álítum, að bæði þessi og fyrri bein afskipti ríkisstj. af samningum verkfræðinga hafi verið mjög truflandi og haft skaðvænleg áhrif. Við teljum, að það beri að virða samningafrelsið jafnt hjá verkfræðingum sem öðrum vinnustéttum í landinu og hið eðlilega sé, að stéttarfélögin og atvinnurekendur geti komizt að samkomulagi um þau launakjör, sem eiga að gilda á markaðinum á hverjum tíma. Það er svo engum til góðs að reyna að þvinga fram einhverja gervisamninga á pappírnum, halda því fram með lagasetningu, að kjörin skuli vera eins og þar er skráð, en reynslan á markaðinum sýnir svo allt annað. Það er engum til góðs, síður en svo. En til þess hafa þessi afskipti ríkisins m. a. leitt. Við Alþb.-menn munum því greiða atkv. á móti þessu frumvarpi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. 5. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Austf., þótt þeir mæli gegn þessu frv., þá er það auðheyrt, að í hjarta sínu telja þeir frv. gott og nauðsynlegt, og ekki hægt að lesa annað úr úr þessum veiku ræðum, sem þeir hafa flutt hér, því að ég býst við, að hv. þm. og aðrir, sem á þá hafa hlustað, hafi til þess fundið, að þeir hefðu ekki sannfæringu fyrir því, að það væri rétt að mæla gegn þessu. Og þau rök, sem fundin voru, eru harla veigalítil.

Hv. 5. þm. Reykv. talar um, að þetta frv. sé stefnuyfirlýsing, einhver ný stefna mörkuð í þessu frv., af því að í 2. gr. frv. segi, að gerðardómur skuli hafa hliðsjón um kjör verkfræðinga, sem vinna hjá öðrum en ríkinu, af nýgerðum kjaradómi. Hverjum dettur í hug, að það væri unnt að sætta þessi mál með því, að gerðardómur kvæði upp þann úrskurð, að verkfræðingar, sem vinna annars staðar en hjá ríkinu, fái mun lægri laun en gerist hjá ríkinu. Þá væri vissulega verið að marka nýja stefnu, því að sú hefur reynslan verið, og það er orðin gömul hefð, að verkfræðingar hafa áður haft miklu meira en 5—11% hærri laun, þeir, sem hafa ekki unnið hjá ríkinu. Það er sú hefð, sem hefur verið, og þetta frv. og gerðardómurinn, sem nú er nýlega fallinn, hafa að því leyti tekið upp nýja stefnu að úrskurða, að verkfræðingar, sem vinna ekki hjá ríkinu, hafi tiltölulega lægri laun en áður, miðað við það, sem verkfræðingar hafa hjá ríkinu, þannig að samkv. úrskurði gerðardómsins er munurinn miklu minni en hann hefur áður verið. Þetta veit ég, að hv. 5. þm. Reykv. sér, ef hann vill kynna sér málið. Að því leyti er ný stefna með kjaradómnum og frv., að það er verið að gera muninn minni hjá þeim, sem vinna ekki hjá ríkinu, heldur en áður var, því að áður fengu þeir miklu hærri laun, enda kom það fram í samningatilraununum, að verkfræðingar, sem vinna ekki hjá ríkinu, töldu eðlilegt, að þeir fengju um 20 þús. kr. á mánuði, þegar verkfræðingar samkv. kjaradómi, sem vinna hjá ríkinu, áttu að fá 14 440 kr. Og ég segi það, að þegar jafnvanur ræðumaður og stundum rökvís, eins og hv. 5. þm. Reykv. er, kemur og mælir á þann hátt, sem hann áðan gerði, gegn þessu frv., þá hlýtur það að vera af því, að hann hefur verið skikkaður af sínum þingflokki til þess að mæla gegn þessu máli, en ekki af því, að hann hafi haft sannfæringu fyrir því, að það væri rétt að gera það. En það er með þetta mál eins og annað, að stjórnarandstaðan virðist sjá ástæðu til þess að vera gegn því, eins og flestu öðru, sem ríkisstj. flytur, og það má undrunarefni kallast, að stjórnarandstaðan skuli telja, að það hafi verið að þarflausu gert að grípa inn í, þegar verkfræðingar höfðu verið búnir að vera í algeru verkfalli um tveggja mánaða skeið, ekki var hægt að fá verkfræðilega þjónustu, sem nauðsynlegt var, og alveg var slitnað upp úr samningum.

Þessi löggjöf eða þetta frv. truflaði ekki samningana. Það var ekki gripið inn í, fyrr en það var slitnað upp úr. Það bar svo mikið á milli verkfræðinganna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, að það var alveg

vonlaust að brúa það bil með frjálsum samningum. Annars vegar voru kröfur verkfræðinganna um 20 þús. kr. á mánuði. Hins vegar var kjaradómurinn og vilji atvinnurekenda að greiða eitthvað lítilsháttar hærra en kjaradómurinn hafði úrskurðað, t. d. 5—10%. Þetta bil var þess vegna ekki hægt að brúa. Og þessi lög eru ekki sett vegna þess, að ríkisstj. telji ekki sjálfsagt, að það ríki samningsfrelsi í landinu. Það vitanlega á að ríkja, og það á að reyna það hverju sinni til þrautar. En þegar alþjóðarheill krefst og samningsfrelsi dugir ekki, þá er auðvitað ekki um annað að gera en að grípa inn í. Og eins og ég sagði í framræðunni hér, þá er það og víst, að ef gengið hefði verið að kröfum verkfræðinganna, hefði launakerfið hrunið með öllu. En eins og málin stóðu, var það reyndar vonlaust, verkfallið hefði staðið áfram, ríkið hefði ekki fengið verkfræðilega þjónustu, engir verkfræðingar fengizt til að ráða hjá ríkinu, og hin nauðsynlegu verk, sem á döfinni voru, hefðu þess vegna strandað. — Þess vegna er það, að það getur ekki verið af sannfæringu mælt hjá þessum hv. þm., að ríkisstj. hafi að nauðsynjalausu gripið inn í. Það var gert af ríkri nauðsyn, þrátt fyrir það að ríkisstj. vilji hafa samningsfrelsi. Og þegar hv. 5. þm. Reykv. talar um, að hér sé um nýja stefnu að ræða, þá er það rétt að því leyti, að munurinn hjá þeim verkfræðingum, sem vinna hjá ríkinu, og hinum, sem vinna ekki hjá ríkinu, er samkv. þessum úrskurði mun minni en áður. Og þegar við tölum um kjaradóminn, hefur ekki verið fundið að því, að verkamenn, sem vinna hjá ríkinu, hafi fengið svo mikla hækkun samkv. kjaradómi. Þeir hafa ekki fengið meiri hækkun en svo, að þeir eru nú á svipuðum launum — og kannske tæplega það — og þeir, sem vinna hjá einkafyrirtækjum.

Hv. 5. þm. Austf. vildi reyna að mæla gegn frv., tala um samningsfrelsi, tala um það, að ríkisstj. hefði truflað verkfræðistörfin, bæði með útgáfu þessara laga og hinna fyrri. Ég vil minna hv. 5. þm. Austf. á það, að þegar fyrri lögin voru gefin út, varð það til þess að hindra, að sú gjaldskrá, sem verkfræðingafélagið hafði gefið út og var í sumum tilfellum þannig, að verkfræðistörfin hefðu hækkað um 320%, ef eftir henni hefði verið farið, að þau lög voru gefin út til að hindra þessa nýju gjaldskrá, sem hefði verkað í mörgum tilfellum eins og verkfall, vegna þess að hvorki ríkið né aðrir, sem á verkfræðiþjónustu hefðu þurft að halda, gátu keypt verkfræðistörfin með 320% hækkun. Og það er enginn vafi á því, að vegna útgáfu þeirra laga og eins vegna þessara hefur því verið bjargað við, að verkfræðingar hafa unnið — ég vil segja með eðlilegum hætti — að hinum ýmsu og nauðsynlegu verkum. Það hefur á ýmsan hátt breytzt þannig, að verkfræðingar hafa tekið í ákvæðisvinnu ýmiss konar störf. Þannig var það t. d. hjá Vegagerð ríkisins, meðan ekki voru verkfræðingar þar, þá voru verkin boðin út, og brúarteikningar og önnur verk, sem vegagerðin þurfti að láta vinna, voru boðin út og vegagerðin fékk ágætis kjör, einmitt vegna þess, að nýja gjaldskráin var ekki látin ganga í gildi. Ef hún hefði gengið í gildi, hefðu verkfræðingar orðið að fara eftir henni. Og það er ekki aðeins vegagerðin, sem þetta á við, þetta á við allar opinberar stofnanir, og þetta á einnig við einkafyrirtæki, sem hafa þurft á verkfræðiþjónustu að halda.

Svo kemur hv. 5. þm. Austf. og segir, að afskipti ríkisstj. af þessum málum hafi verið til þess að hindra eðlileg verkfræðistörf. Hvað hefði gerzt, ef ríkisstj. hefði látið þetta afskiptalaust? Ef ríkisstj. hefði látið deiluna afskiptalausa í fyrra sinnið og látið nýju gjaldskrána koma í gildi, þá væri hún í gildi í dag, verkfræðingar ynnu eftir hinni nýju gjaldskrá, enginn verkfræðingur fengist til þess að ráða sig hjá ríkinu fyrir mánaðarkaup og verkfræðiþjónustan væri margfalt dýrari en hún er núna. Og ég geri ekki ráð fyrir, ef nýja gjaldskráin hefði gengið í gildi, að það hefði orðið nokkurt verkfall á s. l. vori. Þá hefðu vitanlega verkfræðingar ekki þurft að vera að fara í neitt verkfall, þeir hefðu bara unnið eftir nýju gjaldskránni, að svo miklu leyti sem verkefni fékkst fyrir þá. En allt hefði þetta orðið dýrara og erfiðara.

Ég verð að segja það, að þeir, sem eru í öðru orðinu að tala um, að framkvæmdir séu dýrar, t. d. húsbyggingar og annað þess konar, ættu ekki að harma það, þó að verkfræðingar hafi verið hindraðir í því að fara eftir hinni nýju gjaldskrá, sem þeir gáfu út. Það er ekki byggð svo íbúð, hvorki hér í bænum né annars staðar á landinu, að ekki þurfi járnateikningar og verkfræðiþjónustu þar við, og ég hef oft heyrt hv. 5. þm. Reykv. tala um það, að byggingarkostnaðurinn væri hár. Ekki væri það til að draga úr byggingarkostnaðinum að láta verkfræðinga leika alveg lausum hala í þessu efni.

Ég vil segja það, að ég kann vel að meta störf verkfræðinga og þau eru mikils virði og þau eru nauðsynleg. En af einhverjum ástæðum hefur Verkfræðingafélag Íslands núna um 2—3 ára skeið ætlað sér of mikið. Þeir hafa spennt bogann of hátt, og þess vegna hefur ríkisvaldið orðið að hafa afskipti af þeirra málum. Og ég ætla nú, að með þessum lögum, sem hér er um að ræða, sé þessi hnútur leystur, að verkfræðingarnir muni vel við una eftir atvikum, enda þótt gerðardómurinn úrskurði þeim miklu lægri laun en þeir vildu hafa og gerðu kröfu um, meðan leitazt var við að semja á frjálsum grundvelli. Og ég veit, að hv. 5. þm. Reykv. rekur sig á það, að sú stefna, sem felst í gerðardómnum, gengur alveg í öfuga átt við það, sem hann vildi halda fram áðan. Það má segja á vissan máta, að það sé stefna að því leyti, að launamunurinn hjá þeim, sem vinna hjá ríkinu og hjá einkafyrirtækjum, er miklu minni en hann var. En að svo miklu leyti sem það er ný stefna, þá gengur hún algerlega í öfuga átt við það, sem hv. 5. þm. Reykv. vildi segja, og undrast ég

það, hvernig á því stendur, að hann skyldi bera á borð slíka rökvillu sem hann viðhafði hér áðan.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist, að hæstv. ráðh. hafi illa fylgzt með því, sem gerzt hefur í þessum málum, ef hann heldur, að hans ráðstafanir með brbl., bæði þeim fyrri og þeim síðari, hafi leitt til þess að draga úr byggingarkostnaði, draga úr kostnaði af verkfræðistörfum. Það er þvert á móti. Ef það er nokkuð, þá hefur það beinlínis leitt til hækkunar, um það er hægt að færa fram fjölmörg dæmi til sönnunar. Nei, hið sanna er það, að þessi afskipti ríkisins hafa leitt til þess, að það hefur komið upp mesta vandræðaástand í landinu varðandi verkfræðilega vinnu, og það ástand er enn þá þannig, t. d. hjá ríkinu, vegna allra þessara árekstra, að þær stofnanir, sem einna mest þurfa á verkfræðingum að halda við störf, hafa sárafáa verkfræðinga. Verkfræðingarnir hafa vegna deilnanna við ríkið horfið þar úr sinni fyrri þjónustu og tekið upp sín verk með allt öðrum hætti og á þann hátt, sem tvímælalaust er dýrara en ef það hefði verið farið eftir samningaleiðum.

Ég vil t. d. spyrja hæstv. ráðh. um það, hvað séu margir verkfræðingar starfandi nú hjá Vita- og hafnarmálaskrifstofunni. Hitt er mér kunnugt um, að þeir menn, sem þar voru starfandi, hafa yfirleitt skrifað öllum hafnarnefndum í landinu og boðið upp á þjónustu sína eftir sínum sérstöku töxtum, sem þeir nú hafa sett upp, fyrir utan allar þessar reglur, sem hæstv. ráðh. er að setja.

Hæstv. ráðh. ræddi hér nokkuð um hin fyrri brbl. varðandi launakjör verkfræðinga, þegar tiltekinn kauptaxti, sem verkfræðingar höfðu auglýst, var bannaður og þeir voru skyldaðir til þess að verðleggja störf sín eftir reglugerð, sem þá var orðin margra ára gömul. Ég fyrir mitt leyti vil ekki halda því fram, að sú verðlagning á verkum verkfræðinga, sem þeir hafa lagt þar til grundvallar, sé rétt, ég er ekki nægilega kunnugur þeim málum og treysti mér ekki til að kveða þar upp neinn dóm. Hitt er það, sem ég álít að sé hið eðlilega, að við verkfræðingana sé samið af þeirra vinnuveitendum, og þá er ég alveg viss um, að báðir aðilar munu finna sér hið eðlilega meðalhóf í þessu. En hitt get ég mætavel skilið og hef rekið mig á í einstökum tilfellum, að gamla gjaldskráin, sem var raunverulega lögleidd með fyrri brbl. ríkisstj., var úrelt, það var ekki hægt að leggja hana lengur til grundvallar. Fyrri brbl. voru að þessu leyti eintóm vitleysa, og það var ekki hægt að fara eftir þeim, enda kom það bezt í ljós, þegar gerðardómurinn var kveðinn upp núna samkvæmt síðari lögunum, þá er einmitt um reglugerðina, sem hæstv. ráðh. var að berjast við að lögleiða, beinlínis yfir lýst, að það sé ekki hægt að vinna eftir henni lengur. Þá mátti fara að leggja til grundvallar það, sem hæstv. ráðh. hafði verið að banna áður, en hitt, sem hann hafði viljað lögbinda, það var viðurkennt af gerðardómnum, að það væri orðið svo úr sér gengið, að það væri ekki hægt að vinna eftir því.

Hæstv. ráðh. sagði, að nú ynnu verkfræðingarnir með eðlilegum hætti, nú t. d. væri hægt að fá þá til þess að taka að sér ýmsa ákvæðisvinnu. En einmitt þessi ummæli hæstv. ráðh. sýna, að afskipti ríkisvaldsins eru mjög ótímabundin og óeðlileg. Þau hafa leitt til þess, að verkfræðingarnir hafa ekki fengizt til að fastráða sig eftir þeim reglum, sem áður höfðu verið, eða í því formi, sem þeir hafa þó gert ráð fyrir, þegar þau vildu semja um sín launakjör. Nú sveigðu þeir inn á aðrar brautir og tóku að sér hin ýmsu verk í ákvæðisvinnu og komu þannig í gegn öllum sínum hæstu launakröfum og í sumum tilfellum enn þá hærri. Þetta var niðurstaðan.

Hæstv. landbrh. sagði, að þessi brbl., sem hér eru nú til staðfestingar, hefðu ekki verið sett, fyrr en slitnað hefði endanlega upp úr samningum á milli verkfræðinga og vinnuveitenda þeirra á s. l. sumri. Þetta er alveg rangt. Þeir aðilar, sem í þessum samningum stóðu, gáfu yfirlýsingu um það einmitt, að samningar hefðu þá verið að nást. Og það er enginn vafi á því, að samningar hefðu auðvitað tekizt á milli þessara aðila, eins og á milli annarra, kannske eftir nokkur átök og deilur, eins og stundum vill verða, en einmitt reynslan af því, að ríkisvaldið var að grípa inn í samningana, það hafði truflandi áhrif á það, að samningar tækjust á eðlilegum tíma.

Nei, niðurstaðan, sem við stöndum frammi fyrir nú vegna þessara afskipta ríkisvaldsins um launakjör verkfræðinga, hún er þessi: Verkfræðingarnir hafa mjög margir horfið úr fyrri störfum og gefa nú ekki kost á sér sem fastráðnum mönnum þar lengur. Þeir hafa hins vegar sett upp meira og meira af verkfræðiskrifstofum, sem taka að sér tiltekin verk með ákvæðisvinnufyrirkomulagi, og eftir þeirri aðferð ná þeir fram, eins og ég segi, öllum sínum ýtrustu kröfum í flestum tilfellum, en þetta hefur haft mjög truflandi áhrif á rekstur ýmissa stofnana í landinu og ýmsa verkfræðilega vinnu.

Ég er því alveg sannfærður um, að reynslan af þessum afskiptum ríkisvaldsins hefur orðið ill, og það er einmitt það, sem mér þótti eiginlega verst af því, sem ég heyrði hjá hæstv. ráðh., þegar hann síðast talaði um þetta mál, að hann flutti mál sitt þannig, að maður gat skilið hann svo, að hann héldi, að hann hefði verið að vinna hér eitthvert gagnlegt verk. Framhaldið af því gæti svo auðvitað orðið það, að hann héldi þessum upptekna hætti áfram. En það er enginn vafi á því, að hér hefur verið unnið illt verk, skaðlegt verk, og það hafa verið brotin hér þau grundvallarprinsip, sem á að virða um samningafrelsi á milli stéttarfélaga og vinnuveitenda. Það er sú regla, sem hefur gefizt bezt, bæði hér hjá

okkur og annars staðar, en bein afskipti ríkisvaldsins hafa leitt til vandræða í ýmsum efnum, og í þessum efnum hafa vandræðin komið mjög greinilega fram.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, mætti nú helzt halda, að hann hefði ekki verið á þingi seinustu vikurnar og ekkert komið nálægt þeim málum, sem hér hafa verið til umr., hann hafi komið einhvers staðar af fjöllum. Hvað er það, sem hefur verið mest rætt um hér í þinginu á undanförnum vikum og sérstaklega þó seinustu vikuna? Aðalmálið, sem hefur verið rætt um, er það, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram frv. um að binda allt kaupgjald í landinu í fastar skorður, og það vita allir, sem með þessum málum fylgdust, að þetta mál var fram komið vegna þess, að ýmsar stéttir, eins og verkamenn, verzlunarmenn, iðnaðarmenn o. fl., höfðu gert kröfur um kjarabætur og kauphækkun með hliðsjón af þeim hækkunum, sem opinberir starfsmenn höfðu fengið. Á þessar kröfur vildi hæstv. ríkisstj. ekki fallast, því að hún taldi þá, að það væri ósanngjarnt og ekki eðlilegt að miða kaupgjald þessara stétta með hliðsjón af því, sem opinberir starfsmenn fengju, og hefur haldið því fram, að það ætti ekki neitt samband að vera þar á milli. Með þessum rökum rökstyður hún kaupbindingarlögin ekki sízt.

Hér liggur það hins vegar fyrir í brbl., sem hæstv. ríkisstj. hefur sett, hún segir hvað þessa stétt snertir, sem þessi lög fjalla um, verkfræðingana, að þá eigi að ákveða kjör þeirra, sem vinna hjá einkafyrirtækjum, með hliðsjón af því, sem ríkið greiðir, eða algerlega andstætt því, sem hún hélt fram alla seinustu viku og notaði sem aðalröksemd fyrir kaupbindingarlögunum. En rökin fyrir kaupbindingarlögunum voru ekki sízt þessi, að þær kaupkröfur, sem voru bornar fram af verkamönnum og verzlunarmönnum, væru óeðlilegar og ósanngjarnar, vegna þess að það væri ekki eðlilegt, að það væri samband á milli þess, hvað ríkið borgaði og hvað einkafyrirtækin borguðu, og þessir aðilar ættu ekki að miða sínar kröfur við þær kauphækkanir, sem opinberir starfsmenn hefðu fengið. Hér liggur hins vegar fyrir í brbl., sem eru til umr., að það eigi að miða laun viðkomandi aðila, sem vinna hjá einkafyrirtækjum, eða ákveða þau með hliðsjón af því, sem ríkið borgar sambærilegum starfsmönnum. Og þetta er vitanlega allt alveg nýtt og allt annað en það, sem fólst í kaupbindingarlögunum og stefnt var að með þeim.

En það er líka annað nýtt í þessu sambandi, sem er ekki síður athyglisvert, því að sá gerðardómur, sem hefur starfað samkvæmt þessum brbl., hefur fellt þann úrskurð, að þegar launakjör hjá því opinbera séu lögð til grundvallar fyrir því, hver eigi að vera launakjör hjá einkafyrirtækjum, í þessu tilfelli hvað snertir verkfræðingana, þá skuli launakjörin hjá einkafyrirtækjum vera 10% hærri, vegna þess að atvinnuöryggið sé þar minna og önnur fríðindi minni.

Ég minnist þess ekki, að það hafi áður verið felldur opinber dómur, sem kveður jafnskýrt á um það, að laun skuli vera hærri hjá einkafyrirtækjum heldur en hjá því opinbera. Þetta er líka alveg nýtt, og þetta hlýtur að hafa sín áhrif á þær kaupdeilur, sem nú er verið að vinna að lausn á. Það er ekki hægt að ætlast til þess, alls ekki hægt að ætlast til þess, að í þessum efnum gildi aðrar reglur, t. d. um verzlunarmenn og verkamenn og verkfræðinga, því að verkamenn og verzlunarmenn, sem vinna hjá einkafyrirtækjum, það skortir ekki síður á það, að þeir búi við nægilegt atvinnuöryggi, heldur en verkfræðingar, með tilliti til þess öryggis, sem menn hafa hjá ríkinu. Og þess vegna er það alveg óhjákvæmilegt, að þessi gerðardómur hafi veruleg áhrif á þær deilur, sem nú er unnið að lausn á. Og það skiptir engu máli í þessu sambandi, sem ég efast líka um að sé rétt hjá hæstv. landbrh., hver launakjör verkfræðinga kunna áður að hafa verið með einhverjum sérsamningum milli einstakra atvinnurekenda og einstakra verkfræðinga. Það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er, að það liggur hér fyrir opinber dómur um það, að launakjörin skuli vera hærri hjá einkafyrirtækjum en hjá ríkinu, vegna þess að þar sé ekki um eins mikið atvinnuöryggi og eins mikil fríðindi að ræða. Og með því að þetta er komið fram og hæstv. ríkisstj. leggur jafnmikla áherzlu á það eftir sem áður, að þessi lög nái fram að ganga, þá verður ekki öðruvísi litið á þetta mál en þannig, að það sé yfirlýsing af hennar hálfu, að þessi stefna sé rétt, að launakjör hjá einkafyrirtækjum eigi að vera yfirleitt heldur hærri en hjá ríkinu. Og það er náttúrlega allt annað en það, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að halda hér fram undanfarna daga og hélt fram með kaupbindingarfrv., því að þá var hún að berjast fyrir því, að launakjör hjá einkafyrirtækjum væru lægri og verri en hjá ríkinu. Þess vegna er hér um allt aðra stefnu að ræða. Og ég skal taka það skýrt fram, og ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki heldur misskilið það, að ég er ekki að ámæla hæstv. ríkisstj. fyrir þessa stefnubreytingu. Ég hef látið það koma mjög skýrt fram í umr. hér á Alþ., að ég teldi þá stefnu ranga, sem ríkisstj. hefur verið að berjast fyrir og barðist fyrir með kaupbindingarfrv., að launakjörin ættu að vera lægri hjá einkafyrirtækjum en hjá ríkinu. Ég álít, að þarna eigi að vera samræmi á milli, og það er svo matsatriði, hvort það á að miða við þessi 10%, sem umræddur gerðardómur hefur kveðið upp, ellegar munurinn eigi að vera einhver annar. En það liggur hins vegar fyrir frá þessum opinbera aðila, sem ríkisstj. leggur blessun sína yfir með því að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt, að það eigi að vera munur, sem er í því fólginn, að launin séu hærri hjá einkafyrirtækjunum en hjá ríkinu. Og það er þetta, sem er aðalatriði málsins.

En í tilefni af því, að hæstv. ráðh. var að

hrósa sér af því, að hann hefði áorkað einhverju sérstöku með þessari löggjöf eða brbl., þá vil ég taka undir það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég held, að þau hafi tvímælalaust heldur orðið til hins verra en betra hvað snertir sambúð þessara tveggja stétta, sem hér eiga hlut að máli, verkfræðinga og atvinnurekenda. *Og ég er mjög hræddur* um, að þau afskipti, — ég vil segja óþörfu afskipti, — sem ríkisstj. hefur haft af málum verkfræðinga, verði til þess að ýta undir þann flótta verkfræðinga úr landinu, sem hefur verið allt of mikill á undanförnum árum. Það er ekki nema eðlilegt, að verkfræðingar hvekkist við það, að hér skuli vera beitt þeim starfsháttum, sem ég held að hvergi annars staðar þekkist í veröldinni, a. m. k. ekki vestantjalds, að ríkisvaldið skuli alltaf vera að hafa afskipti af þessum málum.

Nú vitum við, að það er þegar of lítið af verkfræðingum í landinu, miðað við þá þörf, sem við höfum fyrir þá, og jafnframt, að þörfin fyrir verkfræðinga hlýtur mjög að vaxa á komandi árum, og yfirleitt er líka alls staðar unnið að því í öðrum löndum að fá sem flesta sérmenntaða menn í þessum greinum. Og það er kannske eitt hið nauðsynlegasta í sambandi við uppbyggingu landsins, að við greiðum sem mest fyrir því, að við eignumst sem flesta sérmenntaða menn, sem vilja starfa hér. En það er vitanlega ekki leiðin til þess, að við fáum þessa menn til að setjast hér að, þegar þeim eru boðin betri kjör annars staðar, þegar ríkið er alltaf að hafa óþörf og tilefnislaus afskipti af þessum málum. Þess vegna tek ég fullkomlega undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég álít, að afskipti ríkisvaldsins af þessum málum hafi verið til hins verra, og við eigum í þessum efnum að hafa nákvæmlega sama háttinn á og okkar nágrannaþjóðir og yfirleitt allar vestrænar þjóðir, að láta verkfræðinga og þeirra atvinnurekendur eigast eina við um þessi mál; en vera ekki að skipta okkur af því. Og í samræmi við það mun ég greiða atkvæði um þetta frv., þegar þar að kemur.

En þrátt fyrir þetta fannst mér rétt að vekja athygli á því, að mér finnst sú stefna að öðru leyti, sem kemur fram í þessu frv. af hálfu ríkisstj., vera betri en sú, sem fólst í kaupbindingarfrv., því að hér fellst ríkisstj. á það sjónarmið, að það eigi að ákveða laun hjá einkafyrirtækjum með hliðsjón af því, sem ríkið borgar, gagnstætt því, sem hún hélt fram í sambandi við kaupbindingarlögin, og hér virðist hún einnig taka undir þá stefnu, sem ég álít vera mjög til athugunar, að laun hjá einkafyrirtækjum eigi að vera hærri en hjá ríkinu. En það er í raun og veru eitt aðalatriðið í þessu frv., eða þessum brbl., ef það nær fram að ganga, að því er slegið föstu hvað verkfræðingana snertir, að hjá einkafyrirtækjunum skuli þeir hafa 10% hærri laun en hjá ríkinu, og slíkt ætti þá einnig að gilda um aðrar stéttir sambærilegar, eins og t. d. verkamenn, verzlunarmenn og iðnaðarmenn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. minntist á, að það liti út fyrir, að ég hafi ekki fylgzt með, hvað var verið að ræða um hér á þinginu undanfarna daga. Það er um launafrv. Ég hafði nú búizt við því, af því að hv. 5. þm. Reykv. tók þátt í umr. um þetta mál og talaði mikið, að hann *hefði gert sér grein fyrir því, hvað í* þessu frv. stóð. En það kom ekki fram í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, og ég vil minna hv. þm. á, að það frv. var ekki flutt til þess, að verkamenn hefðu lægri laun en hjá ríkinu, eins og hv. þm. sagði hér áðan, heldur til þess að finna leiðir til að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Og ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á, að hv. þm. varð fótaskortur í rökvísinni hér áðan, og það hefði ekki átt að ske, þótt hann hafi fundið skyldu sína til að taka undir með hv. 5. þm. Austf., það kom mér ekkert á óvart, og ekki öðrum hv. þm. En það getur stundum verið svo erfitt að þóknast því atriði, að menn renni á svellinu um leið, og það gerði hv. þm. hér áðan.

Ég veit, að hv. þm. hafa tekið eftir því ósamræmi, sem kom fram, þegar hv. þm. fullyrðir, að úrskurður gerðardóms verði til þess að flæma verkfræðinga úr landi. Hvers vegna ætti það að vera? Það hlyti að vera vegna þess, að hv. þm. finnst gerðardómurinn ekki skapa þeim nógu góð kjör. En finnst nú hv. þm. þetta vera í samræmi við það, sem sagt var hér áðan? Ég held ekki. Það er alveg í ósamræmi, vegna þess að áður var hv. þm. búinn að eyða löngum tíma í það, að úrskurður gerðardóms og sú stefna, sem kæmi fram í l., hlyti að leiða til þess, að það væri grundvöllur fyrir hækkuðum kröfum hjá öðrum stéttum. Það þarf ekki að orðlengja mikið um þetta. Þetta er skýrt, og þetta sjá allir, þegar menn velta því fyrir sér, og hv. 5. þm. Reykv. var algerlega í ósamræmi í niðurlagi ræðu sinnar við það, sem hann hafði eytt mestum tíma í að tala um fyrri hlutann. Sannleikurinn er sá, að gerðardómurinn, eins og ég áðan sagði, markar nýja stefnu að því leyti, að hann dregur úr launamismuninum, sem var hjá einkafyrirtækjum og ríkinu áður.

Það er, eins og kunnugt er, orðin hefð, hefur verið um langt skeið, að verkfræðingar hjá einkafyrirtækjum hafa fengið miklu hærri laun en verkfræðingar hjá ríkinu. Það hefur hins vegar ekki átt sér almennt stað með aðrar stéttir þjóðfélagsins, hvað sem kynni að verða.

Hv. 5. þm. Austf. og hv. 5. þm. Reykv. voru að sjálfsögðu sammála í afstöðu sinni gegn þessu frv., eins og oftast áður, þegar um mál er að ræða, sem ríkisstj. flytur, og nægja þá svör min til að svara þeim báðum. Fullyrðingar þeirra um það, að útgáfa þessara laga og hinna fyrri laga hafi orðið til þess að spilla fyrir hér og auka á dýrtíð, eru náttúrlega ekki þess virði að eyða orðum að þeim, vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir, að einmitt vegna þess að ríkisvaldið greip inn í, þegar málin voru að stranda, þá varð fært að fá verkfræðilega þjónustu fyrir sæmileg kjör,

sem ekki hefði verið mögulegt, ef ekki hefði verið gripið inn í þessi mál. Og það út af fyrir sig er ekkert við það að athuga, þótt verkfræðingar vinni að einhverju leyti í ákvæðisvinnu. Það, sem máli skiptir, er, hvernig þeir samningar eru, sem gerðir eru þar um, og það er hægt að leita sér upplýsinga um það, að í mörgum tilfellum má nefna dæmi, þar sem báðir hafa þénað, verkfræðingurinn og sá, sem keypti vinnuna. Og það fer vitanlega vel á því, þegar það getur þannig orðið.

Hv. 5. þm. Austf. sagði hér áðan, að verkfræðingar hafi horfið frá störfum frá ríkinu, eftir að þessi lög voru sett. Það er náttúrlega alveg öfugt. Verkfræðingar hafa ráðið sig hjá ríkinu, síðan þessi lög voru sett. Það eru t. d. 6 verkfræðingar nú þegar ráðnir hjá vegagerðinni. Það munu vera 2 eða 3 fastráðnir verkfræðingar hjá vitamálastjóra. Það er einn verkfræðingur, sem hefur nú þegar sótt um starf hjá raforkumálaskrifstofunni. Og það munu vera 4 verkfræðingar, sem eru í þann veginn að ráða sig hjá landssímanum. En ekkert af þessu hefði getað gerzt, ef engin afskipti hefðu orðið af þessum málum. Og það er enginn vafi á því, að það eru fleiri verkfræðingar, sem munu sækja um stöðu hjá ríkinu, eftir að gerðardómurinn er fallinn, því að ýmsir verkfræðingar vildu bíða eftir úrskurði hans.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Mér sýnist það alveg ljóst, þar sem hv. 5. þm. Reykv. var að tala hér áðan um nýja stefnu í þessum málum, að ef það er um nýja stefnu að ræða, þá er það alveg í öfuga átt við það, sem hann hefur viljað halda fram. Og ég er viss um, að hann er nú þegar orðinn sannfærður um, að það er rétt, sem ég held fram um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

17. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 21. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27:5 atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 325 og 331).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað og rætt á nokkrum fundum sínum frv. til l. um lausn kjaradeilu verkfræðinga. N. hefur borizt umsögn um frv. frá Stéttarfélagi verkfræðinga, og einnig hafa nm. rætt efni frv. við nokkra aðila, þ. á m. ráðuneytisstjórann í atvmrn. og samgmrn. og enn fremur við forustumenn Stéttarfélags verkfræðinga. Nm. hafa ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt með þeirri breyt., sem prentuð er í nál. á þskj. 325, en minni hl. n., hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Sunnl., leggur til, að frv. verði felld, og skilar sérstöku nál. um það.

Stéttarfélag verkfræðinga er samtök launþega í verkfræðingastétt, annarra en þeirra, sem fastráðnir eru í þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Gerðu samtök atvinnurekenda nokkrum sinnum kjarasamninga við félagið fyrir hönd meðlima þess á árunum 1954—1959, en frá 1. des. 1959 hafa engir kjarasamningar verið í gildi á milli þessara samtaka. Munu meðlimir stéttarfélagsins síðan hafa unnið eftir ráðningarskilmálum verkfræðinga frá 1961, þar til á s. l. vori, að þeir leituðu nýrra kjarasamninga við samtök atvinnurekenda. Varð ekki samkomulag milli þessara aðila um kaup og kjör, og hófst verkfall verkfræðinga, sem eru meðlimir í stéttarfélaginu og starfa hjá Reykjavíkurborg, 30. maí s. l., en sömu aðilum hjá ríkisstofnunum þann 27. júní s. l. Samningar tókust ekki milli deiluaðila fram eftir sumri, og þann 17. ágúst s. l. voru sett þau brbl. um lausn kjaradeilunnar, sem nú er leitað staðfestingar á, en samkv. þeim brbl. skyldi gerðardómur ákveða, hver skyldu vera kjör verkfræðinga, sem ekki eru fastráðnir hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum, og einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu og tímavinnu. Þá segir einnig í brbl., að gerðardómurinn skuli við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna í þjónustu ríkisins samkv. launakerfi því, sem gilt hefur frá 1. júlí 1963, þ. e. a. s. samkv. úrskurði kjaradóms.

Gerðardómurinn samkv. brbl. kvað upp dóm sinn 28. okt. s. l. Hljóðaði dómurinn um það, að meðlimir Stéttarfélags verkfræðinga skyldu yfirleitt fá um 11% hærri laun en þeir verkfræðingar, sem vinna sambærileg störf og fastráðnir eru hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum. Var því hér raunverulega með dómi gerðardómsins um að ræða mat á því, hvers virði væri traustari aðstaða og friðindi þeirra, sem fastráðnir eru hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum, fram yfir þá, sem starfa hjá öðrum aðilum eða eru ekki fastráðnir hjá ríki og sveitarfélögum.

Því er ekki að leyna, að meðlimir Stéttarfélags verkfræðinga eru ekki ánægðir með dóm gerðardóms og telja, að með setningu brbl. hafi samningsfrelsi þeirra um kaup og kjör raunverulega verið brotið á bak aftur. Einnig telja þeir, að það sé þvert ofan í anda laga um kjaradóm, að kaup þeirra og kjör séu ákveðin með hliðsjón af úrskurði kjaradóms um kaup og kjör stéttarbræðra þeirra í þjónustu ríkis og sveitarfélaga, heldur beri að miða kaup og kjör þeirra, sem kjaradómi hlíta, við þau kjör, sem stéttarfélagið hefur náð með frjálsum samningum. Hvað sem um þetta má segja almennt, er það staðreynd,

að aðrar stéttir launþega hafa þegar í framkvæmd rökstutt launahækkunarkröfur sínar með þeim launahækkunum, sem ákveðnar voru til handa starfsmönnum ríkisins með úrskurði kjaradóms á s. l. sumri, sbr. vinnudeilur þær, sem risu á s. l. hausti, og hafa því vissar stéttir launþega þegar miðað kaup sitt og kjör við úrskurð kjaradóms. Og víst er um það, að hefðu brbl. þessi ekki verið sett á s. l. sumri, hefðu meðlimir Stéttarfélags verkfræðinga knúið fram og mundu sennilega knýja fram, ef brbl. yrðu ekki staðfest, miklu hærri laun sér til handa en ákveðin voru með dómi gerðardóms samkv. brbl., en af því mundi að sjálfsögðu leiða, að stéttarbræður þeirra hjá ríki og sveitarfélögum mundu krefjast sambærilegra launa, þegar til endurskoðunar kæmi á úrskurði kjaradóms frá 1. júlí 1963, en sú endurskoðun á lögum samkvæmt að hefjast eftir næstu áramót. Aðrir starfshópar í sömu launaflokkum mundu svo væntanlega sigla í kjölfarið, og hljóta því allir að sjá, hvað af slíku kapphlaupi mundi leiða.

Að þessu athuguðu fellst meiri hl. allshn. á, að nauðsynlegt hafi verið, eins og á stóð, að setja þau brbl., sem hér eru til umr., og leggur til, að þau verði samþykkt með þeirri breytingu, sem lýst er í áliti meiri hl. n. um frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það var hinn 2. maí 1962, sem ríkisstj. gaf út brbl. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf. Þessi brbl. voru að sjálfsögðu lögð fyrir þingið í fyrra og lágu þar lengi fyrir, voru að lokum samþykkt, þegar langt var liðið á þingtímann. En svo gerðist það skömmu síðar eða hinn 17. ágúst 1963, að enn voru gefin út brbl., sem snertu verkfræðinga, og hétu þau brbl. um lausn kjaradeilu verkfræðinga. Þessi brbl. voru svo lögð fyrir það þing, er nú situr, snemma á þingtímanum og frv. hefur verið hjá allshn. þessarar d. til athugunar. Það er þannig orðið árlegt viðfangsefni Alþingis að fjalla um þessi verkfræðingalaun. Nú er það svo, að meiri hl. allshn., sem mælir með þessu frv., er þó ekki alls kostar ánægður með lögin og flytur till. um að umorða eina gr. þeirra og gera á efni hennar verulegar breytingar. Það er af okkur 2 nm. í allshn. að segja, að okkur geðjast ekki að þessum vinnubrögðum og höfum því lagt til í nál. á þskj. 331, að frv. verði fellt. Við, sem stöndum að því, erum ég og hv. 4. þm. Sunnl.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:13 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16:10 atkv.
Brtt. 325 (ný 4. gr.) samþ. með 20:2 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 17:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:12 atkv.

Á 64. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Nd., 9 marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 340).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 67. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um lausn kjaradeilu verkfræðinga var flutt í hv. Nd. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 17. ágúst s. l. Tilefni þess, að þessi lög voru gefin út, var það, að algert verkfall hafði staðið frá 27. júní s. l. og þar til lögin voru út gefin. Af þessu leiddi talsverð vandræði, eða réttara sagt mikil vandræði, því að meðan á verkfallinu stóð féll niður víða öll verkfræðileg vinna. Verkfræðingar, sem áður höfðu ekki fengið lausn frá störfum í hinum ýmsu stofnunum, vildu ekki ráða sig, á meðan á samningaumleitunum stóð, og verkfræðingafélagið gerði kröfu um að fá miklu hærra kaup og betri kjör en kjaradómur hafði úrskurðað. Af þessu leiddi, að brýna nauðsyn bar til að leysa þetta mál, til þess að verkfræðingar fengjust til starfa, bæði hjá ríkisstofnunum og hjá einkaaðilum, og lögin voru sett til þess að firra vandræðum í þessu efni.

Gert er ráð fyrir því í l., að hæstiréttur tilnefni 3 menn í gerðardóm til að ákveða kjör verkfræðinga. Gerðardómurinn var skipaður samkv. l. og vann eins og þar er gert ráð fyrir að lausn þessa máls og kvað upp úrskurð um kjör verkfræðinga, sem vinna annars staðar en hjá ríkinu, og hafði þá hliðsjón af því, hvers virði það er að vera opinber starfsmaður og njóta þeirra hlunninda, sem því fylgja, sem er meira atvinnuöryggi en hjá einkafyrirtækjum eða bæjarfélögum, og að lífeyrissjóður opinberra embættismanna er visitölutryggður, en ekki aðrir lífeyrissjóðir. Og með tilliti til þess úrskurðaði gerðardómurinn, að verkfræðingar, sem ekki vinna hjá ríkinu, hafi að jafnaði 5—11% hærra kaup en verkfræðingar, sem starfa hjá ríkinu.

Mér er kunnugt um, að fjöldi verkfræðinga gerir sig ánægðan með þennan úrskurð og verkfræðingar yfirleitt hafa sætt sig við hann með því að hefja störf og vinna samkvæmt þeim kjörum, sem gerðardómurinn gerir ráð fyrir. Og eftir að gerðardómur hafði gefið úrskurð í þessu máli, fengust margir verkfræð-

ingar í þjónustu ríkisstofnana, sem ekki hafði verið unnt að fá áður, utan aðeins 4 verkfræðinga, sem höfðu ráðið sig hjá vegagerðinni, áður en úrskurður gerðardóms féll. En eftir það hafa margir verkfræðingar ráðið sig hjá ríkisstofnunum, svo sem hjá vegagerðinni, raforkumálaskrifstofunni, landssímanum og víðar.

Lögin hafa þess vegna náð tilætluðum árangri. Með þeim hefur verið ákveðinn hæfilegur launamunur á milli verkfræðinga, sem vinna hjá ríkinu, og þeirra, sem vinna annars staðar, þannig að þau kjör, sem verkfræðingar nú búa við, verða ekki til þess að ýta undir kaupkröfur annars staðar. En eins og kunnugt er um lög um kjaradóm opinberra starfsmanna, er gert ráð fyrir því, að kjör opinberra starfsmanna verði endurskoðuð nú eftir rúmlega eitt ár, og ef verkfræðingum, sem vinna annars staðar en hjá ríkinu, hefði tekizt að spenna bogann hátt og ná samningum um miklu hærri og betri kjör en þeir verkfræðingar, sem vinna hjá ríkinu, leiðir það af sjálfu sér, að við endurskoðun samnings við opinbera starfsmenn eftir rúmlega ár hefði það víðtæk áhrif og ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Lögin voru sett af brýnni nauðsyn. Þau hafa náð tilgangi sínum. Þau hafa orðið til þess, að verkfræðingar, sem ekki vinna hjá ríkinu, hafa eðlileg og góð kjör, nokkru betri en þeir, sem eru fastir starfsmenn hjá ríkinu, en þó ekki meira en svo sem nemur þeim hlunnindum, sem því fylgja að vera ríkisstarfsmenn.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Það má geta þess, að í Nd. var gerð lítilsháttar breyting, sem, eins og það var orðað þar, mildar þetta svolítið frá því, sem áður var, en breytir ekki á neinn hátt meiningunni, en mér er kunnugt um, að verkfræðingar sætta sig betur við löggjöfina með því orðalagi, sem komið er inn í 4. gr., enda þótt meiningin breytist ekki neitt, sem heitið geti.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Enn er hæstv. samgmrh. á ferðinni hér í þessari hv. d. með brbl. um verkfræðinga. Þetta er að verða fastur erindrekstur hjá þessum hæstv. ráðh., að rölta á milli deilda árlega með slíkt plagg upp á vasann. Í fyrra kom hann með lög um hámarkslaun verkfræðinga, en í ár veifar hann lögum um afnám réttinda verkfræðinga til frjálsra samninga og um bann við verkföllum. Það er ekki óeðlilegt, að spurt sé: Hvað kemur næst?

Þessi brbl. voru, eins og hæstv. ráðh. tók fram, gefin út í ágúst 1963. Strax eftir birtingu brbl. bárust öflug mótmæli gegn þeim frá stjórnum verkfræðingasamtakanna. Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga benti á í sínum mótmælum, að hér sé um að ræða harkalegustu árás á verkfalls- og samningsrétt stéttarfélags, sem starfar samkv. gildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, og að þetta sé gert samtímis því, að samningaviðræður standi yfir og von sé á árangri af þeim. Stjórn Verkfræðingafélags Íslands lagði í sínum mótmælum einkum áherzlu á, að brbl. sýndu skilningsleysi ríkisvaldsins á þeirri staðreynd, að tæknilegar framfarir eru hverju þjóðfélagi nauðsynlegar, eigi að halda í horfinu.

Þannig birtist ánægja verkfræðinganna með setningu þessara brbl., en hæstv. samgmrh. talaði eitthvað um ánægju verkfræðinga með þessi lög.

Það er mjög áberandi, að hæstv. ríkisstj., sem nú hefur setið að völdum á fimmta ár, hefur frá upphafi átt í látlausum útistöðum við hina íslenzku verkfræðingastétt og að hún hefur á allan hátt reynt að þrengja kosti þessarar stéttar. Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. þyki þessi stétt harla óþörf í þjóðfélaginu og því betra væri sem verkfræðingar í landinu væru færri. Ég skal taka fram, að það eru fleiri í þessu landi en hæstv. ríkisstj., sem líta svipað á þetta mál. Enn eru allmargir með þjóðinni, sem lifa svo í gamla tímanum, að þeir telja, að brjóstvitið eitt geti dugað, þegar um verklegar framkvæmdir er að ræða, þar þurfi ekki neinn lærdómur til að koma. Þetta fólk lítur eðlilega á störf verkfræðinga og tæknifræðinga sem óþarfa. Og ef dæma má af verkum hæstv. ríkisstj., er hún sömu skoðunar. Nútíminn hins vegar telur brýna þörf á fjölgun verkfræðinga og aukinni menntun þeirra, og íslenzkir menn, sem þessa skoðun hafa, viðurkenna, að við erum í þessum efnum aftur úr öðrum þjóðum. T. d. eiga aðrar þjóðir Norðurlanda hlutfallslega mun fjölmennari verkfræðingastétt en við Íslendingar, og þó hyggja þær á að fjölga í stéttinni að mun á næstu árum. En eins og ég sagði áðan, hafa stjórnarvöldin íslenzku nú á fimmta ár lagt allt kapp á að skerða starfskjör og önnur kjör verkfræðinga hér á landi og fæla menn jafnframt frá því að búa sig undir slíkt starf.

Ég tel vera mikið vandamál, hvort þessi lög, sem nú er um að ræða hér, svo og lögin frá í fyrra um hámarksþóknun til verkfræðinganna, brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Hið sama gildir raunar um nokkur önnur brbl. þessarar hæstv. ríkisstj., og get ég nefnt þar sem dæmi brbl. frá 1961 um þjónustuskyldu lækna í Reykjavík við Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Ég held, að það sé engin fjarstæða að láta sér detta í hug, að hæstv. ríkisstj. hafi met í stjórnlagabrotum hér á landi. Kunnur maður í hópi eldri lögfræðinga sagði nýlega í blaðagrein, að Alþingi hafi á síðari árum iðulega samþykkt lög, sem fara að meira eða minna leyti í bága við stjórnarskrána. Ekki skal ég fullyrða um, hvort þessi aldni lögfræðingur telur lögin um verkfræðingana í þeim flokki, en mér finnst það ekki ótrúlegt, að hann hafi átt við þau brbl. ásamt öðrum lögum.

Með þessum brbl. — eða öllu heldur ólögum — eru verkfræðingar landsins sviptir réttindum til samninga um eigin kjör. Þeim er bann-

að að gera verkfall. Gerðardómur skal ákveða kjör þeirra verkfræðinga, sem starfa hjá einkaaðilum, og gildir þar einu, hvort um fastráðningu, tímavinnu eða ákvæðisvinnu er að ræða. Og það er ekki nóg með, að verkfræðingar séu sviptir þessum lýðræðislega rétti sínum um stundarsakir, heldur er það gert, að því er bezt verður séð af lögunum, um alla framtíð.

Í þessum l. birtist hugarþel núv. stjórnarvalda til launastétta landsins grímulaust. Réttur launþegans til að verðleggja vinnu sína skal að engu ger. Verkfallsrétturinn skal afnuminn og lífskjörin í framtíðinni ákvarðast að verulegu leyti af óviðkomandi aðilum, sem oft og einatt hafa mjög ónóga þekkingu til brunns að bera í þessum efnum. Þessi er þá stefnan í lífskjaramálum launafólks á Íslandi í dag. Og hún birtist í framkvæmd í þessum brbl., sem hér liggja fyrir. Nú að þessu sinni hittir hún þá verkfræðinga, sem vinna í þjónustu annarra. Hún getur komið til viðtækari framkvæmda síðar og mun áreiðanlega gera það, ef núv. ríkisstj. endist aldur til. Og þannig getur hún með tímanum komið til með að bitna á öllum launastéttum landsins. Þessi brbl. eru mjög harkaleg í garð einnar launastéttar, og það er slæmt. Hitt er þó miklu verra, að þau geta hæglega reynzt upphafið að almennu afnámi samningafrelsis og verkfallsréttar. Þau geta reynzt upphafið að einum allsherjargerðardómi um lífsafkomu hins vinnandi manns.

Hæstv. ríkisstj. sýnir hug sinn til verkfræðinga landsins með þessari lagasetningu, og hún sýnir skilning sinn á þörf þeirra. Hún sannar með l. áþreifanlega, hve gersneydd hún er því að kunna að meta þjóðhagslegt gildi verkfræðilegrar kunnáttu og nútímatækni. Þetta er ein af mörgum veikum hliðum hæstv. ríkisstj., og fyrir þetta ásamt öðru má þjóðin þola nú og í náinni framtíð. Í þessu lagafrv. er ekki að finna eitt einasta ákvæði um annað en það, sem kreppir kjör íslenzkra verkfræðinga og gerir þá óánægðari en ella með hlutskipti sitt í landinu. Afleiðingin er og hlýtur að verða sú, að þeir hæfustu í hópi verkfræðinga halda áfram að flýja land í sívaxandi mæli og leita sér arðvænlegri starfa erlendis. Það er engin tilviljun, að íslenzkir verkfræðingar hafa flykkzt úr landi síðari árin. Nokkra hugmynd um þá hreyfingu má fá af skýrslu, sem Hagstofa Íslands gaf út 1962 um brottflutning fólks frá Íslandi árin 1953—1960. Samkvæmt þeirri skýrslu fluttust af landi burt á þessum 8 árum 25 verkfræðingar, auk 9 tæknifræðinga og 5 náttúrufræðinga, og var brottflutningsástæðan hjá öllum þessum mönnum betri lífskjör erlendis. En það er eftirtakanlegt, að þessi flótti sérfræðinganna var ekki jafn öll árin, 1953—1960. Árið 1957 fór aðeins 1 verkfræðingur burt af nefndri ástæðu og 2 1958. Hins vegar voru það hvorki meira né minna en 9 verkfræðingar, sem flúðu land 1960, á fyrsta viðreisnarári hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. á fyrsta ári viðreisnarinnar flýr land rúmlega þriðjungur þeirra verkfræðinga, sem á þessu 8 ára tímabili fóru úr landi til þess að leita sér betri lífskjara. Því miður kann ég ekki að rekja söguna lengra, því að ég hef ekki séð skýrslur um þetta efni fyrir árin 1961—1963, en ég hygg, að þar muni talsverðan fróðleik að finna um þetta efni.

Hæstv. ríkisstj. getur ekki betur gert en hún gerir til þess að *fæla* verkfræðingana burt úr landinu og til þess að aftra ungum mönnum frá að leggja út í verkfræðinám. Ég sá það *nýlega* í blaðafregnum, að austurrískir verkfræðingar leituðu mjög úr landi, einkum til Vestur-Þýzkalands, þar sem þeim byðust betri kjör. Um þetta var rætt í Austurríki og menn þar áhyggjufullir. Það var á það bent í Austurríki og í Vestur-Þýzkalandi, að ástandið í Austurríki væri nú að þessu leyti að verða nokkuð svipað og í Grikklandi, í Portúgal og á Íslandi, og þótti sýnilega langt til jafnað. Af þessu má sjá, að hæstv. ríkisstj. hefur þó tekizt að gera Íslendinga heimsfræga að einu leyti, að því að fæla burt verkfróða menn úr landinu. Ég skal ekkert segja um, hvað því veldur, að verkfræðingafæð er í Grikklandi og í Portúgal, þar sem lýðræði er, eins og kunnugt er, mjög lítið. En á Íslandi er verkfræðingafæðin fyrst og fremst afleiðing þeirrar stefnu ríkisvaldsins að gera hlut allra launastétta sem minnstan.

Ég vil leggja áherzlu á það, áður en ég lýk máli mínu, að með þessu frv., sem liggur hér fyrir hv. d., er brotinn einn af megingrunnstólpum lýðræðis á Íslandi. Grundvallarréttindi frjálsra launþegasamtaka eru tröðkuð í þessum brbl. Þessu tilræði ríkisvaldsins ber að mótmæla harðlega, og skiptir þá ekki máli, hvaða stétt launþega nú á í hlut. Brbl. um þvingunarlausn kjaradeilu verkfræðinga frá í sumar eru til vansæmdar þeim, sem að þeim standa, og áreiðanlega í bráð og lengd til tjóns allri þjóðinni. Það er að setja blett á heiður Alþingis að *mínum dómi* og stuðla að staðfestingu slíkra brbl. Þess vegna ber að fella þetta frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hún var skrifuð, hún var á mörgum blöðum, hefur verið á þunnum pappír. En það hefði verið fyrirgefanlegt að halda slíka ræðu, ef hún hefði ekki verið hugsuð og samin fyrir fram, og ég er sannfærður um það, að þeir, sem hlýddu á hv. ræðumann, eru sammála um, að þar var ekki um annað að ræða en rakalaus stóryrði, sem eru sem betur fer orðin sjaldgæf hér í hv. þingi. Þm. venja sig æ meira á það að finna orðum sínum stað og finna einhver rök, láta einhver rök vera að baki fullyrðinganna. En þessi hv. þm. lét það alveg vera að þessu sinni, og það er því meira undrunarefni, að ræðan var fyrir fram samin.

Hv. þm. var að tala um, að það væri orðin föst venja að flytja frv. eða gefa út brbl. vegna kjaramála verkfræðinga. Og hvers

vegna hefur þetta verið gert fyrr en nú með þessu frv.? Hv. alþm. vita það. Það hefur verið gert af nauðsyn. Í fyrsta lagi vegna þess, að verkfræðingar hafa ætlað að taka sér rétt fram yfir aðra borgara þessa lands, hafa ætlað að skapa sér önnur og betri kjör en menn með sambærilega menntun hafa átt kost á að hafa. Og þessi brbl., sem hér er um að ræða, eru gefin út 17. ágúst, eftir að algert verkfall verkfræðinga hafði staðið frá 27. júní. Þau voru gefin út, eftir að komið var í algert öngþveiti með alla verkfræðilega þjónustu í landinu, og ef verkfallið hefði haldið áfram og ekki hefði verið unnt að fá verkfræðilega þjónustu, hefðu verklegar framkvæmdir á s. l. haust algerlega lagzt niður. Þetta lá alveg ljóst fyrir. Svo leyfir þessi hv. þm. sér áðan að segja, að þessi lög hafi verið gefin út, þegar út leit fyrir, að samningar næðust. Það var alls ekki gert fyrr en það þótti sýnt, að samningar næðust ekki. Sáttasemjari ríkisins hafði haldið marga fundi, og á síðasta fundinum, sem haldinn var, stóðu samningar ekkert nær en á þeim fyrsta, og það bar vissulega það mikið á milli, að það þótti sýnilegt, að það bil yrði ekki brúað með samningum. Þess vegna voru þessi lög gefin út, og allur almenningur í landinu fagnaði því, að verkfræðiþjónustan lagðist ekki niður, að það var hægt að halda áfram verklegum framkvæmdum s. l. sumar, það var hægt að halda áfram margs konar byggingum í landinu, það var hægt að halda áfram vegagerðum, það var hægt að halda áfram að ljúka við brúargerðir, það var hægt að halda áfram rafvæðingu landsins, það var hægt að halda áfram símalagningu og eðlilegri símaþjónustu.

En hv. þm., sem talaði hér áðan, fullyrðir, að það hafi verið algerlega óþarfi að vera að gefa út lög, sem tryggðu það, að það væri unnt að halda allri verklegri starfsemi áfram í landinu. Og hann þykist tala sem umboðsmaður verkamanna og alþýðunnar í landinu. Hvernig hefðu hagsmunir verkamanna og launþega verið tryggðir í landinu, ef allar verklegar framkvæmdir hefðu stöðvazt á s. l. sumri? Þessi hv. þm. hefur ekki umboð til þess að tala fyrir verkamenn eða láglaunafólk, enda hefur hann og hans flokkur ætíð sýnt, að það er ekki mögulegt að fá kjarabætur fyrir lægst launuðu mennina. Ef það er reynt, þá sjá þessir hv. menn, hv. þm., sem talaði hér áðan, og hans flokksbræður, venjulega um það, að þeir hæst launuðu fái nokkru meira. Þess vegna hafa þeir lægst launuðu aldrei getað fengið kjarabætur. En það er dálítið hlálegt, þegar hv. þm., sem talaði hér áðan, kemur hér í ræðustólinn með skrifaða ræðu, sem hann væntanlega hefur hugsað eitthvað um, um leið og hann var að skrifa hana niður, þykist tala hér í umboði þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, talar um verkfræðingastétt landsins, eins og hún sé í einhverju svelti. Hann telur, að ríkisstj. kunni ekki að meta verkfræðingana og sérmenntun þeirra. Það er vitanlega algerlega fráleitt að halda slíku fram. Þessi lög eru út gefin vegna þess, að ríkisstj. viðurkenndi, að við gátum ekki án verkfræðingaþjónustunnar verið. Og verkfræðingar í þessu landi eiga vissulega að vera vel launaðir. Þeir eiga að vera vel launaðir, en þeir geta ekki og mega ekki taka sér þann rétt, sem hinn almenni borgari í landinu hefur ekki: að skammta sér allt önnur og betri kjör en sambærilegar stéttir í þjóðfélaginu hafa. Og verkfræðingar, þótt við metum þá mikils, mega ekki haga sér þannig, að þeir setji allt launakerfi landsins úr skorðum, eins og hefði gerzt, ef þessi lög hefðu ekki verið sett. Og ég er sannfærður um það, að hv. ræðumaður, sem talaði hér áðan, sér þetta, ef hann gefur sér tíma til þess að hugsa málið til hlítar.

Fullyrðingar eins og þá, að ríkisstj. hafi met í stjórnlagabrotum, er náttúrlega ekki ástæða til þess að ræða að þessu sinni. Í fyrsta lagi er nú það, að hv. þm. hefur enga sérmenntun í lögum eða stjórnlagafræði. En hann vitnaði hér áðan í lögfræðing, ágætan lögfræðing, sem hann telur, að hafi fullyrt þetta. Og ég er sannfærður um, að hv. alþm. vildu gjarnan fá að vita, hvaða lögfræðingur þetta væri, t. d. hvort það væri Páll Magnússon. Það er vitað, að hann fullyrti, að það hefði verið framið stjórnlagabrot, þegar stóreignaskatturinn var settur á. Ekki ætla ég að dæma um það. Og ég ætla ekki heldur að segja neitt um lögfræðiþekkingu Páls Magnússonar. En vegna þess að hv. þm., sem talaði hér áðan, greiddi atkv. með stóreignaskattinum, þá væri fróðlegt að vita, hvort það væri þessi lögfræðingur eða hvort það fyndist nokkur annar en hann, sem staðhæfði þetta.

Hv. þm. sagði, að hugur ríkisstj. til launþeganna birtist í þessu frv. Það má segja það. Hugur ríkisstj. til launþeganna birtist á s. l. sumri með þessu frv., þar sem útgáfa þessara laga tryggði, að það var full atvinna allt sumarið og allt haustið og síðan. En ef lögin hefðu ekki verið gefin út, hefði orðið hér atvinnuleysi.

Svo talar hv. þm. um, að þetta frv. sé stefna ríkisstj. í lífskjaramálum þjóðarinnar. Það má vel vera, að hv. þm. vilji halda því fram, að verkfræðingarnir með sínum kröfum hafi verið að berjast fyrir sínum nauðsynlegu lífskjörum. Ég vil ekki halda því fram. Ég vil miklu heldur halda því fram, að verkfræðingar hafi viljað með sínum kröfum fá nokkru meira, eins og þeir eiga vissulega skilið, heldur en aðeins það brýnasta, sem þarf til þess að geta lifað. Og hv. þm. ætti að gera sér ljóst, að því aðeins getum við haldið uppi góðum lífskjörum í landinu, að launakerfið fari ekki allt úr skorðum og hér verði unnt hverju sinni að halda uppi eðlilegum og miklum framkvæmdum. Það verður ekki gert, ef einni stétt tekst að skera sig algerlega úr og taka miklu meira en aðrar stéttir, sem hafa hliðstæða eða svipaða aðstöðu.

Hv. þm. talaði mikið um það hér áðan, að verkfræðingar flyttu úr landi, að þeir hafi s. l. 8 ár flutt úr landi, en sizt árin 1957 og 1958. Það var nú kannske eðlilegt, að hv. þm. vildi reyna að einhverju leyti að afsaka vinstri stjórnina og koma því hér að, að hún hefði á einhvern hátt búið betur að verkfræðingum en áður eða á eftir. En þetta er vitanlega algert vindhögg, því að kjör verkfræðinga bötnuðu ekkert á þessum árum, og ég vefengi þessar tölur hv. þm. algerlega, og þó gæti slík tilviljun hafa átt sér stað, án þess að nokkur aðstöðubreyting hafi orðið í landinu á þessum árum. En einu vil ég algerlega mótmæla, sem hv. þm. sagði hér áðan, sem hreinni fjarstæðu. Ég skrifaði það upp, sem hv. þm. sagði. Hann sagði, að hæfustu verkfræðingarnir héldu áfram að fara úr landi. Ég segi nú: Ef hæfustu verkfræðingarnir hafa farið úr landi síðustu átta árin, mætti skilja það svo, að eftir í landinu væru aðeins þeir lélegustu. Mér finnst þetta algerlega ómakleg árás á þá verkfræðinga, sem eru starfandi í landinu, vegna þess að það er kunnugt, að þar eru margir ágætir og vel starfhæfir menn. Hitt er svo rétt, að úr landinu hafa farið verkfræðingar, það hafa farið læknar, það hafa farið verzlunarmenn, það hafa jafnvel farið sjómenn, það hafa jafnvel farið verkamenn úr landinu. En fólksflutningar frá landinu eru þó með minnsta móti nú, sem betur fer, ég segi: betur fer, vegna þess að okkur vantar fólk. Við erum raunverulega of fámennir til þess að vinna þau störf, sem fyrir hendi eru og núv. ríkisstj. hefur lagt sterkari grundvöll að en nokkru sinni áður, vegna þess að aldrei hefur verið blómlegra atvinnulíf á Íslandi en nú síðustu 3—4 árin. Og það veit ég, að hv. þm. viðurkennir. Það ber ekki á atvinnuleysi nú á Íslandi, en það var nokkuð algengt á dögum vinstri stjórnarinnar, að í hinum ýmsu kauptúnum úti um land væri atvinnuleysi.

Það er nú ástæðulaust að vera að segja meira í tilefni af ræðu hv. þm. Það er ekkert þar að finna, sem eru stoðir í, heldur aðeins fullyrðingar, sem detta um sjálfar sig algerlega. Og ég er sannfærður um það, að hv. þm., sem hugsa á raunhæfan hátt út í þessi mál, viðurkenni það í hjarta sínu, að það var nauðsynlegt að setja þessi lög. Ég veit, að verkamenn og allur almenningur í landinu fagnaði l. og gerir sér ljóst, að ef verkfall verkfræðinga hefði haldið áfram s. l. sumar og ríkisstj. hefði ekki kippt í taumana, hefðu verklegar framkvæmdir stöðvazt og af því hefði skapazt atvinnuleysi og fólkið hefði ekki fengið þau þægindi, sem það hefur fengið með því að ljúka hinum mörgu framkvæmdum, sem á döfinni voru á s. l. ári. Og með því að staðfesta þessi lög er lagður grundvöllur að því, að við getum einnig á næsta sumri notið hinnar nauðsynlegu verkfræðiþjónustu og haldið hinum nauðsynlegu framkvæmdum uppi og atvinnu, sem fólkið ætlast til að verði á hverjum tíma.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég hef ekki mörgu við að bæta né miklu að svara ræðu hæstv. ráðh. Hann hafði orð á því, að hann hefði orðið þess var, að ræða mín var ekki vanhugsuð, og þetta tek ég sem hrós, enda held ég, að mín ræða og minn málflutningur yfirleitt hafi ekki verið vanhugsaður. Hæstv. ráðh. reyndi í sinni síðari ræðu að verja gerðir hæstv. ríkisstj. í þessari lagasetningu. Ég lái honum ekki, að hann reyni slíkt. Hann er hingað kominn í hv. d. til þess að standa fyrir máli hæstv. ríkisstj. Mig furðar ekki heldur á, að honum tókst þetta heldur aumlega. Það tel ég ekki tiltökumál, eins og í pottinn er búið, eins og málstaðurinn er. Hann sagði, að verkfræðingar mættu ekki skammta sér kjör, og vildi sjálfsagt meina, að vegna þess að verkfræðingar mega ekki skammta sér kjör, hafi þessi lög verið sett. En mætti ég nú spyrja hæstv. ráðh.: Mega aðrar launastéttir landsins skammta sér kjör, má læknastéttin skammta sér kjör, mega verkamenn við höfnina skammta sér kjör? Ef hæstv. ríkisstj. er sjálfri sér samkvæm, er svarið gefið. Það má engin launastétt skammta sér kjör, og af því leiðir, að hæstv. ríkisstj. álítur, að setja beri öllum launastéttum svipuð þvingunarlög og verkfræðingum hafa nú verið sett. Þetta liggur í hlutarins eðli, nema því aðeins að hæstv. ráðh. vilji segja, að það eigi að gilda annað lögmál um verkfræðinga en aðrar launastéttir.

Ég er ekki fulltrúi launastéttanna, það er rétt hjá hæstv. ráðh., en ég er einn úr læknastétt, svo að mér er málið alls ekki fjarri. Og ég hef mikinn beyg af lagasetningu þeirri, sem hér er til umr., og stefnu hæstv. ríkisstj. í þeim efnum. Ég get búizt við því, að aðfarir hæstv. ríkisstj. 1961 gagnvart læknum verði endurteknar og það kannske á þessu ári með þvingunarlögum á borð við þau, sem hér liggja fyrir. Og ég hygg, að hver einasta launastétt í landinu geti búizt við hinu sama af þeirri hæstv. ríkisstj., sem nú situr við völd.

Hæstv. ríkisstj. vill ekki greiða íslenzkum verkfræðingum mjög há laun, en hún hefur verið furðu fús á að greiða erlendum verkfræðingum há laun, fjórföld og fimmföld laun á við það, sem íslenzka verkfræðinga hefur nokkurn tíma dreymt um að fara fram á. Hún er ekki ófróðleg, sagan, sem eitt af dagblöðum bæjarins sagði frá fyrir nokkru. Það var um það leyti, sem var verið að leggja nýjan sæsímastreng á milli Íslands og Ameríku. Þá vantaði póst- og simamálastjórnina verkfræðing. Það var enginn tiltækur í landinu. Þá var hringt til Danmerkur til sérfræðingafyrirtækis þar og það beðið um að senda verkfræðing. Þessu var vel tekið af fyrirtækinu danska og verkfræðingurinn sendur. Stjórnarvöldin íslenzku sendu sína sérstöku móttökunefnd á flugvöllinn með stóreflis blómvönd til að taka á móti hinum danska verkfræðingi á tilhlýðilegan hátt. En n. brá í brún, þegar út úr flugvélinni steig verkfræðingur, ekki dansk-

ur, heldur íslenzkur verkfræðingur, sem hafði hrökklazt úr landinu, frá landssímanum, skömmu áður og gengið í þjónustu hins danska fyrirtækis með miklu betri kjörum. Fregnin í blaðinu endaði á því, að móttökunefndin hefði falið blómvöndinn, stungið honum aftur fyrir bak, og það hefði orðið lítið úr hátíðahöldum.

Þetta er að mörgu leyti fróðleg saga. Hún sýnir vel, hvern sérstaka hug ríkisvaldið ber til íslenzkra verkfræðinga og hve lágt hún getur lagzt í duftið, þegar útlendingar eru á hinu leitinu.

Ég nefndi það í minni ræðu áðan, að árið 1957 hefði einn verkfræðingur farið úr landinu í því skyni að leita atvinnu erlendis upp á betri kjör og 1958 hefðu tveir verkfræðingar farið úr landinu af sömu ástæðum. Hins vegar höfðu 1960 hvorki meira né minna en 9 verkfræðingar flúið land í sama skyni. Þessar tölur leyfði hæstv. ráðh. sér að vefengja. Ég hef þær úr skýrslu Hagstofu Íslands um brottflutning fólks frá Íslandi 1953—1960. Skýrslan er út gefin 1962. Ég er með hana hér í höndum og legg hana nú fyrir hæstv. ráðh., svo að hann geti sannfærzt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég leyfði mér áðan að vefengja þær tölur, sem hv. þm. var með, en svo segir hann, að það sé staðfest í skýrslu í þessari bók, sem hann rétti mér áðan. Ég hef ekki lesið þessa bók, ég skal gera það, en ég veit ekkert, hvort þessar tölur eru í þessu hefti, sem hann rétti mér áðan, það tekur talsverðan tíma að átta sig á því. En jafnvel þótt þessar tölur séu réttar, þá rennir það engum stoðum undir málflutning þm., vegna þess að allir vita, að kjör verkfræðinga á Íslandi voru ekkert betri 1957 og 1958 en þau voru áður og miklu lakari en þau eru nú orðin, — miklu lakari. Þetta er þess vegna eins og hvert annað hálmstrá, sem hv. þm. grípur til, og er ég dálítið undrandi á því, að hann skuli vera að minnast á verkfræðingana og árin 1957 og 1958, vegna þess að vinstri stjórnin notaði alls ekki tækifærið til þess að rétta hlut verkfræðinganna á þessum tímum. Það væri þó eðlilegt, ef hv. þm. vildi vera í samræmi við sig og hans flokkur, að það hefði verið gert. En verkfræðingar bjuggu þá við miklu lakari kjör en þeir búa nú.

Hv. þm. sagði hér þjóðsögu áðan um verkfræðing, sem póst- og símamálastjórnin hefði átt að panta í sambandi við lagningu sæsímans. Ekki er mér kunnugt um þetta. En hann segist hafa lesið þessa sögu í blaði. Þjóðsaga getur það verið fyrir því. Það má vel vera, að símamálastjóri hafi pantað útlendan mann til þess að geta lokið lagningu sæsímans, og þá gæti það hafa verið í samráði við Stóra norræna símafélagið og alls ekki, að Íslendingar ættu að greiða þessum verkfræðingi. Hitt er svo rétt, að verkfræðingar erlendis víða hafa hærri laun en gerist á Íslandi. En við búum á Íslandi, og stéttir þessa þjóðfélags, hinar ýmsu stéttir, mynda þjóðfélagið, og það verður að vera samræmi í kröfum og kjörum hinna ýmsu þjóðfélagsstétta, til þess að unnt sé að halda þjóðfélaginu uppi með eðlilegum hætti.

Hv. þm. spyr hér áðan: Mega aðrar stéttir skammta sér kjör, ef verkfræðingum er bannað það? Verkfræðingum er bannað að skammta sér kjör. Ég spyr nú: Hvenær hefur það verið leyft á Íslandi, að sérhver stétt skammtaði sér kaup og kjör? Til hvers höfum við vinnulöggjöf? Er það ekki til þess, að það séu gerðir samningar á milli launþega og atvinnurekenda? Ég segi: Þetta er fávís spurning. Kaup og kjör ákvarðast hér að öllum jafnaði með samningum. Og verkfræðingar stóðu í samningum við atvinnurekendur frá 27. júní til 17. ágúst án árangurs. Það var ekki fyrr en sýnt var, að samningar næðust ekki, að brbl. voru gefin út. Og ríkisstj. hefur vissulega ekki viljað, fyrr en í óefni var komið, blanda sér inn í slíkar deilur. En eins og fyrir liggur, varð að gefa þessi lög út til þess að forða atvinnulífinu frá öngþveiti, til þess að koma í veg fyrir algera stöðvun hinna ýmsu framkvæmda, sem unnið var að í landinu, til þess að tryggja það, að atvinnuleysi sækti ekki fátækar alþýðufjölskyldur heim. Og svo kemur hv. 9. þm. Reykv. hér til þess að mótmæla þessari nauðsynlegu og sjálfsögðu aðgerð ríkisstj. Ég gæti trúað því, að þess verði minnzt í þingsögunni og í þjóðarsögunni, að á Alþ. 1964 mælti hv. 9. þm. Reykv. gegn svo sjálfsagðri ráðstöfun sem þeirri að tryggja atvinnu á Íslandi og að unnt væri að halda áfram framkvæmdum á árinu 1963.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Aðeins stutt aths. Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann vildi enn vefengja það, sem ég las upp úr skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi 1953—1960, skýrslu, sem Hagstofa Íslands hefur gefið út, þó að hann fáist ekki til að lesa það, sem ég þar vitnaði til. Þess vegna vil ég aðeins að lokum lesa þetta upp. Þar stendur: „Tafla 4 c. Brottfluttum körlum skipt eftir atvinnu og brottflutningsári: Verkfræðingar, arkitektar 1957 1, 1958 2, 1960 9.“ Ég skal aðeins bæta við tölum, er varða aðra stétt, nefnilega læknana. 1956 fluttust 2 læknar úr landi, 1957 2, 1960 7. Þetta eru tölur, sem tala sínu máli og eru teknar upp úr skýrslu opinberrar stofnunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:4 atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 9. mai, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 340, n. 603 og 607).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið alllengi til meðferðar hér í allshn. þessarar hv. d., og hefur niðurstaða af þeirri athugun orðið sú, svo sem nál. á þskj. 603 ber með sér, að n. hefur ekki orðið sammála um afstöðu til málsins. Þrír nm. mæla með því, að frv. verði samþ. með tilteknum breyt., en tveir nm. leggja til, að frv. verði felt.

Allshn. ræddi frv. þetta við fulltrúa frá Verkfræðingafélagi Íslands annars vegar eða fulltrúa þeirra aðila, sem mega teljast verktakar eða hafa sjálfstæða starfsemi og gjaldskrárreglur fyrst og fremst taka til, þær sem frv. fjallar um, og hins vegar fulltrúa frá Stéttarfélagi verkfræðinga.

Það var sérstaklega innt eftir því við fulltrúa Stéttarfélags verkfræðinga, hvort hugsanlegt væri eitthvert samkomulag við þá um afgreiðslu málsins. En því var afdráttarlaust lýst yfir af þeirra hálfu, að það eina, sem þeir gætu fellt sig við, væri það, að frv. yrði ekki samþ. og félli úr gildi. Báðir þessir hópar lýstu sig andvíga frv. og töldu, að með því væri réttur brotinn á verkfræðingastéttinni, sem ekki væri hægt við að una.

Þar sem ljóst var af þessum viðtölum, að samkomulagsgrundvöllur var ekki um neina afgreiðslu málsins á þann hátt, sem meiri hl. n. taldi mögulegan, og það var algert skilyrði af verkfræðinga hálfu, að lögin næðu ekki fram að ganga, þá töldum við í meiri hl. n. ekki grundvöll til að ræða það mál nánar, og byggist nál. okkar á þeirri grundvallarskoðun, sem við höfum á málinu, út frá þeim forsendum, sem áður hefur verið lýst, og niðurstöðu þessara viðræðna við fulltrúa verkfræðinga.

Þegar frv. var lagt hér fyrir hv. d., gerði hæstv. samgmrh. grein fyrir því og lýsti ástæðum þess, að bráðabirgðalögin, sem frv. er til staðfestingar á, voru upphaflega sett. Ég skal ekki fara að rekja þau málsatvik, en meiri hl. n. getur fyrir sitt leyti fallizt á, að rökin fyrir setningu laganna hafi verið rétt, þannig að óumflýjanlegt hafi verið á sínum tíma að gefa út þessi brbl. til þess að leysa þessa alvarlegu deilu.

Það er hins vegar ákveðin skoðun okkar í meiri hl. n., að það sé mjög hörmulegt að þurfa að grípa til slíkra ráðstafana, að leysa deilur á þann veg, sem hér hefur verið gert, og það sé mjög hörmulegt, að það skuli hafa verið svo um allmargra ára bil, að það hafa verið ítrekaðar deilur í sambandi við kjaramál verkfræðinga, sem hafa leitt til þess, að grípa hefur þurft af ríkisvaldsins hálfu inn í kjaramálin, svo sem öllum hv. þm. er kunnugt um, og vissulega er þess að vænta, að í framtíðinni sé auðið að finna þann grundvöll fyrir starfsemi þessarar óneitanlega mjög þýðingarmiklu stéttar í þjóðfélaginu, að ekki þurfi að grípa inn á kjaramál þeirra með svipuðum hætti og hér hefur orðið að gera.

Það er hins vegar skoðun meiri hl. n., — enda kom sú skoðun fram í hv. Nd. og var þar gerð breyt. á frv. í samræmi við það viðhorf, — að það sé vitanlega ekki með löggjöf sem þessa auðið að láta hana gilda til frambúðar, þannig að unnt sé að ákveða í eitt skipti fyrir öll, að skipun kjaramála verði á þann veg. Nú mun það að visu aldrei hafa verið ætlunin með þessum brbl., að svo yrði. En það er að sjálfsögðu þá nauðsynlegt að tímabinda lögin, þannig að ótvírætt komi í ljós, að þau skuli ekki gilda nema til tiltekins tíma, og niðurstaðan hefur orðið sú, að við leggjum til í meiri hl. n., að gildistími laganna verði til ársloka 1965. Auðvitað má endalaust um það deila, hvaða tímamark eigi að velja í efnum sem þessum, en ástæðan til þess, að þetta tímamark er valið, var af okkar hálfu, að þá falla úr gildi launasamningar opinberra starfsmanna, en skv. þeim brbl., sem sett voru, var gert ráð fyrir, að hliðsjón yrði höfð af þeim kjörum, sem þeim voru ákveðin, og gerðardómur hefur kveðið upp sinn úrskurð með hliðsjón af þeim kjörum opinberra starfsmanna. Þetta veldur því, að við höfum gert ráð fyrir og leggjum til, ekki aðeins að þessi tilteknu ákvæði laganna verði takmörkuð við þann tíma, heldur að lögin beinlínis falli úr gildi í árslok 1965, og verður vissulega að vænta þess, að það verði þá fundinn sá grundvöllur að þessum málum, að ekki þurfi að grípa til slíkra aðgerða í framtíðinni.

Ég vil svo taka það fram með hliðsjón af þeim viðræðum, sem fóru fram milli fulltrúa frá verkfræðingum og n., að þar kom fram af hálfu fulltrúa Verkfræðingafélagsins, að varðandi gjaldskrána væri það mjög bagalegt, að þar væri ekki gert ráð fyrir að hafa möguleika til þess að endurskoða hana, einkum með hliðsjón af því, að þau væru alltaf að koma fram ný atriði, sem gjaldskráin gerði ekki ráð fyrir. Þó að það sé ekki beint tekið fram í þessum lögum, þá vil ég, að það komi fram sem skoðun meiri hl. n. — og ég vænti raunar n. allrar, þó að ágreiningur hafi orðið um grundvallaratriði málsins, að það beri að líta svo á, að ef vandræði stafa af þessum sökum, þá eigi gerðardómurinn að ákveða um slík atriði sem viðbætur við þessa gjaldskrá, því að það er auðvitað fjarri öllu lagi og má ekki koma fyrir, að þetta verði til þess að hindra það, að það sé með eðlilegum hætti hægt að starfa að atriðum, sem gjaldskráin ekki beinlínis nær til.

Við teljum einnig sjálfsagt að túlka svo ákvæði laganna um endurskoðun á launakjörum verkfræðinga, að ef kjaradómur á tímabili gildistíma laganna fellir úrskurð um breytingu á kjörum opinberra starfsmanna, þá gildi það ákvæði að sjálfsögðu einnig um endurskoðun gjaldskrár, þó að það sé ekki beinlínis tekið fram, en ætti þó í rauninni að leiða af eðli málsins.

Ég hygg, að ekki séu fleiri atriði, sem sér-

staklega þurfi að ræða um, nema síðari umr. og grg. hv. minni hl. gefi þá tilefni til þess, því að till. okkar í meiri hl. n. er einfaldlega sú, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem við gerum, og jafnframt viljum við láta í ljós þá von, að þær aðstæður þurfi ekki að skapast að nýju, að til slíkra aðgerða þurfi að koma. Það er ekki endalaust hægt að leysa kjaramál með þessum hætti, og það er auðvitað hin mesta nauðsyn, að það verði fundinn þarna viðunandi starfsgrundvöllur, bæði varðandi verkfræðingana sem launþega og einnig fyrir þá, sem reka sjálfstæðar verkfræðiskrifstofur. Og við vitum það öll, að starfsemi þessarar stéttar er ómissandi fyrir okkar litla þjóðfélag, og það er eitt, sem við auðvitað verðum að gera okkur grein fyrir, að verkfræðingar hafa nokkra sérstöðu vegna síns náms, að þeir hafa í rauninni að segja má, ef þeir vilja sýna óbilgirni, þá hafa þeir töluvert góða aðstöðu til þess vegna sinnar algildu menntunar, sem ekki aðeins gildir hér í þeirra þjóðfélagi eða okkar hér, heldur hefur alþjóðlega þýðingu. Þess er því mjög að vænta, að það verði af þeirra hálfu þess gætt að sýna ekki óbilgirni í trausti þessarar aðstöðu sinnar, og jafnframt er þá að sjálfsögðu eðlilegt, að þeir vænti þess á móti, að skilningur sé sýndur á því, sem eru sanngjarnar óskir þeirra um eðlileg kjör þeim til handa.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið, en við í meiri hl. leggjum til, að það verði afgreitt svo sem ég hef hér skýrt frá.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umræðu, er um staðfestingu á brbl. um lausn kjaradeilu verkfræðinga. Eins og frsm. meiri hl. hefur þegar gert grein fyrir, hefur allshn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Eins og hann hefur gert grein fyrir, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ., að vísu með nokkrum breyt., og brbl. verði staðfest.

Við í minni hl., ég og hv. 1. þm. Vestf., leggjum hins vegar til, að þetta frv. sé fellt og brbl. þar með synjað um staðfestingu.

Afstaða okkar til málsins byggist í stuttu máli á því, að við teljum brbl. sárlega gölluð, óheppileg, óskynsamleg og ósanngjörn. Í þessum brbl., sem hér er um að tefla, er blandað saman tveimur allsendis óskyldum atriðum, annars vegar gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, þ. e. a. s. gjaldskrá fyrir verkfræðinga sem atvinnurekendur, og hins vegar svo aftur launum verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum en ríkinu.

Um fyrra atriðið, sem ég nefndi, um gjaldskrána, er það að segja, að það mun óþekkt fyrirbæri, að ég hygg, að lög séu sett þannig, sem bindi gjaldskrá stétta eða atvinnurekenda, gjaldskrá fyrir þjónustustörf. Ég hygg, að það sé algerlega óþekkt nema gagnvart verkfræðingum.

Þessi deila, sem risið hefur um gjaldskrána, á sér vissa sögu. En það er rétt að taka það fram, áður en lengra er farið, að í þeim formála, sem fylgir brbl. og þar sem greind eru þau rök, sem talin eru liggja til útgáfu þeirra, þá er í raun og veru aðeins vikið að síðara atriðinu, sem ég nefndi, þ. e. a. s. kaupi eða launakjörum verkfræðinga sem launþega, en í þessum formála er í raun og veru ekkert að finna varðandi gjaldskrána. En það er þó svo, að í 1. gr. þessa frv. og brbl. er það ákveðið, að gerðardómur, sem tilnefndur er með þeim hætti, sem þar segir, skuli einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Það er nú svo, að það er út af fyrir sig ekki nýtt fyrirbæri, að verkfræðingar inni af höndum störf, sem metin eru þannig eftir gjaldskrá. Þannig hefur það verið í raun og veru, frá því að verkfræðingastétt kom hér til sögunnar. Að vísu voru verkfræðingar svo fáir fyrst, að þar var ekki um slíkan félagsskap að ræða, sem gæti sett slíka gjaldskrá. En fyrsta gjaldskráin, sem sett mun hafa verið, var frá árinu 1931, að mér er sagt, og hún var þá sett eftir fyrirmyndum um gjaldskrár erlendis, og það liggur í hlutarins eðli, að sú gjaldskrá, sem sett er þannig, getur ekki verið eilíf og óumbreytanleg, hún hlýtur að breytast og það af ýmsum ástæðum, m. a. vegna þess, að til sögunnar koma smám saman nýjar og nýjar starfsgreinar og ný og ný starfssvið, sem verkfræðiþjónustan tekur til. Þannig hefur þróunin verið í öðrum löndum, og þannig hefur þróunin einnig verið hér á landi. Þess vegna er það títt hjá nágrannaþjóðum og öðrum þjóðum, að slíkar gjaldskrár verkfræðinga séu endurskoðaðar með ákveðnu árabili, og það er í rauninni ekkert sérstakt fyrir verkfræðinga, því að gjaldskrár eiga við og eru notaðar fyrir þjónustustörf ýmissa annarra stétta en verkfræðinga, bæði erlendis og hér á landi, og hvarvetna tíðkast það og verður að vera svo, að slíkar gjaldskrár eru endurskoðaðar með vissum millibilum, eftir því sem þörf krefur. Og þannig var það líka hér á landi að því er snertir gjaldskrá verkfræðinga. Hún var endurskoðuð fyrst 1941, svo 1944, 1945 og svo 1955. Það segir sig nú sjálft, að á því tímabili, sem liðið er síðan 1955, hafa orðið ýmsar breytingar hér, ekki aðeins varðandi verðlag og þau atriði, sem þar af stafa, heldur hefur einmitt í sjálfum verkfræðistörfunum orðið mjög mikil breyting á þessu árabili. Eins og við allir þekkjum, hefur tækniþróun verið mjög ör, og verkfræðingar hafa komið til starfa á nýjum og nýjum sviðum, sem hér á landi voru áður óþekkt. Það var þess vegna, þegar gjaldskráin 1955 var skoðuð, augljóst og óumflýjanlegt, að á henni þyrfti að gera ýmsar breytingar, m. a. að nauðsynlegt var að endurskoða hana á þann hátt, að hún tæki til starfa, sem alls ekki voru til, þegar hún var sett, og alls ekki voru þess vegna í henni. Þess vegna var það mjög eðlilegt og skiljanlegt, að þessi gjaldskrá væri tekin til endurskoðunar á sínum tíma. Á því mun hafa verið byrjað árið

1961. Að þeirri endurskoðun var á engan hátt hrapað, heldur var hún unnin mjög gaumgæfilega og vandvirknislega.

En þegar þessi endurskoðaða nýja gjaldskrá átti að taka gildi á árinu 1961, þá var ákveðið með brbl., að hún skyldi úr gildi felld, en gjaldskráin frá 1955 gilda áfram, og á sínum tíma var svo frv. til staðfestingar þeim brbl. lagt fyrir Alþingi, og þá var það mál rætt hér og bent á, hversu fráleitt þetta væri og hversu það væri fráleitt að ætla slíkri gjaldskrá, sem sett væri þannig fyrir allmörgum árum, að gilda áfram óbreyttri. Það sáu vitaskuld allir, að slíkt gat ekki staðizt. Það gat ekki staðizt gagnvart verkfræðingunum, og það hefði ekki heldur getað staðizt gagnvart nokkurri annarri stétt, að þannig væri að henni búið og þannig væru reyrðar að henni viðjar, svo að hún gæti ekki hreyft sína gjaldskrá neitt til. En á þessar röksemdir var ekki hlustað á sínum tíma, og lögin um hámarksþóknun verkfræðinga voru hér afgreidd og staðfest.

En þar með var þetta mál ekki úr sögunni. Það kom til deilu, svo sem ég kem nú að á eftir, um kaup og kjör verkfræðinga varðandi Stéttarfélag verkfræðinga, sem leiddi til þess að undangengnum ýmsum atburðum, að til verkfalls hjá verkfræðingum kom á s. l. ári, og þegar það verkfall hafði staðið nokkurn tíma, svo sem er greint í formála fyrir þessum brbl., þá voru út gefin þessi brbl. frá 17. ágúst 1963. En þeim var, eins og ég áðan drap á, ekki aðeins ætlað að gilda um kaup verkfræðinga sem launþega, heldur var þeim gerðardómi, sem settur var á stofn með þessum brbl., einnig ætlað að ákveða gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, eins og segir í 1. mgr. 1. gr. brbl. En í þessum brbl. eru í 2. mgr. 2. gr. þeim gerðardómi, sem settur er á stofn samkv. brbl., gefin ákveðin fyrirmæli um það, hvernig hann skuli haga sínum störfum og við hvað hann skuli miða þessa gjaldskrá, og það var ekki aldeilis meining bráðabirgðalöggjafans, að það ætti að hverfa frá fyrri fyrirætlun um það að einskorða verkfræðinga í sinni gjaldskrársetningu við gjaldskrána frá 1955, því að í 2. mgr. 2. gr. stendur svo, með leyfi forseta:

„Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar."

Þetta eru skýr ákvæði og auðskilin, að því er virðist. En það fór nú svo, að þegar gerðardómur sá, sem settur var á stofn með brbl., fór að vinna að sínu verkefni og setja gjaldskrá, þá þverbraut hann þessi annars skýru fyrirmæli í brbl. Í gerðardóminum segir orðrétt um það atriði, með leyfi forseta:

„Dómurinn hefur eftir föngum kynnt sér ákvæði gjaldskrárinnar frá 1955 um þóknun fyrir ákvæðisvinnu, svo og hliðstæð ákvæði í frv. að gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá apríl 1962. Við samanburð gjaldskránna hefur komið í ljós, að gjaldskráin frá 1955 er að sumu leyti orðin óviðunandi og ónothæf sem grundvöllur að ákvörðun þóknunar. Í gjaldskrána vantar ákvæði um ýmsar greinar verkfræði, sem nú eru stundaðar. Auk þess eru ákvæði um skyldur verkfræðings eigi ætíð sem fyllilegust. Af þessum ástæðum hefur dómurinn ákveðið, að frv. frá apríl 1962 skuli lagt til grundvallar við samningu nýrrar gjaldskrár."

Þetta segir gerðardómur, sem skipaður var samkv. brbl. Maður undrast nú eiginlega, hvernig gerðardómur getur leyft sér að fara þannig að. Ég er ekki að ámæla honum í sjálfu sér fyrir þá niðurstöðu, sem hann komst að í þessu efni, vegna þess að hún er sjálfsagt skynsamleg. En þegar í brbl. segir alveg skýrum orðum, að hann skuli við ákvörðun gjaldskrárinnar hafa hliðsjón af gjaldskránni frá 1955, þá finnst manni það dálítið skrýtið, að gerðardómur skuli telja sig hafa vald og svigrúm til þess að þverbrjóta alveg þau fyrirmæli og leggja þá gjaldskrá algerlega til hliðar, að vísu með þeim röksemdum, sem réttmætar eru, að mörg ákvæði þeirrar gjaldskrár séu orðin algerlega úrelt og ónothæf, og býr sér svo til alveg nýjan mælikvarða, þ. e. a. s. hann notar þann mælikvarða, sem stjórn Verkfræðingafélags Íslands hafði sjálf sett, gjaldskrána frá 1962.

Það er því ekkert vafamál og liggur ljóst fyrir eftir þessum ummælum gerðardómsins sjálfs, sem ég las hér orðrétt upp, að það er í gerðardóminum, sem upp var kveðinn, í öllum meginatriðum miðað við hina endurskoðuðu gjaldskrá frá 1962, enda auðvitað annað alveg fráleitt, því að það er auðvitað alveg fráleitt að ætla sér að rígbinda slíka gjaldskrá sem þessa í lögum. Það er alveg óhjákvæmilegt, eins og ég hef þegar sagt, að endurskoða slíka gjaldskrá annað veifið og breyta henni til samræmis, eftir því sem ný svið verkfræðiþjónustu koma til. Þess vegna eru þessi brbl., sem út voru gefin 17. ágúst 1963, náttúrlega alveg fráleit að þessu leyti til, að þau bjóða það, að gerðardómur skuli ákveða gjaldskrá, sem er nú óþekkt, eins og ég hef bent á, nema það, sem að verkfræðingunum snýr. Þau gera meira brbl., þau bjóða kjaradóminum, að hann skuli við ákvörðun gjaldskrárinnar miða við 9 ára gamla gjaldskrá, þ. e. a. s. gjaldskrána frá 1955, og þau gera enn meira, brbl. í sinni upphaflegu mynd. Þau gera ráð fyrir því, að sú ákvörðun, sem gerðardómurinn þannig kemst að, sé eiginlega eilíf, því að í brbl., eins og frá þeim var gengið í upphafi, var ekkert ákvæði, sem takmarkaði gildistíma þeirra eða þeirrar gjaldskrár, sem gerðardómurinn setti. En það, hversu fráleit þessi ákvæði öll eru, sést bezt á því, hvernig framvindan hefur orðið, eins og ég þegar hef nú lítillega drepið á, að sjálfur gerðardómurinn hefur séð sig nauðbeygðan til þess að þverbrjóta fyrirmæli l. og víkja þeim algerlega til hliðar, viðurkenna, að það væri algerlega ónothæfur grundvöllur að miða við gjaldskrána

1955, og talið, að það yrði að miða við þá gjaldskrá, sem Verkfræðingafélagið sjálft hafði sett 1962, og um hin atriðin er það að segja, að sjálft Alþingi hefur ekki séð sér annað fært en að breyta fyrirmælum l. að því er varðar gildistíma. Fyrst í hv. Nd. var þessu breytt á þá lund, að þar var takmarkaður nokkuð gildistíminn og þetta tengt nokkuð við heildarsamninga við ríkisstarfsmenn eða nýjan úrskurð kjaradóms um þau efni. Og í þessari hv. d. hefur meiri hl. allshn. ekki séð sér annað fært en að leggja til breytingu á þessu enn og gera þetta enn takmarkaðra að því er tímann snertir heldur en þó var eftir meðferð málsins í Nd., þar sem hann leggur til, að breyting verði gerð á 7. gr. á þá lund, að það verði ákveðið, að l. gildi til ársloka 1965, en ekki lengur.

Þessar breytingar, sem þannig hafa verið gerðar og líkur eru til að gerðar verði að þessu leyti, eru náttúrlega út af fyrir sig til bóta, því að hitt var svo mikil fjarstæða, að það náði ekki nokkurri átt, að Alþingi gæti látið slíkt frá sér fara að binda heila stétt manna þannig á þrældómsklafa, að hún yrði um ófyrirsjáanlegan tíma alveg tjóðruð við ákveðna gjaldskrá. Slíkt þekkist ekki, og slíkt hefur ekki nokkurri stétt verið boðið upp á, svo að ég þekki dæmi um. En úr því að meiri hl. allshn. hefur nú þó séð sig nauðbeygðan til þess að gera þessa breytingu til bóta, þá er ég satt að segja hissa á því, að hann skuli ekki ganga svolítið lengra, að hann skuli ekki gera till. um breytingu á þessu ákvæði, sem ég hef margnefnt, 2. mgr. 2. gr., sem sé því lagaboði, að við setningu gjaldskrárinnar skuli höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum þeim, sem gilt hafa um framkvæmd hennar. Og það er því furðulegra. að meiri hl. allshn. skuli ekki hafa gert brtt. um þetta efni, þar sem það liggur fyrir alveg óvefengjanlega og skjallega sannað og skýrt, að gerðardómurinn eftir þessum l. hefur þverbrotið þetta fyrirmæli, hann hefur ekki séð sér fært að fara eftir því. Hann segir, eins og ég las upp áðan, að gjaldskráin frá 1955 sé að sumu leyti orðin óviðunandi og ónothæf sem grundvöllur að ákvörðun þóknunar. Í gjaldskrána vantar ákvæði um ýmsar greinar verkfræði, sem nú eru stundaðar, o. s. frv. Þar með hefur gerðardómurinn kveðið upp dóm yfir þessu ákvæði í þessum brbl., og ég verð að segja, að það hefði verið miklu viðkunnanlegra fyrir meiri hl. að gera breytingar á þessu ákvæði og láta þetta ákvæði ekki standa áfram í l. og láta nú vera að staðfesta það, eftir að það liggur fyrir þannig, að gerðardómurinn hefur alveg þverbrotið það, ekki séð sér fært að fara eftir því. Það er ekki heldur von, að hann hafi séð sér það fært.

En ég skal ekki tala langt mál um þetta í sjálfu sér, um gjaldskrána að öðru leyti. Það er eins og ég sagði, að þetta er alveg óþekkt fyrirbæri, að ég ætla, hér á landi, að þannig sé farið að gagnvart öðrum stéttum, að það sé lögboðin gjaldskrá fyrir þjónustustörf þeirra. Það eru ýmsar aðrar stéttir, sem vinna sín störf eftir ákveðinni gjaldskrá og í ákvæðisvinnu. Það eru t. d. ágætir menn, eins og t. d. múrarar, það eru menn eins og trésmiðir, sem vinna talsvert eftir uppmælingargjaldskrá, og það er mér sagt um málara líka, pípulagningamenn. Þessar stéttir, eftir því sem ég veit bezt, setja sér sínar gjaldskrár alveg einhliða, og eftir þeim er farið, og ég er hræddur um það, að þessum stéttum þætti hart að sér vegið og það heyrðist einhvers staðar hljóð úr horni, ef það ætti að fara að knésetja þær með þessum hætti, eins og verkfræðingastéttin hefur verið knésett að þessu leyti. Ég er hræddur um, að það mundi heyrast eitthvað frá múrurum, ef það ætti í l. að fara að setja ákvæði um þeirra gjaldskrá, ef það ætti að fara að fela gerðardómi að ákveða þeirra gjaldskrá. Múrarar eru mjög þarfir menn í þjóðfélaginu, en það þykir sumum, að þeir þurfi að fá talsvert fyrir sinn snúð, það er sjálfsagt ekki nema réttmætt. En ég man svo langt, að einu sinni var það talið, að það væri rétt að grípa nokkuð inn á svið þeirra. Það var nefnilega einu sinni starfandi hér dómnefnd í verðlags- og kaupgjaldsmálum samkv. l. frá 1943, ef ég man rétt, sem setti hámarksþóknun fyrir fyrst og fremst vörur, en einnig ýmsa þjónustu. Og nú voru það þeir ágætu menn, sem áttu sæti í þeirri dómnefnd, þeir töldu það nokkra þjóðfélagsnauðsyn að setja hámarkstaxta á gjald fyrir múrara. Ég er nú farinn að ryðga í þessum málum, en ég veit, að hv. formaður allshn. Ed., sem um langt skeið var fyrirsvarsmaður múrara, kann þessa sögu alla upp á sína tíu fingur. En það var í stuttu máli þannig, að dómnefndin ákvað að setja ákvæði um þetta, en múrarar bara vildu ekki taka því með þögn og þolinmæði, og þeir höfðu þann hátt á, ef ég man rétt, að þeir leituðu aðstoðar dómstólanna í þessu efni, og niðurstaða dómstólanna varð sú, að múrararnir voru taldir hafa réttinn sín megin. Lögin, sem áttu að vera grundvöllur þessarar gjaldskrársetningar eða taxtasetningar varðandi þá, voru ekki talin taka til slíks stéttarfélags sem þeirra. Og þess vegna var niðurstaðan á þá lund.

En það eru nú fleiri en múrarar og málarar og pípulagningamenn, sem vinna sín störf eftir gjaldskrá, þ. á m. stétt, sem stendur nærri mér eða ég stend nærri, þ. e. a. s. lögfræðingastéttin. Málflutningsmenn vinna eftir gjaldskrá. Ég býst nú við, að þeir mundu ekki taka því alveg þegjandi, ef ætti að setja lög, sem ákvæðu, að gerðardómur skyldi ákveða þeirra gjaldskrá. Að vísu eru þeir hógværir menn, en ég þekki þá illa, ef þeir mundu alveg þegja við slíku. Ég er ekki í nokkrum efa um það, að þeir mundu telja slíkt alveg óhæfilega réttindaskerðingu, og það mætti vel segja mér, að það væri farið að leita í einhverjum lögum eða lagafyrirmælum og draga það í efa, að þetta stæðist. Og þannig mætti lengi telja um aðrar stéttir, því að það eru ekki aðeins mál-

flutningsmenn, sem vinna eftir slíkri gjaldskrá, það eru líka arkitektar, tannlæknar og fleiri og fleiri. Hvað mundu þessar stéttir segja, ef það ætti að fara að taka þá slíkum tökum eins og verkfræðingar hafa verið teknir að þessu leyti? En með þessari lagasetningu varðandi verkfræðinga hefur fordæmi verið skapað, sem síðar meir mætti e. t. v. nota gagnvart þessum stéttum. Þess vegna geta þær í raun og veru ekki, hvorki akademiskt menntaðar stéttir né aðrar, horft á það alveg afskiptalausar, að þessi háttur, sem hér er á hafður gagnvart verkfræðingum, sé um hönd hafður, því að þær gætu búizt við því, að síðar kæmi röðin að þeim.

Ég verð þess vegna í stuttu máli að segja það, að ég álít þessa lagasetningu eða þann þátt hennar, að því leyti sem varðar gjaldskrána, að því leyti sem hún snýr að verkfræðingum sem eins konar atvinnurekendum og ákveður það, að gerðardómur skuli ákveða gjaldskrá þeirra, algerlega fráleitan. Og það eru náttúrlega ófyrirsjáanlegar afleiðingar, sem slíkt getur haft í för með sér.

En í öðru lagi fjalla þessi brbl. svo um kaup verkfræðinga í launastétt, um kaup verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum en ríkinu, en að sjálfsögðu falla þeir verkfræðingar, sem starfa hjá ríkinu og ríkisstofnunum, undir ákvæðin og löggjöfina um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og um þá þarf ekkert að ræða hér í þessu sambandi, og þessi lög taka ekki á neinn hátt til þeirra. Þeir hafa auðvitað sömu aðstöðu og aðrir starfsmenn í opinberri þjónustu. En þessum brbl. er ætlað að ákveða kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Um það segir í 1. gr. þessa frv. og brbl. Og í 2. gr. segir reyndar frekar um það, við hvað gerðardómurinn skuli miða þá ákvörðun, og þar segir, að gerðardómurinn skuli við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu samkv. launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963. Að þessu leyti til er þó þetta ákvæði nær raunveruleikanum heldur en hitt, sem gjaldskrána snertir, að það gerir þó ráð fyrir því, að það sé miðað við það, sem gerzt hefur á árinu 1963, en ekki eins og í hinu tilfellinu að miða við gjaldskrána frá 1955. Og þessu fyrirmæli um það, að gerðardómurinn skuli ákveða kaup þessara aðila, er svo fylgt eftir með 3. gr. l., þar sem það er lögboðið, að verkföll í því skyni að knýja fram kjarabót þeirra manna, sem þessi lög taka til, skuli vera bönnuð og óheimilt sé að halda áfram því verkfalli Stéttarfélags verkfræðinga, sem háð var, þegar þessi brbl. voru sett.

Þessi þáttur málsins er algerlega annar og annars eðlis en hinn þátturinn, sem ég talaði um áðan. Þessi þáttur málsins snýr að Stéttarfélagi verkfræðinga, að verkfræðingum sem launþegum, en það er að sjálfsögðu svo, að margir verkfræðingar eru launþegar, og þeir hafa sitt sérstaka stéttarfélag, og það hefur starfað alllengi og það hefur í raun og veru verið viðurkennt sem stéttarfélag og er á allan hátt stéttarfélag, sem fellur undir löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938, og á því að hafa rétt og bera skyldur sem slíkt. Og í framkvæmdinni hefur þetta stéttarfélag verkfræðinga verið viðurkennt, eins og eðlilegt er, því að það hafa verið gerðir við það kaup- og kjarasamningar. Síðustu kjarasamningar, sem þetta stéttarfélag hefur gert, eru að vísu frá 1957, en þeim samningum sagði svo félagið upp 1959, og það má segja, að eftir það hafi félagið átt í nokkru stríði um kaup sitt og kjör, þannig að eftir að samningunum var sagt upp haustið 1959, þá náðust ekki samningar á nýjan leik, en stjórn stéttarfélagsins heimilaði þó félagsmönnum að vinna fyrst um sinn eftir eldri samningum, nema öðruvísi yrði ákveðið, og þannig var unnið áfram eftir þessum eldri samningum til 1961, en þá var boðuð vinnustöðvun, og á því ári setti svo stéttarfélagið vissa ráðningarskilmála, heimilaði sínum félagsmönnum að vinna eftir þeim ráðningarskilmálum, og þróunin varð smátt og smátt sú, að æ fleiri fyrirtæki, bæði einkafyrirtæki og síðan smám saman opinber fyrirtæki, réðu verkfræðinga til sín upp á þessa ráðningarskilmála, þannig að þótt ég reki þá sögu ekki lengur hér, þá var það nú smám saman komið svo, að á árunum 1962 og 1963 unnu verkfræðingar upp á þessa skilmála, þó að það væri að vísu lengi vel þráazt við af hálfu ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana að ráða þá með þessum kjörum. En sumarið 1963 var svo komið, eins og öllum er hér í fersku minni, að það höfðu átt sér stað margfaldar verðlagsbreytingar og kauphækkanir, og þá var það, að Stéttarfélag verkfræðinga fór í samræmi við aðra launþega fram á það að fá nýja kjarasamninga og fá þá kauphækkanir, eins og önnur stéttarfélög höfðu fengið og fengu. Samningar við það tókust þó ekki, þannig að til verkfalls kom, eins og kunnugt er og frá er greint í þessum brbl. En á þessu tímabili fóru þó að sjálfsögðu fram samningsviðræður á milli Stéttarfélags verkfræðinga og þeirra aðila, sem eru þeirra viðsemjendur, en það eru ýmsir aðilar, eins og t. d. verkfræðiskrifstofur, eins og iðnrekendur, eins og vinnuveitendur og aðrir, og Vinnuveitendasamband Íslands var þar m. a. aðili að, auk svo bæjarfélaga. Það gekk að vísu nokkuð tregt fyrst í stað, að mér er tjáð, að fá þessa aðila til viðræðna við Stéttarfélag verkfræðinga, en Stéttarfélag verkfræðinga hafði sett fram allar sínar kröfur í þessu kjaramáli, þegar kjaradómur var kveðinn upp á s. l. sumri, þannig að það er ekki hægt að halda því fram, að þær kröfur, sem verkfræðingarnir gerðu á s. l. sumri um kaup og kjör, væru sniðnar eftir eða miðaðar við kjaradóminn, heldur lágu þær allar þá fyrir og hafa því vafalaust verið meðal þeirra atriða, sem kjaradómur hefur eðlilega haft í huga, þegar hann felldi sinn úrskurð um kaup og kjör opinberra starfsmanna.

En mér er tjáð, og það kom fram í þeim við-

ræðum, sem allshn. átti við fyrirsvarsmenn Stéttarfélags verkfræðinga, að svo hefði verið komið í júlílok og ágústbyrjun, að mér skildist, að þá var mjög farið að ræða samninga í alvöru milli Stéttarfélags verkfræðinga og viðsemjenda þeirra, og sáttasemjari ríkisins hafði komið þar við sögu og tekið að sér málamiðlunarhlutverk í þeirri deilu, eins og vera bar, og verkfræðingar telja, að þá hafi verið svo komið, að ýmsir þeirra viðsemjendur hafi verið fúsir og tjáð sig fúsa til þess að semja upp á þau kjör, sem verkfræðingarnir höfðu farið fram á, og þeir vilja halda því fram, að samningar hafi verið um það bil þá að takast eða verið komnir mjög langt á leið um það að takast. Ég skal að sjálfsögðu ekki fella neinn dóm um þetta, því að persónulega er mér ekki þar um kunnugt, en þetta er það, sem þeir staðhæfa. En þá, einmitt á því stigi, þegar þannig var komið, að svo leit út sem þessi kjaradeila verkfræðinga mundi leysast með þeim hætti, að þeir fengju þær kjarabætur, sem þeir gátu gert sig ánægða með, að viðsemjendur þeirra mundu fallast á þá lausn málsins, þá hafi verið gripið til útgáfu þessara brbl., þar sem þessum þriggja manna gerðardómi, sem tilnefndur er af hæstarétti, er falið það hlutverk að ákveða kjör verkfræðinga sem launþega. Og það gerði svo þessi gerðardómur, hann ákvað kaup þeirra, launakjör þeirra. Þau munu vera ákveðin nokkru hærri en hjá verkfræðingum, sem vinna hjá ríkinu, og þá með hliðsjón af því, að metin eru til verðs viss fríðindi, sem þeir verkfræðingar, sem vinna í þjónustu ríkisins, eru taldir hafa, en hinir njóta ekki. Það má því kannske segja, að þau launakjör, sem gerðardómurinn ákvað verkfræðingum sem launþegum, séu ekki svo langt frá því, sem þeir höfðu gert kröfur um, þótt að sjálfsögðu skilji þar sitthvað á milli.

En þó að það sé svo, þá hefur Stéttarfélag verkfræðinga, eins og komið hefur fram í þessum umr., mótmælt setningu þessara laga mjög harðlega. Þeir vilja ekki, verkfræðingar, frekar en raunar aðrar stéttir í þessu landi, eiga launakjör sín undir ákvörðun gerðardóma. Hér stendur að vísu öðruvísi á en varðandi gjaldskrána, sem ég talaði um áðan, að því leyti, að ákvörðun gjaldskrár með l. eða það að fela gerðardómi að ákveða gjaldskrá er algerlega óþekkt nema gagnvart verkfræðingum. Það má hins vegar að vísu segja, að það hefur komið fyrir nokkrum sinnum áður, að gerðardómi hefur verið falið að ákveða kaup einstakra stétta, þannig að að því leyti til er þessi þáttur ekki alveg eins fordæmalaus og hinn. En hann er þó, eins og upphaflega var gengið frá brbl., alveg fordæmalaus að því leyti til, að ég hygg, að það hafi yfirleitt verið svo, að þegar sett hafa verið ákvæði um gerðardóm, sem falið hefur verið að ákveða kaup og kjör, hafi verið miðað við ákveðinn gildistíma, miðað við alveg einstakt tilvik, en það hefur ekki verið gengið frá því eins og í þessum brbl., þeim er ætlað að gilda til óákveðins tíma og ákvörðun gerðardómsins, að því er virðist, ætlað að gilda um óákveðinn tíma. Það hygg ég, að sé mjög fátítt ef ekki alveg óþekkt.

En auk þess er það nú svo, að þessi háttur, sem á hefur verið hafður gagnvart verkfræðingum að þessu leyti, er í raun og veru mjög einkennilegur og óvenjulegur. Ég nefndi áðan lögfræðinga. Að sjálfsögðu er það svo, að lögfræðingar, sem vinna í þjónustu ríkisins og eru starfsmenn hjá ríkinu, verða nú að sætta sig við það að vinna þar fyrir það kaup, sem ákveðið er með kjaradómi. En það eru margir aðrir lögfræðingar, sem eru launþegar, vinna hjá öðrum aðilum en ríki og opinberum stofnunum. Mér skilst, að það væri hliðstætt þeirri lagasetningu, sem hér liggur fyrir, ef það væru sett brbl. um það, að lögfræðingar, sem ynnu hjá öðrum en ríkinu, skyldu fá kaup eða laun, sem ákveðin væru af gerðardómi. Það er alveg hliðstætt, þannig að til rökstuðnings þessu frv. og brbl. nægir ekki að vitna til löggjafarinnar um kjaradóm og segja, að það séu ýmsar stéttir, sem verða að sætta sig við gerðardóm um sín kjör. Það gildir sem sé aðeins um launþega úr þeirri stétt, sem vinna hjá ríkinu og hjá bæjarfélögum, að því leyti sem löggjöfin tekur til þeirra. En hinir, t. d. lögfræðingar, eru alveg frjálsir um ákvörðun sinna launa og eiga það undir samningum við sína vinnuveitendur. En með þessum ákvæðum og þessum brbl. er allur frjáls samningsréttur verkfræðinga sem launþega felldur niður. Verkfræðingar sem launþegar eiga, eftir að þessi lög eru komin í gildi, ekkert val, eins og aftur hinar stéttirnar. Það má segja t. d., að lögfræðingur getur gert það upp við sjálfan sig, hvort hann vill leita í þjónustu ríkisins og taka á sig þær kvaðir og búa við það skipulag, sem löggjöf þar ákveður. En hann getur látið það vera, ef hann vill, og þá er hann alveg frjáls. En verkfræðingurinn getur þetta ekki með sama hætti, eftir að þessi lög hafa öðlazt gildi, vegna þess að þó að hann kjósi þá leið að ganga ekki í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, þá eru kjör hans eftir sem áður bundin og ákvörðuð af gerðardómi, þannig að með lagasetningu sem þessari er numið burt frjálst viðmiðunarkerfi, viðmiðunaratriði. Þetta er að mínum dómi mjög óheppilegt og ranglátt, mjög ranglátt í garð einnar stéttar. Hér er því um mikið mannréttindamál að ræða fyrir verkfræðingastéttirnar, fyrir verkfræðinga sem launþega jafnframt eins og hina verkfræðingana, sem vinna samkv. gjaldskrá.

Það er nú óþarft hér að fara að fjölyrða um þýðingu verkfræðingastéttarinnar. Það er ekki ástæða til þess að fara út í neinn meting á milli stétta og alltaf erfitt að segja um það, hver stétt er nauðsynlegust eða nauðsynlegri en aðrar. En ég vil þó segja það, að ég hygg, að í þjóðfélagi eins og okkar, sem að mörgu leyti er mjög skammt á veg komið að því er varðar alla tækniþróun, þá séu fáir sérfræðingar öllu nauðsynlegri en verkfræðingar, enda munu flestir sammála um, að það sé erfitt fyrir

þetta þjóðfélag, eins og reyndar hvert annað þjóðfélag, að komast af án verkfræðinga. Störf verkfræðinga eru alveg óefað og óumdeilt — og þarf ekki að hafa um það mörg orð hér — mjög þýðingarmikil, mjög mikilvæg fyrir þjóðfélagið. Það er enn fremur kunnugt, að sú menntun, sem verkfræðingar verða að afla sér, er mjög kostnaðarsöm, og það nám, sem þeir verða að fást við, er mjög erfitt nám, þannig að ég hygg, að það sé ekki á færi annarra en hæfileikamanna að leggja það fyrir sig. Og þegar til þess er litið, hve námstími þeirra er langur, hve námstími þeirra er erfiður, hve nám þeirra er erfitt, og til þess, hve störf þeirra eru þýðingarmikil fyrir okkar þjóðfélag, þá er ljóst, að það er æskilegt, að það sé vel búið að þessum mönnum. Og það má í því sambandi ekki vera með of mikla smámunasemi. Þessir menn verða, þegar þeir eru orðnir fullgildir til starfa, að hafa góð laun og eiga skilið að fá góð laun, bæði vegna þess, hve mikið nám þeir hafa á sig lagt, og eins vegna hins, hver þýðing og hver árangur getur orðið af þeirra starfsemi fyrir þjóðfélagið, fyrir alla aðila. En við vitum það, að á þessari öld, þegar svo mikið er lagt upp úr aukinni tækni, þá hefur tækniþróunin svo mikið að segja, einmitt fyrir lífskjör í landinu, að það getur vissulega borgað sig vel að gera vel við þá menn, sem geta átt, ef rétt er á haldið, drýgstan þátt í þeirri þróun. En því nefni ég þetta, að með þessum aðgerðum, sem hér hafa átt sér stað, og með þeirri framkomu í garð verkfræðinga, sem ríkisvaldið hefur staðið fyrir með þeirri lagasetningu, sem hér er til umr., og með lagasetningunni frá í fyrra um hámarksþóknun fyrir störf verkfræðinga, eru verkfræðingar, eins og ég hef lítillega bent á, beittir miklum harðræðum og farið með þá á margan veg, eins og ég hef sýnt fram á, á annan hátt en aðra menn í þessu þjóðfélagi. Ég vil segja það, að þau tök, sem verkfræðingar hafa verið beittir í þessu, hefði ekki þótt boðleg ýmsum öðrum stéttum, og ég hygg, að þau hefðu ekki verið höfð í frammi við aðrar fjölmennari stéttir, sem meira eiga undir sér að því leyti til. En það hefur verið álitið kannske, að það væri hægt að koma þannig fram við verkfræðinga sem stétt, af því að þeir eru tiltölulega fáir miðað við ýmsar aðrar stéttir.

En það er gefið mál og liggur fyrir og hefur komið fram í ýmsum bréfum, sem fyrirsvarsmenn verkfræðinga hafa skrifað alþm. og þeim n., sem um þessi mál hafa fjallað, í yfirlýsingum frá þeim og fundarsamþykktum og í viðræðum, sem fyrirsvarsmenn þeirra áttu við allshn., að þeir eru ákaflega óánægðir með þessa lagasetningu, eins og eðlilegt er, telja, að þeir séu beittir fullkomnum bolabrögðum með þessari lagasetningu, og geta ekki unað því. Og það er alveg áreiðanlegt, að svona framkoma við eina stétt er líkleg til þess og setur alveg óhjákvæmilega, ef svo mætti segja, illt blóð í menn, og það er áreiðanlega mikil hætta á því, að svona framkoma verði til þess, að íslenzkir verkfræðingar leiti í æ ríkari mæli til annarra landa og stundi atvinnu sína þar, en við því megum við vitaskuld síst af öllu að missa starfskrafta þessara manna. Það er að vísu ekkert við því að segja og er eðlilegt og getur að mínum dómi verið heppilegt, að ungir verkfræðingar staðnæmist einhver ár erlendis, eftir að þeir hafa lokið námi, til þess að afla sér sérstakrar þekkingar og reynslu í þeim störfum, sem er þar við að fást, en væri ekki auðvelt að fá hér á landi. En hitt hljóta allir að vera sammála um, að það er óæskileg þróun, að þeir setjist að í útlöndum til frambúðar. En það virðist vera svo, að það eru mjög margir verkfræðingar, sem eru starfandi nú erlendis. Þeir eru mjög margir í hlutfalli við fjölda verkfræðingastéttarinnar hér. En eins og ég sagði áðan, megum við vissulega ekki við því, að verkfræðingar hverfi þannig úr landi. Við þurfum á öllum okkar verkfræðingum að halda.

En það er alveg víst, að þessi lagasetning skapar og hefur skapað geysilega gremju hjá verkfræðingum, og það er ekki gott að sjá fyrir endann á því, en það gæti því miður farið svo, að þessi framkoma gagnvart verkfræðingum ýtti mjög undir þá að setjast að erlendis og stunda sín störf þar. Og menntun þeirra er þannig háttað, að hún er alþjóðleg, og eftirspurn eftir verkfræðingum er víða mjög mikil og erlendis bjóðast þessum mönnum kjör, sem yfirleitt munu vera betri en hægt er að gera sér vonir um hér á landi.

Ég held þess vegna, að það sé veruleg hætta hér á ferðum, sem menn verða að gera sér grein fyrir, horfast í augu við. Ég held, að það sé alveg ófyrirsjáanlegt, hvaða dilk þessi lagasetning á eftir að draga á eftir sér. Ég held þess vegna, að það hefði verið það æskilegasta og skynsamlegasta í þessu máli að láta þetta lagafrv. daga uppi á þessu þingi, og ég held, að þetta hefði verið sú skynsamlegasta leið, sem hv. stjórnarflokkar hefðu getað farið í þessu efni. Það hefði verið verðugur dauðdagi og endir á þessum brbl., og með þeim hætti hefði verið fullnægt óskum þeim, sem fyrirsvarsmenn verkfræðinga settu fram við allshn. á fundum hennar, og ég tel það mjög miður farið, að meiri hl. allshn. skyldi ekki geta fallizt á þá meðferð málsins að láta þetta mál eyðast með þeim hætti. Það hefði að mínum dómi farið bezt á því. En með því að halda málinu til streitu og ætla að afgreiða þessi lög, eins gölluð og þau eru og eins óréttlát og þau eru í garð þessarar stéttar, þrátt fyrir þær lagfæringar, sem á þeim hafa verið gerðar og á þeim verða sjálfsagt gerðar eftir till. meiri hl., er ranglætið staðfest. Ég held, að það hefði verið það langæskilegasta að láta þau verða með þessum hætti sjálfdauð hér á þingi. En um það hefur ekki náðst samkomulag í allshn., enda þótt það mætti skilja á hv. frsm. meiri hl., að honum væri í sjálfu sér ekkert gleðiefni að mæla fyrir samþykkt þessa frv., því að þau orð, sem oft voru á tungu hans, voru harmur og harms-

efni, ef ég heyrði rétt, að hann harmaði það eiginlega að þurfa að vera að mæla fyrir þessu og harmaði þá deilu, sem hefði orðið, og annað því um líkt. Undir það er vissulega hægt að taka af heilum huga. En þetta er ekki ráðið til þess að leysa þá deilu og undirbúa jarðveginn fyrir þá lausn í þessum deilumálum, sem hv. frsm. meiri hl. taldi æskilega. Það er alveg víst, að þetta er ekki sá heppilegi máti til þess, að láta kné fylgja kviði og höggva æ ofan í æ í sama knérunn. Það getur hefnt sín.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl., hv. 3. þm. Norðurl. v., hefur nú flutt hér langa ræðu um þetta mál og dregið fram ýmis atriði, sem hann telur þeim brbl. til foráttu. Hann hefur lýst því, að þessi lög væru gölluð, telur þau mjög gölluð, og hann hefur talað um það í undrunartón, að þeim skuli hafa verið breytt í hv. Nd. og að meiri hl. n. í þessari hv. d. leggur til að breyta þeim enn nokkuð. Það út af fyrir sig er ekkert undrunarefni, þótt brbl. sé breytt í meðferð Alþingis. Það hefur oft verið gert, og þær breytingar, sem hafa verið gerðar á þessum l. og fyrirhugað er að gera á þessum l., eru gerðar í samráði við ríkisstj.

Hv. þm., 3. þm. Norðurl. v., lætur sér mjög annt um verkfræðingana, og það út af fyrir sig er ágætt. Það má vel vera, að hv. þm. ætli það, að mér sé ekki mjög annt um íslenzka verkfræðinga, þar sem ég hef staðið að útgáfu þessara l., og ég ætla nú ekki að fara að metast um það við hv. þm., hvor okkar það er, sem ber hag verkfræðinganna meira fyrir brjósti. Hv. frsm. minni hl. talaði um það, að þessi lög mundu e. t. v. verða þess valdandi, að verkfræðingar flyttu úr landi meira en áður, mundu flæmast úr landi vegna harðýðgi stjórnarvaldanna, vegna skilningsleysis stjórnarvaldanna, vegna þess að stjórnarvöldin vilji níðast á þessum stéttum. Þetta er mikill misskilningur. Ríkisstj. vill ekki níðast á þessari stétt. Ríkisstj. veit vel, að það er ekki hægt á Íslandi að vera án verkfræðinganna, og ríkisstj. veit, að það er ekki gagn að því fyrir íslenzka verkfræðinga að hafa sett gjaldskrá, háa gjaldskrá, að mega taka hátt kaup, nema verkefni séu fyrir hendi til þess að vinna að í landinu, og verkefni til þess að vinna að í landinu verður því aðeins, að okkar atvinnuástand og fjárhagsástand sé þannig, að við getum látið vinna að framkvæmdum. Og ég er sannfærður um það, að margir verkfræðingar, þótt þeir hafi mótmælt þessum lögum, hafa gert sér fyllilega grein fyrir því, að það var nauðsynlegt að gefa út þessi lög, eins og komið var. Forsenda þessara laga er skráð hér í frv. og því er lýst, að algert verkfall hafi staðið frá 27. júní og þangað til l. voru gefin út, 17. ágúst. Það var ekki þægilegt að hugsa til þess, að allar framkvæmdir á s. l. ári stöðvuðust, vegna þess að verkfræðingar fengust ekki til starfa.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan og taldi sig hafa góðar heimildir fyrir því, að þegar þessi lög voru gefin út, hafi í rauninni verið komið langt með að ná samningum á milli Stéttarfélags verkfræðinga og atvinnurekenda. Það er þó vitað, að sáttasemjari ríkisins hafði haldið marga sáttafundi með deiluaðilum án árangurs. Og þegar gripið var til þess að gefa út þessi lög til þess að stöðva verkfallið, er vitað, að það bar mjög mikið á milli, og ég held, að ég hafi miklu betri heimildir fyrir því en hv. 3. þm. Norðurl. v., að það vantaði mikið á, að það væri sér draga til samkomulags, heldur var það svo, að það var ekki sýnt, að það næðist neitt samkomulag, og það var ekki fyrr en þá, sem gripið var til þess að gefa út brbl. til að forða vandræðum.

Ég veit, að hv. 3. þm. Norðurl. v. veit þetta og hann skilur þetta. Hv. minni hl. veit það, að á meðan ekki hafði samizt, töldu verkfræðingar vonir til þess, að það yrði samið um allmiklu hærra kaup en það, sem launakerfi ríkisins gerði ráð fyrir, til þeirra verkfræðinga, sem starfa hjá ríkinu. Af því leiddi, að ekki fengust verkfræðingar til ríkisstofnana, á meðan ekki hafði verið samið, vegna þess að allir verkfræðingar vonuðust til, að þeir gætu fengið hærra með samningum á milli atvinnurekenda og Stéttarfélagsins. Nú var hásumar og verkefnin fyrir hendi til þess að vinna að hjá vegagerð, hjá raforkumálunum, hjá vitamálunum, hjá landssímanum og fleiri opinberum stofnunum, en verkfræðingar fengust ekki til starfa. Ég er dálítið undrandi á því, að hv. 3. þm. Norðurl. v. skuli bera hér á borð aðrar eins fullyrðingar og hann var hér með og gefa það í skyn, að þessi brbl. hafi verið gefin út að ástæðulausu, gefa það jafnvel í skyn, að þau séu gefin út vegna skilningsleysis á þýðingu verkfræðingastéttarinnar í landinu og tilhneigingar til að níðast á þessari stétt. Hv. þm. reyndi ekki að gera sér grein fyrir því, hvað hefði skeð, ef þessi lög hefðu ekki verið gefin út, hvaða ástand hefði þá skapazt í landinu. Einn kallar hér fram í og segir, að það hefðu orðið samningar. Það getum við náttúrlega ekkert fullyrt um núna. Við vitum það ekki. (**Gripið fram í:** Það stendur í gerðardómnum.) Kannske hefðu orðið samningar mörgum mánuðum seinna, eftir að mikið tjón hefði af hlotizt, og vitanlega hefðu getað orðið samningar, hvenær sem verkfræðingar hefðu viljað semja upp á eitthvað svipað og það, sem kjaradómur ákvað verkfræðingum, sem starfa hjá ríkinu. Þá hefðu getað orðið samningar. Og ég býst nú við því, að verkfræðingarnir hefðu þreytzt eftir kannske margra, margra mánaða verkfall og þeir hefðu samið. Ég er viss um, að þeir eru það skynsamir, að þeir hefðu gert það. En við máttum ekki við því að bíða eftir því í marga mánuði og láta vertíðina alveg líða, án þess að nokkuð hefði verið gert. Ég býst við því, að fólkið úti á landsbyggðinni hefði ekki verið ánægt

með það, ef engar brýr hefðu verið byggðar á s. l. sumri og ekki hefði verið unnið að vegagerð. Það hefði ekki heldur verið ánægt með það, ef ekki hefði verið hægt að leggja rafmagn út um byggðir landsins eða vinna að raforkuframkvæmdum í kauptúnum og kaupstöðum, vegna þess að verkfræðingar fengust ekki til starfa. Og það hefði verið ákaflega erfitt, hefði landssíminn þurft að stöðva alla sína starfsemi og starfrækslu vegna verkfræðingaskorts. Ég býst líka við því, að það hefði verið kvartað um það víðs vegar um land, ef það hefði þurft að stöðva allar hafnarframkvæmdir, vegna þess að verkfræðingar fengust ekki til starfa.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði um það áðan, að það dytti engum í hug að setja brbl. vegna lögfræðinga, sem starfa ekki hjá ríkinu. Hann talaði um, að það væri ekki rétt að vera að fara í meting um það, hvaða starfsstéttir í þjóðfélaginu væru nauðsynlegastar. Vissulega eru lögfræðingar nauðsynlegir, og við getum ekki án þeirra verið. En lögfræðingar, sem starfa ekki hjá ríkinu, eru náttúrlega ekkert svipað því eins nauðsynlegir og verkfræðingar. Það gerist ekki neitt, þótt lögfræðingur neiti því að taka að sér mál fyrir einstaklinga eða fyrirtæki. Það má bara bíða, þangað til lögfræðingurinn er tilbúinn að starfa. En við Íslendingar, sem erum að byggja upp okkar land, getum ekki án verkfræðinganna verið. Við þolum það ekki, að þeir geri verkfall, og það er þess vegna, sem við settum þessi lög á s. l. sumri, til þess að fá þessa dýrmætu krafta til starfa, og það tókst.

Verkfræðingar eru það skynsamir og þeir eru það skyldurækir við sína þjóð, að þeir vitanlega hlýddu l. Eftir að þau höfðu verið sett, fóru allar framkvæmdir af stað. Verkfræðingar réðu sig hjá ríkinu til vegagerðarinnar, til landssímans, til raforkumálanna, til vitamálanna, og það varð ekki stöðvun í framkvæmdum í landinu. Stöðvuninni var forðað, og það er dálítið undarlegt, að hv. 3. þm. Norðurl. v., sem oft talar af miklum fjálgleik um nauðsyn þess að halda uppi framkvæmdum í landinu, skuli hér á hv. Alþingi gerast talsmaður fyrir því og reyna að verja það ástand, sem hefði komið upp, ef ekki hefðu verið sett þessi lög, sem hér um ræðir, og verkfall verkfræðinga hefði verið dregið á langinn mánuðum saman lengur en það var.

Hv. frsm. minni hl. ræddi um frv., eins og áður er sagt, í fyrsta lagi um gjaldskrána og viðhafði að mínu áliti ekki góð orð um þessa ágætu menn, sem voru skipaðir í gerðardóminn. Hv. þm. fullyrðir, að þeir hafi beinlínis brotið l. Er nú ekki óvarlegt að tala svona? Og er það ekki undrunarefni, að það skuli vera lagaprófessor við Háskóla Íslands, sem leyfir sér það? Ég held, að hv. þm. hafi sagt þetta án þess að hugsa, þótt hann talaði ekki sérstaklega hratt, og ég vil lesa 2. gr. frv. til upplýsinga, með leyfi hæstv. forseta, lesa seinni mgr.:

„Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.“

Það er sagt „hafa hliðsjón“. Það er ekki þar með sagt, að það skuli farið algerlega eftir þessari gjaldskrá, og vitanlega, þegar ákveðin er ný gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, verður að taka það til greina, að kjaradómur úrskurðaði opinberum starfsmönnum mikið hækkuð laun 1. júlí 1963 og að gjaldskráin er alltaf sett að nokkru í samræmi við þau laun, sem ákveðin eru. Þess vegna er það, að nýja gjaldskráin hlaut að hækka mjög mikið með tilliti til þessa, einmitt vegna þess að það átti að hafa hliðsjón af gömlu gjaldskránni og síðari launabreytingum. Og þegar sett voru lög um það 1961, að gjaldskráin frá 1955 skyldi gilda, var því bætt við, að hún skyldi gilda að viðbættum lögleyfðum hækkunum, og þessar lögleyfðu hækkanir voru allmiklar, þannig að það var alls ekki unnið eftir þeim taxta, sem gjaldskráin upphaflega hafði ákveðið, heldur eftir þeim taxta og þeim breytingum, sem á höfðu orðið. Og þegar nú gerðardómurinn fer að gera nýja gjaldskrá með hliðsjón af gjaldskrá 1955 og hliðsjón af öllum þeim hækkunum, sem höfðu orðið, ekki síst með úrskurði kjaradóms 1. júlí 1963, þá skeður það, að nýja gjaldskráin nálgast það í mörgum atriðum að vera í samræmi við þá gjaldskrá, sem Verkfræðingafélagið hafði sett, — í mörgum atriðum. (**Forseti:** Má ég biðja þessa góðu menn, sem eru á áheyrendapöllunum, að hafa hægt um sig.) En þeim, sem fögnuðu þessum ummælum mínum, vil ég segja það, að það var ekki í öllum atriðum, vegna þess að í sumum atriðum var þessi gjaldskrá verkfræðinganna svo öfgakennd, að það mátti finna þess dæmi, að það voru hækkanir upp á 320%, og það var vitanlega verkfræðingum ekki til sóma, hafi þeir sem félag staðið að þeim töxtum, sem þar voru. En í mörgum atriðum nálgaðist úrskurður gerðardómsins það að vera nærri því, sem verkfræðingarnir höfðu óskað, og þess vegna er nú síður ástæða fyrir Verkfræðingafélagið að una ekki þessum l. og þessum úrskurði, vegna þess að þeir hafa nú sagt það margir hverjir, a. m. k. undir fjögur augu og jafnvel í stærri hóp, að kjörin væru nú út af fyrir sig viðunandi, en þeir vilji ekki sætta sig við það, að þau hafi verið sett með lögum. Og nú stendur til að lögfesta hér breytingu, þ. e. að þessi lög gildi ekki lengur en til ársloka 1965.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. fann að því, að upphaflega hafði ekkert tímatakmark verið sett. Það má segja, að það hefði átt að gera það strax, en eins og ég sagði áðan, er það algengt, að brbl. er breytt í meðferð þingsins og lagfærðir agnúar, sem oft eru á slíku, og þessar breytingar eru gerðar með fullu samþykki og í samráði við ríkisstj., sem stóð að útgáfu þessara laga. Ég held, að þegar þetta er athugað með gjaldskrána og meðferð gerðardómsins á

henni, geti hv. þm. og aðrir sannfærzt um, að það var vægast sagt óviðeigandi hjá hv. frsm. minni hl. að fara þessum orðum um gerðardóminn og gerðardómsmennina, að þeir hafi þverbrotið l., þeir hafi í rauninni brugðizt þeim trúnaði og því hlutverki, sem þeir tóku að sér að vinna. Og ég er dálitið undrandi, að einmitt þessi hv. þm. skyldi nú taka svona djúpt í árinni, vegna þess að það er ekki oft, sem hann talar þannig af sér.

Annar þáttur þessara l. er vitanlega kaupið, eins og hefur verið rætt um, og gerðardómurinn hafði hliðsjón af úrskurði kjaradóms um laun verkfræðinga, sem starfa hjá ríkinu. Og gerðardómurinn vildi vissulega líta með sanngirni á það mál og tryggja, að þeir verkfræðingar, sem ekki starfa hjá ríkinu, hefðu ekki lakari kjör en þeir, sem hjá ríkinu vinna. Og gerðardómurinn metur það svo, að þeir, sem ekki vinna hjá ríkinu, þurfi að hafa 5—11% hærri laun en ríkisstarfsmenn vegna annarra hlunninda, sem ríkisstarfsmenn hafa, svo sem lífeyrissjóð og fleiri hlunnindi. Þannig er það, að verkfræðingar. sem starfa ekki hjá ríkinu, hafa nú samkv. þessum l. samkv. úrskurði gerðardóms sambærileg kjör og verkfræðingar, sem vinna hjá ríkinu. Og það var vitanlega aldrei meiningin önnur með útgáfu þessara l. en sú, að verkfræðingar, þótt þeir starfi ekki hjá ríkinu, fengju þeir ekki lakari kjör.

En setjum nú svo, að verkfræðingar hefðu verið alveg frjálsir að setja sér gjaldskrá og ákveða taxta. Hvernig hefði þá farið, hvernig ástand hefði þá skapazt í þjóðfélaginu? Er það nú ekki alveg ljóst, — og ég veit, að verkfræðingar gera sér þetta ljóst, ef þeir vilja hugsa um það, — setjum svo, að þeir verkfræðingar, sem ekki vinna hjá ríkinu, hefðu getað ákveðið sinn taxta sjálfir með gjaldskrá og það kaup, sem þeir vilja hafa. Hefðu þá verkfræðingar, sem starfa hjá ríkinu, sætt sig við það að vera miklu lægra settir? Hefðu aðrir, sem hafa hliðstæða menntun, sætt sig við það? Ég held, að við þurfum ekki að vera í neinum vafa um, að það hefðu þeir ekki gert, og afleiðingin er þá sú, að launakerfið hefði farið úr skorðum, og við hefðum ákaflega lítil verkefni haft fyrir okkar ágætu verkfræðinga, eftir að það hefði skeð.

Við höfum séð fram á það, að hér lægi við stöðvun, við höfum séð fram á það. En sem betur fer, er það ekki þannig nú, vegna þess að nú er uppbyggingin meiri en nokkru sinni áður, og verkefni fyrir verkfræðingana er vissulega nógu mikið nú, og þess vegna vil ég vona, að verkfræðingar uni hlut sínum hér heima og meti það nokkurs að geta helgað fósturjörðinni krafta sína. Og ég held, að verkfræðingar með sinni menntun og þeirri aðstöðu, sem þeir hafa, þurfi ekkert að óttast það, að þeir verði knésettir eða þannig að þeim þrengt, að þeir þurfi að kvíða framtíðinni, það er algerlega ástæðulaust fyrir þá, því að ef einhverjir ætluðu að níðast á þeim, mundi sú tilraun ábyggilega misheppnast.

Sú lagasetning, sem hér um ræðir, vitanlega misheppnast ekki, vegna þess að hún er ekki tilraun til þess að níðast á stéttinni. Hún er ekki tilraun til annars en að forða því, að launakerfið fari úr skorðum, og við getum haldið áfram að starfa, við getum haldið áfram að nema hálfnumið land og byggja upp það, sem við eigum ógert. Og til þess að það megi takast, þurfum við að hafa samvinnu og samstarf við verkfræðingana, og ég er alveg sannfærður um, að það verða ekki verkfræðingarnir, sem bregðast.

Ég vil minna á, að það hefur komið fyrir áður, að gerðardómur hefur verið settur, og það eru í rauninni ákaflega fáir í þessu þjóðfélagi í dag, sem geta ráðið því, hvaða laun þeir taka, — ég segi: fáir, ef bara nokkur. Opinberir starfsmenn búa við kjaradóm. Það er kjaradómur, sem ákveður laun og kjör opinberra starfsmanna. Opinberir starfsmenn óskuðu eftir og gerðu kröfur til að fá 15% kauphækkun í vetur. Kjaradómur úrskurðaði, að þeir skyldu enga kauphækkun fá. Af hverju? Af því að kjaradómur taldi, að opinberum starfsmönnum bæri það ekki borið saman við það, sem aðrar stéttir hafa, og kjaradómur taldi, að eins og stæði væri ekki grundvöllur fyrir kauphækkun. Þjóðarbúið hefði ekki efni á því að hækka kaup meira en orðið er að svo stöddu, og það mundi raska samræmi og jafnvægi, ef kaup hækkaði hjá opinberum starfsmönnum nú. Þess vegna fengu opinberir starfsmenn ekki hækkun. Þeir búa við kjaradóm eða gerðardóm, þeir búa við ófrelsi, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði um hér áðan, að verkfræðingar búi við. Hvernig er það með bændur? Geta þeir ákveðið verð á sínum afurðum? Nei, þeir geta það ekki. Þeir hafa nefnd, sem á að semja um afurðaverðið, og ef ekki semst um það í n., þá er því vísað til gerðardóms, og þannig var það s. l. haust. Það var úrskurðað þar, hvaða verð bændur skyldu fá. Ekki búa þeir við frelsi. Og hvernig er það með sjómenn? Ráða þeir, hvaða kaup þeir fá? Nei, það er úrskurðað samkv. gerðardómi, hvað fiskverðið skuli vera á hverjum tíma. Hvernig er það með verzlunarmenn? Var ekki ákveðið samkv. kjaradómi eða gerðardómi í vetur, hvaða laun þeir skyldu fá? Og verzlunarmenn sætta sig við það, vegna þess að sá úrskurður byggðist á því, að verzlunarmenn fái laun í samræmi við það, sem opinberir starfsmenn hafa fengið. En hvers vegna er ekki öllum gefið frelsi til þess að ákveða, hvað þeir skuli taka í laun? Hvers vegna er það ekki? Hvers vegna er þetta ófrelsi? Liggur það ekki alveg í augum uppi, að við hér heima á Íslandi búum undir sama lögmáli og gerist annars staðar hjá þeim þjóðum, sem búa við lýðræði og eins fullkomið frelsi og hægt er að veita þjóðfélagsþegnunum. Það er ekki hægt að veita þjóðfélagsþegnunum meira frelsi en þetta, sem við búum við, því að ef einhver ætlar að fara að skammta sér sjálfur eftir eigin geðþótta, munum við ekki geta sagt, að við byggjum við menningarþjóðfélag, þá yrði þetta rifrildisþjóðfélag, en ekki menn-

ingarþjóðfélag, sem byggist á samstarfs- og uppbyggingarhugsjón. Það er þannig, að það þarf að vera samræmi í tekjuskiptingunni, og það ber að vinna að því, að hver sem vinnur og vill leggja sig fram beri eins mikið úr býtum og mögulegt er. Og nú þarf ekki að segja hv. þm., að það þýðir ekki og dugir ekki hverju sinni að heimta meira til skiptanna út úr þjóðarbúinu heldur en það, sem til skipta er á hverjum tíma. Það er tilgangslaust að vera að hækka kaupið meira en afkastaaukningin og tekjuaukningin er. Og ég er alveg sannfærður um, að þegar verkfræðingar gera sér grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, undrast þeir það ekki, þótt þeim einum hafi ekki verið gefið frelsi til þess að skammta sér alveg sjálfir á diskinn.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. var hér áðan að tala um iðnaðarstéttirnar. Hann var að tala um það, að múrarar og fleiri iðnaðarmenn ákvæðu sjálfir uppmælingartaxtann. Þetta er náttúrlega hreinn misskilningur, og ég er dálítið undrandi, ef hv. þm. hefur ekki vitað það. Uppmælingartaxtinn er ákveðinn með hliðsjón af tímakaupinu og í samkomulagi á milli sveina og meistara, og seld vinna, hvort sem er í uppmælingu eða tímavinnu, er undir verðlagsákvæðum. Og það er það, sem gerir reginmuninn, að í öðru tilfellinu eru verðlagsákvæði, sem verðlagsstjóri ákveður, hvað útseld vinna má vera, en eins og til var stofnað hjá verkfræðingunum, var alls ekki um neitt slíkt að ræða. Hér er því ekki um neitt sambærilegt að ræða að þessu leyti, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi um, og skal ég ekkert fjölyrða meira um það, að hv. þm. hefur í svipinn ekki gert sér grein fyrir því, en ég veit, að þegar hann fer að hugsa um það, áttar hann sig á því.

Það er í rauninni ástæðulaust að vera að fjölyrða öllu meira um þetta mál. Það er kunnugt, hvers vegna þessi brbl. voru sett. Þau voru sett, þegar sýnt þótti, að samningar á milli vinnuveitenda og verkfræðinga næðust ekki fyrr en þá eftir langan tíma. Og ef lengi hefði dregizt, að verkfræðingar fengjust til starfa, hefði orðið af því stórtjón fyrir þjóðarbúið og fyrir ýmsar þjóðfélagsstéttir og það mikið tjón, að við hefðum lengi ekki borið þess bætur. Þetta veit ég, að hv. 3. þm. Norðurl. v. gerir sér grein fyrir, þegar hann hugsar um það. En af einhverjum ástæðum hefur hann samt talað á móti þessu frv., þótt hann væri að flestu leyti hógvær. Má vera, að það þyki vinsælt nú meðal verkfræðinga að mæla móti þessum l. En trú mín er sú, að dómgreind verkfræðinganna sé nú það mikil, að þeir sjái kjarnann í þessu máli og geri sér fyllilega grein fyrir því, að l. voru sett af nauðsyn, en ekki af tilhneigingu til þess að níðast á þeim. Það held ég, að sé nú alveg ljóst og öruggt. Hitt er svo annað mál og eðlilegt, að í sjálfu sér, þegar svona lög eru sett, sé þeim mótmælt. Það þykir sjálfsagt og skylt að gera það. En það þarf ekki að þýða það, að verkfræðingarnir að athuguðu máli, eftir að þeir hafa kynnt sér allar aðstæður, geri sér ekki grein fyrir því, að þessi lagasetning var nauðsynleg.

Eins og ég sagði áðan, hefur meiri hl. hv. allshn. flutt hér brtt., tvær brtt. Það er við 4. gr. frv., að fyrri mgr. falli niður, og er það vegna þess, að það nægir að hafa seinni mgr., og svo við 7. gr., þ. e. að gildistíminn verði ekki lengri en til ársloka 1965. Einmitt um það leyti fer fram endurskoðun á kjörum opinberra starfsmanna, og er eðlilegt, að gildistími þessara laga renni út um svipað leyti. Verkfræðingar hafa þá aðstöðu til að beita áhrifum sínum með eðlilegum hætti til þess að fá lagfæringar, ef þeim þykir það nauðsynlegt. Ég segi: með eðlilegum hætti, og ég efast ekkert um, að þeir gera það, þeir velja þá leiðina að vinna að sínum kjaramálum með eðlilegum hætti, og því vil ég taka undir það með frsm. meiri hl. hv. allshn., þar sem hann vænti þess, að til þess þyrfti ekki að koma, að gripa þyrfti öðru sinni til útgáfu brbl. á svipaðan hátt og hér hefur verið gert, og það verður vitanlega ekki gert nema af brýnni nauðsyn. Ég get verið sammála hv. frsm. meiri hl., þegar hann harmaði, að það skyldi þurfa að koma til. Það er vitanlega ekkert gleðiefni, þegar góðir menn og mikilsvirtar stéttir lenda í harkalegum deilum, eins og hér er um að ræða. Það er vitanlega miklu skemmtilegra og farsælla, ef það er hægt að leiða þær til lykta með samningum, en ekki með lagaútgáfu, eins og hér hefur verið gert. Og mér finnst það hálfeinkennileg túlkun hjá hv. frsm. minni hl. allshn., þegar hann var að tala um það sem eitthvað óeðlilegan hlut, að hv. frsm. meiri hl. n. lýsti því, að það væri í rauninni ekkert ánægjuefni að þurfa að grípa til þessara ráða. Vitanlega er það ekki. En menn verða að gera fleira en það, sem ánægjulegt þykir, og sannleikurinn er sá, að þegar ég skrifaði undir þessi l., þá tel ég, að ég hafi verið að gera skyldu mína, ég hafi verið að forða þjóðfélaginu frá vandræðum, og ég var vitanlega reiðubúinn til þess að taka á mig óvinsældir og ásakanir í bili fyrir það. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það kemur í ljós, ef það er ekki þegar komið í ljós hjá öllum þorra manna, að þetta var það eina, sem ríkisstj. gat gert og var skyldug til að gera til að forða vandræðum. Þess vegna er það, að ég ætla að láta hér máli mínu lokið. Ég tel sjálfsagt, að þessi brbl. verði staðfest og það þurfi enginn að bera kinnroða fyrir það. Verkfræðingastéttin heldur sínu jafnt fyrir því, og það mun ekki hafa verið hægt að segja með sanni, að það hafi verið á henni á nokkurn hátt níðzt, þótt þessi brbl. fái staðfestingu hér í hv. Alþingi.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. ráðh. er ekki mættur til fundar né heldur hv. frsm. meiri hl. n., sem þetta mál var hjá, en til þeirra beggja hafði ég hugsað mér að beina nokkrum orðum og jafnvel varpa fram nokkrum spurningum í þeirra áheyrn. Ég vil þess vegna hinkra við með ræðu mína

andartak, ef hæstv. forseti leyfir, og bíða þess sérstaklega, að hæstv. ráðh. komi á fundinn. En til þess að nota tímann, þangað til þessar tvær mikilvægu hv. persónur birtast hér í hv. d., vildi ég leyfa mér að lesa upp bréf, sem hv. þm. Ed. hafa borizt og varða málið, sem til umr. er Þetta eru bréf frá samtökum verkfræðinga. Mér hefði fundizt, að þessi bréf verðskulduðu það að verða birt sem fskj. með nál., en svo var nú ekki, og þess vegna tel ég ekki illa farið nú í upphafi míns máls, að ég lesi upp þessi bréf, þannig að þau þó geymist sem skjöl varðandi þetta mál í þingtíðindunum.

Fyrsta bréfið, sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp, er frá stjórn Verkfræðingafélags Íslands. Það er dagsett 12. marz 1964 og hljóðar þannig:

„Frv. til laga um lausn kjaradeilu verkfræðinga liggur nú fyrir Alþingi. Það hefur farið gegnum þrjár umr. í Nd. og er nú komið til Ed. Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi til staðfestingar á brbl. um lausn kjaradeilu verkfræðinga, er sett voru af forseta Íslands hinn 17. ágúst 1963. Var frv. samhljóða brbl. og forsendur allar hinar sömu, en Nd. gerði breyt. á 4. gr. þess. Brbl. og umræddu frv. er ætlað að taka til: a) Launakjara verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum en ríkinu. b) Gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu. Stjórn Verkfræðingafélags Íslands hefur oft rætt þessi lög og frv. og leyfir sér hér með að skora á hv. Alþingi að samþykkja ekki lagafrv. það, sem nú liggur fyrir. Viljum vér áskorun vorri til stuðnings telja eftirtalin rök:

Gjaldskrá: 1. Lagafrv. og bráðabirgðalögum svo og brbl. um gjaldskrá, er staðfest voru á Alþingi sem lög nr. 46 13. apríl 1963, hefur í rauninni verið ætlað að taka til launakjara verkfræðinga. Í orði kveðnu var þeim hins vegar fyrst og fremst beint að gjaldskrá fyrir verkfræðistörf. Í öllum þessum lagasetningum er á grófan og lítt skiljanlegan hátt ruglað saman þessum tveim málum, eins og m. a. kemur fram í heiti frv. og forsendum þess. Þar eru ekki sett fram nein rök fyrir nauðsyn þess að lögbjóða gjaldskrá, enda þótt lögunum sé ætlað slíkt hlutverk. Gjaldskrá er hagsmunamál verkfræðinga, sem reka sjálfstæðar verkfræði- og teiknistofur, og ákveður hún þóknun fyrir selda verkfræðiþjónustu atvinnurekenda. Launakjör verkfræðinga eru hagsmunamál verkfræðinga í launuðum, föstum störfum. Lagasetning um gjaldskrá leysir því enga kjaradeilu verkfræðinga, og misstu því fyrri brbl. um þóknun fyrir verkfræðistörf frá vorinu 1963 algerlega marks, eins og sýnt mun verða fram á hér á eftir.

2. Eins og gerðardómur 1963 sýnir, er það ekki á annarra færi en verkfræðinganna sjálfra að ákveða gjaldskrá fyrir verkfræðiþjónustu. Verkfræðingar samþykktu nýja gjaldskrá, er tók gildi hinn 1. maí 1962. Með brbl., er sett voru 2. maí 1962 og síðar samþ. á Alþingi sem l. nr. 46 13. apríl 1963, var lögfest gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 1955 og þar með felld úr gildi hin nýja gjaldskrá. Gerðardómur sá, sem skipaður var skv. brbl. frá 17. ágúst 1963, komst hins vegar að þeirri niðurstöðu við samanburð gjaldskránna, að gjaldskráin frá 1955 er að sumu leyti orðin óviðunandi og ónothæf sem grundvöllur að ákvörðun þóknunar. Gerðadómur lögfesti síðan nýja gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands að mestu leyti óbreytta. Hin fyrri brbl. voru því ástæðulaus. Samþykkt lagafrv. þess, sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, er af sömu ástæðum tilefnislaus.

3. Einsdæmi er, að hv. Alþingi lögbjóði gjaldskrá sem þessa.

Launakjör. 4. Launamál verkfræðinga eru í höndum Stéttarfélags verkfræðinga, og mun sá aðili væntanlega gera grein fyrir þeirri hlið málsins.

Niðurlag. 5. Tækniþróun er mjög ör. Af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að endurskoða gjaldskrá fyrir verkfræðilega þjónustu og samræma hana nýjungum eftir þörfum hverju sinni. Lögbinding gjaldskrárinnar um óákveðinn tíma kemur í veg fyrir slíkt og er því andstæð hagsmunum verkfræðinga, viðskiptavina þeirra og þjóðarinnar allrar. Mun afleiðingin verða rýrnun verkfræðiþjónustu í landinu, bæði að gæðum og magni.

6. Neðri deild hv. Alþingis gerði þá breytingu á frv., að í 4. gr. þess voru m. a. tekin upp ákvæði um gildistíma ákvarðana gerðardómsins skv. 1. gr., þ. e. dómsorðinu eru þar sett tímamörk eftir árslok 1965. Hins vegar er í frv. ekki gert ráð fyrir neinum mörkum um gildistíma laganna. Ef það yrði samþ., væri búið að svipta um ótiltekinn tíma verkfræðingastéttina, eina allra stétta í landinu, rétti til setningar gjaldskrár fyrir störf sín og samningsrétti um kjör sín, en í staðinn væri kominn til frambúðar lögboðinn gerðardómur um gjaldskrá fyrir útselda verkfræðiþjónustu og launakjör verkfræðinga hjá öllum öðrum en ríkinu, þar sem sérhvert frávik frá dómsorðinu væri lögbrot og varðaði sektum. Í þessu sambandi er rétt að leiða hugann að því, hvað mundi ske, ef fjölmennari stéttir væru beittar slíkum brögðum.

Með tilvísun til framangreindra raka vill stjórn Verkfræðingafélags Íslands endurtaka áskorun sína til hv. Alþingis um að samþykkja ekki frv. til l. um lausn kjaradeilu verkfræðinga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.
Einar B. Pálsson. Geir Arnesen. Egill Skúli Ingibergsson. Ríkharður Steinbergsson. Gunnar Sigurðsson. Páll Flygenring. Guðmundur Björnsson."

Þannig hljóðar bréf Verkfræðingafélags Íslands til þm. Ed., dags. 12. 3. 1964.

Annað bréfið, sem ég les, er frá stjórn Stéttarfélags verkfræðinga. Það er dagsett 13/3 1964 og hljóðar þannig:

„Til þingmanna efri deildar Alþingis, Alþingishúsinu, Reykjavík.

Frv. til l. um lausn kjaradeilu verkfræðinga liggur fyrir hv. Alþingi. Það er borið fram til

staðfestingar á brbl. um sama efni frá 17. ágúst 1963. Frv. hefur farið gegnum þrjár umr. í Nd., þar sem gerðar voru breyt. á 4. gr., m. a. þess efnis, að gildi ákvarðana gerðardóms skv. 1. gr. eru tímamörk. Hins vegar eru lögunum sjálfum engin tímamörk sett. Af tilefni þessa frv. viljum við taka fram eftirfarandi:

1. Í rökstuðningi fyrir brbl. frá 17. ágúst 1963, sem hér um ræðir, og enn fremur í 2. gr. 1. mgr. l. og frv. er hugsanagangurinn þveröfugur við 7. og 20. gr. l. frá 17. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Því hefur einnig margsinnis verið haldið fram af því opinbera, að leiðrétting á kjörum opinberra starfsmanna væri til samræmis við kjör sambærilegra manna hjá öðrum en ríkinu og gæti kjaradómur því alls ekki verið fordæmi að kjarabótum annarra stétta. Þetta sjónarmið er svo augljóslega rétt, að ekki orkar neins tvímælis. En af þessu leiðir það, að það er fjarstæða að gera launakerfi ríkisins að fordæmi fyrir kjörum félagsmanna Stéttarfélags verkfræðinga og gera þar með kjör þeirra, einna allra landsmanna, að afleiðingu af kjörum opinberra starfsmanna. Slík aðferð er bein ofsókn gegn verkfræðingastéttinni.

2. Ekki verður annað séð en að brbl. hafi verið sett til þess að hindra kjarasamninga, svo voru að takast, sbr. grg. verkfræðistofanna, bls. 22—24, í gerðardómi skv. l. nr. 64 frá 17. ágúst 1963. Þetta var gert, enda þótt kjaratillögur vorar hafi allar verið komnar fram, löngu áður en kjaradómur gekk, dómnum verið kunnugt um þær og engin krafa af vorri hendi byggð á kjaradómi.

3. Í desember s. l. urðu um 10—17% kauphækkanir, sem náðu til allflestra stéttarfélaga í landinu. Síðan hafa aðrar stéttir einnig fengið kjarabætur til samræmis við þessar kauphækkanir, m. a. bændur og kaupmenn. Eftir svona miklar og almennar kjarabætur eru brbl. orðin að tvímælalausum áníðslulögum, sem ber að nema úr gildi án tafar.

4. Verkfræðingar hafa frá upphafi litið á l. sem skerðingu á mannréttindum sínum, þar sem þau meina þeim frjálsa samninga um kjör sín, á sama tíma og öðrum stéttum eru samningar frjálsir, og geta alls ekki sætt sig við slíka meðferð.

Í upphafi þessa máls var að því vikið, að gildistíma laganna væru engin takmörk sett, heldur eru í 4. gr. frv. sett tímamörk fyrir dómsorði gerðardómsins skv. 1. gr. Með þessu, ef að lögum yrði, væri verkfræðingastéttin svipt ótímabundnum samningsrétti um kjör sín og verkfallsrétti, sem er helgur réttur allra stéttarfélaga. Stéttarfélag verkfræðinga hefur frá stofnun þess fyrir tíu árum starfað skv. l. nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Samþykkt frv. mundi m. ö. o. jafngilda afnámi þeirra l. að því er verkfræðingastéttina snertir. Það er vandséð, hvaða heilbrigðum, uppbyggjandi tilgangi lagasetning af þessu tagi eigi að þjóna. Þvert á móti er augljóst, að með samþykkt frv. væri farið inn á braut, sem leiðir til úlfúðar og átaka í samfélaginu. Það er ástæða til að hugleiða, hvers konar þjóðfélag væri upp risið í landinu, ef þessi aðferð væri notuð við allar stéttir.

5. Á árunum 1961—1962, þegar unnið var eftir ráðningarskilmálum verkfræðinga frá 7. júlí 1961, kom stöðvun á brottflutning verkfræðinga úr landinu. Nú, síðan brbl. voru sett, hefur aftur vaknað greinileg tilhneiging verkfræðinga til þess að leita erlendis til starfa. Ástæðan til þessa er að sjálfsögðu hin óvinsamlega hegðun ríkisvaldsins gagnvart verkfræðingastéttinni. Með þessu er í reynd unnið gegn verkmenningu landsmanna og þar með efnahagskerfinu og hagsmunum þjóðarinnar.

6. Vér viljum að lokum vísa til gerðardóms skv. l. nr. 64 frá 17. ágúst 1963 og allra hans gagna til upplýsingar á kjaradeilu verkfræðinga.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið og vitnað til, leyfum vér oss að treysta því, að hv. Alþingi nemi úr gildi umrædd lög.

Virðingarfyllst,

Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga.
Gunnar H. Bjarnason. Ragnar Árnason. Jóhann Indriðason. Haukur Pálmason. Gunnar H. Pálsson. Egill Skúli Ingibergsson. Gunnar Baldvinsson. Páll Lúðvígsson. Jón Guðmundsson."

Þriðja bréfið, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, er frá Verkfræðingafélagi Íslands, dags. 20. 3. 1964:

„Verkfræðingafélag Íslands hélt í gær sérstakan félagsfund, þar sem rætt var um frv. það til l., sem ætlað er að lögbinda gjaldskrá fyrir verkfræðistörf og launakjör verkfræðinga hjá öðrum aðilum en ríkinu. Að loknum umr. var gerð eftirfarandi fundarsamþykkt:

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til l., sem felur í sér lögbindingu á bæði gjaldskrá fyrir verkfræðistörf og launum þeirra verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum en ríkinu. Ef frv. verður að l., geta verkfræðingar hvorki sett gjaldskrá né gert samninga um kjör sín. Félagsfundur í Verkfræðingafélagi Íslands þann 19. marz 1964 telur fráleitt að svipta þannig stétt manna sjálfsögðum mannréttindum og skorar á Alþingi að afgreiða ekki umrætt lagafrv.

Vér leyfum oss hér með að koma þessari fundarsamþykkt á framfæri við yður.

Virðingarfyllst.

F. h. Verkfræðingafélags Íslands.
Einar B. Pálsson. Hinrik Guðmundsson."

En bréfið er stílað til mín.

Ég hef þá lesið upp þessi þrjú bréf, sem fjalla um þetta mikilvæga mál, og gert það fyrst og fremst í því skyni, að það megi geymast ásamt öðrum plöggum um þetta mál í Alþingistíðindum.

Nú sé ég, að hv. frsm. nefndarmeirihl. er kominn á fundinn, en mig langaði til að fara örfáum orðum um þá ræðu, sem hann flutti hér í dag.

Ræða frsm. meiri hl. var ekki löng, en ég hygg, að hún hafi samt á ýmsa lund verið lærdómsrík, og ég held, að meira megi læra

af því, sem þar var ekki sagt, heldur en af því, sem sagt var. Hv. frsm. meiri hl. hafði orð á því í upphafi sinnar ræðu, að þetta frv. hefði nú verið alllengi til meðferðar í hv. d. Þetta er rétt. Það mun hafa verið 12. og 16. marz, sem 1. umr. um málið fór fram hér í hv. d., og síðan hefur það legið hjá n., þ. e. a. s. það er búið að liggja um nærri því tveggja mánaða tíma í n. En allt um það, þótt tíminn sé þetta langur, þá er hann að mínum dómi ekki nógu langur, því að hann átti ekki að vera tveir mánuðir, tíminn sem frv. lægi hjá n., hann mátti gjarnan vera eilífur, og eins og fram hefur verið tekið hér fyrr í dag, hefði farið bezt á því, að þetta frv. hefði aldrei komið frá n. til 2. umr.

Hv. frsm. meiri hl. hafði orð á því, að það væri mjög hörmulegt að þurfa að grípa til slíkra ráðstafana sem þessara brbl. Víst var það hörmulegt að grípa til slíkra ráðstafana. En hver segir, að það hafi þurft að gera það? Þetta fullyrti þó hv. frsm., að það hefði þurft að grípa til slíkra ráðstafana. Hann gerði ekki minnstu tilraun til að finna þessum orðum sínum stað. Það bar honum þó að gera sem frsm. meiri hl. Og yfirleitt var það sérstaklega áberandi við ræðu þessa ágæta manns, hv. frsm. nefndarmeirihl., að hann hliðraði sér algerlega hjá að ræða málið. Hann hliðraði sér hjá, eins og hann sagði sjálfur, að rekja málsatriðin. Ég skil þetta í raun og veru ofboð vel. En þar fyrir get ég ekki tekið slíkt sem góða og gilda vöru af nefndarmeirihluta, að hliðra sér þannig hjá að ræða málefnið, sem til umræðu er. En ég skil hv. frsm. Ég þykist þess fullviss, að hann hafi hliðrað sér hjá að ræða málsatriðin vegna þess, að hann hefur skömm á öllu málinu, eins og það liggur fyrir. Hann vill eiga sem minnstan hlut í afgreiðslu þessa máls á Alþ. Þetta er a. m. k. mín skýring á því, að hv. frsm. meiri hl. hliðraði sér hjá að ræða málsatriðin. Ég hef það álit á honum, að hann muni ekki langa til að blanda sér mikið inn í þetta leiðindamál. En sérstaklega hef ég þó ætlazt til þess af honum og geri enn, að hann geri grein fyrir því í hv. deild, hvers vegna hafi þurft að grípa til þessara ráðstafana, svo hörmulegar sem hann telur þær vera.

Ég hef hlustað á ræðu hæstv. ráðh. um þetta mál, og ég hef aldrei fengið skýringu á því, hvers vegna það hafi þurft að grípa til þessara ráðstafana, hvers vegna ekki eru a. m. k. reyndar aðrar leiðir áður af stjórnarvöldunum.

Herra forseti. Nú er ég þar kominn í ræðu minni, að ég hefði viljað beina nokkrum orðum að því, sem hæstv. ráðh. sagði við 1. og 2. umr. þessa máls, og ef hæstv. ráðh. er ekki kominn í húsið, þá vil ég mælast til þess, að hæstv. forseti geri fundarhlé. (**Forseti:** Ég vil geta þess, að hæstv. ráðh. hefur verið gert aðvart um óskir hv. þm., en hvort hann kemur, það get ég ekki sagt um og hef ekki vald til að skipa honum hingað.) Herra forseti. Ég læt mér ekki koma til hugar, að hæstv. ráðh. sé flúinn af hólmi, og ég vil ekki taka það sem góða og gilda vöru, að hann sé flúinn af hólminum. Ef hann hefði flúið af hólminum og tekið þetta frv. með sér út úr þinginu, þá hefði ég ekki harmað, þótt hann kæmi ekki, en því er ekki að fagna, og ég vil enn þá ítreka það, að hæstv. forseti geri nokkurra mínútna fundarhlé. En ef hæstv. forseti vill ekki gera það, þá get ég svo sem staðið hér nokkrar mínútur, meðan beðið er eftir hæstv. ráðh. (**Forseti:** Það eru fleiri á mælendaskrá, og ef hv. þm. vill hvíla sig í bili, þá er rétt, að hann geri það og næsti maður á mælendaskrá taki til máls.) Herra forseti. Ég hef ekki lokið ræðu minni. (**Forseti:** Já, en varla ætlar þm. að fara að standa í ræðustólnum og tefja starf þingsins þannig.) Ætlar hæstv. forseti að leyfa mér að halda áfram þessari ræðu þá á eftir, sem ég taki til máls í fyrsta sinn? (**Forseti:** Já, ræðunni er frestað.) — [Frh.]

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði í þessu máli, sem mig langar til að drepa lítillega á.

Hv. 9. þm. Reykv. var að lesa hér úr bréfum frá samtökum verkfræðinga. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að í bréfi frá Stéttarfélagi verkfræðinga hafi staðið eitthvað á þá leið, að kjaradómur opinberra starfsmanna gæti ekki orðið fordæmi að kjörum annarra stétta, vegna þess að kjaradómurinn ætti að samræma kjör ríkisstarfsmanna við þau kjör, sem sambærilegar stéttir hefðu á vinnumarkaðnum, og þess vegna gætu niðurstöður kjaradóms ekki orðið til þess að ýta undir kaupkröfur hjá öðrum stéttum eða vera fordæmi að þeim.

Þetta er því miður hinn herfilegasti misskilningur. Um það er öllum kunnugt, að kjaradómur kvað upp sinn úrskurð um launakjör opinberra starfsmanna hinn 3. júlí í fyrra, og það er líka sjálfsagt öllum kunnugt um, hverjar afleiðingar urðu af því og hverjar undirtektir verkalýðshreyfingarinnar urðu, þegar þessi úrslit birtust. Í þeirri kjarabaráttu, sem verkalýðsfélögin hófu svo á s. l. hausti og endaði með samningunum í des., var það alltaf ein aðalröksemdin fyrir þeim kröfum, sem þar voru hafðar í frammi, að þær stéttir ættu rétt á sambærilegri hækkun og opinberir starfsmenn hefðu fengið með kjaradómnum 3. júlí. Og meira að segja ein stétt, sú stéttin, sem fékk mesta kauphækkun um áramótin, þ. e. a. s. verzlunarmennirnir, þeir beinlínis gerðu þá samþykkt á fundi eða ráðstefnu, sem þeir tóku þátt í, að þeir heimtuðu sömu kjör og verzlunar- og skrifstofufólk hefði hjá ríkinu. Ég hef að vísu ekki þau gögn öll við höndina, en það er hægt að vitna í fjöldamörg blaðaummæli og samþykktir frá verkalýðshreyfingunni, þar sem kjarakröfur þeirra eru rökstuddar með þeirri kauphækkun, sem opinberir starfsmenn fengu með kjaradómi í júlí í fyrra. Og þetta var einmitt ein aðalástæðan fyrir því, að kjaradómurinn synjaði ríkisstarfsmönnum um 15% hækkun 1. apríl s. l., eða sú hækk-

un átti að gilda, ef veitt hefði verið, frá s. l. áramótum, einmitt vegna þess að kjaradómurinn taldi, að það væri ekki hægt að veita ríkisstarfsmönnum kauphækkun vegna kauphækkana annarra stétta, sem beinlínis hefði leitt af kauphækkunum opinberra starfsmanna árið áður, þannig að því væri ekki hægt að halda áfram. Ég tel því, að þessi tilvitnuðu orð um það, að kjaradómur um kjör opinberra starfsmanna gæti ekki orðið fordæmi að kjarakröfum fyrir aðrar stéttir, séu á algerum misskilningi byggð og reynslan hafi tvímælalaust sýnt það.

Hér í þessum umr. hefur gjaldskrá verkfræðinga nokkuð borið á góma, og ég get vel fallizt á það, að almennt séð gegni nokkuð öðru máli um gjaldskrá heldur en launakjör þeirra verkfræðinga, sem eru launþegar eða taka mánaðarkaup. Og það hefur réttilega verið bent á það, að aðrar stéttir hafi um sínar gjaldskrár ekki þurft að sæta slíkum skilmálum sem verkfræðingarnir eða slíkri meðferð. Ég held, að ástæðan til þessa liggi fyrst og fremst í því, að hjá verkfræðingastéttinni sé tiltölulega auðvelt að skipta úr mánaðarkaupi eða föstum launakjörum og yfir í gjaldskrárkjör. Meðan þessir svokölluðu ráðningarskilmálar verkfræðinga voru í gildi, sem voru ekki viðurkenndir nema af einhverjum takmörkuðum hópi atvinnurekenda, þá hygg ég, að málið hafi gengið þannig fyrir sig, að þeir verkfræðingar, sem áður höfðu verið mánaðarkaupsmenn eða launþegar, réðu sig raunverulega upp á gjaldskrárkjör, en það voru dregnar frá einhverjar prósentur vegna vinnuaðstöðu og húsnæðis, sem atvinnuveitandinn veitti. Þannig gat það vel komið út, að verkfræðingurinn gagnvart sínu stéttarfélagi gat sýnt fram á það, að hann næði þeim kjörum, sem ráðningarskilmálarnir heimtuðu, þó að hann gagnvart atvinnurekandanum tæki þóknun fyrir sín störf skv. gjaldskrá. Og einmitt þessi nánu tengsl, sem þannig gátu átt sér stað á milli gjaldskrárinnar og almennra launakjara, hvernig hægt væri að nota þessa gjaldskrá sem dulbúna kjaraákvörðun fyrir þá, sem raunverulega voru launþegar, voru orsök þess, að óhjákvæmilegt var að taka gjaldskrána með, ef slík lög sem þessi áttu að ná tilgangi sínum.

En það hefur borið hér nokkuð á góma gjaldskrár annarra stétta, við skulum segja t. d. lögfræðinga, tannlækna, endurskoðenda, arkitekta og annarra þvílíkra, og yfirleitt er það svo, að þessar stéttir hafa fullt frelsi um það að ákveða sínar gjaldskrár. Nú vita allir, að það eru ákaflega fáar stéttir og naumast nokkrar, sem hafa fullt frelsi, eða ef maður orðaði það svo: sjálfdæmi um sín kjör. Launþegar í landinu verða yfirleitt að semja um sín kjör við atvinnurekendur, og því hefur verið lýst hér í umr., hvernig kjör bænda eru ákveðin, hvernig fiskverð er ákveðið, hvernig kjör opinberra starfsmanna eru ákveðin o. s. frv. Kaupmenn og atvinnurekendur verða í mjög mörgum tilfellum að sæta verðlagsákvörðunum um verð á þjónustu og vörum, sem þeir selja. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að raunverulega ættu gjaldskrár allra þessara stétta, sem ég var að tala um áðan, verkfræðinga, lögfræðinga, arkitekta, endurskoðenda og hverjir það nú eru, allar gjaldskrár allra þessara stétta ættu að sæta verðlagsákvæðum. Ég sé í raun og veru ekkert réttlæti í því, að þegar t. d. láglaunafólk eða aðrar stéttir þjóðfélagsins þurfa að heyja harða kjarabaráttu og oft og tíðum fyrir því að fá kjör sín bætt og fá kannske 5 eða 10 eða 15% kauphækkun eða hvað það er í hverju tilfelli, þá geti aðrar stéttir hálaunamanna, eins og lögfræðingar, verkfræðingar eða hverjir það nú eru, með einu pennastriki hækkað sín laun margfalt meira. En það get ég þó tekið skýrt fram, að hvað sem skoðunum mínum á þessu líður, þá getur það auðvitað ekki staðizt til frambúðar, að um þessar gjaldskrár gildi mismunandi reglur, þær verða allar að sæta sömu örlögum.

Fyrir u. þ. b. 10 árum, — ég man ekki nákvæmlega, hversu langt það er, það skiptir ekki heldur höfuðmáli, — þá brutust verkfræðingar út úr launakerfi ríkisins. Þá var stofnað stéttarfélag. Þetta stéttarfélag gerði ekki eingöngu samninga við vinnuveitendur, heldur einnig við opinbera aðila, bæjarfélög og ríki, og reyndin varð sú, að svo að segja allir verkfræðingar, sem unnu hjá ríkinu, og ekki voru þá yfirmenn eða forstöðumenn stofnana, þeir hurfu úr þjónustu ríkisins sem opinberir starfsmenn, en unnu áfram í sínu starfi eftir þeim kjörum, sem kjarasamningar stéttarfélagsins við ríkið sögðu fyrir um. Með þessu móti náði þessi stétt miklu betri kjörum en aðrar hliðstæðar stéttir í þjónustu ríkisins. Og ég hygg, að í raun og veru hafi verkfræðingar á þeim tíma haft samúð ákaflega margra manna í þessari kjarabaráttu sinni vegna þess, hve launin hjá ríkinu og hinu opinbera fyrir störf manna, sem eru menntaðir og gegna ábyrgðarmiklum störfum, voru mjög svo lág. Síðan líður langur tími, og ég skal ekki rekja þá sögu, nema verkfræðingarnir halda áfram, þeir sem unnu hjá ríkinu, að starfa samkv. gildandi kjarasamningi stéttarfélagsins, eins og hann var á hverjum tíma. Og í raun og veru má segja, að verkfræðingarnir hafi brotið ísinn, að það hafi e. t. v. að verulegu leyti verið þeirra verk, að um síðir fengu þeir ríkisstarfsmenn, sem vinna störf, þar sem sérstaklega eru gerðar kröfur til menntunar og ábyrgðar, miklar kjarabætur með þeim kjaradómi, sem kveðinn var upp í fyrra og grundvallaðist á l. frá 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og þeim samningsrétti, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fékk þá fyrir sína meðlimi, en ef ekki tækjust samningar, þá átti kjaradómur að skera úr, eins og kunnugt er. Það var þannig í fyrsta skipti, að það náðust aðeins samningar um skipunina í launaflokka, en ekki um launin sjálf, og það var kjaradómurinn, sem ákvað þau. Við uppkvaðningu kjaradóms fengu ýmsar stéttir, þessar betur launuðu, þær sem

kallaðar eru hátekjustéttir, þá fengu þær mjög mikla kauphækkun, og satt að segja þótti mörgum meira en nóg um þá miklu hækkun, sem þá átti sér stað. En þá skeður það, sem ég tel, að hafi mjög miður farið, að Stéttarfélag verkfræðinga ætlar sér eða virðist hafa ætlað sér, á sama hátt og það braut niður launakerfi ríkisins fyrir 10 árum, eða hversu langt það er, það ætlar sér nú á nýjan leik að brjóta niður þetta nýja launakerfi hjá ríkinu, þó að það kerfi væri verkfræðingastéttinni og öðrum hliðstæðum stéttum miklu hagstæðara en gamla kerfið var. Þetta sést ljóslega af því, að Stéttarfélag verkfræðinga boðar til verkfallsins 27. júní, þ. e. a. s. 3 dögum áður en von var á því, að kjaradómurinn kvæði upp úrskurð sinn, sem reyndar varð ekki fyrr en 3. júlí. Svo er ekki nóg með það, að þeir láti við þetta sitja gagnvart ríkinu. Strax eftir uppkvaðningu kjaradóms fer ríkið að gera ráðstafanir til að ráða verkfræðinga til ríkisstofnana á grundvelli kjaradómskjara, ráða þá til sín sem opinbera starfsmenn samkv. l., þannig að þeirra réttarstaða færi eftir l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Og í sjálfu sér hefði þetta allt átt að ganga sæmilega auðveldlega fyrir sig. En reyndin varð allt önnur. Stéttarfélag verkfræðinga rís upp og segir, að með þessum ráðningum sé ríkisvaldið að fremja verkfallsbrot, þetta sé algerlega óleyfilegt. Og Stéttarfélag verkfræðinga ræðst í mjög vanhugsaða málssókn fyrir félagsdómi, þar sem það ákærir ríkið fyrir verkfallsbrot og ætlar að reyna með málaferlum að stöðva ráðningu verkfræðinga til ríkisstofnana samkvæmt kjaradómskjörum. Þessi málssókn þeirra mistókst nú, því að dómurinn, félagsdómur, dæmdi ríkinu þetta fyllilega heimilt, eins og kunnugt er. En þegar það lá ljóst fyrir, að ríkið hafði allan rétt í þessum efnum, þá var samt ekki numið staðar, heldur tók Stéttarfélag verkfræðinga upp skæruhernað gagnvart ríkinu, því að ýmsar ríkisstofnanir gripu til þess ráðs, eftir að félagsdómur hafði kveðið upp sinn úrskurð, að auglýsa eftir verkfræðingum, og sumar þeirra fengu eitthvað af verkfræðingum, en hjá öðrum gekk þetta miklu miður, og það var vitað mál, að Stéttarfélag verkfræðinga beitti áhrifum sínum og samtakamætti sínum og ákvæðum sínum á félaga sína til þess að koma í veg fyrir, að þeir sæktu um þessar stöður, þ. e. a. s. með þessu móti var raunverulega tekinn upp skæruhernaður gagnvart ríkisvaldinu, og það má kannske segja, að það sé skiljanlegt og mannlegt, að Stéttarfélagi verkfræðinga hafi fallið það miður, að ýmsir verkfræðingar voru að ráða sig hjá ríkinu sem opinberir starfsmenn, þ. e. a. s. sem menn, sem ekki mættu gera verkfall, og Stéttarfélaginu hafi fundizt, að þar með væri aðstaða þeirra á ýmsan hátt lakari en áður í kjarabaráttunni, þegar þessi hópur manna var kominn þarna undan þeirra kjarasamningum. En það var auðvitað augljóst mál, að það var ekki hægt fyrir ríkisvaldið að láta svona vinnubrögð viðgangast. Og ég tel einmitt, þó að það væri um þessi mál öll hægt að segja margt, að þetta hafi í raun og veru verið undirstaðan að því, að óhjákvæmilegt reyndist, því miður, að grípa til þessarar lagasetningar. Það var það, að Stéttarfélag verkfræðinga hafði lagt þá áætlun að brjóta hin nýju kjaradómskjör, brjóta það kerfi á bak aftur, alveg eins og þeim tókst fyrir 10 eða 12 árum eða hvað það er langt. Þá gegndi allt öðru máli en nú, og það þarf auðvitað ekki að lýsa því, á meðan ríkisstofnanir bjuggu við alvarlegan verkfræðingaskort, hvaða afleiðingar það hafði fyrir allar framkvæmdir í landinu.

Ég vil að lokum leyfa mér að vona, að Stéttarfélag verkfræðinga sé nú reynslunni ríkara og það sjái, að með því framferði, sem það viðhafði gagnvart ríkisvaldinu á s. l. sumri, var það að reisa sér hurðarás um öxl. Og ég vænti þess, þegar þessi lög eru úr gildi fallin, að þá muni viðhorf þeirra breytast í þessum málum og þeir ekki framar reyna að koma í veg fyrir það, að ríkið ráði til sín verkfræðinga, eins og menn úr öllum öðrum stéttum, sem það ræður sem opinbera starfsmenn og eru þá að sjálfsögðu komnir út fyrir það svið, sem kjarasamningar sambærilegra stéttarfélaga á frjálsum vinnumarkaði ná til. Þegar verkfræðingasamtökin átta sig á þessu, þá tel ég, að þegar þessi lög eru úr gildi fallin, þá muni vera miklu ríkari ástæða til þess að vænta friðar og sátta í þessum málum.

Alfreð Gíslason [frh.]: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. er nú mættur til fundar, og því get ég haldið áfram máli mínu. Ég vona, að ég hafi ekki talað neitt illa um hæstv. ráðh., meðan hann var fjarverandi. Ég sagði að vísu, að ég tryði því ekki, að hann væri flúinn af hólmi, enda var svo ekki. Ég vona, að hann taki það ekki upp sem neina nauðung, þótt til þess sé ætlazt, að hann mæti hér í þessari hv. d. við 3. umr. þessa máls, því að nauðung vildi ég sízt af öllu beita hæstv. ráðh., og aldrei dytti mér í hug að bera fram frv. til neins konar nauðungarlaga um ráðh.

Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir efni þessa frv. í stórum dráttum og séð frá mínum bæjardyrum. Ég benti á, að launakjör verkfræðinga, sem vinna hjá öðrum en ríkinu, skyldu samkv. frv. ekki í framtíðinni ákveðin með kjarasamningi viðkomandi aðila. Ég benti á, að það væri gerðardómur, sem eftirleiðis skyldi að öllu ákveða kjör þessarar stéttar, og ég benti á, að gerðardómur ætti í senn að setja verkfræðingum, sem vinna sjálfstætt, gjaldskrá og við setningu hennar hafa hliðsjón af gamalli og úreltri gjaldskrá, og að gerðardómur ætti jafnframt að ákveða laun þeirra verkfræðinga, sem eru í annarra þjónustu. Ég benti á, að í þessu frv. fælist, að verkfræðingum í þjónustu einkaaðila yrði eftirleiðis bannað með öllu að gera verkfall, og ég benti á, eins og málið horfði við, að með frv.

væri stefnt að því, að öll þessi réttindi skyldu tekin af verkfræðingastéttinni um aldur og ævi.

Þetta er efni frv., ef allar umbúðir eru utan af því teknar. Í þessu frv. eru öll grundvallarréttindi frjálsra launþegasamtaka fótum troðin og að engu gerð. Ég benti á, að slíku tilræði ríkisvaldsins við lýðfrelsi almennt bæri að mótmæla kröftuglega og þá skipti ekki máli, hvort um væri að ræða fámenna stétt eða stétt, sem væri fjölmenn. Við 1. umr. greindi ég nokkuð frá því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefði frá upphafi vega lagt samtök verkfræðinga í einelti. Haustið 1959 sagði Stéttarfélag verkfræðinga upp kjarasamningum, og munu þeir hafa gengið úr gildi seint á því ári. Síðan var á annað ár unnið án samninga, og það var fyrst á miðju ári 1961, að félagið boðaði vinnustöðvun, og það má segja, að allan þann tíma og æ síðan hafi hæstv. ríkisstj. beitt sér gegn hagsmunamálum verkfræðinga og ekki aðeins komið í veg fyrir samninga þeirra við ríkisstofnanir, heldur einnig att öðrum atvinnurekendum gegn þeim.

Svo er það sumarið 1962, að hæstv. ríkisstj. grípur til örþrifaráða í fyrsta sinn og gefur út nauðungarlög um gjaldskrá verkfræðinga. En þau lög, eins og þau lög, sem nú eru til umr., voru vindhögg og þegar hæstv. ríkisstj. varð það ljóst, að svo var um þessi bráðabirgðalög hennar, þá gaf hún bara út nýj þvingunarlög, enn viðtækari og enn öfgafyllri en hin fyrri. Þessi síðari brbl. voru gefin í ágúst 1963, og er nú með þessu frv., sem hér liggur fyrir, leitað staðfestingar Alþ. á þeim.

Á þetta benti ég í ræðu minni við 1. umr. þessa máls. Hæstv. ráðh. tók til máls á eftir. Ég minnist þess sérstaklega úr hans ræðu, að hann fullyrti, að verkfræðingar hefðu sætt sig við brbl. og sumir þeirra væru jafnvel ánægðir með þau nú orðið, sagði hæstv. ráðh., en það var í marz s. l. Mér kom þetta spánskt fyrir sjónir, þegar hæstv. ráðh. sagði þetta, því að samtök verkfræðinga höfðu einróma mótmælt lögunum þegar eftir setningu þeirra í ágúst 1963. En ég fór að spyrja sjálfan mig á eftir, hvort hugur verkfræðinganna til l. hefði breytzt síðar, þannig að hæstv. ráðh. hefði þrátt fyrir allt rétt fyrir sér í þessu máli. Ég fékk fljótt svar við þessu. Verkfræðingafélag Íslands gaf sitt álit einmitt sömu dagana, sem frv. var hér til 1. umr., og sömu dagana og hæstv. ráðh. lýsti svo fagurlega ánægju verkfræðinganna með l., og Stéttarfélag verkfræðinga gaf sitt svar daginn eftir, og svörin eru ótvíræð. Verkfræðingafélag Íslands skorar í bréfi sínu til þm. Ed., dags. 12. marz s. l., á Alþ. að samþykkja ekki þetta lagafrv. Degi síðar, eins og ég sagði áðan, 13. marz, skrifar Stéttarfélag verkfræðinga þm. bréf, þar sem því er treyst, að Alþ. nemi úr gildi brbl., og á það bent, að þau séu orðin að tvímælalausum áníðslulögum, sem feli í sér beina ofsókn gegn verkfræðingastéttinni, eins og komizt er að orði í bréfinu. Undir þessi kröftugu mótmæli skrifa nöfn sín allir stjórnendur beggja félaganna, 7 talsins í öðru félaginu og 9 í hinu. Þetta er þá öll ánægjan, sem hæstv. ráðh. hafði svo falleg orð um hér við 1. umr. málsins. Og ég get bætt því við, að það eru ekki aðeins stjórnir þessara félaga, sem mótmæla. Almennur félagsfundur í Verkfræðingafélagi Íslands, haldinn 19. marz 1964, gerði samþykkt varðandi frv., og segir í henni, að fundurinn telji fráleitt að svipta stétt manna sjálfsögðum mannréttindum, eins og gert sé í brbl., og skorar fundurinn á Alþ. að afgreiða ekki umrætt frv. Hæstv. ráðh. sagði í sinni fyrstu ræðu, að verkfræðingar sættu sig við l. og sumir þeirra væru meira að segja ánægðir með þau. En þarf frekar vitnanna við, hér liggja skjalfest mótmæli stéttarfélaganna, skjalfest mótmæli þeirra og óánægja með lögin.

Ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni nú vegna þess, að ég held, að allur málflutningur hæstv. ráðh. í þessu máli sé á sömu bókina lærður og þessi yfirlýsing hans um ánægju verkfræðinganna. Allar röksemdir hans og málflutningur í heild er í stíl við þessa yfirlýsingu, sem hann gaf hér í hv. d. í upphafi umr. um málið.

Hv. frsm. nefndarminnihl. ræddi hér í dag um gjaldskrá verkfræðinga og gerði því máli mjög góð skil. Hann benti á, að verkfræðingar hefðu talið gjaldskrá þá, sem sett var 1955, ónothæfa og úrelta. Hann benti einnig á, að í frv. því, sem hér liggur fyrir, væri þó gert ráð fyrir því, að gerðardómurinn við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf skyldi hafa hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 1955, en ekki af þeirri gjaldskrá, sem verkfræðingar síðar hefðu sett sér, en hún var sett 1962. Frá þessu greindi hv. frsm. minni hl. Síðan sagði hann frá því, að gerðardómur hefði ekki getað unað þeirri fyrirskipun, sem honum var gefin í brbl., við athugun hefði dómurinn komizt að raun um, að það væri ógerlegt að styðjast við gjaldskrána frá 1955, og að gerðardómurinn hefði sniðgengið ákvæði 2. gr. brbl. og þvert ofan í það ákvæði lagt gjaldskrá frá apríl 1962 til grundvallar nýju gjaldskránni, sem gerðardómurinn setti. Hæstv. ráðh. gerði þetta að umtalsefni í sinni ræðu áðan, og hann virtist ákaflega hneykslaður á orðum hv. frsm. minni hl., að hann skyldi leyfa sér að bera annað eins á borð og það, að gerðardómur bryti lög, sniðgengi lög. Og það er vegna þessarar hneykslunar hæstv. ráðh., að ég fer að tala um þetta, annars hefði ég ekki á það minnzt, því að svo góð skil gerði frsm. nefndarminnihl. því máli í dag.

En hæstv. ráðh. virtist vilja mótmæla algerlega ummælum hv. frsm. minni hl. Hvað er satt í þessu og rétt? Hv. frsm. minni hl. gerði grein fyrir máli sínu, og ef ég geri grein fyrir málinu nú, þá geri ég það með nákvæmlega sömu orðum og hann gerði. En ég held, að það sé engin vanþörf á þeirri endurtekningu.

Í 2. gr. brbl. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf

unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar."

Þetta segir í 1. Gerðardómnum er skipað að hafa hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, ekki þeirri frá 1962, heldur þeirri frá 1955. En hvað hefur gerðardómurinn sjálfur að segja um þetta mál? Gerðardómurinn segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómurinn hefur eftir föngum kynnt sér ákvæði gjaldskrárinnar frá 1955 um þóknun fyrir ákvæðisvinnu, svo og hliðstæð ákvæði í frv. að gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá apríl 1962. Við samanburð gjaldskránna hefur komið í ljós, að gjaldskráin frá 1955 er að sumu leyti orðin óviðunandi og ónothæf sem grundvöllur að ákvörðun þóknunar. Í gjaldskrána vantar ákvæði um ýmsar greinar verkfræði, sem nú eru stundaðar, auk þess eru ákvæði um skyldur verkfræðinga eigi ætíð sem fyllilegust. Af þessum ástæðum hefur dómurinn ákveðið, að frv. frá apríl 1962 skuli lagt til grundvallar við samningu nýrrar gjaldskrár."

Orðrétt, og ég endurtek: „Af þessum ástæðum hefur dómurinn ákveðið, að frv. frá apríl 1962 skuli lagt til grundvallar við samningu nýrrar gjaldskrár." M. ö. o.: gerðardómurinn getur ekki farið eftir ákvæðum 2. gr. brbl. um að hafa hliðsjón af gjaldskránni frá 1955 og leggur gjaldskrána frá apríl 1962 til grundvallar við samningu nýrrar gjaldskrár. Er þetta lögbrot? E. t. v. getur þetta reiknazt lögbrot. En þetta er sannleikurinn í málinu alveg umbúðalaus. Ég áfellist ekki gerðardóminn fyrir þetta. Hæstv. ráðh. kann að gera það, ef það verður honum nokkurn tíma ljóst, að gerðardómurinn hefur að þessu leyti við sín störf brotið í bága við ákvæði 2. gr. brbl. Og það þýðir ekki að hneykslast, þó að ræðumaður eða ræðumenn hér í hv. Ed. bendi á þessa staðreynd. Það þýðir ekki heldur að standa upp á eftir og hneykslast á því, að orð skuli vera haft á slíku hér á Alþingi. Ég bið nú hv. þdm. nánast afsökunar á því, að ég skuli endurtaka þetta, en ég geri það í þeirri von, að hið rétta í málinu með því móti nái að ganga inn í hið göfuga höfuð hæstv. ráðh.

Lagafrv. þetta hefst á þessari setningu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hæstiréttur nefnir 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu."

Það er mikið, sem felst í þessari einu setningu. Hér eru margs konar mannréttindi tekin af heilli stétt manna. Stéttarfélag verkfræðinga er háð að réttu lagi sömu lögum og önnur stéttarfélög og hefur rétt til að semja um kjör sín og til að gera verkfall. Þetta er frá því tekið með þessum brbl. Þar með eru verkfræðingar settir út af sakramentinu. Þeir eru sviptir réttindum, sem önnur frjáls og fullgild stéttarfélög í landinu hafa. Á bekk með hverjum eru verkfræðingar þá settir með þessum ákvæðum? Margir kynnu að ætla, að með þessu væru verkfræðingarnir settir á bekk með opinberum starfsmönnum. En ef einhver skyldi halda það, þá er það mesti misskilningur. Þeir eru settir langtum neðar í almennum réttindum en opinberir starfsmenn. Í 1. um opinbera starfsmenn frá 17. apríl 1962, samþykktum á Alþingi, segir svo í 4. gr.:

„Launakjör starfsmanna ríkisins skulu ákveðin með kjarasamningum aðila þeirra, sem í 2. og 3. gr. getur."

Þ. e. a. s.: launakjör opinberra starfsmanna skulu ákveðin með kjarasamningum ríkisvaldsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Opinberir starfsmenn mega m. ö. o. semja um kjör sín við vinnuveitendur. Þeir mega semja um þau fram og aftur, og ef ekki tekst samkomulag, þá má vísa málinu til sáttasemjara. Hafa verkfræðingar, sem vinna hjá öðrum en ríkinu, þennan rétt samkv. frv.? Nei, alls ekki. Þeir hafa alls engan rétt til að semja um sín kjör. Að þessu leyti eru þeir langtum verr settir en opinberir starfsmenn. Það er fyrst, ef samningar takast ekki milli ríkisvaldsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að deilumálinu skal vísað til kjaradóms. Og hvað tekur þá við? Þá tekur við kjaradómur, sem er skipaður ákveðinni tölu dómenda, og af þeim skal hæstiréttur skipa þrjá, fjmrh. einn og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipar einn dómanda. M. ö. o.: opinberir starfsmenn hafa sinn fulltrúa inni í kjaradómnum. Hafa verkfræðingar í þjónustu annarra en ríkisins þennan rétt samkv. lögunum? Nei, ekki aldeilis. Gerðardómurinn, sem á að gera út um þeirra mál, er að öllu leyti skipaður af hæstarétti. Þar hafa verkfræðingarnir engan fulltrúa.

Af þessum tvennu, sem ég nú hef bent á, er það augljóst, að verkfræðingar, sem vinna í þjónustu annarra en ríkisins, eru langtum verr settir með þessum þvingunarl. heldur en opinberir starfsmennn, sem þó eru ekki taldir of vel settir og sízt af öllu telja sig nú of vel setta með sinn rétt. Eftir síðasta úrskurð kjaradóms er mikil óánægja ríkjandi hjá opinberum starfsmönnum, og nú koma þeir til með að heimta fullan rétt til að semja um sín kjör og þar með verkfallsréttinn.

Allt ber þetta vitni um fádæma hroðvirkni í vinnubrögðum. Þess er ekki gætt, að neitt samræmi sé í hlutunum. Það er rokið í að gefa út þvingunarlög, sem snerta eina fámenna stétt, og einskis samræmis gætt um samanburð við aðrar stéttir. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. farið á ýmsan hátt algerlega í gegnum sjálfa sig í þessu máli. Og hugsunarruglingurinn er nærri takmarkalaus. Þegar opinberir starfsmenn fengu sín kjör bætt með gerðardómi, þreyttist hæstv. ríkisstj. aldrei á að klifa á því, að þessar kjarabætur ættu ekki að vera fordæmi að kjarabótum annarra stétta, hér væri verið að leiðrétta gamalt misrétti og það ætti engan veginn að skapa fordæmi öðrum stéttum til kröfugerðar. En þegar hæstv. ríkisstj. þarf á því að halda, eins og í þessum l., þá

snýr hún þessu alveg við. Þá á úrskurður kjaradóms að vera fordæmi, eins og greinilega kemur fram í frv. Í 2. gr. stendur: „Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu samkv. launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963," — samkvæmt kjaradómi með öðrum orðum. Samt áttu þær kjarabætur alls ekki að verða öðrum stéttum fordæmi. Þannig virðist mér allt á eina bókina lært. Í raun og veru er ekki heil brú í þessu frv. Þar er engin skynsemi, ekkert hóf, ekkert samræmi, aðeins glórulaust ofstæki. Þetta er það, sem unnt er að lesa út úr frv.

Hvað kom nú hæstv. ríkisstj. til þess að hafast þetta að? Eitthvað stórkostlegt hlýtur að hafa verið á ferli, úr því að hún greip til þessara ráðstafana, greip til þess að gefa út þessi brbl. í ágúst 1963. Ef við leitum að svari við þessu, þá er það helzt að finna í forsendunum fyrir útgáfu brbl. Þar segir, að með atferli verkfræðinganna þá undanfarið sé öllu samræmi launakerfis ríkisins stefnt í hættu og þannig unnið gegn efnahagskerfi landsins. Já, var það furða, þótt hæstv. ríkisstj. tæki kipp? Það var ekki lítið í húfi. Öllu efnahagskerfi landsins stefnt í hættu! Já, ef þetta er rétt, þá má segja, að útgáfa þessara brbl. sé ekki í neinu ósamræmi við stjórnarskrána. En hvert var svo þetta atferli verkfræðinganna um þessar mundir? Þetta er fámenn stétt, mjög fámenn. Hún hafði heimtað betri laun og betri starfskjör, og um síðir hafði hún lögum samkvæmt gert verkfall. Þetta var allur voðinn, sem var á ferðinni, og eftir forsendum brbl. skyldi maður ætla, að hér væri um alveg einstætt atvik að ræða, að ein stétt skuli leyfa sér að heimta launahækkun og fara í verkfall, ef hún fær ekki launahækkun. Með þessu atferli á þessi fámenna stétt að hafa stefnt öllu samræmi launakerfis ríkisins í hættu og þannig orðið til þess að vinna gegn efnahagskerfi landsins.

Nei, kaupkröfur og verkföll eru ekki óalgeng á síðustu árum, og má hæstv. ríkisstj. sér þar að miklu leyti um kenna. Það var engin ástæða til að gefa út þessi fádæma þvingunarlög af þeirri ástæðu. Það er eitthvað annað, sem hér liggur að baki, og skal ég ekki leiða neinum getum að því. En einhvern veginn virðist hæstv. ríkisstj. hafa fengið þessa stétt manna á heilann, hvað sem því veldur. Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. hafi tekið verkfræðingastéttina út úr, sett á hana nauðungarlög og gert þetta einungis vegna þess, að hún liti á verkfræðinga — íslenzka verkfræðinga, sem skaðræðismenn.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hafa nokkurn tíma í sinn hóp eða við aðra kallað íslenzka verkfræðinga skaðræðismenn í þjóðfélaginu, en það mætti vel segja mér slíkt, ef dæma á eftir framkomu hæstv. ríkisstj. í garð verkfræðinganna. Það skal viðurkennt, að verkfræðingar kröfðust kjarabóta og þeir gerðu verkfall. En hverjar voru svo þessar kjarabætur, sem þeir fóru fram á og ekki mátti veita þeim? Voru þær óheyrilegar, þannig að þjóðhættulegt væri að ganga að þeim? Ég held ekki. Og ég held ekki, að verkfræðingar hafi farið fram á hærri laun en ýmsar aðrar stéttir manna hafa farið fram á og fengið orðalaust og átölulaust af hæstv. ríkisstj. Verkfræðingar fóru fram á það m. a., að verkfræðingur fengi 21800 kr. í mánaðarlaun eftir 13 ára þjónustu eða lengri, — 21800 kr. Fannst hæstv. ríkisstj. þetta óheyrileg krafa? Ég get ekki sagt, að mér finnist það. Ég las í Morgunblaðinu fyrir nokkru auglýsingu. Þar var auglýst eftir flugþernum, og í auglýsingunni var tekið fram, að þær skyldu fá í kaup fyrstu 6 mánuðina 13 þús. kr. á mánuði og síðan 26 þús. kr. á mánuði. Verkfræðingarnir fóru fram á 21800 kr. eftir 13 ára þjónustu, en flugþernunum voru boðnar 26 þús. kr. eftir 6 mánaða þjónustu. Þetta er aðeins lítið og þó talandi dæmi um það, hvernig hæstv. ríkisstj. virðist stundum loka augum og eyrum fyrir ýmsu, sem hún þó ekki þolir öllum. Gerðardómurinn ákvað hámark launa verkfræðinga á mánuði 16030 kr., og það skyldu þeir fá eftir 10 ár.

Ég las það líka í Morgunblaðinu fyrir skömmu, að sagt var frá því, að vikukaup kvenna í frystihúsum hefði komizt upp í 4000 kr. á viku, eða sem svarar 18 þús. kr. á mánuði. Verkfræðingarnir eiga að fá 16 þús. kr. á mánuði eftir 10 ára þjónustu, á meðan stúlkur í frystihúsum geta komizt upp í það að fá 18 þús. kr. á mánuði. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur fengið kipp, þegar hún las þessa frétt í blaðinu sínu, en ég hef ekki heyrt um neinn slíkan kipp í hæstv. ríkisstj. Nei, sannleikurinn er sá, að kröfur verkfræðinganna voru ekki ófyrirleitnar á neinn hátt, og það er ástæða til að taka það fram, að gerðardómurinn ákvað byrjunarlaun verkfræðinga nokkru hærri en þeir höfðu gert kröfu um. Það sýnir vel, að ekki fóru þeir mjög geyst í sakirnar.

Það hefur allmikið verið rætt um gjaldskrá verkfræðinga við þessa umr. Það hefur verið á það bent, að ýmis önnur stéttasamtök hafi sína gjaldskrá til að fara eftir. En verkfræðingarnir eru sér sem í öðru teknir úr. Þeim er af gerðardómi sett hámarksgjaldskrá, á meðan öll önnur stéttasamtök setja sér lágmarksgjaldskrá sjálf.

Það var minnzt á það hér fyrr í dag, að lögfræðingar hefðu sína gjaldskrá að vinna eftir. Lögmannafélag Íslands setur meðlimum sínum gjaldskrá. Síðast var þeirri gjaldskrá breytt og hún samþykkt á aðalfundi Lögmannafélagsins 11. okt. 1963, og ég hygg, að hún hafi þegar verið samþykkt af hæstv. dómsmrh. skv. ákvæðum laga. Ekkert virðist hæstv. ríkisstj. hafa haft við gjaldskrá lögfræðinganna að athuga. Í hverju liggur það? Er það af því, að sú gjaldskrá sé lægri en gjaldskráin, sem verkfræðingarnir höfðu sett sér? Nei, það er ekki. Það hefur verið reiknað út, að gjaldskrá Lögmannafélagsins er í öllum atriðum ofan við gjaldskrá verkfræðinga frá 1962, — í öllum atriðum fyrir ofan og sums staðar mikið fyrir

ofan gjaldskrá verkfræðinganna. Hvers vegna hefur ekki hæstv. ríkisstj. tekið þetta fyrir og gert ráðstafanir til, að Lögmannafélaginu yrði sett gjaldskrá? Ég held, að svarið við því sé auðfundið, og það var á það minnzt í ræðu fyrr í dag. Hæstv. ríkisstj. þorir betur til við verkfræðingana en lögfræðingana. Ætli það sé ekki sú sanna skýring á því, að hin háa lágmarksgjaldskrá Lögmannafélagsins er látin í friði, en lægri gjaldskrá verkfræðinganna bönnuð með brbl.

Það mætti ýmislegt fleira segja um þetta óvenjulega mál hæstv. ríkisstj., en ég skal nú a. m. k. að sinni láta staðar numið.

Ég vil þó aðeins minna á það, sem oft hefur verið minnt á, að þetta frumhlaup hæstv. ríkisstj., þessi árás hæstv. ríkisstj. á verkfræðinga landsins, er þjóðhættulegt framferði. Það er hættulegt að þröngva kjörum mikilsverðra stétta. Það er alveg sama, hvort það eru verkfræðingar, læknar eða hverjir aðrir. Ef við viljum, að þessar stéttir beri merkið hátt, þá verðum við að gera vel til þeirra, annars drabbast þær niður.

Það hefur ýmislegt verið frá því sagt, að íslenzkir verkfræðingar flýi land í leit að betri kjörum annars staðar. Um tölu þeirra skal ég ekki fullyrða að þessu sinni, en víst er það, að á milli 70 og 80 verkfræðingar dveljast nú erlendis, þ. e. a. s. eru búsettir erlendis. Þetta er þó kannske ekki það alvarlegasta. Hitt er enn alvarlegra, að með þessari árás og öðrum slíkum á stéttina er unnið að því ósleitilega að fæla unga og efnilega námsmenn frá því að nema þetta fag. Það er hættulegast framtíðarinnar vegna.

Í vetur hefur á ýmsum stöðum farið fram starfsfræðsla, þar sem fjöldi ungra manna hefur leitað sér fræðslu um hin ýmsu störf í þjóðfélaginu. Og það mun ekki hafa ýtt undir unga námsmenn að fara í verkfræðideild að sinni, þegar þeir heyrðu, hver starfskjörin eru. En allir, sem til starfsfræðslunnar leita, eða nálega allir, leggja mikið upp úr því, hver kjörin séu í þessu eða hinu starfinu.

Mig tekur það að vissu leyti sárt, að það skuli vera þessi hæstv. ráðherra, sem ber hitann og þungann af erfiðinu í sambandi við þetta frv. Ég hefði getað unnt honum betra hlutskiptis en að þurfa að beita sér í máli, sem jafnmikil rangsleitni er fólgin í og þessu máli. Það lái ég honum ekki, þótt hann eigi fá rök fram að bera málinu til stuðnings, því að þau eru ekki mörg til að mínum dómi. En mér þykir þó sérstaklega leiðinlegt að verða þess var, að hæstv. ráðherra virðist vilja afgreiða þetta mál með því að yppta öxlum og gera sem minnst úr því, láta sem minnst um það tala. Í þessu felst að mínu áliti nokkur lítilsvirðing á verkfræðingastéttinni, og það kann að koma til af því, að verkfræðingastéttin er fámenn. Ef meta á stétt eftir fjölmenni, þá er ekki von til þess, að hæstv. ríkisstj. meti verkfræðingastéttina mikils.

Ég hef séð blað, sem heitir Suðurland, frá laugardeginum 28. sept. 1963. Þar er mikil grein eftir hæstv. ráðh. Ingólf Jónsson. Greinin heitir: „Tryggja ber þann árangur, sem náðst hefur.“ Greinin fjallar í höfuðdráttum um þörfina á því að halda niðri kjörum hins starfandi manns, halda kaupinu niðri. Hann talar af mikilli vinsemd og virðingu um ýmsar fjölmennar stéttir og þ. á m. bændur, en hann talar ekki með sérlega mikilli virðingu um verkfræðingastéttina. Hann afgreiðir það mál ósköp stuttaralega og ég fæ ekki betur séð en með nokkurri lítilsvirðingu. Orðin eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkfræðingar gerðu miklar kröfur, sem kunnugt er. En þeir voru afgreiddir með brbl. og munu fá gert út um sín kjör skv. gerðardómi.“

Hér þurfti ekki að hafa nein faguryrði. Það var hægt að segja það stutt og laggott um verkfræðingana, að þeir eru afgreiddir með brbl. Þeir eru úr sögunni. En þetta er því miður afstaða, sem mér finnst ég hafa orðið var við hjá hæstv. ráðherra og þar með hæstv. ríkisstj. gagnvart verkfræðingunum. Það er lítilsvirðing og að vissu leyti óvildarhugur blandaður lítilsvirðingu, — líkt og þegar sparkað er í hund. En það er kannske ekki að furða, þótt svona sé, ef hæstv. ríkisstj. hefur fengið það einhvern veginn í sig, að íslenzkir verkfræðingar séu skaðræðismenn í íslenzku þjóðfélagi.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef sáralitlu að svara því, sem fram hefur komið í þessum umr. Það, sem ráðh. sagði um þetta mál, var svo almenns eðlis, að það gefur eiginlega ekki tilefni til frekari umræðna. Hann reyndi, sem vonlegt var, að réttlæta útgáfu þessara brbl., en tókst það nú ekki að mínum dómi.

Hann taldi, eins og hann hefur áður talið, að það hafi verið brýn þörf að grípa til þessara brbl., og hann andmælti því, að samningar hefði verið í þann mund að takast, þegar þau voru gefin út, og hneykslaðist jafnvel á því, sem ég sagði um þetta, og þóttist vita þar miklu betur en ég.

Nú tók ég það rækilega fram í minni frumræðu, að ég gæti persónulega ekki um þetta sagt, af því að ég tók engan þátt í þessum samningum og veit ekki, hvað þar fór fram. En hins vegar liggur fyrir í bréfum frá verkfræðingum, að þeir staðhæfðu, að svo hafi verið. Og hið sama kom fram á fundum þeim, sem þeir áttu við allshn.

Þetta hefur komið frá öðrum aðilanum, sem tók þátt í þessum samningum, — staðhæfing um það, að á þessu stigi hafi málum þannig verið háttað, að það hafi verið komið los á atvinnurekendur, sumir þeirra hafi verið algerlega reiðubúnir til að ganga til samninga, og það hafi verið útlit fyrir, að samningar mundu takast á næsta leiti. Það hefur hins vegar ekki komið fram stakt orð frá hinum samningsaðilanum, sem tók þátt í þessum umr., um að andmæla þessu. Hæstv. ráðh. hefur ekki getað lagt fram eitt einasta orð frá þeim ýmsu aðil-

um, sem voru samningsaðilar hinum megin við borðið, þegar verkfræðingar sátu á samningafundum með þeim fyrir tilstilli og með aðstoð sáttasemjara ríkisins. Hæstv. ráðh. segist bara vita þetta, en hann hefur ekki leitt nein vitni að því. Og á meðan hann gerir það ekki, vil ég hafa fyrir satt það, sem Stéttarfélag verkfræðinga og stjórn þess hefur um þetta sagt.

Hæstv. ráðherra lét sem hann væri hneykslaður á þeim ummælum, sem ég hafði viðhaft um gerðardóm og þess efnis voru, að gerðardómur hefði virt að vettugi þau fyrirmæli, sem honum voru gefin í 2. mgr. 2. gr. þessara brbl. um það, að gjaldskráin skyldi miðuð við gjaldskrána frá 1955.

Nú hefur verið svo rækilega endurtekið af hv. 9. þm. Reykv. um staðreyndirnar í þessu máli, að það er nú óþarfi, að ég fari að endurtaka það, en ég vil bara segja, að vitaskuld voru ekki í mínum ummælum nein ámæli til gerðardómsins, heldur mátti segja það, að ég segði honum þetta miklu frekar til lofs, að hann komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki hægt að fara eftir þessari gjaldskrá frá 1955. En fyrst og fremst skírskotaði ég auðvitað til þessa til þess að sýna og draga fram þann áfellisdóm, sem gerðardómurinn með þessum orðum kvað upp yfir hinum fyrri brbl. hæstv. ráðherra, brbl. um hámarksþóknun verkfræðinga, þar sem sagt var, að gjaldskráin frá 1955 skyldi áfram um eilífðartíma vera í gildi. En ári síðar kemst gerðardómur að þeirri niðurstöðu, að sum ákvæði þeirra gjaldskrár séu orðin algerlega úrelt og óviðunandi, og kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé ómögulegt við hana að miða, það sé ómögulegt að hafa hliðsjón af henni við ákvörðun gjaldskrár. Það verði að leggja til grundvallar þá gjaldskrá, sem samin var af sjálfu verkfræðingafélaginu og felld var úr gildi með brbl.

Já, þetta er þungur dómur hjá gerðardóminum yfir gerðum hæstv. ráðherra. Það er vissulega meiri ástæða fyrir hæstv. ráðherra að senda þeim gerðardómi kaldar kveðjur heldur en mig, því að ég hef enga ástæðu til þess. En þetta, sem gerðardómurinn gerði, verður vitaskuld ekki kallað öðru nafni en því, sem ég sagði: að sniðganga, þverbrjóta bókstaf laganna. En vitaskuld kemur það fyrir, því miður, að lög eru sett, sem ómögulegt er að fara eftir bókstaflega, og þá verða skynsamir dómendur að víkja þeim til hliðar og leggja í þau þann skynsamlegasta skilning, sem þá er hægt. Það er þeirra hlutverk.

Þeir voru að tala um það, bæði hæstv. ráðherra og hv. 9. landsk. þm., að það væri svo hér á landi, að það hefði engin stétt sjálfdæmi um sín kjör, og töldu upp ýmsar stéttir, bændur, sjómenn, o. s. frv. Því er til að svara, að ég veit ekki til þess og það hefur ekki komið fram í þessu máli, að Stéttarfélag verkfræðinga óskaði eftir neinu sjálfdæmi um kaup og kjör sín. Það félag óskar bara einfaldlega eftir sama rétti og önnur stéttarfélög. Það óskar eftir samningsrétti um kaup og kjör. Það óskar eftir rétti til þess að mega semja við atvinnurekendur, óskar ekki eftir neinu sjálfdæmi. Það má að vísu frekar segja, að því er gjaldskrána varðar, að þá sé þar um sjálfdæmi að ræða. En það er eins og sýnt hefur verið fram á og hv. 9. landsk. gerði mjög góða grein fyrir og ég hafði bent á í minni framsöguræðu, að því er einmitt svo háttað yfirleitt um þessar gjaldskrár, að þær eru settar af sjálfdæmi. Og hv. 9. landsk. viðurkenndi, að það væri ekkert réttlæti í að setja verkfræðinga við annað borð að þessu leyti heldur en aðra. Hann sá að vísu leið í því, þá að færa hina niður á plan verkfræðinganna að þessu leyti, ef ekki fengist önnur lausn á því.

Hæstv. ráðherra var að gera því skóna, hvaða hvatir lægju til þess hjá mér og okkur, sem stöndum að áliti minni hl., að taka í þessu efni upp hanzkann fyrir verkfræðinga, og hann var að gera því skóna, að við værum á einhverjum biðilsbuxum, að mér skildist, hjá verkfræðingum og ætluðum að fá einhvern pólitískan ábata af þessu, auknar vinsældir hjá þeim, þar sem hann aftur á móti var karlmannlegri og kvaðst reiðubúinn að taka á sig óvinsældir, sem af þessu stöfuðu, nú um ókomna tíð, en bjóst samt við, að þær mundu ekki vara lengi. Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Það eru ekki neinar pólitískar hvatir, sem liggja að baki þessarar afstöðu hjá okkur. Ég geri ráð fyrir og veit það reyndar með vissu, að verkfræðingar, eins og eðlilegt er, skiptast milli ýmissa stjórnmálaflokka, sjálfsagt einhverjir framsóknarmenn — og ég vona sem flestir — í þeirra hópi. En ég geri mér nú ekki í hugarlund og hef ekki þá skoðun á verkfræðingum, að þeir færu að skipta um stjórnmálaflokk vegna þessa máls eins. (Gripið fram í.) Jæja, það má vera. Þá er það gott. En það er ekki af þeirri sök, sem við í minni hl. tökum þessa afstöðu. Enda er sannleikurinn sá, ef maður talar hreinskilnislega um þetta, þá er alveg óvíst, hver afstaða er líklegri til pólitísks fylgis almennt séð, því að það er nú þannig, því miður, að það gengur mörgum hjá okkar þjóð illa að viðurkenna það, að vissir aðilar í þjóðfélaginu verði að bera allmiklu meira úr býtum en aðrir. Það er pólitískt ekkert óvinsælt á ýmsum fundum að prédika það, að þessir og þessir hafi of há laun. Það er mál, sem út af fyrir sig er ekkert óvænlegra til fylgisaukningar almennt séð, og það er kannske það, sem hæstv. ráðherra hefur þá í huga, að því er hann sjálfan varðar og málstað hæstv. ríkisstj.

Nei, það er ekki af þeim ástæðum, sem við tökum þessa afstöðu í þessu máli. Það er bara réttlætissjónarmið, sem við fylgjum hér fram, og það réttlætissjónarmið er í algeru samræmi við þá afstöðu, sem við höfum tekið í öðrum málum af sams konar tagi. Það er því miður ekkert einsdæmi nú á síðustu og verstu tímum, að það hafi verið gripið til gerðardóms. Það hefur einmitt verið eitt hið mest áberandi einkenni á þessari hæstv. ríkisstj, sem nú situr, að hún hefur sífellt legið í stríði við ýmsar starfsstéttir, og hún hefur oft, því miður mjög

oft, gripið til þess örþrifaráðs að veifa valdinu að lokum gagnvart þeim stéttum og grípa til gerðardóma. Það mætti nefna mýmörg dæmi þess, en ég ætla ekki að fara að tefja tímann á því hér, þau eru öllum í fersku minni.

Framsfl. hefur verið alveg á móti öllum slíkum gerðardómum. Það má segja, að hann hafi einu sinni verið með því að grípa til slíks gerðardóms. Það var árið 1942, ef ég man rétt, eða 1941. Þá fékk hann af því vissulega reynslu, og hann dró að mínu viti réttan lærdóm af því, sem þá skeði, og hann hefur yfirleitt ekki léð máls á því síðan að vera með lögþvinguðum gerðardómum. Auðvitað gegnir allt öðru máli um þá gerðardóma, sem stéttir koma sér saman um, því má ekki blanda saman, eða stéttir fallast á, eins og t. d. opinberir starfsmenn gerðu á sínum tíma varðandi kjaradóminn. Það þarf þess vegna ekki að undra neinn, að við framsóknarmenn erum andvígir þessum gerðardómi. Við erum almennt andvígir lögþvinguðum gerðardómum um kaup og kjör. Við erum fyrst og fremst á móti þessu af „prinsip"-ástæðum, en auk þess á allt það, sem ég hef um þetta sagt og hv. 9. þm. Reykv., við um það, hversu hættulegt það er og hversu örlagaríkar afleiðingar það getur haft að grípa til þessa ráðs gagnvart verkfræðingum, sérstaklega vegna þess, að þeir eru með þessu lagðir í einelti á þann hátt, sem lýst hefur verið, að það er ekki bara í eitt skipti, sem gripið hefur verið til þessa gagnvart þeim, heldur er þetta í annað sinn. Og það fást alls engar yfirlýsingar um, að það verði ekki gripið til þessa ráðs endranær.

Hæstv. ráðherra sagði, að þegar þessi lög rynnu út eftir till. meiri hl. allshn., þá vænti hann þess, að það væri hægt að semja við verkfræðinga, en ef ekki tækjust þá þeir samningar, sem honum þóknaðist, þá mátti skilja það á hæstv. ráðherra, að það væri engan veginn óráðlegt, að í þriðja skipti þyrfti að grípa til slíks gerðardóms gagnvart verkfræðingum. Ég held, að þessi hugsunarháttur sé hættulegur. Ég held, að hugsunarháttur hæstv. ríkisstjórnar sé yfirleitt hættulegur í þessum málum. Hann einkennist allt of mikið af einstrengingshætti og ofríkishugsunarhætti, af valdboði. Það er ekki heppilegt. Það verður að leysa svona mál með öðrum hætti. Þess vegna hefði það að mínum dómi verið, eins og ég hef áður tekið fram, langheppilegast, að þetta mál hefði verið látið daga uppi, og ég harma það, svo að maður noti þau orð, sem hér hefur oft borið á góma í þessum umr., — ég harma það, að hæstv. ráðherra og hans stuðningsmenn skyldu ekki sjá sér þann kost vænstan að velja þá leið. Og það er glöggt, að sumir í þeirra hópi hafa þó litið þá leið hýru auga, ef ég mætti svo segja, því að ég vil ljúka þessum orðum á því að undirstrika alveg sérstaklega þau orð, sem hv. 9. landsk. þm. sagði hér. Hann vænti þess, sagði hann, að þegar þessi lög væru úr gildi fallin, — „þá tel ég miklu líklegri leið til sátta og friðar," — það er sannleikurinn, þegar þessi lög eru úr sögunni og dauð, þá er miklu líklegri leið til sátta og friðar í þeim kjaradeilum, sem verkfræðingar hafa orðið að halda uppi, og það hefði verið langlíklegasta leiðin til fullra sátta í þessu efni að láta þau falla þegar úr gildi með þeim hætti að láta þau daga hér uppi.

Ég vil að lokum segja það, að ég álít, að okkar þjóðfélag, eins og það er á vegi statt, megi ekki við því að eiga í stríði við verkfræðinga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓB, ÞK, AuA, BGuðm, EggÞ, GÍG, GTh, JÁ, JÞ, MJ, SÓÓ.

nei: ÓlJ, PÞ, AG, ÁB, BJ, GilsG, HB, HermJ.

1 þm. (KK) fjarstaddur.

2.—3. gr. samþ. með 11:8 atkv.

Brtt. 603,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 11:7 atkv.

5.—6. gr. samþ. með 11:8 atkv.

Brtt. 603,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 670).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég hef nú ekki kvatt mér hljóðs í þessu máli fyrr en hér við 3. og síðustu umr. þess. Það á m. a. rót sína að rekja til þess, að mér hefur fundizt málið kannske vera mér svolítið skylt og væri því kærara, að aðrir tækju upp hanzkann, og sannleikurinn var líka sá, að við 2. umr. þessa máls gerði hv. 3. þm. Norðurl. v. — og raunar einnig hv. 9. þm. Reykv. — málinu svo góð skil, að þar var ekki miklu við að bæta.

Mér virtist meðferð hv. 3. þm. Norðurl. v. á málinu vera efnislega algerlega tæmandi, og ég ætla því ekki að ræða hér um málið efnislega, heldur nokkuð um meðferð þess. Og nú þykir mér það illt, að hæstv. ráðh., sem með þetta mál fer, skuli ekki vera í d., og mér kemur það tæplega að gagni að ræða málið, nema hann sé við, sökum þess að það, sem ég hef hér fram að færa, er með þeim hætti, að ég þarf að fá að ræða það við hæstv. ráðh. Ég vildi þess vegna mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði málinu um sinn, meðan kannað væri, hvort hæstv. ráðh. ætti hægt með að koma til okkar hér í d.

Forseti: Ég vil geta þess, að hæstv. ráðh.

hafði það á orði við mig núna, að hann mundi hverfa úr d., en ef miklar umr. yrðu um þetta mál, get ég eins frestað umr.) Það verða ekki miklar eða langar umr. frá minni hálfu, en ég þarf að fá að segja nokkur orð við ráðherrann. [Frh.]

Umr. frestað, en var fram haldið síðar á fundinum.

Helgi Bergs [frh.]: Herra forseti. Ég hafði aðeins hafið þessa ræðu mína, áður en fundi var frestað og þetta mál látið bíða, til þess *að ég gæti fengið að flytja ræðu mína, meðan* hæstv. ráðh. væri í d. Ég hafði gert grein fyrir því, að ég hef ekki áður tekið þátt í umr. um þetta mál við fyrri umr. þess, og ég ætla raunar ekki heldur núna að halda langa ræðu um þetta mál. Kemur það bæði til, að málið er mér nokkuð skylt, og líka hitt, að mér hefur verið það ákaflega kært, að aðrir hv. dm. hafa tekið upp hanzkann í þessu máli, og bæði hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 9. þm. Reykv. hafa gert það myndarlega, og mér virtist, að efnislega hefði hv. 3. þm. Norðurl. v. gert málinu þau skil, að frá minni hálfu væri ekki miklu við að bæta. En hins vegar langaði mig til þess að ræða örlitið um meðferð málsins við hæstv. ráðh.

Þetta mál er um staðfestingu á brbl., sem gefin voru út í ágústmánuði í fyrra, og það var, eins og venja er til, lagt fyrir Alþingi strax í upphafi þessa þinghalds og kom fyrir Nd. í októbermánuði, geri ég ráð fyrir. Samt er ekki enn búið að afgreiða þetta frv. á neinn veg, og mér sýnist það augljóslega bera því vott, að frv. hafi ekki átt eins greiðan gang gegnum Alþingi og hæstv. ráðh. hefur sennilega vænzt. Mér er líka fyllilega kunnugt um það, að mörgum hv. þm. stjórnarflokkanna er þetta frv. í hæsta máta ógeðfellt. Það kom raunar fram hjá hv. frsm. allshn., hv. 6. þm. Norðurl. e., þegar hann gerði grein fyrir málinu, að hann harmaði það, að það skyldi þurfa að setja lög af þessu tagi. En þar kom hann einmitt að því atriði, sem ég geri ráð fyrir að ýmsum hv. þm. stjórnarflokkanna hafi þótt vera einna erfiðast að komast yfir, en það var það, að auk þess sem þeim var frv. ógeðfellt, munu margir þeirra hafa álitið eins og við, að það væri þarflaust, vegna þess að menn hafa litið svo á, að ef þetta frv. hefur nokkurn tíma gert nokkuð gagn, þá sé það búið að því og eigi ekki eftir að gera það. Mér hefur því virzt, meðan málið hefur verið til meðferðar, að það sé fyrst og fremst metnaðarmál hæstv. ráðh. að fá staðfestingu hæstv. Alþ. á þeim brbl., sem hann gaf út, og hann leggi þess vegna allfast að sínu liði að samþ. þetta frv. og staðfesta þar með brbl. Þessi afstaða hæstv. ráðh. er í sjálfu sér skiljanleg, hún er mannleg, en hún er að mínum dómi ekki eins stórmannleg og helzt hefði verið á kosið.

Hæstv. ráðh. lýsti því yfir fyrr í umr. um þetta mál, að hann væri reiðubúinn að taka á sig óvinsældir af málinu, og er það í sjálfu sér lofsvert, enda ekki til þess vitað, að hann ætli að hafna neinum vinsældum, sem af því kynni að leiða. En mér virðist á hinn bóginn, að það skjóti nokkuð skökku við þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh., hvað hann leggur mikið kapp á það, að Alþ. staðfesti þessi brbl., sem hafa þegar gegnt hlutverki sínu til góðs eða ills.

Fyrir réttu hálfu ári, eða tveimur dögum betur, þá var mál ekki óskylt þessu til meðferðar hér í þessari hv. deild. Umr. og atkvgr. um það var lokið við allar 3 umr. í Nd., og 3 umr. og 2 atkvgr. var lokið hér í þessari hv. deild. Það var aðeins eftir ein atkvgr. hér í deildinni, til þess að það mál yrði að lögum. Það lá ljóst fyrir þá, að hæstv. ríkisstj. hafði það í hendi sér að fá það frv. samþ. af liði sínu óskiptu þrátt fyrir harða andstöðu okkar stjórnarandstæðinga hér á hv. Alþ. En þá ákvað hæstv. ríkisstj. að fresta þessari seinustu atkvgr. um málið. Málið var tekið út af dagskrá, og síðan hefur það ekki sézt. Þetta var myndarlega gert hjá hæstv. ríkisstj., og þetta var eini þátturinn í því máli að mínum dómi, sem hæstv. ríkisstj. hafði sóma af. Margir stuðningsmenn hennar önduðu léttara við það, að þessi bikar var frá þeim tekinn. Um leið og ég minni á þetta og svo hitt, að hæstv. ráðh. lýsti því yfir hér í gær, að þegar hann undirskrifaði þessi brbl., þá hafi hann talið sig vera að gegna skyldu sinni, eins og hann leit á hana á þeirri stundu, og var reiðubúinn til þess að taka afleiðingunum af því, þá tel ég það ekki *stórmannlegt af hæstv. ráðh.* að leggja svo mikið kapp á að fá staðfestingu félaga sinna í stjórnarfl. á þessum brbl. eins og hann nú gerir, þegar á það er litið, að brbl. hafa gegnt hlutverki sínu til góðs eða ills, og mun ekki máli skipta, hvort þau hljóta staðfestingu eða ekki. Þess vegna er það áskorun mín til hæstv. ráðh., að hann taki þennan bikar frá flokksbræðrum *sínum og þm. hins stuðningsfl. ríkisstj.* og að hann hafi svipaðan hátt á og hafður var hér í þessari deild fyrir hálfu ári. Við það mundi hæstv. ráðh. vaxa í virðingu og áliti allra réttsýnna manna. Það eru eindregin og ákveðin tilmæli mín til hæstv. ráðh., að hann lýsi því nú yfir, að hann muni biðja forseta að fresta þessari atkvgr. og taka málið af dagskrá.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, GÍG, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, ÞK, AuA, BGuðm, SÓÓ.
nei: GilsG, HB, HermJ, ÓlJ, PÞ, AG, ÁB, BJ.
2 þm. (GTh, KK) fjarstaddir.
Frv. endursent Nd.

Á 97. fundi í Nd., 12. maí, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. Ed. gerði tvær breytingar á frv.: Við 4. gr., að fyrri málsliður gr. falli niður, og við 7. gr., greinin orðist svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1965. — Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf."

Aðalbreytingin er það, að lögin falla úr gildi í árslok 1965, og hefur það verið gert vegna þess, að það er auðfundið, að verkfræðingar fella sig betur við frv. í því formi en eins og það áður var.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr. í Nd., urðu um það talsvert miklar umr., og af eðlilegum ástæðum drógust nokkuð inn í þær umr. aðgerðir hæstv. ríkisstj. í kaup- og kjaramálum stéttarfélaga, en það frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt til staðfestingar á brbl., sem hæstv. ríkisstj. hafði sett varðandi launakjör ákveðins stéttarfélags, Stéttarfélags verkfræðinga. Þá var á það minnt, að það virtist standa alveg sérstaklega á hjá hæstv. ríkisstj. með þetta stéttarfélag, því að þetta væri í annað skiptið á stuttum tíma, sem ríkisstj. sæi sig tilneydda til þess að grípa inn í mál þessa stéttarfélags með löggjafarafskiptum.

Nú hefur að vísu hæstv. ríkisstj. verið að lýsa því yfir alltaf annað slagið, að það beri að forðast slík afskipti af launamálum almennt, nema þá í slíkum tilfellum, þar sem er um alger neyðartilfelli að ræða. En á því getur enginn vafi leikið, að það rak engin neyð ríkisstj. til þess að skipta sér af þessum málum á þann hátt, sem hún gerði, hvorki í fyrra tilfellinu né hinu síðara. Þvert á móti liggur það fyrir, eins og var einnig bent hér á við fyrri umr. þessa máls, að það mátti telja nokkurn veginn víst, að eðlilegir samningar hefðu tekizt á milli Stéttarfélags verkfræðinga og verkfræðivinnustofa hér í Reykjavík um launasamning, hefði ríkisstj. ekki blandað sér í málið og sett brbl. þau, sem hér er lagt til að staðfest verði.

Það liggur nú fyrir á alveg óvefengjanlegan hátt í yfirlýsingu frá fulltrúum verkfræðistofa, að þeir höfðu þegar í viðræðunum komizt það langt, að allt benti til þess, að daginn eftir mundu samningar takast. En þá hafði hins vegar hæstv. ráðherra hlaupið til og sett sín brbl. og spillt öllum möguleikum til samninga, þannig að það var ekki hægt að leysa þessa deilu með eðlilegum hætti.

Svona vinnubrögð ber vitanlega að víta. Og þau geta ekki leitt neitt gott af sér, enda hefur líka reynslan orðið sú í þessu tilfelli.

Við vitum, að það eru gildandi í okkar landi lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Innan ramma þeirra laga verða öll stéttarfélög að starfa. Það er að vísu rétt, að ef samningar geta ekki tekizt um launakjör stéttarfélaganna við vinnuveitendur, þá getur komið til verkfalla. En það er mikill misskilningur, ef hæstv. ríkisstj. heldur, að nokkurt stéttarfélag fari út í verkfall að ástæðulausu. Verkfall kostar vitanlega viðkomandi aðila miklar fórnir á ýmsa lund. Því er það líka svo, að í hvert skipti, sem gengið er á eðlilegan hátt til samninga um launamál, þá finnast auðvitað leiðir til samninga. Stundum getur það tekið nokkurn tíma og nokkrar þrautir, en leiðirnar finnast ævinlega, og ég segi það sama, sem ég sagði hér við 1. umr. þessa máls, að mér dettur ekki í hug að leggja trúnað á það, að verkfræðingar landsins séu svo einstakir meðal starfsstétta í landinu, að það sé ekki hægt að koma tauti við þá, það sé ekki hægt að semja við þá eins og aðra menn.

Engin önnur atvinnustétt í landinu hefur verið leikin á þann hátt sem verkfræðingar hafa verið leiknir af hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Nú er það líka svo, að auðvitað eru hér í okkar landi margar aðrar starfsgreinar, sem þurfa að gera sína samninga við vinnuveitendur eða þá setja gjaldskrár um sín störf. Og mér er nær að halda, að m. a. ætti hæstv. ríkisstj. að þekkja t. d. til einnar stéttarinnar talsvert í þessum efnum, sem er stétt lögmanna. Ég hygg, að það séu ekki minna en 4 af hæstv. ráðh., sem eru lögfræðingar. Lögfræðingar hafa sína gjaldskrá, og ýmsum hefur þótt, að þeir verðlegðu sína vinnu í einstökum tilfellum ekki mjög lágt. Ég hygg meira að segja, að sú skipan sé á, að dómsmrh. landsins verði að staðfesta þeirra reglugerð um gjaldskrá. Mér er sagt af kunnugum mönnum, sem hafa gert samanburð á gjaldskrá þeirri, sem Stéttarfélag verkfræðinga hafði sett, og gjaldskrá lögfræðinga, að þá liggi gjaldskrá lögfræðinga allmiklu hærra en gjaldskrá verkfræðinga í öllum tilfellum.

Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. greip ekki inn í í sambandi við setningu gjaldskrár hjá lögmönnum? Hvernig stendur á því, að hún hefur ekki gripið inn í í sambandi við setningu á gjaldskrám hjá fjöldamörgum öðrum starfsfélögum í landinu? Hvernig stendur á því, að verkfræðingar eru einir teknir út úr á þennan hátt og þeim meinað beinlínis að gera samninga við sína vinnuveitendur, sem hafa lýst því yfir, að þeir vildu gjarnan gera samninga við þá? Og hvað gott hefur svo leitt af þessu hjá hæstv. ríkisstj.? Þeir, sem hafa einhver skipti við vitamálaskrifstofu landsins, þekkja nokkur dæmi um það. Hefur ekki svo að segja öllum verkfræðingum verið sópað af þeirri skrifstofu, þannig að ekki er hægt að fá afgreiðslu á þeim málum, sem þar hafa hingað til verið afgreidd fyrir fjöldamarga menn í landinu? Með þessum aðförum er vitanlega hægt að trufla stórkostlega ýmis störf á vegum opinberra aðila og koma þessum málum öllum inn á það svið, sem er vægast sagt mjög ógeðugt fyrir opinbera aðila að þurfa að taka þátt í.

En að sjálfsögðu leggjast störfin ekki niður. Við getum ekki rekið okkar uppbyggingarstarf-

semi í landinu án verkfræðinga. Það verður til þeirra leitað, og það hefur verið til þeirra leitað. Og þá er vitanlega farin sú leið í fjöldamörgum tilfellum, að það er gengið fram hjá slíkum lagasetningum sem þessum, sem hæstv. ráðherra stendur fyrir.

Nei, hér er um mjög varhugaverða leið að ræða, þegar ríkisstj. vill ekki viðurkenna samningafrelsi stéttarfélaga í landinu. Og það mál kemur ekki aðeins við verkfræðinga í landinu, það kemur líka við öll önnur stéttarfélög landsins, því að það er vitanlega alveg auðskilið mál, að komist ríkisstj. upp með það að blanda sér á þann hátt í samninga stéttarfélaga, sem gert er með þessum lögum, þá efast enginn um það, sem þekkir til hennar vinnubragða, að hún muni halda áfram, að hún muni gjarnan hugsa til þess að grípa inn í í fleiri tilfellum. Og við sáum nokkurn forsmekk af því hér um síðustu áramót, þegar ríkisstj. ætlaði sér að fara þá leið að banna með lögum öll verkföll, að svipta verkalýðsfélögin í landinu raunverulega samningsrétti, og mér er nær að halda, því miður, að m. a. vegna þess, hvað ríkisstj. hefur komizt upp með í þessu tilfelli varðandi verkfræðinga, þá sé hún ekki enn þá búin að reka úr huga sér þessa hættulegu vitleysu, að ætla að leysa kaupgjaldsmálin í landinu á þennan hátt, — að ríkisstj. sé ekki alveg laus við þetta mál enn þá, þó að hún sitji nú við samningaborðið með fulltrúum verkalýðssamtakanna í landinu, þá sé hún e. t. v. með eitthvað í erminni og það megi jafnvel búast við einhverju ljótu, áður en langir tímar líða.

Á því er enginn efi, að hæstv. ríkisstj. þarf að gera sér fulla grein fyrir því, að það þarf að viðurkenna samningsrétt stéttarfélaganna í landinu og það á að leyfa vinnuveitendum í hverju tilfelli og fulltrúum stéttarfélaganna að semja um sín mál sín á milli með eðlilegum hætti. Inngrip af hálfu ríkisvaldsins í slíkum tilfellum er stórhættulegt.

Mál verkfræðinga út af fyrir sig er svo býsna lærdómsríkt að öðru leyti. Hér á Alþingi við viss hátíðleg tækifæri ræðir hæstv. ríkisstj. mjög hátíðlega um þá miklu nauðsyn, sem sé í okkar þjóðfélagi á því, að við eignumst fleiri og fleiri tæknimenntaða menn. Vissir ráðh. eyða jafnvel heilu útvarpskvöldi í það að tala um framleiðsluaukningu í atvinnuvegum þjóðarinnar og tíma framtíðarinnar sem tíma verkfræði og verkmenningar. En þeir sömu aðilar, sem tala á þennan veg, hafa svo fundið sérstaka ástæðu hjá sér til þess að beita samtök verkfræðinga í landinu harðari og óbilgjarnari kjörum en samtök annarra starfsstétta. Geta menn nú búizt við því, að okkur gangi vel á þeirri braut á næstu árum að halda verkfræðingum við nauðsynleg störf í okkar landi, ef þannig er á málunum haldið, eins og gert hefur verið í þessum tilfellum af hæstv. ríkisstj.? Mér er sagt, að nú séu starfandi erlendis yfir 70 íslenzkir verkfræðingar, — og vegna hvers? Það er vegna þess eflaust, að það fer fram hart og mikið kapphlaup milli flestra landa í heiminum um það að fá verkfræðimenntaða menn í sína þjónustu. En íslenzka ríkisstj. tekur þannig þátt í þessu kapphlaupi milli þjóðanna, að hún ætlar að beita íslenzka verkfræðinga eða samtök þeirra sérstökum ofbeldisaðgerðum. Það er óviturlegt í mesta máta. Ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að læra nokkuð af reynslunni í þessu máli. Mig minnir, að hæstv. forsrh. hafi komizt einhvern veginn þannig að orði í útvarpsumr. í gærkvöld, að við þyrftum allir að læra, við þyrftum að læra af mistökunum og þetta væri allt saman þýðingarlaust, þetta strögl okkar, ef við sætum alltaf í sama farinu og kynnum ekki að draga réttar ályktanir af því, sem reynslan hefði kennt okkur. Hvernig væri nú fyrir hæstv. ríkisstj. að læra nokkuð af reynslunni einmitt í þessu máli? Sannleikurinn er sá, að það kostar hæstv. ríkisstj. tiltölulega lítið að falla gersamlega frá því að láta staðfesta þessi lög, að láta þau nú bara niður falla. Hvað mundi svo sem gerast? Gerðardómurinn hefur starfað. Hann hefur lesið upp sinn dóm. En skyldi það vera eitthvað hættulegt, þó að verkfræðingar fengju aðstöðu til þess að taka nú upp á nýjan leik samninga samkv. l. um stéttarfélög og vinnudeilur við sína samningsaðila um sín málefni? Væri nú ekki reynandi fyrir hæstv. ríkisstj. að prófa þessa leið og reyna frið við verkfræðinga landsins í staðinn fyrir þann ófrið, sem hún virðist vilja halda áfram? Því er vitanlega ekki hægt að neita, að hér er farið allt öðruvísi með verkfræðinga en alla aðra menn í landinu.

Nú er það svo, að hæstv. ríkisstj. hefur alltaf annað slagið a. m. k. verið að boða það, að hún vildi auka frelsi í sem flestum greinum. Henni hefur t. d. ekki þótt það neitt athugavert, þó að kaupmenn í landinu og ýmsir aðrir, sem mjög ráða verðlaginu, fengju frjálsar hendur um að ákveða sitt kaup, — ekki það, að þeir fengju samningsrétt við neinn, nei, aðeins að þeir hefðu verzlunarfrelsi, eins og það hefur verið kallað, að þeir mættu ákveða sín launakjör sjálfir, jafnvel þó að það verkaði þannig á hin viðkvæmu dýrtíðar- og verðlagsmál eins og allir vita, að það gerir, og ríkisstj. hefur reynt að fikra sig áfram eftir þessari stefnu. Hún hefur gefið kaupmönnum og ýmsum öðrum frelsi til þess að ákveða upp á eindæmi sín launakjör. En á sama tíma og þetta gerist segir ríkisstj.: Það er alveg útilokað að leyfa verkfræðingum að fara eftir settum lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og leyfa þeim að semja um málin. Það verður að taka af þeim samningsréttinn. Það verður að skikka á þá eina allra sérstaka gjaldskrá, þó að fjöldamargar aðrar starfsstéttir setji alveg óhindrað og samningslaust einnig sínar gjaldskrár.

Nei, vinnubrögð eins og þessi ná vitanlega engri átt. Þau egna til úlfúðar og geta vitanlega leitt mikið illt af sér, því að það má ríkisstj. vita, að samtök launþega í landinu, jafnvel þó að þau séu lauslega hnýtt í ýmsum tilfellum og standi ekki öll saman í einu sam-

bandi, þá finna þau til hvert með öðru. Þau gera sér fyllilega grein fyrir því, stéttarfélögin, að sá réttur, sem af einu þeirra er tekinn, getur líka verið tekinn af öðru. Og ríkisstj. hefur einmitt verið að finna það að undanförnu, að hún hefur í rauninni ekkert vald í þjóðfélaginu til þess að bjóða öllum launþegasamtökum í landinu byrginn. Hún hefur engan mátt til þess. Hún verður að láta af slíkri pólitík. Og það er auðvitað vegna þess, að hún hefur séð það, sem hún hefur núna setzt að samningaborðinu til þess að reyna að ræða um þessi mál við launþegasamtökin, og það er einmitt það, sem hún á að gera nú líka í þessu tilfelli. Hún á að hætta við að staðfesta þessi brbl., sem voru sett á óeðlilegan hátt og til þess að koma í veg fyrir samninga, sem voru að takast. Ríkisstj. á einmitt að sýna það, sem hæstv. forsrh. talaði um í síðustu útvarpsumr., að hún hefur lært, hún vill læra af reynslunni, hún vill taka upp önnur vinnubrögð. Hættan er engin. Samkvæmt þessu frv., eins og það er orðið nú eftir breytinguna í Ed., er gert ráð fyrir því, að lög þessi skuli gilda til ársloka 1965. Það má segja, að með þessari breytingu hafi ríkisstj. hnikað nokkuð til, því að upphaflega var sýnilegt, að þessum lagaákvæðum var ætlað að standa um alla framtíð. Ekki var annað sjáanlegt en samtök verkfræðinga skyldu vera í þessu bandi um óákveðinn tíma. Það virðist sem sagt vera, að hæstv. ríkisstj. hafi við nánari athugun á málinu séð, að þetta var óeðlilegt, og það rak vitanlega engin nauður til að binda þessi samtök á þennan hátt. En vill nú ekki hæstv. ríkisstj. endurskoða þetta á nýjan leik? Vill hún nú ekki líka falla frá þessu og ákveða, að þessi lög skuli vera hér með búin. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. þykir það nokkuð súrt í broti vegna þess, sem á undan er gengið. Hún á svolítið erfitt með að viðurkenna staðreyndir í þessum efnum, jafnvel þó að hún finni á sér, að það væri hollast og bezt.

Ég hef ekki heyrt það frá hæstv. samgmrh., sem sett hefur þessi brbl., að nein þau rök séu á takteinum, sem réttlæti það að binda samtök verkfræðinga á þann hátt, sem gert er með þessu frv., ekki einu sinni í heilt ár enn eða hálft annað ár enn. Ég hef ekki heyrt nein rök, sem styrkja það, að þetta sé nauðsynlegt. Þegar hæstv. ráðh. rauk til og setti brbl., þá a. m. k. hafði hann það að yfirvarpi, að það þyrfti endilega að setja þessi lög og ákveða um gerðardóminn, til þess að tryggt væri, að samningar yrðu ekki gerðir um laun verkfræðinga, sem raskað gætu því hlutfalli launa, sem ákveðið væri með gerðardómi um laun opinberra starfsmanna. En þessi gerðardómur samkv. brbl. er búinn að starfa. Og með því að falla frá því, að l. yrðu staðfest, fær hæstv. ráðh. a. m. k. að reyna það, hvort þessi gerðardómur hefur komið þessum málum inn á eitthvað réttara spor. Nú er það hans að reyna það.

Gerðardómurinn, sem starfaði samkv. þessum brbl., komst beinlínis að raun um það, að fyrri inngrip hæstv. ráðh. í málefni verkfræðinga hefðu verið að stórum hluta á misskilningi byggð. Sú reglugerð eða sú gjaldskrá, sem verkfræðingar höfðu sett um ýmis störf sín og nam úr gildi eldri reglugerð frá 1955 um þessi mál, sem var orðin úrelt í mörgum greinum, það var þessi reglugerð, sem hæstv. ráðh. sá sig tilneyddan til þess að nema úr gildi og lögbinda gömlu reglugerðina áfram, sem var orðin úrelt. Nú komst gerðardómurinn, sem hæstv. ráðh. stóð fyrir að skipa, að þeirri niðurstöðu, að í rauninni væri ekki hægt að byggja nema mjög takmarkað á reglugerðinni frá 1955 og það ætti raunverulega að styðjast við hina fordæmdu reglugerð. Svona vill þetta vitanlega vera, þegar ráðh. er að blanda sér í mál, sem hann þekkir tiltölulega lítið inn á og í rauninni koma hans starfi tiltölulega lítið við. Vitanlega hefði verið miklu betra í þessum tilfellum að leyfa réttum samningsaðilum að fjalla um þessi mál, en að sjálfsögðu hefði það verið gert einnig um reglugerðarákvæðin, þegar samningurinn hefði verið gerður, að því leyti til, sem þau störf hefðu þar fallið undir. Ég hef hér fyrir mér m. a. umsögn gerðardómsins um þessa reglugerð eða gjaldskrá frá 1955, sem ráðh. vildi endilega binda í lögum og leggja til grundvallar greiðslu fyrir ýmis störf verkfræðinga. Dómurinn segir m. a. orðrétt á þessa leið, og er þar með auðvitað að kveða dóm upp yfir ráðh. fyrir hans fyrri inngrip í þessi mál, — dómurinn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómurinn hefur eftir föngum kynnt sér ákvæði gjaldskrárinnar frá 1955 um þóknun fyrir ákvæðisvinnu, svo og hliðstæð ákvæði í frv. að gjaldskrá VFÍ frá apríl 1962. Við samanburð gjaldskránna hefur komið í ljós, að gjaldskráin frá 1955 er að sumu leyti orðin óviðunandi og ónothæf sem grundvöllur að ákvörðun þóknunarinnar. Í gjaldskrána vantar ákvæði um ýmsar greinar verkfræði, sem nú eru stundaðar. Auk þess eru ákvæði um skyldur verkfræðinga eigi ætíð sem fyllilegust. Af þessum ástæðum hefur dómurinn ákveðið, að frv. frá apríl 1962 skuli lagt til grundvallar við samningu nýrrar gjaldskrár."

Þetta er nú þokkalegur dómur fyrir hæstv. ráðh., að fá þetta lesið upp yfir sér af þeim gerðardómi, sem hann hefur sjálfur sett. Áður er hann alveg á tilefnislausan hátt búinn að ógilda gjaldskrá, sem þessi samtök setja, gjaldskrá, sem átti að leysa af hólmi algerlega úrelta gjaldskrá, sem ekki passar í mörgum tilfellum og náði ekki til aðkallandi hluta. Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, að það hafi verið brýn nauðsyn að grípa þarna inn í á þennan hátt, sem hann gerði, og lögbinda gjaldskrána frá 1955 og afnema gjaldskrána frá 1962, og auðvitað tók hæstv. ráðh. engum rökum, þegar honum var á þetta bent hér á Alþingi á sínum tíma, aðeins þessi einfalda aðferð notuð, að lemja hausnum við vegginn. En svo kemur bara gerðardómurinn og kveður upp þennan dóm yfir athöfnum hæstv. ráðh. Það er eins og ég segi, svona fer auðvitað fyrir ráðh., sem eru að blanda sér í mál, sem þeir þekkja

harla lítið til og þeir ættu ekki að skipta sér af, auk þess sem það er erfitt að draga aðrar ályktanir af þessu tiltæki hæstv. ráðh. og svo síðari brbl. en þær, að honum sé eitthvað sérstaklega í nöp við verkfræðingastéttina og telji hana alveg sérstaklega hættulega, því að ég geri ekki ráð fyrir öðru en hæstv. ráðh. hafi glöggvað sig á því, hvað það er hættulegur leikur í sjálfu sér að vera að blanda sér í kaupgjaldsmál stéttarfélaga og vinnuveitenda og hvað það er óæskilegt að gera slíkt, nema nauður reki til.

Hæstv. ráðh. óskar sýnilega ekki eftir því að hafa hér ýkjamörg orð um þetta frv. Hann vill ekki ræða það á neinn hátt efnislega eða tildrög málsins eða gang málsins allan, enda höfum við tekið eftir því hér þessa síðustu daga, á meðan málið hefur legið fyrir Alþingi, að umr. um þetta mál hafa farið fram með býsna einkennilegum hætti. Málið hefur að sjálfsögðu verið á dagskrá, og allir hafa vitað, að á bak við það stóð ósk a. m. k. einhvers ráðh. um, að það þyrfti að smokra málinu í gegn og ljúka þessum skratta af. En það fór auðvitað ekki fram hjá hæstv. ríkisstj. frekar en öðrum alþm., að þeir, sem hér áttu mest hlut að máli, verkfræðingar í landinu, heimsóttu Alþingi um þessar mundir og vildu gjarnan fá að heyra, hvaða rök lægju til þess hjá þeim, sem þetta mál flyttu, að það þyrfti endilega að meðhöndla þá eina allra á þennan hátt. Og það er alveg greinilegt, að áhugi verkfræðinga var svo mikill, að þeir sátu hér ekki aðeins tímunum saman til þess að bíða eftir umr. um þetta mikilvæga mál sitt, heldur sátu þeir hér líka hálfar eða heilar næturnar. En af hverju þurftu menninrnir að sitja svona lengi? Hvernig stóð á því, að þessi fríði hópur verkfræðinga, sem hingað kom, kom hér dag eftir dag og jafnvel nótt eftir nótt? Jú, það var engu líkara en svo, að þeir, sem réðu hér meðferð mála á Alþingi, eða þar sem þetta mál var á dagskrá, að þeir hrökkluðust í sífellu undan og væru að sæta lagi með það að láta ræða þetta mál, þegar þeir, sem málið varðaði mest, væru ekki viðstaddir, og því var snúizt í kringum þetta mál á dagskránni og málin á undan að sjálfsögðu tekin, en einnig málin á eftir, og þetta fært fram og til baka á dagskránni, ef það mætti finnast eitthvert útskot að taka málið fyrir á réttum tíma, þannig að verkfræðingarnir hlýddu ekki á umr. um málið.

Þó að það kunni að vera svo fyrir þann hæstv. ráðh., sem stóð að því að setja þessi brbl., að það sé nokkur álitshnekkir fyrir hann að láta þetta mál liggja, úr því sem komið er, held ég nú samt, að það væri langbezt fyrir hann og ríkisstj. Hæstv. ráðh. kemst ekki hjá því. Það er sýnilegt. Þeir eru svo þrásæknir hingað á þingið, verkfræðingarnir, að hann kemst ekki hjá því, að málið verði rætt hér nokkuð í þeirra áheyrn, og því held ég, að bezta úrræðið fyrir hæstv. ráðh. og ríkisstj. alla væri að leggja málið réttilega til hliðar, hætta þessum fjandskaparleik við verkfræðinga og leyfa þeim eins og öðrum að eiga eðlileg viðtöl við sína viðsemjendur og hafa rétt til þess að setja reglugerð eða gjaldskrá um sín störf á svipaðan hátt og ýmsir aðrir aðilar hafa í þjóðfélaginu, sem vinna ekki óáþekk störf.

Ég vék hér aðeins að því áðan, að a. m. k. sumar ríkisstofnanir hefðu orðið nokkuð hart úti vegna alls þessa leiks ríkisstj. í málefnum verkfræðinga. Það væri nú kannske ástæða til þess að spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvort hún telji, að þetta skipti engu máli, hvort hún telji t. d. það viðunandi ástand, sem verið hefur á vitamálaskrifstofunni nú um alllanga hríð. Einnig væri ástæða til þess að spyrja ríkisstj. um það, hvað hún telji sig hafa sparað opinberum aðilum mikið fé með því að standa í þessu stríði við verkfræðinga. Það væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það. Mín reynsla er sú, að það hafi orðið harla lítill sparnaður af þessu, en miklar truflanir og miklar tafir í ýmsum efnum, sem býsna erfitt getur verið að verðleggja.

Ég drap á það áðan, að það væri þegar orðinn allstór hópur íslenzkra verkfræðinga, sem starfaði erlendis. Það væri ekki heldur óeðlilegt, að ríkisstj. svaraði því, hvort hún teldi ekkert athugavert við slíka þróun, hvort hún teldi ekki nokkra ástæðu vera til þess að eiga þannig skipti við samtök verkfræðinga, að hægt væri, m. a. fyrir forgöngu samtaka verkfræðinga, að fá eitthvað af þessum verkfræðingum heim til landsins til starfa, sem bíða hér úrlausnar. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er rétt, sem sagt hefur verið hér í sambandi við þessi mál, að það er eitt mesta nauðsynjamál, sem nú stendur fyrir dyrum í íslenzku atvinnulífi, að koma okkar tæknimenningu allri á hærra stig. Það er álit mitt t. d., að eitt þarfasta verk, sem við gætum gert og hefði átt að gera, ef okkar þjóðfélagi sem heild hefði verið stjórnað af einhverjum myndarskap, væri að senda ekki minna en 30—40 verkfræðinga — ekki minna en það — eða vel tæknimenntaða menn til framleiðslustöðva allt í kringum landið og fela þeim það verkefni, a. m. k. í eitt ár, að gagnskoða þá vinnuaðstöðu, sem við búum nú við og höfum búið við í langan tíma í sambandi við okkar aðalframleiðsluatvinnuvegi, og gefa þeim það verkefni að koma sérstaklega með till. um það, hvernig mætti spara vinnuafl við þessi störf, því að ég efast ekkert um, að það er hægt að gera það til mikilla muna, og hvernig mætti koma þar á meiri framleiðni, meiri framleiðsluaukningu, afkastaaukningu. Ég er ekki í neinum vafa um það, að við mundum í slíkum tilfellum eða þjóðin sem heild uppskera á ríkulegri hátt en jafnvel með því að bæta við okkur nýjum framleiðslutækjum eins og góðum fiskiskipum og draga meira á land, og hef ég þó ekki verið að letja það, að við reyndum að standa vel að því að útbúa okkar framleiðslutæki, þau sem við vinnum í fyrstu framleiðslulínu með. Ég er þvert á móti á þeirri skoðun, að aðstaða okkar til vaxandi framleiðslu sé svo gífurlega mikil, einkum við sjávarsíðuna,

að nú á næstu árum sé mesta hættan beinlínis á því, að við fiskum svo mikið, að við drögum svo mikinn afla á land, að við megum ekki vera að vinna hann, varla eins mikið og við höfum gert, að jafnvel úrvinnsla aflans fari minnkandi, dragist saman, fari á lægra stig en hún hefur verið. — En ef við snerum okkur á réttan hátt að hinu verkefninu, þ. e. a. s. að ná réttum tökum á úrvinnslu alls aflans, að því að hafa vinnuaðstöðu við framleiðslustörfin sem haganlegasta, þá er þar um mikil auðæfi að ræða. Þar er um mikla möguleika að ræða. En til þess að verk eins og þetta sé unnið, þurfum við einmitt á verkfræðingum að halda. Við þurfum á tæknimenntuðum mönnum að halda. Við þurfum að geta lifað í friði við þá, og við þurfum að geta fengið þá til samstarfa við okkur, en það á ekki að vera aðalverkefni stjórnarvaldanna í landinu að liggja í hernaði við stéttarsamtök þessara aðila.

Við höfum hér fyrir stuttu rætt um það, að komið yrði upp hér í landinu einu nýju iðnfyrirtæki, kísilgúrverksmiðju, og í sambandi við umr. um það mál féllu hjá flestum ræðumönnum nokkur mjög lofsamleg velvildarorð í garð íslenzkra verkfræðinga og efnafræðinga, og það þótti hafa komið í ljós í sambandi við undirbúning þess máls, að okkar menn, sem að þessum störfum höfðu unnið, hefðu hreint ekki reynzt neitt lítilléttari eða kunnáttuminni en erlendir stéttarbræður þeirra, nema síður væri. Störf þessara manna í þessu tilfelli sýndu sig að geta verið dýrmæt. Þó skal ég taka það fram, að þótt ég vilji óska kísilgúrverksmiðjunni alls góðs og vona, að sá nýi útflutningsiðnaður, sem þar kann að verða efnt til, megi heppnast, sýnist mér, að allur fjárhagslegur grundvöllur undir þeirri framleiðslu verði að teljast vægast sagt mjög veikur, miðað við okkar íslenzku aðstæður. En ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef við tækjum okkar tæknimenntuðu menn, verkfræðinga og efnafræðinga, og beittum þeirra kröftum á eitthvað svipaðan hátt til undirbúnings í sambandi við okkar aðalatvinnuvegi og alla þá möguleika, sem eru tengdir við þá, þá gætum við uppskorið margfalt það, sem ég hef a. m. k. trú á að við getum uppskorið í sambandi við þetta nýja útflutningsiðnaðarfyrirtæki, kísilgúrverksmiðju.

Ég hef lítillega fylgzt með því nú síðustu árin, að nokkrar, aðeins nokkrar verkfræðilegar breytingar, sem átt hafa sér stað hjá okkur í síldariðnaði landsins, hafa verið að færa okkur tugi milljóna króna, og möguleikarnir eru þar enn þá alveg gífurlegir. En það er rétt, við þurfum á tæknimenntuðum mönnum að halda til þess að geta komið þessum breytingum fram. Það er undirstaðan. Síðan þarf auðvitað í mörgum tilfellum nokkurt fjármagn líka. Nei, það dugir ekki í þessum efnum að tala fagurlega um framtíð tæknimenntunar og öld verkfræði og verkmenningar, ekki einu sinni þó að það sé afar mjúklega og elskulega sagt í útvarpsumræðum, hvað menn þrái þetta mikið og óski mikið eftir þessu, — slíkt vitanlega dugir ekki, ef menn vinna hins vegar þannig frá degi til dags, að verk þeirra fara alveg í þveröfuga átt. En það að standa í stórátökum og deilum alveg að óþörfu við stéttarsamtök verkfræðinga, eins og gert hefur verið, það er vitanlega að vinna alveg í gagnstæða átt við þessar þarfir.

En þá er maður kominn í þessu máli, eins og í ýmsum fleiri málum hér á hv. Alþingi, í þessa einkennilegu stöðu, að hafi einhver ráðh. lagt eitthvað til og jafnvel sett brbl. um eitthvað eða hafi ríkisstj. lagt fram eitthvert mál, sé hún búin að gera einhverja skyssu, þá er lífsins ómögulegt að fá nokkra leiðréttingu á málinu. Þá er eins og allt sé komið í baklás. Við höfum jafnvel dæmi um það hér í þingstörfunum, að frv. hafi verið flutt af ríkisstj. og það hafi ýmist verið alveg sýnilegar málvillur sums staðar eða beinlínis skekkja einhvers staðar í frv., og það er ekki með nokkru móti hægt að kippa þessu í liðinn aftur, í gegn skal það fara, eins og ríkisstj. lagði til, hversu vitlaust sem það er. Breytingum er varla hægt að koma fram. Eins er það í þessu máli, að ég er næstum því viss um, að þó að ríkisstj. viðurkenni það, þar sem ekki allt of margir heyra til, að hún hafi gert skyssu í þessum efnum, að hún sé hér komin inn á óheillabraut, að hér hefðu þessi skref betur aldrei verið stigin, þá getur hún ekki með nokkru móti haft sig í það að snúa til baka, viðurkenna villu sína. Hún skal í lengstu lög reyna að þjösna málinu í gegn.

Afar oft hefur ríkisstj. átt eitt ágætt ráð í þessum efnum, að þegar hún hefur annaðhvort verið að koma fram einhverjum órétt-látum málum gagnvart alþýðu manna eða öðru því, sem fundið hefur verið að hér á Alþingi, þá hefur ríkisstj. bara gripið til þess einfalda ráðs að segja, að allir, sem á móti henni væru, væru fjandans kommúnistar og þar af leiðandi væri ekkert mark takandi á því, sem þeir segðu, og síðan hefur auðvitað allur kór ríkisstj. sungið þetta með henni, að hér væru bara á ferðinni vondir kommúnistar og á þá mætti ekki hlusta í málinu, og þannig hefur verið hægt að sefja menn í þessum efnum og hinn rangi málstaður barinn í gegn.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. vill segja það, að allir verkfræðingarnir séu bara bölvaðir kommúnistar líka og séu að reyna að steypa ríkisstj. með því að vilja eiga samningsrétt eins og önnur stéttarsamtök í landinu. Kannske hikar hún eitthvað við að halda slíku fram. En hver eru þá rökin fyrir því, að ríkisstj. þarf að halda þannig áfram með þetta mál, sem hún gerir? Hvar eru rökin fyrir því? Hvað er það, sem knýr á?

Nei, að mínum dómi er það svo, að jafnvel þótt stéttarsamtök verkfræðinga hafi nokkra sérstöðu í hópi hinna almennu stéttarfélaga í landinu, þó auðvitað enga sérstöðu fram yfir ýmis önnur, en talsverða sérstöðu miðað við

hin almennu verkalýðsfélög, þá er það nú svo, að ríkisstj. hefur verið og er enn í þeim ham gagnvart launastéttunum í landinu yfirleitt, gagnvart stéttarfélögunum almennt séð, gagnvart svo að segja öllum launþegum, að hún virðist sjá rautt, þegar hún þarf að skipta eitthvað við þessa aðila, og er ákaflega fljót til að kenna þessum aðilum um allt, sem aflaga fer í landinu. Það eru þessir aðilar, sem eiga að bera ábyrgð á því, að dýrtíðin hefur nú vaxið eins og hún hefur vaxið á undanförnum árum. Þeir eiga alla þá sök. Og ríkisstj. virðist hugsa sér, að það, sem eigi að vera hennar fyrsta og æðsta starf, sé að reyna að hafa einhvern veginn hemil á öllum launastéttum í landinu, það sé þessi órólegi lýður, og jafnvel verkfræðingarnir, sem maður hafði nú haldið við fyrstu athugun á málinu, að ríkisstj. hefði ekki alveg í sama núméri og meginhlutann af launastéttunum, jafnvel þeir sogast inn í þessa fylkingu í hugmyndaheimi ríkisstj. og verða fyrir barðinu á ríkisstj. á þann hátt, sem raun ber vitni um í þessum efnum, á sama tíma sem ríkisstj. beitir sínum ráðstöfunum gagnvart ýmsum öðrum aðilum á gersamlega annan hátt.

Ég býst við því, að verkfræðingar og reyndar margar fleiri starfsstéttir, sem mikla menntun hafa, geti verið nokkuð kröfuharðir í launamálum sínum, það má vel vera, ég er ekkert gerkunnugur því, og að þeir vilji hafa talsvert góða greiðslu fyrir ýmis störf sín, eins og margar aðrar starfsstéttir, sem hafa langskólanám að baki. En mér dettur ekki í hug að halda, að jafnvel þó að verkfræðingunum væri borgað tiltölulega vel fyrir sín störf, svo þýðingarmikil sem þau eru í flestum eða öllum tilfellum, þá hafi það meiri þýðingu í efnahagslífi þjóðarinnar en greiðslur til svo að segja allra aðila í landinu, sem hafa verzlun eða viðskipti með höndum, selja vöru eða þjónustu, þeir megi vera frjálsir að því að leggja sér út kaup eins og þeim sjálfum sýnist. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að sú ráðstöfun ríkisstj. að veita álagningarfrelsi á fjöldamörgum vörutegundum og margs konar þjónustu, sú ráðstöfun er miklu örlagarikari í efnahagskerfinu heldur en þó að verkfræðingum væri borgað jafnvel aðeins of mikið, miðað við einhvern málstokk, sem kann að verða lagður á það.

En þannig er þessu varið núna í þjóðfélaginu. Við vitum, að það eru svo fjölmargir aðilar nú, sem ákveða þýðingarmikla þætti í verðlaginu í landinu, þeir ákveða það alveg upp á eigin spýtur. Mér dettur t. d. í hug núna, að við vorum að samþykkja hér, það var víst næsta mál á undan þessu á þessum fundi, þá vorum við að samþykkja allmyndarlega ríkisábyrgð handa Flugfélagi Íslands til flugvélarkaupa, og er ekkert nema gott um það að segja. Flugfélagið rekur merkilega og gagnlega þjónustu eins og aðrir þeir, sem hafa með samgöngumál í landinu að gera. En þeir hafa líka fengið algert frelsi um það að ákveða sjálfir öll fargjöld á þeirra vegum. Þegar ég var eitt skipti að ferðast með þessu ágæta flugfélagi rétt um áramótin, þá var nýbúið að hækka fargjöld allmyndarlega. Nú fyrir örfáum dögum voru aftur hækkuð fargjöld eitthvað um 12%. Þannig ákveða þessir ágætu menn þetta bara sjálfir og spyrja hvorki kóng né prest um það. Svona er þessu háttað í fjöldamörgum tilfellum í þjóðfélaginu, að ýmsir slíkir aðilar sem þessir ákveða sína eigin þóknun sjálfir. En ef það gerist aftur á móti, að ýmis stéttarfélög í landinu geta náð samningum við samningaborðið við sína vinnuveitendur um ákveðna breytingu á launagreiðslum, þá þarf ríkisstj. alveg endilega að hlaupa inn í málið, rífa í sundur gerða samninga, ógilda gerða samninga, eins og hún hefur gert í mörgum tilfellum, vegna þess að hún þykist vera að bjarga efnahagskerfi þjóðarinnar, koma í veg fyrir verðhækkanir.

Það er þessi afstaða ríkisstj. til stéttarsamtakanna í landinu, sem er mjög hættuleg, og að því leyti til lít ég eins á þessa deilu ríkisstj. við stéttarsamtök verkfræðinga eins og deilur hennar við stéttarsamtökin í landinu almennt séð. Og það skiptir mig litlu máli í þessum efnum, hvort starfsstéttin, sem í hlut á, er flugmenn, verkamenn eða verkfræðingar. Við höfum líka lifað það hér á Alþingi, að ríkisstj. hefur verið að blanda sér í launakjör eða samningsrétt flugmanna á mjög ómaklegan hátt. Við þurfum vissulega á þessum starfsstéttum að halda, og við þurfum að reyna að lifa þannig í þjóðfélaginu, að við getum átt friðsamlegt samstarf við þessar starfsstéttir og fengið þær til þess að starfa eftir getu sinni að gagnlegum störfum, en stríð ríkisvaldsins við slíkar vinnustéttir sem þessar er það hættulegasta af öllu, sem til er.

Ríkisstj. sagði í upphafi síns valdaferils, að hún ætlaði ekki að blanda sér í neina kaupgjaldssamninga, þeir ættu að útkljást af réttum samningsaðilum, launþegum annars vegar og atvinnurekendum hins vegar. Ríkisstj. hefur auðvitað brotið þetta fyrirheit sitt æ ofan í æ. Og hún hélt því þá fram, að hún þyrfti ekki að ræða þessi mál við fulltrúa stéttarsamtakanna í landinu, hún hefði meirihlutaaðstöðu á Alþingi til þess að ráða þessum málum til lykta þar, og það ætti því ekki að vera að blanda neinum utanþingsaðilum í þessi mál. En ég ætla, að ríkisstj. hafi þegar lært það, a. m. k. gagnvart ýmsum þýðingarmiklum stéttarsamtökum í landinu, að það gildir ekki þessi regla. Það er vonlaust að fara eftir henni til lengdar, og því verða nú þeir, sem af mestum hroka á sínum tíma sögðu, að þeir þyrftu ekki að ræða um þessi mál við utanþingsaðila og að þeir þyrftu ekki að ræða við þessa aðila neitt um þennan þýðingarmikla þátt efnahagslífsins, þeir hafa vitanlega orðið að brjóta odd af oflæti sínu, reynslan hefur kennt þeim það, og neyðin hefur rekið þá til þess að ganga að samningaborðinu við þessa aðila og reyna samninga. Og það er mín skoðun, að fyrr eða

síðar muni einnig þessi ríkisstj. læra nauðsyn þessara vinnubragða gagnvart samtökum eins og samtökum verkfræðinga.

Ríkisstj. hefur vitanlega ekki nema mjög takmarkað vald á því að leysa þessi mál einhliða með lagasetningu, með ósanngjarnri lagasetningu. Hún getur, eins og ég hef sagt, valdið tilfinnanlegum truflunum og skaða með þessu, hún getur jafnvel flæmt nokkuð af þessum þýðingarmiklu starfsmönnum úr landi, og hún getur svipt ýmsa opinbera aðila starfskröftum þessara manna, en hún vitanlega leysir aldrei málið nema á þennan eina hátt, að vilja eiga heiðarlegt samstarf við þessa aðila, viðurkenna félagsréttindi þeirra og samtakafrelsi og samningafrelsi.

Mér er stundum nokkuð gjarnt í málum eins og þessu að byrsta mig nokkuð og vera kannske nokkuð hvassyrtur, hafa það til jafnvel að skamma ríkisstj. í slíkum tilfellum sem þessum. Það getur verið, að þetta sé ekki rétt leið, það væri reynandi að fara eitthvað betur að stjórninni, það kæmi jafnvel til greina kenningin hans Björns á Löngumýri, hv. 5. þm. Norðurl. v., að vera ekki að þessum skömmum, heldur reyna hina mýkri leiðina. Ég skal alveg játa það, að ég teldi það ekkert eftir mér að fara þá leið í sambandi við jafnþýðingarmikil mál og þessi, að reyna að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstj. varðandi hennar almennu afstöðu til launþegasamtakanna í landinu. Ég skyldi reyna að leggja mig allan fram um það að reyna að blíðka ríkisstj. og fara vel að henni í þessum efnum, ef ég hefði trú á því, að það mætti bera árangur, en ég hef nú einhvern veginn trú á því, að þeir, sem standa mér nokkru nær með það að reyna að fara blíðskaparleiðina að hæstv. ríkisstj., hafa betri aðstöðu til þess en ég og hafa annan aðgang að henni, — ég hef einhvern veginn trú á því, að þeir hafi reynt þessa leið, það sé búið að reyna þessa leið, eins og mögulegt er, að koma vitinu fyrir ríkisstj. og leiðbeina henni í þessum efnum. Ég trúi því t. d. ekki, að þeir fjölmörgu forustumenn víða í stéttarsamtökum í landinu, sem á undanförnum árum hafa hvað eftir annað lent í allhörðum átökum út af launa- og kjaramálum, en hafa þó opinberlega verið stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., hafa verið flokksmenn þeirra flokka, sem standa að ríkisstj., — mér dettur ekki í hug að trúa öðru en að þessir menn séu búnir að reyna að leiða ríkisstj. það fyrir sjónir, hvað hún sé á rangri braut í þessari almennu afstöðu sinni, hvað hún sé hér að leika hættulegan leik. Ég held því, að það sé búið að gera það, sem hægt er að gera, til að fá ríkisstj. til að leiðrétta sín mistök í þessum málum almennt séð og því sé í rauninni lítið annað að gera en að skamma hana nokkuð fyrir það óþurftarverk, sem hún er að gera.

Ég minntist á það hér fyrr í minni ræðu, að ýmsar aðrar starfsstéttir í landinu þyrftu á því að halda að setja gjaldskrár um störf sín, og minntist þá á það, að mér hefði verið sagt það af mörgum kunnugum mönnum, að t. d. gjaldskrá lögmanna væri allmiklu hærri en þessi umdeilda gjaldskrá verkfræðinga, og ég vék að því, að ríkisstj. ætti nú út af fyrir sig, þar sem í henni sætu 4 lögfræðingar og sumir þeirra hafa a. m. k. notað þessa gjaldskrá eitthvað talsvert, að þeir ættu e. t. v. að geta skilið, að það væri ekki með öllu óeðlilegt, að starfsstétt eins og verkfræðingar vildi hafa gjaldskrá ekki miklu lægri en gjaldskrá lögfræðinga. En ég vil nú spyrja hæstv. ríkisstj.: Finnst henni það sanngjarnt, finnst henni það eðlilegt, að lögmannasamtökin í landinu megi ákveða sína gjaldskrá, og það sé jafnframt eðlilegt, að dómsmrh. skrifi bara þegjandi og hljóðalaust upp á þeirra gjaldskrá og staðfesti hana, á sama tíma sem ríkisstj. neitar samtökum verkfræðinga um að mega setja gjaldskrá? Finnst ríkisstj. vera réttlæti í þessu? Heldur hún, að hún komist upp með slík vinnubrögð sem þessi til lengdar? Og hvað er að segja um margar og margar aðrar starfsstéttir? Setja ekki tannlæknar sína gjaldskrá sjálfir? Ætli ýmsir meistarar ákveði ekki nokkuð sjálfir, hvað þeir taka fyrir hin ýmsu störf? Getur hæstv. ríkisstj. búizt við því, að verkfræðingasamtökin í landinu uni slíku misrétti sem þessu, að þau skuli vera beitt þessum ákvæðum, þegar aðrir fá að starfa alveg óáreittir? Ég efast ekkert um það, að ríkisstj. skilur, að svona vinnubrögð eins og þessi fá ekki staðizt til lengdar. Það er hægt að lemja höfðinu við steininn ákveðinn tíma og nokkrum sinnum, en það getur enginn gert það um alla framtíð.

Það væri auðvitað ástæða til þess að tala hér alllangt mál um þetta frv., fyrst og fremst vegna þess, að það fjallar um mál, sem snertir einmitt þessi allra stærstu og þýðingarmiklu málefni, sem barizt er um nú í okkar íslenzku stjórnmálum. Að mínum dómi er ekki hægt að einangra þetta mál eingöngu við samtök verkfræðinga, það er alveg útilokað. Þetta mál er miklu víðtækara í eðli sínu, og þetta er baráttan um það að sannfæra ríkisstj. um að láta af þessari meginstefnu sinni gagnvart stéttarfélögunum í landinu. Og þetta er baráttan um það að sannfæra hana um, að hún getur ekki til lengdar haldið uppi þeirri pólitík að leyfa ýmiss konar milliliðum og þeim, sem annast sölu á varningi og þjónustu, að leika lausum hala og græða stórfé og hækka verðlagið í landinu, eins og þeir gera í mörgum tilfellum. Það er ómögulegt að halda uppi slíkri stefnu og ætla á sama tíma að halda hinum einstöku starfsstéttum í einhverjum lagaböndum. Slík lagabönd hljóta að bresta fyrr eða síðar, og ég held, að það væri bezt, að ríkisstj. viðurkenndi þetta einmitt á almennum grundvelli, eins og mér sýnist að hún sé nú að sveigjast til í sambandi við þær viðræður, sem hún er nú einmitt að taka upp við verkalýðssamtökin í landinu um kjaramál verkalýðsstéttarinnar. En þá ætti ríkisstjórnin einnig að stiga skref í þessa átt gagnvart samtökum verkfræðinga.

Ég veit það, að hæstv. forsrh., sem nú er

kominn hér í salinn, gerir sér alveg fulla grein fyrir því, að þó að þessi brbl. verði nú ekki staðfest, þó að þau fái bara að liggja, úr því sem komið er störfum þessa þings, getur það ekki breytt neinu í þessum almennu vandamálum, sem við er að glíma í okkar þjóðfélagi. Það getur ekki breytt neinu, nema að því leyti til, að samningar verða þá einnig teknir upp við verkfræðinga um viss störf þeirra og reynt að ná friði við þá, engu síður en aðrar launastéttir í landinu. Ég vil því skora alveg sérstaklega á hæstv. forsrh., sem, eins og ég sagði hér áður, brýndi það mjög fyrir mönnum í útvarpsumr. í gærkvöld, að menn ættu að læra af reynslunni og það væri gagnslítið að standa í þessu, ef menn lærðu ekkert og stæðu alltaf í sama farinu, — ég vil nú skora alveg sérstaklega á hann að rífa sig nú upp úr gamla farinu í þessum efnum, hætta þessum leik, stöðva þetta frv. Ég veit, að hann þarf ekki nema eitt orð til þess við samgmrh. og segja honum það, að þetta frv. sé með öllu þýðingarlaust, úr því sem komið sé. Hæstv. forsrh. getur þetta mjög auðveldlega. Og ég held auk þess, að öll staða hans sé þannig, að hann geti líka tekið þetta á sig, þó að ríkisstj. finnist nú, að þetta sé nokkur ósigur fyrir sig vegna þess, sem á undan er gengið. Ég held, að hann stæði það alveg af sér, ég held, að hann ætti þennan meiri hl. sinn á Alþingi nokkurn veginn jafnöruggan jafnt eftir sem áður og hann ylti ekkert úr stólnum fyrir því.

Ég skal nú ekki ræða þetta mál að sinni öllu meira en ég hef gert, a. m. k. í sérstakri von um það, að hæstv. ríkisstj. sé farin að hugleiða málið á nokkuð öðrum grundvelli en hún hefur gert hingað til. En það má ríkisstj. alveg vita, að ef hún getur ekki fallizt á eðlilega lausn á þessu máli, þá geta bæði orðið hér miklar og áframhaldandi umr. um málið á Alþingi enn, og þetta mál er þess eðlis, að það getur líka dregið á eftir sér allhættulega hluti. Ég endurtek því áskorun mína til hæstv. ríkisstj., að hún falli nú frá því að afgreiða þetta mál og láti það liggja, þar sem það er komið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja hér nokkur orð í tilefni af því frv., sem hér er til umr. um lausn kjaradeilu verkfræðinga. Þetta frv. hefur verið hér áður á ferðinni. Það var eitt af fyrstu málum, sem lagt var fyrir þetta hv. Alþingi í okt. s. l., fyrir 7 mánuðum. Þá hlaut það þá meðferð hér í Nd., að það var samþykkt af stjórnarsinnum, sent hv. Ed., og nú er það sem sagt eftir allan þennan tíma komið til okkar aftur. Ég var mótfallinn þessu frv., þegar það var hér fyrr til afgreiðslu, og ég skal segja það strax, að ég er það enn. Þær smávægilegu breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. í Ed., valda ekki neinni afstöðubreytingu hjá mér. Það er aðeins dregið úr ákvæðum um tímatakmarkanir í frv., og má segja að það sé kannske betra en áður var, en það er engan veginn lagfæring á meginákvæðum frv., sem ég vil nú gera grein fyrir.

Frv. miðar að því að skipa kjara- og launamálum með lögum, með afskiptum löggjafarvaldsins, og þeirri stefnu er ég og flokksbræður mínir hér mótfallnir. Menn höfðu einnig ástæðu til að ætla, að hæstv. ríkisstj. og þeir, sem hana styðja hér á hv. Alþingi, væru líka mótfallnir þessari stefnu, a. m. k. þeir, sem trúnað lögðu á kosningaloforðin 1960. Eitt af meginatriðunum, eitt af því, sem fyrst var talið upp í stefnuskráryfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstj., þegar efnahagsmálafrv. var hér til afgreiðslu 1960, var einmitt það, að ríkisstj. mundi hafa það að leiðarljósi, að það skyldi vera mál launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. Ríkisstj. ætlaði engin afskipti af því að hafa. Þetta átti að vera alveg sjálfsagður hlutur og ekki nema einn liður í því frelsi, sem þessi hæstv. ríkisstj. þóttist mundu beita sér fyrir, ef henni yrði trúað fyrir stjórninni, en hefur náttúrlega reynzt argasta blekking og öfugmæli, eins og allir vita og oft hefur verið gerð hér grein fyrir, og eru enn að koma fram angar af því hér á hv. Alþingi. Menn halda þetta að vísu ekki lengur, að stjórnarsinnar séu þessarar skoðunar um samninga um kaup og kjör. Menn fengu nefnilega staðfestingu þess í nóv. s. l.. að ríkisstj. var hætt við þetta, þar sem hún bar þá fram frv. til l. um launabindingu og ætlaði að ganga feti framar í því en nokkur önnur ríkisstj. hér hafði leyft sér fram að þeim tíma. Það út af fyrir sig kemur ekki lengur á óvart, þó að stjórnarliðar tækju ekki nærri sér að ákveða kjaradeilu með lögum.

Það hefur verið bent á það hér við þessa umr., bæði fyrr hér á hv. Alþingi og einnig nú, að hér væri samt nokkuð sérstakt mál á ferðinni, þar sem verkfræðingum einum allra stétta er ætlað að búa við það, að gerðardómur ákveði kjör þeirra og gerðardómurinn setji gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem eru unnin í ákvæðisvinnu eða í tímavinnu. Það hefur verið bent á, að aðrar stéttir sérmenntaðra manna þurfa ekki að sætta sig við þessa skerðingu. Þeim er enn í sjálfsvald sett að setja sér gjaldskrár, og ef einhver vill kaupa þeirra vinnu fyrir það, sem sett er upp, er ekkert við það að athuga frá ríkisvaldsins hálfu. Það eru bara verkfræðingar, sem þessi réttur er tekinn af. Aðrir menntamenn og sérfræðingar hafa þennan rétt. Lögfræðingar setja sér gjaldskrá, læknar setja sér gjaldskrá, endurskoðendur, tannlæknar og ýmsir meistarar í iðngreinum. Þessir menn setja allir gjaldskrá, og það er þeim heimilt. Verkfræðingarnir eiga ekki að fá þetta. Þetta er þeim mun einkennilegra, þegar þess er gætt, að verkfræðingar eru einmitt sú stétt manna, sem við nú á síðari tímum allra sízt getum verið án. Hér er varla haldin svo ræða á hv. Alþingi, að ræðumaður undirstriki ekki nauðsyn þess að taka tæknina og vísindin í þjónustu atvinnuveganna, og það er vissulega alveg hárrétt, að

lífsbarátta þjóðanna nú í dag er einmitt alveg sérstaklega undir því komin, að þjóðirnar hafi á að skipa færum og vel menntuðum mönnum til þess að færa sér í nyt þær breytingar á vísinda- og tæknisviðinu, sem gerast svo að segja daglega. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar þeirri stétt manna, sem heldur, ef svo má segja, á lyklinum að framtíðinni í þessu efni, eigi að setja þrengri skorður en öllum öðrum, sem eru þó ekki eins nauðsynlegir þjóðfélaginu, þótt nauðsynlegir séu, og situr sízt á mér að draga úr því um sumar þær stéttir a. m. k., sem ég áðan nefndi. Alveg sérstaklega tel ég, að það sé rangt að setja ákvæði um, að dómurinn skuli setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem eru unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, þannig, að hvaða skoðun sem menn hafa annars á því að skipa launum með gerðardómi, held ég, að menn ættu þó að geta sameinazt um að fella þessi ákvæði niður, ákvæðin um það, að dómurinn skuli einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem eru unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Ég vil undirstrika það, sem ég áðan sagði, að ég er mótfallinn því að skipa kjaramálum með dómi, sérstaklega þegar ekki er um það samkomulag milli aðila. Málskot til dóms getur auðvitað átt fullan rétt á sér, þegar aðilar eru sammála um, að það sé rétt að leita úrskurðar utanaðkomandi aðila, en í kaup- og kjaramálum tel ég, að dómsúrslit eigi ekki að bera að með öðrum hætti, það á ekki að vera lögþvingaður kjaradómur. En sérstaklega er þetta ósanngjarnt, þar sem fjallar um gjaldskrána. Það má auðvitað segja, að gerðardómur geti með einhverri hugsanlegri sanngirni og réttlæti kveðið á um það, hvaða laun t. d. verkfræðingur á að hafa, sem ræður sig í vinnu hjá öðrum. Það má segja, að það séu einhver skilyrði til þess, að utanaðkomandi aðilar geti metið það að tiltölu við önnur störf í þjóðfélaginu, mann, sem ræður sig t. d. í vinnu hjá öðrum fyrir tiltekinn vinnustundafjölda, skulum við segja, á dag eða viku. Það er alls ekki ósennilegt, að gerðardómur hafi skilyrði til þess að meta þetta, gera samanburð á því, hvaða prósentu t. d. hver og ein stétt eigi að fá í laun af einhverri tiltekinni fjárhæð fyrir slíka vinnu. En ég held, að utanaðkomandi gerðardómur í málefnum verkfræðinga hafi mjög litla möguleika á því að meta það með nokkru réttlæti, hvað eigi að greiða fyrir sérstök verkfræðistörf. Margt af þessum störfum er ákaflega sérhæft, eins og allir vita, og það er tæplega á færi annarra en þeirra, sem hafa unnið við þessi störf, að kveða upp úr um það, hvað eigi að borgast fyrir þau. Þetta er líka óþarfi, vegna þess að enginn verkfræðingur selur vinnuna, nema einhver fáist til þess að kaupa hana, og það eru takmörk fyrir því, hvað verkkaupar geta borgað verkfræðingum í laun, og þess vegna mun finnast í því sú sanngjarnasta meðalleið, sem um er að ræða.

Undir því, sem fellur undir gjaldskrá, er sem sagt að sjálfsögðu átt við kostnað fyrir að vinna tiltekið verk. Þessi kostnaður er auðvitað uppbyggður úr mörgum liðum. Einn liðurinn er laun verkfræðingsins sjálfs, en þar með er ekki nærri því allur liðurinn talinn. Inni í þessum kostnaði er að sjálfsögðu mjög margt annað, sem verkfræðingurinn eða sá, sem verkfræðistofuna rekur, þarf að greiða — allan kostnað, alla aðstoðarvinnu, sem hann þarf að kaupa. Þetta þarf hann allt að greiða af þeim taxta, sem settur er upp fyrir ákvæðisvinnu eða tímavinnu fyrir tiltekin verk. Ég held því, að það sé mjög erfitt fyrir gerðardóm að kveða á um þennan „skala", og það mun hafa sýnt sig, eins og hér var nokkuð rakið áðan, að enda þótt það sé reynt að hafa áhrif á gjaldskrár verkfræðinga, eins og gert var fyrir nokkrum árum, kemur í ljós við notkun, að það er ekki hægt, þar sem gerðardómurinn, eins og hér var rækilega lýst, varð einmitt að taka upp þá gjaldskrá, sem verkfræðingarnir höfðu sjálfir samið og sett, að mér er sagt, aðeins tveim dögum áður en brbl. voru sett fyrra sinnið. Það skiptir auðvitað ekki máli, heldur hitt, að þau afskipti, sem ríkisvaldið ætlaði sér að hafa af þessu, reyndust þannig, að það var ekki hægt að framkvæma þau. Þess vegna varð að taka upp þá gjaldskrá, sem verkfræðingarnir sjálfir höfðu sett. Þannig hygg ég, að muni oftar fara, þó að reynt verði að setja gjaldskrá, sem gengur langt frá þeim reglum, sem verkfræðingar eða þeir, sem þekkinguna hafa, setja um málið.

Ég hef staðið hér upp til þess að mæla þessi fáu orð, ekki fyrst og fremst til þess að mótmæla þessari lagasetningu, það hefur áður verið gert, bæði í ræðum og með atkvgr., og virðist ekki ætla að hafa mikla stoð. Ég vildi þó, áður en ég kem að því, sem var erindi mitt hingað, lýsa því, að ég er andvígur frv. engu síður nú en ég var, þegar það kom hér fyrst, enda tel ég þær breytingar, sem gerðar hafa verið í hv. Ed., mjög lítils, ef nokkurs virði. En með því að allar horfur virðast nú á því, að hæstv. ríkisstj. muni ætla sér að knýja fram samþykkt á þessu frv., vildi ég freista þess að bera fram við það brtt. við tvo liði, ef vera mætti, að með því mætti sníða af því verstu vankantana, sem að mínum dómi eru á frv. enn. Þess vegna mun ég leyfa mér að leggja hér fram brtt. við þetta frv., enda þótt mér sé ljóst, að hún sé of seint fram borin, og það hefur ekki unnizt tími til að prenta hana, þannig að ég verð að leggja hana fram skrifl. og fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir því, að hún megi koma hér til afgreiðslu. En síðustu daga þingsins er það ekki fordæmalaust, að ýmsir hlutir séu lagðir fram lítt undirbúnir og ekki alveg í samræmi við þingsköp. Vona ég því, að mér fyrirgefist þetta, ekki sízt þegar málið er rekið hér í gegn með þeim hraða, sem raun ber vitni.

Þær brtt., sem ég leyfi mér að flytja, eru

þessar, þ. e. a. s. við 1. gr., að 2. málsl. 1. mgr. hennar falli niður, þ. e. a. s niður falli þessi orð: „Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.“ Þá verður 1. mgr. aðeins svona: „Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveður kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu.“ Og hin brtt., sem er bein afleiðing af þessu, er þannig, að síðari mgr. 2. gr. falli niður. Síðari mgr. 2. gr. er svona: „Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.“ Það segir sig vitanlega sjálft, að þessi 2. mgr. þarna verður að falla niður, ef fyrri breytingin á að fá staðizt. Með tilvísun til þeirra röksemda, sem ég hef hér talið, ásamt því, sem greint hefur verið við fyrri umr. þessa máls hér í hv. d., leyfi ég mér að vænta þess, að hv. alþm. geti fallizt á, að þessi breyting sé eðlileg og hún verði því samþ., þótt hún sé seint fram borin. Ég leyfi mér þá að leggja till. til hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 679) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta mál er eitt þeirra, sem hafa verið að meltast í meðferð Alþingis í sex mánuði eða svo og er því eins konar meltingur orðinn. Ég var farinn að halda, að hæstv. ríkisstj. væri orðin afhuga því að vera að pressa þessi brbl. gegnum þingið, og mér fannst það vera ákaflega skynsamlegt af henni og hélt, að það stæði e. t. v. í sambandi við þau breyttu viðhorf hæstv. ríkisstj. til stéttarsamtaka, sem nú virðast vera orðin, þar sem það er nú staðreynd, að viðreisnarstjórnin, sú ríkisstj., sem nú situr, sú, sem lofaði að láta kaupdeilumál á vinnumarkaðinum vera afskiptalaus og láta aðila vinnumarkaðarins leysa þau mál, en hefur, síðan hún settist í valdastóla, legið í látlausu stríði, látlausri styrjöld við verkalýðssamtökin í landinu, við hvers konar stéttarsamtök, hefur nú upp á síðkastið hins vegar talað í friðartón. „Það byrjaði sem blærinn, er bylgju slær á rein.“ Það byrjaði, held ég, í áramótaboðskap hæstv. forsrh., þegar hann sagði, að það bæri að sjálfsögðu að ástunda gott samstarf og góða sambúð við fjöldasamtökin í landinu. Með þessum fjöldasamtökum átti hann alveg greinilega við stéttarsamtökin í landinu, og Verkfræðingafélagið, sem hér á hlut að máli, er vissulega eitt af stéttarsamtökum okkar þjóðar. En það virðist samt ekki svo, að hæstv. ríkisstj. sé hætt við það að gera þessi brbl. að l. eða fá þau staðfest sem lög frá Alþingi, því að síðustu stundir þessa þings, sem nú hefur setið í 7 mánuði, eru notaðar til þess að reyna að fá staðfestingu þingsins á þessum brbl.

Ég sagði áðan, að hæstv. ríkisstj. hefði legið í órofa stríði við stéttarsamtökin í landinu, frá því að hún eiginlega gaf loforðið um afskiptaleysi af þeim málum, og þannig ekki brugðizt neinu af þeim loforðum, sem hún hefur gefið þjóðinni, eins greypilega og þessu loforði sínu.

Menn hafa vafalaust tekið eftir því, að það hefur verið eins tíðar viðburður í Morgunblaðinu að vitna í stríðsyfirlýsingu mína í Borgarnesi eins og hjá prestunum að vitna í guðspjöllin. Þetta hefur verið látlaust tema hjá Morgunblaðinu mánuðum saman. Hver var stríðsyfirlýsing mín í Borgarnesi? Hún var sú, að verkalýðssamtökin mundu halda áfram að berjast fyrir málstað launþeganna í landinu. Það stríð hafði verið opið stríð, frá því að hæstv. ríkisstj. settist að völdum, og það stríð hafði alls ekki verið á nokkurn hátt útkljáð með kosningunum í vor er leið. Ég hlaut því að taka það fram, að þó að uppgjör hefði orðið á pólitiska sviðinu, yrði haldið áfram því varnarstríði, sem verkalýðshreyfingin hefur orðið að heyja, að því er snertir launþegasamtökin og umbjóðendur þeirra. Það var það stríð, sem ég boðaði, og í því stríði höfum við staðið á árinu 1963, svo greypilega, að einsdæmi eru í allri sögu þjóðarinnar. Við urðum þá, til þess að verja okkar umbjóðendur, að gera þrisvar sinnum samninga um kaupgjaldsmál verkafólks. Að slíku leikur sér enginn, að slíku leika sér engin samtök. Við vorum til þess neyddir, það var gengið svo á kaupmátt launa hins vinnandi manns, að merkið varð að taka upp þrisvar sinnum á einu ári til þess að rétta hlut launþegans gagnvart sívaxandi dýrtíð og óðaverðbólgu. Ef við hefðum lagt niður vopnin í þessu stríði, hefði undireins frá degi til dags hallazt á okkar umbjóðendur og laun þeirra orðið enn þá meira óviðunandi en þau þó eru í dag. Er það ekki öllum ljóst, að þegar svona styrjöld verður að heyja, er það ekki af því, að neinir illviljaðir menn finni sér það til? Það er af því, að það ríkir sjúkdómsástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og hefur gert lengi. Og verkföllin og kjaradeilurnar á s. l. ári eru ekkert annað en viðureign við þennan sjúkdóm. Ef sjúkdómurinn væri læknaður, ef stjórnarvöldin hættu sinni ágengnisstefnu gagnvart launastéttunum í landinu, væru verkalýðssamtökin alls ekki í stríði. Nú er það ekki svo, að hæstv. ríkisstj. hafi boðið fram hönd til friðar og sátta. Nei, eftir að við höfðum framkvæmt okkar síðasta uppgjör og sýnt þannig enn þá einu sinni, að stjórnmálaaðgerðum ríkisvaldsins til þess að níða niður kjör verkafólks yrði sífellt svarað með kaupgjaldsbaráttu, sem rétti hlut þeirra af á ný, þá buðum við í Alþýðusambandi Íslands að reyna með viðræðum við ríkisstj. um þýðingarmikil málefni að hefja viðræður við hana, ef verða mætti til þess, að árangur sá, sem út úr þeim fengist, gæti auðveldað kjarasamninga nú í vor milli verkalýðsfélaganna og samtaka atvinnurekenda, því að ég vænti, að allir skilji það, að upp úr við-

ræðum Alþýðusambandsins við ríkisstj. geta ekki komið neinir kjarasamningar. Það er aðeins hugsanlegt, að í þeim viðræðum leysist einhver þau þýðingarmikil mál að dómi verkalýðsstéttarinnar, að launamálasamningar náist með auðveldari hætti en ella. Ég óska einskis fremur en bitru stríði megi linna í kjaramálum verkalýðsstéttarinnar, en það getur því aðeins gerzt, að breytt sé um stjórnarstefnu og hætt að beita gengislækkunum, skattpíningu og sérhverjum öðrum stjórnmálalegum aðgerðum til þess að rýra kaupmátt umsaminna launa. En ef hæstv. ríkisstj. fellur frá sinni fyrri afstöðu í þessum málum, er verkalýðshreyfingin sáttfús, og hún er fús til þess að þrautreyna allar samningaleiðir, friðsamlegar samningaleiðir.

Það á auðvitað að ríkja fullt samningafrelsi um kaup og kjör í sérhverju lýðræðislandi. Lögfesting frv. eins og þessa væri skerðing á þessum grundvallarréttindum lýðræðisþjóðfélagsins, og það væri rangt af verkalýðshreyfingunni að láta það afskiptalaust, að niðzt væri svo á einni fámennri stétt manna eins og verkfræðingunum, án þess að leggja þar orð í belg. Það hefur engin lýðræðisþjóð mér vitanlega fundið önnur úrræði til þess að leysa deilumál vinnumarkaðar með farsællegum hætti, öðruvísi en það gerist við frjálst samningaborð aðilanna á viðkomandi vinnumarkaði. Þannig leysir móðurland lýðræðisins, Bretland, þessi mál og kann ekki önnur úrræði. Þannig leysast þessi mál á öllum Norðurlöndum, þannig leysast þessi mál í Bandaríkjum Norður-Ameríku o. s. frv., o. s. frv. Verkfallsbönn og gerðardómar hafa hvarvetna gefizt illa, og sú reynsla er fengin hér á landi hvað ofan í annað, eins og ég mun víkja að síðar.

Þetta frv., sem varð til fyrst sem brbl., gerir ráð fyrir þriggja manna gerðardómi, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum en ríkinu. Þessi dómur á einnig að setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu. Það er alveg greinilegt, að gerðardómnum er alveg ætlað að kveða á um öll launakjör verkfræðingastéttarinnar, þeirra, sem ekki eru í þjónustu ríkisins. Til þess að gera fyrirtækið fínt er hæstarétti falið að setja á hann húfuna, á að tilnefna formann dómsins.

Samkv. 2. gr. frv. á gerðardómurinn við ákvörðun mánaðarlauna og vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu að hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu samkv. launakerfi því, sem gildir frá 1. júlí 1963. Enn fremur segir, að við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skuli höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, sem gilt hafa um framkvæmd hennar. Þetta var gerðardómsmönnunum sett fyrir, og þannig skyldu þeir starfa. Þeir skyldu hafa hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, sem gilt höfðu um framkvæmd hennar. En nú fór í verra. Þegar gerðardómsmennirnir fóru að athuga þann grundvöll, sem þeir skyldu starfa eftir, gjaldskrána frá 19. apríl 1955, komust þeir að þeirri niðurstöðu, að hún væri úrelt plagg og þeir gætu ekki starfað eftir henni, og þeir kváðu upp sinn dóm með hliðsjón af annarri reglugerð en l. mæltu fyrir um, og má því mikið vera, ef þeirra gjörðir eru byggðar á l., ef við því væri hreyft. Um þetta segja dómararnir á bls. 48, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómurinn hefur eftir föngum kynnt sér ákvæði gjaldskrárinnar frá 1955 um þóknun fyrir ákvæðisvinnu, svo og hliðstæð ákvæði í frv. að gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá apríl 1962. Við samanburð gjaldskránna hefur komið í ljós, að gjaldskráin frá 1955 er að sumu leyti orðin óviðunandi og ónothæf sem grundvöllur að ákvörðun þóknunar. Í gjaldskrána vantar ákvæði um ýmsar greinar verkfræði, sem nú eru stundaðar. Auk þess eru ákvæði um skyldur verkfræðinga eigi ætið sem fyllilegust. Af þessum ástæðum hefur dómurinn ákveðið, að frv. frá apríl 1962 skuli lagt til grundvallar við samningu nýrrar gjaldskrár.“ — Alls ekki gjaldskráin frá 1955, heldur önnur, sem þeir finna, sem þeir telja vera nothæfa til þess að hafa til hliðsjónar, en hún er bara frá 1962, sem l. alls ekki nefna á nafn. Þetta er náttúrlega heldur leiðinlegt víxlspor hjá þeim hæstv. ráðh., sem flumbraðist til að setja þessi brbl. og leggja dómendum fyrir að starfa eftir plaggi, sem þeir lýsa yfir að sé úrelt og ónothæft sem grundvöllur að ákvörðun þóknunar. Þó að ekkert hefði komið til annað en þetta, hefði verið ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að kippa málinu til baka og hafa sem hljóðast um það. En hann hefur ekki valið þann kostinn, og þess vegna hlýtur hann að una því hlutskipti, að málið sé gert rækilega að umtalsefni.

Í 3. gr. kemur svo bannið við verkföllum. Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi tala til, eru óheimil, þ. á m. framhald verkfalls Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú er háð. Það er svo hastarlega gripið á þessu máli, að þegar brbl. eru fyrst sett, er yfirstandandi löglegt verkfall löglegs stéttarfélags, boðað og rekið samkv. gildandi löggjöf, vinnulöggjöfinni, l. um stéttarfélög og vinnudeilur, — þetta verkfall er lögbannað í miðjum klíðum. Það er ekki verið að koma í veg fyrir verkföll, sem vofa yfir, það er verið að grípa inn í löglega boðað og löglega rekið verkfall hjá stéttarfélagi, og það er gert með brbl., og síðan bætt við, að öll önnur verkföll, sem háð séu í því skyni að knýja fram skipun kjaramála, sem þessum l. er ætlað að leysa, skuli einnig bönnuð. Og þetta átti víst að gilda, eins og af stað var farið með frv., um alla framtíð, því að frv. var ótímabundið. Nú er búið að klastra við það á þann veg, að það skuli þó ganga úr gildi við árslok 1965. Þá eiga verkfræðingar að hafa gamlaársfagnað um það, að þeir hafi fengið sín mannréttindi á

ný. Það verður mikið gamlaársdagskvöld hjá þeim. En þangað til er þeim ætlað, meðal fárra annarra stétta, að vera sviptir verkfallsrétti og þar með samningsrétti sínum um kaup og kjör, og þau skulu vera lögbundin sem einhvers konar hliðstæða við þau laun, sem verkfræðingar í opinberri þjónustu hafi á hverjum tíma.

En einmitt út af þessu ætla ég nú næst að víkja að því, hversu auðvelt það er, eða hitt þó heldur, fyrir verkfræðingana að vita um það með sanni, við hvaða kjör verkfræðingar í þjónustu ríkisins búa á hverjum tíma. Nú er a. m. k. ekki alveg ljóst, upp á hvaða kjör þeir verkfræðingar voru ráðnir, sem ráðnir voru í þjónustu ríkisins, meðan á verkfalli verkfræðinga stóð. Það er ekki alveg ljóst. Og það er einn af ljótu kapítulunum í sambandi við þetta mál, að ríkið hefur brotið lög, umboðsmenn ríkisvaldsins hafa verið látnir brjóta lög til þess að reyna að skapa upplausn í röðum verkfræðinga, því að einmitt þegar verkfall þeirra stóð, hið löglega háða og boðaða verkfall, tókst vegamálastjórninni að ráða til sín fjóra verkfræðinga, og eftir því, sem ég bezt veit, mun Stéttarfélag verkfræðinga líta svo á, að þessir verkfræðingar hafi framið verkfallsbrot gagnvart sínu stéttarfélagi og séu þannig hvorki meira né minna en verkfallsbrjótar. En til þess að gerast það hafa þeir óefað verið knúðir af ríkisvaldinu með einhverju móti. Í vinnulöggjöfinni er það bannað hverjum og einum að hafa áhrif á vinnudeilur, gang vinnudeilna, með vilyrðum eða uppbótum á laun til þeirra, sem í verkfalli standa. Það er ákveðið bannað í vinnulöggjöfinni. Og auðvitað hljóta þessi lög að ná til ríkisstj. alveg eins og til sérhvers borgara í landinu, og situr auðvitað sízt á ríkisstj. að brjóta landsins lög.

Það er talið, að vegamálastjórnin hafi á s. l. sumri með ráðningu hinna fjögurra verkfræðinga til sín beitt þeim aðferðum að heita þeim friðindum í ýmsu formi, sem ekki yrði getið um í ráðningarsamningi þeirra, en væru nokkuð mikils virði fjárhagslega fyrir þá, einkanlega þegar þessi friðindi gætu orðið skattfrjáls og þar með ríkisvaldið sjálft verið að semja við þjónustumenn sína um að vera skattsvikarar, svo fagurt sem það nú er, enda játar nú hver ráðh. hér á fætur öðrum, að skattsvik séu mjög algeng í þjóðfélaginu, og þeir vita um það, enda undrast ég það ekki, þegar ég hef þetta í huga, að þeir viti nokkuð vel um þessi mál.

Ef þetta er rétt, að verkfræðingunum, sem voru ráðnir til vegamálastjórnarinnar, hafi verið heitið friðindum, ef þeir gengju út úr verkfallinu og brygðust þannig sínu stéttarfélagi, þá er ekki hægt að orða það öðruvísi en svo, að þeim hafi verið mútað, þeim hafi verið mútað af ríkisvaldinu til þess að brjóta lög, ekki aðeins l. um stéttarfélög og vinnudeilur, heldur einnig skattal., með þessu hafi þeir verið fengnir til að vega aftan að stéttarbræðrum sínum í verkfalli. Það má vel vera, að umboðsmenn ríkisvaldsins líti á þetta sem meinlitlar aðgerðir, en ég álít þetta alvarlegt brot. Það, að þessum verkfræðingum var svo vikið úr Stéttarfélagi verkfræðinga, sýnir, að stéttarfélagið taldi sig þarna hafa verið grátt leikið og taldi sig vita, að þarna hefðu gerzt þeir hlutir, sem vörðuðu við lög. Það væri auðvitað í sambandi við þetta mál mjög fýsilegt að fá um það vitneskju frá fyrstu hendi, t. d. frá hæstv. samgmrh., landbrh., flugmálaráðh., þeim ráðh., sem þetta heyrir undir, hvort sá orðrómur hafi við rök að styðjast, að þessu hafi verið þannig farið, og þess vegna vil ég bera fram til hæstv. ráðh. nokkrar spurningar, og ég vil óska þess af hæstv. forseta, að hann stuðli að því og sjái um, að hæstv. ráðh. verði hér viðstaddur, svo að hann geti hlýtt á mínar fsp. og þannig gefið sönn og rétt svör við þeim, því að hann er fær um það, hann hefur vitneskjuna. Á meðan ætla ég að gera hlé á máli mínu. (**Forseti:** Það er nú einn hæstv. ráðh. viðstaddur í þd.) En hefur hann nokkra vitneskju um þessi mál? (**Dómsmrh.:** Það er ómögulegt að vita, nema þm. spyrji.) Ég mundi nú heldur óska þess, af því að þingið starfar enn þá, þó að það sé nú búið að ljúka störfum í Ed., — þessi hv. þd. starfar enn þá, — ég hefði viljað óska þess, að hæstv. ráðh., sem málið varðar, gæfi sér tóm til að vera hérna, og ég tel mig þar halda á mínum þingmannsrétti. Hitt er að vísu vel boðið hjá hæstv. dómsmrh. að hlaupa í skarðið fyrir sinn stéttarbróður. Það er beðið um að sækja ráðh. (**Forseti:** Ég vildi biðja hv. þm. að halda áfram ræðu sinni. Hæstv. flugmálaráðh. er ekki staddur í húsinu, og það er ekki á valdi forseta að tryggja það, að hann verði við nú þegar.) Já, ég harma það, ef hæstv. forseta tekst ekki að halda ráðh., sem málið heyrir undir, í húsinu, og það er enn þá ein óvirðingin, sem hann sýnir verkfræðingastéttinni og þessu máli, að láta önnur störf ganga fyrir þeirri skyldu sinni að vera hér við umr. Við eigum rétt á því þm., að ráðh. séu viðstaddir, þegar þau mál, sem þeir bera fyrir þingið, eru rædd. Hins vegar hef ég engar ásakanir í frammi við hæstv. forseta, ef hann hefur látið kanna það, að ráðh. sé ekki viðstaddur. En þá ætti, ef þingmannsrétturinn væri virtur, að fresta þingfundi, þangað til ráðh. gæti verið við.

Ég ætla þá að treysta á það, að hæstv. dómsmrh. hlaupi í skarðið fyrir sinn fjarverandi stéttarbróður, og bera fram spurningarnar. En spurningunum hefði ég viljað fá svarað undir þessum umr., og það er ekki aðeins ég, heldur allir þm., sem eiga rétt á því, að það, sem ég hér spyr um, sé upplýst. Fyrsta spurningin er þessi til hæstv. ráðh.: Var verkfræðingunum boðin eftirvinna og gert ráð fyrir því við þá, að fast samkomulag væri um hana? Hversu mikla eftirvinnu fá verkfræðingarnir greidda, ef svo er, og er sú eftirvinna unnin? En sumir halda því fram, að um það sé samið, að hana þurfi ekki að vinna. Önnur spurningin er á þessa leið: Var verkfræðingunum, einum eða öllum, veitt 60 þús. kr. lán til bifreiðakaupa vaxtalaust og að því er sagan segir til fárra ára í því skyni, að þeir gætu eignazt bif-

reið, svo að hægt væri að greiða þeim bifreiðastyrki, eftir að þeir hefðu eignazt bifreiðina? Þriðja spurningin er á þessa leið: Er það rétt, hæstv. ráðh., að verkfræðingunum sé greiddur bifreiðastyrkur, og þá hve mikill, og að sá styrkur verði ekki talinn þeim fram til tekna, þ. e. a. s. að hann sé skattfrjáls? Í fjórða lagi: Hve mikil eru raunveruleg laun þessara verkfræðinga, sem sagðir eru á kjörum samkv. kjaradómi? Kjaradómskjör 10 ára verkfræðings eru 14400 kr. Að því er verkfræðinga, sem starfa hjá Landssíma Íslands, varðar, fullyrðir almannarómur, að samið sé við þá um allt að 25% álag á kjaradómskjör, að þeim sé greitt þetta álag fyrir vinnu utan venjulegs vinnutíma og utan venjulegs vinnustaðar, að fyrir þetta álag komi ekki vinna nema að því leyti, að fyrir komi stundum, að fyrirspurnum sé beint til verkfræðinganna um síma utan vinnutímans. Fullyrt er, að landssímastjóri hafi leyfi fyrir þessum greiðslum frá ráðh. Að hve miklu leyti hefur þessi orðrómur við rök að styðjast, hæstv. ráðh.?

Þessi mál varða verkfræðingana. Úr því að gerðardómurinn á að ákveða þeim laun hliðstæð þeim launum, sem verkfræðingar í þjónustu ríkisins hafa, verða þeir að fá að vita sannleikann um þau mál, eiga heimtingu á því, því að séu þessi fríðindi veitt, eru þau ekki nein smáræðis viðbót við launakjör verkfræðinga — hin opinberu launakjör verkfræðinga í þjónustu ríkisins — og eiga þannig auðvitað að hafa mjög mikil áhrif á hin úrskurðuðu launakjör hinna verkfræðinganna, sem brbl. fjalla um.

Þá þætti mér afskaplega fróðlegt að fá upplýst af ráðh., svo að upplýsingarnar séu áreiðanlegar, að hve miklu leyti ríkisstofnanir hafi látið útlenda verkfræðinga starfa hjá sér hér á landi, meðan brbl. hin fyrri voru í gildi um lausn á kjaradeilu verkfræðinga. En þau lög bönnuðu að greiða fyrir verkfræðiþjónustu meira en 147.81 kr. fyrir hverja unna klst. Brbl. höfðu gildi sem lög um tíma, og þau bönnuðu, að nokkrum verkfræðingi væri borgað meira en 147.81 kr. á klst. Er það nú svo, að útlendur verkfræðingur eða útlendir verkfræðingar hafi verið hér í þjónustu ríkisins og ríkisstofnana, meðan þessi lög voru í gildi, og hafi haft einhverja smávægis umbun umfram 147.81 kr. og l. þannig verið brotin? Þá er ekki síður fýsilegt að fá um það vitneskju, hvernig greiðslum til þessara útlendinga var háttað. Er það t. d. rétt, að þeim hafi verið á sama tíma greitt allt að 1200 kr. á klst.? Þetta er fullyrt af mönnum í stjórn Verkfræðingafélags Íslands, og ég vil því spyrja hér með: Fer stjórn Verkfræðingafélagsins hér með staðlausa stafi eða ósannindi? Ég tel langsamlega eðlilegast, að hæstv. viðkomandi ráðh. þessara mála gefist kostur á að upplýsa allt þetta í sambandi við umr. um þetta mál, og teldi bókstaflega rangt, að umr. um það væri lokið, án þess að hæstv. ráðh. gæfist færi á að bera fram sín svör.

Það er látið í veðri vaka, að þessi brbl. séu gefin út til þess að koma í veg fyrir, að verkfræðingar okri á vinnu sinni, selji vinnuafl sitt of dýrt, og þá liggur sú spurning fyrir opin: Hefur þessum tilgangi l. verið náð? Tilgangi l. hefur ekki verið náð, ef verkfræðingum í opinberri þjónustu hefur með vissu móti verið mútað til þess að ganga í þjónustu ríkisins með ótalmörgum og margvíslegum þýðingarmiklum fríðindum umfram þau laun, sem þeir áttu að hafa samkv. niðurstöðu kjaradóms. Og tilgangi l. hefur ekki heldur verið náð, ef það er rétt, að þeir opinberu aðilar, sem ekki lögðust svo lágt að fara að knýja verkfræðinga til að gerast verkfallsbrjóta, sömdu við verkfræðingafyrirtæki um að taka hvers konar verk, sem þeir áður höfðu unnið í tímavinnu, í ákvæðisvinnu, þannig að til grundvallar fyrir ákvæðinu voru lagðir hinir auglýstu taxtar, sem verið var að berjast á móti. Ég hef það fyrir satt, að Hitaveita Reykjavíkur og fjöldamörg fyrirtæki önnur hafi látið vinna verkin upp á þau býti, að hin auglýsta gjaldskrá var lögð til grundvallar akkorði, og þannig algerlega komizt fram hjá því að borga verkfræðingunum eftir hinu fasta kaupi, sem kjaradómur ákvað. Þannig hafi verkfræðingarnir, þrátt fyrir allt þetta baks til þess að færa þá í fjötra, haldið sínu frelsi og það verði enginn sparnaður af þessu hjá því opinbera, heldur þvert á móti, hið opinbera verði í öllum tilfellum að borga verkfræðingum miklu hærra en þeir jafnvel fóru fram á upphaflega. Ef þetta er rétt, hefur engum tilgangi verið náð, en ríkisvaldið hefur bara fengið vansæmd af þeirri árás, sem það hefur gert á þessa sérfræðingastétt, þessa ómissandi sérfræðingastétt. Ef það, sem ég nú upplýsti síðast, hefur við rök að styðjast, er augljóst, að þetta tilræði ríkisvaldsins við verkfræðingastéttina hefur orðið til þess að gera þjónustu verkfræðinga í raun og veru dýrari en hún hefði orðið áreiðanlega, ef samningum hefði verið haldið áfram við þá og frá þeim gengið með eðlilegum hætti.

Ég tek eftir því, að það er hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, sem hefur farið út á þessa brbl.-braut gagnvart verkfræðingunum. Hann hafði áður spreytt sig með brbl. gagnvart flugmönnum, og það er svo, illu heilli, að bændastéttin verður að búa við eins konar gerðardómsákvarðanir um sitt afurðaverð, og ríkir í þeirri stétt engin ánægja með þá tilhögun. Hatrammast er þetta gagnvart verkfræðingunum, sem höfðu stofnað sitt löglega stéttarfélag, og ný lög eru sett, þegar það starfar samkv. gildandi löggjöf landsins og á í vinnudeilu, þá er brbl. beitt gegn þeim. Opinberir starfsmenn hafa fengið kjaradóminn, en verið synjað um verkfallsrétt. Jú, það var ekki lítil lukka með fyrsta kjaradóminn, sem kveðinn var upp. En svo sýndi hann sig í annað sinn, og þá minnkaði lukkan heldur með hann. Þá gátu samtök opinberra starfsmanna ekki betur séð en kjaradómurinn væri orðinn verk-

færi í hendi ríkisvaldsins og endurskoðunarrétturinn, sem átti að skapast, þegar almennar launahækkanir yrðu í landinu, hefði verið virtur að vettugi. Það höfðu orðið, eftir að kjaradómur kvað fyrst upp sinn dóm, miðaðan við 1. júlí 1963, orðið almennt 15% kauphækkanir í landinu. Opinberir starfsmenn eða samtök þeirra töldu sig eiga rétt á, að fyrri kjaradómur yrði þá endurskoðaður og dómur felldur um það, að hve miklu leyti þeir ættu að fá hliðstæða launahækkun. En þeim var úrskurðað, að þeir skyldu enga launahækkun fá. Síðan hefur ekki ríkt ánægja með þann gerðardóm hjá hinum fjölmennu og sterku samtökum opinberra starfsmanna.

Það er nokkuð síðan l. um verðlagsráð sjávarútvegsins voru sett. Í þeim l. er ákvæði um, að fiskverð skuli ákveðið af gerðardómi, gerðardómi, sem samansettur sé af fulltrúum fiskkaupenda, fulltrúum sjómanna og fulltrúa frá ríkisvaldinu. Í öll skipti hefur þessi gerðardómur klofnað og úrskurður verið felldur um fiskverðið af meiri hl. gerðardómsmanna gegn minni hl., þangað til nú síðast kastaði tólfunum, þá var kveðinn upp gerðardómur um fiskverð og þannig ákveðin lífskjör sjómanna í landinu gegn fulltrúum fiskkaupenda í dómnum, gegn fulltrúum sjómanna í dómnum, af einum ríkisembættismanni, sem sjaldan hafði á sjó komið, þ. e. a. s. manni, sem var ekki gerkunnugur, — það er a. m. k. ekki ofsagt, — ekki gerkunnugur sjómennsku og fiskveiðum og átti þó að fjalla um þetta sem dómari. En bezt er að líta á það mál ópersónubundið. Þarna hefur það gerzt, að í gerðardómi, sem á að kveða upp úrskurð um lífskjör sjómannastéttarinnar, getur ríkisembættismaður í dómarasæti gegn öllum hinum dómendunum ráðið niðurstöðu og haft ákvörðunarvaldið í sinni hendi.

Halda menn nú virkilega, að þetta gerðardómsform sé til þess fallið að setja niður stéttadeilur í þjóðfélaginu? Nei, ég fullyrði, að við erum búnir að fá þá reynslu af gerðardómum, að það fer að verða öllum ljóst, að þeir verða til að sá sæði ófriðar og illinda innbyrðis í stéttum og milli stétta og milli stétta og ríkisvalds, svo að það líður ekki á löngu, þangað til þeir verða fordæmdir af öllum og enginn vill þeim lúta. Ég get sagt frá því, að nú er verðlagsráð sjávarútvegsins í upplausn. Það er í upplausn, eftir að dómendurnir voru þar beittir því gerræði, að einn úrskurðaði móti öllum hinum. Sumir af meðlimum verðlagsráðs sjávarútvegsins eru hættir að starfa, neita að mæta þar, og dómurinn er að verða óstarfhæfur, hann er að leysast upp. Þannig er nú að fara um þá sjóferð. Það átti að vera ósköp einfalt og þægilegt fyrir ríkisvaldið að ákvarða fiskverð í landinu og geta, ef svo bæri undir, falið einum embættismanni ríkisins að gera það, gegn þeim aðilum báðum, sem það mál varðar sérstaklega.

Þetta mál hefur verið mikið rætt í hv. Ed. og þar gerðar á því tvær smávægilegar breytingar. Önnur þeirra er þó ekki alveg þýðingarlaus. Hún er, eins og ég áðan drap á, um það, að þessi lög, ef þau verða samþ. af Alþingi, skuli ekki gilda nema til ársloka 1965. Það er betra en þau séu ótímabundin. En þó er ég sannfærður um, að það verða látlaust bornar fram till. á Alþingi um það, að þessi lög verði felld úr gildi, strax og næsta Alþingi kemur saman. Ef þetta frv. verður nú samþ., munu verða borin fram frv. um það, að þessi þvingunarlög verkfræðingastéttarinnar verði numin úr gildi. Og það verður að prófa það, hvort það er hinn frjálsi vilji Alþingis Íslendinga að taka þannig eina stétt út úr og beita hana lagaofbeldi.

Ég sé, að þeir menn, sem hafa mælt með því í hv. Ed., að frv. yrði samþ., eru þeir hv. 12. þm. Reykv., Eggert G. Þorsteinsson, hv. 10. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, og hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson. Ég er dálítið undrandi á því, að þessir tveir fyrstnefndu menn skuli geta mælt með svona frv. Það er þá í fyrsta lagi Ólafur Björnsson prófessor, hv. 10. þm. Reykv., hann var um langt árabil í stéttasamtökum. Hann var forustumaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um alllangt skeið. Þau samtök höfðu þá ekki verkfallsrétt og börðust undir hans forustu fyrir því að fá þann rétt, samningsrétt, frjálsan samningsrétt og verkfallsrétt, og þau berjast fyrir því að fá verkfallsréttinn enn þá, samningsréttinn klipptan og skorinn hafa þau hins vegar fengið. Ég hefði haldið, að þessi annars ágæti maður og sanngjarni hefði verið minnugur þess, að hann hafði árum saman í fylkingarbrjósti samtaka opinberra starfsmanna barizt fyrir þeim réttí, sem hér er verið að svipta eina af þeim stéttum, sem hafði þennan rétt, og ég hefði því helzt ekki trúað því, að hann legði nafn sitt við slíkt. En hér stendur það svart á hvítu, hann leggur til, að frv. verði samþykkt. Enn síður hefði ég þó viljað trúa því, að menn úr röðum hinnar almennu verkalýðshreyfingar kæmu hér fram á hv. Alþingi og mæltu með því, að frv., sem bannaði verkföll og svipti eina stétt manna samningsrétti, yrði samþykkt. En það gerir þó engu að síður hv. 12. þm. Reykv., Eggert G. Þorsteinsson. Hann var um langt skeið formaður Múrarafélags Reykjavíkur, félags, sem hafði samnings- og verkfallsrétt og mér er kunnugt um það, að þessi maður telur samnings- og verkfallsréttinn vera helgasta rétt allra frjálsra verkalýðssamtaka, og ég veit, að ef hans stéttarfélag, Múrarafélag Reykjavíkur, hefði átt í hlut og frv. verið borið fram um það á Alþingi að svipta það verkfallsrétti, þá hefði hann aldrei látið það á sig ganga að samþykkja það. En hitt fæ ég ekki skilið, að maður með slíka afstöðu skuli geta skrifað undir nál. um það á Alþingi, að hann mæli með því, að frv. verði samþykkt um að svipta Verkfræðingafélag Íslands samningsrétti og verkfallsrétti. Ég get ekki komið því heim og saman, hvernig einn og sami maður gæti verið reiðubúinn til að verja samnings- og verkfallsrétt eins stéttarfélags, en mæla með því, að annað stéttarfélag sé svipt þessum rétti. En

svona geta menn nú stundum verið tvískiptir í afstöðu til mála.

Ég álít, að það sé gerræði hið mesta að setja lög, sem banni einni stétt samnings- og verkfallsrétt, og ég tel það til einskis sóma fyrir Alþingi Íslendinga að afgreiða frá sér slíka löggjöf. Ég hefði viljað bera fram eindregin tilmæli til hæstv. ráðh. um að taka þetta frv. aftur nú á síðustu stundum þingsins, eða ef hann fyrir metnaðar sakir þykist endilega þurfa að fá sín brbl. staðfest, að hann þá gæfi yfirlýsingu um það, að hann mundi annað tveggja gefa út brbl. um að nema þau úr gildi milli þinga eða lofa því að beita sér fyrir að flytja frv. um, að l. væru felld úr gildi í upphafi næsta þings. Öll þessi úrræði eru skárri heldur en ætla sér að knýja það fram í nafni þess hæpna þingmeirihl., sem stjórnarflokkarnir hafa á bak við sig, að svipta eina stétt svo dýrmætum mannréttindum sem hér er um að ræða, þegar það er þá margsinnis upplýst, að til þess rekur einnig nauður. Það er búið að gera upp þann gerðardóm, sem hér átti að kveða upp. Gerðardómurinn hefur starfað. L. eru hér eftir dúk og disk, og ég er sannfærður um það, að þó að þetta frv. verði lögfest, verður aldrei í það ráðizt aftur að kveða upp gerðardóm um kjör verkfræðinganna. Þau eru því pappírsgagn eitt. En að hafa slíka mannréttindasviptingu í lagasafni Alþingis, það er vanvirða, og þess vegna á að komast hjá því.

Ég vil enn, hæstv. forseti, fara þess á leit, að hæstv. ráðh. séu gerðar kunnugar þær spurningar, sem ég bar hér fram og allar snerta þetta mál mjög og ég á rétt á að verði svarað, áður en umr. lýkur, og bið því forseta enn að gera til þess ráðstafanir, að hinn önnum kafni hæstv. ráðh. komi hér til þess að vera viðstaddur við umr. þess máls, sem hann hefur sjálfur lagt fyrir Alþingi. Það er alveg óviðunandi fyrir Alþingi, að ráðh. skuli vera fjarverandi, þegar þeirra mál eru rædd, allra helzt þegar um deilumál er að ræða, mál, sem menn þurfa að eiga orðastað við ráðh. um, því að það er ekkert skemmtilegt fyrir mig eða aðra þm. að deila á fjarstadda menn, hvort sem það eru ráðh. eða aðrir. En í þessu tilfelli er það þó verst að geta ekki fengið nauðsynlegar upplýsingar um það mál, sem verið er að ræða, því að þess er engin von, að annar hæstv. ráðh., sem hér er staddur, geti, þó að hann hafi vilja til þess, hlaupið í skarðið fyrir þann ráðh., sem hér á hlut að máli, að því er svör við þessum spurningum viðkemur, enda býst ég varla við því, að hann geti gefið nein svör núna við umr. Skyldi það þó tekið gott og gilt, ef hann gæti það, en þannig eru mál vaxin, að þess er alls ekki að vænta.

Ég skal svo láta máli mínu lokið í þetta sinn, en vænti þess, að svör ráðh. liggi fyrir, áður en umr. er lokið, og mundi þá e. t. v. segja nokkur orð að fengnum svörum hæstv. ráðh.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég býst við, að það gildi hið sama um flesta þm. og mig, að þeir hafi verið dálítið undrandi, þegar þetta frv. var tekið upp í Ed., eftir að það var búið að liggja í salti í marga mánuði. Ég hygg, að flestir þm. hafi litið svo á, að þetta frv. væri úr sögunni, það hafi verið ætlun hæstv. ríkisstj. að láta það ekki ganga fram, og það var byggt á alveg eðlilegum ástæðum, að menn litu þannig á málið, því að forsendurnar eða aðstæðurnar voru allt aðrar á s. l. sumri, þegar þessi brbl. voru sett, og á s. l. hausti, þegar hæstv. ríkisstj. lagði þetta mál fyrir þingið og fékk það afgreitt í Nd. til Ed.

Mér finnst rétt að rifja þetta upp stuttlega. Á s. l. sumri og á s. l. hausti var það afstaða hæstv. ríkisstj. að koma í veg fyrir launahækkanir umfram það, sem opinberir starfsmenn höfðu fengið með kjaradómi. Hæstv. ríkisstj. leit þannig á, eins og kom glöggt fram í blöðum hennar á þeim tíma, að kjaradómur dæmdi opinberum starfsmönnum laun í samræmi við það, sem aðrar stéttir höfðu á þeim tíma, eða 1. júlí s. l., og þá virtist það vera skoðun eða stefna hæstv. ríkisstj. að koma í veg fyrir, að önnur laun hækkuðu meira en þá var orðið, og afstaða hennar var sem sagt þá sú að reyna að festa launin í þeim skorðum, sem þau voru almennt í landinu, eftir að kjaradómur hafði kveðið upp úrskurð sinn um laun opinberra starfsmanna. Og í samræmi við þetta skildist manni, að ríkisstj. hefði sett brbl. um kjör verkfræðinganna, vegna þess að hún vildi ekki, að kjör þeirra hækkuðu umfram það, sem opinberir starfsmenn höfðu fengið, vegna þess að það gæti haft í för með sér almenna launaskriðu í landinu. Á þessu virtist manni, að brbl. um kjör verkfræðinganna væru byggð. Og það var líka í fullu samræmi við þessa stefnu, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram á Alþingi í nóvemberbyrjun frv. um bindingu alls kaupgjalds í landinu um ákveðinn tíma. Það var sem sagt stefna hæstv. ríkisstj. á þessum tíma að koma í veg fyrir, að nokkrar kauphækkanir yrðu í landinu umfram það, sem hefði orðið hjá opinberum starfsmönnum, nema þá aðeins til samræmingar, eins og það var kallað. Og séð frá sjónarmiði þessarar stefnu hæstv. ríkisstj. var það ekki óeðlilegt, frá hennar sjónarmiði séð, þó að hún beitti sér fyrir gerðardómsl. í verkfræðingadeildinni og beitti sér svo síðar fyrir frv. um kaupbindinguna, sem hún lagði fram nokkru síðar hér á Alþingi.

En síðan þetta gerðist, hefur vissulega mikil breyting á orðið. Það gerðist sem sagt á s. l. hausti hér á Alþingi, að hæstv. ríkisstj. gafst upp við tilraun sína til almennrar lögbindingar á kaupgjaldi. Hún gafst upp við að koma fram frv. sínu um almenna kaupbindingu, og í framhaldi af því varð almenn launahækkun í landinu, og manni skildist þess vegna, að þegar hæstv. ríkisstj. hafði fallið frá lögbindingarfrv., sem náði til launa almennt, mundi hún einnig falla frá þessu frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að það var raunar ekkert annað en þáttur í þeirri stefnu hennar að reyna að koma í veg fyrir kauphækkanir almennt á þessum tíma. Og ef nokkurt eðlilegt samræmi væri

í þessu, þá átti hæstv. ríkisstj. þess vegna, þegar hún féll frá kaupbindingarfrv. á s. l. hausti, að falla einnig frá þessu frv., sem stefndi raunverulega í sömu áttina og fól í sér sömu stefnuna, og menn voru líka farnir að álíta það, að þetta væri afstaða hæstv. ríkisstj., vegna þess að eftir að þetta frv. kom til Ed., lá það þar í salti í marga mánuði og virtist ekki eiga að verða nein hreyfing á því. Og þetta var ekkert óeðlilegt, eftir að hæstv. ríkisstj. var búin að falla frá tilraun sinni til almennrar kaupbindingar í landinu. Þess vegna kom það mér á óvart, eins og vafalaust mörgum öðrum hv. þm., þegar þetta mál, eftir að hafa legið lengi í salti, er tekið upp í Ed. í þinglokin og reynt að koma því fram. Þetta finnst mér óeðlilegt og kom mér á óvart, vegna þess að ég áleit, að það væri stefna hæstv. ríkisstj. að láta hið sama ganga yfir verkfræðinga og aðrar launastéttir í þessum efnum. Meðan ríkisstj. hafði þá stefnu uppi að binda almennt kaupgjald í landinu, var ekki óeðlilegt, þó að hún færi þá leið, sem var farin í þessu frv., en eftir að hæstv. ríkisstj. var horfin frá þessari stefnu almennt, var líka eðlilegt, að hún legði þetta frv. á hilluna. Það er heldur ekkert óeðlilegt eða óvenjulegt, að ríkisstj. falli frá því að knýja fram brbl. Það eru fjöldamörg dæmi um það í þingsögunni, að brbl. hafi verið látin daga uppi. Stundum hefur það stafað af því, að brbl. hafa aðeins verið tímabundin og þess vegna ekki þurft að samþykkja þau á þinginu eða aðstæður breytzt þannig, forsendurnar, sem voru fyrir brbl., hafa fallið niður og þau þess vegna verið látin daga uppi. Og mér virðist, að það gildi fullkomlega um þetta mál, að samkv. þeirri venju eigi það ekki að ganga fram, vegna þess að sú raunverulega forsenda, sem var fyrir því á s. l. hausti, er fallin úr sögunni, þar sem var viðleitni hæstv. ríkisstj. þá til almennrar bindingar á kaupgjaldi, en þá stefnu gafst hæstv. ríkisstj. upp við í nóvembermánuði s. l., eins og kunnugt er, og þetta frv. hefði átt að fylgja á eftir hinu almenna lögbindingarfrv., sem ríkisstj. flutti þá og féll frá að lokum. Þess vegna finnst mér það vera ákaflega einkennileg málsmeðferð, eftir að ríkisstj. var fallin frá hinu almenna lögbindingarfrv., að hún skuli reyna sérstaklega til þess að knýja þetta mál fram og láta með því þessa stétt búa við annan rétt og minni rétt en aðrar launastéttir í landinu.

Fleira veldur því einnig, að mér kemur sú málsmeðferð, að knýja þetta mál fram nú í þinglokin, mjög ókunnuglega og undarlega fyrir sjónir. En þetta þing er búið að vera mjög langt, eitt af lengstu þingum, sem hafa verið haldin. Það verður hins vegar ekki sagt, að það sé eins mikið, sem liggur eftir þetta þing, því að ég býst við, að það sé leitun á því þingi í þingsögunni, sem hafi afgreitt öllu færri meiri háttar mál heldur en þetta þing. Og ég held, að það sé mjög erfitt að benda á nokkurt stórmál, sem þetta þing hefur afgreitt. Að vísu héldu ýmsir á sínum tíma, að sú skipan, sem væri komin á vegamálin eða samgöngumálin með vegáætluninni, mundi geta talizt til stórmála. En framkvæmd þessa máls virðist hins vegar ætla að fara þannig, að það verði ekki, vegna þess að sú fjárveiting, sem hefur verið tryggð í þessu skyni, mun verða alveg ófullnægjandi, og þess vegna þurfi að afla fjár á annan hátt og meiri, ef þetta mál eigi að ná þeim tilgangi, sem ætlazt var til með því. En þó að þetta þing sé bæði búið að vera langt og aðgerðalítið, vil ég þó gjarnan láta það koma hér fram nú í þinglokin og vil ekki sízt láta það koma fram vegna þess, að ég hef gert talsvert að því á þessu þingi, eins og ýmsir stjórnarandstæðingar, að gagnrýna hæstv. ríkisstj., að segja þó nokkur viðurkenningarorð um hana hér í lokin, því að það finnst mér, að sé rétt að viðurkenna, að vegna baráttu okkar stjórnarandstæðinga hér á Alþingi og raunar líka utan Alþingis hefur orðin ein mjög veruleg og ég vil segja mjög ánægjuleg breyting á stefnu hæstv. ríkisstj.

Eins og ég minntist á hér áðan, var það stefnumál, ákveðið stefnumál hæstv. ríkisstj., þegar þetta þing kom saman á s. l. hausti, að binda allt kaupgjald í landinu, annaðhvort með beinum l. eða gerðardómum. Vegna baráttu okkar stjórnarandstæðinga, bæði á þingi og utan þings, hefur hæstv. ríkisstj. horfið frá þessari stefnu, og það er nú yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj. og kom mjög ljóslega fram í ræðu hæstv. forsrh. í umr. hér í gærkvöld, að nú sé það stefna hennar að leysa kjaramálin ekki með gerðardómum og lögbindingu, heldur með samkomulagi við launastéttirnar í landinu. Ríkisstj. hefur fallizt á þau tilmæli A. S. Í. að taka upp almennar viðræður um kjaramálin og leita samkomulags milli hennar og launþega og atvinnurekenda um lausn þessara mála. Það er sérstaklega ánægjulegt fyrir okkur stjórnarandstæðinga, að hæstv. ríkisstj. hefur fallizt á að fara þessa leið, vegna þess að þetta er einmitt sú leið, sem við höfum lagt megináherzlu á hér á Alþingi og utan Alþingis líka, að farin væri í kjaramálunum. Hæstv. ríkisstj. hefur sem sagt fallið frá þeirri stefnu, sem hún hafði í upphafi þingsins, að reyna að leysa kjaramálin með lögbindingu og kjaradómum, en farið inn á þá braut að leysa þetta mál með samkomulagi við stéttirnar, bæði atvinnurekendur og launþega. Og fyrir þessa stefnubreytingu finnst mér ástæða til þess nú í þinglokin að láta í ljós viðurkenningu fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa breytt þannig um stefnu, sem ég tel, að sé mjög til hins betra og sé sú eina stefna, sem sé líkleg til þess að leysa þessi mál á eðlilegan og heppilegan hátt.

En þegar það er hins vegar athugað, að hæstv. ríkisstj. hefur gert þessa breytingu á stefnu sinni, finnst mér það enn undarlegra, að hún skuli leggja slíkt ofurkapp á það að koma þessu máli fram, vegna þess að þetta frv. og þetta mál, sem hér liggur fyrir, er alveg öndvert þeirri stefnu, að reynt sé að leysa málin í samkomulagi við stéttirnar. Ef þetta

frv. verður að l., verður sem sagt hafður allt annar háttur á í viðskiptum við verkfræðingana heldur en aðrar stéttir í landinu. Það er ákveðið, að það skuli gerðardómur fella úrskurð um þeirra kaup og kjör, meðan samið er við aðrar launastéttir landsins og meðan ríkisstj. telur það hina réttu stefnu.

Ég vil í framhaldi af þessu fara þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún endurskoði nú afstöðu sína til þessa máls og endurskoði hana á þann hátt að færa hana til samræmis við afstöðu hennar í launamálum almennt nú og við afstöðu hennar til annarra launastétta í landinu. Það virðist sem sagt nú stefna hæstv. ríkisstj. að leita samkomulags við launastéttirnar um kjaramálin. Þetta var mjög eindregið áréttað í ræðu hæstv. forsrh. í útvarpsumr. í gærkvöld, og undir þetta hefur verið tekið nú í blöðum stjórnarflokkanna. Og fyrst svo er komið, finnst mér, að það sé ekki neitt undanhald eða neinn afsláttur hjá hæstv. ríkisstj., þó að hún láti þessa stefnu sína einnig ná til þeirrar stéttar, sem þetta frv. fjallar um, og gefi henni tækifæri alveg eins og öðrum stéttum til þess að semja við atvinnurekendur og ríkisstj. um sín mál. Og ég vildi trúa því, ef hæstv. ríkisstj. hefði þann hátt á, að hún færi samningaleiðina við þessa stétt, þá mundi ekki verða örðugra að ná samkomulagi við hana en aðrar stéttir í landinu, ef um almennt samkomulag í þessum málum yrði að ræða. Ég held, að það hafi ekki komið neitt fram af hálfu verkfræðinga þannig, að það megi gera ráð fyrir því, að ef um slíka samningsgerð er að ræða eins og þá, sem nú stendur yfir, þá mundu þeir fylgja fram eða halda fram neitt ósanngjarnari kröfum eða óeðlilegri heldur en aðrir hafa gert eða mundu gera, og þess vegna eigi að freista þess að fara þessa leið og láta þessa stétt búa við sama rétt og sömu aðstöðu og aðrar stéttir hafa nú í sínum réttindamálum. Ég er hins vegar hræddur um það, að ef þessi leið verður ekki farin og ef sá háttur verður upp tekinn að láta þessa stétt búa við aðra aðstöðu og annan rétt en aðrar stéttir í landinu, þá geti það orðið mjög dýrt, ekki kannske fyrst og fremst dýrt fyrir hæstv. ríkisstj., heldur dýrt fyrir þjóðina í heild.

Til þess að skýra það mál mitt nokkuð er kannske ekki úr vegi að rifja upp efni greinar úr erlendu blaði, sem ég las fyrir nokkru, þar sem rætt var almennt um verklegar framfarir og uppbyggingu í heiminum um þessar mundir. Þar var m. a. rætt um það, hvaða atriði það væru, sem nú væru mikilvægust í sambandi við almenna uppbyggingu og framfarir í heiminum, og þá ekki sízt í hinum svokölluðu vanþróuðu löndum. Og það, sem þar var lögð áherzla á, var, að til þess að tryggja nægar framfarir og nógu hraðar framfarir, væri ekki fyrst og fremst nauðsynlegt, að það væru nógar auðlindir fyrir hendi í viðkomandi landi, ekki það, að það væri nægilegt vinnuafl fyrir hendi í viðkomandi landi, ekki heldur, að það væri nægilegt fjármagn í viðkomandi landi, heldur var það talið langsamlega mikilvægast, að væri fyrir hendi nægileg almenn þekking og ekki sízt sérþekking, sem uppbyggingin yrði að grundvallast á. En ég held, að þetta sé að verða ráðandi sjónarmið í heiminum nú, þó að það sé mikilvægt, að löndin ráði yfir auðlindum, mikilvægt, að þau hafi fjármagn og vinnuafl, sé það þó kannske hið allra mikilvægasta, eins og tæknimálunum í heiminum er nú komið, að þjóðirnar ráði yfir nægilegri sérþekkingu til þess að koma uppbyggingu sinna atvinnuvega og verklegum framförum áleiðis. Enda sjáum við það um þessar mundir, að það er nú ekki keppt um annað meira en sérþekkinguna. Þeim löndum, sem geta boðið bezt í sérfræðingana, vegnar bezt í þessum efnum. T. d. má lesa nú í enskum blöðum miklar umr. um það, að brezkir sérfræðingar leiti til Bandaríkjanna, vegna þess að þeim eru boðin betri kjör þar, og þetta er talið eitthvert hið mesta vandamál, sem Bretar eiga við að glíma í sínum efnahagsmálum, og t. d. í sambandi við þær kosningar, sem nú eru þar fram undan, er það eitt aðalkeppikefli flokkanna að lýsa yfir, að þeir vilji gera sem allra mest til þess að auka hina sérfræðilegu menntun í landinu og tryggja uppbyggingu atvinnuveganna og framfarirnar á þann hátt. Og ég held, að í Bretlandi sé áreiðanlega ekki hægt að finna einn einasta mann, sem lætur sér nú koma til hugar, að það muni vera einhver bót í þessum málum, það muni vera leið til að tryggja brezku þjóðinni sérþekkingu að setja sérstakan gerðardóm í málum hinna sérlærðu manna þar í landi, heldur er miklu frekar um það rætt að vinna að bættum kjörum þessara manna til þess að koma í veg fyrir það, að þeir fari af landi burt.

Það er hægt að nefna fjöldamörg dæmi, sem eru sams konar og þetta. Ég minnist þess t. d., að ég ræddi fyrir nokkru við þýzkan mann um fólksflóttann frá Austur-Þýzkalandi, sem var mjög mikill á sínum tíma. Það kom fram í þessum viðræðum, sem reyndar er ekkert óeðlilegt, að alvarlegasta vandamálið fyrir Austur-Þjóðverja var ekki það, hve margir fóru úr landi, þeir voru margir, sem fóru, heldur fyrst og fremst það, að í þessum hóp voru margir þeirra sérlærðustu menn, og missir þeirra varð þess valdandi, að t. d. töfðust fjöldamörg meiri háttar verk, sem verið var að vinna að, og allar áætlanir fóru þess vegna úr skorðum. Og það, sem var Austur-Þjóðverjum langsamlega erfiðast í þessum efnum, var einmitt það, að þeir misstu sérfræðinga. Það hafði miklu meira að segja heldur en hitt, hve margir menn það voru, sem leituðu þaðan úr landi.

Ef við t. d. hverfum að því, þar sem kannske hinn frjálsi heimur er talinn standa hvað höllustum fæti í samkeppni við heim kommúnismans, er það sennilega frekar öllu öðru það, að talið er, að í löndum kommúnismans, sérstaklega í Sovétríkjunum og jafnvel í Kína, sé lögð miklu meiri áherzla á að mennta sérlærða

menn heldur en á sér nú stað í hinum vestræna heim, og ef þeirri öfugþróun verði ekki breytt, geti það átt meira en nokkuð annað þátt í því, að í framtíðinni kunni heldur að halla á hinn frjálsa heim í samkeppninni milli þessara tveggja heima. Og þess vegna er það núna eitt meginmál allra vestrænna landa að auka hina sérfræðilegu menntun sem allra mest og eignast sem allra flesta sérfræðinga.

Það getur vel verið, að margir áliti það, eins og hæstv. ríkisstj., að verkfræðingar séu of dýrir og það verði þá að spara við þá. En í þessum efnum verða menn líka að gera sér það ljóst, að verkfræðimenntun er dýr, og annað þurfa menn enn þá frekar að gera sér ljóst, og það er það, að þó að mönnum þyki kannske dýrt að greiða verkfræðingum sæmilegt kaup miðað við sérþekkingu þeirra og miðað við það, sem þeir hafa annars staðar, þá er þó enn þá dýrara og langdýrast að vera án sérfræðinga, eins og nú er komið atvinnuháttum í heiminum. Og við höfum líka fjöldamörg dæmi um það úr okkar eigin sögu, hve dýrt það er að hafa ekki stuðzt við nægilega sérþekkingu. Við þurfum ekki annað en rifja upp sögu hafnargerða víða um land, sem hafa farið meira og minna í handaskolum, vegna þess að það hefur ekki verið lögð fram nægileg sérfræðileg vinna við undirbúning þessara framkvæmda, og þannig er það um fjölmargar aðrar framkvæmdir hér á landi, að vegna þess að við höfum ekki getað kostað til nægilegri sérfræðilegri þekkingu við undirbúning þessara framkvæmda, hafa þær ekki aðeins orðið miklu dýrari en ella, heldur á ýmsan hátt óhagkvæmari en ella mundi verða. Ég held, að ef menn fara að tala um fjársóun og dýrleika í þessum efnum, þá muni það verða niðurstaðan, að það allra dýrasta og óhagkvæmasta af öllu sé að reyna ekki að kosta til meiri sérfræðilegri þekkingu við þær framkvæmdir, sem verið er að vinna að. Og ég er alveg sannfærður um það, þori alveg hiklaust að segja það, að þessi deila, sem hæstv. ríkisstj. hefur átt í við verkfræðingana, er tvímælalaust þegar búin að verða ríkinu mjög dýr, vegna þess að ýmis þau verk, sem ríkið hefur staðið í framkvæmdum við eða verið að framkvæma, hafa ekki verið nægilega sérfræðilega undirbúin á þessum tíma og þess vegna ýmislegt farið í handaskolum, sem hægt hefði verið að komast hjá, ef það hefði verið kostað til þeirra nægilegri sérfræðilegri þekkingu. Og ef þessari deilu heldur áfram, á þetta áreiðanlega eftir að verða okkur enn þá dýrara, því að eins og hæstv. menntmrh. hefur stundum verið að hafa hér eftir erlendum manni, þá er það kannske arðsamasta fjárfestingin, sem nú er hægt að leggja í, að afla þjóðinni meiri sérfræðilegrar menntunar, en því miður vantar mikið á, að það komi fram í störfum eða verkum hæstv. ríkisstj., að hún líti þannig á málið. Og það er í framhaldi af þessu áreiðanlega hægt að fullyrða, að það óhagkvæmasta, sem hægt er að gera í nokkru þjóðfélagi, er að spara við sig hina sérfræðilegu þekkingu við uppbyggingu atvinnuvega sinna og aðrar þær framkvæmdir, sem nauðsynlegt er að gera í því sambandi. Það er alveg augljóst mál, að ef við Íslendingar ætlum ekki að dragast aftur úr öðrum þjóðum í þessum efnum, verður að kappkosta það að afla okkur miklu meiri sérþekkingar og sérfræðinga en við höfum nú, og við verðum að sætta okkur við það, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að borga þessum mönnum nokkuð sambærileg kjör við það, sem þeir geta fengið annars staðar. Við verðum bara að sætta okkur við þá staðreynd, hvort sem okkur líkar hún eða ekki, að þessir menn hafa alþjóðlega menntun og þeir geta fengið sér atvinnu svo að segja hvar sem er í heiminum. Og það er ekki hægt að ætlast til þess, eftir að þessir menn eru búnir að leggja mikið á sig við langt nám og safna margir hverjir kannske miklum skuldum, sem hafa ekki haft aðstandendur til að hjálpa sér áfram á námsbrautinni, þá er ekki nema eðlilegt, þó að þeir taki oft og tíðum þeim boðum, þar sem þau eru bezt, og ef við getum ekki staðið okkur í þessari samkeppni, endar það þannig, að við verðum meira og minna sérfræðingalausir, þegar fram í sækir, og það getur orðið einn mesti þröskuldurinn á okkar framfarabraut. Þess vegna þýðir ekki annað fyrir okkur en gera okkur það ljóst, að ef við ætlum að halda í horfinu við aðrar þjóðir, verðum við að hafa efni á því með einhverjum hætti að greiða okkar sérfræðingum svipuð laun og þeir geta annars staðar fengið. Annars stöndum við upp í meira og minna sérfræðingalausir, og það hindrar okkar uppbyggingu stórkostlega og verður þess valdandi, að við drögumst aftur úr öðrum.

Það hefur líka verið upplýst í þessum umr., að nú er þannig ástatt, að um 70 íslenzkir verkfræðingar eru starfandi erlendis. Það var einnig upplýst í blöðunum fyrir ekki löngu, að meira en 100 íslenzkir læknar eru starfandi erlendis, og í læknamálunum er líka þannig ástatt, að það eru ekki aðeins fjöldamörg læknishéruð úti á landi, sem nú eru læknislaus, heldur er fyrirsjáanlegur stórfelldur skortur á læknum hér á spítölunum, sérstaklega þegar þeir verða auknir nú á næstunni, ef ekki tekst að ráða eitthvað fram úr þessum málum.

Ég held þess vegna, að þó að mönnum finnist kannske, að þessir menn séu nokkuð dýrir stundum, þýði ekki fyrir okkur að horfa í það og við verðum að líta kannske dálítið öðrum augum á mál þessara sérfræðinga, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, heldur en annarra, vegna þess að þeir hafa þá þekkingu til að bera, að það er sótt eftir þeim á alþjóðlegum markaði, sem hins vegar gildir ekki um ýmsar aðrar stéttir. Og hvort sem okkur líkar það betur eða verr, verðum við að taka tillit til þess, en með einhverjum ráðum verðum við að koma í veg fyrir það, að sú þróun verði, að margir okkar menntuðu menn á þessu sviði leiti sér atvinnu í öðrum löndum og okkar land skorti meira og minna þá sérþekkingu, sem nú er nauðsynlegust, ef við eigum að halda

í horfinu við aðrar þjóðir og hér á að verða sú uppbygging og sá hagvöxtur, sem við þurfum nauðsynlega að keppa að, ef við eigum að halda í horfi hvað lífskjör snertir við aðrar þjóðir.

Ég vil í framhaldi af þessu segja það við hæstv. ríkisstj., að ég álít, að hún mundi ekki tapa á því, heldur vaxa, ef hún endurskoðaði afstöðu sína til þessara mála í ljósi þessara staðreynda, alveg eins og ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi vaxið á því að hafa horfið frá kaupbindingarstefnunni, sem hún fylgdi í upphafi þingsins, og að samningastefnunni, sem hún telur sig fylgja nú í lok þingsins, og það breytta viðhorf sitt eigi hún ekki síður að láta ná til þessarar stéttar en annarra launastétta í landinu. Ég vildi segja, án þess að ég vildi nokkuð gera upp á milli stéttanna, að frá heildarinnar sjónarmiði væri kannske nauðsynlegra að fara samningaleiðina við þessa stétt heldur en nokkra aðra, vegna þeirrar sérstöðu, sem hún hefur, og vegna þeirrar eftirspurnar, sem er eftir þeirri þekkingu, sem þessi stétt ræður yfir.

Það er svo annað í þessu máli, sem við þurfum líka að gera okkur fullkomlega ljóst, að hér er ekki um kaupgjaldsmál eitt að ræða, þó að það sé náttúrlega stór þáttur í þessu. Það hefur vitanlega líka bara „móralskt" sitt að segja, að hér er þessari stétt ætlað að búa við annan og minni rétt en öðrum stéttum í landinu. Og það mætti segja mér það, og ég býst við, að hv. þm. geri sér líka grein fyrir því, að Íslendingar eru þannig skapi farnir, að það fjárhagslega er oft og tíðum ekki aðalatriðið, heldur það, að þeim sé ekki skammtaður minni réttur en öðrum, og þess vegna hygg ég, að það hafi kannske engu minna að segja í þessum efnum, hafi engu minni áhrif, að rétturinn er takmarkaður, heldur en þau kjör, sem kunna að verða skömmtuð samkv. þeim kjaradómi eða þeim gerðardómi, sem frv. þetta ákveður um.

Ég var einn þeirra, sem s. l. kvöld hlustuðu á útvarpsumr., hlustaði þar m. a. á hæstv. menntmrh., sem talaði mjög listilega um nauðsyn þess að auka framleiðni í atvinnuvegum landsmanna. Ég er honum alveg sammála um það, sem hann sagði þar, — raunar er nú kannske rangt að segja, að ég sé honum sammála í þessum efnum, heldur væri frekar rétt að segja, að hæstv. ráðh. væri orðinn mínum flokki sammála í þessum efnum, vegna þess að á þessu þingi höfum við framsóknarmenn lagt fram ýmsar till., sem miða að því að auka framleiðni hjá atvinnuvegum landsins, en ekki fengið nægar undirtektir undir þær till. hér á Alþingi, þó að við fengjum þær í orðum hæstv. ráðh. í gær. En ég vildi í framhaldi af þessari ágætu ræðu, sem hæstv. menntmrh. flutti hér í útvarpsumr. í gær, segja við hann, að það er ekki nóg að tala fallega um framleiðni og segja í útvarpsumr. eða við hátíðleg tækifæri, að það þurfi að auka framleiðni atvinnuveganna í landinu. Það verður jafnframt að leggja eitthvað fram til þess, að framleiðni atvinnuveganna geti aukizt, og það verður ekki sízt að vinna að því að tryggja þá sérþekkingu, sem er grundvöllurinn að því, að hægt sé að auka framleiðnina í landinu, og mér finnst sannarlega, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, skjóti nokkuð skökku við þau fögru orð, sem hæstv. menntmrh. lét falla í útvarpsumr. í gær um nauðsyn framleiðninnar í landinu, því að hér er beinlínis stefnt að því að þrengja sérstaklega að þeim mönnum, sem eiga kannske að leggja til það þýðingarmesta í þessum efnum, og veita þeim kannske — ég vil ekki segja: mjög svo lakari kjör en öðrum, um það er ég ekki fær að dæma, en a. m. k. minni rétt en öðrum og þrengri rétt en öðrum. Og það er áreiðanlega ekki leiðin til þess að laða menn með slíka þekkingu til þess að setjast að hér í landi, þegar keppt er um þá alls staðar annars staðar í heiminum. Þrátt fyrir það, sem hefur nú gerzt hér á þingi í vetur, og hvernig málum okkar framsóknarmanna hefur verið tekið hér á Alþingi í vetur, þá vil ég þó treysta því, að hæstv. ráðh. hafi meint það, sem hann sagði hér um framleiðnina í gærkvöld, og ég vil ekki síður treysta því, að hans flokksbræður, eins og t. d. hæstv. félmrh. og hv. 1. landsk., sem báðir eru verkfræðimenntaðir menn, séu sömu skoðunar og láti það m. a. sjást á þann hátt að leggja sitt lóð þannig á metaskálarnar, að þetta frv. verði ekki látið ná fram að ganga.

Ég vil svo enn á ný vekja athygli á því, sem ég minntist á lauslega hér áðan, að það þarf ekki að þýða neitt undanhald hjá hæstv. ríkisstj. eða hæstv. ráðh. áliti sig minni menn fyrir það, að þeir létu þessi brbl. daga uppi, vegna þess að það eru svo fjöldamörg dæmi um það, að brbl. hafa ekki verið látin ná fram að ganga, vegna þess að þau hafa verið miðuð við vissan tíma eða sérstakar forsendur, sem eru allar úr sögunni, þegar að því kemur að afgreiða þessi mál á Alþingi. Og ég vil hiklaust halda því fram, eins og ég áðan sagði, að ég álít, að þær forsendur, sem voru fyrir þessum l. á sínum tíma hjá hæstv. ríkisstj., séu niður fallnar, vegna þess að þessi brbl. voru miðuð við það, að ríkisstj. ætlaði þá að reyna að festa allt kaupgjald í landinu, ekki aðeins hjá verkfræðingum, heldur líka hjá öðrum stéttum. Nú hefur ríkisstj. gefizt upp við þetta hvað allar aðrar stéttir snertir nema þessa, og mér finnst, að það sé ekki nema réttlætismál, sem ríkisstj. hljóti að gera sér ljóst við nánari athugun, að hún eigi að láta hið sama gilda um þessa stétt og aðrar stéttir. Þegar hæstv. ríkisstj. féll frá lögbindingarfrv. á s. l. hausti, í nóvembermánuði s. l., þýddi það vitanlega það, að hún átti einnig að falla frá þessu frv., vegna þess að í raun og veru eru þau málefnalega tengd mjög saman. Enda hafa líka — ég er viss um það — langflestir þm. litið svo á, að þannig væri þetta og ríkisstj. væri í raun og veru búin að ákveða þetta, vegna þess að síðan þetta mál kom til Ed., hefur það legið þar í salti, er búið að liggja þar í salti í marga mánuði, þar til nú á síðustu dögum þingsins,

að það er allt í einu lagt alveg sérstakt ofurkapp á að drífa það í gegn, án þess að það sé hægt að finna nokkur eðlileg rök fyrir því, eins og komið er nú afstöðu hæstv. ríkisstj. í þessum málum, og það því frekar, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú tekið þá stefnu upp gagnvart öðrum stéttum að leita við þær samninga um þeirra kjaramál í stað þess að ætla að fara lögbindingarleiðina, eins og var stefna hennar á s. l. hausti. Meðan hæstv. ríkisstj. fylgdi þeirri stefnu að fara almennt lögbindingarleið gagnvart öllu kaupgjaldi í landinu, frá því sjónarmiði var ekkert óeðlilegt, þó að hún vildi láta þetta frv. ná fram að ganga. En eftir að hæstv. ríkisstj. hefur horfið frá þeirri stefnu og er nú inni á samningaleiðinni, á hún einnig að láta það ná til þessarar stéttar eins og annarra.

Það var upplýst hér í umr. áðan, — ég hygg, að það hafi verið hv. 5. þm. Austf., sem skýrði frá því, — að á s. l. sumri hefði verið svo komið, að litlu eða engu hefði munað, eða a. m. k. mjög litlu hefði munað, að það væri komið fullt samkomulag á milli atvinnurekenda og verkfræðinga, og a. m. k. mundi það hafa náð fram að ganga, ef hæstv. ríkisstj. hefði þá ekki skorizt í leikinn og gefið brbl. út. Eins og afstaða hæstv. ríkisstj. var þá, var það kannske ekki með öllu óeðlilegt, þó að hún gripi til þeirrar aðgerðar, vegna þess að þá var hún almennt inni á lögbindingarleið, en þar sem hún hefur nú alveg skipt um stefnu í þessum efnum og ætlar nú að fara samningaleið, a. m. k. hvað aðrar stéttir snertir, þá á hún að sjálfsögðu að gera það sama viðkomandi þessari stétt.

Ég vil þess vegna enn á ný skora á hæstv. ríkisstj., að hún endurskoði afstöðu sína til þessa frv., endurskoði það í samræmi við þá breyttu stefnu, sem hún hefur tekið upp gagnvart öðrum stéttum, þar sem hún ætlaði að fara samningaleiðina við þær, og í framhaldi af þeirri athugun geri ríkisstj. sér ljóst, að það eitt er í samræmi við hina breyttu stefnu hennar og það eitt er skynsamlegt í þessum málum að draga þetta frv. til baka eða láta það daga uppi.

Ég sé nú hér hv. 5. þm. Vesturl. Ég minnist þess, að í útvarpsumr. í gær talaði hann ákaflega fallega um það, að við ættum nú að endurvekja andann frá 1944, þegar Íslendingar stóðu saman að lýðveldisstofnuninni, og hv. þm. taldi, að það væri í samræmi við þann anda, sem ríkisstj. hefði horfið frá lögbindingarstefnunni og væri nú komin á þá skoðun, að það ætti að leita samninga við launastéttirnar um kjaramálin. Ég vil segja það, að mér finnst það hins vegar ekki vera í samræmi við andann frá 1944, ef á að taka eina stétt sérstaklega út úr og láta hana búa við annan rétt og aðra aðstöðu en aðrar launastéttir í landinu. — Þess vegna vildi ég nú vænta þess, að hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, sýndi það í verki, að hann væri fylgjandi andanum frá 1944, með því að styðja að því, að þetta frv. verði ekki látið ganga fram, vegna þess að það er algerlega í ósamræmi við hann, því að andinn frá 1944 var að sjálfsögðu sá, að menn kæmu sér saman og semdu um málin og ein stétt væri ekki látin hafa minni rétt en önnur, eins og stefnt er að með þessu frv.

Það vil ég líka segja hæstv. ríkisstj., að ef hún tæki þá afstöðu, þrátt fyrir það að hún hafi sett dálítið kapp í þetta mál, að láta það daga uppi eins og kaupbindingarfrv. á s. l. hausti eða s. l. vetri, mundi hún vaxa af því, en það mundi ekki verða henni til hnjóðs. Það mundi aðeins sýna, að hæstv. ríkisstj., þótt seint hafi verið, hafi gert sér fulla grein fyrir því, hvað væri rétt að gera, einnig í þessum efnum, og hvað væri í samræmi við annað, sem hún væri að gera í þessum efnum, og það er vitanlega það eitt að láta þetta frv. daga uppi eins og kaupbindingarfrv. á s. l. hausti.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri að sinni. Ég vil enn einu sinni skora á hæstv. ríkisstj. að taka þetta mál til athugunar í samræmi við breytta stefnu hennar á öðrum sviðum og hún láti samkv. því þetta frv. daga uppi. Það mundi verða stjórninni til sæmdar, en ekki hið gagnstæða. Og það, sem ég vildi svo láta verða mín allra síðustu orð að þessu sinni, er, að þó að hæstv. ríkisstj. og ýmsum öðrum í þessu landi kunni að þykja sérfræðingarnir stundum vera nokkuð dýrir, verðum við að gera okkur grein fyrir því, að þeir ráða yfir þeirri þekkingu, sem við getum ekki án verið, og þó að mönnum þyki kannske dýrt að þurfa að greiða þeim í samræmi við það, sem þekkist í öðrum löndum, þá er þó langdýrast að vera án þeirra.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Mér kom í hug áðan, þegar hv. 5. þm. Reykv. sagði, að það væri ekkert undanhald hjá hæstv. ríkisstj., þó að hún hætti við að láta afgreiða þetta mál á hv. Alþingi að þessu sinni, ein fyrsta saga, sem ég heyrði af stjórnmálafundi, þegar ég var eitthvað 10—12 ára gamall. Það var á stjórnmálafundi vestur í Stykkishólmi, að þeir þreyttu þar miklar kappræður, Jónas frá Hriflu og Jón heitinn Þorlákssson. Þegar orrusta þeirra stóð sem hæst, sneri einn fundarmaður, sem var fylgismaður Jóns Þorlákssonar, sér að konu einni innan úr eyjum og sagði við hana: „Já, fallega stendur nú Jón sig.“ Þá svaraði konan: „Ojá, hann liggur laglega á lensinu.“ Ég held, að það væri ekki óskynsamlegt fyrir hæstv. ríkisstj., ef hún tæki þá stefnu að liggja nú laglega á lensinu og hætta að knýja þetta mál fram. Það verður að segja í sambandi við þinghaldið í vetur og önnur þau mál, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að fást við, að það hefur yfirleitt verið um tómt undanhald að ræða, en það hefur ekki verið þannig gert, að það sé hægt um það að segja, að hún hafi legið laglega á lensinu. Hún á eitt tækifæri enn þá til þess að haga seglum svo, að vel fari á lensinu, og það er að hætta við að knýja þetta mál í gegn. En ég hef mjög takmarkaða trú á því, að svo verði gert, heldur mun það nú fara svo sem horfir, að hún knýr

málið fram með meirihlutavaldi sínu og gefst svo upp við að framkvæma það að verulegu leyti, og svo á það að gufa upp eftir rúmt ár, eins og sjáanlegt er á frv.

Annars er það dálítið skemmtilegt við þetta frv., sem var lagt fram hinn 22. okt. s. l. og er mál nr. 36, að það skuli vera til meðferðar á síðustu dögum þingsins, og þó að ekkert væri annað en það, sýnir það þó betur en margt annað, að hæstv. ríkisstj. er orðið það ljóst, að þarna hefur hún gert glappaskot, sem hún er feimin við að fást við. Þinghald er búið að standa í 7 mánuði, og það er búið að vera mjög aðgerðalítið þinghald, a. m. k. síðan á áramótum. Það var nógur tími til þess að koma áfram þessu máli hæstv. ríkisstjórnar, ef hún hefði ekki sjálf verið feimin við að sýna það hér á hv. Alþingi. Og það var dálítið broslegt fyrir nokkrum dögum, þegar verkfræðingar fjölmenntu hér á þingpalla, þá var verið að reyna að komast hjá því að taka málið á dagskrá í áheyrn þeirra. Og þetta var gert með því að þreyta þá fram á nótt og með alls konar hléum í von um það, að þeir gæfust upp og færu heim. En það voru ekki þeir, sem gáfust upp, heldur var það augljóst, að hæstv. ríkisstj. sjálf var feimin við að fást við málið. Öll hennar vinnubrögð, allar hennar vinnuaðferðir í sambandi við þetta mál, eru eins og þegar er verið með feimnismál, það er reynt að leyna því, það er reynt að koma því áfram, þegar sem minnst ber á, og hafa vinnubrögðin þannig, að ekki séu margir, sem á horfi eða á hlýði. En samt hefur nú farið svo, kannske vegna þess, hvernig á þessu hefur verið haldið, að þetta er orðið mál, sem mjög vel hefur verið fylgzt með, og það er auðvitað að vonum.

Eins og ég áðan sagði, væri það eitt, hvernig á þessu máli hefur verið haldið hér á Alþingi, næg sönnun þess, hvernig málið er vaxið. Það, sem hér er um að ræða, er í grundvallaratriðum það, að það er verið að ráðast á þann rétt manna, sem er helgastur, og það er samningsrétturinn. Verkfræðingar höfðu tryggt sér samningsrétt, og hæstv. ríkisstj. hefur verið í eilífu stríði við verkfræðingana mestallt sitt stjórnartímabil. Og ég er að velta því fyrir mér, hvort verkfræðingarnir hafi eitthvað skapraunað hæstv. landbrh. og samgmrh., því að það er eins og honum sé í sérstakri nöp við þá. Og máli mínu til sönnunar vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp úr blaðinu Suðurlandi, en það er blað, sem hæstv. ráðh. kemur greinum sínum í. Laugardaginn 28. sept. 1963 skrifar hæstv. landbrh. og samgmrh. í blað sitt Suðurland, og þar byrjar hann greinina með þessum venjulega formála sínum fyrir öllum ræðum og greinum, að vinstri stjórnin hafi verið vond, hún hafi skilið illa við og hann sé nú búinn að bjarga miklu og eiginlega bjarga því, sem bjarga þurfti, og þetta sé nú allt í lagi. Og svo fer hann að ræða um það, að menn séu nú kröfuharðir og hinir og þessir hafi gert þessar kröfur og hinar og m. a. hafi embættismennirnir farið fram á 120% launahækkun. Þeir hafi svo verið með kjaradóminum afgreiddir með 1/3 af því, sem þeir fóru fram á, segir hann, það er meðaltalið, sem þar er átt við, og mönnum sýnist nú sitt hverjum um þetta, en þó verði það að viðurkennast, að þeir hafi dregizt aftur úr. Og svo kemst hæstv. ráðh. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkfræðingar gerðu miklar kröfur, sem kunnugt er, en þeir voru afgreiddir með brbl. og munu fá gert út um sín kjör samkv. gerðardómi."

Við þá þarf nú ekki að vanda kveðjuna. Þegar búið er að semja við aðra, þá eru verkfræðingar afgreiddir með brbl., og þeir verða að hlíta dómi. Og hver er ástæðan til þess, að hæstv. ráðh. fer þannig að verkfræðingum frekar en öðrum stéttum í þjóðfélaginu? Að vísu er það rétt, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér síðari hluta sumars og í haust að gera út um kjaramál með gerðardómi og lögbindingu, en hún gafst upp við þetta, eins og kunnugt er, og var þar á sínu fræga undanhaldi, sem ekki verður nú um sagt, að hún hafi legið laglega á lensinu. En það er um verkfræðingana og ríkisstj. að segja, að þar hefur verið eilift stríð mestallt stjórnartímabilið s. l. og heldur áfram, eins og kunnugt er. Og nú á að knýja þetta lagafrv. hér í gegn á síðustu dögum þingsins gegn vilja þeirrar stéttar, sem á að búa við það, og án þess að séu nokkur skynsamleg rök fyrir því, að það eigi að gera út um mál verkfræðinga með kjaradómi, þegar lögfræðingar og aðrar slíkar stéttir fá sjálfir að setja sína gjaldskrá og ákveða sín kjör. Og þessi afstaða hæstv. ríkisstj. er í alla staði furðuleg, og ekki sízt er hún furðuleg, ef á það er litið, hvernig málefni þjóðarinnar hafa breytzt á síðari árum og eru að breytast, því að svo mikla þörf sem þjóðin hafði fyrir sérmenntun verkfræðinga áður fyrr, hefur hún þó aldrei verið jafnmikil og nú. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að nú erum við að leggja í hvert verkið á fætur öðru, sem kostar tugi millj. og jafnvel hundruð millj., og þess vegna þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hvað það getur kostað mikið, ef slík verk eru illa undirbúin eða eru eftirlitslaus af hálfu verkfræðinga. Þess vegna eru það hreinir smámunir, hvaða kjör þessir menn hafa, ef verk þeirra eru þannig af hendi leyst, að það megi treysta þeim og þeir vegna kunnáttu sinnar geta þess vegna sparað stórar fjárhæðir.

Á síðari árum hefur það færzt mjög í vöxt, að bæjar- og jafnvel sveitarfélög eru farin að vinna margs konar verk, sem verkfræðinga þarf til, eins og gatnagerð. Skipulagsmál bæjar- og sveitarfélaga hafa, eins og kunnugt er, verið mjög á eftir, þeim stöðum til mikils tjóns. Á síðari árum hefur það færzt í vöxt, hvaða nauðsyn ber til að vinna að skipulagsmálum, áður en farið er að byggja upp bæina. Það hefur kostað margt bæjar- og sveitarfélagið stórfjárhæðir, að skipulagsmál þeirra hafa ekki verið komin í lag, áður en byggingarframkvæmdir hafa verið gerðar. Nú er mönnum að verða ljóst, að þennan kostnað mega þeir

ekki taka á sig. En til þess að það megi verða, verða þeir að hafa aðgang að verkfræðingum og mönnum með sérþekkingu á þessum málum. Fleiri og fleiri bæir taka verkfræðinga í sína þjónustu og fleiri og fleiri bæjar- og sveitarfélög hafa samið við verkfræðingaskrifstofur til þess að annast ýmis verk. Ekki orkar það tvímælis, að þessir menn eru búnir að vinna þar nú þegar mikið verk og koma í veg fyrir alls konar óhöpp, sem hefur verið komizt hjá vegna þessara breyttu vinnuaðferða, að leita til sérfræðinganna þegar í upphafi. Það eru því engin ánægjuefni fyrir almenning í landinu, að stjórnvöldin skuli vera í eilífu stríði við þessa stétt, og það eru heldur engin ánægjuefni fyrir þá, sem þessi viðskipti eiga, að það skuli raunverulega hafa verið með aðgerðum ríkisvaldsins gert erfiðara að eiga í samningum við verkfræðiskrifstofur vegna þessara afskipta ríkisvaldsins. En það er vitanlegt, að einmitt fyrir brbl. og afskipti ríkisvaldsins af málefnum verkfræðinganna í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa verið mjög torveldaðir samningar þessara aðila.

Þá þarf ekki orðum að því að eyða, hvernig það er fyrir ríkisstofnanirnar, sem eiga að fara að vinna mörg og stór verk — og það stærri verk en áður hefur verið — að vera verkfræðingalausir. Við, sem þurfum að eiga skipti við stofnun eins og vitamála- og hafnarmálaskrifstofuna, höfum kynnzt þessu að nokkru. Og til hvers leiðir það svo, þegar gengið er fram hjá íslenzkum verkfræðingum. Það er ekki hægt að byggja höfn, án þess að verkfræðikunnátta komi til, og mér er nú næst að halda, að það megi ekki verða takmarkaðri þjónusta en þar er veitt í sambandi við hinar stærri hafnir. En hvað gerist svo hjá þessum stóru skrifstofum? Það sem gerist, er það, að það er leitað til annarra landa til þess að láta þar vinna verk, sem væri hægt að vinna hér á landi af íslenzkum verkfræðingum, ef það væri farið að þeim eins og eðlilegt er í samskiptum ríkisvaldsins og stétta. Þannig hefur orðið að fara með hinar stærri hafnir, sem ég þekki til, eins og hafnirnar á Snæfellsnesi, bæði Rifshöfn og Ólafsvíkurhöfn, það eru danskir verkfræðingar, sem hafa verið látnir leggja grunninn að þeirri framkvæmd. Og það þarf enginn að segja mér eða öðrum, að það sé hægt að komast hjá þessum kostnaði, sem leiðir af verkum verkfræðinga í sambandi við slíkar framkvæmdir, enda er ég sannfærður um, að það væri það dýrasta, sem gert væri. En ég er líka sannfærður um það, að vegna þess að íslenzkir verkfræðingar eru svo sniðgengnir sem gert er, verður ekki hægt að fá þá verkfræðiþjónustu, sem nauðsynleg er og eðlileg er, þó að það sé verið að leita til erlendra manna um framkvæmd á íslenzkum verkum. Mér er kunnugt um það, að a. m. k. einn íslenzkur verkfræðingur er sérstaklega að búa sig undir það að vera sérfræðingur í hafnargerð og er nú við nám erlendis. En að hverju eiga þessir menn að hverfa, þegar þeir koma hér, þegar ríkisvaldið hefur þá raunverulega í banni? Til hvers leiðir það, þegar menn eru búnir að taka sérfræðinám ofan á sitt dýra verkfræðinám, þegar ríkisvaldið kemur þannig fram við þá eins og hér er gert? Það leiðir ekki til annars en þess, að þessir menn hverfa úr landi. Heimurinn í dag er orðinn tiltölulega lítill, og menn með slíka þekkingu búa ekki hér við skert kjör og sultarlaun, enda er það staðreynd, að ríkisfólkið hefði sannarlega þörf fyrir fleiri og yngri verkfræðinga í sína þjónustu en nú er. Og ef við ætlum að leysa þau verkefni, sem við tölum um að leysa í hafnargerðum, vegagerðum og fleiri stórverkefnum framtíðarinnar, þá verða íslenzkir verkfræðingar að komast í sátt við ríkisvaldið og vinna að lausn þessara mála.

Við þm. erum nú daglega að ræða um það, sem eðlilegt er, að við þurfum að gera okkar atvinnuvegi fjölbreyttari. Við þurfum að fara í stóriðju og koma á íslenzkum atvinnuvegum til útflutnings umfram fiskveiðarnar. En hvernig byggjum við upp þessa atvinnuvegi, ef við ætlum ekki að hagnýta okkur íslenzka verkfræðinga? Þó að það sé hægt að vinna að sérstökum verkum, eins og hér mun hafa verið gert nokkuð á vegum raforkumálastjórnarinnar í sambandi við virkjunarathuganir, með erlendum verkfræðingum, þá á stefna okkar fyrst og fremst að vera sú, að þeir íslenzku leysi verkið af hendi, og ég er líka sannfærður um það, að þeir eru alltaf að verða betur og betur undir það búnir, og þeir hafa mikinn áhuga einmitt á því, hinir yngri verkfræðingar, að sérmennta sig til þess að geta tekið sérstaka þætti í uppbyggingarverkum framtíðarinnar. En allt þetta er tómt mál að tala um, ef þeir eiga að vera í eilífu stríði við ríkisvaldið, eins og hefur verið hjá hæstv. núv. ríkisstj.

Eins og ég drap á áðan, byggist framtíðin meira á því en nokkru sinni fyrr, að sérþekkingin komi til, vegna þess hvað okkar þjóðmál hafa breytzt á síðari árum, þannig að við færumst meira og meira inn á viðskiptabúskap og reksturinn verður dýrari og dýrari. Ég vil t. d. nefna atvinnugrein eins og landbúnaðinn. Áður fyrr voru t. d. áburðarkaup mjög lítill þáttur í rekstrarkostnaði íslenzks landbúnaðar. Nú eru áburðarkaup orðin stór þáttur í íslenzkum landbúnaði. Þess vegna skiptir það meira máli nú en nokkru sinni fyrr, að það sé nokkurn veginn vitað, hvað á að bera á, hvernig á að bera á þann tilbúna áburð, sem keyptur er til landbúnaðarins. Einmitt það, að notagildi hans verði sem mest, er hin hagnýta þýðing í rekstri landbúnaðarins. Þess vegna þarf sérþekkingin að skera úr um þetta. Það er staðreynd núna, þó að við höfum komizt af áður, þar sem við notuðum svo lítið af áburðinum til landbúnaðarrekstrarins. Sama er að segja um fóðurbæti og fleira, allt hefur þetta færzt inn á þann vettvang að verða viðskiptabúskapur, þar sem sérfræði getur leyst mörg atriði, ef við kunnum að hagnýta okkur þá þekkingu, sem til er í landinu í þeim efnum.

Við erum meira og meira að verða iðnaðarþjóð. Bygging eins iðnaðarhúss, skipulagningin við bygginguna, þar sem tillit er tekið til vinnuhagræðingar og annars þess, sem nauðsynlegt er að gert sé, þegar húsið er byggt, getur haft meiri áhrif á rekstrarkostnað iðnaðarfyrirtækisins heldur en við gerum okkur grein fyrir í fljótu bragði. En ef svo er, þá verðum við einnig að gera okkur grein fyrir því, að við verðum að leita til þeirra sérmenntuðu manna, sem við eigum, til þess að vinna að þessari skipulagningu. Og almennt er fólkið í landinu að skilja það, að þetta samstarf sérfræðinganna og almennings í landinu er nauðsynlegt og er að verða það meira og meira, þó að hæstv. ríkisstj. eigi erfitt með að átta sig á því.

Ég skal ekki þreyta þessa umræðu lengi, þó að ég hafi viljað benda á þessi atriði, sem ég hef hér tekið fram. En ég vil að lokum endurtaka það, sem ég sagði hér í upphafi: Það skynsamlegasta, sem hæstv. ríkisstj. hefði getað gert, var að láta þetta mál daga uppi og samningsréttinn njóta sín og málið komast í eðlilegan farveg á nýjan leik. En ég ber ekki það traust til hæstv. ríkisstj., að hún taki svo skynsamlega leið, að hún liggi svo vel á lensinu, heldur hygg ég hún reyni að böðlast áfram enn á ný og brjótast í gegn með þetta frv. sitt, þótt seint sé, og koma feimnismálinu sínu í gegn á síðasta degi þingsins, enda þótt henni sé ljóst, að það gufi upp fyrr eða síðar og sé nú þegar að engu haft.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er leitt til þess að vita, að hæstv. ráðh., sem sett hefur þessi brbl., skuli ekki telja sér fært að vera viðstaddur þessar umræður. (**Forseti:** Ráðherrann er í húsinu og lét vita af því, þegar hann vék af fundinum. Það er hægt að sækja hann, ef þess er óskað.) Já, er ekki sjálfsagt að sækja manninn? Það er miklu skemmtilegra að ræða um þetta mál þannig, að hæstv. ráðh. sé staddur í þd.

Í fyrri ræðu minni um málið beindi ég nokkrum fsp. til hæstv. ráðh., og ég heyrði, að fleiri ræðumenn hafa gert það líka. Það væri nú ekki með öllu óeðlilegt, að hæstv. ráðh. svaraði fsp., sem fyrir hann eru lagðar og mjög snerta þetta mál. Það var hv. 5. þm. Vestf., sem beindi nokkrum fsp. til hæstv. ráðh. fyrr í dag, þegar ráðh. var ekki viðstaddur umr., og annar ráðh., hæstv. dómsmrh., tók að sér að flytja ráðh. þessar spurningar, sem ég vænti nú að hann muni hafa gert. En vegna þess að þessar spurningar snerta mjög þetta mál, sem hér liggur fyrir, og gang þess allan, þá finnst mér, að þessum umræðum geti hreinlega ekki lokið án þess, að hæstv. samgmrh. svari þessum spurningum. Ég tel, að við alþm. eigum kröfu á því, að hann veiti svör við þessum spurningum. Þessar spurningar voru m. a. snertandi það, þegar ríkisstj. sjálf og þá alveg sérstaklega sá hæstv. ráðh., sem stóð að því að setja brbl., stóð fyrir því, að samgmrn. réði til sín verkfræðinga og það með þeim hætti, að samtök verkfræðinga töldu sér óhjákvæmilegt að víkja þeim mönnum, sem ráðninguna höfðu tekið, úr samtökunum. Ég skal hér endurtaka nokkrar af aðalspurningunum, sem lagðar voru fyrir hæstv. ráðh.

Í fyrsta lagi var hann spurður: Var þeim verkfræðingum, sem vegamálaskrifstofan réð til sín, boðin eftirvinna og gert við þá fast samkomulag um hana? Hversu mikla eftirvinnu fá verkfræðingarnir greidda, og er sú eftirvinna unnin, en sumir vilja halda því fram, að svo sé ekki? Það skiptir vitanlega ekki litlu máli í sambandi við gang þessa máls, hvort það er svo, að þetta, sem er haldið fram af samtökum verkfræðinga, er rétt eða ekki. Og við alþm. eigum fullan rétt á því að krefja hæstv. ráðh. svara um það, hvort hann eða sú stofnun, sem hann er ráðh. yfir, hefur staðið að einhverjum samningum, sem ganga út fyrir þau launakjör, sem átti að halda sér við.

Önnur spurningin var á þessa leið: Var verkfræðingunum einum eða öllum veitt 60 þús. kr. lán til bifreiðakaupa vaxtalaust, lán til 5 ára í því skyni, að þeir gætu eignazt bifreið, svo að hægt væri að greiða þeim sérstakan bifreiðarstyrk? Er þetta rétt? Þetta á vitanlega hæstv. samgmrh. að upplýsa.

Þriðja spurningin, sem lögð var fyrir hæstv. ráðh., var á þessa leið: Er það rétt, að verkfræðingunum sé greiddur bifreiðarstyrkur og þá hve mikill og að styrkur sá verði ekki talinn fram til tekna, þ. e. a. s. sé skotið undan skatti?

Fjórða spurningin var á þessa leið: Hve mikil eru raunveruleg laun þessara verkfræðinga, sem sagðir eru á kjörum samkv. kjaradómi? Kjaradómskjör 10 ára verkfræðinga eru 14400 kr. Það er fróðlegt að fá orð ráðh. sjálfs um þessi efni.

Er það líka rétt, að verkfræðingar, sem starfa á vegum landssímans, hafi fengið 25% álag fram yfir kjaradómskjör, eins og almannarómur segir og stéttarsamtök verkfræðinga halda alveg hispurslaust fram?

Nú vill svo til, að einmitt sá hæstv. ráðh., sem setti brbl. og stóð fyrir því, að kjaradómur ætti að ákveða kjör verkfræðinga, hann er jafnframt ráðh. yfir vegamálaskrifstofunni og einnig ráðh. yfir pósti og síma. Það er orðinn alleinkennilegur leikur, sem hér fer fram, ef sami hæstv. ráðh. beitir sér fyrir slíkri lagasetningu sem þessari, sem er alveg einsdæmi í sinni röð gagnvart þessu stéttarfélagi, en heldur svo í framkvæmdinni á málinu á þessa lund. Þessar spurningar hafa verið settar hér fram, og við þm. viljum fá svör við þessum spurningum. Ég veit, að það er orðin mikil tízka í þessu landi, ekki sízt hefur ríkisstj. verið hrifin af þeirri tízku, að innleiða þá reglu að vera í feluleik með kaupgreiðslur, skrifa gjarnan á blað öllu lægri tölur — og láta þær ganga opinberlega — heldur en hinar, sem eru greiddar fram í peningum eða á annan hátt. En þessi tízka er ekki skemmtileg og hún þjónar engu góðu. Ég veit, að tilgangur hæstv. ríkisstj., þegar hún hefur staðið fyrir

slíkum ákvörðunum eins og þessum, hefur verið sá að reyna að halda því fram við ýmsar aðrar launastéttir í landinu: Þið sjáið þarna, að þessir menn fá ekki meira en þarna er skrifað, og nú skuluð þið sætta ykkur við miklu minna. — Og ég þykist vita það líka, að þessi alveg einstæða framkoma ríkisvaldsins gagnvart verkfræðingum á m. a. að hafa það gildi í deilum ríkisstj. við launþegasamtökin almennt í landinu, að með þessum aðgerðum ætlar ríkisstj. að segja: Þið sjáið nú, hvernig við tókum verkfræðingana, við vorum nú ekkert billegir við þá. — Og það á að vera viss áminning til annarra launþega í landinu í sambandi við launamálabaráttu þeirra.

Þeirri spurningu var hér einnig beint til hæstv. ráðh., hvort honum væri ókunnugt um það, að ríkisstj. hefði greitt útlendum verkfræðingum allmiklu meira en samkv. þeim reglum, sem hún hefur staðið fyrir að binda íslenzka verkfræðinga við. Og hvernig er það, er ekki sá sami hæstv. ráðh., sem stóð að setningu brbl. þeirra, sem hér eru nú til umr., líka ráðh. raforkumála? Mig minnir það. Ætli hafi ekki verið eitthvað af erlendum verkfræðingum í þjónustu raforkumála? Ég held það. Það væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það í sambandi við afgreiðslu þessa máls, hvernig launagreiðslur hafa verið til þessara erlendu verkfræðinga, sem hér hafa unnið að þessum undirbúningsmálum. Við alþm. hljótum líka að eiga rétt á því að fá upplýsingar um þessi atriði. Þetta eiga ekki að vera gagnvart okkur nein felumál.

Mér finnst, að sú meðferð, sem íslenzkir verkfræðingar hafa orðið fyrir af hæstv. ríkisstj., þar sem þeir hafa alveg greinilega einir verið teknir út úr og beittir allt öðrum reglum en aðrar starfsstéttir í landinu, — mér sýnist, að þetta bendi einna helzt á það, að ríkisstj. líti á þessa starfsstétt eins og nokkurs konar sakamenn, það sé ekki hægt að láta þá njóta sömu réttinda og aðra, þeir séu svo miklu óbilgjarnari í kröfum en aðrir. En ég held nú, eins og ég hef sagt hér áður í þessum umr., að það sé engin ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að líta þannig á íslenzka verkfræðinga, og satt að segja verð ég að segja það, eftir að ég hef litið svolítið á þau launakjör, sem þeim eru ætluð, að ég er ekki hissa á þeim launum, miðað við það, sem við þekkjum í svo fjöldamörgum tilfellum orðið nú í okkar þjóðfélagi, síður en svo. Ég trúi því þess vegna ekki, að það sé ekki alveg eins hægt að semja við samtök verkfræðinga eins og stéttarsamtök margra annarra aðila í landinu.

Það eru ein rök, sem hæstv. ráðh. hefur flutt fram fyrir setningu þessara brbl., að nauðsyn hafi borið til að setja lögin vegna þess, að hætta væri á því, að verkfræðingar, sem vinna hjá öðrum en ríkinu, semdu um hærri laun en sambærilegir starfsmenn áttu að fá skv. kjaradómi opinberra starfsmanna. Í rauninni eru þessi rök, sem eru flutt fyrir setningu brbl., hin furðulegustu. Rökin einmitt fyrir lögunum um launakjör opinberra starfsmanna voru þau, að það ætti að ákveða laun opinberra starfsmanna með hliðsjón af því, sem launagreiðslur væru hjá öðrum en ríkinu. En svo á allt í einu að fara að snúa þessu við og segja: Nú ber nauðsyn til þess, að ríkið ákveði launin hjá öðrum en ríkinu, svo að þau séu í samræmi við það, sem verður ákveðið hjá opinberum starfsmönnum. Þessi rök fá auðvitað ekki staðizt, þau eru mótsögn í sjálfu sér, og ef ríkið færi að gera þetta í öðrum tilfellum, — en vitanlega er hægt að finna mörg önnur starfssvið í þjóðfélaginu, þar sem starfsmenn vinna hjá öðrum en ríkinu, sem hægt er að gera vissan samanburð á gagnvart þeim störfum, sem unnin eru hjá ríkinu, — ef ríkisvaldið færi yfirleitt út á þessa braut, þá mundi þetta fljótlega jafngilda því, að það væri búið að lögbinda öll kjör í landinu.

Það fer auðvitað heldur ekkert á milli mála, að þau kjör, sem verkfræðingum hefur verið boðið upp á skv. þessu, eða sá réttur, sem þeim er boðið upp á varðandi launakjör þeirra, hann er miklum mun skertari og lélegri en opinberum starfsmönnum hefur verið boðið upp á. Opinberir starfsmenn áttu þó skv. lögunum um launakjör opinberra starfsmanna vissan samningsrétt, og þeir áttu beina aðild síðan að þeim kjaradómi, sem e. t. v. þurfti að grípa til. En verkfræðingar áttu ekki kost á neinu slíku sem þessu. Af þeim var raunverulega tekinn allur samningsréttur, og þeir áttu síðan enga aðild að þeim dómi, sem átti að kveða upp úrskurð um þeirra laun. Á allan hátt er því þessi lagasetning óeðlileg og ósanngjörn.

Þessi lagasetning var alveg tvímælalaust, eins og ég sagði hér fyrr í dag, sett til þess að koma í veg fyrir samninga, sem voru að takast á milli réttra aðila. Það liggur fyrir í þeirri grg., sem fylgir með úrskurði gerðardómsins, að þessu var svona háttað. Verkfræðiskrifstofur voru þegar búnar að komast svo langt í samningunum við Stéttarfélag verkfræðinga, að samningar voru að takast. En ríkisstj. vildi koma í veg fyrir það, að samningar tækjust, sem þó fóru fram á allan hátt skv. lögum. Það var verið að hindra samningagerð, og auðvitað hefur ríkisstj. vitað það, að með þessum vinnubrögðum gat hún varla ráðið öðru en því að halda nokkurri leynd yfir því, hvað raunverulega væri greitt fyrir þessi störf. Það var nokkurn veginn gefið mál, að hún mundi þurfa að greiða bæði útlendum starfsmönnum og reyndar innlendum líka í ýmsum tilfellum mun hærra en átti að ákveða á pappírnum.

Samkvæmt lögunum um opinbera starfsmenn er líka gert ráð fyrir því, að þeir eigi þann rétt, að verði verulegar launabreytingar eða aðrar breytingar í sambandi við kjaraaðstöðu vinnustétta í landinu, eigi þeir þann rétt, að launakjör þeirra skuli endurmetin. En skv. þessum lögum, sem hér liggja fyrir, þá er þessu í rauninni ekki svona varið með a. m. k. suma þætti launakjara verkfræðinga. Það er ekki annað fyrirsjáanlegt, en að gjaldskráratriðin öll séu bundin og verði bundin a. m. k. út allt næsta ár.

Nú er auðvitað, bæði gagnvart opinberum starfsmönnum og eins gagnvart verkfræðingum og öllum öðrum, hrein fjarstæða að ætla sér að binda launakjör til langs tíma, algerlega án tillits til þess, hvernig háttað er verðlagsmálum öðrum í landinu. Þegar kjaradómurinn um laun opinberra starfsmanna var kveðinn upp á s. l. sumri, mun vísitala vöru og þjónustu hafa verið um 153 stig. Nú er þessi sama vísitala orðin 184 stig, eða dýrtíðin hefur samkvæmt þessari vísitölu hækkað um 31 stig. Og það er svo upplýst af þeim, sem bezt vita til um gang dýrtíðarmálanna, þeim, sem standa algerlega fyrir því að halda vextinum þar í gangi, af fulltrúum ríkisstj., að væntanleg séu 9 vísitölustig á næstu vikum og mánuðum inn í þessa skráðu vísitölu, vegna þess að skattar hafi hækkað og muni valda hækkun á vísitölunni, þrátt fyrir frv., sem legið hefur fyrir þessu þingi um að lækka skatta, og svo auðvitað afleiðingar af ýmsum öðrum verðhækkunum, sem átt hafa sér stað. Þegar þau 9 vísitölustig eru komin til skila, hefur þessi vísitala vöru og þjónustu hækkað um 40 stig, síðan launakjör opinberra starfsmanna voru ákveðin.

Það er auðvitað alveg augljóst mál, að þessi dýrtíðaraukning hefur raskað gersamlega þeim grundvelli, sem miðað var við um kjör þessara starfsstétta, og það á jafnt við opinbera starfsmenn sem verkfræðinga, en þeirra launakjör voru ákveðin rétt um sama leyti eða stuðzt a. m. k. við þennan dóm.

Það er því eitt út af fyrir sig auðvitað alveg tómt mál að tala um að ætla sér að binda launakjör, sem ákveðin voru á þennan hátt undir allt öðrum kringumstæðum, að binda þau til langframa. Það er sama og að neita staðreyndum. Þetta hlýtur að rifna í sundur. Það er ekki hægt að framkvæma þetta.

Það er auðvitað alveg nákvæmlega eins með gjaldskrána, sem í gildi á nú að vera skv. þessu a. m. k. til ársloka 1965. Sjálfur gerðardómurinn hafði viðurkennt þá staðreynd, sem verkfræðingar höfðu haldið fram, að gamla gjaldskráin væri orðin úrelt, fengi ekki staðizt, vegna þess að það væru alltaf að koma fram nýjar og nýjar breytingar í þessum störfum, ný og ný starfssvið, sem þyrfti vitanlega að ákveða launakjör fyrir. Og það er auðvitað enginn vafi á því, að ef þessi lagabinding á að gilda til ársloka 1965, þá fær þessi gjaldskrá ekki staðizt. Í mörgum tilfellum verður þá orðið nauðsynlegt að breyta henni, eða þá að engin ákvæði eru raunverulega til, sem hægt er opinberlega að fara eftir. Þetta hefði reynslan átt að vera búin að kenna hæstv. ráðh., sem blandaði sér í þessi mál á þann hátt, sem hann hefur nú fengið sjálfur dóm um frá sínum eigin kjaradómi. Reynslan hefði átt að kenna honum það, að það er með öllu tilgangslaust að ætla að binda slíka gjaldskrá sem þessa um langan tíma, því að það er alveg óhjákvæmilegt að gera á henni breytingar, miðað við breyttar aðstæður, og það verða þeir að gera, sem bezt þekkja til í þessum málum. Og það verður vitanlega að trúa í þeim efnum þessu stéttarfélagi eins og mörgum öðrum og svo þá viðsemjendum þeirra fyrir þessum málum, eins og gert er í mörgum öðrum tilfellum.

Það væri að vísu umræðuefni út af fyrir sig í sambandi við þetta mál að reyna að gera sér nokkra grein fyrir því, hvernig í ósköpunum stendur á því, að núv. hæstv. ríkisstj. þarf að standa á þann hátt, sem hún hefur staðið, í þessum eilífu deilum frá mánuði til mánaðar, frá ári til árs, við flestar launastéttir í landinu. Hvernig stendur á því, að ríkisstj. verður að grípa til þessara ráða, sem hún hefur gripið til varðandi þessi mál? Og hvernig stendur á því, að hún verður nú að standa í almennum samningum um launakjör í landinu við verkalýðssamtökin? Skyldi það ekkert hvarfla að hæstv. ráðherrum, hvernig getur staðið á þessu? Ætli það komi þeim ekki í hug, að dýrtíðin eigi nokkurn þátt í þessu öllu saman, að þessi stefna ríkisstj. að reyna að framkvæma almenna kjaraskerðingu í landinu með því að hækka verðlagið eigi sök á því, að ríkisstj. þarf að lenda í öllum þessum deilum við allar vinnustéttir í landinu? Það er viðurkennt, enda ekki hægt annað en viðurkenna það, að launagreiðslur hér á Íslandi eru yfirleitt lægri í flestöllum greinum en hér í nálægum löndum.

Sumir virðast halda við fyrstu athugun, að þetta muni stafa af því, að við séum svo fátækir, við getum í rauninni ekki borgað jafngóð laun og t. d. nágrannar okkar á Norðurlöndum eða í Bretlandi eða annars staðar hér í kringum okkur, við séum svo fáir og smáir og fátækir, eins og stundum er talað um. En þessu er í rauninni allt öðruvísi farið. Og meira að segja sérfræðingar hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, þeir menn, sem hún virðist jafnan hafa heldur of mikla trú á, að mér finnst, í ýmsum greinum, þeir verða að viðurkenna þetta.

Í þjóðhags- og framkvæmdaáætlun þeirri, sem ríkisstj. gaf út á s. l. ári, skrifaði aðalsérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónas Haralz, mjög fróðlegt efnahagslegt yfirlit um þróun mála á Íslandi og stöðu okkar í samanburði við ýmsar aðrar þjóðir. Í þessu yfirliti segir þessi aðalsérfræðingur ríkisstj. um tekjuaðstöðu okkar Íslendinga, hann segir orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Að því er bezt er vitað, eru þjóðartekjur á mann á Íslandi fyllilega sambærilegar við það, sem yfirleitt gerist meðal iðnaðarþjóða í norðurhluta Vestur-Evrópu.“ Já, það er sem sagt viðurkennt nú fyrir tveimur árum, þegar þetta hafði verið samið, að við stóðum hér fyllilega jafnfætis á við það, sem einna hæst er meðal Vestur-Evrópuþjóða um árlegar þjóðartekjur, tekjur á mann. Og síðan þetta var samið, hafa okkar þjóðartekjur sannarlega aukizt meir en þjóðartekjurnar hér í nálægum löndum. Við höfum búið við gott árferði, við höfum tekið tæknina í okkar þjónustu á ýmsum sviðum,

þjóðartekjurnar hafa vaxið hratt, svo hratt, að margt hefur gengið úr skorðum í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og sagt er. Það er enginn vafi á því, að þegar samanburður er gerður á þjóðartekjum Íslendinga á hvert höfuð í landinu, borið t. d. saman við þjóðartekjur Norðmanna og Dana, sem við höfum allgóðar upplýsingar um, þá eru þjóðartekjurnar á hvert höfuð á Íslandi mun meiri en þar. Það er sannleikur málsins, að maður nú ekki tali um það, hvað það væri auðvelt fyrir okkur að stíga stór skref fram á við til verulegrar aukningar á þessum þjóðartekjum, ef réttilega væri á haldið. En þrátt fyrir þessar miklu þjóðartekjur verðum við að greiða, jafnt verkamönnum sem yfirleitt öllum öðrum launþegum í okkar landi, mun lægra kaup fyrir hverja unna vinnustund heldur en *nágrannar* okkar gera. Þetta er staðreynd. Þessu verður ekki neitað.

Ég veit það, að hæstv. viðskmrh., sem þekkir allvel til þessara mála, þekkir þessar staðreyndir vel. Honum dettur væntanlega ekki í hug að mótmæla því, að raunverulega ætti að vera hægt að greiða jafnhátt kaup hér á landi eins og í *nágrannalöndum* okkar, og það sé í rauninni engin ástæða til þess að borga t. d. verkfræðingum á Íslandi miklu lægra kaup en verkfræðingum í nágrannalöndum okkar, — engin ástæða önnur en sú, að ríkisstj. hefur ákveðið, að það þurfi að framkvæma ákveðna breytingu á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Því er haldið fram, að raunverulega séu atvinnurekendur á Íslandi ekki nægilega ríkir, þeir þurfi að fá að safna meiri hagnaði en þeir hafa gert, þeir þurfi að verða sjálfstæðari. Og ég býst við því, að það sé rétt út af fyrir sig, að hinir fjölmörgu atvinnurekendur á Íslandi, vegna þess, hvernig okkar atvinnulíf er upp byggt, séu hver út af fyrir sig miklu efnahagslega veikari en margar *atvinnustofnanir* eru hér í nálægum löndum. Þar hefur atvinnureksturinn í mörgum greinum þjappazt á færri hendur og er í höndum allauðugra fyrirtækja. En hvað um það, það fyrirkomulag, sem hér gildir, stendur undir fyllilega eins miklum árlegum þjóðartekjum á mann og fyrirkomulagið, sem ríkir hér í löndunum í kringum okkur, gerir þar.

En svo er bara þessi vandi, að launastéttirnar á Íslandi hafa ekki viljað samþykkja þessa pólitík ríkisstj. Þær hafa ekki viljað fallast á, að það ætti að skerða launakjör þeirra frá því, sem þau hafa verið ákveðin, og það í miðju góðæri og það í vaxandi framleiðslu. Í þessum vanda hefur ríkisstj. síðan staðið og verið síðan í látlausri styrjöld við flesta þætti atvinnulífsins, verið að berjast við flest stéttarfélög í landinu og viljað knýja þau til að fallast á hina nýju tekjuskiptingu, sem ríkisstj. hefur ákveðið.

Ég vék nokkuð að því í minni fyrri ræðu, að ríkisstj. ætti að sjá að sér í þessu máli og hætta við að knýja málið í gegn, því að það breytti í rauninni það litlu, að ríkisstj. gæti vel við unað. Eins og hér hefur komið fram í umr., þá er vitað um mörg dæmi þess, að brbl. hafa ekki verið staðfest á Alþingi, hafa ekki verið samþykkt, þau hafa verið látin liggja. Í það gæti sá hæstv. ráðherra vitnað, sem yrði nú að standa frammi fyrir því, að þetta mál fengi ekki afgreiðslu. Það er sem sagt ekki meira en gerzt hefur áður. En þá er bara þessi spurning: Hvað mundi gerast í þessu máli, ef frv. yrði ekki afgreitt, ef það yrði látið liggja? Hvað mundi gerast? Gerðardómurinn, sem settur var til þess að kveða upp úrskurð um launakjör, um mánaðarlaun og önnur kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum en ríkinu, hefur starfað. Hann er búinn að kveða upp sinn dóm. Það þarf ekki að staðfesta þessi lög til þess, að það eigi sér stað. Gjaldskráin, sem lögbundin *hefur verið*, *mun vera* að miklu leyti sniðin eftir þeirri gjaldskrá, sem samtök verkfræðinga höfðu sjálf ákveðið, í þessari seinni lotu. Jú, það er líklega rétt, að niðurstaðan yrði sú, ef þetta frv. yrði ekki gert að lögum eða staðfest nú, að þá mundu hefjast samningar á milli samtaka verkfræðinga og þeirra vinnuveitenda, annarra en ríkisins.

Ég skal að vísu játa, að ég er ekki gerkunnugur málinu, en mér sýnist af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að miklar líkur bendi til þess, að samningar tækjust með eðlilegum hætti um kjör, sem líklega yrðu ekki langt frá því, sem ákveðin *hafa* verið með þeim gerðardómi, sem upp hefur verið kveðinn. Það yrðu sennilega ekki neinar stórkostlegar breytingar. Og ég trúi því ekki, að allt þetta efnahagskerfi ríkisstj. standi nú svo völtum fótum, að það þyrfti að detta á hliðina, þótt það yrðu gerðar einhverjar smábreytingar með samkomulagi. Mér sýnast allar líkur benda til þess, að gjaldskráin mundi í aðalatriðum verða sú sama, nema að því leyti til, sem breyta *þyrfti henni*, þegar verðlagning á nýjum starfsháttum kæmi til greina.

Ég held því, að það að láta þetta frv. liggja, úr því sem komið er, mundi ekki breyta neinu verulegu, ekki nú a. m. k. á fyrsta stigi málsins, nema því, að það gæti alveg tvímælalaust orðið upphaf að því, að eðlilegt samband yrði tekið upp og samstarf á milli samtaka verkfræðinga og ríkisvaldsins, sem er mjög þýðingarmikið, og það gæti skapazt nokkru eðlilegra ástand varðandi ákvörðun á öllum störfum verkfræðinga en nú er.

Ég held, að það sé líka alveg lífsnauðsyn, að samtök verkfræðinga fái að finna það, að ríkisvaldið vill eiga við þau samskipti á öðrum grundvelli en hingað til, m. a. til þess að fá samtök verkfræðinga til þess að vinna að því, að sá stóri hópur verkfræðinga, sem nú er fluttur úr landi, komi heim til starfa hér.

Ég held, að það sé komin þrjózka í þetta mál. Og ég held, að þessi þrjózka geti leitt til ills. Það er ekki skemmtilegt fyrir neina stétt að finna það, að hún sé sett á lægri bekk en aðrar starfsstéttir eru, að hún sé beitt öðrum lagareglum en aðrar stéttir eru beittar. En því

verður vitanlega ekki neitað, að í þessu tilfelli er samtökum verkfræðinga boðið upp á það, sem engum öðrum samtökum er boðið í landinu.

Ríkisstj. hefur ekki tekið að sér að ákveða með lögum launakjör annarra starfsstétta, sem starfa ekki hjá ríkinu, heldur starfa í þjónustu annarra, nema varðandi verkfræðinga. Og auk þess sýnist mér svo, ef það er rétt, sem ég hef grun um að sé, að ríkisstj. sé búin að ná samningum við sína verkfræðinga í ýmsum tilfellum og sé þegar búin að greiða þeim umframgreiðsluna í ýmsu formi, þá þurfi hún ekki að vera ýkja hrædd um það, að þeir hlaupi nú úr vistinni, þó að nýir samningar kynnu að verða gerðir um störf þeirra, sem vinna hjá öðrum en ríkinu.

Ég vék að því í fyrri ræðu minni í dag, að mér hefði fundizt, að umræður um þetta mál hefðu farið fram með nokkuð sérkennilegum hætti þessa síðustu daga þingsins. Hjá því verður ekki komizt að álíta, að hæstv. ráðherra hafi mjög viljað forðast að ræða þetta mál í áheyrn verkfræðinganna, sem mjög hafa sótt þingfundi síðustu daga. Það er alveg augljóst mál, að málið var ekki tekið fyrir til umr. í Ed. í þeirri röð, sem þetta mál var þó á fyrirliggjandi dagskrá. Og það gat ekki farið fram hjá neinum, að það var engin tilviljun, sem olli þessu. En til viðbótar því, að svona hefur nú verið háttað hér umr. um málið að þessu sinni, hefur svo það gerzt, að hæstv. ráðh., sem stendur að flutningi málsins, vill ekkert um málið tala, þegar hann er hér, og hann er langtímum saman ekki einu sinni staddur í húsinu. Þetta eru auðvitað óþingræðisleg vinnubrögð og í rauninni ekki hæstv. ráðherra samboðin.

Ef það er svo, að hæstv. ráðherra hefur einhver ný rök fram að færa fyrir nauðsyn þess að staðfesta þessi lög nú á þessu þingi, þá á hann vitanlega að koma fram með þau rök nú. En ef málið er þannig, sem við álítum, sem hér höfum rætt nokkuð um það, þá er líka engin ástæða til þess að afgreiða það. Þá má það liggja. Þá á það að liggja.

Hæstv. samgmrh. veit mætavel, að það ástand, sem skapazt hefur í landinu vegna deilunnar við verkfræðinga, er mjög óþægilegt og kostnaðarsamt fyrir marga aðila í landinu. Ég minnti hér sérstaklega á það, hvernig ástandið er á vitamálaskrifstofunni. Það er af þeirri ástæðu, að ég hef nokkuð rekið mig á það. Hæstv. ráðherra veit, að vitamálaskrifstofan missti vegna þessara deilna allmarga mjög hæfa verkfræðinga, af þó allt of takmörkuðum verkfræðingahópi, sem hún hafði yfir að ráða. Þó er það svo, að í gangi eru víðs vegar um land mjög stór verk á vegum vita- og hafnarmálaskrifstofunnar. Þeir aðilar, sem standa að þeim verkum og eru að leggja í tugmilljóna lántökur vegna þessara verka, eru ekkert ánægðir með það að geta ekki átt neinn aðgang að neinum verkfræðingi mánuðum saman, meðan á framkvæmdum stendur. Vitamálastjórinn er að vísu verkfræðingur, en hann hefur í mörg horn að líta. Hann þeytist á milli landa, það er mér vel kunnugt um, og hann þeytist frá stað til staðar í landinu, og hann kemst vitanlega ekki yfir það að sinna öllum þeim verkfræðistörfum, sem þarf að svara til um á vegum hafnarframkvæmdanna í landinu. Hann er duglegur maður, á því leikur enginn vafi, og ég hef ekkert nema gott um hann að segja. En ég hef rekið mig á það í mínu kjördæmi, að þá hefur fleiri en einn aðili kvartað undan því við okkur þingmenn, að það væri illmögulegt að halda verkunum áfram, sem þeir standa í, vegna þess að þeir geti ekki haft eðlilegt samband við verkfræðinga.

Ég hef líka orðið fyrir aðra aðila að leita með verk, sem vitamálaskrifstofan hafði haft með höndum um langan tíma og við vorum orðnir leiðir að bíða eftir afgreiðslu á, vegna skorts á verkfræðingum, — við höfum orðið að leita með þessi verkefni til verkfræðiskrifstofu hér í borginni og láta vinna verkið þar. Vonandi tekst það verk allt vel. En ég held, að sú skipulagsbreyting sé á engan hátt æskileg, að vitamálaskrifstofan hætti svo að segja að hafa verkfræðinga í sinni þjónustu og geta sinnt fyrir opinbera aðila víða í landinu þeim verkefnum, sem hún hefur sinnt, og þeir verði að leita til annarra aðila, sem vinna fyrir utan vitamálaskrifstofuna. Ég held, að sú skipulagsbreyting sé ekki æskileg, hún sé ekki til bóta. En það er einmitt þetta, sem leiðir af þessari deilu ríkisstj. við verkfræðinga landsins. Svona er þessu farið í mörgum, mörgum fleiri tilfellum. Það er því engin lausn á þessu máli að láta málið hjakka í sama fari. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það er nú svona rétt þar um, að mér hafi gefizt tími til þess að finna þann ræðuenda, sem ég skildi við hér fyrr í kvöld, því að eins og hv. alþm. hafa veitt athygli, er hinum almennu stjórnmálaumr. varla lokið, þegar frv. um lausn kjaradeilu verkfræðinga er nú tekið hér fyrir aftur.

Ég hafði í umr. fyrr í kvöld endurtekið nokkrar spurningar, sem hér voru fluttar í umr., til hæstv. ráðh. og vil enn á ný ítreka það við hann, að hann sjái sér fært að svara þeim spurningum, því að ég tel, að þær skipti allmiklu máli. Ég hafði einnig vikið nokkuð að því, að mér hefði verið tjáð, að þegar hæstv. ráðh. greip til þess ráðs að setja brbl. um lausn á deilu verkfræðinga, hafi verið miklar líkur til þess, að samningar gætu tekizt milli stéttarsamtaka verkfræðinga og eigenda verkfræðistofa, sem eru vinnuveitendur þeirra í mörgum tilfellum. Ég hef nú kynnt mér þetta nokkru nánar og sé, að þetta er beinlínis staðfest í þeirri löngu grg., sem fylgir með niðurstöðum gerðardómsins, sem settur var samkv. þessum brbl., en í þeirri grg. er birt beinlínis umsögn forstöðumanna verkfræðiskrifstofanna, sem áttu að semja við verkfræðingana, og í þessari umsögn þeirra segja þeir mjög skýrt, að allar líkur hafi bent til, að samningar mundu takast á milli aðila um þann grundvöll, sem

þá var búið að ræða sig niður á, en hins vegar hafi aldrei komið til þess, að þessir samningar yrðu gerðir, vegna þess að þessi brbl. hæstv. ríkisstj. komu þá til, svo að það liggur sem sagt alveg ljóslega fyrir, að brbl. hafa verið sett á sínum tíma til þess beinlínis að koma í veg fyrir samninga á milli réttra aðila í þessu launamáli, sem hér um ræðir. Slíkt er vitanlega alveg vítavert, þegar ríkisstj. misnotar á þann hátt aðstöðu sína til að grípa inn í í kjaramálum. Ríkisstjórnir hafa helzt reynt að réttlæta inngrip í launadeilur með því, að þjóðfélaginu stafaði hætta af löngum eða alvarlegum vinnudeilum og því hafi nauður rekið til að leysa deiluna með beinni þátttöku ríkisins. En í þessu tilfelli virðist það sem sé alveg liggja fyrir, að ríkisstj. grípur hér ekki inn í til þess að leysa deiluna. Deilan var að leysast alveg sannanlega. Réttir aðilar voru að ná samningum. En ríkisstj. skerst í málið til þess að koma í veg fyrir, að samningarnir séu gerðir. Þannig verður ríkisstj. þess valdandi að mínum dómi, að öll þessi mál hafa komizt í þann hnút, sem raun ber vitni um og nokkuð hefur borizt hér inn í þessar umr. Ríkisstj. verður beinlínis þess valdandi að trufla margar framkvæmdir í landinu með brbl.-setningu sinni. En hún var hreint ekki að leysa neina deilu.

Það er því út af fyrir sig hið mesta rangnefni á þessu frv. að kalla það frv. til l. um lausn kjaradeilu verkfræðinga. Ríkisstj. þurfti ekki að setja nein brbl. í þessum efnum til þess að leysa deiluna. Það er alveg ljóst mál. Samningarnir voru að takast. En það virðist vera svo, að ríkisstj. hafi ekki verið ánægð með þá niðurstöðu, sem var að fást, hafi viljað hafa hana á annan veg, og af því notaði hún sér beinlínis heimild um það að grípa inn í málið með setningu brbl. Nú er það út af fyrir sig misnotkun á stjórnarskrárákvæðinu um setningu brbl. Það er skýrt tekið fram í þeim efnum, að brbl. *er því aðeins heimilt að setja*, að brýna nauðsyn beri til þess. En það hefur vitanlega enga brýna nauðsyn borið til þess, að ríkisstj. setti lög til þess að leysa deilu, sem var að leysast á eðlilegan hátt og samkv. l. Það er því alveg greinilegt, að setning þessara brbl. er í rauninni brot á stjórnarskránni, vegna þess að það er ranglega skýrt frá ástæðum. Og það vita svo allir, sem fylgzt hafa með því, sem gerzt hefur á eftir, að auðvitað hefur ríkisstj. ekki með þessari lagasetningu leyst þessi deilumál. Raunverulega standa deilumálin enn. Það er nú unnið að ýmsum verkfræðilegum málum á allt annan hátt en mundi vera gert, ef ekki hefði verið efnt til þeirrar deilu, sem enn stendur raunverulega yfir á milli verkfræðinga og ríkisstj.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. þurfi að gera sér þetta ljóst, að málin standa þannig nú, að það ber í rauninni brýna þörf til þess, að þessi deila, sem nú stendur yfir milli ríkisvaldsins annars vegar og verkfræðinga hins vegar, verði leyst. Og ég held, að langeinfaldasta ráðið fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að leysa þá deilu, eins og nú er komið, sé einmitt að leyfa þessu frv. að liggja. En það væri fróðlegt að heyra hér í umr. á eftir, hvort hæstv. samgmrh. er eitthvað nær því nú en áður að fallast á þær till., sem hér hafa verið gerðar í þessum umr., að fallast á það, að frv. verði nú dregið til baka. Það er enginn vafi á því, að það væri hægt að draga talsvert mikið úr þessum umr., sem eflaust verða talsvert langar hér enn, ef ríkisstj. vildi hverfa að því ráði.

Ég skal ljúka máli mínu nú að sinni í sérstakri von um það, að hæstv. samgmrh. sjái sér fært að svara þeim spurningum, sem hér hefur verið beint til hans og varða þýðingarmikla þætti í málinu. E. t. v. kæmi þá upp nýr flötur á þessu máli, sem mætti verða til þess, að hægt væri að leysa það með eðlilegum hætti.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ræddi þetta frv. hér nokkuð í dag, — nei, í gær, kl. er nú að ganga eitt, runninn nýr dagur, og ég undrast það, að hæstv. ráðh. skuli ekki nota sinn forgangsrétt til þess að taka til máls um málið. Það er venja, að það er brugðið út af röð, þannig að ráðh. taka til máls, þó að þeir kveðji sér síðar hljóðs en aðrir þm. En nú er ekki einu sinni hægt að toga orð út úr hæstv. viðkomandi ráðh., og hann hverfur yfirleitt, þegar þörf er á, að hann sé hér nærstaddur og gegni sinni þingmannsskyldu. Fyrir hann voru lagðar spurningar í dag, og það hafa verið margítrekaðar óskir um það, að hann svaraði þeim spurningum. Einn af starfsbræðrum hans í hæstv. ríkisstj. tók það að sér í dag að koma spurningunum á framfæri við ráðh., og það veit ég að hæstv. dómsmrh. hefur örugglega gert. (Gripið fram í.) Nú, *hefur ráðh. í hyggju að svara* fyrir barnið? Það væri náttúrlega góðra gjalda vert, ef einhver vildi svara fyrir þann hæstv. ráðh., sem nú virðist mállaus með öllu. Ég sé ekki annað en það væri miskunnarverk. En ég vil enn lifa í voninni um það, að hæstv. ráðh. komi og komi fyrir sig orði sjálfur varðandi þetta mál. Það er ömurlegt til þess að vita, að hæstv. ríkisstj. skuli, jafnvel eftir að hún er nú farin að hafa friðarorð mjög á vörum við launastéttir og launþegasamtök, að þrátt fyrir það skuli vera haldið áfram því linnulausa stríði, sem hæstv. ríkisstj. hefur átt við hverja launastéttina á fætur annarri. Lengi stóð hæstv. ríkisstj. í alvarlegu stríði við kennarastéttina, þangað til hún greip til þess ráðs að segja unnvörpum upp störfum og stöðum hjá ríkinu. Þá varð að ganga til samninga við hana. Næsti þáttur í styrjöld ríkisstj. við launastéttirnar var stríðið við læknastéttina. Læknarnir voru farnir að flýja land, það var boðað, að þeir mundu ráðstafa sér til starfa erlendis í enn ríkari mæli, og þá varð loks að semja við þá stétt. Stríðið við verkalýðssamtökin hefur verið í gangi allt fram að þessu. Stríðið við verkfræðingana er yfirstandandi.

Hér er um það að ræða, að löggjöf hefur verið sett, þó í formi brbl., og leitað er eftir staðfestingu Alþingis á þessum brbl. Gerðardómur hefur verið kveðinn upp samkv. þessum

brbl. og allir vita, að það hefur ekkert gildi, enga þýðingu, hvort þessi brbl. verða staðfest eða ekki af Alþingi. Hæstv. ríkisstj. er búin að láta dæma verkfræðingunum laun samkv. brbl., og það mundi ekkert ske, þó að þau yrðu bara látin detta upp fyrir eða lögð í bréfakörfu og hætt við að knýja fram staðfestingu þeirra hér á hv. Alþingi.

Þeir menn, sem hafa það á vörunum, að hér eigi að auka iðnað í landinu, byggja upp nýjar atvinnugreinar, virðast loka augunum fyrir því, að það verður ekki gert á næstunni, ef við hrekjum úr landi okkar sérfræðinga í verkvísindum, og af öllu óhyggilegu held ég, að það sé einna óhyggilegast af öllu.

Ég sá fyrir nokkru áætlanir í Svíþjóð um þörf hins sænska þjóðfélags á tæknimenntuðum mönnum, verkfræðingum og tæknifræðingum, og þar voru gerðar áætlanir um þörf þjóðfélagsins fyrir tæknimenntaða menn langt fram í tímann, og það var áberandi, að þörf Svía fyrir tæknimenntaða menn hafði margfaldazt á þessum áratug, miðað við þann næsta á undan, og þegar áætlun var svo gerð hjá Svíum um næsta áratug á eftir, komust þeir að þeirri niðurstöðu, að þörf þeirra fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga mundi þrefaldast a. m. k. Mig minnir og ég held, að það sé rétt, að þeir hafi talið sig þurfa 90 þús. tæknimenntaða menn og verkfræðinga, til þess að eðlileg þróun og framfarir gætu átt sér stað í sænsku atvinnulífi. En á sama tíma er það að gerast hér, að þeir menn, sem aflað hafa sér sérþekkingar í verkvísindum, eru sviptir mannréttindum, fá ekki að ákveða sér laun við frjálst samningaborð við atvinnurekendur, ríkið grípur inn í og setur lög um launakjör þeirra manna, sem vinna í annarra þjónustu en ríkisins, sem vinna hjá privat-atvinnurekstrinum. Það er ekkert óeðlilegt, að ríkið sjálft ákveði launakjör þeirra verkfræðinga, sem hjá ríkinu og ríkisstofnunum starfa, og það mál er sjálfsagt leyst með kjaradómi, sem ákveðið hefur laun opinberra starfsmanna yfirleitt. En þeir, sem hjá öðrum en ríkinu vinna, áttu auðvitað að njóta þeirra mannréttinda að fá að semja við gagnaðila, réttan gagnaðila að þeirra vinnumarkaði, um kaup sitt og kjör. En það er þetta, sem þessi óbilgjörnu, ósanngjörnu, ranglátu brbl. hæstv. ráðh. svipta verkfræðingana. Þau svipta þá þeim mannréttindum, og það leiðir ekki til annars en þess, að íslenzka þjóðfélaginu helzt illa á þessum mönnum. Þeir leita út á heimsmarkaðinn með sína verkþekkingu, og það er tekið við þeim opnum örmum af sérhverju því þjóðfélagi, sem er í nokkurri uppbyggingu. Þeim duga ekki yfirleitt þeir tæknimenntuðu menn, sem menntast hjá þeim, og það er boðið í íslenzka verkfræðinga úr öllum áttum. Ég gæti vel búizt við því, að einmitt nú, eftir að gerð hefur verið margítrekuð tilraun til þess af hv. Alþingi að fá stjórnarvöldin til að hverfa frá þessari valdbeitingu og það tekst ekki, að stórt skarð komi í tölu þeirra verkfræðinga, sem enn eru í landi, og þeir leiti sér atvinnu annars staðar. Þeirra þekking er lítils virt. Það lítur ekki út fyrir, að stjórnvöld landsins telji þjóðfélagið hafa þörf á því, og þá hljóta þeir auðvitað að leita annarra verksviða hjá öðrum þjóðum, þó að þeir auðvitað umfram allt vilji fá að vinna sinni eigin þjóð.

Samtök verkfræðinganna hafa frá því fyrsta látið til sín heyra í þessu máli. Öll samtök verkfræðinga hafa sent hv. Alþingi mótmæli sín gegn þessari lagasetningu. Ég hef hér fyrir framan mig mótmæli frá stjórn Félags ráðgjafaverkfræðinga. Þau mótmæli eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Félags ráðgjafaverkfræðinga mótmælir brbl. ríkisstj. um lausn kjaradeilu verkfræðinga, er sett voru 17. ágúst 1963. Auk þess að fella niður með valdboði samningsrétt verkfræðinga í launþegastétt, banna l. ráðgjafaverkfræðingum að verðleggja þjónustu sína. Þá verðlagningu eiga aðrir aðilar að meta, og má öllum ljóst vera, hve fráleitt slíkt er, enda eru ekki fordæmi fyrir slíku. Stjórn félagsins lítur svo á, að l. verði til þess að draga úr verklegum framförum, en við því má íslenzka þjóðin sízt.

Stjórn Félags ráðgjafaverkfræðinga."

Þarna er með hógværum orðum mótmælt þessari ranglátu lagasetningu og bent á, að l. muni verða til þess að draga úr verklegum framförum hjá okkur, og það er hverju orði sannara, að við því má íslenzka þjóðin sízt af öllu.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands hefur einnig sent mótmæli, og eru þau svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Verkfræðingafélags Íslands mótmælir harðlega árás þeirri á verkfræðingastéttina, sem felst í hinum nýju brbl. um svonefnda lausn á kjaradeilu verkfræðinga, þar sem almennur samningsréttur er tekinn af Stéttarfélagi verkfræðinga og ráðgjafaverkfræðingar sviptir rétti til að ákveða gjöld fyrir þjónustu sína, en öðrum óskyldum aðilum ætlað það verk. Brbl. sýna skilningsleysi á þeirri staðreynd, að tæknilegar framfarir eru hverju þjóðfélagi nauðsynlegar, eigi að halda í horfinu. Getur enginn gengið þess dulinn, að íslenzka þjóðin er þar á vegi stödd, að verkmenning er hér af skornum skammti og á langt í land. Ber því frekar að bæta aðstæður til eflingar hennar og laða til sín færa menn á því sviði en að beita valdboðum, er munu hafa þveröfug áhrif.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands."

Í þriðja lagi liggja hér fyrir hv. Alþingi mótmæli frá stjórn Stéttarfélags verkfræðinga, og þau mótmæli eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga mótmælir harðlega brbl. ríkisstj. um gerðardóm til þess að ákveða kjör verkfræðinga hjá öðrum en ríkinu og afnámi verkfallsréttarins í yfirstandandi kjaradeilu verkfræðinga. Hér er um að ræða harkalegustu árás á verkfalls- og samningsrétt stéttarfélags, sem starfar samkv. l. nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þetta er gert á sama tíma og samningaviðræður standa yfir og von er á árangri af þeim. Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga telur afskipti ríkisvaldsins af þessari deilu tilefnislaus með öllu og krefst þess, að lög þessi verði felld úr gildi.

Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga."

Þessi samþykkt er greinilega samin og send, þegar hæstv. ráðh. greip inn í deilu, sem stofnað hafði verið til með löglegum hætti og var yfirstandandi, þegar brbl. voru gefin út. Allar þessar mótmælaorðsendingar hefðu mátt vera hæstv. ríkisstj. og þá alveg sérstaklega þessum viðkomandi hæstv. ráðh., samgmrh., viðvörun um það að þreyta ekki þetta mál miklu lengur. Þar var nægileg aðstaða til undanhalds og að láta skynsemina ráða. En það hefur ekki verið gert, og það er ekki hægt að knýja hæstv. ráðh. til þess að taka skynsamlega afstöðu til þessa máls enn þá. En hans hlutur mun þó alltaf í þessu máli verða því verri, sem hann þrjózkast lengur við að taka af skynsemd á málinu.

Upphaflega var þannig til þessara fyrri brbl. stofnað, að það var látið heita svo, að það væri verið að banna að ákveða laun verkfræðinga samkv. gjaldskrá fyrir verkfræðistörf. En sýnilega var ætlunin sú almennt að láta l. taka til allra launakjara verkfræðinga. En það var ekki hægt að sjá annað en það hefðu ruglazt þarna saman tvö alveg óskyld atriði í brbl., því að það er allt annað að ákveða gjald fyrir framlagða vinnu verkfræðings eða fyrir verkfræðistörf, sem seld eru út af verkfræðiskrifstofu. En þessum óskyldu meginatriðum virtist vera ruglað saman í frv. eða brbl. fyrstu, og ber það þess vott, að hæstv. ráðh. hefur ekki einu sinni haft fyrir því að kynna sér meginefni málsins.

Ég minnist þess, að þegar þetta mál var fyrst á döfinni, var því m. a. haldið fram hér á hv. Alþingi, að það væri bráðnauðsynlegt fyrir íslenzka þjóðfélagið, ef það ætti að standast, að grípa þarna í taumana, því að ef verkfræðingarnir kæmust fram með það að verðleggja vinnu sína óhóflega hátt, eins og stjórnarvöldin töldu að þeir væru að gera, mundi þetta sprengja upp allt annað kaupgjald í landinu. En ég hélt því þá fram, að það væri algerlega út í hött að reisa þessa andspyrnu gegn launakröfum verkfræðinga á þeim grundvelli, að verkafólk almennt í landinu mundi þá byggja sínar kröfur á tilvitnun í launakröfur verkfræðinga. Verkafólki hefur áreiðanlega aldrei dottið í hug að miða launakröfur sínar við launakröfur eða launakjör hálærðra langskólamanna, sérfræðinga í ýmsum sérgreinum, og jafnvel allra sízt að miða sínar launakröfur við kröfur manna eins og verkfræðinga. Ég er því alveg sannfærður um það enn í dag, að það hafa verið allt önnur „mótíf", allt annar tilgangur með þessari ofsóknarherferð á hendur verkfræðingastéttinni heldur en að verjast almennum launakröfum frá ófaglærðu verkafólki. En það, sem mestu máli skiptir fyrir mér, er það, að öll verkalýðsstéttin hefur að því leyti staðið með verkfræðingunum, að hún taldi óviðunandi, að ríkisvaldið bryti niður starfsemi löglegs stéttarfélags, sem ekkert hafði gert annað en að starfa samkv. hinni íslenzku vinnulöggjöf, hafði þreytt samninga við atvinnurekendur þá, sem félag þeirra var eðlilegur samningsaðili við, og þegar samningar tókust ekki, boðað vinnustöðvun með löglegum hætti og hélt þó áfram að halda öllum leiðum opnum til þess að leysa málið með samningum. Og skjallegar sannanir liggja fyrir um það, að þegar brbl. voru sett, leit fyllilega út fyrir, að samningar væru að takast. En þá er gripið inn í, engu líkara en það væri gert til þess að koma í veg fyrir, að friðsamleg lausn fengist á málinu og sættir tækjust. En ef það hefði gerzt, hefðu áreiðanlega fleiri verkfræðingar verið í landi að störfum til þess að leysa margvísleg vandamál, sem alltaf steðja að í okkar þjóðfélagi, bæði á vegum hins opinbera og í atvinnurekstri einstaklinganna. En nú eru verkfræðingar íslenzkir tugum saman farnir úr landi og komnir í þjónustu víðs vegar um heim.

Það eru ein af mjög alvarlegum mistökum í þessu máli, að gerðardómurinn, sem skipaður var, fékk þau fyrirmæli í löggjöfinni að byggja aðgerðir sínar og kveða upp sinn úrskurð á grundvelli gjaldskrár frá 1955. En þegar dómararnir fara að glugga í þetta plagg, sem lögin fyrirskipa þeim að starfa eftir, kemur í ljós, að þetta er úrelt plagg, sem þeir sjálfir telja, að ekki sé hægt að byggja dómsniðurstöðu sína á. Þetta plagg nær ekki yfir ýmsar greinar íslenzkrar verkfræði og verkfræðistarfa, og þeir taka því það ráð að kveða upp sinn úrskurð á grundvelli allt annarrar gjaldskrár — frá 1962 — og geta þess í dómsniðurstöðum sínum. Ég fæ ekki betur séð en það sé fyllilega ástæða til að prófa það fyrir dómstólum hvort úrskurður gerðardómsins fær því staðizt, þegar hann er ekki byggður á því grundvallarplaggi, sem lögin fyrirskipa gerðardómnum að starfa eftir og byggja á. Hjá slíkum málarekstri yrði þó auðvitað komizt, ef hæstv. ráðh. brygði á það skynsamlega ráð að hverfa nú frá því að knýja þessa lagasetningu í gegn.

Það munu flestir skilja, að það er ekki nema eðlilegt, að verkfræðingarnir telji sig rangindum beitta, þegar hægt er að sýna það og sanna, að önnur sérfræðingastétt — ég á hér við lögfræðinga — fær að ákveða sínar launatekjur, sín kjör, með gjaldskrá og setja hana sjálfir. Ég hef hér í höndum línurit, sem sýnir í senn, hvernig Lögmannafélagi Íslands er heimilað að ákveða lögmannastéttinni laun samkv. gjaldskrá, er þeir hafa frjálsræði til að setja sjálfir um verk, sem þeir taka að sér að vinna. Þetta línurit sýnir, að gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, lágmarksgjaldskrá þeirra, heimilar þeim miklu hærra verð fyrir sína vinnu heldur en verkfræðingunum er ætlað. Gjaldskráin er miðuð við verðmæti þess verkefnis, sem um er

að ræða. Að því er snertir Lögmannafélagið, má þóknunin nema 21% af 50 þús. kr. verðmæti viðfangsefnis, en miðað við sama verðmæti viðfangsefnis mega verkfræðingar ekki taka fyrir sína vinnu nema milli 15 og 16%. Og þegar upphæðir verða mjög háar, skakkar þó enn þá meira á þessum tveimur gjaldskrám. Þegar um er að ræða 50 millj. kr. verðmæti viðfangsefnis, mega lögmennirnir taka milli 6 og 7% af upphæðinni fyrir sitt verk, en verkfræðingarnir ekki nema rúmlega 3%. Önnur stéttin nýtur frjálsræðis til þess að ákveða sínar tekjur, en hin er mannréttindum svipt, og finnst mér engin von til þess, að verkfræðingastéttin vilji una því.

Ég gat um það í dag, að þegar Stéttarfélag verkfræðinga stóð í kjaradeilu, löglegri deilu á allan hátt, þá gerðist það, að vegamálaskrifstofan undir yfirstjórn þessa hæstv. sama ráðh. réð til sín 4 verkfræðinga. Verkfræðingafélagið leit svo á, að þessir meðlimir stéttarfélagsins hefðu gerzt verkfallsbrjótar, og vék þeim úr félaginu. Það er í íslenzkri löggjöf bannað að hafa áhrif á vinnudeilur með vilyrðum um uppbætur á laun til þeirra, sem í verkfalli standa. Auðvitað hljóta þessi lög að ná til hæstv. ríkisstjórnar Íslands, alveg eins og til sérhvers íslenzks borgara. En það situr náttúrlega miklu verr á ríkisstj. að brjóta lögin. Nú er spurningin: Hafa verið höfð áhrif á hina löglega reknu vinnudeilu Stéttarfélags verkfræðinga með vilyrðum um uppbætur á laun til þessara verkfræðinga, sem ráðnir voru til vegamálaskrifstofunnar og annarra opinberra stofnana ríkisins? Spurningar þær, sem ég bar fram í dag, snúast um það að fá upplýst, með hvaða kjörum þessir verkfræðingar, sem ráðnir voru til vegamálaskrifstofunnar, voru ráðnir. Hefur sá orðrómur við rök að styðjast, að þeim hafi verið heitið fríðindum og laun þeirra séu þannig í rauninni allt önnur en látið er í veðri vaka? Þetta skiptir miklu máli í þessari deilu, því að ef þarna er um að ræða veruleg fríðindi, sem kannske allt að því tvöfalda laun verkfræðinganna, sem fengnir voru til þess að ráða sig í opinbera þjónustu, en bregðast jafnframt stéttarbræðrum sínum í verkfalli, þá eiga verkfræðingarnir í raun og veru að fá sambærileg laun við þessa menn, þ. e. a. s. hin viðurkenndu opinberu laun þeirra og fríðindin. En með því að halda því leyndu, hvaða fríðinda þessir menn njóta, er verið að skerða lagalegan rétt verkfræðinganna, sem gerðardómnum verða að lúta, til þess að fá sín kjör réttilega ákveðin samkv. honum.

Nú spyr ég hæstv. ráðh., sem er hér nú viðstaddur, í fyrsta lagi: Var verkfræðingunum, er ráðnir voru til vegamálaskrifstofunnar, boðin eftirvinna, og var gert við þá fast samkomulag um hana? Hversu mikla eftirvinnu fá verkfræðingarnir greidda, og er sú eftirvinna unnin, en sumir vilja halda því fram, að um það sé samið, að hún þurfi ekki að vinnast? Í annan stað: Var verkfræðingunum einum eða öllum veitt 60 þús. kr. lán til bifreiðakaupa vaxtalaust? En því er haldið fram, að þetta hafi þeir fengið í því skyni, að þeir gætu eignazt bifreið, svo að hægt væri síðar að greiða þeim bifreiðastyrki. Í þriðja lagi: Er það rétt, að verkfræðingunum ýmsum sé greiddur bifreiðastyrkur, og þá hve mikill, og að sá styrkur verði ekki talinn fram til tekna, þ. e. a. s. hann eigi að vera skattfrjáls? Það væri snoturt, ef hæstv. ráðh. stæði að skattsvikum hjá þessum mönnum. (**Gripið fram í:** Er ekki bifreiðastyrkur opinbers aðila skattfrjáls?) Það held ég ekki. Ég held, að bifreiðastyrkur verði að teljast með í launatekjum manna. (**Forseti:** Það er ekki lagt á hann fyrir það.) Í fjórða lagi: Hve mikil eru raunveruleg laun þessara verkfræðinga, sem sagðir eru á kjörum samkv. kjaradómi, en kjaradómskjör 10 ára verkfræðings eru 14400 kr.? Hver eru heildarlaunakjörin hjá þeim? Þetta var viðvíkjandi launakjörum verkfræðinganna í þjónustu vegamálaskrifstofunnar.

En það er önnur ríkisstofnun, sem einnig heyrir undir sama hæstv. ráðh., sem hefur ráðið verkfræðinga í þjónustu sína í trássi við stéttarfélag þeirra, og er sagt, að því er snertir verkfræðinga, sem starfa hjá Landssíma Íslands, að laun þeirra séu allt að 25% hærri en kjaradómskjör, enn fremur, að þeim sé greitt þetta álag fyrir vinnu utan venjulegs vinnustaðar og utan vinnutíma, og fyrir þetta álag komi ekki vinna nema að því leyti, að það komi fyrir, að fyrirspurnum sé beint til verkfræðinganna um síma utan vinnutíma. Það er fullyrt, að landssímastjóri hafi fengið leyfi fyrir þessum greiðslum frá ráðh. Ég spyr um það, hvort það sé rétt líka.

Enn fremur fýsir mig að vita, að hve miklu leyti ríkisstofnanir hafi látið útlenda verkfræðinga starfa hér á landi, meðan brbl. hin fyrri voru í gildi um lausn á kjaradeilu verkfræðinga, en þau bönnuðu að greiða fyrir verkfræðiþjónustu meira en 147.81 kr. fyrir hverja klst. Þá er einnig fýsilegt að fá að vita um það, hvernig greiðslum til þessara útlendinga var háttað. Voru lögin brotin, eða var hinum útlendu verkfræðingum greitt eigi meira en 147.81 kr. á tímann? En talið er, að þeim hafi verið greiddar 1200 kr. á klst., — er það rétt? Ef þetta er rétt, hefur þekking útlendra verkfræðinga verið metin nokkru meira en hinna íslenzku, og þá var hægt að opna budduna.

Ég treysti því, að hæstv. ráðh., sem nú er hér viðstaddur og hefur heyrt þessar spurningar fram bornar enn á ný, víkist nú ekki undan þeirri ráðherraskyldu sinni að upplýsa, hvað er satt og rétt í þessu máli. En ef hann er þannig á vegi staddur, að hann komi engu orði upp í þessu máli, þá væri mér mikil þökk á því, að hæstv. dómsmrh. kæmi honum til hjálpar og gæfi þær upplýsingar, sem hæstv. ríkisstj. getur veitt í málinu, og áðan heyrðist mér það á hæstv. dómsmrh., að hann væri ekki fjarri því að svara fyrir barnið. Í raun og veru þykist ég alveg vita það, að hæstv. samgmrh. sitji ekki einn inni með vitneskjuna um það, hvernig starfað hefur verið í þessu verkfræðingamáli. Þetta er sennilega ekki einvígi

hæstv. samgmrh. við verkfræðingastéttina, heldur allsherjarstríð allrar ríkisstj. við þessa okkar sérfræðingastétt. Og svo mikið er víst, að ef saka er leitað á hendur einhverra aðila út af þessu óskemmtilega, einstæða máli, þá verður að leggja sökina á hendur allrar hæstv. ríkisstj. Það er ekki hugsanlegt, að hæstv. samgmrh. hafi haldizt það uppi að heyja þetta rangindastríð einum, án þess að hinir ráðh., meðráðh. hans, hétu honum að vera hans bakhjarlar og stuðningsmenn í stríðinu.

Ég ætla nú að láta máli mínu lokið og freista þess enn, að hæstv. ráðh. gegni þeirri skyldu sinni að gefa svör, eins og hann veit sannast og réttast, um þau atriði, sem hér hefur verið spurt um enn þá einu sinni.

Forseti (SB): Umr. um 3. dagskrármálið hafa nú staðið á fimmta klukkutíma að þessu sinni. Samkv. 37. gr. þingskapa segir, að ef umr. dragist úr hófi fram, geti forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þm. skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd. Ég leyfi mér því að neyta þessarar heimildar og leggja til, að ræðutími verði takmarkaður nokkuð, og treysti því, að hv. þdm. finnist ekki gengið á sinn hlut með því. Ég leyfi mér að leggja til, að ræðutími verði takmarkaður við 10 mínútur, og skoðast það samþykkt, ef enginn mælir því gegn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef ekki haldið nema eina ræðu í þessu máli og talaði þá ekki mjög lengi, svo að mér finnst dálítið hart aðgöngu, að þessar reglur skuli vera settar af hæstv. forseta, að skera niður þessar umr., og það hefur ekki verið venja á þessu þingi, enda er það búið að standa nokkuð lengi, að skera niður umr., þó að mál, sem hafa ekki verið jafnveigamikil og þetta, hafi verið á dagskrá.

Ég kvaddi mér nú m. a. hljóðs vegna þess, að ég vildi freista að vita, hvort hæstv. ráðh. mundi ekki svara þeim fyrirspurnum, sem hér hafa verið lagðar fyrir hann. Mér skilst, að þær fyrirspurnir séu allþýðingarmiklar í sambandi við meðferð þessa máls og í sambandi við þann gerðardóm, sem hefur verið kveðinn upp í þessu máli, og hæstv. ráðh. eigi einnig að hafa fulla aðstöðu til þess að geta svarað þessum fsp., og þess vegna á ég ákaflega erfitt með að skilja þessa þögn hans. Hæstv. ráðh. hefur ekki verið þekktur fyrir það hér á þingi að vera neitt sérstaklega þagmælskur eða svara ekki, þegar á hann er yrt. Ég man ekki eftir því, síðan ég kom hingað á þing og reyndar nokkuð lengi áður, vegna þess að ég hafði sem blaðamaður fylgzt með þinginu hér áður fyrr, — ég man ekki eftir því, að hæstv. ráðh. hafi nokkru sinni verið eins þagmælskur í máli og í þessu máli.

Af hverju stafar þessi þagmælska hæstv. ráðh.? Út af fyrir sig væri gaman að fá skýringu á því, en reyndar get ég getið mér þess nærri, hvað það er, sem veldur þagmælsku þessa hæstv. ráðh. Það, sem veldur þagmælsku þessa hæstv. ráðh., er, að hann finnur það, að hann stendur höllum fæti í þessu máli og hann hefur hér vont mál að verja, því að það er ekki nein réttlæting fyrir því að halda þessu máli áfram, eftir að ríkisstj. féll frá því almenna lögbindingarfrv., sem hún lagði fyrir þingið á s. l. hausti. Það gat verið skiljanlegt, að ríkisstj. vildi hafa gerðardóm í þessu máli, meðan það var hin almenna stefna hennar að koma í veg fyrir kauphækkanir í landinu og binda allt kaupgjald með lögum eða gerðardómum. Þessari stefnu fylgdi hæstv. ríkisstj. á s. l. sumri og hausti, og þá var ekki óeðlilegt frá hennar sjónarmiði, þó að hún setti slíka löggjöf eins og þessa. En þegar ríkisstj. lét undan með lögbindingarfrv., féll frá því og gaf allt frjálst í þessum efnum, átti hún að sjálfsögðu að láta þetta frv. fylgja þar á eftir. Þessi tvö mál voru það skyld, að þau áttu að fylgjast að. Þess vegna átti hæstv. ríkisstj. að láta þetta frv. fara í sömu gröfina og hið almenna lögbindingarfrv., sem hún flutti hér á s. l. hausti og féll þá frá. Og þannig hafa þm. líka litið á málið, að þetta yrði gert, vegna þess að þetta mál hefur legið í salti í Ed., síðan ríkisstj. féll frá hinu almenna lögbindingarfrv. Og það er líka enn þá óskiljanlegra, að hæstv. ríkisstj. skuli halda svona fast við þetta mál, eftir að hún er búin að lýsa því yfir, að hún sé búin að fallast á þá stefnu stjórnarandstæðinga að reyna að leysa kjaramálin eftir samkomulagsleiðinni, en ekki með lögbindingarleið.

Hvers vegna er þá þessi eina stétt tekin út úr og henni skammtaður minni réttur og önnur aðstaða en öllum öðrum launastéttum í landinu? Hvað er það, sem veldur þessari framkomu hæstv. ríkisstj.? Býr hér kannske eitthvað undir? Býr það kannske undir, að hæstv. ríkisstj. meini það alls ekki alvarlega, þó að hún segi það í orði, að hún ætli að fara samningaleiðina, heldur ætli sér þrátt fyrir allt að fara lögbindingarleið síðar í þessum málum almennt? Ég vil ekki trúa því eftir þær yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf hér á þingi í gærkvöld um það, að hann væri mjög áhugasamur fyrir að fara samningaleið í þessum málum, að það sé ekkert meint með þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. og hann ætli sér ekki í raun og veru að semja við launastéttirnar, eins og hann hefur hátíðlega lýst yfir. En hvers vegna er þá sérstaklega verið að taka þessa einu stétt út úr, ef það er ætlun hæstv. ríkisstj., eins og nú liggur fyrir samkv. hennar yfirlýsingum, og láta hana búa við minni rétt og önnur kjör en aðrar stéttir í landinu? Er það vegna þess, að þessi stétt sé eitthvað óþarfari og ónauðsynlegri en aðrar stéttir og eigi að taka minna tillit til hennar í þessum efnum? Ég held, að hér í umr. á þingi, bæði hjá mér og öðrum þm., hafi verið einmitt sýnt fram á það gagnstæða, því að það er nú viðurkennt í öllum löndum, þar sem menn vilja stefna að aukinni uppbyggingu og meiri hagvexti, að þá sé það sérþekkingin, sem ráði langsamlega mestu um, að slíkt takmark náist, jafnvel miklu

meira en það, að það séu fyrir hendi auðlindir, fjármagn og vinnuafl í þessum löndum, því að án þeirrar þekkingar, sem menn ráða nú yfir, verða þessir hlutir ekki beizlaðir, hvorki auðlindirnar, fjármagnið né vinnuaflið, nema menn ráði jafnframt yfir nægilega mikilli tæknilegri þekkingu til þess að nota þessa aflgjafa. Og það er alveg víst, að ef við Íslendingar viljum ekki dragast stórlega aftur úr öðrum þjóðum, þá verðum við að leggja aukið kapp á það að auka sérþekkinguna, fá fleiri sérmenntaða menn í okkar þjónustu, en ekki hið gagnstæða. En það skulum við gera okkur ljóst, og það er ekki nema í samræmi við Íslendingseðlið, að ef svo er búið að einni stétt, að hún er látin búa við minni rétt en aðrar stéttir í landinu, og þegar þannig er háttað hennar menntun, að hún getur fengið atvinnu svo að segja hvar sem er með betri kjörum en er boðið hér, þá er ekki að ætlast til þess, að áframhaldið verði annað í þessum efnum en við missum enn meira af þessum mönnum úr landi en hingað til er þó orðið. Og ég hélt, að það væri nægilega mikil blóðtaka fyrir okkur, að nú starfa 70 íslenzkir verkfræðingar erlendis, þó að ekki bættust fleiri í þann hóp. En ég sé ekki annað með þeirri þrákelkni, sem hæstv. ríkisstj. heldur uppi í þessu máli, og þeim deilum, sem hún heldur uppi við sérfróða menn í landinu, þá stefni hún markvisst að því að fæla þessa menn í burtu.

Ég trúi því raunar ekki, að þetta sé tilgangur og vilji hæstv. ríkisstj. En hinu er hins vegar ekki hægt að neita, og því getur hún ekki neitað sjálf, að allt hennar starf og öll hennar framkoma í þessum málum stefnir beint að þessu. Og það er gagnvart fleiri tæknimenntuðum mönnum, sem þetta kemur fram. Það hefur hvað eftir annað í umr. hér á þingi komið fram, að það gæti kannske komið til mála að dómi hæstv. ríkisstj. að hækka eitthvað laun ófaglærðra manna í landinu, en hitt hafi verið hinn mesti glæpur, ef faglærðir menn fengju að fylgjast þar með. Það var talað um það á s. l. hausti og s. l. vetri af hæstv. ríkisstj., að það gæti kannske komið til mála að dómi hæstv. ríkisstj. að hækka eitthvað laun ófaglærðra manna í landinu, en hitt talið hinn mesti glæpur, ef faglærðir menn fengju að fylgjast þar með. Þetta er algerlega röng stefna hjá hæstv. ríkisstj. Það er að sjálfsögðu rétt að bæta kjör hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu, ég skal síður en svo hafa á móti því. En við verðum hins vegar að gera okkur fulla grein fyrir því, að við verðum að meta sérþekkinguna að nokkru í launum og taka eðlilegt tillit til hennar. Og sá andi, sem hefur komið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. til faglærðra manna í landinu og nú alveg sérstaklega til hinna sérlærðustu manna í landinu, er áreiðanlega óheilbrigður og hefur illt í för með sér, ef ekki tekst að hnekkja honum.

Ég hefði gjarnan viljað minnast hér á ýmis fleiri atriði, bæði ný atriði og önnur, sem hafa komið fram hér í umr., ef hæstv. forseti hefði ekki sett þessar reglur um skömmtun tímans, en ég held, að ég geti þó ekki komizt hjá því að síðustu, og það skal vera það, sem ég segi hér seinast, að minna hæstv. ráðh., sem hér eru, á það, hvaða afleiðingar það hefur í för með sér, ef ríkisvaldið tryggir sér ekki nægа sérfræðilega þekkingu, og ég vona, að ég syndgi ekki of mikið upp á náðina, þó að ég minnist aðeins á þessi atriði.

Hæstv. ráðh. stóð hér á þessum stað fyrir nokkrum kvöldum og var þá að verja mál, sem var honum mjög óhagstætt og stafaði af því, að það mál hafði ekki verið nægilega sérfræðilega undirbúið. Hæstv. ráðh. lýsti því hátíðlega yfir hér á síðasta þingi, að á næsta vori, þ. e. á þessu vori, skyldu verða hafnar framkvæmdir við Siglufjarðarveg, og hann sagði, að það skyldi alls ekki bregðast og það væri búið að undirbúa það mál alveg nægilega vel. Þetta var síðan notað sem aðaltromp af honum sjálfum og hans flokki í kosningunum á s. l. vori í viðkomandi kjördæmi. Nú á þessu þingi hefur hæstv. ráðh. hins vegar orðið að játa, að allar hans yfirlýsingar um þetta mál á s. l. voru voru á sandi byggðar. Og ástæðan til þess, að þessi loforð hæstv. ráðh. voru á sandi byggð, er nú að sögn hans sú, að það var ekki nægilega búið að undirbúa þetta mál sérfræðilega, til þess að það fengi staðizt, sem hæstv. ráðh. lofaði, vegna þess að það skorti þarna — og e. t. v. vegna deilnanna við verkfræðingana — þá skorti á, að það væri nægilega búið að undirbúa þetta mál tæknilega. Ég hygg, að ef það hefði staðið þannig á, að hæstv. ráðh. hefði ekki átt í deilu við verkfræðingana og hefði látið undirbúa þetta nægilega, ekki neina lítils háttar athugun, eins og þarna hefur átt sér stað, mundi slíkt ekki hafa komið fyrir eins og þetta dæmi í sambandi við Strákaveg.

Ég nefni annað dæmi, sem snertir hæstv. menntmrh. Hann flutti hér fyrir nokkrum vikum skýrslu í þinginu um sjónvarpsmálin og skýrði þar frá því, að samkv. ásetlunum verkfræðinga, sem um það mál hefðu fjallað, verkfræðinga landssímans eða landssímastjóra, mundi stofnun sjónvarps og dreifing þess um landið kosta núna 140 millj. kr. Nú fyrir nokkrum dögum kemur hæstv. ráðh. með allt aðrar tölur og segir, að þetta muni kosta 180 millj. kr., þannig að þessi upphæð hefur hækkað um 40 millj. á mjög stuttum tíma. Þetta stafar einfaldlega af því, að landssíminn, m. a. að ég hygg vegna verkfræðingadeilunnar, hefur ekki haft nægilega marga sérfræðinga til þess að vinna að þessum málum, og þess vegna voru þær tölur, sem hann gaf fyrst upp, jafnrangar og raun bar vitni um. En þetta gefur nokkra hugmynd um það, hversu mikilsvert það er, að við höfum nægilegri sérfræðilegri þekkingu á að skipa og ríkið fæli þá menn ekki frá sér, en reyni miklu frekar að laða þá að sér. Þá er hægt að koma í veg fyrir enn þá stórfelldari mistök en þessi og ýmis mistök, sem áttu sér stað í sambandi við ýmsar framkvæmdir.

Það, sem ég vil þess vegna segja að lokum, er að endurtaka það, sem ég sagði hér

áðan í minni ræðu þá, að þó að hæstv. ríkisstj. þyki það dýrt að hafa verkfræðinga í þjónustu sinni og þó að ýmsir kunni að telja það eftir að borga þeim sæmilega fyrir sín störf, þá er það áreiðanlega langdýrast, jafnt fyrir ríkið sem aðra aðila, að hafa ekki næga sérfræðinga í sinni þjónustu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 679,1 felld með 21:17 atkv.
— 679,2 felld með 21:17 atkv.

Frv. samþ. með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, RJ, EI, EmJ, GuðlG, HermÞ, GÞG, IngJ, JP, JR, MB, MÁM, AJ, PS, SI, SvJ, JóhH, BGr, BF, SB.

nei: BFB, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GíslG, VH, HS, HV, IG, JSk, LJós, RA, SE, JK, ÞÞ, ÁÞ.

2 þm. (EOl, SÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 684).

39. Seðlabanki Íslands (stjfrv.).

Á 20. fundi í Sþ., 25. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands** [83. mál] (stjfrv., A. 91).

Á 22. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að tvær breytingar séu gerðar á gildandi löggjöf um Seðlabanka Íslands. Fyrri breytingin lýtur að reglum þeim, sem eru í lögum um heimild Seðlabankans til þess að ákveða, að innlánsstofnanir skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar, og heimild hans til þess að ákveða, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum. Er í frv. lagt til, að heimild Seðlabankans til slíkrar innlánsbindingar verði rýmkuð, fyrst og fremst í því skyni, að Seðlabankinn geti aukið endurkaup afurðavíxla og beint á þann hátt meira af rekstrarfé þjóðarinnar til rekstrarlána í þágu undirstöðu atvinnuveganna. Hin breytingin er fólgin í því, að Seðlabankanum sé heimilað að gefa út verðbréf eða aðrar skuldbindingar, sem séu bundnar gengi erlends gjaldeyris, og er þá ætlunin, að Seðlabankinn gefi út nýja flokka verðbréfa, er hafi þann tilgang að örva sparifjármyndun í landinu og auka traust á gjaldmiðlinum. Þar eð hér er um að ræða mikilvægar breytingar á seðlabankalöggjöfinni, tel ég rétt að gera allýtarlega grein fyrir eðli og tilgangi hvorrar breytingar um sig og þó einkum þeirri auknu heimild, sem frv. gerir ráð fyrir að Seðlabankinn fái til að skylda innlánsstofnanir til að leggja fé í Seðlabankann.

Í gildandi seðlabankalöggjöf er Seðlabankanum heimilað að kveða svo á, að sérhver innlánsstofnun skuli eiga allt að 15% af sparisjóðsinnstæðum sínum á bundnum reikningi í Seðlabankanum og allt að 20% af innstæðum, sem ávísa má með tékka. Í þessu frv. er lagt til, að þetta hámark sé hækkað í 25% af öllum innstæðum. Jafnframt er svo kveðið á, að megintilgangur slíkrar innlánsbindingar sé að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla. Hér er því í rauninni um tvenns konar nýmæli að ræða, annars vegar er hámark innlánsbindingarinnar hækkað úr 15—20% í 25%, hins vegar er kveðið svo á, að hið bundna fé skuli fyrst og fremst standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla.

Heimild til handa Seðlabankanum til þess að binda hluta af innlánsfé í lánastofnunum hefur verið í gildi síðan 1957. Hins vegar er það nýmæli, að kveðið sé svo á í seðlabankalögunum, að megintilgangur innlánsbindingarinnar sé að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands. Tilgangur þessara ákvæða frv., sem hér er um að ræða, er að gera Seðlabankanum í ríkara mæli en hingað til kleift að taka að sér það hlutverk að miðla ákveðnum hluta af sparifé þjóðarinnar frá bankakerfinu í heild til þeirra þarfa atvinnuveganna, sem brýnastar eru. Þar eð reglur þær, sem hér hafa gilt um innlög innlánsstofnana í Seðlabankann og endurkaup hans á afurðavíxlum, hafa verið meginatriði í stjórn íslenzkra peningamála á undanförnum árum, er full ástæða til þess að fara í þessu sambandi nokkrum orðum um þessi atriði og þýðingu þeirra.

Reglurnar um bindingu innlánsfjár í Seðlabankanum hafa sætt mikilli gagnrýni á undanförnum árum. Jafnframt hafa kröfur á hendur Seðlabankanum um aukin útlán í þágu atvinnuveganna farið mjög vaxandi. Þótt undarlegt megi virðast, hefur ýmsum ekki viljað skiljast, að sömu lögmál gilda að sjálfsögðu um seðlabanka og aðrar peningastofnanir að því leyti, að hann getur ekki aukið útlán sín né aðrar eignir, svo sem gjaldeyrisvarasjóð, nema hann fái aukið fé til ráðstöfunar. Ef það fé er fengið með aukinni seðlaútgáfu eða öðrum hliðstæðum hætti, verður afleiðingin augljóslega verðbólga og verðfall gjaldmiðilsins. Ef seðlabanki á að geta safnað gjaldeyrisforða, verður hann á móti að öðlast hlutdeild í því sparifé, sem myndast í landinu, eða annarri eignaaukningu, sem þar á sér stað. Ef seðlabanki á að auka útlán sín innanlands, t. d. með endurkaupum afurðavíxla, verður hann að fá til umráða tilsvarandi hluta af þeirri sparifjáraukningu í landinu, sem ein getur verið undirstaða heilbrigðrar aukningar útlána.

Það er hvarvetna talið til meginverkefna

seðlabanka að varðveita gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar. Augljóst er, að seðlabanki getur ekki átt og varðveitt gjaldeyrisvarasjóð, nema til hans svari einhvers konar eigið fé, og þá væntanlega fyrst og fremst með seðlaútgáfu eða einhvers konar innstæðufé, sem þá væntanlega er fengið frá viðskiptabankakerfinu. Á hliðstæðan hátt er augljóst, að seðlabanki getur ekki lánað út fé innanlands, nema til þeirra útlána svari annaðhvort eigið fé eða innstæðufé. Nú er það yfirleitt ekki talið til hlutverks seðlabanka að annast útlán til atvinnurekstrar. Hlutverk seðlabanka er að vera banki bankanna og ríkissjóðs, annast seðlaútgáfu og varðveita gjaldeyrisvarasjóð. Hlutverk seðlabanka er að sjá til þess, að hæfilegt peningamagn sé í umferð innanlands, þannig að atvinnurekstur og viðskipti geti gengið greiðlega og án þess, að peningamagnið hafi áhrif á verðlag til hækkunar eða lækkunar, viðhalda nauðsynlegum gjaldeyrisforða til stuðnings jafnvægi í utanríkisviðskiptum og stuðla að stöðugu gengi gjaldeyrisins. Eru þetta vissulega ærin verkefni. Hitt er yfirleitt talið hlutverk viðskiptabankakerfisins, að taka á móti innstæðufé hjá sparifjáreigendum og lausafé fyrirtækja og endurlána það atvinnuvegum til skemmri eða lengri tíma.

Eitt helzta tæki seðlabanka til að stjórna peningamagninu innanlands er hvarvetna réttur þeirra til þess að kveða svo á, að tiltekinn hluti innstæðna eða aukningar innstæðna í innlánsstofnunum skuli varðveittur í seðlabankanum, og auka þá seðlabankarnir innstæðuskylduna eða draga úr henni eftir því, hvort þeir telja rétt að minnka peningamagnið, sem í umferð er, eða auka það. Það má teljast furðulegt, að seðlabanki á Íslandi skuli ekki hafa haft heimild til að beita þessu alþekkta og sjálfsagða hagstjórnartæki fyrr en 1957. Hins vegar er það mjög sjaldgæft annars staðar, að seðlabankar veiti bein eða óbein lán til atvinnurekstrar. Það hefur þó átt sér stað hér á landi nokkuð á annan áratug.

Um það getur ekki verið ágreiningur meðal þeirra manna, sem kynna sér stjórn íslenzkra peningamála til hlítar undanfarna áratugi og skilja eðli þeirra viðfangsefna, sem þar er um að ræða, að stjórn peningamálanna hér á landi hefur um langt skeið verið mjög áfátt. Skýringarinnar er einmitt í grundvallaratriðum að leita í því, að alþekktum og sjálfsögðum hagstjórnartækjum, svo sem ráðstöfunarrétti Seðlabankans yfir hluta af innstæðufé í innlánsstofnunum, hefur ekki verið beitt fyrr en á allra síðustu árum. En hins vegar hefur Seðlabankinn verið knúinn til þess að annast mjög veruleg útlán til atvinnurekstrar innanlands, án þess að vera samtímis sköpuð eðlileg skilyrði til þess að annast slíka útlánsstarfsemi. Þessi atriði skal ég nú reyna að skýra nokkru nánar.

Endurkaup afurðavíxla af hálfu Seðlabankans með þeim hætti, sem nú tíðkast, hófust á árunum 1949 og 1950. Og þau urðu brátt mjög mikilvægur þáttur í útlánum bankakerfisins. Á þessum árum átti sjávarútvegurinn við mikla rekstrarerfiðleika að etja, og útlánageta viðskiptabankanna var þá lítil. En meginatvinnuvegi þjóðarinnar varð að sjá fyrir viðunandi rekstrarlánum, einkum útflutningsframleiðslunni. Þá var gripið til þess ráðs, að Seðlabankinn hóf endurkaup afurðavíxla af viðskiptabönkunum. Það ýtti einnig undir þróun endurkaupanna, að sjávarútvegurinn hefur yfirleitt ekki notið rekstrarlánafyrirgreiðslu nema í tveim bönkum, þ. e. a. s. Landsbankanum og Útvegsbankanum, en hlutdeild þeirra í heildarsparifé þjóðarinnar hefur farið minnkandi, sérstaklega undanfarin 10 ár, vegna tilkomu nýrra lánsstofnana. Svipuðu máli hefur gegnt um landbúnaðinn. Rekstrarlán til hans hafa aðeins verið í höndum fárra lánsstofnana, sem hafa ekki treyst sér til að fullnægja lánsfjárþörf hans, svo sem nauðsynlegt hefur þótt. Á árunum 1950—1954 komst síðan fast skipulag á endurkaupin, og hefur það í öllum meginatriðum haldizt óbreytt síðan. Einu breytingarnar, sem gerðar hafa verið síðan á þessum árum, hafa stefnt að því að breyta lánaupphæðum, en ekki öðrum reglum varðandi endurkaupin. Hafa endurkaupin verið þrenns konar: í fyrsta lagi afurðalán með veði í sjávarafurðum, í öðru lagi afurðalán með veði í landbúnaðarafurðum og í þriðja lagi rekstrarlán til landbúnaðarins með veði í væntanlegum afurðum. Tilgangur endurkaupanna var að sjálfsögðu að tryggja rekstur meginatvinnuvega þjóðarinnar. Enginn ágreiningur getur verið um það, að það er nauðsynlegt. Hins vegar gildir auðvitað ekki einu, hvernig það er gert. Þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að þegar endurkaupafyrirkomulagið var tekið upp og síðan aukið stig af stigi, hafði Seðlabankinn í rauninni ekkert fjármagn, sem hann gat með eðlilegum hætti fest í lánum af þessu tagi. Endurkaupin urðu því til þess, að fé streymdi úr Seðlabankanum, en afleiðingar þess hlutu að koma og komu fram í jafnvægisleysi í efnahagsmálum og rýrnandi gjaldeyrisstöðu. Á tímabilinu frá ársloka 1954 til ársloka 1958 jukust endurkaupin mjög ört. Lætur nærri, að þau hafi þrefaldazt á þessum þrem árum, en í krónum varð aukningin 583 millj. kr. Aukningin varð örari að því er snerti endurkaup landbúnaðarvíxla. Kom þar einkum tvennt til. Annars vegar óx framleiðsla á landbúnaðarvörum mjög, og hins vegar var verðlag landbúnaðarafurða síhækkandi. Að svo miklu leyti sem endurkaupin jukust vegna hækkandi verðlags á landbúnaðarvörum hér innanlands, má segja, að þau hafi átt þátt í því að framkalla sjálfkrafa aukningu peningamagnsins í samræmi við hækkun verðlags og launa. Endurkaup sjávarafurðavíxla jukust nokkru hægar, einkum framan af. Á árunum 1955—1957 hækkuðu endurkaup sjávarafurðavíxla ekki neitt, enda var þá alltaf miðað við útflutningsverð reiknað samkv. skráðu gengi, en að mestu leyti án uppbóta. Á árinu 1958 varð hér breyting á, þar sem

farið var að reikna uppbætur með í skilaverði afurðanna. Þetta olli því, að endurkaup vegna sjávarafurða meira en tvöfölduðust á tveim árum, en nokkur hluti þeirrar hækkunar stafaði þó af sívaxandi drætti á greiðslum úr útflutningssjóði.

Nú er eðlilegt, að spurt sé: Hver voru áhrif þessarar miklu aukningar endurkaupa á árunum 1955—1959 á þróun peningamála og þar með á efnahagsmál þjóðarinnar í heild? Sé litið á reikninga Seðlabankans, kemur skýrt í ljós, að endurkaupin eru svo að segja eina orsök útstreymis fjár úr bankanum á þessu tímabili, Seðlabankinn eykur peningamagn í umferð svo að segja eingöngu á þann hátt að auka endurkaupin. Eins og ég sagði áðan, jukust endurkaup á þessum árum um 583 millj. kr. eða um nokkuð á annað hundrað millj. kr. á ári að meðaltali. Til þessara auknu útlána Seðlabankans hlutu að svara aðrar hreyfingar, þ. e. breytingar á öðrum eigna- og skuldaliðum Seðlabankans. Ráðstöfunarfé Seðlabankans vegna bættrar stöðu ríkissjóðs, aukins eigin fjár og aukningar seðlaveltunnar kom nokkuð á móti þessari miklu aukningu endurkaupanna, og nema þessar aukningar ráðstöfunarfjárins samtals 282 millj. kr. Mismunurinn, þ. e. a. s. 301 millj. kr., kemur fram sem rýrnun gjaldeyrisstöðunnar. Bein afleiðing hinna auknu endurkaupa var m. ö. o. stórkostleg rýrnun gjaldeyrisstöðunnar, en reiknað á núv. gengi versnaði gjaldeyrisstaðan á þessu 5 ára tímabili, þ. e. a. s. á árunum 1955—1959, um 795 millj. kr. Þegar frá er talin nokkur nettóskuldasöfnun bankakerfisins við Seðlabankann, sem nam þó ekki nema 52 millj. kr. á þessu tímabili, er óhætt að segja, að aukning endurkaupanna hafi verið eina orsök útstreymis fjár hjá Seðlabankanum á öllu þessu tímabili.

Það er hafið yfir allan efa, að aukning endurkaupanna á þessu tímabili átti veigamikinn þátt í þeirri þenslu og því jafnvægisleysi, sem á þessum árum ríkti í peningamálum þjóðarinnar. Það fór ekki heldur hjá því, að mönnum yrði það á þessum árum ljóst í vaxandi mæli, að sjálfkrafa aukning endurkaupanna frá ári til árs, án þess að nokkur tilraun væri til þess gerð að afla Seðlabankanum fjár til að standa undir aukningu endurkaupanna, hlyti að hafa í för með sér sífellda og ólæknandi gjaldeyrisörðugleika. Það er af þessum sökum, sem peningalegar ráðstafanir hlutu að verða snar þáttur þeirrar nýju stefnu í efnahagsmálum, sem núv. stjórnarflokkar tóku upp í ársbyrjun 1960, og það var af þessum sökum, sem eitt meginatriði þeirra peningalegu ráðstafana hlaut að vera að stöðva aukningu endurkaupa í Seðlabankanum og þá miklu skuldasöfnun bankakerfisins við Seðlabankann, sem henni hafði verið samfara. Þetta var framkvæmt þannig, að ákveðið var, að endurkaup sjávarafurðavíxla skyldu vera óbreytt út á hverja framleiðslueiningu, þrátt fyrir þá hækkun verðs í krónum, sem gengisbreytingunni fylgdi. Varðandi endurkaup landbúnaðarafurðavíxla var hins vegar farin sú leið, að ákveðið var, að þau endurkaup skyldu aldrei fara fram úr því hámarki, sem þau komust í á árinu 1959, þ. e. 294 millj. kr. Þessar mismunandi reglur fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir voru eðlilegar miðað við aðstæður í hvorum atvinnuveginum um sig. Að því er sjávarútvegslánin snertir, var ekki talið heppilegt að setja ákveðið hámark á útlánin í heild, þar eð mjög miklar og ófyrirsjáanlegar sveiflur eiga sér stað í heildarverðmæti birgða sjávarafurða. Reynslan varð hins vegar sú, að endurkaup sjávarafurðavíxla fóru sílækkandi frá árinu 1960 fram undir lok síðasta árs. Síðan hafa þau hækkað lítið. Lækkunin á árunum 1960—1962 stafaði af því annars vegar, að greiðsluhalli útflutningssjóðskerfisins hvarf úr sögunni, en hins vegar, að andvirði útfluttra afurða skilaði sér fyrr en áður. Endurkaupaverðið var endurskoðað eftir gengisbreytinguna 1961, og samkv. núgildandi reglum nema endurkaup sjávarafurðavíxla allt að 55% af skilaverði afurðanna. Sú regla að binda afurðalán til landbúnaðarins við ákveðið hámark var honum hagstæð framan af og tryggði honum hærri lán hlutfallslega út á afurðir sínar en sjávarútvegurinn hlaut. Þetta hefur hins vegar breytzt smám saman landbúnaðinum í óhag, eftir því sem verðlag á landbúnaðarafurðum innanlands hefur hækkað og magn þeirra vaxið. Á árinu 1960 reyndist lánahlutfall vegna landbúnaðarafurða 60.8%, en 1961 55.3%. Það skal tekið fram, að hvorugt árið var kjöt flutt út á sláturtíð veðsett, en með því móti var hægt að hafa lánahlutfallið hærra en ella. Á árinu 1962 var þetta vandamál enn erfiðara viðfangs, en til að tryggja 55% lán út á sauðfjárafurðir var samið um það við viðskiptabankana, að þeir lægju með nokkurn hluta afurðavíxla sinna í stað þess að selja þá Seðlabankanum. Eftir miklar umr. um þessi mál s. l. vetur varð sú meginstefna ofan á í Seðlabankanum, að höfðu samráði við ríkisstj., að endurkaupalán út á birgðir landbúnaðarafurða skyldu verða 55%, eins og út á birgðir sjávarafurða, en hámark rekstrarlána skyldi haldast nokkurn veginn óbreytt. Nú hefur hins vegar enn á ný orðið stórkostleg hækkun á verði landbúnaðarafurða, svo að endurkaup landbúnaðarafurðavíxla munu nú í haust líklega verða nærri 100 millj. kr. hærri en í fyrra. Þessi mikla hækkun endurkaupanna, ásamt skiljanlegum kröfum annarra atvinnuvega um betri fyrirgreiðslu á þessu sviði, hefur gert það óumflýjanlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að gera Seðlabankanum kleift að sinna þessu verkefni með heilbrigðum hætti, en það er einmitt megintilgangur þessa frv. En áður en ég ræði þær leiðir, sem til greina kæmu til að leysa þennan vanda, tel ég rétt að gera frekari grein fyrir þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í peningamálum í heild síðan 1961, og þeim árangri, sem með henni hefur náðst.

Sú stefna í peningamálum, sem mörkuð var 1960, hafði það að meginmarkmiði að stöðva útstreymi fjár úr Seðlabankanum, binda endi á þá þróun, að Seðlabankinn yki peninga-

magnið í landinu án þess að hafa til þess heilbrigða aðstöðu. Jafnframt skyldi að því stefnt að bæta gjaldeyrisstöðuna, fyrst og fremst með því að endurgreiða lausaskuldir, sem bankarnir höfðu safnað erlendis, en síðan koma upp gjaldeyrisforða, sem íslenzku þjóðinni væri nauðsynlegur. Eins og ég hef gert grein fyrir, hlaut stöðvun hinnar sífelldu aukningar endurkaupanna að vera meginatriði þessarar stefnu. Jafnframt var lögð áherzla á að bæta stöðu ríkissjóðs og viðskiptabankanna gagnvart Seðlabankanum. Þá var og ákveðið að nota heimild þá, sem Seðlabankinn fékk með lögum 1957, til að binda hluta af innstæðuaukningu banka, sparisjóða og innlánsdeilda á sérstökum reikningi í Seðlabankanum. Innstæðubindingunni var í fyrstu einkum ætlað að gera Seðlabankanum kleift að veita fjármagni milli banka, ef þess væri þörf til að leysa úr aðsteðjandi rekstrarvandamálum þeirra. Það fé, sem inn kom vegna bindingarinnar á árinu 1960, var að nokkru notað í þessu skyni. Þegar kom fram á árið 1961, varð hins vegar ljóst, að reglurnar um innstæðubindinguna gætu gegnt miklu stærra hlutverki. Á árunum 1961 og 1962 varð gífurleg aukning á sparifé í landinu. Jukust því hinar bundnu innstæður í Seðlabankanum hröðum skrefum, og námu þær í lok októbermánaðar s. l. 756 millj. kr. Það var þessi mikla hlutdeild Seðlabankans í vexti sparifjárins, samfara þeirri stöðvunarstefnu, að því er varðar endurkaup Seðlabankans, sem ég er að lýsa, sem átti meginþátt í því að skapa Seðlabankanum skilyrði til að bæta gjaldeyrisstöðu sína svo stórkostlega sem raun ber vitni. Þetta skal ég skýra nánar með því að rekja nokkuð þróunina í viðskiptum Seðlabankans undanfarin 4 ár. Miða ég þá alls staðar við hreyfingar á tímabilinu frá árslokum 1959 til 31. okt. s. l.

Á þessu tímabili, frá árslokum 1959 til októberloka, var þróunin gerólík því, sem átt hafði sér stað á árunum 1955—1959 og ég hef þegar lýst. Náð hefur verið því mikilvæga takmarki efnahagsmálastefnu ríkisstj. að bæta gjaldeyrisaðstöðu þjóðarbúsins og skapa Íslendingum traust erlendis í stað þess öngþveitis, sem áður ríkti. Á þessu tæplega 4 ára tímabili hefur gjaldeyrisstaða Seðlabankans batnað um 1394 millj. kr., í stað þess að hún rýrnaði um 795 millj. kr. á árunum 1955—1959, ef miðað er við sama gengi. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér alveg ljóst, að þessi mikli bati í gjaldeyrismálum hefur aðeins verið mögulegur vegna þess, að tekizt hefur að koma í veg fyrir óeðlilega aukningu útlána úr Seðlabankanum, jafnframt því sem honum hefur verið fengið nýtt ráðstöfunarfé vegna bindingarreglnanna og annarra orsaka.

Ég skal nú nefna nokkrar tölur úr reikningum Seðlabankans við upphaf og lok þessa tímabils, til að varpa ljósi á meginatriði þess, sem gerzt hefur á þessum árum.

Um ráðstöfunarfé Seðlabankans er það að segja, að það hefur aukizt um 1457 millj. kr. á þessu tímabili. Þetta aukna ráðstöfunarfé hefur komið úr ýmsum áttum. Í fyrsta lagi er hér um að ræða aukningu bundna fjárins, en hún nam 756 millj. kr., eða rúmlega helmingi af allri aukningu ráðstöfunarfjár Seðlabankans. Í öðru lagi hefur mótvirðisfé aukizt um 198 millj. kr., en þar er fyrst og fremst um að ræða mótvirði þess óafturkræfa framlags, sem Íslendingar fengu frá Bandaríkjunum. Í þriðja lagi batnaði staða bankakerfisins í heild í Seðlabankanum um 206 millj. kr., bæði vegna endurgreiðslu á skuldum og aukningar almennra innstæðna. Í fjórða lagi jókst seðlaveltan á þessu tímabili um 242 millj. kr. Og í fimmta lagi námu nettóáhrif allra annarra hreyfinga, sem hér yrði of langt að telja, samtals 55 millj. kr. Eins og ég sagði áðan, nam þessi aukning á ráðstöfunarfé Seðlabankans samtals 1457 millj. kr., en af þessum 1457 millj. kr. hefur 1394 millj. kr. verið varið til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna, en aukning endurkaupa hefur numið 63 millj. kr. Augljóst ætti að vera, að það aukna fé, sem Seðlabankinn fær til ráðstöfunar, verður ekki notað nema einu sinni. Ef Seðlabankinn notar aukið ráðstöfunarfé til að eignast gjaldeyrisvarasjóð, þýðir það auðvitað, að hann getur ekki einnig notað sama fé til að auka útlán, þ. e. endurkaupa afurðavíxla. Ef Seðlabankinn hefði notað hið aukna ráðstöfunarfé til að auka endurkaup afurðavíxla, hefði hann auðvitað ekki getað eignazt gjaldeyrisvarasjóð.

Það er sumpart villandi að tala um bindingu sparifjár í Seðlabankanum og jafnvel tilraun til vissrar blekkingar að tala um frystingu fjár þar í sambandi við þær reglur, sem gilda um, að innlánsstofnanir skuli varðveita nokkurn hluta af innstæðufé sínu á sérstökum reikningi í Seðlabankanum. Seðlabankinn bindur ekki né heldur frystir þetta fé í þeim skilningi, að hann hindri hagkvæma notkun þess í þágu íslenzks efnahagslífs. Seðlabankinn hagnýtir auðvitað allt það fé, sem hann fær, til ráðstöfunar í þágu þjóðarbúskaparins. Þær 1457 millj. kr., sem Seðlabankinn hefur fengið til ráðstöfunar á undanförnum 4 árum, hefur hann hagnýtt þannig, að 1394 millj. hefur hann varið til að bæta gjaldeyrisstöðuna, en 63 millj. til þess að auka endurkaup afurðavíxla. Á því er ekki nokkur vafi, að betur er ekki hægt að hagnýta þetta aukna ráðstöfunarfé. Fátt háði íslenzkri efnahagsþróun meira á undangengnum áratug en sífelldur gjaldeyrisskortur og sú breyting, að þjóðin átti engan gjaldeyrisvarasjóð. Fátt er Íslendingum því nauðlegra en einmitt það að eignast slíkan gjaldeyrisvarasjóð erlendis. Það hefur nú tekizt, einmitt vegna þess að Seðlabankinn hefur fengið aukið ráðstöfunarfé, og helmingur þessa aukna ráðstöfunarfjár á einmitt rót sína að rekja til reglnanna um svonefnda bindingu innlánsfjár í Seðlabankanum, sem svo mjög hafa verið umræddar og umdeildar á undanförnum árum.

En nú er því markmiði náð í aðalatriðum,

að þjóðin hefur eignazt gildan gjaldeyrisvarasjóð. Að því leyti má segja, að tilgangi bindingarreglnanna sé náð. Þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort unnt sé að draga úr bindingarreglunum eða hvort um önnur gagnleg markmið geti verið að ræða, sem réttlæti ekki aðeins að halda þeim, heldur einnig að auka þær. Ef þróunin á undanförnum 4 árum er borin saman við þróun mála á árunum 1955—1959, er munurinn fyrst og fremst fólginn í þrennu. Í fyrsta lagi hefur aukning endurkaupa verið stöðvuð að mestu. Í öðru lagi hefur Seðlabankinn fengið stóraukið ráðstöfunarfé í formi svonefnds bundins fjár frá bankakerfinu. En í þriðja lagi hefur þetta tvennt síðan haft þau áhrif, að gjaldeyrisstaðan hefur batnað stórkostlega. Önnur hagstæð áhrif, svo sem bætt staða bankakerfisins og aukning mótvirðisfjár, hafa og stuðlað að þessum jákvæða árangri. Þessi árangur er svo mikilvægur, að leggja verður höfuðkapp á að varðveita hann og hamla á móti rýrnun gjaldeyrisstöðunnar. Sá gjaldeyrisforði, sem Íslendingar eiga nú, má teljast vel viðunandi, en hann má þó ekki miklu lægri vera, ef hann á að tryggja Íslendingum nægilegt öryggi út á við og gera þjóðinni kleift að jafna þær miklu sveiflur, sem hér geta átt sér stað vegna breytingar á aflabrögðum eða vegna verðbreytinga á erlendum mörkuðum. Á hinn bóginn er gjaldeyrisstaðan orðin nægilega góð til þess, að ekki er ástæða til að leggja á það áherzlu á næstunni að bæta hana frekar en orðið er. Þess vegna er það nú ekki jafnnauðsynlegt og áður að leggja áherzlu á aðgerðir, er hafi þann tilgang að auka ráðstöfunarfé Seðlabankans í því skyni, að hann geti eflt gjaldeyrisvarasjóð sinn. Á hinn bóginn hafa nú að undanförnu skapazt ný viðhorf, sem valda því, að nauðsynlegt er og eðlilegt að endurskoða þá meginstefnu, sem Seðlabankinn hefur fylgt síðan 1960, að því er snertir endurkaup afurðavíxla.

Ég gat þess áðan, að reynzt hefur óhjákvæmilegt að afnema hámarkið á endurkaupum á afurðavíxlum landbúnaðarins. Ég gat þess líka, að þetta eitt mun hafa í för með sér allt að 100 millj. kr. aukningu afurðaendurkaupalána nú á þessu hausti. Þær verð- og kauphækkanir, sem átt hafa sér stað undanfarin ár, hafa einnig aukið stórlega rekstrarfjárþörf sjávarútvegsins. Munu margir telja æskilegt, að Seðlabankinn leysi að nokkru úr þeirri þörf með því að auka endurkaup sín. En í þessu sambandi verður þess vel að gæta, að ekki sé aftur farið út á þá braut, að Seðlabankinn auki endurkaup sín á afurðavíxlum, án þess að hann fái um leið fjármagn til þess að verja til slíkra endurkaupa. Ef það ætti sér ekki stað, ef Seðlabankanum er ekki séð fyrir fjármagni til þess að standa undir endurkaupunum, yrði afleiðingin enn á ný hin sama og hún varð á árunum 1955—1959, að fé mundi streyma út úr Seðlabankanum, Seðlabankinn auka peningamagnið í landinu og gjaldeyrisstaða þjóðarinnar þá versna á ný sem því svaraði. Ríkisstj. leggur höfuðáherzlu á að koma í veg fyrir, að slíkt gerist. Hún stefnir að því, að undirstöðuatvinnuvegirnir fái eðlilegt rekstrarfé, án þess að það leiði til nýrrar þenslu og rýrnunar gjaldeyrisforðans. Tvær leiðir koma til greina, ef þessum markmiðum á að ná. Fyrri leiðin er sú, að halda yrði áfram í aðalatriðum þeim takmörkunum á endurkaupum af hálfu Seðlabankans, sem í gildi hafa verið undanfarin ár. Þá þyrfti jafnframt að tryggja, að undirstöðuatvinnuvegirnir fái eðlilegt rekstrarfé til starfsemi sinnar frá viðskiptabönkunum. Að mörgu leyti væri þetta eðlilegasta lausn þeirra vandamála, sem hér er um að ræða, enda er það beinlínis meginhlutverk viðskiptabanka að sjá atvinnuvegunum fyrir rekstrarfé.

Þannig er þessum málum farið í flestum öðrum löndum, en hins vegar er mjög óalgengt, eins og ég gat um áðan, að seðlabankar taki þátt í rekstrarlánastarfsemi til atvinnuveganna. Sú reynsla, sem fengizt hefur í þessum efnum hér á landi, bendir hins vegar eindregið til þess, að mjög erfitt geti reynzt að leysa þau vandamál, sem við blasa vegna vaxandi rekstrarfjárþarfa atvinnuveganna, fyrir tilstilli viðskiptabankanna einna. Meginskýringin á því er sú, að sjávarútvegurinn hefur svo að segja öll bankaviðskipti sín við tvo banka, Landsbankann og Útvegsbankann. En þessir bankar telja sig ekki hafa bolmagn til þess að sjá sjávarútveginum fyrir venjulegu rekstrarfé, ef þeir eiga jafnframt að geta staðizt samkeppni við aðra banka og sparisjóði um innstæðufé og almenn bankaviðskipti. Aftur á móti mundi það verða miklum erfiðleikum bundið að fá aðra banka til að hefja veruleg lán til sjávarútvegsins. Svipuðu máli gegnir um lán til landbúnaðar. Þau eru á tiltölulega fáum höndum. Þegar um er að ræða mikla aukningu rekstrarfjárþarfar, eins og nú á sér stað, mundi sú byrði aðeins lenda á herðum nokkurs hluta bankakerfisins, eins og málum er nú háttað, en það er samdóma mat þeirra banka, sem hér eiga hlut að máli, að þeir geta ekki tekið þær kvaðir á sig, án þess að samkeppnisaðstaða þeirra við aðra banka og sparisjóði rýrnaði verulega og með algerlega óeðlilegum hætti. Er þá hætt við, að sparifé leiti frá þessum bönkum til annarra og þeir komist þar af leiðandi í greiðsluvandræði gagnvart Seðlabankanum.

Í þeim ýtarlegu umr., sem ég hef hvað eftir annað átt við bankastjóra viðskiptabankanna, hefur mér orðið ljóst, að mjög muni erfitt að fá viðunandi lausn rekstrarfjárvandamála atvinnuveganna eftir þessum leiðum.

Hin leiðin er sú, að Seðlabankinn taki að sér það hlutverk að sjá undirstöðuatvinnuvegunum fyrir verulegum hluta þess rekstrarfjár, sem þeir þurfa á að halda, en um leið fái Seðlabankinn aðstöðu til þess að afla fjár til þessarar útlánastarfsemi með aukinni innlánsbindingu. Í raun og veru yrði þá hér um það að ræða, að það yrði meginhlutverk innlánsbindingarinnar að afla fjár frá bankakerfinu í

heild í því skyni að endurlána það þeim atvinnuvegum, sem mest þurfa á því að halda. Seðlabankinn tæki þannig að sér að miðla hluta af sparnaði þjóðarbúsins til ákveðinna forgangsþarfa, án þess að þetta rækist á önnur meginhlutverk hans, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða þjóðarinnar.

Innlánsbindingin ásamt öðrum ráðstöfunum í peningamálum hefur á undanförnum árum náð því markmiði að koma upp viðunandi gjaldeyrisforða, svo að nú gefst tækifæri til þess að nota frekari aukningu bindingarinnar til þess að miðla fjármagni frá bankakerfinu til þeirra þarfa, sem brýnastar eru taldar. Þetta er sú leið, sem ríkisstj. vill fara í þessum efnum. En ef Seðlabankinn á framvegis að geta gegnt því hlutverki að sjá undirstöðuatvinnuvegunum fyrir verulegum hluta þess rekstrarfjár, sem þeir þurfa á að halda, þá er nauðsynlegt að hækka það hámark innlánsbindingar, sem leyft er í þeim ákvæðum seðlabankalaganna, sem nú eru í gildi.

Ég gat þess áðan, að þetta hámark er nú 15% af sparisjóðsinnstæðum hjá hverri lánsstofnun, en er 20% af innstæðum, sem ávísa má á með tékka. Í þessu frv. er lagt til, að hámarkið sé hækkað í 25% fyrir allar innstæður. Í þessu sambandi er rétt að taka skýrt fram, að það er alls ekki ætlunin, að innlánsbindingin verði hækkað í 25% nú á næstunni. Þegar aðgerðir í þessum efnum verða metnar, kemur tvennt til. Annars vegar þarf að gera sér grein fyrir þörfinni fyrir aukin rekstrarlán til atvinnuveganna og að hversu miklu leyti eðlilegt er að mæta þeirri þörf með auknum endurkaupum afurðavíxla. Hins vegar kemur til athugunar, hver sparifjáraukningin verður, hversu sparifjáraukningin verður mikil og hver geta bankakerfisins verður til að láta af hendi hluta af innstæðuaukningu sinni til þessara þarfa. Það verður fyrst og fremst hlutverk Seðlabankans, verkefni hans, að meta þessi atriði. Verði þetta frv. að lögum, mun Seðlabankinn þegar í stað taka til athugunar, hvaða breytingar á endurkaupareglum séu mögulegar og eðlilegar. Kemur þá bæði til greina að hækka endurkaupahlutfallið, að því er varðar sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir, og enn fremur að auka hlutverk endurkaupastarfseminnar með því að taka smám saman upp endurkaup víxla með veði í öðrum vörutegundum, t. d. tilteknum iðnaðarvörum eða garðávöxtum, en um hvort tveggja hafa verið gerðar þál. hér á hinu háa Alþingi. Megintilgangur þeirra aðgerða, sem grundvöllur yrði lagður að með samþykkt þessa frv., er að gera bankakerfinu betur kleift en áður að leysa rekstrarfjárvandamál atvinnuveganna, jafnframt því sem tryggt sé, að hinum aukna árangri, sem náðst hefur í peninga- og gjaldeyrismálum undanfarin 4 ár, sé ekki spillt.

Að síðustu skal ég fara fáeinum orðum um síðara atriðið, sem frv. fjallar um, þ. e. heimild Seðlabankans til að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris. Verðbólguþróunin hér á landi undanfarna áratugi ásamt þeim gengisbreytingum, sem orðið hafa óhjákvæmileg afleiðing hennar, hefur því miður aukið mjög vantrú á framtíðargildi peninga. Reynt hefur verið að hamla gegn þessu undanfarin ár með háum vöxtum á sparifé og skattfrelsi þess. Undanfarið hafa enn á ný átt sér stað örar verð- og launahækkanir. Þær hafa enn á ný skapað nokkurn ótta við nýja gengisbreytingu og orðið valdandi ýmiss konar spákaupmennsku. Ef sparifjáreigendur eiga kost á því að kaupa verðbréf með gengisákvæði, geta þeir verndað gildi fjár síns gegn hugsanlegri gengisbreytingu. Væri það ólíkt skynsamlegri og hagkvæmari fjárfesting að verja fé til kaupa á gengistryggðum verðbréfum en til skyndikaupa á vörum eða fasteignum, ef tilgangurinn er sá að tryggja sig gegn væntanlegum verðhækkunum eða gengisbreytingu.

Það er að sjálfsögðu meginstefna ríkisstj. og Seðlabankans að vernda gengi gjaldmiðilsins og koma í veg fyrir, að enn á ný þurfi að breyta gengi íslenzkrar krónu. Útgáfa Seðlabankans á verðbréfum með gengisákvæði væri yfirlýsing af hálfu Seðlabankans um traust á núv. gengisskráningu, þar eð bankinn væri þá reiðubúinn til að taka á sig skuldbindingar með gengisákvæði og skila sparifjáreigendum aftur sparifé þeirra í krónum með óbreyttu gildi gagnvart erlendum gjaldeyri. Ef frv. þetta verður að lögum, er það ætlun Seðlabankans að hefja útgáfu gengisbréfa svo fljótt sem aðstæður leyfa. Eðlilegt er að sjálfsögðu, að farið verði með það sparifé, sem menn leggja fram í þessu formi, á sama hátt og annað sparifé, að því er skattheimtu varðar. Er því gert ráð fyrir sams konar undanþágum varðandi framtalsskyldu og skattlagningu og gilda um annað sparifé. Tilgangur þeirra ákvæða frv., sem lúta að heimild Seðlabankans til útgáfu gengisbréfa, er því bæði sá að auka sparnað og efla traust manna á íslenzkum gjaldmiðli.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og hæstv. viðskmrh. hefur gert grein fyrir, er um að ræða tvær meginbreytingar í þessu frv. um Seðlabanka Íslands frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að heimila nokkru hærri bindingarskyldu á fé í Seðlabankanum frá bankakerfinu almennt heldur en í gildi hafa verið. Það er m. ö. o. gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn geti krafið banka og sparisjóði og innlánsdeildir um allt að 25% af heildarinnistæðufé viðkomandi stofnana í sparisjóði og að sú upphæð verði bundin á sérstökum reikningi í Seðlabankanum. En um þetta hafa gilt þær reglur fram til þessa, að hér hefur verið um að ræða 15—20% hámark, en nú á sem sagt að hækka þessa bindingar-

skyldu. Hin breytingin er svo um það, að Seðlabankinn fái heimild til að gefa út gengistryggð verðbréf.

Fyrra atriðið af þessum tveimur hefur verið í gildi í höfuðatriðum nú um nokkurra ára skeið, og það er því fengin nokkur reynsla af því að framkvæma slíka innlánsbindingu, eins og þar er gert ráð fyrir. Hæstv. viðskmrh. hefur í framsögu fyrir þessu máli gert grein fyrir því frá sínu sjónarmiði, hvernig þessi bindingarskylda hefur reynzt. Ég hlýt að benda á það, að þegar þessar reglur voru upp teknar á sínum tíma, var því haldið fram, að rétt væri, að Seðlabankinn fengi þessa heimild til að skylda sparisjóði og banka í landinu til að geyma nokkuð af sparifjáraukningunni á bundnum reikningi í Seðlabankanum í því skyni, að Seðlabankinn gæti þar með tekið að sér miðlunarstarfsemi með peninga, þannig að hann gæti dregið inn úr sparisjóðskerfinu og bankakerfinu almennt í landinu nokkra fjárfúlgu, sem hann síðan endurlánaði aftur öðrum bönkum, svo að þeir gætu betur staðið undir rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Þetta var aðalskýringin, sem gefin var, þegar þessar reglur voru settar.

En hvernig hefur þetta orðið í reyndinni? Hæstv. viðskmrh. sagði, að nú væri svo komið, að þetta bindingarfé í Seðlabankanum næmi orðið 756 millj. kr. Hefur nú verið farið eftir því, sem yfir var lýst, þegar þessar reglur voru upp teknar? Hefur þetta fé verið endurlánað rekstrarlánabönkunum, til þess að þeir gætu aukið lán sín til undirstöðuatvinnuveganna? Nei, hið rétta er það, að eftir þessari reglu hefur ekki verið farið á neinn hátt. Innlánsbindingin hefur ekki orðið til þess að auka útlánin til undirstöðuatvinnuveganna, heldur þvert á móti til þess að draga úr útlánunum til undirstöðuatvinnuveganna. Endurkaupalánin hafa á þessum tíma verið minnkuð úr 67%, sem þau voru almennt, miðað við útflutningsverð t. d. á framleiddum sjávarafurðum, og niður í 52—55% af útflutningsverðinu. Og rekstrarlánabankarnir, þeir sem eiga að standa undir lánum til sjávarútvegsins t. d., Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa báðir verið skyldaðir til þess að geyma allmikið fé á bundnum reikningum í Seðlabankanum og hafa beinlínis borið því við æ ofan í æ, þegar leitað er til þeirra um lán fyrir aðalatvinnuvegi landsmanna, að þeir geti ekki lánað eins mikið og þeir gerðu áður eða eftir sömu reglum og þeir gerðu áður, vegna þess að fé hefði verið af þeim tekið og bundið í Seðlabankanum. Nú kemur svo hæstv. viðskmrh. hér í annað sinn og leggur til, að þessi bindingarskylda verði enn aukin frá því, sem áður var, og einnig með sömu loforðin á takteinum, allt á þetta að gerast til þess, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar geti fengið meiri lán.

Það var að vísu rétt, að það hafði ekki verið lengi haldið áfram að draga fé inn á þessa bundnu reikninga í Seðlabankanum frá sparisjóðum og viðskiptabönkum landsins, er ríkisstj. hafði skipt með öllu um skýringu á því, til hvers leikurinn væri gerður. Þá var því ekki lengur haldið fram, sem hafði þó fylgt í grg. fyrir málinu, þegar það var hér fyrst lagt fyrir, að þetta væri allt saman gert til þess að auka lánveitingar til framleiðsluatvinnuveganna. Þá vissi hæstv. ríkisstj., að það var útilokað að halda þessu lengur áfram, því að menn höfðu fengið að þreifa á hinu sanna í málinu. Nei, þá var hinu haldið fram, að ráðstöfunin væri alveg nauðsynleg til þess að skapa mótvægi í Seðlabankanum gegn vaxandi gjaldeyrissjóðum þjóðarinnar. Reyndar hafði hæstv. ríkisstj. sagt í sjálfu frv. um Seðlabankann, þegar það var lagt hér fram í ársbyrjun 1961, að það væri allt annað fé bankans, sem ætti að standa undir gjaldeyrissjóðunum, því að eðlilegra væri að haga því í þessu landi eins og öðrum, að það væri fyrst og fremst seðlavelta bankans á hverjum tíma og svo eigið fé bankans, sem ætti að standa undir mótvæginu gegn gjaldeyrissjóðunum. Það hafði greinilega verið tekið fram í grg. fyrir frv., að þannig ætti að haga því hér eins og annars staðar. En sem sagt, á miðri leið var hlaupið frá þessari skýringu, og þá var hin illræmda binding á sparifénu í Seðlabankanum útskýrð með hinu, að hún væri beinlínis undirstaðan undir það, að Seðlabankinn gæti átt þá gjaldeyrissjóði, sem hann hefði nú eignazt. Og nú sem sagt er hlaupið aftur yfir í gömlu skýringuna, þegar á að hækka þessa sparifjárbindingu í Seðlabankanum, og nú er sagt: Þetta er gert eingöngu til þess, að hægt sé að auka útlánin til aðalatvinnuvega landsins. Og svo er farið um það mörgum orðum, að í rauninni hafi aldrei verið hægt og sé enn ekki hægt að hafa það fyrirkomulag á, að Seðlabankinn veiti afurðalán út á útflutningsframleiðsluvörur, nema eitthvert sérstakt fjármagn sé bundið í bankanum á móti, til þess að þetta sé kleift. Að öðrum kosti leiði slík útlánastarfsemi bankans til verðbólgu í landinu.

Ég hélt nú satt að segja, að umr. um þetta hefðu farið fram og svo ýtarlega fyrir nokkru, að það væri búið að kveða niður með öllu þessa alröngu skýringu og menn þyrftu ekki að taka hana hér upp aftur. Það er margbúið að sýna fram á það, að þó að Seðlabankinn veiti bráðabirgðalán, venjulega aðeins til nokkurra mánaða út á framleidda vöru, sem í flestum tilfellum er seld úr landi, en bíður afskipunar og greiðslu, þó að Seðlabankinn hlaupi í skarðið í þessu tilfelli og veiti lán til nokkurra mánaða út á þær gjaldeyrisbirgðir, sem þannig liggja fyrir í landinu og samsvara beinum gjaldeyri, þá er það ekki á neinn hátt verðbólgumyndandi, enda í rauninni auðvelt að koma þessum lánum fyrir, þó að enginn seðlabanki væri að þvælast þarna í millihöndinni, ef framleiðendurnir mættu fara þá leið, sem hér þekktist einu sinni, en það er að fá gjaldeyrisverðmæti sín greidd út á þessa vöru, áður en hún fer úr landi, því að það er auðvelt verk. Og svo er það sagt, eins og hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan, að ef Seðla-

bankinn lánar fé út á framleidda útflutningsvöru, sem bíður afskipunar og greiðslu, þá streymi fé, eins og hæstv. ráðh. sagði, út úr Seðlabankanum og auki á verðbólgu í landinu og verði til þess að draga úr gjaldeyrissjóðum landsins. M. ö. o.: þegar Seðlabankinn um nokkurra mánaða skeið veitir bráðabirgðalán, til þess að gjaldeyrisverðmætin myndist í landinu, sem breytast í peninga eftir nokkra mánuði, þá á það að verða til þess að gera gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar lakari, að það var hægt að eignast þessar gjaldeyrisbirgðir, en hitt hefði auðvitað gengið miklu betur, að láta framleiðsluna liggja hálfunna eða óunna að mestu og vitanlega þá um leið enga gjaldeyrisframleiðslu vera í gangi, en halda að sér höndum í Seðlabankanum. Nei, hér er vitanlega um grundvallarmisskilning að ræða, ef það er misskilningur, sem ég vil ekki trúa að um sé að ræða hjá hæstv. viðskmrh. Ég ætla, að hann hafi gert sér grein fyrir því fyrir löngu, að það er aðeins eðlileg starfsemi og ekki á neinn hátt skaðleg fyrir hagkerfið, þó að Seðlabankinn láni nokkur lán til bráðabirgða út á útflutningsframleiðsluvöru, sem telja má alveg örugga í sölu og breytist innan skamms í beinan, harðan gjaldeyri. Hitt er svo allt annað mál, sem á ekki að blanda saman við þetta, þau útlán, hvort heldur það er hjá Seðlabankanum eða öðrum aðilum, út á aðra framleiðslu, sem ekki er útflutningsframleiðsla, en notuð er eingöngu innanlands. Um það gilda allt aðrar reglur og er margviðurkennt.

Það væri laglegt, ef svona kerfi eins og áður hefur verið sýnt fram á ætti nú að fara eftir þessu kerfi í fullri alvöru. Við skulum fyrst hugsa okkur dæmið þannig, eins og reyndar það er sett upp fyrir okkur oftast nær, að svo sé ástatt hjá Seðlabankanum, að hann sé búinn að lána út að fullu og öllu og hafi engin aukaumsvif, hafi sem sagt notað allt sitt ráðstöfunarfé, það sé bundið, þráðabirgðalán að ræða út á verðmæti, sem kæmu inn síðar. Sömu reglurnar gilda um þetta varðandi afurðalán Seðlabankans á útflutningsframleiðsluvörur, á beinar gjaldeyrisvörur. Vil ég vænta, að hæstv. viðskmrh. viðurkenni í þessum umr., að þessu er ekki svona farið, og hann sé ekki að blanda þessu saman við gersamlega óskylda hluti, því að það er full aðstaða til þess í bankakerfinu frá hálfu Seðlabankans að lána eðlileg endurkaupalán í þeim tilfellum, þar sem er verið að lána út á útflutningsvöru, sem má telja örugga í sölu. Og það þarf ekki að taka það fram, að um þetta gilda nákvæmlegu sömu reglur, hvort sem um er að ræða útflutningsvöru sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, í þeim tilfellum, þar sem um er að ræða gjaldeyrisvöru, vöru, sem ætlað er að flytja út úr landinu og hún breytist í handbæran gjaldeyri innan skamms. Um það gilda vitanlega sömu reglur, hver svo sem varan er. Það er því með öllu rangt, hvort heldur það er á árunum 1955—1959 eða síðar, að þessi endurkaupalán Seðlabankans, þó að þau hafi hækkað nokkuð vegna vaxandi gjaldeyrisbirgða í landinu, útflutningsvörubirgða í land-

Það hefur ekki verið talið, að þetta væri útilokað eða þetta væri hættulegt. Það hefur ekki verið talið, að það væri nein hætta í því fyrir seðlabanka að gera þetta, að því skilyrði uppfylltu, að ríkissjóður gæti skilað þessu fé aftur, helzt á sama ári, hér væri aðeins um bráðabirgðalán að ræða út á verðmæti, sem kæmu inn síðar. Sömu reglurnar gilda um þetta varðandi afurðalán Seðlabankans á útflutningsframleiðsluvörur, á beinar gjaldeyrisvörur. Vil ég vænta, að hæstv. viðskmrh. viðurkenni í þessum umr., að þessu er ekki svona farið, og hann sé ekki að blanda þessu saman við gersamlega óskylda hluti, því að það er full aðstaða til þess í bankakerfinu frá hálfu Seðlabankans að lána eðlileg endurkaupalán í þeim tilfellum, þar sem er verið að lána út á útflutningsvöru, sem má telja örugga í sölu. Og það þarf ekki að taka það fram, að um þetta gilda nákvæmlegu sömu reglur, hvort sem um er að ræða útflutningsvöru sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, í þeim tilfellum, þar sem um er að ræða gjaldeyrisvöru, vöru, sem ætlað er að flytja út úr landinu og hún breytist í handbæran gjaldeyri innan skamms. Um það gilda vitanlega sömu reglur, hver svo sem varan er. Það er því með öllu rangt, hvort heldur það er á árunum 1955—1959 eða síðar, að þessi endurkaupalán Seðlabankans, þó að þau hafi hækkað nokkuð vegna vaxandi gjaldeyrisbirgða í landinu, útflutningsvörubirgða í land-

inu, hafi valdið nokkurri ólukku. Það er mesti misskilningur. Það er ekki aukning endurkaupalánanna, sem er orsök þenslunnar, sem er svo mikið talað um í okkar landi nú. Það er allt annað, sem er orsök að þessari þenslu, eins og ég skal víkja nokkuð að síðar.

Ef hins vegar meiningin er sú með því að auka nú á bindingu sparifjár í Seðlabankanum frá því, sem verið hefur, að Seðlabankinn ætli að fara að taka að sér hin almennu störf viðskiptabankanna, hann ætli að safna sparifénu til sín í auknum mæli, en taka að sér þau störf, sem hæstv. viðskmrh. viðurkenndi að væru í öllum löndum og hefðu verið hér verkefni viðskiptabankanna, að Seðlabankinn ætli að taka að sér þessi störf og fara nú að veita almenn rekstrarlán, sem rekstrarlánabankarnir hafa gert, þá er hér vitanlega um grundvallarbreytingu að ræða, sem ég fyrir mitt leyti álít að sé röng og við eigum ekki frekar að taka hér upp heldur en aðrir. Hæstv. ráðh. veit það mætavel, að reglurnar um endurkaupalánin hafa verið, t. d. varðandi sjávarútveginn, — en það er fyrst og fremst um þau lán að ræða, sem numið hafa einhverjum verulegum fjárhæðum lengst af, — þau hafa verið á allt öðrum grundvelli en almenn rekstrarlán sjávarútvegsins. Jafnt fiskibátar sem aðrir hafa fengið nokkur rekstrarlán hjá rekstrarlánabönkunum til sinnar starfsemi, en um þau lán hafa gilt allt aðrar reglur en um endurkaupalánin og allt aðrar veðsetningar. Þau lán hafa líka verið mjög breytileg frá tíma til tíma og milli einstakra fyrirtækja. Það er eðlilegt, að svo sé háttað um rekstrarlán. Rekstrarlánabankarnir hafa auðvitað á undanförnum árum lánað iðnaðarfyrirtækjum rekstrarlán, þeir hafa lánað verzluninni í landinu rekstrarlán eftir ýmsum reglum. En sé það nú meiningin, að Seðlabankinn komist yfir meira og meira af sparifé landsmanna, dragi það frá hinum almennu sparisjóðum og rekstrarlánabönkunum í því skyni, að Seðlabankinn ætli að fara að taka að sér þetta starf, að fara að lána almenn rekstrarlán til iðnaðar eða verzlunar, þá er verið sem sagt að fara hér inn á gersamlega nýtt bankakerfi, sem ég held, að verði síður en svo til bóta frá því, sem verið hefur.

Nei, aðalatriði þessa máls eru þau, að það er, eins og ég hef sagt, eðlilegt og sjálfsagt, að seðlabanki landsins veiti hófleg afurðalán út á allar útflutningsvörur landsmanna, vegna þess að þau ákvæði eru bundin í okkar lögum, að Seðlabankinn hefur einkarétt á því að fá í sínar hendur allan gjaldeyrinn, sem fæst fyrir útflutningsvörurnar. Það er skylda að skila andvirði þeirra, þegar þær fara úr landi, og það fé tekur Seðlabankinn. Ef ríkisstj. teldi hentugra að afnema þetta ákvæði, að það væri engin afhendingarskylda á gjaldeyrinum, þá þyrfti ekki heldur að biðja Seðlabankann um þessi endurkaupalán. Þá væri, eins og ég sagði, auðvelt að fá lánin hjá þeim, sem kaupa okkar afurðir, eins og hér þekktist áður fyrr, þannig að þeir greiddu inn á kaup sín, um leið og varan væri framleidd. Ég skal hins vegar segja það, að ég tel, að það kerfi, sem hér hefur verið gildandi um alllanga hríð, sé miklu eðlilegra, að Seðlabankinn fái í sínar hendur allan gjaldeyrinn fyrir útfluttar vörur, en láni hins vegar í staðinn, meðan á framleiðslunni stendur, afurðalán með svipuðum hætti og verið hefur, nema ég álít, að endurkaupalánin hafi verið of lág nú um hríð, þau hafi verið óeðlilega lág, þau hefðu átt að vera í því formi, sem þau voru áður. Ég tel því aðalatriðið að viðurkenna það, að þessi endurkaupalán eru eðlileg, eru framkvæmanleg og þau skaða fjárhagskerfið ekki á neinn hátt. Og það þarf ekki að binda í Seðlabankanum, hvorki eitt né neitt af sparifé landsmanna, til þess að hægt sé að halda við þessum endurkaupum. Þetta er alveg undirstöðuatriði að viðurkenna. Hinu skal ég svo ekki neita, að ef Seðlabankinn ætlar að fara að taka að sér að veita almenn rekstrarlán, t. d. iðnaðinum eða verzluninni eða öðrum aðilum, sem starfa hér eingöngu innanlands, en framleiða ekki neitt fyrir erlendan markað, þá er bankanum auðvitað nauðugur sá kostur, að þá þarf hann að kalla inn fé með einhverjum hætti, þá þarf hann að fara að safna sparifé í kapp við sparisjóðina og rekstrarlánabankana í landinu.

Ég vík þá með nokkrum orðum að hinu meginatriðinu til breytinga á seðlabankalögunum, sem er að finna í þessu frv., en það er það að veita Seðlabankanum heimild til að gefa út verðbréf með gengistryggingu. Eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskmrh., er alveg augljóst, að þessi heimild er tekin hér upp í því skyni að gera Seðlabankanum léttara fyrir með að keppa við aðrar stofnanir í landinu, sem nú safna sparifé, eins og sparisjóðir og viðskiptabankar, keppa við þá um spariféð. Seðlabankinn ætlar sér að bjóða þeim, sem ráða yfir lausu fjármagni, upp á þau býti að leggja inn féð í Seðlabankann og þá skuli hann veita gengistryggingu á féð, en öðrum bankastofnunum í landinu og öllum öðrum aðilum í landinu er þetta óheimilt samkv. lögum. Það var einmitt eitt af ákvæðunum, sem sett voru í efnahagsmálalöggjöfina frægu, viðreisnarstefnuna, það var ákvæði um að banna með öllu slíka starfsemi sem þessa. Þar var ákveðið, að það væri bannað með öllu, að bankar í landinu eða aðrir, sem hafa með höndum fjármálastarfsemi, mættu setja í samninga nokkur ákvæði um það, að gengistrygging ætti að gilda þar á lánunum, hvort heldur væri varðandi vexti eða afborganir. Þetta var bannað. En nú sem sagt þykir nauðsynlegt, að Seðlabankinn fái einn allra heimild til að bjóða út lán með þessum kjörum. Það er greinilegt, að það þykir mikið við liggja, að fé fari í Seðlabankann og jafnvel fé úr öðrum peningastofnunum í landinu, því að það er auðvitað alveg gefið mál, að það getur ekki öðruvísi farið en svo, að eitthvað af því fé, sem nú er geymt í sparisjóðum eða í rekstrarlánabönkunum, kemur til með að verða dregið út úr þessum stofnunum og það fer inn í Seðlabankann, þar sem boðin eru betri kjör, þar

sem boðið er upp á gengistryggingu. Mér sýnist því, að þetta ákvæði stefni að því að þrengja kjör viðskiptabankanna í landinu, minnka það fjármagn, sem þeir hafa yfir að ráða, en draga í auknum mæli fé inn í Seðlabankann.

Hæstv. viðskmrh. vildi afsaka þetta með því, að með þessu væri Seðlabankinn að gefa yfirlýsingu um traust sitt á genginu. Ja, drottinn minn dýri! Ætli það sé of mikið traust, sem þeir hafa á genginu nú í dag? Og ætli traustið vaxi mikið við þetta? Út af fyrir sig eru þessi ákvæði hin furðulegustu, hvernig sem á þau er litið. Fyrst er búið að veita Seðlabankanum þann rétt, að hann má ákveða gengisskráninguna í landinu, hann þarf ekki að spyrja Alþingi um það, hann getur ákveðið, hvað gengið skuli vera á hverjum tíma, hvort á að fella það eða hækka það. Auk þess á hann svo að fá, einn allra stofnana í landinu, leyfi til þess að bjóða út lán með gengisákvæði. M. ö. o.: hann getur alveg ákveðið það sjálfur, hvenær hann telur hentugt fyrir sig að hækka eða lækka gengið, en hefur eigi að síður einkarétt á að bjóða út skuldabréfalán með þessum hætti. Þetta mundi hafa þótt alleinkennilegt, ef aðrir hefðu átt í hlut, að hafa slíkt sjálfdæmi. En eins og málin standa nú, á meðan bankakerfið og þá fyrst og fremst Seðlabankinn er eigandi að allmiklum erlendum gjaldeyri, fjárhæð, sem jafnvel nemur yfir 1000 millj. kr., þá er auðvitað áhættan ekki ýkjamikil fyrir bankann, þó að hann dragi inn til sín frá öðrum bönkum i landinu og sparisjóðum 100—200 millj. kr., t. d. að taka, og taki þar á sig nokkra gengisáhættu af því fé, þegar hann hefur hins vegar hagnaðarmöguleikana í sambandi við gengislækkun af miklu hærri upphæð, sem er gjaldeyriseignin, eins og hún stendur hjá bankakerfinu nú. Ég held því, að þeir muni vera fáir, sem lesi eitthvert traust á gjaldeyrinum út úr þessari heimildarbeiðni Seðlabankans. Hitt held ég hins vegar að eigi að liggja alveg ljóst fyrir öllum, að tilgangurinn með þessu er í rauninni sá sami og með fyrra ákvæðinu. Tilgangurinn er þessi: að auðvelda Seðlabankanum að draga til sín meira fé frá öðrum peningastofnunum í landinu eða þá einnig annað fé, sem kann að vera fyrir utan peningastofnanir landsins.

Og þá kemur spurningin þessi: Hver er hinn raunverulegi tilgangur með því, að þeir, sem stjórna Seðlabankanum nú, telja, að það skipti miklu máli, að Seðlabankinn geti dregið til sín meira af sparifé landsmanna en hann hefur gert, að hann geti dregið til sín meira fé en meira að segja eftir heimildinni um bindingu sparifjár, að hann geti einnig dregið til sín fé eftir þessari leið? Hver er ástæðan til þess arna? Halda menn virkilega, að ástæðan sé sú, að Seðlabankinn ætli að taka þetta fé, sem hann fær á þennan hátt, og afhenda það á nýjan leik, t. d. til Útvegsbankans og Landsbankans, sem aðallega standa undir útlánum til framleiðsluatvinnuveganna? Það væri gaman að spyrja þá um það í þessum tveimur bönkum af fyrri reynslu, sem þeir hafa fengið, hvort þeir, sem þar stjórna málum, tryðu mikið á þetta, — þeir, sem að undanförnu hafa borið sig sem verst undan því, að þeir gætu ekki haldið uppi venjulegum lánum til atvinnuveganna, vegna þess að þeir væru píndir svo mikið til þess að binda fé í Seðlabankanum, að ef þeir þyrftu á fjármunum að halda vegna skyndibreytinga, þá væri þeim refsað með 18% vaxtagreiðslu af Seðlabankanum.

Nei, það er víst enginn vafi á því, að það er ekki það, sem stendur til með þessu, að Seðlabankinn taki þetta aukna fé, sem honum kann að áskotnast með þessum hætti, og fari að lána það út til rekstrarlánabankanna aftur, sem veiti fé í auknum mæli til undirstöðuatvinnuveganna. Það dettur engum í hug. En hverjar eru þá ástæðurnar fyrir þessu? Ástæðurnar eru þær, að hæstv. ríkisstj. lítur svo á og þeir, sem ráða málefnum Seðlabankans, að það sé of mikið fé í umferð í landinu, það skapi of mikla þenslu, það þurfi að draga úr þessu fjármagni, það þurfi að loka það inni. Það er þessi hugsun, sem stendur á bak við. Það á að reyna að draga meira af sparifé landsmanna inn í Seðlabankann og binda það þar, til þess að það valdi ekki þenslu í landinu. Það á að draga meira, einnig af almennum peningum, sem bankakerfið hefur eða rekstrarlánabankarnir hafa, inn til Seðlabankans og binda það þar, til þess að draga úr framkvæmdum í landinu, til þess að minnka þensluna. Þetta er auðvitað tilgangurinn. Og ástæðan til þess, að ríkisstj. hefur ekki talið duga að hafa fyrri breytinguna eina í frv., breyt. um að hækka skylduna á bindingu sparifjárins, heldur tekur einnig upp þetta nýja ákvæði um að gefa út skuldabréf með gengistryggingu, — ástæðan er sú, að það er farið að bera á því og það mjög tilfinnanlega, að sparifé landsmanna komi ekki lengur inn í bankana. Reynslan núna í októbermánuði, síðasta mánuði, sem skýrslur liggja fyrir um enn þá, varð sú, að heildaraukningin á innlánsfé í öllu bankakerfinu er rétt rúmar 2 millj. kr., á móti 108 millj. kr., sem söfnuðust fyrir í bankakerfinu í sama mánuði árið á undan. Sparifé var sem sagt hætt að koma inn í bankana. Ég hygg, að ég muni það rétt, að í septembermánuði var útkoman sú, að aukningin á sparifé í bönkum og sparisjóðum varð aðeins 5 millj. kr. Það má því segja, að málin höfðu þróazt þannig, að sparifé var hætt að koma inn í bankana. Nú eru þó allar líkur til þess, að afkoma hafi verið þannig í flestum greinum í landinu, að það hefði samkvæmt öllu eðlilegu átt að myndast álíka mikið sparifé núna á þessu hausti og t. d. á s. l. hausti. Kaup hefur fremur hækkað en hitt, framleiðsla hefur verið mikil. Það virðist hafa verið, sbr. söguna um alla þensluna, talsvert unnið í landinu og menn eflaust fengið talsverða peninga á milli handa. En sem sagt útkoman varð sú, ríkisstj. horfði á það, að stjórn hennar á efnahagsmálum landsins hafði leitt til þess, að peningarnir voru

hættir að koma inn í bankakerfi landsins, þeir sigldu þar fram hjá. Það var sem sagt þannig, að menn virtust fremur kjósa að ráðstafa fé sínu sjálfir heldur en að biðja bankana fyrir að geyma það. Og þegar svona er komið, þá segir ríkisstj.: Það dugir ekki bara að hafa í gildi einhver ákvæði um, að það skuli ákveðin prósenta af sparifjáraukningunni í hverjum mánuði leggjast fyrir í Seðlabankanum og geymast þar. Ef aukningin er ekki orðin nein, þá kemur lítið út úr því að fá tiltekna prósentu af þeirri aukningu. — Og þá er fundið upp þetta ráð, að Seðlabankinn megi fara út á hinn almenna markað og bjóða út skuldabréfalán með allt öðrum kjörum en öllum öðrum í landinu er heimilt, sem sagt með þeim kjörum, að hann skuli fá að tryggja menn fyrir hugsanlegu gengisfalli.

Það er svo spurning auðvitað, hvort hinir almennu sparifjáreigendur í landinu, þeir sem gætu lagt inn eitthvert fé í bankakerfið og hafa gert á undanförnum árum, koma nú hlaupandi til Seðlabankans og kaupa þessi gengistryggðu bréf, leggja fram sparifé sitt á þennan hátt, — það er mikil spurning, — eða hvort þeir halda áfram uppteknum hætti og ráðstafa fé sínu með því að koma því í fast eða á þann hátt, sem menn búast nú við að gengislækkunin nái ekki til. En hitt má telja nokkurn veginn víst, að ýmsir þeir aðilar, sem fram til þessa hafa geymt peninga sína í bönkum landsins eða sparisjóðum án nokkurrar gengistryggingar, taki út peninga sína úr bönkum og sparisjóðum og fari með þá í Seðlabankann og kaupi þar gengistryggðu verðbréfin. Það má fyllilega búast við því. Og á þann hátt hefur sem sagt ríkisstj. og Seðlabankinn fengið þetta einstaklega þægilega kerfi: Þegar sparifé safnast í bönkum og sparisjóðum, þá gildir fyrri reglan og þá festist í Seðlabankanum tiltekin prósenta af þessu fé. Ef sparifé kemur ekki inn í Seðlabankann gegnum viðskiptabankana og sparisjóðina, þá reynum við þó að ná fénu með því að bjóða enn þá betur en bankar og sparisjóðir almennt bjóða, með gengistryggingarákvæðinu, og vonumst til þess að geta haldið áfram að binda sífellt meira og meira fé í Seðlabankanum á þennan hátt. — Þetta finnst mér, að hæstv. viðskmrh. hefði átt að segja sem grg. fyrir þessu frv., svona stæði á þessu, þetta væri tilgangurinn. En hitt þykir mér afskaplega lítið karlmannlegt, að koma hér og segja, eins og sagt var í fyrra skiptið, sem svona ákvæði var hér lögbundið, að ætlunin sé nú að gera þetta til þess að ná þarna í nokkurt fé frá hinu almenna bankakerfi og koma því til undirstöðuatvinnuveganna, því að það er ábyggilega ekki meiningin, þannig hefur ekki verið haldið á þessum málum.

Ég vil taka það skýrt fram, að við Alþb.-menn erum algerlega andvígir þessu frv. Við teljum, að það leysi engan vanda, síður en svo, það geri miklu frekar bölvun í hagkerfinu, ef það yrði framkvæmt. En við bendum á það eins og áður, að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig stendur á þeim erfiðleikum, sem við er að glíma í efnahagsmálum landsins, hverjar eru ástæðurnar. Hvernig stendur á því, að það hefur verið ráðizt í meiri framkvæmdir í landinu en ríkisstj. telur nú að átt hefði að vera? Hvernig stendur á því, að fjárfestingin í landinu er of mikil? Hvernig stendur á því, að það er flutt inn of mikið af vörum til landsins, þannig að gjaldeyrissjóðirnir fara minnkandi? Hver er ástæðan? Það hefur verið upplýst hér, m. a. af hæstv. viðskmrh., að nú á þessu ári hafi fjárfesting einstaklinga í verzlun og iðnaði vaxið sérstaklega mikið og farið langt fram úr gerðum áætlunum. Hvernig skyldi nú standa á því, að verzlunin hefur fjárfest óvenjumikið núna á s. l. ári? Hvernig skyldi standa á því? Hvaðan hefur hún fengið peninga? Hún hefur grætt, grætt meira en nokkurn tíma áður. Hún hefur grætt, m. a. vegna þess, að ríkisstj. hefur sjálf beitt sér fyrir því að afnema í ýmsum tilfellum hámarksálagningarreglur, sem gilt höfðu í mörg ár, og verzlunin hefur síðan séð um það að hækka álagninguna og auka sinn gróða. Þetta eru staðreyndir, sem liggja fyrir. Og í öðru lagi er það svo vitanlegt mál, að með góðu samþykki ríkisstj. hefur verzlunin í landinu verið að draga til sín sífellt í auknum mæli peningamagn bankanna í landinu. Á 10 fyrstu mánuðum þessa árs, eða til októberloka, hafði verzluninni í landinu tekizt að draga út úr bankakerfinu 275 millj. kr. í nýjum viðbótarlánum við það, sem fyrir var. Verzlunin var einmitt sá aðili í landinu, sem mestu hafði náð til sín af sparifé bankanna. Hvers vegna hefur ríkisstj. ekki beinlínis gert ráðstafanir til þess, að þessi verzlun, sem staðið hefur í of mikilli fjárfestingu, aukið á þensluna, hefði minna fé á milli handa, að það yrðu minnkuð dálítið við hana útlán, að það yrði dregið úr gróða hennar? Við teljum, að það sé miklu eðlilegra og hollara að gera sér fulla grein fyrir því, hvernig stendur á því, að það ríkir ofþensla í landinu, hvernig stendur á því, að ýmislegt hefur gengið hér úr skorðum, heldur en að loka augunum fyrir sannindum málsins og grípa svo í sífellu til þess annaðhvort að reyna að lækka kaupið hjá hinum almenna launþega með ýmsum hætti, eins og gert hefur verið, eða reyna að ráðast á sparifé með þessum hætti og loka það inni í Seðlabankanum, eins og gert hefur verið. Slíkt leysir engan vanda.

Þessu er mjög svipað farið með ýmsar greinar iðnaðarins í landinu eins og með verzlunina. Það sýnir sig, að iðnaðurinn hefur dregið til sín mikið fé og getað líka ráðizt í stórfelldar framkvæmdir. Það er vegna þess, að ýmsar greinar iðnaðarins hafa stórlega hagnazt nú í seinni tíð. Það ber vitanlega að draga úr þessum gróða og draga úr fjáraustri til þessara aðila, og það á ekki að leyfa þessum aðilum að ráðast í fjárfestingu án alls skipulags. Það er alveg óhjákvæmilegt að setja

sterka reglu um það, hvaða fjárfesting skuli sitja fyrir og hvaða fjárfesting eigi að dragast aftur úr eða bíða. Það er sem sagt skoðun mín, að hæstv. ríkisstj. sé hér að vísu að glíma við mikinn vanda, en að hún grípi til alrangra aðgerða. Stjórn hennar á peningamálunum, sem öllu átti að bjarga, hefur beðið algert skipbrot eins og hennar efnahagsmálastefna sem heild.

Fyrst hafði hæstv. ríkisstj. haldið því fram, að það væri hægt að halda í skefjum útlánum bankanna á þann einfalda hátt að hækka vexti. Vextirnir voru hækkaðir og gerðir hér hærri en í flestum öðrum löndum. En þrátt fyrir það, þó að vextirnir séu svo háir sem menn þekkja nú og miklu hærri en í flestum málsegum löndum, þá kemur í ljós, að eftirspurnin eftir lánum hefur ekki minnkað, eftirspurnin hefur þvert á móti aukizt. En vaxtahækkunin hefur orðið til þess að hækka verðlagið í landinu, auka dýrtíðina, sem hefur vitanlega sínar afleiðingar. Aukin dýrtíð kallar á hækkað kaup, aukinn framleiðslukostnað. Nú treystir hæstv. ríkisstj. sér ekki til að halda því fram, að það eigi að draga úr þessum of miklu útlánum bankanna með því að hækka vextina enn einu sinni, og þá gripur hún til ráðstafana eins og þessara, að reyna að handsama fé með einhverjum hætti og loka það inni.

Það er rétt, að ríkisstj. stendur í miklum vanda, eins og nú er komið efnahagsmálum landsins. Dýrtíðin æðir áfram, eins og menn vita, og það er ekki nóg með það, að hún hafi hækkað meira nú á síðustu mánuðum en dæmi eru til um áður. Hitt vita menn einnig, að það stanza til enn stórkostlegar hækkanir á flestum sviðum. Á s. l. sumri beitti hæstv. ríkisstj. sér fyrir því að afnema öll verðlagsákvæði varðandi flutningsgjöld á vörum til landsins. Eimskipafélagið hafði barizt við stjórnarvöld landsins um margra ára skeið og vildi í sífellu fá að hafa hærri flutningsgjöld, taldi sig eiga rétt á því að græða meira en félagið gerði, og græddi það þó tvímælalaust mjög vel. Ríkisstj. varð við því á s. l. sumri að afnema þessi verðlagsákvæði, og reynslan hefur orðið sú, að flutningsgjöld á almennum vörum til landsins hafa hækkað sem afleiðing af þessu frelsi frá 26% og upp í 60%. Almennast munu flutningsgjöldin hafa hækkað um 40—50%. Menn vita svo, að hin mikla tollheimta ríkisins er lögð ofan á flutningsgjöldin ásamt innkaupsverði vörunnar, ríkissjóður fær því nokkuð í sinn kassa af hækkuðum flutningsgjöldum, en tvímælalaust græða skipafélögin nokkra milljónatugi á þessum ráðstöfunum. En þetta er allt gert undir því fagra kjörorði, að frelsið eigi að vera sem allra mest, menn eigi að vera frjálsir að því, hvernig þeir haga sínum viðskiptamálum, og þeir sem flytja vörur, þeir eiga líka að vera frjálsir að því að verðleggja þá vinnu sem allra mest. Það er bara einn maður, sem má ekki vera frjáls, og það er sá, sem selur vinnuafl sitt. Hann má ekki ráða því, honum er jafnvel bannað að setja í samninga það, sem atvinnureksturinn er almennt farinn að borga. Það verður jafnvel að rjúka upp með lög og stöðva slíkt, að samningar séu gerðir á milli aðila um launakjör. En það má ríkja þetta fullkomna frelsi í verðlagsmálum almennt. Afleiðingin verður auðvitað stórhækkandi vöruverð í landinu, og það er það, sem hefur verið að ganga yfir; þær afleiðingar hafa verið að koma í ljós. Nú á næstu mánuðum hlýtur vöruverð í landinu almennt séð að hækka mjög verulega sem afleiðing af hækkandi flutningsgjöldum. Sú hækkun á eftir að koma inn í verðlagið, hún kemur á næstu mánuðum.

Frá því hefur verið skýrt, að það muni á næstunni eiga að hækka sjúkrasamlagsgjöld feiknalega mikið, jafnvel um helming, hefur maður heyrt. Daggjöld á sjúkrahúsum er talað um að hækka úr 210 kr. upp í 300 kr. á dag. Það er vegna hækkandi rekstrarkostnaðar á öllum sviðum og mikilla þarfa hjá sjúkrahúsum. Það hefur verið boðað, að það muni verða mikil hækkun á hitaveitugjöldum og rafmagni og strætisvagnagjöldum nú á næstunni. Svo hygg ég, að allir í landinu búist nú við því, að kaup verzlunarfólks muni hækka og kaup iðnaðarfólks muni hækka. Og ríkisstj. skýrir frá því, að kaupmenn segi, að ef kaup verzlunarfólksins hækki, þá vilji kaupmenn fá hækkaða álagningu, því að þeir ætla ekki að gefa neitt eftir af sínu. Og iðnrekendur segja það sama. Ef kaup iðjufólksins á að hækka, þá verður líka álagningin hjá iðnrekendum að hækka. Og sú ríkisstj., sem hefur það að aðalsjónarmiði, að í þessum efnum eigi að gilda sem mest frelsi um álagningu og verðlag, hún lætur þetta auðvitað allt ganga út í verðlagið með tilheyrandi afleiðingum.

Ég bendi á þetta aðeins til að vekja athygli á því, að rætur þessa meins að mínum dómi, þær liggja í því, að ríkisstj. hirðir ekki um að koma í veg fyrir hækkandi verðlag í landinu, vegna þess að hækkandi verðlag hefur sínar afleiðingar fyrir hagkerfið sem heild. Þvert á móti hefur ríkisstj. beinlínis verið á þeirri skoðun, framkvæmt þá stefnu, að verðlagið mætti fara hækkandi. Það er það, sem þarf að gera í þessum efnum, að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir síhækkandi verðlag. Það þarf að koma í veg fyrir sívaxandi gróða, m. a. hjá verzluninni. Það þarf að koma í veg fyrir það, að hún taki til sín allt of mikið af fjármagni landsmanna, eins og hefur átt sér stað nú síðustu árin. Það eru ráðstafanir í þessa átt, sem á að gera. Ríkisstj. getur auðveldlega lækkað vextina í landinu, en það mundi draga stórkostlega úr dýrtíðinni á ýmsum sviðum. Það eru svona ráðstafanir, sem þarf að gera, eins og við höfum bent á í umr. um þessi mál hvað eftir annað, en ráðstafanir svipaðar þeim, sem er að finna í þessu frv. um Seðlabankann, duga ekki neitt, þær leysa engan vanda, þær geta valdið truflun í sjálfum atvinnurekstrinum, það er rétt, og hefur stundum borið á því, þær geta leitt til þess, að viðskiptabankarnir segi það og framkvæmi

það, að þeir hafi ekki fé til að lána til gagnlegustu framleiðslustarfa í landinu, minnki þau lán, en það truflar framleiðsluna, sem truflar um leið gjaldeyrismyndunina í landinu og gerir efnahaginn sem heild veikari.

Ég held, að það sé komið meira en svo tími fyrir hæstv. ríkisstj. til að viðurkenna það, að stefna hennar í þessum efnum er röng. Hún getur ekki ráðið við þennan vanda eftir þessum leiðum, sem hún hefur farið, eftir leiðum um stjórn peningamála, eins og hún hefur kallað það, eða eftir leiðum um hækkaða vexti. Það er ekki leiðin út úr vandanum.

Eins og ég hef sagt hér, erum við Alþb.-menn algerlega andvígir þessu frv. og bendum á allt aðrar leiðir, sem fara ætti í þessum efnum.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 5. des., var frh. 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á seðlabankalögunum, stefnir að því að draga enn þá meira en áður af sparifénu út úr viðskiptabönkunum, sparisjóðunum og innlánsdeildum kaupfélaganna og inn í Seðlabankann til bindingar í honum. Í þessu frv. eru engin ákvæði, sem tryggja, að þetta fé verði notað til að lána atvinnuvegunum. Allt bendir þvert á móti til þess, að með aukinni sparifjárbindingu núna eigi að ganga raunverulega lengra en nokkru sinni áður á þeirri braut að draga sparifé landsmanna úr umferð og reyna að komast út úr því öngþveiti, sem orðið er í efnahagsmálunum, með harðvítugum lánsfjársamdrætti. En þá leið tel ég alls ekki þá réttu og ólíkara raunar og mun reyna að rökstyðja það síðar í þessari ræðu.

Ég er því á móti þessu frv. og álít, að eigi að fella það. Þetta frv. sýnir því miður að mínum dómi, að hæstv. ríkisstj. heldur sér enn við sömu aðferðirnar til þess að stjórna, sem hafa gefizt fjárskalega illa, eins og öllum landsmönnum er nú vafalítið mun ljósara en áður Það er enginn vafi á því, að ef hæstv. ríkisstj. fær þessa löggjöf og beitir henni, þá verður mjög þrengt að viðskiptabönkunum, sparisjóðunum og samvinnufélögunum, og við getum ímyndað okkur, hvernig ástatt muni verða um möguleika viðskiptabankanna og sparisjóðanna t. d. til að sinna lífsnauðsynlegustu lánbeiðnum fyrirtækjanna og almennings, þegar búið yrði að binda inni í Seðlabankanum 25% eða 1/4 — ekki af innstæðuaukningunni, eins og hún verður á hverjum tíma, heldur 1/4 af öllum innstæðum þessara stofnana, bæði á sparisjóðsbókum og ávísanareikningum. Þegar svo ofan á þetta væri bætt, — og það liggur engin yfirlýsing fyrir um, að svo verði ekki, — væri bætt, að Seðlabankanum sé falið að ná 15% af aukningu sparifjárins út úr þessum stofnunum til að lána í fjárfestingarlán eða opinber lán á vegum ríkisstj., þegar það bættist svo ofan á, sem vafalaust verður haldið áfram, þá sjáum við, hvernig ástatt verður. Fjórði partur af öllu fé, bæði eldri innstæðum og yngri innstæðum, beint inn í bindinguna og 15% af aukningunni ætti svo að láta inn í Seðlabankann, til þess að hann gæti annazt opinberar lánveitingar til ríkisstj.

Mér kæmi ekkert á óvart, þó að það sýndi sig, að þetta yrði í raun og veru óframkvæmanlegt, því að það gæti vel farið svo, að ýmsar af þessum stofnunum, viðskiptabönkum eða sparisjóðum, yrðu að láta alla sparifjáraukninguna inn í Seðlabankann og yrðu að draga nær alveg saman — og jafnvel hætta um skeið kannske sumar, þar sem mest væri þjarmað að, allri venjulegri útlánastarfsemi, a. m. k. gæti hæglega svo farið, ef drægi úr sparifjármyndun í landinu.

En með þessu er þó ekki öll sagan sögð um það, hvernig þetta frv. horfir við þessum stofnunum, þessum þjónustustofnunum almennings, því að ofan á þetta á svo Seðlabankinn að fá einn allra stofnana í landinu heimild til að gefa út gengistryggð verðbréf, verðbréf, sem eru tryggð fyrir verðfalli, og Seðlabankinn á að fá í því sambandi ótakmarkaða heimild. Þegar þetta allt er tekið til athugunar og svo enn eitt atriði í viðbót, sem sé, að ef lánasamdrátturinn verður framkvæmdur, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., fer stöðugt meira af umráðafé manna utan við sjálfa bankana, utan við viðskiptabankana, utan við sparisjóðina, þá sjáum við, hvernig horfir fyrir þessum stofnunum, ef þessi stefna frv. verður raunverulega framkvæmd.

Ég tel, að sú stefna, sem frv. markar, sé óskynsamleg, muni ekki bera þann árangur, sem hæstv. ríkisstj. vonast eftir, og muni í raun og veru reynast óframkvæmanleg, þegar til kemur, en samt gera mikið tjón, á meðan reynt verður að framkvæma hana.

Samkv. upplýsingum hæstv. viðskmrh., — og það hefur raunar komið fram annars staðar, — mun bundna sparifé, sem dregið hefur verið úr umferð inn í Seðlabankann, að því er stjórnin segir til þess að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum, nema 741 millj. kr. En mér telst svo til, og það verður þá leiðrétt, ef þar er einhver misskilningur á ferðinni, að ef þetta frv. hefði verið framkvæmt nú undanfarið og dregið inn í Seðlabankann úr þessum stofnunum, eins og frv. gerir ráð fyrir að megi gera mest, þá hefðu þessar innstæður getað verið komnar upp í 1329 millj. Mér reiknast svo til, að 25% af sparisjóðsreikningunum og innlánsreikningunum í bönkunum nemi 1329 millj., og er það fyllilega 80% meiri binding en sú, sem framkvæmd hefur verið undanfarið, og hefur þó flestum þótt nóg um.

Nú er það látið í veðri vaka í þessu sambandi, að auka eigi innráttinn á sparifénu

til að auka endurkaup á afurðavíxlum, og það sé ekki hægt að auka slík endurkaup nema með því að draga sparifé á móti inn í Seðlabankann. En ég álít, að þetta muni í reyndinni alls ekki verða framkvæmdin, þetta verði ekki gert nema að litlu leyti, heldur sé hér hreinlega á ferðinni frv. til að tryggja frekari raunverulegan samdrátt og það fé, sem dregið verður inn, verði ekki lánað út, nema þá að einhverju takmörkuðu leyti. En ef hæstv. viðskmrh. telur ósanngjarnt að álykta slíkt, og ef það er með öllu ástæðulaust, vil ég, að hann lýsi yfir því skýrt og skorinort við umr., að allt það fé, sem dregið verður inn frá gildistöku þessara laga í Seðlabankanum og bundið þar, verði lánað aftur út til atvinnuveganna í afurðalánum. Eða a. m. k. skora ég á hann að lýsa yfir því til að fyrirbyggja allar getsakir, að það fjármagn, sem dregið verður til viðbótar inn í Seðlabankann, frá því að þetta frv. öðlast gildi, verði lánað atvinnuvegunum í auknum afurðalánum, þau verði hækkuð, afurðalánin, sem því svarar, frá því, sem þau eru nú. Ef hæstv. ráðh. lýsir þessu skýrt og skorinort yfir eða setur ákvæði um þetta inn í frv., þá má segja, að með þessu frv. sé ekki aukinn lánasamdrátturinn frá því, sem hann hefur verið. En ef hæstv. ráðh. lýsir ekki yfir þessu og í frv. verða engin ákvæði, sem tryggi það, að þetta verði lánað út atvinnuvegunum, þá er ekki hægt að álykta annað — enda ber allur málatilbúnaðurinn það með sér — en hér sé verið að stíga risaskref í þá átt að auka lánasamdráttinn frá því, sem hann hefur verið.

Mér þykir ástæða til að ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir því, hvernig hún ætlar að nota þetta frv., ef það verður að lögum, því að raunverulega er það hún, sem stjórnar Seðlabankanum algerlega. Seðlabankinn er í framkvæmdinni ekkert annað en skrifstofa í stjórnarráðinu, og ég er í sjálfu sér ekkert að finna að því, því að stjórnin verður að mínu viti að hafa talsvert mikið vald á Seðlabankanum. En þess vegna tala ég hér ekki um stjórn Seðlabankans í þessu sambandi — það tekur því alls ekki — eða fyrirætlanir hennar. Ég býst ekki við, að það skipti miklu máli í þessu sambandi, hvað bankastjórar hans segja, nema að því leyti sem þeir eru ráðunautar ríkisstj. Ég tala því hér um ríkisstj., og ég geri ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir því, hvernig hún ætlar að framkvæma þessi lög. Og því spyr ég hæstv. viðskmrh. og bið hann að leysa úr því, vegna þess að það er ákaflega þýðingarmikið í sambandi við þetta mál allt saman: Hvað ætlar ríkisstj. að auka mikið lánin út á sjávarafurðir úr Seðlabankanum, ef þetta frv. verður að lögum? Það er núna lánað úr Seðlabankanum eða endurkeyptir víxlar sem svara 55% út á sjávarafurðir, sumir segja nú raunar 53% út á sjávarafurðir, en ég spyr: Hvað er ætlunin að hækka þessa prósentu mikið, og hvað mundi það t. d. vera mikið fé, sem Seðlabankinn þyrfti til þess að hækka þessa prósentu upp í skulum við segja 70% eða 80%? En aðalatriðið er: Hvað ætlar ríkisstj. að hækka endurkaupaprósentuna? Hvað ætlar hún að auka endurkaupin á afurðavíxlunum út á sjávarafurðirnar? Ég ætlast til þess, að ríkisstj. hafi alveg gert sér grein fyrir þessu, og það er mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við sjávarútveginn og fyrir marga, að hve miklu leyti hægt er að treysta því, að hér sé dregið inn fé til að lána það út aftur atvinnuvegunum eða að hve miklu leyti hér á að auka sjálfa sparifjárfrystinguna eða raunverulegan samdrátt í lánakerfinu.

Og ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað ætlar ríkisstj. að auka mikið lán út á landbúnaðarafurðir? Þessi lán eru núna 53% út á birgðir, — það er nú stundum talað um 55%, en þau eru ekki nema 53%. Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að auka mikið lán úr Seðlabankanum út á landbúnaðarafurðir, ef hún fær þetta frv. samþykkt um að draga enn meira inn í Seðlabankann? Þessari spurningu er líka ákaflega nauðsynlegt að fá svarað. Það er nauðsynlegt fyrir þingheim og alla að fá þessari spurningu svarað, og þá einnig, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að auka þau lán, sem eru lánuð fyrir fram út á landbúnaðarafurðirnar, því að nokkuð af lánum hefur verið lánað á afurðavíxlum fyrir fram út á landbúnaðarafurðirnar, en þau lán hafa verið í vaxandi mæli skorin við nögl. Þau hafa raunverulega verið skorin niður, því að þau hafa verið látin standa í krónutölu, fyrirframlánin, og eru látin standa enn þrátt fyrir miklar verðhækkanir, þannig að rekstrarvörukaupalánin út á landbúnaðarafurðirnar, sem hafa verið lánuð frá því í marz og þangað til í okt., hafa verið skorin stórkostlega niður undanfarið. Þetta munar mjög stórum fjárhæðum fyrir landbúnaðinn, og það er komið þannig núna, að það er mjög erfitt undir þessum lániniðurskurði að rísa og mjög vandséð, hvernig landbúnaðurinn muni geta staðið undir kaupum á rekstrarvörum á næsta vori, ef þessi lán verða ekki aukin stórlega frá því, sem nú er, a. m. k. í það horf, sem þau voru fyrir „viðreisn", og þó meira verða menn að búast við, miðað við þær yfirlýsingar, sem þessu frv. fylgja um, að það sé flutt til að auka raunverulega afurðalánin úr Seðlabankanum. Ég vænti ekki, að það séu í þessu þeir hrekkir af hendi hæstv. ríkisstj., að þegar hún talar um að auka lánin, þá eigi hún bara við þá aukningu, sem leiðir af sjálfu sér af aukinni framleiðslu með sömu lánaprósentu og áður. Það væru hrekkir að nota slíkt orðalag, og ég ætla hæstv. ríkisstj. það ekki, og því ætla ég, að hún hljóti að hafa gert ráð fyrir einhverri aukningu á afurðalánunum í sambandi við þetta mál, bæði til landbúnaðar og sjávarútvegs, og þá er það mjög þýðingarmikið fyrir hv. þingheim og alla, sem þessi mál snerta, og það eru mjög margir, að fá að heyra frá hæstv. ráðh., hversu mikið á að auka þessi lán.

Þá væri einnig fróðlegt að fá að vita, hverjar eru fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. varðandi lán til iðnaðarins í þessu sambandi. Það er dálítið vikið að þeim fyrirætlunum í frv., en ekki gerð nánari grein fyrir þeim. En ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi gert um það einhverja áætlun, að hve miklu leyti hún vill, að Seðlabankinn endurkaupi vöruvíxla af iðnaðinum eða láni iðnaðinum raunveruleg rekstrarlán.

Ef hæstv. ráðh. vildi gefa þessar upplýsingar, mundi fást miklu skýrari mynd af málinu en áður, og þá mundi koma í ljós, að hve miklu leyti hér er stefnt að miklum lánasamdrætti raunverulega eða að hve miklu leyti stefnt er að því að ná í sparifé til þess að auka raunverulega lánin út á afurðir landsmanna. En ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, því miður, af því, sem hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. og svo hæstv. ríkisstj., að ástæðan til þess, að nú er farið að tala um, að bundna féð eigi að standa á móti afurðavíxlum, er að verulegu leyti tilraun til þess að gera sjálfa frystinguna og lánasamdráttinn eitthvað vinsælli en áður var, og þess vegna er ég ekki í neinum vafa um, að það er raunverulega stefnt að því með þessu frv. að fá aðstöðu til þess að auka lánasamdráttinn í heild, þótt um annað sé talað jafnframt.

Nú kemur spurningin, hvort hægt er að leysa þessi mál, nauðsyn atvinnuveganna fyrir meiri afurðalán, meiri rekstrarlán, á einhvern annan hátt en með því að draga enn meira af sparifé landsmanna inn í Seðlabankann. Um þetta er ágreiningur, því að hæstv. ráðh. segir, að það sé alls ekki hægt, og manni skilst, að frá hans sjónarmiði séu öll víxlaendurkaup, endurkaup á afurðavíxlum í Seðlabankanum, gersamlega óheilbrigð og megi í raun og veru alls ekki eiga sér stað, nema á móti standi beinhörð innstæða frá viðskiptabönkunum og sparisjóðunum og innlánsdeildum kaupfélaganna, sem sagt beinhörð innstæða á sparifé landsmanna. Hún verði að standa á móti. Öll önnur afurðaendurkaup séu með öllu óeðlileg og setji efnahagskerfið úr skorðum, og á því sé þessi nýja stefna byggð. Þetta er gersamlega ný kenning og nýr þáttur í þessari nýju stefnu, sem núv. ríkisstj. hefur tekið upp. En þá kemur spurningin: Geta aðrir bent á aðra leið en þá að draga inn sparifé til að auka afurðavíxlaendurkaupin? Til þess að átta sig á svari við þessari spurningu er alveg lífsnauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig þessum málum var háttað, áður en sú stefna var tekin upp, sem nú er fylgt í þessum málum, hvernig hún var, og bera hana síðan saman við þá stefnu, sem nú hefur verið fylgt um skeið, og svo ástandið, eins og það var og eins og það er, reyna með þessu að átta sig á því, hvernig þetta hefur þróazt og hvort þessi nýja kenning er rétt, að það eigi ekki að koma til mála, sé ekkert vit í því, að Seðlabankinn endurkaupi afurðavíxla, nema á móti standi beinharðir spariskildingar almennings í landinu.

Í þessu sambandi er fyrst að rifja upp, að áður en lánasamdráttarpólitíkin var tekin upp, var sá háttur á hafður, að Seðlabankinn endurkeypti afurðavíxla út á sjávarafurðir sem svaraði til 67% af verði þeirra, og þetta hefur verið skorið niður í 55% og það er raunverulega hreinn lánasamdráttur í bankakerfinu, landbúnaðinum *var lánað sem svaraði 67%, og* það hefur verið skorið niður í 55 eða öllu heldur 53% af skilaverðinu og þó í raun og veru mun meira, vegna þess að grundvelli fyrir fyrirframlánunum hefur verið breytt stórlega þar til viðbótar. Þar hefur því líka átt sér stað raunverulegur niðurskurður á lánveitingum í bankakerfinu. Þarna hefur því átt sér stað lánasamdráttur sem þessu svarar. Á sama tíma sem endurkaupunum hjá Seðlabankanum var hagað á þessa lund, þ. e. a. s. miðað við 67%, *var ekkert af sparifénu dregið inn í Seðla*bankann, heldur yfirleitt höfð sú stefna, að bankarnir lánuðu sparifé út, það var haft í umferð í landinu jafnhliða þessu fjármagni, sem út úr Seðlabankanum kom út á afurðirnar. Þetta var sú stefna, sem hér var fylgt mjög lengi og allir töldu í raun og veru sjálfsagða. Ég átti lengi við þessi mál, og þá heyrði maður aldrei annað, m. a. frá hagfræðingum, en að þetta væri talið eðlilegt og af þessu gæti ekkert tjón stafað fyrir neinn, þetta væri *eðlilegt fyrir fjármagnsfátæka þjóð*, það yrði að reyna að koma veltu á hlutina með því að haga þessu svona. Sem sagt, sparifé var yfirleitt lánað út og endurkaupunum hagað á þessa lund.

En svo þegar núv. stjórn tekur við og fær sumpart nýja ráðunauta í þessum málum, þá er sagt, að þetta sé undirrót hinnar ferlegustu verðbólgu í landinu og dýrtíðarþróunar og til þess að fá jafnvægi í þjóðarbúskapinn og stuðla að stöðugu verðlagi og jafnvægi í efnahagsmálum verði að breyta þessu og draga stórkostlega inn þessi óheilbrigðu lán. Það verði að færa endurkaupin úr 67% niður í 55%, bæði fyrir sjávarútveg og landbúnað, og þó enn meira í landbúnaðinum. Einnig verði að binda verulegan hluta af sparifénu þar til viðbótar inni í Seðlabankanum til að halda fénu úr umferð, því að yfirleitt hefur verið stefnt að því að halda því fé úr umferð, sem dregið hefur verið inn í Seðlabankann, raunverulega að öllu leyti, eins og staðfest var, að því er ég bezt man, í ræðu hæstv. viðskmrh. Þetta allt samanlagt átti sem sagt að vera allra meina bót. Þetta væri einn aðalþátturinn í stjórnarstefnunni nýju og ætti að tryggja jafnvægi í efnahagsmálunum, stöðuga verðlagsþróun, draga úr verðbólgunni.

En nú skulum við athuga útkomuna. Hér er ekki um neitt smámál að ræða. Hér er um það að ræða, hvað óhætt er að sigla djarft í þessum efnum varðandi rekstrarlán t. d., fyrirgreiðslu fyrir almenning í lánum og rekstrarlán fyrir atvinnuvegina. Og hvernig hefur

svo þróunin orðið? Ég hef ekki aðstöðu til þess að gefa um það tæmandi yfirlit, en ég ætla aðeins að drepa hér á nokkra þætti, sem sýna það. Samkv. þessu hefði vitaskuld átt að verða miklu minni dýrtíðarþróun á síðara tímabilinu, eftir að þessi nýja lánamálastefna var tekin upp, því að þetta var á menn lagt, að því er mönnum hefur skilizt, til að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Það hefði því átt að vera ólíkt betur ástatt að því leyti en á fyrra tímabilinu, þegar ógætilega var farið í lánamálunum, eins og hæstv. viðskmrh. lagði talsvert mikla áherzlu á. En ég bendi á dýrtíðarþróunina. Á árunum 1954—1959, en á þeim árum taldi hæstv. viðskmrh. sérstaklega ógætilega farið í lánamálum yfirleitt, og þá var verið að byggja upp útlánakerfið á landbúnaðarvörur og auka nokkuð afurðalánin, — það er alveg rétt hjá honum, — sem sagt hann taldi alveg sérstaklega skaðlega og ógætilega að farið á þessum árum. Dýrtíðarvísitalan hækkaði á þessu tímabili úr 158 stigum í 212 stig, eða um 54 stig. Þetta var náttúrlega talsverð dýrtíðaraukning. Ég vil ekki segja, að vísitalan gefi alveg nákvæma mynd af dýrtíðarþróuninni, en hún er þó það skásta, sem við höfum til að gefa hugmynd um dýrtíðarþróunina, og væri ég að sé ekki ágreiningur um það, þótt margt ljótt megi um hana segja. Þá mundi þetta, ef það væri gert til að gera myndina skýrari að taka meðaltal, vera hækkun upp á 6.8% að meðaltali á ári á þessu tímabili eftir þessum mælikvarða, eða samtals 34% hækkun á vísitölunni á þessum 5 árum, þegar svona djarflega var siglt í lánamálum að dómi hæstv. viðskmrh. En ef við svo tökum aftur síðara tímabilið, eftir að farið er að nota lánsfjársamdráttinn, afurðalánin stórskorin niður til framleiðslunnar og verulegur hluti af sparifjáraukningunni lokaður inni og ekki leyft að koma í umferð, þá verður myndin þannig, eftir því sem ég bezt fæ séð, — og þetta verður þá leiðrétt, ef mér skeikar, en það held ég geti alls ekki verið, því að ég hef tekið hér inn opinberar tölur, — þá er þróunin þessi: Frá því í jan. 1960, að sett er talan 100, þangað til í okt. í haust hækkar vísitalan um 44 stig, sem mun jafngilda 88 stigum eftir gamla mælikvarðanum. Það skilst mér vera 44 stiga hækkun, eða 88 eftir gamla laginu, á tæplega 4 árum, eða 44% hækkun á framfærsluvísitölunni á þessum tæplega 4 árum. En ef maður til þess að glöggva sig skiptir enn í meðaltal, þá er þetta um 11% dýrtíðaraukning að meðaltali á ári, en á fyrra tímabilinu var dýrtíðaraukningin um 6.8% að meðaltali á ári. M. ö. o.: að verðbólguþróun, ef við eigum að kalla þetta það, eða dýrtíðarþróunin eða dýrtíðarvöxturinn er stórlega miklu meiri en áður á þessu síðara tímabili, eftir að tekin er upp þessi nýja stefna í lánamálum, sem átti að vera öruggt lyf til að draga stórlega úr dýrtíðarþróuninni og skapa jafnvægi í efnahagsmálunum. Og það var einmitt sagt, að menn yrðu að leggja þetta á sig eða taka á sig þessar búsifjar, sem af því stöfuðu, að rekstrarlán yrðu dregin saman og dregin saman lánastarfsemi bankanna, til að fá í staðinn stöðugra verðlag og meira jafnvægi í þjóðarbúskapinn. En þannig hefur þetta farið. Þetta er öruggur mælikvarði á, að þessi samdráttur í lánakerfinu, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, hefur alls ekki verkað á þann hátt, sem gert var ráð fyrir í upphafi.

Ég gat um áðan, hvaða stefna í lánamálum hefði verið höfð áður, og ég vil segja sem mína skoðun, að hægt sé að auka endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum upp í það, sem áður var, og gera iðnaðinum úrlausn, og það sé því fremur hægt að gera það núna sem Seðlabankinn hefur dregið inn svo mikið sparifé sem hér hefur verið upplýst, því að hann hefur dregið inn nú þegar af sparifénu um 741 millj. Bankinn stendur því mun betur að vígi nú en áður, vegna þess að þetta sparifé hefur verið dregið inn í hann.

Ég mundi ekki telja það á nokkurn hátt óheilbrigt að taka upp þessa stefnu á ný í lánamálunum og hjálpa þannig til að leysa að nokkru leyti þann stórkostlega vanda, sem atvinnuvegirnir eru nú í vegna skorts á ódýru rekstrarfé, jafnhliða því sem sjálfsagt væri að lækka vextina á þessum lánum, eins og ég hef margoft áður bent á. Að mínu viti nær það þess vegna engri átt að fara að draga nú enn meira af sparifé landsmanna inn í Seðlabankann undir því yfirskini, að það þurfi að gera það til að auka afurðalánin. Það er engin nauðsyn á að gera það til þess. Það er hægt að auka afurðalán upp í það, sem þau voru, án þess að gera nokkrar slíkar ráðstafanir.

Það er ekki hægt að slíta einstök atriði í þessum málum svona út úr samhengi, eins og mörgum hættir til að gera, og segja, að lánasamdráttur sé einhlítt úrræði til að bæta úr jafnvægisskorti í efnahagsmálunum. Ef menn bíta sig í þess háttar án þess að líta á samhengið, þá fer illa, og það mun vafalaust fara mjög illa, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda áfram á þessari braut og herða enn lánasamdráttinn. Mun ég sýna fram á það síðar í þessari ræðu, hvað ég held, að af því muni leiða. (Forseti: Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann óski eftir að ljúka ræðu sinni eða fresta henni?) Ég á talsvert mikið eftir, sjálfsagt hálftíma eða svo. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson [frh.]: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. viðskmrh. telji, eins og raunar kom fram í ræðu hans, að gjaldeyrisstaða bankanna, sem hann nefndi, sýni, að þessi nýja stefna í lánamálunum hafi borið góðan árangur, að því er varðar afkomuna út á við. En ég hafði sýnt fram á varðandi þró-

un verðlagsmála í landinu og dýrtíðina, að það hafi orðið stórum meiri dýrtíðarvöxtur og alvarlegri hækkun á dýrtíðinni, eftir að þessi nýja stefna í lánamálunum var tekin upp. Hún hafði því alls ekki leitt til jafnvægis á þann bóginn. En hæstv. ráðh. reiddi talsvert um, að gjaldeyrisstaða bankanna hefði batnað, og nefndi töur í því sambandi, sem vafalaust eru alveg réttar. En hæstv. ráðh. verður að gæta þess, að þegar hann vill gera upp áhrif stjórnarstefnunnar á afkomuna út á við, dugir ekki að einblína á gjaldeyrisstöðu bankanna. Það er svo margt fleira, sem kemur til greina í þessu sambandi. Og ég vil sérstaklega benda á það, að gjaldeyrisstaða bankanna hefur t. d. batnað um mörg hundruð millj. kr., vegna þess að tekin hafa verið verzlunarlán erlendis í stórum stíl umfram það, sem áður var, og mun það nema á sjötta hundrað millj., sem hreinlega má draga frá gjaldeyrisstöðu bankanna, þegar hún er skoðuð í þessu sambandi. Það mun vera á sjötta hundrað millj., sem verzlunin hefur tekið að láni erlendis til vörukaupa, og má því segja, að þetta, sem kallað er gjaldeyrisvarasjóður, sé að mjög verulegu leyti hreinlega byggt upp á þessum stuttu verzlunarlánum.

Ef höfð hefði verið sama stefna varðandi verzlunarlán erlendis og áður, hefði þurft að borga þessum á sjötta hundrað millj. kr. meira út í reiðufé til að geta haft jafnmiklar vörubirgðir í landinu og nú eru og jafnmikinn innflutning og gert hefur verið. Þá er einnig í þessu sambandi rétt að minna á, að það er auðvitað fleira, sem kemur til greina og hefur áhrif á gjaldeyrisstöðuna, en lánapólitík bankanna. Ég býst varla við, að nokkur vilji halda því fram, að lánapólitík bankanna sé eina atriðið, sem skoða þarf í því sambandi, þó að hæstv. ráðh. tengdi þessi ummæli sín um lánastefnuna eingöngu við gjaldeyrisstöðuna. Og er því í því sambandi rétt að minna á, að til landsins hafa komið á þessu tímabili um 240 millj. kr. sem gjafafé frá Bandaríkjunum eða uppbót á varnarliðsviðskiptin. Loks er svo þess að geta, að erlendar lántökur hafa verið æðimiklar umfram verzlunarlánin á þessu tímabili. T. d. var tekið æðistórt lán á vegum ríkisstj. í England, sem kunnugt er, á þessu ári, sem náttúrlega hefur bætt gjaldeyrisstöðuna verulega hjá bönkunum, og enn fremur hin og grúir af öðrum lánum. Og þegar þessi mál voru gerð upp í heild fram að áramótunum síðustu, stóðu þau þannig, að þegar erlendu skuldirnar voru teknar allar í heild og innstæður dregnar frá, þá voru erlendar skuldir að frádregnum innstæðum æðeins hærri en þær voru 1958, en ekki lægri. Ég býst ekki við, að sú mynd hafi breytzt á þessu ári og þá sízt í þá átt, að dregið hafi úr lántökum samanborið við innstæður, því að enska lánið var alls ekki komið til sögunnar í ársbyrjun.

Þess vegna er ómögulegt að nota þau rök að benda á gjaldeyrisstöðu bankanna og segja, að þessi betri gjaldeyrisstaða bankanna sé ávöxtur af því, að samdráttur hafi verið í lánastarfseminni. Það er alveg óhugsandi. Það eru svo mýmörg önnur atriði, sem þarna koma til greina, eins og ég hef sýnt fram á að dálitlu leyti. Loks er rétt að minna á, að a. m. k. árið 1962 og raunar öll þessi ár, 1961, 1962 og 1963, hafa verið óvenjulega mikil aflaár og mokazt upp síld langt umfram það, sem venja hafði verið áður, og margfalt á við það, og munar þetta hundruðum milljóna á hverju ári í gjaldeyristekjur, og það er náttúrlega alveg óhugsandi, að nokkrum detti í hug að halda því fram, að slíkt hafi ekki haft einhver áhrif á gjaldeyrisstöðu bankanna til bóta.

Þarna eru þess vegna mjög mörg afar veigamikil atriði, sem gera það að verkum, að gjaldeyrisstaða bankanna hefur batnað, þegar litið er yfir nokkurra ára tímabil. En mér skilst, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi á þessu ári nokkurn veginn staðið í stað, — þó að ég viti það ekki glöggt, þá mun það láta nærri. En ef litið er á allt tímabilið, þá hefur hún batnað, og er það augljóst, að þannig hlaut það að verða, miðað við þessar lántökuráðstafanir, sem ég hef verið að tekja, og miðað við aflabrögðin og stóraukna gjaldeyristekjur af síldveiðunum.

Mér dettur það ekki í hug, að gjaldeyrisstaða bankanna hefði batnað á þessa lund, ef t. d. síldveiðin hefði verið eitthvað lík á þessum árum og hún var áður, og það ekkert fremur fyrir því, þó að stjórnin hefði framkvæmt þessa samdráttarstefnu sína í lánamálunum. Þetta sýnir okkur, að það er ótalmargt fleira en endurbótapólitík Seðlabankans og útlánapólitíkin, sem kemur til greina og hefur sín áhrif á útkomuna.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að hæstv. ríkisstj. heldur sér enn fast við þá stefnu að ná því, sem hún kallar jafnvægi í þjóðarbúskapnum, með því að láta verðlag hækka, en halda sem mest niðri kaupgjaldi og afurðaverði hins vegar og hafa þannig, eins og hún kallar, stjórn á kaupgetunni, að hún verði ekki of mikil, og með því að gera lánsfé dýrara en áður og takmarka lánsfé í umferð og reyna þannig að knýja fram jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þetta er það, sem ég hef stundum kallað neikvæða aðferð við að reyna að ná þessu marki, og ég hef hvað eftir annað bent á og vil benda á það enn, að þessi aðferð, að snúa sér einhliða að þessum ráðstöfunum, er áhættuleg vegna þess, hve hætt er við, að hún dragi stórkostlega úr þjóðarframleiðslunni frá því, sem hún ella gæti verið.

Lánakreppan og rekstrarfjárkreppan, sem efnt er til, þegar þannig er haldið á málum, verður mjög gjarnan til þess, að framleiðslan verður minni en ella og minna er keypt af heppilegum tækjum til að auka framleiðni og framleiðslu, og ég held, að þetta sé í raun og veru kannske ein allra veigamesta ástæðan fyrir því, hversu illa búnast núna í sjálfu sér, hversu óhagkvæmlega búnast þrátt fyrir góðar aðstæður. Ég held, að t. d. rekstrarfjárskorturinn, sem er mjög alvarlegur hjá atvinnuvegunum, stuðli mjög að því að draga úr fram-

leiðninni og draga úr því, að atvinnuvegirnir geti gert sér mögulegt að borga það kaupgjald, sem óhjákvæmilega þarf að greiða. Ég held því, að það sé miklu skynsamlegra að hafa sparifé í umferð og nota það t. d. til að lána, svo að ég taki dæmi, til að lána atvinnurekendum eða lána framleiðslunni til að kaupa tæki og gera ráðstafanir til þess að auka framleiðnina og framleiðsluna. Slík tæki vantar í stórum stíl í ótal fyrirtækjum, og væri miklu viturlegra að hafa sparifé í umferð og nota það til að greiða fyrir þessu en reyna að ná jafnvægi með því að draga sparifé að verulegu leyti úr umferð og í vaxandi mæli, eins og virðist stefnt að með þessu frv.

Ég veit, að hér er um tvær stefnur að ræða og stjórnin hefur valið þá leiðina að reyna að stjórna með ráðstöfunum í peningamálunum einum saman út af fyrir sig og láta þær duga, hugsar sér að stjórna með ráðstöfunum í peningamálum einum saman og ætlar sér að reyna að hafa þannig tök á því að skapa jafnvægi. En þetta tekst ekki, eins og reynslan sýnir. Reynslan er ólygnust í þessu efni. Hér hefur ekkert jafnvægi skapazt þrátt fyrir ráðstafanir ríkisstj. til þess að hækka vextina gífurlega og þar með íþyngja atvinnuvegunum og almenningi og þrátt fyrir ráðstafanir ríkisstj. til að draga úr kaupum Seðlabankans á afurðavíxlum og aðrar slíkar ráðstafanir. Hún ætlar með þessu að hafa hemil á, að ekki sé of mikið fjármagn í umferð, og mynda þannig jafnvægi. En þessar ráðstafanir hafa alls ekki orðið til að mynda neitt jafnvægi. Dýrtíðarskriðan fellur með meiri hraða en nokkru sinni fyrr, og stjórnin segir sjálf, að afkoman út á við sé í hættu í hinu mesta góðæri.

Þannig sjáum við, að þessi stefna nær ekki tilgangi sínum, enda held ég, að það sé ekki hægt að byggja einvörðungu á því, hafa þá efnahagsmálastefnu að byggja einvörðungu á ráðstöfunum í peningamálum, og ég ætla að færa nokkur rök fyrir því, hvers vegna ég tel þetta ekki mögulegt, einmitt í landi eins og Íslandi. Við höfum svo lítið fjármagn hér samanborið við þörfina fyrir rekstrarfé og stofnlánaþörfina, að reynslan mun sýna það áfram, eins og hún hefur sýnt, að þeim mun meira sem kreppt væri að bönkunum og þeim gert erfiðara fyrir að lána, þeim mun meiri ráðstafanir yrði að gera á annan hátt, til þess að atvinnuvegirnir gætu fengið rekstrarfé og þjóðin fengið stofnfé. Það yrði til þess m. a., að það yrði að taka lán erlendis í vaxandi mæli, — eða hvað sýnir reynslan núna? Hvers vegna var sú leið farin að leyfa íslenzku verzluninni að taka mörg hundruð millj. að láni erlendis í stuttum lánum? Það var fyrir það, að menn fundu, að þegar búið var að kreppa að viðskiptabönkunum, gátu þeir ekki séð verzluninni fyrir fjármagni. Og hvert var þá úrræðið? Það var að leyfa að taka lán erlendis, stutt lán erlendis. Þetta er vegna rekstrarfjárskortsins. Menn verða að leita sér rekstrarfjár erlendis, ef okkar eigið fé er ekki haft í umferðinni. Og alveg eins er með stofnlánin og verður kannske í vaxandi mæli á næstu árum. Hvað sýnir reynslan? Meira að segja stjórnin sjálf taldi sér ekki annað fært en taka stórlán erlendis og smá, þó að hún væri búin að gefa talsvert sterkar yfirlýsingar um, að hún vildi ekki efna til lántöku erlendis, og einn þáttur í hennar stefnuyfirlýsingu var beinlínis sá, að það ætti að lækka skuldirnar við útlönd, menn yrðu að leggja að sér ýmislegt, til þess að skuldirnar við útlönd lækkuðu ár frá ári sem afborgunum nam. En hver varð svo reynslan? Nauðsynjaverkin knúðu á, og niðurstaðan varð svo sú, að ríkisstj. fór sjálf á stúfana og tók stórlán erlendis, fyrir utan mýmörg lán, sem aðrir taka, jafnvel í stórvaxandi mæli, til skipakaupa og alls konar nauðsynlegra framkvæmda. Þess vegna verður þetta svona, að á sama tíma sem gjaldeyrisstaða bankanna batnar af ýmsum ástæðum og bankarnir eignast nokkrar innstæður erlendis, tekur ríkisstj. og fjöldi annarra lán erlendis með mjög háum vöxtum. Og verzlunin verður að leita út fyrir landssteinana til að fá rekstrarfé.

Þá er annað sem gerir að verkum, að hér er mjög erfitt að stjórna með peningamálaráðstöfunum einum saman, og það eru hinar miklu sveiflur, sem hér eru á framleiðslunni eftir árferði og aflabrögðum. Það er allt öðru máli að gegna í þeim löndum, þar sem þetta gengur sinn jafna, fasta gang, sem hér um bil alveg er hægt að reikna út fyrir fram, í háþróuðum iðnaðarlöndum og löndum, sem byggja á stöðugri veðráttu en við höfum hérna. En hér eru þessar ógnarsveiflur fram og aftur frá ári til árs, og þess vegna mun það sýna sig, að það verður ætíð afar erfitt að stjórna Íslandi eftir sömu aðferðum og notaðar eru í þeim löndum, þar sem þetta gengur með meiri festu eftir eðli málsins og miklu minni sveiflur verða á, t. d. ef hér kemur stórkostlegur aflabrestur. Nú hefur orðið stórkostleg aukning á afla. Segjum, að hér yrði stórkostlegur aflabrestur og svo ætlaði ríkisstj. að reyna að verjast áföllum, svara aflabrestinum með því að draga fjármagn úr umferð með stórfelldum ráðstöfunum, t. d. enn miklu meiri vaxahækkun og enn stórkostlegri lánasamdrætti og á annan hátt mæta þessum vanda með þessum aðferðum sínum. Það mundi sýna sig, að afleiðingarnar af því yrðu svo alvarlegar og fyrirsjáanlega svo alvarlegar, að ég efast um, að nokkur ríkisstj. legði út í þvílíkt.

Þá er líka eitt atriði, sem kemur til greina og er ákaflega þýðingarmikið að gera sér grein fyrir, og það er, að vegna þess, hve Íslendingar eru fáir og kunnugleiki mikill manna á meðal, eru svo miklu meiri möguleikar hér fyrir peningaviðskiptum utan bankakerfisins en í öðrum löndum og miklu erfiðara að ætla sér að hafa stjórn á efnahagsmálum Íslands í gegnum almennar ráðstafanir í bankakerfinu en nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli. Enda mun reynslan sýna, að ef farið verður að reyna að nota í enn ríkara mæli en

áður lánasamdráttaraðferðina, þá leita peningarnir í vaxandi mæli út fyrir bankakerfið, af því að menn þekkjast svo vel, af því að það er svo auðvelt að komast hér í bein sambönd. Þeir, sem eiga peninga, og þeir, sem þurfa að fá peninga að láni, eiga svo auðvelt með að ná saman. Og þetta er ein ástæðan fyrir því, hvernig þetta hefur allt saman gersamlega farið úr böndunum hjá hæstv. ríkisstj. Menn hafa í vaxandi mæli farið með peningaviðskipti sín út fyrir bankana og geta farið, þeir sem peningaráð hafa stórfelld, sínu fram, þrátt fyrir ráðstafanir ríkisstj. Og kemur þá enn fram galli á þessari stefnu og átakanlega í ljós, sem er þýðingarmikið að hugleiða, og hann er þessi: Ef þessar aðferðir eru notaðar í vaxandi mæli, samdráttaraðferðirnar í lánapólitíkinni, er einmitt tekið úr umferð það fjármagn, sem ríkisvaldið gæti helzt haft áhrif á að væri skynsamlega notað, þ. e. það fjármagn, sem ríkisbankarnir hafa yfir að ráða. Það fjármagn verður dregið inn til þess að halda jafnvæginu eða skapa jafnvægið að dómi hæstv. ríkisstj. En þá verður í vaxandi mæli handahófskennt, hvað það er, sem raunverulega kemst í framkvæmd í landinu. Það kemst þá helzt í framkvæmd, sem þeir fjársterkustu, þeir, sem geta starfað utan bankanna, hafa mestan áhuga fyrir, en mörg af þeim verkefnum, sem ríkisstj. sjálf hefði mestan áhuga fyrir, og verkefni, sem hefðu mesta almenna þýðingu, gætu aukið framleiðnina mest og gefið bezta þjónustu fyrir fólkið, þær sitja þá gjarnan á hakanum.

Ég vil sérstaklega vara við því, hvernig þetta getur farið í sambandi við þær bollaleggingar, sem maður heyrir um, að það þurfi að styrkja þessa peningapólitík með því að hafa stórkostlegan greiðsluafgang hjá ríkinu, sem lagður sé inn í bankakerfið til þess að auka jafnvægið, m. ö. o. draga inn í bankakerfið hluta af sparifjáraukningunni, minnka endurkaupin á afurðavíxlunum og hafa stóra greiðsluafganga hjá ríkissjóði, allt til þess að draga fjármagn inn í bankakerfið, minnka peningaumferðina og tryggja þannig jafnvægi. Að nota þessa aðferð hefur sem sé þann galla með fleirum, að þá verður dregið inn og tekið úr umferð einmitt það fjármagn, sem beztu tökin væru á að nota skynsamlega í þær framkvæmdir, sem þyrftu að sitja fyrir og hefðu mesta almenna þýðingu, t. d. framkvæmdir til að auka framleiðni, til að veita til nýrra greina og reyna að komast út úr vandanum með því að auka sjálfa framleiðnina og þannig út úr þessari klípu, enn fremur það fjármagn, sem helzt væri hægt að festa hendur á til þess að lána, við skulum segja: til þess að byggja praktískar íbúðir, til þess að leysa húsnæðisvandamálið. Með stefnu núv. ríkisstjórnar verður það einmitt þetta fé, sem tekið verður úr umferð og haldið föstu, en hitt fé verður áfram í umferð, sem þeir fjársterkari ráða yfir utan við bankakerfið, og þá verja þeir því sumpart skynsamlega, en sumpart náttúrlega í ýmislegt, sem gjarnan þyrfti að bíða, samanborið við margt af því, sem ég var áðan að nefna, og fjöldamargt, sem ég hef ekki tök á að nefna án þess að lengja mál mitt um of.

Ég vil aftur leggja áherzlu á, að reynslan mun sýna vegna þess, hve okkar þjóðfélag er sérkennilegt og hvað þjóðin er fámenn, kunnugleikar miklir og ýmsar sérástæður, sem þarna koma til greina, þá er ekki mögulegt að stjórna, svo að vel fari, með ráðstöfunum í peningamálum einum saman. Og þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þá átt á undanförnum árum, benda alveg eindregið í þessa átt. Þess vegna ætti sízt að ganga lengra á þeirri braut, eins og þó er ráðgert með þessu frv.

Það er nefnilega mesti misskilningur, ef menn halda, að ef þeir séu bara nógu duglegir að loka inni sparfé og þrengja að viðskiptabönkunum og sparisjóðunum og halda niðri afurðalánunum, þá komi allt af sjálfu sér, þá leysist öll efnahagsmál landsins. En mér finnst, að ýmislegt, sem fram hefur komið, beri einmitt þess vott, að menn einblíni á þessi atriði. En það tel ég háskalegt, og reynslan sýnir það einmitt mjög glöggt.

Það er því mín skoðun, að það þurfi að endurskoða þessa stefnu og það eigi ekki að samþykkja þetta frv. Ég sagði áðan, að um tvær meginstefnur væri að ræða eða stjórnaraðferðir í þessum málum. Önnur er sú að treysta einhliða á ráðstafanirnar í peningamálunum, eins og hæstv. ríkisstj. virðist gera og ætla sér að gera, beita lánasamdrættinum og hafa stóra greiðsluafganga hjá ríkissjóði, sem byggðir séu upp með neyzlusköttum, til að draga úr kaupgetunni og reyna að þvinga fram jafnvægi eftir þessari leið, en við sjáum nú, hvernig þetta hefur gengið. Þetta er þó önnur leiðin. Ég veit, að þessi leið er notuð í mörgum löndum, en þar stendur víða allt öðruvísi á en hjá okkur. Það er bæði miklu meira fjármagn samanborið við þörfina, bæði rekstrarfjárþörfina og stofnlánaþörfina, í mörgum þessum löndum. Það er miklu meiri stöðugleiki, þeir búa við miklu meiri stöðugleika í öllum sínum atvinnurekstri en hugsanlegt er hér, þar sem við eigum svo mikið undir náttúruöflunum, og þess vegna miklu minni sveiflur en hér hjá okkur. Það er enn fremur áreiðanlega miklu erfiðara að fara utan við bankakerfið víða en hér hjá okkur, og margar fleiri ástæður koma til greina, svo að þetta getur ekki að mínu viti komið vel út.

Hin stefnan er svo sú að hafa sparifé í umferð, reka nokkuð djarflega endurkaupastefnu varðandi afurðavíxlana, t. d. svipað og gert var, áður en breytt var til, hafi ríkissjóður greiðsluafgang, að nota hann þá að mjög verulegu leyti, eins og áður var gert, til að greiða fyrir og ýta undir þær framkvæmdir, sem mestu máli skipta frá almennu sjónarmiði, t. d. íbúðabyggingar, til þess að ýta undir framfarir í landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði o. s. frv., sem sagt að halda fénu í umferð nokkuð svipað og gert var. Það er náttúrlega nauðsynlegt að taka fram, að þessi stefna yrði að styðjast við ráðstafanir, hliðarráðstafanir,

einkum meiri stjórn á fjárfestingarmálunum en sú stefna, sem nú hefur verið reynd um sinn. Með því móti yrði að reyna að hamla gegn því, að þessi tiltölulega djarfa lánamálastefna hefði í för með sér of mikla þenslu, með stjórn á fjárfestingarmálunum og með því að gera ráðstafanir til þess að láta þær fjárfestingarframkvæmdir sitja fyrir, sem mesta þýðingu hafa. En ég er hiklaust þeirrar skoðunar, að þessi stefna yrði miklu heppilegri, sökum þess fyrst og fremst, að með því væri reynt fremur en nú að leysa vandkvæðin jákvæðu leiðina, þ. e. a. s. með því að tjalda öllu því, sem til er, til að auka framleiðnina og framleiðsluna og komast þannig út úr vandanum.

Það hefur nú farið þannig, að það hefur skapazt ofþensla nú um skeið, en ég tel, að ráðstafanir til að draga úr henni eigi fyrst og fremst að ganga í þá stefnu að draga úr þeim framkvæmdum, sem helzt mega bíða. En ég tel, að það sé að fara úr öskunni í eldinn, ef á að reyna að leysa þennan vanda með því að klemma að almenningi með nýjum neyzlusköttum og draga þannig stórfé inn í bankakerfið eftir þeirri leið og loka inni sparifé í vaxandi mæli. Þá verður það hreinlega til þess, að það situr á hakanum, sem sízt skyldi, en hitt hefur framgang, sem fremur má bíða, og þá tel ég hættu á því, að áfram muni búnast mjög illa. En ég kalla, að illa búnist, mjög illa, þegar þannig er á málum haldið t. d., að ríkisstj. segir, að atvinnuvegirnir geti sama sem ekkert hærra kaup greitt en þeir borga núna, en verkamaðurinn getur þó með 8 stunda vinnu lítið meira gert en að borga vexti af meðalíbúð. Það kalla ég, að búnist hörmulega illa. En út úr þessari klípu verður helzt að reyna að komast með því að auka framleiðsluna og framleiðnina, og ég fæ ekki séð, að það fái komizt í framkvæmd nema með því að tjalda því, sem til er, t. d. í lánamálunum, til þess að greiða fyrir með rekstrarfé og allra nauðsynlegasta stofnlánafé til uppbyggingarinnar.

Ef hin leiðin verður farin, leiðir það að mínu viti fyrst til þess, eins og ég hef margtekið fram, að það situr fyrir, sem sízt skyldi, hitt situr á hakanum og svo verður að leita í vaxandi mæli til útlanda til að fá lán til að koma því í framkvæmd, því að til lengdar verður ekki hægt að hunza framfarirnar. Það verður nákvæmlega sama sagan og gerzt hefur á síðasta tímabili, það hefur orðið að taka stórlán erlendis, bæði stutt og löng lán. Það er hugsanlegt, að „kassaaðstaða“ bankanna yrði eitthvað hagfelldari stundum með því að fara þessa lánasamdráttarleið, og skal ég þó ekkert um það segja, það fer eftir fjöldamörgum atvikum, en í heild sinni er sú leið allt of dýr fyrir okkar þjóðarbúskap. Við höfum ekki efni á að fara stjórnarleiðina að mínu viti.

Ég skal svo að lokum aðeins minnast á annað atriði í þessu frv. Það er um heimild Seðlabankans til að gefa út verðbréf með gengistryggingu. Það er ekki ópekkt fyrirbrigði hér að gefa út verðbréf með gengistryggingu, hefur verið gert stöku sinnum. En eftir því sem ég man bezt, hefur það verið þannig, að Alþingi hefur ákveðið, í hvaða skyni það skuli gert. Það er t. d., ef ég man rétt, aflað þannig fjár í íbúðarlánakerfið að dálitlu leyti, og mokkru oftar hefur verið gripið til þessa. Þetta hefur verið gert til að greiða fyrir málum, sem menn álitu forgangsmál, ef svo mætti segja, væri lífsnauðsyn að ná fjármagni til að framkvæma. En þarna er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn hafi ótakmarkaða heimild til að gefa út verðbréf með gengistryggingu og setja þau út á markaðinn. Ég er algerlega mótfallinn því að láta slíka stofnun hafa þannig ótakmarkaða heimild, þó að ég álíti, að það geti vel komið til greina að nota þessa aðferð til að greiða fyrir vissum málum, sem væru sérlega þýðingarmikil. En mér finnst ekki geta komið til greina að láta Seðlabankann hafa ótakmarkaða heimild til að nota þessa aðferð, því að þá hefur Alþingi ekki lengur neitt vald á því, hvaða málefni það eru, sem verða leyst með þessari forgangsaðferð, ef svo mætti segja, því að þetta er eins konar forgangsleið að fjármagni í landinu. Það er gefið mál, að þeir, sem gefa út skuldabréf með gengistryggingu, hafa allt aðra og miklu meiri möguleika til að koma þeim bréfum út en aðrir, sem geta ekki boðið gengistryggingu. Því mundi þarna vera um eins konar forgangsleið að ræða og þess vegna geysilega þýðingarmikið, hvaða framkvæmdir það væru, sem ættu að sitja fyrir fé á þennan hátt.

Ég vil nú biðja hæstv. ríkisstj. að athuga, hvort það er ekki óviðeigandi að fela stofnun eins og Seðlabankanum að gera þetta og hitt væri skynsamleg stefna, að nota þessa aðferð til að koma fram vissum þýðingarmestu málum og ákveða það þá á Alþingi, hvaða mál það væru, sem þannig ætti að styðja. Ég álít, að með þessu sé Seðlabankanum og þar með í raun og veru hæstv. ríkisstj. líka gefið allt of mikið vald til að ákveða um forgangsfjáröflun og forgangsframkvæmdir.

Auk þess vil ég aftur, — og ég skal láta það verða mín síðustu orð, — minna á og biðja hæstv. viðskmrh. að athuga, hvernig ráðgert er að búa að viðskiptabönkunum með þessu frv., ef það verður framkvæmt. Ætlunin er að koma þeirra hag þannig, að 25% af öllu þeirra sparifé og þar með innstæðum á ávísanareikningum verði sett inn í Seðlabankann, og það eru ekki í þessu frv. nein ákvæði, sem tryggja, að þetta fé verði lánað aftur út. Auk þess mun væntanlega verða haldið áfram að ætlast til þess, að þessar stofnanir láti 15% af sparifjáraukningunni í fjárfestingarlánapúlíu“, ef svo mætti orða það, hæstv. ríkisstj. Þegar svo við þetta bættist kannske veruleg útgáfa af gengistryggðum bréfum, þá held ég, að það færi að þrengjast fyrir dyrum hjá þessum stofnunum. Og ég tel, eins og ég hef margsagt í þessum orðum, mjög háskalega stefnu

að ganga svo fast að þessum inndrætti lánsfjárins. Og ég held, að viðskiptabankarnir mundu verða mjög illa settir til að sjá fyrir þörfum viðskiptamanna sinna, og ég tel, að niðurstaðan verði sú, ef svona verður farið að og samdráttur aukinn, að mörg allra nauðsynlegustu verkefnin verði útundan með fjármagn, en það sitji fyrir, sem fremur mætti bíða. Rekstrarfjárskortur verður vaxandi og stórfelldur hjá mörgum greinum og niðurstaðan sú, að leitað verður í vaxandi mæli eftir erlendum lánum, bæði stuttum og löngum, til að halda fljótandi. Ég tel miklu hyggilegri stefnu að lána sparifé út, hafa það í umferð í rekstrarlánum og öðrum viðskiptum, haga afurðavíxlaendurkaupunum svipað og var, áður en nýja stefnan var tekin upp og úr þeim var dregið, hætta til með að reka lánastefnu á þessa lund til að greiða fyrir rekstri og framkvæmdum í landinu, en styðjast við stjórn á fjárfestingunni og gera á þá lund beinar ráðstafanir til þess að forða ofþenslu með því að láta það sitja fyrir, sem mesta þýðingu hefur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni yfir því, hversu rækilega hv. formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa rætt það frv., sem hér er um að ræða. En báðir formenn stjórnarandstöðuflokkanna, hv. þm. Lúðvík Jósefsson og hv. þm. Eysteinn Jónsson, hafa haldið mjög ýtarlegar og langar ræður um málið. Með því undirstrika þeir það, sem ríkisstj. einnig telur, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða. En ástæðan til þess, að ég fagna því, að þeir skuli hafa tekið frv. jafnalvarlega og raun ber vitni um, er einnig sú, að ég tel, að afstaðan til þessa frv. eða frv. eins og þess, sem hér er um að ræða, sé í raun og veru mjög góður prófsteinn á það, hvort stjórnarandstaðan er málefnaleg eða hvort hún er ekki málefnaleg. Það gefur mér tilefni til að svara málflutningi hv. stjórnarandstöðu nokkuð rækilega, einmitt þetta atriði, að ég tel hér um að ræða mjög skýran og glöggan prófstein á það, hvort stjórnarandstaðan vill vera málefnaleg í andstöðu sinni eða hvort hún kýs hina auðveldu lýðskrumsleið í afstöðu til mála.

Hver er kjarni þess máls, sem hér er um að ræða? Í raun og veru er hann augljós. Kjarninn er sá, að uppi eru nú og uppi hafa verið mörg undanfarin ár mjög sterkar óskir um aukin endurkaup afurðavíxla, þ. e. um aukin útlán af hálfu Seðlabankans til landbúnaðar og sjávarútvegs, og uppi hafa verið háværar óskir um, að Seðlabankinn tæki einnig að endurkaupa afurðavíxla frá iðnaðinum, tæki einnig að lána iðnaðinum með hliðstæðum hætti og hann nú lánar landbúnaði og sjávarútvegi. Nú á þessu hausti þarf að auka afurðalán í endurkaupaformi til landbúnaðar um um það bil 100 millj. kr., og nú á þessu hausti er auk þess augljóst, að það þarf að auka útlán til sjávarútvegs vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar hans, og óskir af hálfu iðnaðarins um lán úr Seðlabankanum til hans virðast aldrei hafa verið sterkari en einmitt nú, og undir þær er mjög sterklega tekið hér á hinu háa Alþingi.

Kjarni málsins er sá, höfuðrökin fyrir flutningi þessa frv. eru viðurkenning ríkisstj. á þeirri staðreynd, að þróun mála hefur verið sú, að það þarf að auka lán til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. En nú spyr ég: Dettur formönnum stjórnarandstöðuflokkanna í hug, að hægt sé að auka útlán til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, án þess að sparnaður í landinu vaxi? Er hægt að deila um þá staðhæfingu, að útlán verða ekki aukin til atvinnuvega þjóðarinnar né heldur til einstaklinga, nema að baki þeirri útlánaaukningu standi aukinn sparnaður? Þarf í rauninni að vera að deila um þessa staðhæfingu hér á hinu háa Alþingi? Treystir maður, sem verið hefur fjmrh. lengur en nokkur annar íslenzkur maður, sér til að andmæla því, að það sé rétt, að eini grundvöllurinn undir heilbrigðri útlánaaukningu, hvort heldur er til sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, er aukinn sparnaður í landinu? Því trúi ég ekki. M. ö. o.: ef hægt á að vera að auka útlán til sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, þarf það að gerast af auknum sparnaði þjóðarinnar í heild, auknum sparnaði þjóðarbúsins í heild. Og sá aðili, sem þessi auknu útlán á að hafa með höndum, þarf að hafa yfir að ráða hluta af sparnaði þjóðarinnar sem hinum auknu útlánum svarar. Hér er um að ræða svo einfaldar staðreyndir og svo augljósar staðreyndir, að ég skil ekki í því, að um þær geti í raun og veru verið ágreiningur meðal viti borinna manna. Ætti það í raun og veru að vera gagnslítið að vera að byrla upp moldviðri um atriði, sem eru alger aukaatriði í málinu, en hlíðra sér hjá að ræða um þessa meginstaðreynd, sem er aðalatriði í málinu, sem er kjarni málsins.

Sá aðili, sem á að hafa með höndum útlán til undirstöðuatvinnuveganna, þarf að eiga hlutdeild í heildarsparnaði þjóðarinnar, og ef einhverjum aðila í bankakerfinu er ætlað að auka útlán sín, hvort heldur er til landbúnaðar, sjávarútvegs eða iðnaðar, þarf samtímis að auka hlutdeild þessa sama aðila í heildarsparnaði þjóðerinnar. Þetta er kjarni málsins og þessi kjarni málsins verður aldrei nógu oft undirstrikaður, á honum verður ekki hamrað nóg, því að það er eins og til séu þeir menn, — ég trúi því ekki um hv. 1. þm. Austf., Eystein Jónsson, — að til séu þeir menn, sem hafa ekki gert sér þennan einfalda sannleik algerlega ljósan. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að ef hv. þm. Eysteinn Jónsson eða ef hv. þm. Lúðvík Jósefsson væri bankastjóri, væri engum mönnum ljósara en einmitt þeim, að þeir lána ekki út annað fé en það, sem þeir fá til umráða. Þó að hæfileikamiklir menn séu, þá eru þeir ekki þeim hæfileika gæddir að geta búið til fé í þeim stofnunum, sem þeim í því tilfelli hefði verið trúað fyrir. Þeir lána út það fé, sem þeim er trúað fyrir, meira mundu þeir ekki lána út, enda gætu þeir ekki lánað út meira.

Það, sem hér er um að ræða, er, að uppi eru óskir um, að Seðlabankinn auki útlán til landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar, og ríkisstj. telur þær óskir vera eðlilegar og réttlætanlegar, og hún vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að Seðlabankinn geti aukið útlán sín til landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar. Þá kemur að því: Hvernig á að gera Seðlabankanum þetta kleift? Ef það er haft í huga, að sömu reglur hljóta að gilda um Seðlabankann og aðra banka, hann ráðstafar ekki meira fé en því, sem honum er fengið, hafi menn einu sinni fyrir allt gert sér ljóst, að þær sömu reglur gilda um starfsemi seðlabanka og annarra banka, að hann ráðstafar ekki meira fé en því, sem hann hefur til umráða, þá er alveg augljóst mál, að ef ætlazt er til þess, að hann auki útlán sín, þá verður að fá honum meira fé til umráða. Og það er kjarni þessa frv. að fá Seðlabankanum meira fé til umráða en hann hefur haft til þess að gera honum kleift að auka sína útlánastarfsemi.

Önnur leið hefði að vísu komið til greina, sem ég ræddi nokkuð um í framsöguræðu minni og skal fara um fáeinum orðum. Það má segja, að það sé í raun og veru alls ekki hlutverk seðlabanka að annast kaup afurðavíxla, þ. e. annast lán til rekstrar atvinnufyrirtækja. Það er hlutverk viðskiptabanka. Þeir fá umráð yfir heildarsparnaði þjóðarinnar. Um leið hefði því sannarlega komið til greina, að Seðlabankinn hefði beinlínis hætt öllum endurkaupum, hefði hætt öllum lánum til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar og sagt: Þetta er viðfangsefni viðskiptabankanna, þeir eiga að annast þetta viðfangsefni, og Seðlabankinn er reiðubúinn til þess að afhenda viðskiptabönkunum það fé, sem við nú höfum bundið í lánum til sjávarútvegs og landbúnaðar, — hann kaupir enga iðnaðarvíxla. — Það hefði komið til greina, önnur leiðin hefði verið sú, að Seðlabankinn afhenti viðskiptabönkunum það fé, sem hann nú hefur bundið í sjávarútvegi og landbúnaði, og segði: Þið skuluð halda áfram að lána þetta fé út, og þið skuluð þá taka á ykkar herðar þá auknu lánsfjárþörf, sem fyrir hendi er í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, enda fáið þið til umráða alla sparifjáraukningu þjóðarinnar. Þið hafið til umráða allt sparifé þjóðarinnar. — Þetta hefði fræðilega séð vel komið til mála. En af mörgum ástæðum er ríkisstj. þeirrar skoðunar, að miðað við íslenzka staðhætti sé þetta ekki heppileg leið, og hefur því ekki viljað stuðla að því, að þessi leið yrði farin.

Ég skal ekki eyða tíma í að rökstyðja það, hverjar orsakir liggja til þessarar afstöðu, en þetta er einnig afstaða Seðlabankans og þó alveg sérstaklega er þetta afstaða stærstu ríkisbankanna eða ríkisbankanna yfirleitt, að þessi leið væri ekki heppileg, hentaði ekki íslenzkum aðstæðum. Því hefur ríkisstj. viljað miða aðgerðir sínar við það, og um það eru ríkisstj. og Seðlabankinn sammála, að Seðlabankinn hafi áfram með höndum afurðalán til sjávarútvegs og landbúnaðar og undirbúi að taka að sér afurðalán til iðnaðar, og að Seðlabankinn auki þessi lán á næsta ári frá því, sem þau voru á þessu ári og hafa verið undanfarin ár. En af því leiðir óhjákvæmilega, að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til, að Seðlabankinn fái aukna hlutdeild í sparnaði þjóðarinnar frá því, sem hann hefur haft. Ef því hlutverki er í auknum mæli létt af viðskiptabankakerfinu að annast útlán til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, verður viðskiptakerfið líka á móti að afsala sér auknum hluta af heildarsparnaðinum til þess aðila, sem á að hafa útlánaaukninguna með höndum. Þetta er umbúðalaus kjarni málsins, og það er alveg sama, hvaða moldviðri menn reyna að þyrla upp í kringum þennan kjarna, þeir, sem eru glöggskyggnir á eðli málsins, og þeir, sem gera tilraun til að setja sig inn í eðli málsins, hljóta að viðurkenna, að þessar meginstaðreyndir eru réttar. Ef menn samt sem áður tala gegn þeim og vilja, að breytt sé gegn þessum staðreyndum, þá eru menn að víkja af vegi sannleikans, þá eru menn að víkja af vegi ábyrgrar afstöðu í málinu, og þá hafa menn tekið upp lýðskrumsafstöðu í málinu, þá einföldu afstöðu lýðskrumarans að segja við þá, sem þurfa á lánum að halda: Við viljum, að þér sé lánað aukið fé, — en breyta jafnframt þannig gagnvart þeim, sem eiga að lána fé, að þeir hafi ekki meira fé að lána. Þetta er afstaða lýðskrumarans, hins ábyrgðarlausa manns í máli eins og þessu, að segja við manninn, sem til nauðsynlegra hluta þarf á að halda auknu lánsfé: Þú átt að fá það, bankakerfið á að lána þér það, — en neita jafnframt að gera ráðstafanir til, að bankarnir geti veitt þessi auknu lán eða sá aðili í bankakerfinu, sem á að veita lánið, hafi aðstöðu til þess.

Það er meginkjarni í þeim aukaatriðaáróðri, sem þyrlað er upp í sambandi við þetta mál, bæði hér á hinu háa Alþingi og í blöðum, að undirstrika í sífellu, að verulegur hluti af sparifé landsmanna sé bundinn, sé frystur í Seðlabankanum. Ekki veit ég, hve oft hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefur sagt það í langri ræðu sinni hér áðan og á fundi fyrir nokkrum dögum, að sparifé hafi verið tekið úr umferð, það sé einn megingallinn á peningamálastefnu núv. ríkisstj., að hún hafi tekið sparifé úr umferð í stað þess að lána það út, í staðinn fyrir að halda því í útlánum, halda því í umferð. Hér er í raun og veru beitt mikilli blekkingu. Það er beinlínis rangt, — og það held ég að verði ekki sagt með nógu miklum áherzluþunga, — það er beinlínis rangt, að Seðlabanki Íslands frysti nú nokkurt sparifé. Það er beinlínis rangt, að Seðlabankinn hafi tekið nokkurt sparifé úr umferð í þeim skilningi, að hann hafi fryst það, að hann hafi komið í veg fyrir, að sparifé sé notað til heilbrigðra þarfa í íslenzku efnahagslífi. Það er beinlínis rangt. Og sönnunina fyrir því, að þetta er rangt, skýringuna á því má fá með því að líta á reikninga Seðlabankans. Um reikninga Seðlabankans er það — mér liggur við að segja: því miður — að segja, að þeir eru, eins og

bankareikningar oft, svo flókið skjal, að almenningur áttar sig ekki á því, hvað í raun og veru í því felst, og í skjóli þessa, að reikningar Seðlabankans eru mjög torskildir öllum almenningi, beinlínis í skjóli þessa er þeirri falsröksemd haldið á loft, ekki aðeins dag eftir dag, mánuð eftir mánuð, heldur ár eftir ár, að Seðlabankinn hafi undanfarið og sé enn að frysta, að taka úr umferð, að hindra notkun einhvers verulegs hluta af sparifé landsmanna. En það er auðvitað hægt að gera reikninga Seðlabankans einfalda með því að draga liði þeirra saman, þá sem saman eiga, til þess að gera myndina ljósa og auðskilda — að ég held megi segja — hverju barni.

Ef reikningar Seðlabankans nú í októberlok eru dregnir saman og skýrðir, kemur í ljós, að heildarráðstöfunarfé Seðlabankans var þá 2291 millj. kr. Það fé, sem Seðlabankinn hafði umráð yfir og getur ráðstafað, var 2291 millj. kr. Í grundvallaratriðum er þetta fé þrenns konar. Það er í fyrsta lagi sjálft stofnfé bankans, sem er 1309 millj. kr., þ. e. seðlaveltan, eigið fé og mótvirðisfé. Þá hefur Seðlabankinn umráð yfir innlögum bankakerfisins samkv. hinum margumtöluðu bindingarreglum, því fé, sem kallað hefur verið bundið fé, að upphæð 756 millj. kr. Enn fremur hefur bankinn umráð yfir frjálsum innlögum banka og peningastofnana og frjálsum innlögum ríkissjóðs, samtals að upphæð 226 millj. kr. M. ö. o.: þessar 2291 millj., sem Seðlabankinn hefur yfir að ráða, uppruni þeirra er þannig, að 1309 millj. eru eigið fé bankans, 756 millj. eru þessar svokölluðu bundnu innstæður og 226 millj. eru frjálsar innstæður frá bankakerfinu og ríkissjóði. Þetta er það fé, sem Seðlabankinn getur ráðstafað. Meira fé getur hann ekki ráðstafað með heilbrigðum hætti. Þegar ég segi, að hann geti ekki ráðstafað fé með heilbrigðum hætti, hefur Seðlabankinn einn banka í bankakerfinu þá sérstöku aðstöðu að geta ráðstafað fé með óheilbrigðum hætti, ef stjórn hans er ábyrgðarlaus, vegna þess að hann hefur yfir seðlaveltunni að ráða. Hann hefur formlegan rétt til að auka seðlaveltuna, prenta nýja seðla og skapa sér þannig aukið ráðstöfunarfé. Þá aðstöðu hafa viðskiptabankarnir ekki. Þeir geta aðeins ráðstafað því fé, sem þeir fá frá sínum viðskiptamönnum, sparifjáreigendum og fyrirtækjum, og fá frá Seðlabankanum. Þeir eru því alveg bundnir, en segja má, að Seðlabankinn sé ekki alveg bundinn að þessu leyti. Það hefur verið skálkaskjól margra óábyrgra seðlabanka og margra óábyrgra ríkisstj. að notfæra sér þetta, að seðlabanki er ekki bundinn að þessu leyti varðandi sitt ráðstöfunarfé. En reynslan hefur kennt mönnum — bankamönnum, stjórnendum og stjórnmálamönnum, að eitt það helzta, sem ber að varast í stjórn peningamála, er að misnota þessa sérstöðu seðlabanka, að hann hefur seðlaútgáfuréttinn.

Hvað gerir nú Seðlabankinn við þessar 2291 milljónir, sem hann hefur til heildarráðstöfunar? Við skulum sundurliða eignarhlið Seðlabankans með hliðstæðum, einföldum hætti. Gjaldeyriseign bankans, gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar, nemur 1203 millj. Lán til sjávarútvegs og landbúnaðar í formi endurkeyptra víxla af viðskiptabönkum nema 921 millj. Og útlán stofnlánadeildar sjávarútvegsins, sem Seðlabankinn stjórnar, nema 167 millj. Þetta eru samtals 2291 millj. kr. M. ö. o.: ráðstöfunarfé Seðlabankans er að meira en helmingi bundið í gjaldeyrisvarasjóði þjóðarinnar, í gjaldeyriseigninni. Hinn helmingurinn er bundinn í útlánum til sjávarútvegs og landbúnaðar, að meiri hluta til í útláni til sjávarútvegs.

Nú spyr ég hv. alþm.: Í hverju er frystingin fólgin? Í hverju er það fólgið, að Seðlabankinn hefur tekið fé úr umferð? Í hverju er það fólgið, að hann sé að halda hluta af sparifé þjóðarinnar, þessum margumtöluðu 756 millj. kr., sem kallað er bundið fé, — í hverju er það fólgið, að hann sé að halda því frá skynsamlegri notkun í þágu íslenzks efnahagslífs? Hvað er það eignamegin í reikningi Seðlabankans, sem ætti ekki að vera þar? Er það kannske gjaldeyrisvarasjóðurinn Ekki trúi ég því, að þeir, sem eru að óska eftir auknum afurðalánum til sjávarútvegs og landbúnaðar, telji endurkaupaliðinn vera of mikinn eða stofnlánadeildin hafi of mikið í útlánum. Hvað er það eignamegin í Seðlabankanum, sem má missa sig? Hvað ætti að hverfa, ef bundna féð hyrfi, ef því yrði skilað aftur til viðskiptabankakerfisins? Er það ekki alveg augljóst mál, að ef Seðlabankinn skilaði þessu fé skyndilega aftur, sem að vísu enginn leggur út í, enginn er svo ábyrgðarlaus að leggja það til, þá yrði hann að afsala sér einhverju af sínum eignum. Eflaust yrðu það hvorki endurkaupavíxlarnir né lán stofnlánadeildarinnar, það yrði þá gjaldeyrisvarasjóðurinn. Till. um það, að Seðlabankinn skilaði bundna fénu svokallaða aftur, getur ekki verið annað en till. um að skerða gjaldeyrisvarasjóðinn um sömu upphæð, enda mundi það tvímælalaust verða niðurstaðan. Ég sagði áðan: Svo ábyrgðarlaus er enginn að leggja það til. — En menn segja: Það var rangt að binda féð. — Þetta hefur gerzt á þremur árum, þessi svokallaða binding sparifjárins í Seðlabankanum, sem í raun og veru er ekki annað en það, að viðskiptabankarnir hafa lagt allt að 30% af innstæðuaukningu sinni á sérstakan reikning í Seðlabankanum, — þessi svokallaða binding hefur gerzt á undanförnum rúmum þremur árum, og það er hún, sem menn gagnrýna og segja: Hún hefði aldrei átt að eiga sér stað, hún hefði aldrei átt að gerast. En ef hún hefði ekki átt sér stað, er alveg augljóst, að þá gætu eignir Seðlabankans nú ekki verið eins miklar og þær eru. Seðlabankinn gæti ekki í eignum, ekki einu sinni í reikningum, haft 2291 millj., ef hann hefði ekki nema 1500 millj. skuldamegin. Þá er spurningin: Hvaða eignaliður hefði ekki myndazt, hvaða eign hefði ekki myndazt, ef Seðlabankinn hefði ekki fengið bundna féð? Ég trúi því ekki, að það geti verið ætlun nokkurra manna, að það ætti að draga úr endurkaupunum eða láta þau vaxa mun minna en þau hafa vaxið.

Það getur ekki verið ætlunin, samtímis því, sem þeir bera það upp í sér, að endurkaupin séu of lítil og þurfi enn að vaxa. Sú eign, sem Seðlabankinn hefði ekki getað eignazt á undanförnum 3—4 árum, ef hann hefði ekki fengið bundna fé, er auðvitað gjaldeyrisvarasjóðurinn. Kjarni allrar þessarar umræðu, kjarni alls þessa máls er því sá, að ef menn hafa í raun og veru verið á móti því, að Seðlabankinn fengi þetta svokallaða bundna fé til umráða, þá hafa menn verið á móti því, að landið eignaðist gjaldeyrisvarasjóð, sem því nemur. Það er kjarni málsins. Þennan kjarna finnst mér, að allm. a. m. k. ættu að skilja og játa að þeir skilja. Sérstaklega verður að gera þá kröfu til þeirra, sem árum saman og áratugum hafa setið í ráðherrastólum og borið ábyrgð á meðferð fjármála og viðskiptamála, að þeir skilji atriði eins og þetta.

Síðan í ársbyrjun 1960 hefur ráðstöfunarfé Seðlabankans aukizt mjög verulega. Það hefur aukizt um 1457 milljónir króna. Ráðstöfunarfé Seðlabankans hefur síðan í ársbyrjun 1960 aukizt um 1457 millj. kr. af ýmsum ástæðum, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja nákvæmlega. Og þá má auðvitað spyrja: Í hvað hefur þetta fé farið? Til hvers hefur þetta fé gengið? Gjaldeyrisstaða Seðlabankans gagnvart útlöndum hefur á sama tímabili batnað um 1394 millj. kr. og endurkaup víxla sjávarútvegs og landbúnaðar hafa aukizt um 63 millj. kr., samtals 1457 millj. kr. Af hinu aukna fé Seðlabankans, síðan núv. ríkisstjórn tók við völdum, hefur m. ö. o. næstum allt farið til að bæta gjaldeyrisstöðuna gagnvart útlöndum, sem var neikvæð, þegar ríkisstj. tók við völdum. Og hér má enn spyrja sömu spurningarinnar. Aukning ráðstöfunarfjárins er föst upphæð, um hana verður ekki deilt. Ráðstöfunarféð hefur aukizt um þessar 1457 millj. kr., og spurningin er: Hvað átti að gera við ráðstöfunarféð? Ríkisstj. svaraði og sagði: Við eigum að nota aukna ráðstöfunarféð fyrst til að bæta gjaldeyrisstöðuna, eyða gjaldeyrisskuldinni og safna okkur gjaldeyrisvarasjóði. — Þetta hefur verið gert. Var þetta rangt? Afgangurinn hefur svo verið notaður til lítils háttar aukningar á afurðakaupalánunum. Er það þetta, sem er rangt? Það er bezt, að menn segi það alveg skýrt og það komi alveg skýrt fram: er það þetta, sem hefur verið rangt hjá núv. ríkisstj., að ráðstöfunarfé Seðlabankans, aukning þess, skuli nær eingöngu hafa gengið til þess að bæta við gjaldeyrisvarasjóðinn? Ef menn meina, að það hafi verið rangt, þá er bezt, að menn segi það, segi það skýrt og ekki með neinni tæpitungu. Ríkisstj. er enn þeirrar skoðunar, að þetta kjarnaatriði í stefnu hennar hafi einmitt verið rétt. Til þess bar einna brýnasta nauðsyn að bæta gjaldeyrisstöðuna, því að hún var svo léleg, hún var svo alvarleg, þegar ríkisstj. tók við völdum.

Mér dettur auðvitað ekki í hug að bera á móti því, að það var hægt að hegða sér öðruvísi, enda höfðu margar ríkisstjórnir áður hegðað sér öðruvísi. Auðvitað var hægt að nota þetta aukna ráðstöfunarfé, 1460 millj. kr., til að auka endurkaupin í stórum stíl. En þá skulu menn gera sér ljóst, hvað það hefði þýtt. Þá hefði gjaldeyrisvarasjóðurinn ekki batnað, því að tvisvar verður sama krónan ekki notuð. Það er ekki hægt að nota sama ráðstöfunarfé bæði til að auka útlánin innanlands og til að bæta gjaldeyrisstöðuna og til að safna varasjóði. Þarna á milli verða menn að velja. Og það er að þora ekki að horfa framan í vandamálin, það er að þora ekki að viðurkenna samleikann, ef menn reyna að tala sig frá því, að valið var um þetta. Ríkisstj., sem á undan sat, tók því miður þann kostinn að velja hina leiðina, — tvær ríkisstjórnir, sem á undan sátu, að frátalinni stjórn Emils Jónssonar, sem var stjórn til bráðabirgða, tóku því miður hinn kostinn, að það ráðstöfunarfé, sem Seðlabankinn fékk yfir að ráða, var notað fyrst og fremst til aukningar á afurðalánum. Hver var afleiðingin? Hún var mjög mikill greiðsluhalli gagnvart útlöndum, eyðing gjaldeyrisvarasjóðsins, sem safnazt hafði í árslok 1954, og söfnun stórkostlegra gjaldeyrisskulda, eins og ég mun víkja nánar að hér á eftir.

Ef við hverfum áratug aftur í tímann og virðum fyrir okkur, hvernig ástandið í þessum málum var þá, með hliðstæðum hætti og ég hef skýrt ástandið núna, virðum fyrir okkur reikninga Seðlabankans í árslok 1954, kemur í ljós, að þá, í árslok 1954, hafði Seðlabankinn ekki yfir að ráða neinu fé nema sínu stofnfé, og það nam þá, í árslok 1954, 583 millj. kr. Hvernig ráðstafaði hann þessu stofnfé sínu þá? Þá átti Seðlabankinn gjaldeyriseign að upphæð 110 millj. kr. Hann hafði í endurkaupum lánað sjávarútvegi og landbúnaði 275 millj., útlán stofnlánadeildarinnar nam 71 millj., og Seðlabankinn lánaði bönkum og öðrum peningastofnunum og ríkissjóði, átti inni hjá þeim 126 millj. kr. Þá hafði Seðlabankinn ekki yfir neinu fé að ráða öðru en stofnfé sínu. Og hann hafði það að 1/6 hluta bundið í gjaldeyriseign, meira en heimilt bundinn í lánum til sjávarútvegs og landbúnaðar, og afganginn hafði hann í lánum hjá bönkum, sparisjóðum og hjá ríkissjóði. Þannig var ástandið í árslok 1954.

En svo skulum við virða fyrir okkur, hvernig ástandið var orðið eftir 5 ár, þ. e. í árslok 1959, í ársbyrjun 1960, þegar núv. ríkisstj. tók við. Við skulum athuga, hvaða breyting var orðin á aðstöðu Seðlabankans á næstu 5 árum, þ. e. næstu 5 árum áður en núv. ríkisstj. tók við, í árslok 1959. Þá var eigið fé Seðlabankans, þá var stofnfé Seðlabankans 828 millj. (Gripið fram í.) Sú stefna, sem nú er fylgt í efnahagsmálum, það var tekið að beita henni frá árinu 1960. Þess vegna tel ég rétt, — hitt má gera líka, en það er því máli ekki viðkomandi, sem ég er að ræða hér, — en ef athuga skal, hvaða áhrif stefna núv. stjórnar í peningamálum hefur haft, þá verður að miða við áramótin 1959—60, því að áhrifa stefnunnar fór

ekki að geta fyrr en á árinu 1960. (**Forseti**: Ég bið hæstv. ráðh. afsökunar en ég hafði lofað, að flokksfundir mættu hefjast kl. 3.30 og að fundi yrði þá slitið. Treystir hæstv. ráðh. sér til að ljúka ræðu sinni á einni eða tveim mínútum?) Nei, það get ég ekki, — ef ég má aðeins ljúka þessum þankagangi, sem þarna er um að ræða. (**Forseti**: Hæstv. ráðh. heldur ræðu sinni áfram enn um skeið.) Stofnfé Seðlabankans var í árslok 1959 828 millj. kr. Hann hafði þá enn ekki bundið fé, en bankinn var í gjaldeyrisskuld erlendis að upphæð 191 millj. kr. M. ö. o.: hann útvegaði sér ráðstöfunarfé með því að vera í skuld erlendis, svo að samtals hafði hann yfir að ráða 1019 millj. kr. Og þessum 1019 millj. kr. varði bankinn þannig, að í endurkaupum hafði hann 858 millj., útlán stofnlánadeildarinnar voru 55 millj. og hjá bönkum og ríkissjóði átti hann 107 millj. kr. Á þessum 5 árum var m. ö. o. sú breyting orðin á aðstöðu Seðlabankans, að í stað inn fyrir að eiga gjaldeyriseign, í staðinn fyrir að hafa eigið fé sitt að hluta bundið í gjaldeyriseign, var hann nú farinn að útvega sér ráðstöfunarfé með því að skulda erlendis. Það er þetta, sem hefur verið gersamlega snúið við með þeirri stefnu í peningamálum, sem ríkisstj. hefur fylgt; að í stað þess að Seðlabankinn skuldaði erlendis, eins og hann gerði í ársbyrjun 1960, á hann nú inni erlendis um 1200 millj. kr. Og það er þetta fyrst og fremst, sem er afleiðing þeirrar stefnu, sem núv. ríkisstj. hefur fylgt í peningamálum og ég mun gera enn rækilegri grein fyrir í framhaldi ræðu minnar á næsta fundi hv. deildar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., 10. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason) [frh.]: Herra forseti. Í þeim fyrri hluta ræðu minnar, sem ég flutti í gær, lagði ég áherzlu á að sýna fram á, að megintilgangur þessa frv. og kjarni þess máls, sem hér er um að ræða, er að bæta skilyrði Seðlabankans til að auka afurðalán sín til sjávarútvegs, landbúnaðar og hefja hliðstæð lán til iðnaðar. Ég reyndi að leiða að því sem ljósust og einföldust rök með því að vitna í sjálfa reikninga Seðlabankans, að Seðlabankanum getur því aðeins orðið kleift að auka afurðalán sín, að auka útlán sín til undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar, að eitt af þrennu gerist; þ. e. að Seðlabankinn eyði sman saman gjaldeyrisvarasjóði sínum, í öðru lagi, að hann auki seðlaveltu sína, og í þriðja lagi, að hann fái aukna hlutdeild í heildarsparnaði þjóðarinnar. Fjórða leiðin er ekki til. Seðlabankinn getur því aðeins aukið útlán sín, aukið kaup sín á afurðavíxlum undirstöðuatvinnuveganna, að eitt af þessu þrennu gerist, annaðhvort að hann í staðinn fyrir að auka útlánaeign sína til undirstöðuatvinnuveganna fórni hinni aðaleign sinni, sem er gjaldeyrisvarasjóðurinn, eða ef hann á að auka þá eign sína, sem fólgin er í útlánum til undirstöðuatvinnuveganna, og halda jafnframt gjaldeyrisvarasjóðnum, þá verður ráðstöfunarfé hans að aukast, og það getur aukizt með tvennum hætti, annaðhvort með því að auka seðlaveltuna eða með því að fá aukið fé frá bankakerfinu. Um þessa þrjá möguleika er að ræða.

Ég vil ekki þurfa að eiga orðastað um það við formenn hv. stjórnarandstöðuflokka, að Seðlabankinn geti aukið útlán sín án þess að gera nokkuð annað en auka útlán. Það væri að ræða kjarna íslenzkra peningamála á svo lágu stigi, að ég ætla ekki hv. formönnum stjórnarandstöðuflokkanna að beita slíkum málflutningi. Ég ætla þeim ekki svo rangsnúinn hugsunarhátt, að þeim detti í hug, að Seðlabankinn geti aukið afurðalán sín um hundruð millj. kr., án þess að nokkuð annað gerist, sem Seðlabankann snertir. Ef svo væri, væri sannarlega miklu auðveldara að stjórna peningamálum og fjármálum en það auðvitað er. Nei, ef Seðlabankinn á að geta aukið afurðalán sín, eins og að er stefnt og allir eru sammála um, verður eitthvað annað að gerast, og það er í því sambandi, sem ég undirstrika það þrennt, sem getur gerzt það þrennt, sem er að velja á milli, er þetta: að eyða gjaldeyrisvarasjóðnum samtímis því, sem útlánin eru aukin, að afla fjár til útlána með aukinni seðlaveltu eða að fá Seðlabankanum til umráða aukinn hlut af heildarsparifé þjóðarinnar. Nú er ekki til of mikils mælzt að æskja þess — og meira að segja æskja þess mjög eindregið, að málsvarar stjórnarandstöðunnar segi alveg skýrt til um það, hvað af þessu þrennu þeir vilja láta gerast. Hvað af þessu þrennu vilja þeir láta gerast? Vilja þeir vinna það til aukningar afurðalánanna, að gjaldeyrisvarasjóðurinn smáeyðist? Vilja þeir kosta útlánaaukninguna með aukinni seðlaútgáfu? Eða vilja þeir láta Seðlabankann fá aukna hlutdeild í sparifénu, til þess að útlánaaukningin sé möguleg?

Stefna ríkisstj. er augljós. Hún er skýr. Hún kemur fram í þessu frv. Ríkisstj. vill fara það, sem ég þarna hef nefnt þriðju leiðina, þ. e. að gera Seðlabankanum kleift að auka heildarútlán sín með því móti að auka hlutdeild hans í heildarsparifé þjóðarinnar, með því að rýmka þær reglur, sem nú gilda um heimild Seðlabankans til að skylda viðskiptabanka og innlánsstofnanir til að leggja fé á reikning í Seðlabankanum. Ríkisstj. er andvíg því að auka útlánsgetu Seðlabankans með því að eyða gjaldeyrisvarasjóðnum. Ef hv. stjórnarandstaða er ósammála ríkisstj. um þetta, þá á hún að segja það. Það væri heiðarlegur og ábyrgur málflutningur. Í því er í sjálfu sér engin rökvilla, það er stefna út af fyrir sig, meira að segja stefna, sem fylgt var hér á landi um árabil, að auka smám saman afurðalánin á kostnað gjaldeyrisstöðunnar við útlönd, með því að hafa mjög verulegan halla í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd. Það var stefna, sem lengi var fylgt, það var stefna út af fyrir sig, það er stefna, sem er ekki röng í eðli sínu,

sem er ekki órökræn. En ríkisstj. er andvíg þeirri stefnu. Ríkisstj. taldi það höfuðnauðsyn, þegar hún tók við völdum, að koma upp gjaldeyrisvarasjóði, binda enda á hallann í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd, greiða hinar lausu gjaldeyrisskuldir og koma upp gjaldeyrisvarasjóði. Það hefur henni tekizt. Ef stjórnarandstaðan telur þetta hafa verið höfuðsök, á hún að segja það. Og ef hún vill vinna það til aukningar afurðalánanna að eiga að fórna gjaldeyrisvarasjóðnum, á hún að segja það. En kostur stjórnarandstöðunnar er því miður sá að viðurkenna í orði kveðnu a. m. k., að gjaldeyrisvarasjóðurinn sé nauðsynlegur og gagnlegur, gera þó heldur lítið úr þýðingu hans, en halda áfram að krefjast aukningar afurðalána Seðlabankans. Það er óábyrgur málflutningur. Ríkisstj. er líka andvíg annarri leiðinni, þeirri að auka getu Seðlabankans til útlána með því að auka seðlaveltuna eða gera annað, sem jafngilti því. Ef stjórnarandstaðan telur, að þá leið eigi að fara, ætti hún að sjálfsögðu að segja það. En það væri fullkomlega ábyrgðarlaus stefna í efnahagsmálum, fullkomlega ábyrgðarlaus stefna í peningamálum, og því ber í sjálfu sér að fagna, að það skuli þó ekki vera sagt berum orðum, því að það væri að grípa til örþrifaráða í stjórn peningamálanna. En ef við viljum halda gjaldeyrisvarasjóðnum, ef við viljum vernda hann, ef við viljum láta hann halda áfram að aukast jafnt og þétt og ef við viljum forðast það örþrifaráð í stjórn peningamála að láta seðlaveltuna aukast umfram heilbrigðar þarfir viðskiptalífsins, er ekki nema þriðja leiðin eftir, ef Seðlabankinn á að geta aukið afurðakaup sín, og hún er sú að fá Seðlabankanum aukna hlutdeild í sparifé þjóðarinnar. Þess vegna er það, sem ríkisstj. hefur markað þá stefnu, sem í þessu frv. felst.

Ég treysti því, að með þessu móti verði aðalatriði málsins svo skýr og svo ljós, að stjórnarandstaðan komist ekki hjá því að segja, hver er raunveruleg stefna hennar í málinu, og þess vegna lýsi ég enn eftir skýlausu svari við því: Hvernig á Seðlabankinn að geta aukið útlán sín nema með því að eyða gjaldeyrisvarasjóðnum eða auka seðlaveltuna eða fá aukið sparifé til umráða? Ég veit, að við því er ekki svar til, það er ekki nema um þær þrjár leiðir að ræða, en þá er að velja á milli þeirra. Það er ekki hægt að komast hjá því að taka skýra afstöðu til þessa máls og segja þá, ef menn eru andvígir því, að Seðlabankinn fái aukna hlutdeild í sparifénu, hvort menn í raun og veru stefna vitandi vits að því, að gjaldeyrisvarasjóðurinn eyðist, eða hvort menn, sem ég vil ekki ætla hv. stjórnarandstöðu, vilja virkilega, að heilbrigðum grundvelli sé algerlega kippt undan íslenzkum peningamálum með því að kosta aukin útlán Seðlabankans með aukinni sköpun peninga, með aukinni peningaveltu.

Hvort sem hv. stjórnarandstaða mannar sig upp í að svara þessum spurningum skýrt og skorinort, þá treysti ég því, að almenningi verði ljóst, hvað hér er um að ræða, og þá um leið það, að stefna ríkisstj. í þessu máli er sú eina, sem er forsvaranleg, og sú eina, sem er verjandi frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð.

Þá langar mig til að víkja að því, sem ég held að megi telja höfuðrök hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, í langri ræðu hans um þetta mál. Hann taldi, að sú stefna, sem núv. ríkisstj. hefði fylgt frá ársbyrjun 1960 í peningamálum þjóðarinnar, hafi ekki gefizt betur en sú stefna, sem fylgt var á næstu 5 árunum á undan, þ. e. á árunum 1955—1959, sem ég hef gert að umtalsefni. En í framsöguræðu minni hafði ég einmitt lagt á það mikla áherzlu, að ríkisstj. hefði, þegar hún tók við völdum í árslok 1960, tekizt að gerbreyta um stefnu í peningamálum þjóðarinnar, m. a. með því að taka fyrir hina sjálfkrafa aukningu á afurðalánum Seðlabankans og fylgja þeirri stefnu, að afurðalán Seðlabankans væru ekki aukin, nema því aðeins að Seðlabankanum væri um leið séð fyrir auknu ráðstöfunarfé. En það var eitt megineinkenni peningamálastefnunnar, sem fylgt hafði verið árin áður, sérstaklega á tímabilinu frá 1955—1959, að Seðlabankinn var látinn auka afurðalán sín, bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar, en alveg sérstaklega til landbúnaðar, án þess að honum hafi um leið verið séð fyrir auknu ráðstöfunarfé. Í þessu hafði ég sagt, að meginstefnubreytingin 1960 hafi verið fólgin, sú stefnubreyting hafi verið rétt, hún hafi verið til mikilla bóta og í raun og veru grundvöllurinn undir því, að heildarefnahagsmálastefna ríkisstj. gæti tekizt, eins og ég tel að átt hafi sér stað í meginatriðum. Þessari röksemdafærslu vildi hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, andmæla, og hann andmælti henni á eftirfarandi hátt, hann sagði: Á árunum 1955—1959 hækkaði vísitala framfærslukostnaðar úr 158 stigum í 212 stig, um 54 stig, eða um 6.8% að meðaltali á ári. Þetta gerðist á þeim árum, sem ríkisstj. telur stefnuna í peningamálum hafa verið mjög gallaða, ranga í grundvallaratriðum. Og nú spyr hv. þm., Eysteinn Jónsson: Hvernig hefur vísitalan þróazt síðan 1960, á þeim tíma, sem ríkisstj. telur stefnuna í peningamálum hafa verið rétta og heilbrigðari en áður? Og hann segir: Síðan í ársbyrjun 1960 hefur vísitalan aukizt um 44 stig, sem svarar 88 stigum eftir gömlu vísitölunni, eða um 11% á ári. Hann segir: Vísitala framfærslukostnaðar hefur vaxið hlutfallslega meira á því tímabili, sem viðskmrh. segir að rekin hafi verið heilbrigð stefna í peningamálum, en á hinu tímabilinu, sem hann segir að rekin hafi verið óheilbrigð stefna í peningamálum. — Þetta eru meginrök hv. 1. þm. Austf. gegn þeim málflutningi, sem ég hafði beitt í framsöguræðu minni. Síðan bætir hann við og leggur áherzlu á, að það sé rangt að ætla sér að stjórna efnahagskerfinu algerlega með ráðstöfunum í peningamálum, þar verði annað að koma til.

Það er vissulega hverju orði sannara hjá hv. 1. þm. Austf., að góð stjórn peningamála, heildarstjórn peningamála, er sannarlega ekki einhlít til að tryggja heilbrigða efnahagsþróun í

nokkru landi, og er hér ekki um neina nýja vizku að ræða. En stjórn peningamálanna verður m. a. að vera heilbrigð, ef heildarstefnan á að vera heilbrigð. Hins vegar er það grundvallarmisskilningur, sem röksemdafærsla hv. þm., sú sem ég gat um áðan, byggist á, að þróun verðlags sé ein mælikvarði á það, hvort stefnan í peningamálum sé heilbrigð eða óheilbrigð. Það er grundvallarmisskilningur, að dæma megi það, hvort stefna í peningamálum er heilbrigð eða óheilbrigð, eftir því einu, hvernig verðlag þróast, og enn síður eftir því, hvernig vísitala framfærslukostnaðar þróast.

Í því sambandi, svo að ég taki hana fyrst, kemur það auðvitað fyrst og fremst til mála, að vísitalan er misjafnlega áreiðanlegur mælikvarði á raunverulega verðlagsþróun, og á því er ekki nokkur minnsti efi. Það held ég, að enginn maður, sem til þekkir, dragi í efa, að á árinu 1955—1959 var vísitalan miklu ónákvæmari, miklu rangari, miklu meira villandi mælikvarði á þróun verðlagsins en hún hefur verið síðan 1960, vegna þess að þá var uppbótakerfi og haftakerfi eitt aðalhagstjórnartæki, sem beitt var með alrangri gengisskráningu og margs konar afskiptum af verðlagi innanlands og meira að segja verðlagi útflutningsafurða, þannig að undir slíkum kringumstæðum hlýtur vísitala að verða mjög ónákvæmur mælikvarði á raunverulega þróun verðlags. Það má jafnvel segja, að undir slíkum kringumstæðum sé vísitala framfærslukostnaðar mjög oft beinlínis fölsuð. Það má meira að segja segja, að eðli viðtæks uppbótakerfis sé beinlínis að falsa verðlag í landinu og þá um leið auðvitað mælikvarðann á verðlagið, sem er vísitala framfærslukostnaðarins. Um leið og horfið er frá haftabúskap, um leið og horfið er frá útflutningsbótakerfi og margs konar nákvæmum afskiptum af verðlagi, eins og gert hefur verið síðan 1960, þá um leið verður verðlagsvísitalan sjálfkrafa mun betri og nákvæmari mælikvarði á verðlagið, þó að erfitt sé að sjálfsögðu að gera slíka vísitölu þannig úr garði, að hún verði alfullkominn mælikvarði á verðlagið. En á því er enginn vafi, að síðan 1960 hafa verðlagsbreytingar mælzt sannar og réttar í breytingum á vísitölunni en þær gerðu á árunum 1955—1959, og um þetta hygg ég engan ágreining vera milli manna, sem þekkja til grundvallaratriða þessara mála. En þetta er í raun og veru aukaatriði í sambandi við röksemdafærslu hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar.

Það er rétt, að vísitalan hefur hækkað síðan í ársbyrjun 1960 hlutfallslega meir en hún gerði á árunum 1955—1959. En það segir bókstaflega ekkert um það, það er enginn vitnisburður um það, á hvoru tímabilinu stjórn peningamálanna hafi verið heilbrigðari. Þar er um grundvallarmisskilning að ræða. Þróun verðlags er auðvitað fyrst og fremst komin undir þróun framleiðslukostnaðar í landinu og þó fyrst og fremst undir þróun launa. Ef vísitala hækkar á einu árabili meir en á öðru, þá er orsökin auðvitað fyrst og fremst sú, að framleiðslukostnaður hefur vaxið meir á því tímabili, sem vísitalan hækkar meir, heldur en hinu, sem hún hækkaði minna. Sjálf stjórn peningamálanna þar er aukaatriði. Það er ekki hægt, — og það var þétta í því, sem hv. þm. sagði í því sambandi, — það er ekki hægt með því að beita stjórn peningamálanna einni, að koma í veg fyrir hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, ef stórfelldar breytingar verða á framleiðslukostnaði. Svo voldugt hagstjórnartæki er stjórn peningamálanna ekki. Það, sem gerzt hefur, er það, að síðan 1960 hefur orðið svo mikil breyting á framleiðslukostnaði í landinu, fyrst og fremst svo mikil breyting á launum, að þessi breyting hefur orðið á vísitölu framfærslukostnaðar, á verðlaginu. Hækkun framleiðslukostnaðarins, hækkun launa, hefur orðið svo miklu meiri síðan 1960 en hún varð á árunum 1955—1959, að hjá þessari hækkun vísitölu framfærslukostnaðar hefur ekki verið hægt að komast. Engin stjórn peningamála hefði getað komið í veg fyrir þessa þróun. Til þess dugir góð stjórn peningamálanna ekki. Þetta hygg ég líka að hljóti að teljast algerlega óumdeilanlegt atriði. En hitt er svo annað mál, hvort þróun verðlagsins ein er mælikvarði á það, hvort um þenslu í hagkerfinu er að ræða eða ekki.

Ef hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefði sagt sem svo, — það gerði hann að vísu ekki beinlínis, óbeinlínis vildi hann koma þessu inn hjá hv. þm. og almenningi, það er ályktunin, sem ég veit, að hann vildi láta menn draga af orðum hans, en skal segja það, sem ég hygg hans meiningu, alveg skýrt, hann vildi segja: Vegna þess að vísitalan hefur síðan 1960 hækkað um 11% á ári að meðaltali, en hækkaði ekki nema um 6.8% að meðaltali á árunum 1955—1959, er það sönnun þess, að á síðara tímabilinu, valdatíma núv. ríkisstj., hafi verið meiri þensla í efnahagslífinu en var á árunum 1955—1959. Þetta hygg ég, að hv. þm. hafi viljað segja. Þessa ályktun vill hann láta draga af þeim tölum, sem hann þarna teflir fram. En þessi ályktun er algerlega röng, því að — og það vil ég leggja á sérstaka áherzlu — það er nauðsynlegt, að allir geri sér skýra grein fyrir því, að þróun verðlagsins, sérstaklega eins og hún er mæld með framfærsluvísitölunni, er alls ekki mælikvarði á það, hvort þensla ríkir í efnahagskerfinu eða ekki. Þróun verðlagsins, sérstaklega eins og hún er mæld í vísitölu framfærslukostnaðar, er alls ekki fullnægjandi vitnisburður um þá þenslu, sem ríkir í efnahagskerfinu hverju sinni. Til þess að geta dæmt um það, hvort þenslan er meiri eða minni, er ekki nóg, — einn mælikvarði á hana er auðvitað þróun verðlagsins, — þá er ekki nóg að líta á hana eina, heldur verður jafnframt að líta á stöðuna gagnvart útlöndum. Það er hin hliðin á dæminu. Það er hægt að koma í veg fyrir áhrif mikillar þenslu á verðlagið innanlands með því að reka hallabúskap gagnvart útlöndum. Það er hægt að koma í veg fyrir áhrif mikillar þenslu á verðlagið innanlands með því að láta þensluna valda halla gagnvart útlöndum í stað þess að valda

verðhækkun innanlands. Meginbreytingin, sem hefur orðið síðan 1960, miðað við 5 næstu árin á undan, er sú, að hallabúskap gagnvart útlöndum hefur verið snúið í greiðsluafgangsbúskap í utanríkisviðskiptum þjóðarinnar, greiðsluhalla gagnvart útlöndum hefur verið snúið í greiðsluafgang gagnvart útlöndum. Þetta hefur tekizt þrátt fyrir þá miklu aukningu á framleiðslukostnaði í landinu, þetta hefur tekizt þrátt fyrir þá miklu aukningu á launum í landinu, sem orðið hefur. Þess vegna hefur tekizt að safna um 1200 millj. kr. gjaldeyrisvarasjóði síðan í ársbyrjun 1960.

Það hefur verið þensla í landinu, það er rétt, því miður. Að því leyti hefur ríkisstj. ekki tekizt að ná því markmiði, sem hún setti sér í upphafi. Það ber að játa hiklaust og skýlaust. Það gagnar engum að loka augunum fyrir þeirri staðreynd. Þensla hefur því miður verið, framleiðslukostnaður hefur aukizt, fyrst og fremst af því að laun í krónum hafa aukizt umfram aukningu þjóðartekna. Undir þeim kringumstæðum er ógerningur að koma í veg fyrir hækkun verðlags, eins og því miður hefur átt sér stað. En — og nú kem ég að kjarna málsins — en þrátt fyrir þensluna síðan 1960, þrátt fyrir þá gífurlegu aukningu framleiðslukostnaðar, sem átt hefur sér stað, þrátt fyrir þá gífurlegu aukningu launa í krónum, sem átt hefur sér stað, þrátt fyrir þá miklu hækkun verðlags, sem átt hefur sér stað, þrátt fyrir allt þetta hefur samt tekizt að safna erlendum gjaldeyrisvarasjóði að upphæð 1200 millj. kr. Hverju skyldi þetta vera að þakka? Þetta er fyrst og fremst að þakka þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í peningamálum. Þetta er fyrst og fremst afleiðing þeirrar heilbrigðu stefnu í peningamálum, sem núv. ríkisstj. tók upp 1960. Þetta er fyrst og fremst að þakka þeirri stefnubreytingu á sviði peningamálanna, sem núv. ríkisstj. kom í framkvæmd 1960 með stofnun Seðlabankans, þeirri stefnu, sem Seðlabankinn hefur fylgt í samræmi við vilja og óskir ríkisstj. En það er einmitt þessi stefna, sem nú í þessum umr. liggur undir hvað harðastri gagnrýni af hálfu hv. stjórnarandstöðu.

Ef við lítum á tímabilið 5 árin fyrir valdatöku núv. ríkisstj., árin 1955—1959, þá er það rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði: Verðlagið hækkaði minna en það hafði gert undanfarin ár, þó að það hafi að vísu hækkað mun meira en vísitalan bar vott um, — mun meira, en sleppum því, — verðlagið hækkaði minna en það hafði gert undanfarin ár. En hvað kostaði það, hvernig kom þenslan fram, hverjar voru afleiðingar þenslunnar, sem átti sér stað, fyrst hún kom ekki fram í hækkun verðlagsins innanlands? Jú, afleiðingar þenslunnar komu fram í gífurlegum greiðsluhalla gagnvart útlöndum. Á árunum 1955—1959 rýrnaði gjaldeyrisstaða þjóðarinnar um 795 millj. kr., miðað við núverandi gengi. Það var verðið, sem þá var greitt fyrir þensluna. Þenslan á þessum árum kostaði þetta. Hún kostaði 795 millj. kr. rýrnun á gjaldeyriseigninni. Og það var vegna þess, að óheilbrigðri stefnu var fylgt í peningamálum þjóðarinnar. Seðlabankinn stjórnaði ekki peningamagninu, sem í umferð var innanlands. Hann var látinn auka útlán sín ár frá ári. Peningamagnið í landinu var aukið, auðvitað með þeirri afleiðingu, að hallinn gagnvart útlöndum jókst frá ári til árs og varð á þessu 5 ára tímabili samtals hvorki meira né minna en 795 millj. kr. (Gripið fram í.) Já, það er talið með. Ef við tökum tímabilið síðan í ársbyrjun 1960, hefur batinn á gjaldeyrisstöðunni orðið 1394 millj. kr. M. ö. o.: í stað þess að gjaldeyrisstaðan hefur versnað 1955—1959 um 795 millj. kr., hefur hún batnað um 1394 millj. kr. síðan í ársbyrjun 1960, miðað við sambærilegt gengi. Það er þessi gerbreyting á afstöðunni út á við, sem er meginafleiðingin af gerbreyttri stefnu í peningamálum innanlands. Þetta er kjarni þess máls, sem hér er um að ræða.

Það er til þess að varðveita þessa meginstefnu, sem hefur haft þennan árangur, sem ríkisstj. fylgir þeirri stefnu, sem þetta frv. er grundvallað á. Ef nú væri aftur horfið frá stefnunni, sem fylgt hefur verið síðan 1960, og tekin upp sú stefna, sem fylgt var á árunum 1955—1959, m. ö. o. að láta Seðlabankann auka útlán sín án þess að tryggja honum fé til þess að standa undir útlánunum, þá mundi aftur síga á sömu ógæfuhlið og áður, þá mundi gjaldeyrisaðstaðan aftur taka að versna, þá mundi heildarniðurstaðan út á við verða sú sama og hún var á árunum 1955—1959.

Nú er það auðvitað fjarri mér að segja, — það skal ég taka fram til að spara hv. stjórnarandstæðingum að snúa út úr þessu máli mínu, — auðvitað dettur mér ekki í hug að halda því fram, að sá gífurlegi bati, sem orðið hefur á gjaldeyrisstöðunni eða afkomunni gagnvart útlöndum, eigi eingöngu rót sína að rekja til þess, að gerð hefur verið gagnger breyting á stefnunni í peningamálum innanlands. Fleiri atriði koma þar auðvitað til greina, aukin framleiðsla fyrst og fremst og bætt verzlunarárferði, hækkandi verðlag á ýmsum útflutningsafurðum og hagstæð breyting á viðskiptakjörum. En það, sem skiptir meginmáli, er, að jafnvel þó að þetta hefði snúið gjaldeyrisstöðunni nokkuð til betri vegar, þótt aukin framleiðsla hefði auðvitað haft í för með sér batnandi gjaldeyrisaðstöðu og hækkandi verðlag hefði haft áhrif í sömu átt og þótt breytt viðskiptakjör hefðu auðvitað haft áhrif í sömu átt, þá hefði sú þróun samt sem áður ekki nægt til að gera þá gerbreytingu á gjaldeyrisstöðunni út á við, sem orðið hefur, ef grundvöllurinn innanlands hefði ekki verið heilbrigður, ef ekki hefði verið snúið frá villu í íslenzkum peningamálum til heilbrigðrar stefnu í íslenzkum peningamálum. Það er meginatriði þess máls, sem hér er um að ræða.

Raunar er það svo, að það er ekki aðeins á þessum árum, árunum 1961 og 1962, sem framleiðsla hefur verið mikil og verzlunarárferði gott. Árið 1958 var hagstæðasta ár, sem komið hafði fyrir íslenzkt atvinnulíf fram til þess tíma. Það eru aðeins árin 1961 og 1962, sem eru hagstæðari en árið 1958, þannig að á tímabil-

inu 1955—1958 gætti líka geysihagstæðra áhrifa, og niðurstaða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum í árslok 1958, sem oft er vitnað til af hv. stjórnarandstöðu, á auðvitað rót sína að rekja til þess, að árið 1958 var óvenjulegt aflaár og óvenjulega hagstætt hvað verzlunarárferði snerti, — eins og ég sagði áðan, hagstæðasta ár, sem komið hafði til þess tíma á Íslandi, — og það er auðvitað meginskýringin á því, hvernig afstaðan var til bráðabirgða í árslok 1958. En samanburðurinn við þau árslok er algerlega villandi, vegna þess að sá gjaldeyrir safnaðist fyrir á árinu 1958, stóð aðeins stutt við og hvarf á næsta ári vegna þeirrar grundvallarstefnu, sem fylgt var og var röng, fyrst og fremst í peningamálunum innanlands, enda voru í skjóli góðærisins 1958 gerðar ráðstafanir á gjaldeyrinum, sem komu til framkvæmda strax á árinu 1959 og eyddu upp til agna þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem fyrir var í árslok 1958. Það er því algerlega villandi, og ég vil því miður segja: áreiðanlega vísvitandi villandi, þegar á því er hamrað sýknt og heilagt, að bráðabirgðagjaldeyrisstaðan í árslok 1958 sé einhver sönnun á því, að sú stefna, sem fylgt hafði verið á þeim áratug eða á 5 undangengnum árum, hafi verið rétt og heilbrigð, enda kom það í ljós. Þessi gjaldeyrisvarasjóður hvarf eins og dögg fyrir sólu á árinu 1959 vegna ráðstafana, sem gerðar voru á árinu 1958.

Í ræðu sinni lagði hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, og mikla áherzlu á það, að í málflutningi mínum og ríkisstj. yfirleitt á undanförnum árum hafi verið gert allt of mikið úr þýðingu þess, að gjaldeyrisvarasjóðurinn hafi vaxið, vegna þess að hann sagði, að á móti aukningu gjaldeyrisvarasjóðsins hafi komið auknar erlendar lántökur, bæði mikil aukning fastra lána og auk þess mikil aukning lausaskulda verzlunarinnar, sem hann taldi vera orðnar óeðlilega miklar. Ég held, að það sé rétt að nota þetta tilefni til að hrekja einu sinni fyrir allt villurnar í þessum málflutningi, til að skýra einu sinni fyrir allt frá réttum tölum um þessi efni. Undanfarna mánuði hefur mátt lesa það í blöðum stjórnarandstöðunnar hvað eftir annað, að aðstaða landsins út á við, heildaraðstaða landsins út á við sé verri en hún var í árslok 1958 og hún hafi yfirleitt verið að versna á undanförnum árum samtímis því, sem stjórnin gumi geysimikið af því, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi batnað svo mjög sem allir þekkja til eða allir vita. Áður en ég skýri frá tölum, sem ég hef óskað að teknar væru saman um þetta efni og eru öruggar og algerlega óyggjandi, finnst mér nauðsynlegt að skjóta því fram, að umr. um lausaskuldir verzlunarinnar eða staðhæfingar um þýðingu þeirra talna eru mjög villandi. Í fyrsta lagi er þess að geta, að til skamms tíma var það ekki leyft, að innflytjendur stofnuðu til stuttra vörukaupalána erlendis. Hins vegar var það á allra vitorði, að það var um slík vörukaupalán að ræða og áreiðanlega í stórum stíl. Það var ógerningur fyrir gjaldeyrisbanka að hafa eftirlit með því, að slík lán væru ekki tekin. Það þótti hins vegar ekki samrýmast innflutningshöftum og gjaldeyrishöftum að leyfa slíkar lántökur. Þess vegna var það ekki gert að forminu til, en það var viðurkennt í reynd, að um slík lán væri að ræða, með því að gera aldrei, ekki áratugum saman, neina gangskör að því að ganga úr skugga um, hvort um slíkar lántökur væri að ræða eða ekki, og taka fyrir þær, ef svo reyndist vera. Ég vil því leyfa mér að fullyrða, að allar ríkisstj., sem hafa setið að völdum undanfarna áratugi, og öll gjaldeyrisyfirvöld og allar stjórnir gjaldeyrisbanka hafi vitað, að um slíkar lántökur var að ræða í meiri eða minni mæli, og þau hafi í raun og veru viðurkennt nauðsyn og réttmæti slíkra lána erlendis, svo framarlega sem þau færu ekki fram úr vissu marki, með því að aðhafast ekkert til að koma í veg fyrir slíkar lántökur. Núv. ríkisstj. tók hins vegar upp þá heilbrigðu stefnu í þessu efni, eins og mörgum öðrum, að opna augun og forða mönnum frá því að þurfa að fara á bak við yfirvöld í þessum efnum og leyfa þessar lántökur upp að vissu marki, en hafa eftirlit með þeim. Það er því algerlega villandi, þegar upphæð þessara lána er tekin með í heildaraðstöðuna út á við á þann hátt, að þessi lán séu talin hafa engin verið fyrr en 1960 og aukning þessara lána talin vera hrein nettóskuldaaukning erlendis. Það er villandi. En vegna þess að engar skýrslur eru til um upphæð þessara lána, áður en farið verður að leyfa þau, þá er í sjálfu sér ekkert í þessu hægt að gera, og ég skal ekki gera neina tilraun til að áætla, hvað þau lán hafi verið mikil áður, heldur taka lánin eins og þau eru núna samkv. skýrslum, eins og þau nú eru á pappírnum, sem hreina skuldbindingu gagnvart útlöndum. Ég viðurkenni, að í skýrslum er ekki hægt að gera annað en þetta. En ég vek athygli á því, að þetta er í sjálfu sér rangur samanburður.

Áður en ég kem að þeim töluupplýsingum, sem ég vildi veita, vildi ég líka vekja athygli á því, að þegar heildarstaða landsins gagnvart útlöndum er metin, er í sjálfu sér engan veginn nóg að benda á, hver er nettóskuld landsins gagnvart útlöndum. Sú tala, ef hún er t. d. 2000 millj. kr., segir í raun og veru ákaflega lítið, að eitt árið hafi hún verið 2000 millj., annað árið hafi hún verið 1500 millj., einhvern tíma í fyrndinni hafi hún verið 1000 millj., þ. e. heildargjaldeyrisskuld landsins gagnvart útlöndum. Slíkur samanburður er svo yfirborðslegur, að við honum verður að gjalda mikinn varhug, því að auðvitað skiptir meginmáli, hvernig heildarskuldin er samsett. Það skiptir auðvitað meginmáli, hversu mikill hluti skuldarinnar er föst, erlend, umsamin lán og hversu mikill hluti skuldarinnar er lausaskuldir, og þá hvernig greiðsluháttur þeirra lausaskulda er. Það skiptir auðvitað líka meginmáli, hvort hin föstu, umsömdu lán eru til stutts tíma, hvort þau eru til 3 ára eða hvort þau eru til 30 ára. Þetta er svo augljós staðreynd, að ekki ætti

að þurfa að undirstrika hana mjög rækilega. En það er einmitt þetta, sem gerir samanburð á heildarskuldum landsins gagnvart útlöndum og þá jafnframt heildarnettóskuldum landsins gagnvart útlöndum svo varhugaverðan frá ári til árs, ef engar frekari skýringar fylgja, að sú breyting hefur á síðasta áratug orðið á samsetningu heildarskulda Íslands gagnvart umheiminum, að hlutdeild langra og fastra lána í heildarnettóafstöðu landsins gagnvart útlöndum, að hlutdeild fastra, umsaminna lána með góðum kjörum og löngum gjaldfresti hefur stórlega vaxið, en hlutdeild stuttra lána, 3—7 ára lána, með dýrum vöxtum hefur stórkostlega minnkað, og í þriðja lagi hafa lausaskuldir gjaldeyrisbankanna algerlega horfið. Sú tegund skulda, sem hefur aukizt umfram föst, umsamin lán til langs tíma, eru lausaskuldir verzlunarinnar, en um þennan skuldalið gildir einmitt það, sem ég sagði áðan, að sú aukning, sem í skýrslum kemur fram, er ekki raunveruleg, og sú upphæð, sem nú er um að ræða, um 600 millj. kr., verður engan veginn talin óeðlilega há upphæð miðað við heildarinnflutning til landsins. Það er alþjóðleg venja í alþjóðaviðskiptum, að seljendur veiti innflytjendum í öðru landi nokkurn gjaldfrest, minnst 2 og upp í 3 mánaða gjaldfrest. Það er heilbrigð viðskiptavenja. Seljandinn hefur aflað sér síns fjármagns með hliðsjón af því að geta veitt slíkan gjaldfrest og getur því oft lánað kaupanda í öðru landi fé með tiltölulega ódýrum hætti í slíku formi. Varðandi hin stuttu lán verzlunarinnar er því það að segja, að það er skoðun mín, þó að ég geti ekki sannað það, að aukningin sé alls ekki mjög veruleg og engan veginn sú, sem skýrslurnar bera vitni um, og svo í öðru lagi, og það er augljóst öllum, sem vilja skoða það, að 500—600 millj. kr. 1—3 mánaða viðskiptaskuldir gagnvart erlendum seljendum eru ekki óeðlilega há upphæð, og má segja, að þar sé um að ræða eins konar gjaldeyrisvarasjóð, sem Íslendingar geti fengið aðgang að með tiltölulega ódýrum hætti í utanríkisviðskiptum sínum, og það er sjálfsagt fyrir Íslendinga eins og allar aðrar þjóðir að nota sér heilbrigðar lánsheimildir í venjulegum, eðlilegum viðskiptum. Það væri barnaskapur að gera það ekki. Sú þjóð, sem notar sér ekki slíkan 1—3 mánaða gjaldfrest í utanríkisviðskiptum sínum, ef einhver þjóð notar hann ekki, þá er það venjulega af því, að hún fær ekki að nota hann, af því að erlendir seljendur treysta ekki innflytjendunum og vilja ekki lána þeim vörur til landsins með slíkum gjaldfresti. Hafi þessi gjaldfrestur fyrir 5—10 árum verið mun minni en hann er í ár, á það án efa að einhverju leyti rót sína að rekja til þess, að íslenzkum innflytjendum var þá miður treyst vegna þess, hve gjaldeyrisaðstaða landsins var veik. Erlendir seljendur vildu ekki selja annað en gegn staðgreiðslu til landsins, af því að þeir treystu því ekki að fá greiðslu, þegar gjaldfresturinn væri liðinn. Einn af kostum þess, að land hafi sterka gjaldeyrisaðstöðu, einn af kostum þess, að land eigi gjaldeyrisvarasjóð, er einmitt sá, að með því móti á landið auðveldara með að fá heilbrigðan og ódýran gjaldfrest á vörukaupum sínum til landsins. Málflutningur stjórnarandstöðunnar um þetta efni er því í raun og veru, ef hann er skoðaður ofan í kjölinn, mjög villandi, jafnvel rangur í grundvallaratriðum.

Þetta var eins konar innskot, sem ég bið menn að hafa í huga, þegar menn heyra þær tölur, sem ég skal nú lesa upp varðandi heildargjaldeyrisstöðu landsins gagnvart útlöndum. Ég held raunar, að rétt sé, að ég lesi líka tölur um föst erlend lán, vegna þess að ég efast um, að heildarskýrslur um það efni hafi áður verið birtar opinberlega hér í þeim ritum, sem annars birta reglulegar skýrslur um þessi efni. Ég skal þá fyrst lesa heildarupphæð fastra erlendra lána Íslendinga í lok hvers árs síðan 1954. Það eru opinber lán, lán vegna fiskibáta og önnur einkalán, en ég les aðeins heildartöluna til að íþyngja hv. þm. ekki allt of mikið með allt of mörgum tölum. En niðurstöðutala fastra erlendra lána síðan 1954 er sem hér segir:

1954 788.7 millj. kr., 1955 811.4 millj. kr., 1956 1177.9 millj. kr., 1957 1654.7 millj. kr., 1958 1924.6 millj. kr., 1959 2491.5 millj. kr., 1960 2871.9 millj. kr., 1961 2853,1 millj. kr., 1962 2775.6 millj. kr. M. ö. o., upphæð fastra erlendra lána í lok s. l. árs var lægri en hún var í árslok 1960, hún nam í árslok 1962 2775.6 millj. kr., en hún nam í árslok 1960 2871.9 millj. kr. Á árunum 1961 og 1962 tókst m. ö. o. að lækka föst erlend lán Íslendinga um u. þ. b. 100 millj. kr., eða upphæð, sem þarna er um að ræða (**Gripið fram í:** En hvað er til viðbótar 1963?) Kemur á eftir.

Í þessu sambandi ber svo einnig að hafa það í huga, sem ég gat um áðan, að í sambandi við þessar heildartölur skiptir það meginmáli, hvernig samsetning lánanna er, og hún hefur breytzt mjög verulega, þannig að hlutdeild lána til langs tíma með góðum kjörum hefur stórvaxið, en hlutdeild stuttra lána með óhagstæðum kjörum hefur stórminnkað, og það skiptir í raun og veru miklu meira máli en heildarupphæð lánanna. Um það eru eflaust allir, a. m. k. þeir, sem setið hafa í ríkisstj., sammála mér, að erlendar lántökur Íslendinga í heild eru enn engan veginn orðnar eins miklar og þær mættu gjarnan vera, ef við ættum kost á lánum til nógu langs tíma og með nógu góðum kjörum. En það, sem gerir mikil erlend lán varhugaverð, er það, ef þau eru til stutts tíma og ef þau eru með óhagstæðum kjörum. Og það, sem var höfuðgallinn á skuldaupphæðinni, sem átti sér stað, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, sem var þá tæpar 2500 millj. kr., höfuðhættan við þá erlendu skuld var sú, hversu mikill hluti skuldarinnar voru lán til stutts tíma með óhagstæðum kjörum.

Auðvitað segir þetta ekki allt um stöðuna gagnvart útlöndum. Það er alveg rétt, sem margoft hefur verið sagt: Þetta eitt segir ekki alla söguna, frekar en gjaldeyrisstaða bankanna ein segi alla söguna og frekar en verzl-

unarskuldirnar segi alla söguna. Vilji menn mynda sér hugmynd um heildarstöðuna gagnvart útlöndum, þarf að taka þetta allt saman í eina tölu, föstu erlendu lánin, gjaldeyrisstöðuna og vörukaupalánin innanlands. Og það hefur hér verið gert, og nú skal ég leyfa mér að lesa þá niðurstöðu. Það er hún, sem í sjálfu sér skiptir máli í þessari deilu. Það er hún, sem skiptir máli í þeirri deilu, sem átt hefur sér stað undanfarnar vikur, mánuði og ár um það, hver sé raunveruleg gjaldeyrisstaða landsins gagnvart útlöndum. Það er í raun og veru alveg furðulegt, og í raun er verið að misbjóða almenningi, misbjóða dómgreind almennings algerlega, að það skuli geta átt sér stað, að blöð stjórnarandstöðunnar, meira að segja alþm. hér standi hver framan í öðrum og blöðin rífist hvort við annað um það, hver sé raunveruleg staða landsins gagnvart útlöndum. Þetta eru þó allt saman tölur, sem tiltölulega lítill vandi er að taka saman eða fá teknar saman.

Ég hef áður skýrt frá tölum um þetta á einstökum árum. Það hafa blöð stjórnarandstöðunnar látið eins og vind um eyrun þjóta og haldið áfram að endurtaka staðhæfingar, stundum studdar röngum tölum, oftast studdar engum tölum, um það, að heildarstaða landsins gagnvart útlöndum hafi farið versnandi undanfarin ár, einkum sé hún verri en hún var 1958, og margendurtekið: hún hefur farið versandi undanfarin ár. En um þetta á ekki að þurfa að deila, og hér skal ég nú leyfa mér að lesa tölur um þetta, með leyfi hæstv. forseta, síðan í árslok 1954. En niðurstaðan af föstum erlendum lánum, gjaldeyrisstöðu og vörukaupalánum alls er sem hér segir:

1954, skuld 461.5 millj. kr., 1955 801.1 millj. kr., 1956 1299.3 millj. kr., 1957 1859.9 millj. kr., 1958 2044.7 millj. kr., 1959 2685.3 millj. kr., 1960 2986.8 millj. kr., 1961 2620 millj. kr. og 1962 2038.1 millj. kr.

M. ö. o.: heildargjaldeyrisskuld Íslands gagnvart útlöndum náði hámarki í lok ársins 1960 og nam þá tæpum 3000 millj. kr., eða 2986.8 millj. kr. Þetta var fyrirsjáanlegt árið 1959, eftir að stjórn Hermanns Jónassonar var farin frá völdum, á árinu 1959 og árinu 1960, að heildargjaldeyrisstaða landsins mundi fara versnandi til ársloka 1960, einmitt vegna þess, hve tekin höfðu verið mörg stutt lán erlendis á árunum 1956—1959. Og stuttu lánin 1959 voru að mjög verulegu leyti afleiðing ákvarðana, sérstaklega um skipakaup, sem teknar höfðu verið á árinu 1958. Það var ekki heldur við því að búast, að stefnubreytingin, sem núv. ríkisstj. ákvað í ársbyrjun 1960, gæti haft áhrif á því sama ári, það væri sannarlega til allt of mikils mælzt. En við gerðum okkur von um, að hún mundi hafa áhrif árin 1961 og 1962 til lækkunar á hinum stuttu og dýru lánum erlendis. Og þessar tölur, sem ég hef lesið, bera ótvírætt vitni um, að það hefur tekizt. Á undanförnum tveimur árum, á árunum 1961 til 1962, hefur heildarskuld landsins gagnvart útlöndum minnkað um næstum 1000 millj. kr., hún hefur lækkað, og þessari tölu bið ég um að veita sérstaka athygli, heildarskuld landsins hefur lækkað á undanförnum árum, 1961—1962, úr 2986.8 millj. kr. í 2038.1 millj. kr., eða um tæpan 1 milljarð kr. Það er í þessu, sem ég æ ofan í æ held fram, að fyrst og fremst komi fram jákvæður árangur efnahagsmálastefnu núv. ríkisstj. Það hefur tekizt að minnka skuldabyrðina erlendis um þessar 1000 millj. kr. vegna greiðsluafgangs í utanríkisviðskiptunum á árunum 1961—1962, og þó er batinn í raun og veru miklu meiri en þetta, af því að hlutdeild stuttu lánanna og dýru lánanna í heildarlánasúpunni hefur minnkað alveg stórkostlega. Það er því ekki rétt, að skuldirnar í árslok 1962 hafi verið hærri en þær voru í árslok 1958, þær voru í árslok 1962 nokkru lægri en þær voru í árslok 1958, þó munar það ekki mjög miklu. Skýringin á því er sú, sem ég sagði áðan, að á árinu 1958 batnaði gjaldeyrisstaðan til bráðabirgða mjög verulega vegna metafla, sem þá var, og hagstæðra gjaldeyrisviðskipta að öðru leyti, en á því sama ári voru ákvarðanir teknar um ráðstöfun meira en alls þess gjaldeyris, sem safnaðist á árinu 1958, enda kom það í ljós strax á árinu 1959, að þá var um gífurlegan greiðsluhalla að ræða og gjaldeyrisvarasjóðurinn hvarf, eins og ég sagði áðan, eins og dögg fyrir sólu. Þess vegna er það í raun og veru alveg út í bláinn að miða nokkurn alvarlegan samanburð við gjaldeyrisstöðu í árslok 1958, sem vitað var að var eingöngu til bráðabirgða. Það hafði verið gjaldeyrisskuld í árslok 1957 og var aftur komin gífurleg skuld í árslok 1959, — að einblína stöðugt á örlítinn gjaldeyrisvarasjóð 1958 sem tákn þess, að mörg undanfarin ár hafi verið rekin skynsamleg stefna, það er svo villandi sem mest má vera. Og það er þeim til lítils sóma, sem hafa gefið í sér til að halda áfram að hamra stöðugt á slíkri blekkingu.

Einu atriði vil ég að síðustu bæta við að gefnu sérstöku tilefni af hálfu hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar. Í tilefni af þeirri margendurteknu staðhæfingu hans í ræðu hans hér í þessari hv. þingdeild og vegna margendurtekinna fullyrðinga af hálfu stjórnarandstöðunnar í heild um, að það sé inntak stefnu ríkisstj. í peningamálum að halda sparifé úr umferð, að takmarka útlán, í því sambandi vildi ég leyfa mér að minna á, hve gífurleg aukning útlánanna hefur verið á undanförnum árum. Samkvæmt upplýsingum í Fjármálatíðindum Seðlabankans námu heildarútlán banka og sparisjóðs í ársbyrjun 1960 3899.0 millj. kr. Í lok sept. s. l. námu heildarútlán banka og sparisjóða 6134.5 millj. kr. Síðan í árslok 1960 hafa útlán banka og sparisjóða m. ö. o. aukizt um hvorki meira né minna en 2200 millj. kr., um meira en tvo milljarða. Ber þetta vitni um, að ríkisstj. hafi lagt ofurkapp á að takmarka útlán, sýna atvinnuvegunum fjandskap með því að frysta sparifé? Getur það verið rétt, að útlán vaxi um 2200 millj. kr., samtímis því sem níðzt sé á atvinnuvegunum með því að halda fyrir þeim sparifé landsmanna, halda því úr

umferð? Nei, hitt er auðvitað sanni nær, eins og hv. þm. Framsfl., prófessor Ólafur Jóhannesson, hélt fram í útvarpsumræðum hér á hinu háa Alþ. fyrir skemmstu, að ef gagnrýna má núv. ríkisstj., ef gagnrýna má Seðlabankann og bankakerfið fyrir eitthvað í meðferð peningamála og fjármála, þá er það frekar fyrir það, að útlánaaukningin hafi einkum upp á síðkastið verið óvarleg, enda var það kjarni í málflutningi sjálfs varaformanns Framsfl., prófessors Ólafs Jóhannessonar, að ríkisstj. hefði á þessu ári a. m. k. gert þá höfuðskyssu að leyfa bönkunum að auka á útlán sín með mjög ógætilegum hætti. Það er sannarlega ekki samræmi í þessum málflutningi varaformanns Framsfl. og þeim ásökunum formanns flokksins, að ríkisstj. takmarki útlánin með alveg óeðlilegum hætti á þann hátt að frysta sparifé landsmanna. Það sem af er þessu ári hafa útlán banka og sparisjóða aukizt um hvorki meira né minna en 1000 millj. kr., á þessu eina ári, eða frá ársbyrjun til septemberloka, á 9 mánuðum þessa árs hafa útlán banka og sparisjóða aukizt um næstum helming þess, sem þau hafa aukizt um allar götur frá ársbyrjun 1960. Bera þessar tölur vitni um, eru þær staðfesting á þeirri höfuðgagnrýni hv. formanns Framsfl., Eysteins Jónssonar, að ríkisstj. sé að níðast á atvinnuvegunum með því að halda fyrir þeim lánsfé, með því að frysta sparifé í Seðlabankanum? Nei, hér er auðsjáanlega um rangan málflutning að ræða. Með þessi móti held ég, að ég hafi vikið að öllum meginatriðunum, sem fram hafa komið í ræðum formanna stjórnarandstöðuflokkanna um þetta mikilvæga frv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég er vanur að tala blaðalaust, en ég skrifaði nú hluta af ræðu minni og verð þess vegna ekki eins skemmtilegur, og er þó af litlu að taka. Annars er freistandi að svara hæstv. viðskmrh. nokkrum orðum og eiginlega varla hægt að komast hjá því. Ég er að hugsa um að enda samt á því.

Það er ekki nýtt, að þessi hæstv. ráðh. skammi sjálfan sig. Hann vill aldrei taka árið 1959 með, þegar hann er að reikna út ástæðurnar hjá þjóðarbúinu, en framsóknarmenn bera a. m. k. enga ábyrgð á því ári, og ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi verið einn aðalmaðurinn í stjórn þá. Það er þess vegna ómögulegt fyrir hann að sleppa við að taka það með, ef á að taka dánarbú Framsfl., þegar hann skildi við, og gera það upp.

Árið 1959 var útkoman á gjaldeyrisstöðunni þannig, eða ástandið breyttist þannig, að í raun og veru versnaði gjaldeyrisaðstaðan um 1038 millj., hvorki meira né minna, og þegar er verið að tala um útkomuna á tímabilinu frá 1954—1959 og segja, að hallinn hafi verið 795 millj., þá er það eitthvað rúmum 2000 millj. minna en hallinn var árið 1959, þegar hann var aðalmaðurinn í ríkisstj., og þetta er einfaldlega þannig, að fést erlend lán samkv. því, sem hann las upp áðan, hækkuðu á þessu tímabili, á árinu 1959, um 567 millj. og greiðsluhallinn versnaði frá því að vera jákvæður um 228 millj. í að vera neikvæður um 143 millj., eða um 471 millj. Samtals eru þetta 1938 millj. Þetta er allt birt í Fjármálatíðindum, og getið þið séð það þar. Það er ekki ég, sem skrökva því. Viðskmrh. þurfti ekkert að vera að taka þessi 5 ár, hann getur bara tekið þetta eina ár, og þá er hallinn kominn og miklu meira en það.

Ég er ekkert að hæla fjármálastjórn Framsfl. Það voru margar yfirsjónir, sem sá flokkur gerði, en það er alveg óþarfi að vera að gera hans yfirsjónir meiri en þær eru. Hann getur átt þessa yfirsjón einn, hæstv. ráðh. Þessi halli er ekki kominn á þeim árum, sem Framsfl. var í stjórn með þessum hæstv. ráðh., heldur getur hann átt þetta bara einn.

Á tímabilinu, sem Framsókn var í stjórn, var eitthvað gert til gagns. Það voru byggðar verksmiðjur, og það voru miklar umbætur gerðar. Hann talaði ekki um það, þó að það séu fleiri milljarðar, sem lagðir séu í umbætur á þjóðarbúinu. Það er ekki étið upp. En það skal ég segja, því að ég vil aldrei halla á neinn og vil segja satt, að vörubirgðir jukust árið 1959. Raunverulegur halli var ekki 1038 millj., — það má deila um það, það er að deila um keisarans skegg; — í raun og veru eru seljanlegar útflutningsvörur sama og erlendur gjaldeyrir. En ég hygg, að raunverulegi hallinn hafi þá verið nálægt því, sem hæstv. ráðh. telur að hann hafi verið á 5 árum, þannig að það þarf ekkert að vera að taka þetta 5 ára tímabil. Hæstv. ráðh. getur bara tekið þetta eina ár. Annars var hann að lesa upp föst erlend lán hér og sagði, að það hefði enginn þessar sönnu upplýsingar nema hann. En þetta er ekki rétt, því að þetta er birt allt í Fjármálatíðindum. Hins vegar reyndi hæstv. ráðh. að blekkja á því viðvíkjandi lausaskuldum og gjaldeyrisábyrgðum, að þær hefðu verið miklar árið 1958, en sannleikurinn er sá, að þær voru sáralitlar. En það var farið að leyfa þær lántökur, eftir að þessar efnahagsráðstafanir voru gerðar 1960, því að bannað var að lána mönnum innanlands nema mjög takmarkað, en leyft að taka lán erlendis, og það breytir viðhorfinu. En ég ætla að svara hæstv. ráðh. að nokkru leyti síðar, en byrja þá á þeirri ræðu, sem ég var búinn að semja, áður en hann hélt þessa ágætu ræðu sína.

Í frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, felast tvær breytingar, sem báðar miða að því að binda meira fé í Seðlabankanum. Látið er í veðri vaka, að þetta sé gert til þess, að hægt sé að lána meira út á afurðir. Að mínu áliti er þetta eigi ástæðan, heldur hitt, að með því að binda meira fé í Seðlabankanum á að reyna að draga úr fjárfestingunni. Morgunblaðið, sem telja verður aðalmálgagn ríkisstj., hefur talað um það í 4 ár, hve viðreisnin hafi tekizt vel og hve gjaldeyrissjóðir þjóðarinnar væru orðnir gildir. Í nokkrar vikur hefur blaðið hins vegar ekki minnzt á þessa hluti. Það bendir til þess, að

eitthvað sé að. Ekki þyrfti að gera þessar ráðstafanir, ef allt væri í lagi, ef viðreisnin hefði tekizt vel. Allir vita, að óvenjulega mikill skortur er á rekstrarfé hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Nú á að skylda allar innlánsstofnanir til að leggja 25% af öllu innstæðufé inn á bundinn reikning í Seðlabankanum. Enn fremur er Seðlabankanum heimilað að selja gengistryggð verðbréf. Á þann hátt er Seðlabankanum sköpuð alger sérstaða að draga til sín sparifé þjóðarinnar. Ráðh. hélt því fram, að þetta mundi sannfæra þjóðina um, að gengið yrði ekki fellt. Því fer fjarri. Seðlabankinn á ekkert á hættu. Hann átti í sepemberbyrjun 1081 millj. í erlendum innstæðum, sem hækka í verði, ef gengið er lækkað. Aðrir bankar geta ekki selt gengistryggð verðbréf án áhættu og er raunar ekki leyft. Framkvæmi Seðlabankinn útgáfu slíkra verðbréfa í stórum stíl, hlýtur það að verka lamandi á þjónustu annarra lánsstofnana við almenning.

Það dylst engum, að eitthvað er að, og eigi úr því að bæta, ber að leita orsakanna. Árið 1960 var gengið lækkað um ca. 27% meira en verðgildi krónunnar stóð raunverulega þá, miðað við útflutningsverzlunina, og vextir stórhækkaðir. Þessar ráðstafanir verkuðu gagnstætt. Vaxtahækkunin á að draga úr eftirspurn eftir lánsfé, en gengislækkanir auka ábyrgðarleysi í fjármálum og eftirspurn eftir lánsfé. Aftur var gengið lækkað 1961. Þessar ráðstafanir eru hliðstæðar því, ef tveir menn ætla að setja bát, og togi annar í landátt, en hinn til sjávar.

Það er réttmæt ráðstöfun að taka vísitöluna úr sambandi. Lengra átti ekki að ganga, og allt, sem ég sagði um það mál 1960, er komið fram. Gengið hefur raunverulega verið lækkað um 40%, þannig að sparifjáreigendur hafa enga vexti fengið af fé því, sem þeir áttu 1960. Eftirspurn eftir lánsfé er ótakmörkuð. Rekstrarfjárþörfin óx mjög við verðhækkanir og fólkið trúir eigi öðru en krónan haldi áfram að lækka, hvað sem yfirlýsingu ráðh. líður. Þeir tala nú í svipuðum tón og ég gerði 1960. Það er erfitt að stöðva steininn, þegar búið er að velta honum af stað í brattri brekku. Ég skal ekki fullyrða um, hvort krónan verður lækkuð, en hitt veit ég, að nú er erfiðara að stöðva hana en 1960. Síðustu missirin hefur hún raunverulega óbeint verið að lækka, því að minna verðmæti fæst fyrir hverja krónu nú en fyrir einu ári. Rétt var að láta þjóðina eignast hæfilegan gjaldeyrissjóð til þess að koma í veg fyrir svartamarkaðsbrask og yfirfærsluörðugleika. Að því leyti til var réttlætanlegt að binda hluta af sparifé í Seðlabankanum. En jafnhliða því, sem hluti af sparifé efnalítils fólks hefur verið bundinn, því að ríkir menn eiga ekki peninga í sparisjóðsbók, hefur einstaklingum og fyrirtækjum verið leyft að taka vörukaupalán erlendis og kaupa skip, bíla og veiðarfæri, að einhverju leyti með margra ára gjaldfresti.

31. ágúst var gjaldeyriseignin samkv. Fjármálatíðindum, sem ég held að sé eitt áreiðanlegasta rit um fjármál, sem gefið er út, því að t. d. síðustu Fjármálatíðindi virðast mér vera óhlutdrægt skrifuð og því ábyggilegar tölur, sem hægt er þar að fá, og miklu áreiðanlegri tölur en hér eru oft lesnar upp, — 31. ágúst var gjaldeyriseignin 1130 millj. Stuttar ábyrgðir voru þá hjá bönkunum 345 millj. Aðrar greiðsluskuldbindingar voru 475 millj. Þar frá má draga kröfur, sem bankarnir áttu á önnur lönd, 151 millj. Hin raunverulega gjaldeyriseign var því í ágústlok, — þetta hefur eðlilega breytzt síðan, því að það breytist hvern mánuð, — 461 millj., þegar búið er að draga frá stuttar ábyrgðir og aðrar greiðsluskuldbindingar. Þetta er raunveruleg gjaldeyriseign í ágústlok, 461 millj., þegar ekki er tekið tillit til fastra, umsaminna lána. En þessi gjaldeyriseign var í árslok 1958 288 millj. Hin raunverulega gjaldeyrisstaða hefur því batnað um 170 millj. En það skal tekið fram, eins og ráðh. tók fram áðan, að það liggja ekki fyrir skýrslur um lausaskuldir eða bankaábyrgðir 1958, en það er alveg víst, að þær voru tiltölulega litlar og ekkert sambærilegar við það, sem nú er.

Samkv. Fjármálatíðindum hefur raunverulegt gjaldeyrisstaða batnað um 170 millj., ef tekið er tillit til ábyrgða bankanna og greiðsluskuldbindinga. En þetta hefur vafalaust ekkert batnað frá 31. ágúst, annars skal ég ekki fullyrða um breytingarnar. Fastar erlendar skuldir voru í árslok 1962 2775 millj. kr., en voru í árslok 1958 1924 millj. Hækkun fastra lána er því 851 millj. á þessu tímabili. Bætt gjaldeyrisstaða er, eins og ég las upp áðan, 170 millj., skuldir þjóðarinnar hafa því samkv. þessu aukizt um 681 millj. miðað við ágústlok í sumar.

Ég skal játa það, að skuldirnar hafa minnkað frá því í ársbyrjun 1960, en ef miðað er við árið 1958, hafa þær aukizt um 681 millj. Það munar nefnilega nokkuð um 1038 millj., sem verður breyting á gjaldeyrisstöðunni 1959, en það er ómögulegt að klína því á Framsfl., það verða kratarnir að eiga einir með aðstoð Sjálfstæðisins að litlu leyti. En ráðh. miðaði nú aðallega við þessi tvö ár, 1961 og 1962, þegar hann var að tala hér um, að þjóðin hefði grætt meira en 1000 millj. Þetta er alveg rétt, skuldirnar stórhækka árin 1959 og 1960, en þær lækka um 1000 millj. árin 1961 og 1962. En það er ekki neinum viðreisnarráðstöfunum að þakka, það er einfaldlega því að þakka, að aflamagnið stóreykst. Það er ekkert óeðlilegt, þó að þurfi að lána ofur lítið meira út á afurðirnar, þegar aflamagnið hefur nú á 5—6 árum allt að því tvöfaldazt. Það er vitanlega ekki hægt fyrir fyrirtækin að reka atvinnu, ef þau geta ekki fengið einhver lán til að auka viðskiptaveltuna, og það er búið að auka lánin eftir því, sem ráðh. sagði áðan.

1960 hélt ríkisstj. því fram, að greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli við tekjur af vörum og þjónustu væri allt of há. 1958 var þessi greiðslubyrði 5.1%, 1959 var hún 8.7%, 1962

var greiðslubyrðin orðin 10.8%, þrátt fyrir það að sjávarafli var 50% meiri 1962 en 1958 og verðlag hagstæðara. Það var mjög hagstætt verðlag 1962, aflinn 50% meiri, og þó að hæstv. viðskmrh. hér áðan annálaði, hvað árið 1958 hefði verið gott, og það var út af fyrir sig gott ár, þá var bara enn betra ár 1962.

Vinstri stjórnin færði Sjálfstfl. völdin á silfurfati í árslok 1958. Fólkið var fúst til að leggja á sig nokkrar byrðar, ef hægt væri að stöðva frekari verðhækkanir og tryggja verðgildi krónunnar. Þetta gerði stjórninni fært að afnema vísitöluna og taka úr sambandi við kaupgjaldið. Ríkisstj. þurfti ekki annað að gera, þegar búið var að afnema vísitöluna, en að rétta gengið af, miðað við afurðaverð, og hafa hæfilegt eftirlit með fjárfestingu. Það var hægt að spara hagfræðingunum alla útreikninga. Þeirra útreikningar hafa aldrei staðizt, hvort sem er. Þetta var ekki gert. Fjárfestingin var eftirlitslaus og skipulagslaus. Ríkisstj. virðist hafa ætlazt til og virðist enn vænta þess, að háir vextir og binding sparifjár nægi til að skapa jafnvægi í efnahagsmálunum. Reynslan hefur sýnt, að þetta nægir ekki. Það verður að hafa skynsamlegt eftirlit með fjárfestingarmálunum. Smáþjóð, sem er jafnháð utanríkisviðskiptum og við erum, hefur ekki efni á því að gera stórfelld mistök í fjárfestingarmálum. Hendur þeirra efnaminni hafa verið bundnar, en þeir hafa haft óbundnar hendur, sem áttu fjármagnið. Þeir ríku geta byggt íbúðir og selt þeim efnaminni með ríflegum hagnaði gegn því, að útborgun sé lítil. Bankahús eru byggð og stórhýsi yfir verzlun og iðnað, á sama tíma og bönkum er bannað að lána alþýðufólki smávixla. Innflutningur bifreiða hefur verið skefjalaus, en rekstur þeirra eyðir miklum gjaldeyri fyrir þjóð eins og okkur, sem allt þarf að kaupa til þeirra. Árið 1962 bættust 39 skip í flotann. Til 30. nóv. 1963 bættust önnur 30 skip í flotann. Nú eru í smíðum 56 skip. Þessar tölur eru teknar upp eftir formanni stjórnar L. Í. Ú., og geri ég ráð fyrir, að hann hafi haft öruggar heimildir fyrir sér. Vitanlega þurfum við að kaupa skip eða láta byggja þau hér heima, en þau þurfa að vera hæfilega mörg og byggð þannig, að rekstur þeirra megi vera hagkvæmur fyrir þjóðarheildina. Þessa hefur ekki verið gætt. 180—300 tonna skip, sem ætluð eru til síldveiða, streyma til landsins. Við höfum þegar of mörg skip, til þess að hægt sé að fá á þau hæfar skipshafnir. Frekari innflutningur skipa þýðir, að minni og ódýrari skipum verður lagt, skipum, sem gætu borið sig, án þess að síld veiddist. Allt er sett á eitt spil. Ef síldveiði bregzt að meira eða minna leyti, sem áreiðanlega á eftir að koma fyrir, verður stórtap á nær öllum stærri og dýrari bátunum, hliðstætt því, sem nú er með togarana. Fiskibátar þurfa að vera hæfilega margir, og má ekki miða stærð þeirra nær allra við einhæfar veiðar. Þessar aðfarir í fjárfestingar- og bankamálum eru hliðstæðar því, að verið sé að ausa vatni í tunnu í þeim tilgangi að fylla hana hæfilega, en það er gat á botninum, svo að vatnið rennur út jafnóðum. Það er ekki til neins að auka bundið fé í Seðlabankanum með þvingunarráðstöfunum og viðskiptabankarnir verði að neita um framlengingu á smávíxlum og afhenda þá lögfræðingum til innheimtu, jafnhliða því að gjaldeyrisskuldir hlaðast upp vegna óþarfrar og skipulagslausrar fjárfestingar. Það þýðir ekki að ausa vatni í ílát, sem lekur, hvort tappinn er úr korki eða einum eða tveimur hagfræðingum, skiptir ekki máli, aðalatriðið er, að ílátið hætti að leka.

Ríkisstj. getur tæplega vænzt þess, að menn séu fúsir til þess að auka enn á rekstrarfjárskort fyrirtækja og einstaklinga, nema tryggt sé, að það komi að notum. 1960 sagði ríkisstj., að seðlaveltan mætti ekki aukast og afurðalán ekki hækka í krónutölu, þó að gengið væri lækkað og verðlag hækkaði um 50—70% í krónutölu eða krónutalan hækkaði um það. Ég sagði þá, að þetta væri ekki hægt. Þetta hefur reynzt svo. Seðlaveltan var í árslok 1959 412 millj. kr., en í sept. í ár 669 millj., hefur aukizt um 62%. Og endurkeyptir víxlar voru í ágúst 825 millj., eru nú yfir 900 millj. Í sjálfu sér er hættulaust fyrir Seðlabankann að lána út á afurðir, sem sala er trygg á til annarra landa. Slíkar vörubirgðir eru í rauninni jafngildi erlendra innstæðna. Hins vegar má segja, að allt að 100% lán út á útflutningsafurðir geti í vissum tilfellum gert mögulega aukna fjárfestingu innanlands. Afurðalánunum þarf því að stilla í hóf. Hitt er í meira lagi andstætt, að leyfa nær ótakmarkaða gjaldeyriseyðslu og skuldasöfnun í stuttum vörukaupalánum og skipa- og bifreiðakaupum, en neita fyrirtækjum, sem þjóðinni er lífsnauðsyn að geti starfað, um hæfileg rekstrarlán.

Það eru aðrir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli. Sumir eru neyddir til að spara. Aðrir hafa óbundnar hendur að eyða. Þegar ríkisstj. lækkaði gengið og hækkaði vexti 1960, reiknaði hún með, að hægt væri að hindra kauphækkanir í krónutölu að mestu. Ég sagði þá, að þetta mundi ekki takast, þrátt fyrir það að fjölskyldubætur hækkuðu og beinir skattar lækkuðu ofurlítið í bili. Vaxta- og verðhækkanir misjöfnuðu kjör fólksins og ýttu á eftir kaupkröfum. Nær ógerlegt var fyrir ungt fólk að byggja yfir sig í bæjum eða reisa bú í sveit. Eftir margvíslegan skæruhernað í launamálum afsalaði ríkisstj. sér raunverulega aðstöðu til að hafa úrslitaáhrif í þeim efnum með kjaradómslögunum. Íslenzkir embættismenn hafa jafnan verið lágt launaðir. Landið er strjálbýlt og fólkið fátt. Það á sinn þátt í því, að ríkislaunaðir starfsmenn verða tiltölulega margir miðað við það fólk, sem þeir veita þjónustu. Þetta veldur því m. a., að erfitt hefur reynzt fyrir þjóðfélagið að greiða starfsmönnum sínum sömu laun og stærri þjóðir gera og geta gert. Ég skal ekki dæma um það, hvort kjaradómur hefur ákveðið laun opinberra starfsmanna of há. En víst er, að með kjaradómnum myndaðist misræmi í launakerfinu, miðað við það, sem áður var. Launamunur hefur verið minni hér á landi en í flestum öðrum löndum, og fólk kann því

þess vegna illa, a. m. k. í bili, ef á að verða snögg breyting á því.

Það er eðlilegt, að ríkisstj. vilji ráða, og ríkisstj. þurfa þess til þess að geta framkvæmt það, sem þær telja rétt á hverjum tíma. 1960 sagði ríkisstj., að launasamningarnir væru mál atvinnurekenda og launþega og hún ætlaði ekki að skipta sér af þeim. 1961 greip hún samt inn í og lækkaði gengið, af því að kaup hækkaði. 1962 hækkaði kaupið aftur í krónutölu, þá var gengið ekki lækkað. Þá lífsspeki skildi fólk ekki, því að ef nauðsynlegt var að lækka krónuna 1961, þá var það jafnmikil nauðsyn 1962. Kjaradómurinn setti launamálin úr skorðum. Úr því sem komið er, álít ég óhjákvæmilegt að samræma kaupið frekar en nú er. Hvort hægt verður að greiða það kaup í krónutölu, án þess að gengi lækki, er óvíst. Víst er, að frystihús, sem hafa fisk til vinnslu, en enga síld, þola ekki kauphækkun án þess að fá beina aðstoð. Þau geta jafnvel ekki greitt það kaup, sem nú er. Í sjálfu sér er ekki meira að styrkja þau en togarana. Tæplega er hægt að hafa ósamræmi í kaupgjaldsmálum og halda kaupgjaldi niðri í landinu aðeins vegna nokkurra frystihúsa. Kauphækkun iðnaðar- og verzlunarfólks er tekin af fólkinu aftur með hærri verzlunarálagningu og hækkuðu verði á iðnaðarvörum.

Hingað til hefur ríkisstj. ekki séð aðrar leiðir til úrlausnar í efnahagsvandamálum en genglækkun og vaxtahækkun. Vera má, að nú séu augu hennar opin fyrir öðrum leiðum, og er það vel, ef svo er. Vitanlega hefur stjórnin margar leiðir til þess að ná fjármunum af fólkinu, og þær leiðir hafa verið óspart notaðar. Fyrirtæki og bæjarfélög hafa verið pínd til að greiða stórfé til atvinnuleysistrygginga að óþörfu. Ríkisstj. gæti varið því fé, sem til þeirra fer, til stuðnings við frystihúsin. Það er hægt að lækka niðurgreiðslur á fiski og landbúnaðarvörum, ef með þarf, og það er hægt að lækka fjölskyldubætur. Það eru ávallt einhverjar leiðir, ef menn hafa vit og vilja til að finna þær. En það er ein leið, sem ekki er fær, og það er að samræma ekki kaupið frá því, sem nú er.

Ríkisstj. heimtar meira af sparifé landsmanna í Seðlabankann, jafnhliða því að verðlag hækkar og rekstrarfjárþörf eykst. Mitt álit er, að þýðingarlaust sé að ausa vatni í botnlausa tunnu. Með því að lækka erlend vörukaupalán og greiðsluskuldbindingar og hindra óþarfa og jafnvel skaðlega fjárfestingu minnkar þörfin fyrir gjaldeyrissjóði hjá Seðlabankanum. Það ber ríkisstj. að gera, áður en hún skyldar lánsstofnanir, sem líða fyrir fjárskort, til þess að binda 25% af innstæðufé sínu í Seðlabankanum.

Hæstv. viðskmrh. var að spyrja, hvað við vildum gera. Hann benti á það, að Seðlabankinn gæti ekki lánað meira fé en hann hefði til. Það er alveg rétt. Hann benti enn fremur á, að heildarupphæðin, sem bankinn hefði ráð á, væri 2291 millj. Ég skal ekki rengja það. Þetta væri stofnfé bankans, ég skal ekki rengja það, 1319 millj., það væri bundið fé, ég vil ekki segja fryst fé, því að það er engan veginn í frosti, 756 millj., og frjálsar innstæður 226 millj. Hann sagði, að þessu væri varið þannig: það væri gjaldeyrisinnstæða 1203 millj. og endurkeyptir víxlar, sem eru nú hækkaðir frá því í ágúst, 921 millj. nú, og útlán stofnlánadeildar 166 millj. Hann óskaði eftir því, að við segðum til, sem erum ekki með þessu frv., hvað við vildum gera til þess að auka afurðalánin. Ég bendi á þessa leið: Nú er verið að kaupa um 50 skip, síldarnætur eru keyptar með lánsfé, bílunum hefur verið hrúgað inn í landið, bankaábyrgðirnar og greiðsluskuldbindingar eru í ágústlok á 8. hundrað millj., mér þykir líklegt, að þær hafi hækkað síðan. Það á að setja tappa í gatið, það á að láta rétta aðila spara. Það er nefnilega meira en það, að það sé fest of mikið fé í skipum, það er fest hættulega mikið fé í þeim, því að þegar þessi 50 skip koma, þá verður að leggja öðrum bátum, sem eru ódýrari, því að sjómennirnir hugsa ekkert um það, þeir taka engan þátt í rekstrinum og vilja bara hafa sem mest kaup, reikna með því, að stóru skipin fiski meira. Þau gera það á síld, en ekki á t. d. línu- eða netaveiðum. Þá verður að leggja öðrum skipum, sem geta borið sig, til að geta starfrækt nýju skipin, sem geta ekki borið sig. Það kalla ég ekki búmennsku. Annað er það, að það verður svo mikil eftirspurn eftir sjómönnum, að það verður farið að bjóða í þá á svörtum markaði, og ekki hjálpar það til að láta skipin bera sig.

Við erum allt of litlir, við þurfum að hafa of mikil utanríkisviðskipti, til þess að það sé nokkurt vit í að sleppa þeim hömlulaust eða láta þau vera algerlega frjáls. Ég veit, að þessir blessaðir sjálfstæðismenn elska frelsið, og það geri ég reyndar líka, og það er þessi frelsisást, sem gerir það, að við erum stundum samrýmdir og spjöllum saman og kemur vel saman um marga hluti. En þetta er óraunhæft fyrir svo litla þjóð. Stórþjóð, sem þarf að hafa tiltölulega lítil utanríkisviðskipti, getur leyft sér þetta. Smáþjóð eins og við getur það ekki. Það er sama, hve miklum heljartökum ríkisstj. tekur á sparisjóðum, innlánsdeildum og viðskiptabönkum og kreistir út úr þeim peninga, meðan þeir, sem ráða aðallega yfir fjármagninu í landinu, mega gera allt, sem þeir vilja, við peningana, þá getur hún aldrei haft hlutina í lagi og aldrei gert fólkið ánægt, það er ekki hægt. Það er nefnilega meira en að það sé óþörf fjárfesting, hún er hættuleg, þessi fjárfesting. Og eins og ég benti á með bílana, það er eðlilegt, að fólkið langi til að eiga bíl. En það eru takmörk fyrir, hvað ein þjóð getur leyft sér, og við höfum enn þá ekki ráð á því, að allir eigi bíl. Í öðru lagi er það, að uppbyggingin byggist ekki á neinu viti. Það þarf að athuga, hvaða skip bera sig bezt. Það er algerlega óraunhæft að ætla að setja allan flotann á síldveiðar. Ef þær bregðast, standa öll skipin ráðalaus. Það átti að hafa einhverja ákveðna tölu, við skulum segja 50—60 skip, sem stunduðu síldveiðar að vetrinum, en ekki, að allir kepptust við að komast á síldveiðar, svo bregð-

ast þær eins og nú, og allir standa ráðalausir. Þetta er stórhættuleg uppbygging. Ég vil hafa frelsið eins mikið og hægt er vegna þjóðarhags, en ég vil ekki hafa það ótakmarkað, ef það er þjóðhættulegt. Ég er með eignarrétti og einstaklingsfrelsi, en hann má ekki koma í bága við þarfir þjóðfélagsins eða almennings í heild. Með því að draga úr innkaupum á hlutum, sem við getum komizt af án og eru jafnvel til að eyða gjaldeyri fyrir okkur, en ekki til að afla hans, ef það er of mikið af því, eins og t. d. bílunum og of mörgu skipunum, þá getum við á þann eina raunhæfa hátt bætt efnahag okkar. En það er algerlega gagnslaust að pína viðskiptabankana, leggja inn í Seðlabankann og láta svo aðra eyða því öllu. Það er alveg sama, hve Seðlabankinn á mikinn gjaldeyri erlendis, ef hann skuldar fyrir því öllu í ógreiddum lausaskuldum, — það er nákvæmlega sama. Föstu lánin hafa stórhækkað síðan 1958, og heildarfjárhagur þjóðarinnar út á við hefur ekki batnað. Hitt skal ég játa, að það eru miklu fleiri atvinnutæki, fleiri bílar og það hafa verið byggð hús. En þessi þróun hefur bara staðið í 20 ár. Þetta er ekki þessum ráðstöfunum að þakka, enda hlýtur ríkisstj. að sjá það, af því að þetta eru greindir menn, þó að þeir hafi raunar ekki verið að basla mikið við búskap eða útgerð og séu ekkert ákaflega vel inni í því sumir þeirra, hvað menn þurfa að fá fyrir mjólk og kjöt, vildu vist helzt, að menn framleiddu það fyrir ekki neitt, — þá eru þetta greindir menn, og þeir hljóta að vera farnir að sjá þetta. Það vantar tappa í tunnuna, og það er tilgangslaust að ausa í hana, ef allt rennur út jafnóðum.

Það er satt að segja ekki von á góðu hjá okkur, sem erum að basla í atvinnulífi og höfum tekið þátt í því, og fólki úti á landsbyggðinni, — ég er ekkert að búa þetta til, — það er gengið þannig núna eftir víxlum, að menn fá ekki smávíxla endurnýjaða, og mönnum er neitað um smávíxillán í bönkunum, vafalaust af því að bankastjórarnir halda, að þeir verði að fara að bæta við innlögin í Seðlabankann. Það á sinn þátt í því. Og á meðan er fénu gersamlega sólundað í margra millj. kr. tæki, sem við þurfum ekki að kaupa og meira að segja geta orðið okkur að einhverju leyti óhagstæð í rekstri.

Það er þetta, sem ég vil gera. Ég vil, að öllum sé sagt að spara, en ekki aðeins vissum aðilum í þjóðfélaginu. Það er alveg ljóst, að með kjaradómnum kom misræmi í launakjörin, og t. d. menn, sem setja tappa í flöskur hjá vínverzluninni og vinna önnur snattstörf í þágu ríkisheildarinnar, eru orðnir betur launaðir en daglaunamenn. Það þýðir ekkert að vera að halda slíku fram. Stjórnarandstöðunni finnst ríkisstj. vera ráðrík, en ég hef alltaf skilið, að það er ekki hægt að stjórna, ef menn ráða ekki, og ég fyrirgef mönnum, þó að þeir séu ráðríkir, en ég vil bara, að þeir ráði vel. Og það er óhjákvæmilegt að samræma kaupið, hvaða leið sem svo er tekin, til þess að hlutirnir geti borið sig, það getur verið álitamál. Ég hef bent á nokkrar leiðir. Ríkisstj. getur tekið svo mikið sem hún vill af fólkinu með því að lækka niðurgreiðslur á matvæli eins og fisk, kjöt og mjólk. Hún getur líka tekið af vissum aðilum, með því t. d. að taka fjölskyldubætur af tveimur fyrstu börnunum. Það eru líklega yfir 100 millj., sem hún fengi þar. Hún getur hætt að láta ríki og einstaklinga borga til stofnana eins og atvinnuleysistrygginga, sem eru þegar stórauðugar stofnanir og hafa ekkert með meira að gera en vextina af þessu fé, og þessu fé getur hún varið til einhverra hluta, sem miða að því að samræma kaupið. Úr því sem komið er, er ekki hægt að lækka laun opinberra starfsmanna, en það er algerlega óhjákvæmilegt að samræma kaupið. Þetta er mín persónulega skoðun. Ég álít, að þessi vandræði, sem nú eru, og erfiðleikar í þjóðfélaginu séu heimatilbúinn iðnaður, sem hljóti að vera hægt að laga. Ég skal játa það, að stjórnarandstaðan hefur vafalaust oft ekki verið nægilega ábyrg og ekki nógu sanngjörn í dómum sínum, en í þessum orðum, sem ég hef sagt nú, hef ég viljað tala hlutlaust og aðeins sagt það, sem ég hef meint í þessu efni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hæstv. viðskmrh. hélt fram. — Svo var á honum að heyra, að stjórnin ætlaði að halda óbreyttri stefnu í peningamálunum, enda sjáum við það á þessu frv., sem hér liggur fyrir, að það muni vera ætlunin. Þó að þetta frv. hafi að yfirskini, að það skuli draga inn peninga úr viðskiptabönkunum til að lána þá í afurðalán framleiðsluatvinnuvegunum, þá fást engar yfirlýsingar frá hæstv. ráðh., eins og ég veit, að menn hafa tekið eftir, — þá fást engar yfirlýsingar frá honum um það, hversu mikið hugsunin væri að auka afurðalánin, hvað ætti að hækka afurðalánaprósentuna mikið, hún er núna 55% í sjávarútveginum og 53—55% í landbúnaðinum. Ég spurði, hvað væri þá hugsunin að hækka afurðalánaprósentuna mikið, en hæstv. ráðh. vék ekki að því einu orði.

Enn fremur spurði ég hæstv. ráðh. að því, hvort hann vildi ekki fallast á, að það yrði tekið inn í frv. ákvæði, til þess að ekki þyrfti að vera í vafa um, hvert væri stefnt, — ákvæði um, að það, sem bættist við bundnu innstæðurnar héðan af, yrði notað til þess að lána atvinnuvegunum. Þessu anzaði hæstv. viðskmrh. ekki heldur. Ég get vel skilið þetta. Það er vegna þess, að hæstv. ráðh. vill hafa óbundnar hendur um þetta. Þeir hugsa sér að halda áfram að draga spariféð inn í seðlabankakerfið og ætla sér ekki að lána það út fremur en þeim sýnist, ætla sér að hafa þarna meiri möguleika en áður til þess að binda sparifé í seðlabankakerfinu. En það er sannast að segja ósæmilegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki viðurkenna, að með því sé tekið lánsfé úr umferð miðað við það, sem ella væri, þegar féð er

lagt inn í Seðlabankann og ekki lánað þaðan út aftur. Hvað er að taka fé út umferð, ef ekki þetta? Þetta fé, sem hlyti að vera í umferð, ef þessar ráðstafanir væru ekki gerðar, mundi áreiðanlega vera lánað út úr viðskiptabönkunum. Hæstv. ráðh. vildi samt í raun og veru ekki viðurkenna, að þeir hefðu gert ráðstafanir til að taka fé úr umferð. Þeir hafa þó dregið inn í Seðlabankann á 8. hundrað millj. á undanförnum árum og gert ráðstafanir til þess þar með, að það fé yrði ekki lánað út. Þetta kalla ég að draga inn, draga saman lánastarfsemina í landinu. En því miður mun það vera meiningin hjá þeim að halda þessu áfram, og þess vegna hefur hæstv. ráðh. hliðrað sér hjá því að svara spurningum þeim, sem ég beindi til hans.

En nú vil ég beina öðru til hæstv. ráðh., og það er þetta: Fyrst hann er svona heittrúaður á þessar aðferðir, sem þeir hafa haft í þessum efnum, að það leiði til góðrar niðurstöðu, vill hann þá skýra, hvað komið hefur fyrir, að þrátt fyrir þessa góðu eiginleika hafi leitt til meiri verðbólguþróunar og dýrtíðarþróunar en við höfum nokkru sinni áður átt við að búa. Hvað kemur til? Hvað hefur þá farið úrskeiðis, og hvernig ætlar hæstv. ráðh. sér að leysa verðbólguvandamálið með þeim aðferðum, sem hafa leitt til þessarar niðurstöðu? Auk þess skilst mér, að það sé hiklaust skoðun hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh., að efnahagsmálastefna stjórnarinnar hafi þar að auki haft í för með sér gífurlega ofþenslu. Það er þeirra túlkun, að nú sé í landinu gífurleg ofþensla, og verðbólguþróunina sjá allir, hvar sem litið er, og dýrtíðarvöxtinn. Það væri mjög æskilegt, að hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því, hvernig stendur á þessu, að allt hefur mistekizt. Er það þá hans skoðun, að þetta sé svona fyrir það, að þeir hafi ekki dregið nógu mikið úr afurðalánunum til framleiðslunnar, að þeir hafi ekki dregið nógu mikið af fjármagni þjóðarinnar inn í Seðlabankann til þess að halda því úr umferð? Þetta hlýtur að vera hugsun ráðh., fyrst þeir ætla sér að nota sömu aðferðir áfram: að allt hafi farið svona úrskeiðis og sé komið í öngþveiti, vegna þess að þeir hafi ekki verið nógu duglegir að draga sparifé þjóðarinnar inn í Seðlabankann og halda því úr umferð, vegna þess að þeir hafi ekki verið nógu duglegir að draga úr afurðalánunum. Og ég spyr enn: Er það þetta, sem hæstv. ráðh. meinar með því að loka algerlega augunum fyrir því, hvernig komið er í efnahagsmálum landsins, og gerir sig þess í stað líklegan til að halda áfram að nota sams konar aðferðir við stjórn efnahagsmálanna og leitt hafa út í þetta öngþveiti.

Í þessu sambandi má svo minnast á, að hæstv. ráðh. viðhefur t. d. þess konar málflutning, að hann segir: Hafa bankalán samanlagt í landinu lækkað? Nei, þau hafa hækkað stórkostlega, svarar hann. Hann segir: Samanlögð bankalán í landinu hafa hækkað um 2000 millj. á nokkrum árum. Sýnir það lánasamdrátt? En ég spyr: Hvað hefur verðlagið hækkað? Hvað hafa fjárlögin hækkað? Fjárlögin hafa síðan 1958 hækkað sem allra næst um 1700 millj., bara fjárl. ein. Og svo segir ráðh.: Við höfum ekkert dregið úr útlánunum, því að útlánin hafa að krónutölu hækkað um 2000 millj. En hann sleppir því, að hækkun á útlánunum um 2000 millj. þýðir raunverulegan samdrátt vegna verðbyltingarinnar. Um það er ekkert að efast. Það væri fróðlegt, og ég mun gera það, ef þessum umr. heldur áfram, að bera saman, hvað lánað er út á afurðir landsmanna, sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir nú og hvað lánað var 1958 út á sömu afurðir. Þá mun koma í ljós, hvað gerzt hefur gagnvart undirstöðuatvinnugreinunum. Þá mun koma í ljós, að hækkunin á afurðalánunum er mjög lítilfjörleg í krónutölu samanborið við rýrnun á verðgildi peninganna og hækkun á öllum fjárhæðum yfirleitt í viðskiptalífinu. Enda þurfum við ekkert um þetta að deila, því að það er alveg augljóst, hverjar útlánareglurnar voru áður og hverjar þær eru núna. Áður voru útlánareglurnar þær, að Seðlabankinn endurkeypti sem svaraði 67% út á verð afurða til lands og sjávar og sparifé var yfirleitt lánað út. En nú hafa afurðalánin verið dregin saman úr 67% niður í 55% og 750 millj. dregnar af sparifé því, sem viðskiptabankarnir hefðu ella getað haft til meðferðar og sparisjóðirnir, inn í Seðlabankann og ekki látið þaðan út aftur.

Þetta er sú breyting, sem hefur orðið á útlánapólitíkinni. En nú virðist hæstv. ráðh. vera orðinn svo beygður, að hann vill ekki einu sinni viðurkenna, að þeir hafi gert ráðstafanir til þess að draga úr útlánunum, þó að það hafi verið tekin upp gersamlega allt önnur útlánastefna.

Þá komum við að því, sem er í raun og veru kjarni þessarar deilu, sem hér er háð um þessi efni, um hinar mismunandi stefnur í peningamálum, og það er þetta: Hæstv. ráðh. segir: Sú útlánaregla, sem viðhöfð var áður, sem sé að endurkaupa svona mikið af afurðavíxlum inn í Seðlabankann og lána sparifé út án þess að leggja hluta af því fast í seðlabankakerfið, — sú aðferð hlaut að leiða til verðbólgu og versnandi afkomu út á við, það er óhugsandi annað, segir hæstv. ráðh., og þeir, sem halda öðru fram, eru lýðskrumarar og vilja ekki ræða málin á heilbrigðum grundvelli. En aftur á móti segir hann: Ef höfð er sú heilbrigða peningapólitík, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, og endurkaupin á afurðalánunum lækkuð, t. d. niður í 55%, og dreginn inn í Seðlabankann hluti af sparifénu og lagður þar fastur, þá verður afkoman góð út á við, segir hæstv. ráðh., og heilbrigð þróun og jafnvægi í efnahagsmálunum.

En ég sýndi fram á það með algerlega óyggjandi rökum, sem hæstv. ráðh. reyndi ekki að hrekja, að á því tímabili, sem fyrri útlánastefnan var höfð, var dýrtíðarvöxturinn miklu minni en hann hefur verið á því tímabili, sem síðari útlánastefnunni var fylgt. Þetta liggur alveg fyrir og hæstv. ráðh. gat ekki komizt

fram hjá þessu. Hann var að tala um, að vísitalan væri máske lakari mælikvarði þá en núna á dýrtíðarvöxtinn, en ég held, að hver einasti heilbrigður maður, sem þekkir nokkuð til þessara mála, viti með fullri vissu, að dýrtíðarvísitalan er núna miklu verri mælikvarði á dýrtíðarvöxtinn en var þá, — eða hvað vill hæstv. ráðh. segja um þá vísitölu, þar sem gert er ráð fyrir því, að meðalfjölskyldan hafi rúmlega 900 kr. í húsnæðiskostnað á mánuði eða 10800 kr. á ári, — liður, sem væri nær, að þyrfti að vera a. m. k. 30—40 þús. kr. á ári? En þetta er mælikvarðinn, sem notaður er núna á dýrtíðarvöxtinn og ég notaði í þessum samanburði. Og svo kemur hæstv. ráðh. og vill halda því fram, að það sé vafasamt að nota vísitölusamanburðinn, því að þar muni máske hallað á þá, sem hafa staðið fyrir framkvæmdum á síðara tímabilinu. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann óski eftir því að ljúka ræðu sinni á fáum mínútum eða fresta framhaldinu.) Ég held, að það sé þá ekki til neins annað en fresta, nema ég mætti bæta við þremur setningum eða svo, áður en ég hætti, herra forseti, til þess að slíta ekki allt of mikið í sundur.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri alveg rangt, að peningapólitíkin ætti að gæta þess, að stöðugt verðlag héldist í landinu, það væri eiginlega algert aukaatriði í þessu sambandi. Á hinn bóginn ætti hún að hafa ákaflega mikið að segja um afkomu landsins út á við. En hvað segja sjálf seðlabankalögin um þetta? Við hvað á að miða peningapólitíkina, með leyfi hæstv. forseta: „Hlutverk Seðlabankans er," — það er fyrsti liður, ég bið menn að taka eftir því, það er fyrsti liður, — „hlutverk Seðlabankans er að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag haldist stöðugt." Þetta er fyrsta boðorð seðlabankalaganna. En þetta hefur farið þannig, að dýrtíðarveltan hefur orðið háskalegri en nokkru sinni fyrr, þrátt fyrir þessi nýju „patent" í peningapólitíkinni, sem hæstv. ráðh. og hans félagar hafa verið að framkvæma og þeir segja að séu það eina, sem komi til greina, og allir þeir, sem vilja ekki aðhyllast þetta, séu lýðskrumarar og tali alveg óraunhæft, út í bláinn. En niðurstaðan er sú, að það hefur tekizt svona að uppfylla þetta fyrsta boðorð, sem á að vera markmið peningamálastefnunnar, að verðbólguþróunin hefur verið miklu örari, dýrtíðarvöxturinn stórkostlegri, eftir að nýja lánastefnan var tekin upp, stefnan, sem átti að leiða til þess, að þessu fyrsta markmiði Seðlabankans yrði náð, stöðugu verðlagi. En ég mun svo í framhaldi ræðu minnar athuga nánar um afkomuna út á við og fleira í þessu sambandi, sem hæstv. ráðh. gaf tilefni til. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 19. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Þessar umr. hafa nú verið mjög tættar í sundur. Það er æðilangt síðan ég flutti fyrri hluta, þ. e. a. s. það, sem átti að verða fyrri hluti af þessari ræðu. Ég hafði svarað hæstv. viðskmrh. að nokkru leyti, en ekki nándar nærri að öllu leyti. En með tilliti til þess, hvernig ástatt er með afgreiðslu mála nú fyrir jólin, ætla ég að fresta því að flytja fram þau rök, sem ég átti ótalin, og flytja þau fram annaðhvort við 2. eða 3. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 475).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, til meðferðar, 83. mál þessa þings. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 475, varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins, og meiri hl. skilar áliti og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. hefur skilað séráliti, þeir Einar Ágústsson og Skúli Guðmundsson.

Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., gerði hæstv. viðskmrh. mjög ýtarlega grein fyrir efni þess, og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. Ég vil þó í örfáum orðum lýsa þeim sjónarmiðum, sem komu fram af hálfu meiri hl. og eru þess valdandi, að hann mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Lög nr. 33 1957 höfðu inni að halda ákvæði, þar sem Seðlabanka Íslands var heimilað í reglugerð að kveða svo á, að viðskiptabankar og sparisjóðir yrðu skuldbundnir til að eiga inni á bundnum reikningi í Seðlabankanum ákveðinn hundraðshluta af því sparifé, sem þeir hefðu að geyma. Þetta var nýmæli í l. þá, og segir þar í grg., að svo þýðingarmikill þáttur í þróun peningamála landsins geti slík binding verið, að nauðsynlegt sé talið, að stjórn Seðlabankans hafi heimild til slíkrar bindingar. Með l. um Seðlabanka Íslands, nr. 10 1961, er þetta ákvæði tekið inn í l. sjálf og þar ákveðið hámarkið, sem skyldi vera 15% af sparifjárinnstæðum og 20% af innstæðum, sem ávísa má á með tékka. Það, sem hér liggur til grundvallar, er mjög auðsætt. Hér er verið að láta ákveðinn hluta af sparifé landsmanna liggja í Seðlabanka Íslands, einfaldlega til þess að styrkja efnahagskerfið og gera Seðlabankanum kleift að sinna því hlutverki, sem honum er ætlað. Nú á s. l. ári, ég held í októberlok, eru innistæður viðskiptabanka og sparisjóða 756 millj., sem höfðu þá safnazt í Seðlabankanum á þessum árafjölda, eða frá því 1960, að Seðlabankinn beitti þessu ákvæði samkv. reglu-

gerð. Þegar litið er á hag Seðlabankans og það, á hvern hátt gjaldeyrisstaða þjóðarinnar hefur batnað frá því um áramót 1959 og 1960, sýnir sig, að sú stefna, sem tekin er upp hér, að ákveðinn hluti sparifjárins skuli bundinn á reikningi í Seðlabankanum, er rétt. Hitt getur svo ætið verið matsatriði, hversu upphæðin eða hversu prósentan skal vera há, og hér hefur líka aðeins verið um heimild að ræða, þannig að Seðlabankanum hefur ekki verið skylt að fara í hámarkið undir öðrum kringumstæðum en hann telji það nauðsynlegt.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er farið á leit við hið háa Alþingi, að það samþykki að veita Seðlabankanum heimild til að taka allt að 25% af öllum innistæðum og að það liggi á þessum bundna reikningi. Það er að mörgu leyti skiljanlegt, að þeir aðilar, sem starfa við viðskiptabanka eða sparisjóði, horfi á fé inni í Seðlabankanum, á bundnum reikningi þar, með því hugarfari, að þeir vildu gjarnan fremur hafa það í sínum eigin höndum til útlána. En því hefur verið lýst hér á Alþingi, hver hugsun er fyrir slíku, á þann hátt, að eins og einstaklingar þjóðfélagsins safna sér varasjóði í bönkum og sparisjóðum, þarf að sjálfsögðu þjóðarbúið í heild að safna sínum varasjóði og þá í Seðlabankanum, til þess að hann hafi tækifæri til þess að mynda þann varasjóð, sem við þurfum á að halda, þ. e. a. s. gjaldeyrisvarasjóð.

Eins og ég gat um áðan, er hér aðeins um heimildarákvæði að ræða, og mér er það fullljóst, að Seðlabankinn mun að sjálfsögðu ekki beita hámarksákvæðinu öðruvísi en honum þyki þurfa og getur lækkað það, ef efnahags- og peningamálum landsins hagar þannig. Hingað til hefur hámarkið verið notað, og þegar, eins og ég gat um áðan, athuguð er staða Seðlabankans, sjá menn augljóslega á síðustu 4 árum eða tæplega 4 árum, þar sem gjaldeyrisstaðan hefur batnað hjá Seðlabankanum um 1394 millj. og hann hefur fengið m. a. inn 756 millj. frá bankakerfinu, hversu þýðingarmikið þetta atriði hefur verið, þ. e. að Seðlabankinn fái af hálfu viðskiptabankanna og sparisjóðanna ákveðinn hundraðshluta til að sinna sínu hlutverki.

Það er annar þáttur, sem varðar viðskiptabankana og sparisjóðina, sem ég mundi gjarnan vilja gera hér að umræðuefni. Það eru þau kjör, sem þessar stofnanir hafa búið við, þ. e. a. s. þau vaxtakjör, sem þær hafa búið við hjá Seðlabankanum. Seðlabankinn hefur greitt af bundnum reikningi peningastofnunum 1% fram yfir þá meðalvexti, sem viðkomandi viðskiptabanki eða sparisjóður greiðir. Þetta eru þó töluvert lægri vextir en viðkomandi peningastofnun gæti fengið með frjálsum útlánum og kemur vissulega niður á þeim stofnunum, sem hafa ekki mikið eigið fé til þess að lána. Ég hef hins vegar nú í sambandi við þetta frv. rætt þetta mál við formann seðlabankastjórnar ásamt viðskmrh., og ég ætla, að þetta mál verði tekið til athugunar og vaxtakjörin verði athuguð, þannig að viðkomandi peningastofnanir fái hærri vexti greidda af þeim innstæðum, sem þær eiga á hinum bundna reikningi. Ég efast ekki um, að Seðlabankinn, sem er banki bankanna, skilur og sér, að það fé, sem inn í viðskiptabankana og sparisjóðina kemur, þær stofnanir þurfa að sjálfsögðu að fá þá vexti, sem þær mögulega geta fengið, og Seðlabankinn verður að sjálfsögðu að taka þar tillit til, og hef ég ekki ástæðu til að ætla annað en þetta mál verði athugað af seðlabankastjórninni og hæstv. ríkisstj.

Ég vildi láta þetta kom hér fram, því að mér er það ljóst og ég hef orðið mjög var við það frá þeim mönnum, sem veita peningastofnunum forstöðu, að þeir hafa verið óánægðir með þau vaxtakjör, sem þeir hafa orðið að hlíta af hálfu Seðlabankans, og þess vegna hefur þetta mál nú verið tekið upp.

Síðara atriðið, þ. e. a. s. 2. gr. frv., er um, að Seðlabankanum sé heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa, með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Eins og segir í gr., skulu slík verðbréf og vextir af þeim undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 23. gr. l. nr. 70 1962. Þegar ráðstafanir um efnahagsmál voru gerðar á Alþingi 1960, var reynt að haga ráðstöfunum á þann veg, að þær mundu leiða til mjög aukinnar sparifjáraukningar í landinu. Þetta hefur tekizt mjög vel, og eins og skýrt er frá í Fjármálatíðindum, 3. hefti þessa árs, eru innistæður 1959, 31. des., 2646 millj., en 31. des. 1963 5365 millj. Hér er um að ræða heildarinnistæður í bönkum og sparisjóðum, og þar er um að ræða rúmlega 100% aukningu. Vissulega getur það ástand ævinlega skapazt, að sparifjáraukning verði ekki eins mikil og hér hefur átt sér stað, og að þannig skapizt ástand í landinu, að einstaklingar hafi kannske minni trú á sparifé en þeir hafa haft undanfarin ár. Það er hins vegar grundvallaratriði, að Seðlabankinn, sem fer með þessi mál öll, hafi í sinni hendi tæki til þess að vega á móti, ef þær sveiflur kæmu, og gera ráðstafanir til að skapa á ný trú á sparifé og auka þannig aftur sparifé landsmanna. Þessi heimild, sem Seðlabankanum er ætlað að fá með 2. gr. þessa frv., er gerð með tilliti til þessa, og sýnist mér, að eins og rétt hafi verið 1957 að veita Seðlabankanum heimild til að binda ákveðinn hluta sparifjárins inni í Seðlabankanum vegna ráðstafana í peninga- og efnahagsmálum, þá sé einnig rétt, að Seðlabankinn hafi þessa heimild, enda þótt ástandið í dag gefi e. t. v. ekki ástæðu til að ætla, að þessu ákvæði þyrfti að beita. Þó getum við gert okkur grein fyrir því, að aukning sparifjárins á s. l. ári, síðustu mánuðina, varð ekki eins mikil og hafði verið að undanförnu og þess vegna þeirri hugmynd skotið upp, hvort ekki væri rétt, að Seðlabankinn hefði heimild til slíkra hluta, eins og hér kemur fram, ef þetta ástand mundi verða á einhvern hátt þannig, að efnahagskerfið biði tjón af.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um

þetta. Eins og ég gat um áðan, gerði hæstv. viðskmrh. mjög ýtarlega grein fyrir því, á hvern hátt þetta frv. er upp byggt og hvernig því er ætlað að koma að gagni í sambandi við efnahags- og peningamálin. Ég hef sjálfur reifað hér örfá atriði, en meiri hl. n., eins og ég gat um áðan, mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl., sem síðast talaði hér, gerði grein fyrir, varð ekki samkomulag í fjhn. þessarar hv. d. um afgreiðslu þess frv., sem hér liggur fyrir til umr. En nál. okkar minni hl. liggur ekki fyrir prentað, hefur ekki verið útbýtt, en ég mun þó gera grein fyrir afstöðu okkar til frv. þrátt fyrir þetta, með því að lögð er áherzla á, að þetta mál fái nú afgreiðslu hér, enda þótt nokkur aðdragandi hafi verið að því, eins og kunnugt er.

Það frv., sem hér er til umr., er um breyt. á l. nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands. Eins og hér hefur fram komið, eru aðallega tvær breytingar ráðgerðar frá núgildandi ástandi í frv. þessu. Sú fyrri lýtur að því, að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum, og er það nýmæli, að í l. er nú gerð grein fyrir því, í hvaða skyni svo er fyrir mælt. En í 1. gr. frv. segir, að megintilgangur þessarar innlánsbindingar sé að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla. Þá segir enn fremur í 1. gr. frv., að innstæðubinding megi hæst nema 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

Hin breytingin er fólgin í því, að í 2. gr. frv. er lagt til, að Seðlabankanum skuli heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæðum þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris og skuli slík verðbréf og vextir af þeim undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé. Hér er um veigamiklar breytingar að ræða, sem miða að því að draga enn úr því fjármagni, sem viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir í landinu hafa yfir að ráða, en þeirra kostur hefur, sem kunnugt er, mjög mikið verið þrengdur á undanförnum árum. Innstæðubindingin hefur verið gildandi undanfarin 4 ár, og hefur mikið fé verið á þann hátt tekið undan ráðstöfunum bankanna og flutt í Seðlabankann. Eru nú í vörzlu Seðlabankans um s. l. áramót 785 millj. kr., sem aflað hefur verið á þennan hátt. Nú stendur til að auka enn hlut Seðlabankans með því að hækka hámark innstæðubindingar upp í 25% af öllu innstæðufé, en reglurnar hafa sem kunnugt er að undanförnu verið þær, að innlánsstofnanir hafa orðið að færa á bundna reikninginn 25% af sparifjáraukningu frá mánuði til mánaðar. En sá öryggisventill hefur þó verið þarna, að innstæðubinding má samkv. gildandi lögum ekki fara fram úr 15% af sparifjárinnstæðum og 20% af veltiinnlögum, þ. e. þeim innstæðum, sem ávísa má á með tékka. Auk þessa hefur ríkisstj. samið við bankana og einhverja af stærri sparisjóðunum um það, að þeir skyldu kaupa ríkisskuldabréf fyrir 15% af innstæðuaukningunni, eða eins og segir í umsögn Iðnaðarbankans, sem lögð hefur verið fram: „Bindiskyldan var lækkuð frá 1. jan. 1963 í 25%, en um sama leyti urðu bankarnir við þeim tilmælum ríkisstj., er nálguðust valdboð, að skuldbinda sig til þess að kaupa íbúðarlánabréf fyrir 15% aukningarinnar.“ Þannig fara nú 40 kr. af hverjum 100, sem við bætast, til ráðstöfunar ríkisvaldsins í einni eða annarri mynd. Og þessa skerðingu á enn að auka til mikilla muna, þar sem nú á að taka fyrir það, að nokkur stofnun geti notið góðs af þeim takmörkunum, sem í seðlabankalögunum eru.

Ekkert kemur fram í grg. frv. eða ræðum hæstv. viðskmrh. hér við 1. umr., sem þó hafa verið bæði langar og að ýmsu leyti ýtarlegar, sem gefi ástæðu til að ætla, að slakað verði á kvöðinni um kaup bankanna á ríkisskuldabréfum. Mundi þess þó sjálfsagt vera getið, ef slíkt stæði til, enda er um miklar fjárhæðir þar að ræða. Þá er heldur ekkert að finna um það, á hvern hátt þessum málum verði hagað í framkvæmd, en þar koma vitanlega ýmsar leiðir til greina og þær svo misjafnar, að óhugsandi er, að hv. alþm. geti í rauninni tekið afstöðu til frv. án þess að fá nákvæmar upplýsingar um þau efni. Samkv. frv. er ekkert, sem bannaði Seðlabankanum, eftir að frv. væri orðið að lögum, að ákveða, að fyrir einhvern tiltekinn tíma skyldu bankar og sparisjóðir hafa flutt 1/4 hluta af öllu innstæðufé sínu til Seðlabankans. Heildarsparifé var um s. l. áramót 5364.9 millj. kr. 25% af því er 1341.2 millj. kr. Bundið fé var á sama tíma 785.5 millj. kr. Ef l. yrðu framkvæmd svona, mundi það þýða, að flytja þyrfti 555.7 millj. kr. úr viðskiptabönkunum og sparisjóðunum yfir í Seðlabankann. Slík blóðtaka yrði bankakerfinu algerlega um megn og mundi gera viðskiptabankana alveg ófæra um að gegna hlutverki sínu. Nú vil ég ekki segja, að þetta standi til, og hæstv. viðskmrh. hefur sagt hér við umr., að framkvæmdin muni ekki verða á þennan hátt. En í frv. er ekkert, sem bannar, að þannig verði farið að, og aths. segja heldur ekkert um þetta. Þar segir ekkert um það, hversu fljótt ríkisstj. ætlar að ná þessu marki, að 25% verði bundin, en slíkt skiptir meginmáli og er alveg nauðsynlegt að fá að vita við afgreiðslu málsins hér á hv. Alþingi. Hver á bindingarprósentan af innstæðuaukningunni að verða eftir breytinguna eða á hún kannske ekkert að breytast eða á að hætta að miða bindinguna við aukningu sparifjárins, við aukningu innstæðnanna? Við þessum spurningum á frv. ekkert svar, aths. þegja, og hæstv. viðskmrh. hefur ekki upplýst þetta. Hér eru þó mikilvægar forsendur fyrir því, hver afstaða manna til frv. verður, og alveg nauðsynlegt, að þessi atriði verði tekin til rækilegrar athugunar í sambandi við meðferð málsins hér.

Þá er tekið upp það nýmæli, að inn í l. er

felld ákvörðun um það, í hvaða tilgangi skuli nota það fé, sem safnast í Seðlabankann með þessum hætti. Tilgangurinn er samkv. frv. að afla fjár til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla. Hér kveður við nýjan tón í rökstuðningi, þar sem fram undir þetta hefur því síður en svo verið haldið fram, að bundna féð skyldi endurlánað. Frv. segir þó ekkert um það, hversu mikið eigi að auka endurkaup afurðavíxlanna. Hver verður hundraðshluti endurkaupanna hjá sjávarútvegi t. d. og landbúnaði? Þessir atvinnuvegir stynja undan rekstrarfjárskorti, og þeim er vissulega nauðsyn á að fá lagfæringu. Eða í öðru lagi, á t. d. að framkvæma það nú, sem Alþingi hefur fyrir löngu samþykkt í formi þál., að endurkeyptir verði víxlar iðnaðarins? Þessi atriði hafa ekki verið upplýst hér á hv. Alþingi til hlítar, enda þótt ákveðnum fsp. þar að lútandi hafi verið beint til hæstv. ríkisstj. við 1. umr. málsins. Svör við þessum atriðum skipta þó meginmáli, vegna þess að án þess, að þetta liggi fyrir skýrt og ótvírætt, er engin leið að gera sér grein fyrir áhrifum frv., ef að lögum verður, á afkomu þessara höfuðatvinnugreina þjóðarinnar, því að fyrirsjáanlegt er, að viðskiptabankarnir verða að miklum mun minna megnugir að veita nauðsynlega fyrirgreiðslu en þeir eru nú, þegar í framkvæmd verða komnar þær ráðstafanir, sem frv. fjallar um. Hér er að mínum dómi afar þýðingarmikið atriði, og ég vil leyfa mér að ítreka enn þær fsp., sem bornar hafa verið fram um þetta atriði.

Í aths. með frv. segir, að viðskiptabankarnir eigi erfitt með að sjá atvinnuvegunum fyrir viðunandi rekstrarlánum, enda nýtur sjávarútvegurinn svo að segja rekstrarfjárfyrirgreiðslu eingöngu í Landsbanka og Útvegsbanka, en hlutdeild þessara banka í heildarsparifé þjóðarinnar hefur farið minnkandi með tilkomu nýrra lánastofnana. Þetta segir í aths. Þeir bankar og aðrar innlánsstofnanir, sem þessi fyrirhugaða breyting snertir tilfinnanlegast að óbreyttum bindingarreglum að öðru leyti en því, að hámarkið er hækkað í 25%, eru þær stofnanir, sem eru ungar að árum og hafa fengið mestan hluta sparifjár síns á því tímabili, sem bindingarreglurnar hafa verið í gildi. Þessar stofnanir hafa notið góðs af hámarksákvæðum 11. gr. seðlabankalaganna, vegna þess að 25% af sparifjáraukningu þeirra á tímabilinu hafa nú þegar náð 15 og 20% af heildarinnstæðunum. Eldri peningastofnanir, sem höfðu hundrað millj. kr. innstæður í upphafi bindingartímabilsins, hafa hins vegar ekki enn náð þessu marki þrátt fyrir mikla sparifjáraukningu. Nú mætti kannske segja, að einmitt vegna þess væri nauðsynlegt að breyta hámarkinu, til þess að allar lánastofnanir sætu við sama borð að þessu leyti. En þá er þess að gæta, að þær eldri peningastofnanir, sem hér um ræðir, eru einmitt þær, sem njóta þess að geta endurselt Seðlabankanum víxla sína, og þá er sýnt, að þeirra vegna þarf ekki að breyta reglunum. Þær breytingar, sem hér eru fyrirhugaðar, koma því harðast niður á nýjum bönkum, sem eru að byrja rekstur sinn, ef svo mætti segja, það eru þeir, sem notið hafa góðs af takmörkunum seðlabankalaganna á bindiskyldunni, sem nú á að draga svona mikið úr, enda þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það, hver tilgangurinn er. Um það taka aths. allan vafa af. Til frekari áréttingar hafa birzt í málgögnum ríkisstj. hugleiðingar um þetta. Í forustugrein í Alþýðublaðinu fyrir nokkrum vikum segir t. d. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á landi gegnir Seðlabankinn óvenjulegu hlutverki, þar sem eru endurkaup afurðavíxla. Þetta ættu viðskiptabankarnir að annast, en hér hafa aðeins tveir aðalbankar öll þessi viðskipti, en aðeins hluta af sparifénu. Eina leiðin til að ná spariinnstæðum nýju bankanna og sparisjóðanna og beina til framleiðslunnar er, að fé renni um Seðlabankann.“

Hverjir eru þá þessir nýju bankar, sem hér þarf að ná til? Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn eru ekki nýir bankar í þessu sambandi, enda eru ráðstafanirnar a. m. k. öðrum þræði gerðar til þess að auðvelda þeim verkefni sín, eins og tilgangur bindingarinnar nú er skilgreindur. Eftir eru þá Iðnaðarbankinn, Verzlunarbankinn og Samvinnubankinn og svo sparisjóðirnir. Svo mikil er þörfin að ná fjármagninu frá þeim, að nýja lagasetningu þarf að setja. En hvernig kemur það þá heim við lagasetninguna um þessa banka? Mætti athuga það.

Elztur af þessum bönkum er Iðnaðarbankinn. Hann var stofnaður vegna þess, að mjög háværar kröfur komu um það frá iðnaðarmönnum í landinu, að þessi þriðja höfuðatvinnugrein þjóðarinnar hefði sína eigin peningastofnun, eins og hinar aðalatvinnugreinarnar höfðu áður fengið. Á þessi rök féllst Alþingi. Lög um Iðnaðarbankann voru hér samþykkt. Hann hefur síðan starfað til mikilla hagsbóta fyrir iðnaðinn, held ég, að mér sé óhætt að segja.

Lögin um Verzlunarbankann eru nr. 46 frá 1960. Þau eru 4 ára gömul. Með þeim var merkilegt spor stigið í íslenzkri bankalöggjöf, þar sem Verzlunarbankinn er fyrsti einkabankinn, sem leyfður hefur verið hér á landi. Þegar þau lög voru til meðferðar hér á hv. Alþingi, voru haldnar margar ræður um nauðsyn þessarar bankastofnunar. Og ég vil eindregið taka undir þau rök, enda voru l. samþykkt ágreiningslaust og með atkv., að ég má segja, flestra þm. Tilgangur bankans er, eins og kunnugt er, að styðja verzlun landsmanna, og þótti eðlilegt, að verzlunarsamtök landsins hefðu sína eigin peningastofnun, eins og svo margir aðrir höfðu á undan þeim fengið.

Svipað er að segja um Samvinnubankann. Samvinnumenn höfðu fyrir nokkrum árum stofnað sparisjóð, sem fljótlega fékk aukin verkefni og sprengdi af sér sparisjóðsformið, eins og Verzlunarsparisjóðurinn hafði áður gert.

Þegar l. um Verzlunarbankann höfðu verið sett og fyrsti einkabankinn þannig stofnaður, fóru forráðamenn Samvinnusparisjóðsins fram á það við ríkisstj. að flutt yrði frv. um stofnun Samvinnubankans. Við þessum tilmælum varð ríkisstj. fúslega, og frv. var flutt um stofnun Samvinnubankans fyrir 2 árum. Við samvinnumenn erum þakklátir hæstv. ríkisstj. og þáv. alþm. öllum fyrir þann skilning, sem okkur var sýndur í þessu máli, það skal ég fúslega votta. Tilgangur bankans skyldi samkvæmt 2. gr. l. vera að styðja samvinnurekstur landsmanna. Þessi lög voru sett í apríl 1962, og þar með hafði áratugagamall draumur íslenzkra samvinnumanna um eigin bankastofnun rætzt, þótt í smáum stíl væri og margir örðugleikar vissulega á veginum. En viðurkenningin var fengin, viðurkenningin á því, að samvinnuhreyfingin ætti lagalegan rétt á bankastofnun, sem hefði það að markmiði að styðja samvinnurekstur landsmanna. Nú er þessum bönkum í vaxandi mæli gert ókleift að rækja hlutverk sitt samkv. þeim lögum, sem svo nýlega hafa verið sett hér á hv. Alþingi. Hér skýtur óneitanlega nokkuð skökku við frá því, sem talað var við fyrrgreinda lagasetningu. Þessir þrír bankar eru ungir og ráða yfir fremur litlu fjármagni, held ég, að sé óhætt að segja. Mikið skortir því enn á, að þeir geti gegnt sem skyldi því þýðingarmikla hlutverki, sem Alþingi hefur falið þeim. Samt á nú að þrengja kosti þeirra til mikilla muna og það af sjálfu Alþingi, sem hefur þó viðurkennt nauðsyn þessara banka með lagasetningu fyrir aðeins örfáum árum.

Rétt er að minnast þess í sambandi við mál þetta, að tveir ríkisbankanna, þ. e. Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa einkarétt á því, sem kunnugt er, að verzla með erlendan gjaldeyri. Aðrir bankar, a. m. k. Verzlunarbankinn, munu hafa leitað nokkuð fast eftir því að fá einnig að inna þessa þjónustu af hendi gagnvart sínum viðskiptamönnum. Það er öðrum bönkum auðvitað líka þeim mun fúsara að fá að inna þessa þjónustu af hendi, sem vitað er, að hér er um mjög arðvænlega þjónustu að ræða fyrir banka og það gefur viðkomandi aðilum talsvert í aðra hönd. Öllum málaleitunum annarra banka til að öðlast þessi réttindi einnig hefur jafnan verið svarað ákveðið neitandi. Rökstuðningur þeirrar neitunar er aðallega sá, að á umræddum bönkum hvíli sú skylda að lána til atvinnuveganna og því sé sanngjarnt, að þessi forréttindi komi á móti. Með því að nú er ráðgert að skylda alla aðra banka til þess að lána líka til atvinnuveganna gegnum innstæðubindingu Seðlabankans, sýnist þessi röksemd að verulegu leyti úr gildi fallin. Sagt hefur verið hér, að aðstaða umræddra banka til samkeppni við aðra um sparifé sé slæm vegna þeirra kvaða um lán til atvinnuveganna, sem á þeim hvíla, og að þetta þurfi að laga. Ég hef hér leyft mér að benda á það, að hinir svokölluðu nýju bankar hafa einnig sínar skyldur lögum samkvæmt og eru vitanlega bundnir af þeim. Hér er því verið að fara fram á það við Alþingi, að það afturkalli a. m. k. að nokkru leyti þær heimildir, sem það hefur nýlega veitt nýjum bönkum í sérstöku skyni. Þetta kemur líka fram af umsögnum þeirra banka, sem sent hafa svör við fsp. hv. fjhn. um frv. T. d. segja bankaráðsformaður og bankastjóri Iðnaðarbankans svo um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Í l. um Iðnaðarbankann er svo ákveðið, að meginhlutverk hans og markmið skuli vera að styðja verksmiðju- og handiðn landsmanna, og þar sem þessi tilgangur er alkunnur, er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að meginhlutinn af því sparifé, sem bankinn hefur fengið til varðveizlu, sé þangað kominn vegna þessa tilgangs hans. Það gefur auga leið, að því stærri hluti sem bundinn verður af innstæðuaukningu bankans, þeim mun minni verður hvöt þeirra, sem styrkja vilja iðnaðinn með því að fela bankanum sparifé sitt til ráðstöfunar."

Hér er vissulega alveg rétt með farið og bent á þýðingarmikið atriði, sem gildir um Iðnaðarbankann og hina aðra banka, sem ég hef hér talað um í sömu andránni, og ber að gefa gaum.

Í sambandi við þessa auknu innstæðubindingu mætti vekja athygli á því, sem hér hefur raunar áður verið gert, að rekstur þeirra peningastofnana, sem eru ungar að árum og eiga lítið eigið fé, verður mjög erfiður, ef lengra verður gengið í því en nú er gert að skylda þær til að eiga miklar fjárhæðir bundnar í Seðlabankanum á þeim vaxtakjörum, sem þar ríkja, rúmlega 7%, á sama tíma sem innlánsstofnanirnar verða að taka á móti sparifé á hærri vöxtum, 8, 9 og jafnvel 9½%. Með því móti er þessum stofnunum gert erfiðara fyrir um að veita viðskiptavinum sínum þá þjónustu, sem gerðar eru kröfur til í nútímaþjóðfélagi. Bankar og sparisjóðir eiga vaxandi hlutverki að gegna hér á landi. Fleiri og fleiri notfæra sér þá fyrirgreiðslu, sem peningastofnanirnar veita, og á ég þá ekki fyrst og fremst við lántökur, heldur miklu fremur ýmsa umsýslu og þjónustu, sem slíkar stofnanir láta í té fólki til margs konar hagræðis. Slík starfsemi kostar mikið fé og bankarnir eru ekki, hvaða skoðanir sem ýmsir kunna að hafa á því, ofhaldnir af þeim vaxtamismun, sem hér gerist. Þegar bindingarákvæðin eru tekin til endurskoðunar, mætti vel rannsaka, hvort hér sé ekki einnig breytinga þörf. Verzlunarbankinn og Iðnaðarbankinn, sem sent hafa svör við fsp. fjhn., leggja mjög ríka áherzlu á þetta, og ég ætla að leyfa mér í örstuttu máli að gera grein fyrir því, sem þeir segja, með leyfi hæstv. forseta. Iðnaðarbankinn segir:

„Á þessu ári lækkaði Seðlabankinn vexti þá, sem hann greiðir af hinum bundnu innstæðum, úr 9% p. a. í vexti, sem eiga að vera 1% hærri en meðalvextir þeir, sem við greiðum af hinum mismunandi tegundum innstæðufjár, og reyndist vaxtagreiðsla Seðlabankans til Iðnaðarbankans á s. l. ári 7.4% . . . Með vaxtaákvörðun 20. febr. 1960 var vaxtamunur út-

lánsvaxta og innlánsvaxta lækkaður um ½%, úr 2½ í 2% . . . Það er auðsætt, að allar þessar ákvarðanir stefna rekstrarafkomu banka, sem hefur til umráða mjög lítið eigið fé og nærri eingöngu vaxtatekjur af útlánum, í beinan voða."

Og Verzlunarbankinn segir svo um þetta:

„Ef frv. það, sem hér er gert að umtalsefni, verður að lögum, heimilar það Seðlabankanum að ganga lengra en nú er í innstæðubindingu. Verður þá sífellt vaxandi hluti innstæðna vorra bundinn þar og vaxtakjör um 20% lægri en hinn almenni lánamarkaður tekur. Það gefur auga leið, að slíkri þróun mála er eigi hægt að taka með þögn. Hvort tveggja er, að starfsfé vort þolir eigi þá skerðingu, sem hin háa innstæðubinding hefur í för með sér, og eins er algerlega óþolandi að hlíta þeim vaxtakjörum, sem bundið innstæðufé sætir."

Í samræmi við þetta leggja svo báðir þessir bankar til, að frv. verði vísað frá.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, voru í l. nr. 33 frá 1957 fyrst tekin upp ákvæði, sem heimiluðu Seðlabankanum að binda innstæður á bundnum reikningi hjá sér. Þessi heimild var þó ekki notuð fyrr en á árinu 1960, en þá ákvað núv. ríkisstj. að skylda innlánsstofnanir til að binda verulegan hluta af innstæðuaukningunni á þennan hátt í Seðlabankanum. Jafnframt var svo l. breytt, eins og hv. alþm. minnast, á þann hátt, að umrædd skylda var einnig látin ná til Söfnunarsjóðs Íslands og innlánsdeilda samvinnufélaganna. Það var í upphafi augljóst, eins og ég hef drepið á, að þessar ráðstafanir hlutu að torvelda viðkomandi peningastofnunum að gegna hlutverki sínu og að of langt var í upphafi gengið á þeirri braut að svipta þær ráðstöfunarrétti yfir starfsfé sínu. Auk þess var bundna féð svo innheimt hjá ýmsum innlánsstofnunum, sem voru svo smáar, að þeirra tillag gat engu máli skipt um þróun peningamálanna í landinu. En framkvæmdin varð viðkomandi stofnunum engu að síður talsverður fjötur um fót. Á árinu 1961 var slakað nokkuð á bindiskyldunni. Og þá vonuðu margir, að ríkisstj. mundi sjá að sér og afnema lánsfjárhöftin í áföngum. Þær vonir eru nú að engu orðnar, þar sem, eins og frv. ber með sér, sjáanlegt er, að tökin á að herða nú enn að miklum mun, m. a. með þeim afleiðingum, að rekstrarafkomu bankanna, a. m. k. þeirra nýrri, og sparisjóðanna, er stefnt í beinan voða, eins og raunar hv. frsm. meiri hl. gerði hér að umtalsefni. Og ég get lýst ánægju minni yfir því út af fyrir sig, að augu hans hafa opnazt og að hann skuli hafa opnað augu ráðamanna í þessu máli fyrir því, að hér sé breytinga þörf, og vil ég leyfa mér þá að vonast eftir því, að það geti orðið, eins og hann var að gefa hér í skyn. Það er vissulega góðra gjalda vert og bjargar einhverju a. m. k.

Í 2. gr. frv. er svo fjallað um þá nýju verðbréfaútgáfu, sem heimila skal Seðlabankanum, þar sem hann á einn allra að fá réttindi til að gefa út gengistryggð skuldabréf. Slík forréttindaaðstaða eins aðila er mjög uggvænleg fyrir allar aðrar peningastofnanir í landinu, og það er mikil þörf á því, að fyllsta aðgát sé höfð, þegar slík ákvæði eru lögleidd, ef þau verða lögleidd, sem auðvitað bezt væri, að ekki væri gert. Á tímum mikillar verðbólgu og þenslu í efnahagslífinu er það að sjálfsögðu geysileg freisting fyrir sparifjáreigendur, sem alltaf sjá hlut sinn rýrna dag frá degi, að eignast eitthvað það, sem heldur gildi sínu þrátt fyrir fallandi gengi. Það segir sig því alveg sjálft, að þeim aðila, sem einn allra getur boðið þannig löguð verðbréf, er sköpuð geysileg forréttindaaðstaða fram yfir alla hina, sem keppa um sparifé án þess að geta eða mega bjóða neitt þessu líkt. Það er sannarlega góðra gjalda vert, ef hægt er að skapa sparifjáreigendum raunhæfa verðtryggingu peninganna. Á því er full þörf, svo mjög sem hlutur þeirra er oft lítill gerður. Og ég vil í því sambandi leyfa mér að minna á till. til þál., sem hér liggur fyrir hv. Alþingi til meðferðar um verðtryggingu sparifjár. Þessi till. er flutt af 4 þm. Framsfl. og ályktar um það, að Alþingi kjósi 5 manna mþn. til að athuga, með hverjum hætti verði við komið verðtryggingu sparifjár. Ég vil enn fremur minna á það, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þm. Framsfl. flytja slíka till. hér á hv. Alþingi. Það hefur oft verið gert áður, en það hefur ekki verið framkvæmt, það er önnur saga. Þess vegna erum við, — og ég vil ekki undanskilja mig þar, — síður en svo mótfallnir því, að sparifjáreigendum verði sköpuð verðtrygging fyrir sparifé, það er nauðsyn. En við teljum, að slíka verðtryggingu þurfi að framkvæma þannig, að ekki sé um leið allt banka- og lánakerfi landsins sporðreist. Verði það gert, sem hér er lagt til, að einum aðila aðeins sé veittur réttur til raunverulegrar verðtryggingar sparifjár, hlýtur fjármagnið að leita til þess aðila í stórum stíl, og það fjármagn kemur þá vitanlega fyrst og fremst frá viðskiptabönkunum og sparisjóðunum og innlánsdeildunum, sem nú hefur verið trúað fyrir varðveizlu þess. Þessir aðilar mega ekkert slíkt bjóða, það er lögbannað, og auk þess hafa þeir ekki bolmagn til þess að mæta þeim skakkaföllum, sem af slíku kynnu að hljótast.

Í frv. eru engin ákvæði um það, með hvaða kjörum þessi bréf eigi að vera, engin ákvæði um lánstíma, engin ákvæði um vexti eða yfirleitt neitt það, sem máli skiptir í þessu sambandi. Ég tel, að það sé alveg nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvernig kjörin eiga að vera, áður en hægt er að afgreiða frv. hér á hv. Alþingi, því að ef ekki verður dregið úr sölugildi bréfanna, t. d. með ákvæðum um vexti eða lánstímalengd, þá er augljóst, að til stórvandræða leiðir fyrir aðrar innlánsstofnanir og að þær verða alveg getulausar til þess að gegna hlutverki sínu. Þetta er þeim viðskiptabönkum, sem sent hafa umsagnir, alveg sérstaklega ljóst, og ég vil máli mínu til staðfestingar leyfa mér að vitna til þess, sem þar er sagt. Í umsögn Iðnaðarbankans segir, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. fyrrnefnds frv. er Seðlabankanum heimiluð útgáfa gengistryggðra verðbréfa. Verði þessi heimild notuð, svo að nokkru nemi, má ganga út frá því, að sparifé leiti úr bönkunum í þessi bréf, og teljum vér, að mjög varlega verði að fara í útgáfu slíkra bréfa.“

Þetta segir í umsögn Iðnaðarbankans. Í umsögn Verzlunarbankans segir svo:

„Ekki er með öllu óeðlilegt, að sparifjáreigendur séu verndaðir fyrir verðbólguþróun þeirri, sem hér ríkir og hefur ríkt. En sú lausn, sem í frv. er farið inn á, gengur allt of skammt, og er hætt við, að hún mundi hafa í för með sér, að sparifé flyttist úr hinum almennu peningastofnunum beint í Seðlabankann. Slík þróun er óæskileg. Réttara væri, að komið yrði á almennri verðtryggingu sparifjár í formi lánavísitölu, þannig að þjóðfélagsþegnarnir geti aldrei hagnazt á skuldasöfnun og sparifjáreigendur tapað verðgildi peninga sinna sökum verðbólgu í þjóðfélaginu.“

Þetta var umsögn Verzlunarbankans um þetta atriði, og er sýnilegt, að það eru fleiri en minni hl. fjhn. þessarar hv. d., sem hafa áhyggjur af þeirri þróun, sem leiða muni af þessum ákvæðum, ef lögfest verða. Vegna sparifjáraukningar eru bankarnir nú vanmegnugir að greiða úr þeirri gífurlegu lánsfjárþörf, sem fyrir hendi er í landinu. Þeir, sem bönkunum stjórna, verða því að láta þá mörgu, sem til þeirra leita, synjandi frá sér fara, enda þótt í mörgum tilfellum sé þörf lánbeiðenda augljós og fullar tryggingar í boði. Afleiðingin er sú, að sparifé leitar fram hjá bönkunum, aukningin minnkar og sums staðar jafnvel lækka innstæður. Menn leitast við að leysa fjárhagsvandræði sín án milligöngu lánastofnana, og ýmis fjármálaviðskipti fara fram manna á meðal, sem eðlilegast væri að bankar önnuðust. Þannig verður afleiðingin oft margvíslegir vafasamir viðskiptagerningar, sem í mörgum tilfellum væri hægt að komast hjá, því að langflestir vilja helzt skipta við banka, bæði um innlán sín og útlán, sé þess kostur, en þegar þar er ævinlega komið að lokuðum dyrum, þá er annarra ráða leitað. Það er mín skoðun, að ekki eigi að ganga lengra í því en gert hefur verið að minnka hlutverk peningastofnana í þjóðfélaginu og því beri að athuga vel sinn gang, áður en þau ákvæði eru lögfest, sem hér eru ráðgerð.

Hv. meiri hl. fjhn. segir í sínu nál., að efnahagsráðstafanirnar 1960 hafi borið tilætlaðan árangur. Í því sambandi væri e. t. v. rétt, af því að það skiptir líka máli um meðferð þessa máls, að rifja upp, hvað það var, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að koma fram með viðreisn sinni, en tímans vegna mun ég ekki drepa á nema örfá atriði af því, en af nógu er að taka.

Í fyrsta lagi nefni ég það, að ríkisstj. kvaðst ætla að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Það átti að vera fyrsti árangur viðreisnarinnar. Og hvernig hefur það tekizt? Í ársbyrjun þess árs, 1964, var lagt fyrir Alþingi frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. Þar segir í fyrsta lagi, að í sambandi við lausn kjaradeilnanna í des. 1963 hafi ríkisstj. lýst því yfir, að ráðstafanir skyldu gerðar til að bæta hraðfrystihúsunum með einum eða öðrum hætti þá 15% kauphækkun, sem um var samið. Í umr. um þetta mál kom það fram, að þetta fyrirheit varð hæstv. ríkisstj. að gefa vegna þess, að frystihúsin höfðu fært sönnur á það, að rekstur þeirra mundi ekki þola kauphækkunina, reksturinn mundi ella stöðvast. Hæstv. ríkisstj. efndi þetta fyrirheit og lagði á þjóðina nýjan söluskatt, til þess að hægt væri að taka á ný upp uppbótakerfið, sem þó hafði fengið mjög óvirðuleg eftirmæli, svo að ekki sé meira sagt, einmitt hjá hæstv. stuðningsmönnum ríkisstj. Þannig var nauðsynlegt, til þess að rekstur hraðfrystihúsanna stöðvaðist ekki, að úthluta hraðfrystihúsunum uppbótum, sem námu 62 millj. kr. Í öðru lagi fengu framleiðendur saltfisks og skreiðar líka nokkrar uppbætur, 11 millj. kr., og þeir töldu sig ekki heldur geta án þeirra verið. Í þriðja lagi var skýrt frá því í aths. með þessu frv., að nefnd, sem sjútvmrh. hefði skipað til að rannsaka hag togaraútgerðarinnar, hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að togaraútgerðin væri rekin með miklum og vaxandi halla. Þess vegna var um leið farið fram á heimild Alþingis til að greiða toguruṇum 51 millj. kr. uppbætur á þessu ári. Meðan á afgreiðslu þessa máls stóð hér á hv. Alþingi, bárust fréttir um það, að úrskurður um fiskverðið væri fallinn. Þá kom í ljós, að sjómenn sættu sig ekki við dómsniðurstöðuna, þ. e. að fá enga hækkun, en útgerðin og vinnslustöðvarnar svöruðu því jafnskjótt til, að útilokað væri, að þær gætu greitt hærra verð, reksturinn þyldi það ekki. Niðurstaðan varð sú, sem allir vita, að hæstv. ríkisstj. ákvað að greiða uppbætur á fiskverðið. Þannig hefur þá þetta tekizt, að koma sjávarútveginum á traustan og heilbrigðan grundvöll þrátt fyrir mikinn og yfirleitt vaxandi afla ár frá ári. Um landbúnað er það að segja, að rannsóknir hagstofunnar sýna, nýjar rannsóknir, að bændur eru tekjulægsta stétt þjóðfélagsins, og virðist það satt að segja ekki benda til, að grundvöllur þessa annars aðalatvinnuvegar þjóðarinnar sé svo traustur og heilbrigður sem skyldi. Iðnaðurinn á einnig við mikla rekstrarörðugleika að stríða. Nú fyrir nokkrum dögum hefur þessi hv. þd. samþykkt fyrir sitt leyti frv. til l. um ráðstafanir til úrbóta fyrir þann atvinnuveg, sem taldar eru nauðsynleg aðstoð honum til handa. Þannig er þá umhorfs í atvinnulífi þjóðarinnar í dag og verður af því tæplega sú ályktun dregin, að hv. meiri hl. fjhn. eigi við það í nál. sínu, að þessi viðreisnarráðstöfun hafi borið tilætlaðan árangur. Þeir hljóta að meina eitthvað annað.

Annað fyrirheit hæstv. ríkisstj. var, að það skyldi vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. Það loforð stóð til að efna þannig, að snemma

á þessu þingi var borið fram frv. um að binda kaup og laun og annað þess háttar með lögum og fara þar með inn á alveg nýja braut í meðferð þessara mála. Eins og kunnugt er, var horfið frá þessu ráði. Það var horfið frá því að framkvæma þennan vilja hæstv. ríkisstj. vegna harðrar baráttu stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi og þó kannske miklu fremur vegna gífurlegrar andúðaröldu mikils meiri hl. þjóðarinnar, jafnt meðal stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. sem andstæðinga hennar. Þannig er það nánast af óviðráðanlegum aðstæðum, sem þetta fyrirheit hefur ekki fengið sömu meðferð og þau önnur, sem ég hér nefni.

Í þriðja lagi var því lofað að stöðva verðbólguna og halda dýrtíðinni í skefjum. Kannske það sé sú efnahagsráðstöfun, sem hv. meiri hl. hefur í huga. Það, sem öðru fremur skiptir máli í þessu sambandi, er annars vegar, hvað það kostar að lifa, og um það gefur vísitala framfærslukostnaðar vísbendingu og vísitala vöru og þjónustu kannske þó enn réttari mælikvarða, og hins vegar byggingar- og húsnæðiskostnaðurinn, og einnig um þetta gefur hagstofan áreiðanleg svör. Hvað segja þá þessar staðreyndir? Þær segja, að í marzmánuði 1960, skömmu eftir að l. voru sett, var vísitala framfærslukostnaðar 101 stig. Þessi sama vísitala er nú hinn 1. þ. m. 161 stig. Á 4 árum hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um rúm 60%, eða 15% á ári að meðaltali. Þetta er ekki góður árangur af baráttu hæstv. ríkisstj. við að stöðva verðbólguna. Sé litið á vísitölu vöru og þjónustu, sem raunar gefur kannske réttari mynd af ástandinu, tekur ekki betra við. Sú vísitala var hinn 1. marz 1960 einnig 101 stig, þ. e. eins og vísitala framfærslukostnaðar. Þessi vísitala var hinn 1. þ. m. 184 stig. Hún hefur ekki aðeins aukizt um 60%, heldur um nærri 84%. Þetta er ekki heldur góður árangur af baráttu hæstv. ríkisstj. við að halda dýrtíðinni í skefjum. Ef litið er á hitt atriðið, sem ég nefndi, byggingar- og húsnæðiskostnaðinn, kemur í ljós, að byggingarvísitalan var í febr. 1960 132 stig. Réttum 4 árum síðar, 1. febr. s. l., er þessi vísitala komin upp í 211 stig. Þarna er um 60% hækkun að ræða. Byggingarkostnaður er nú samkv. útreikningi hagstofunnar, þ. e. 1. febr. s. l., 1959 kr. á rúmmetra, en var 1231 kr. fyrir 4 árum. Samkv. þessu kostaði 350 teningsmetra íbúð 685 þús. kr. í byggingu hinn 1. febr. s. l. Núna kostar hún enn þá meira, teningsmetrinn er kominn yfir 2000 kr., eins og nýafstaðin útboð, sem mér eru kunn, gefa upplýsingar um. Tæplega meinar hv. meiri hl. fjhn., að baráttan við verðbólguna hafi borið tilætlaðan árangur, þegar þessa er gætt.

Síðasta atriðið, sem ég nefni úr viðreisnarbók hæstv. ríkisstj., er hið hátíðlega loforð um að fullnægja eftirspurn eftir lánsfé án strangrar skömmtunar. Hvernig skyldi það þá hafa tekizt? Til þess að ná fram þessu mjög svo æskilega takmarki voru teknir upp hér einhverjir þeir hæstu útláns- og innlánsvextir, sem um getur í veraldarsögunni. Sagt var, að hækkun vaxtanna mundi draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Sú kenning reyndist röng, enda hafa aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum og þ. á m. vaxtahækkunin sjálf aukið þörfina fyrir stofnlán og rekstrarlán stórkostlega. Ástandið er nú þannig í dag, að bankarnir eru fjær því nú en nokkru sinni fyrr að fullnægja hinni gífurlegu lánaeftirspurn þrátt fyrir háu vextina. Ég skal ekki þreyta hv. alþm. á því að fara að lýsa ástandinu í lánamálum bankanna í dag. Þess gerist heldur engin þörf, það er okkur öllum svo kunnugt. Þess vegna hlýtur öllum að vera ljóst, að svo víðs fjarri fer, að þessi efnahagsráðstöfun hafi borið tilætlaðan árangur, að nær sanni er, að hún sé argasta öfugmæli þeirra allra, og er þó samkeppnin næsta hörð á þeim vettvangi.

Ef hv. samnm. mínir í fjhn. Nd., þeir sem undirrita nál. á þskj. 475, byggja fylgi sitt við frv. á þeirri forsendu, að efnahagsráðstafanirnar 1960 hafi borið tilætlaðan árangur, þá held ég, að þeir ættu að endurskoða afstöðu sína í ljósi þeirra staðreynda, sem ég hef hér leyft mér að minna á. Frv. á þskj. 91 er liður í því að halda áfram þeirri stjórnarstefnu, sem framkvæmd hefur verið að undanförnu í tíð núv. hæstv. ríkisstj., og herða enn tökin. Ég hef hér leitazt við að sýna fram á það, að sú stefna hafi ekki reynzt þjóðinni vel og að ekki hafi tekizt að framkvæma það, sem lofað var, jafnvel ekki þau atriði, sem mest áherzla var lögð á í upphafi. Við í minni hl. fjhn. erum þeirrar skoðunar, að taka beri upp aðra hætti í stjórn landsins, og leggjum til, að byrjað verði á því að fella það frv., sem hér er til umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi til mín nokkrum mikilvægum fsp., sem ég tel sjálfsagt að ég svari, og skal reyna að gera það í sem allra styztu máli. Þær lúta að grundvallaratriðum í sambandi við þetta mikilvæga mál, og ég tel ekki nema sjálfsagt að gera tilraun til að svara fsp., sem bornar eru hógværlega fram og óneitanlega snerta mikilvæg atriði málsins.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm., hvort það gæti verið tilætlunin af hálfu Seðlabankans að hagnýta að fullu þá heimild, sem gert er ráð fyrir að Seðlabankinn fái í þessu frv. til innstæðubindingar, allt að 25% af heildarinnstæðufé hjá lánastofnunum. Um þetta get ég sagt það, sem ég raunar held að ég hafi sagt við 1. umr. málsins, að þetta kemur vitanlega ekki til greina, og mér er ekki kunnugt um, að nokkrum hafi dottið það í hug, að hámarksheimildir þessa frv. yrðu nýttar skyndilega. Það er mjög algengt, að hámarksheimildir sem þessar séu í lögum, og eru þær ætlaðar sem hámark og auðvitað til þess ætlazt, að sá aðili, sem með vald fer samkv. l., beiti því valdi skynsamlega og í samræmi við þarfir efnahagslífsins. Ég get því fullvissað hv. þm. og aðra, sem einhvern hlíðstæðan ótta kunna að hafa borið í brjósti, að það kemur að sjálfsögðu ekki til mála, að heimild þessa frv. verði notuð að fullu eða með skyndilegum hætti.

Þá spurði hv. þm., hver innstæðubindingin ætti að verða nú í ár. Því hlýt ég að svara með því að benda á, að slíkt hlýtur að fara eftir ástandinu í peningamálum og gjaldeyrismálum þjóðarinnar, eins og það verður metið af Seðlabankanum og ríkisstj. á því ári, sem nú er nýbyrjað. Markmiðið með slíkum heimildum eins og þeim, sem hér er um að ræða, er einmitt að gera ríkisstj. kleift að hafa skynsamlega stjórn á efnahagsmálum og þó sérstaklega peningamálum þjóðarinnar. Tæki það, sem hér er gert ráð fyrir að Seðlabankinn hafi og hann hefur raunar haft hér allar götur síðan 1957, er eitt helzta hagstjórnartæki, sem beitt er í frjálsum þjóðfélögum, til þess að hafa skynsamlega heildarstjórn á peninga- og gjaldeyrismálum þjóðarbúskaparins. Þar er engin ástæða til að ætla annað en Seðlabankinn muni beita því valdi, sem hann nú þegar hefur haft um 7 ára skeið, hér eftir eins og hingað til af fullri skynsemi, af fullri gát og með það markmið eitt fyrir augum að stuðla að sem mestri festu í efnahags-, viðskipta- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Hitt er svo annað mál, að það er augljóst, að þetta tæki eitt dugir ekki til að tryggja stöðugt verðlag og jafnvel ekki heldur til að tryggja heilbrigða þróun í gjaldeyrismálum þjóðar. Þar með þarf annað að koma til, eins og raunar reynslan hér á Íslandi undanfarin ár því miður hefur leitt í ljós. Hér hefur þróunin að mörgu leyti orðið öðruvísi en góðviljaðir menn og stjórnarvöldin hefðu viljað að hún hefði orðið, ekki vegna þess að Seðlabankinn hafi brugðizt skyldu sinni á því sviði, þar sem honum er ætlað að fara með mikilvægan þátt ríkisvaldsins, heldur af öðrum orsökum, sem ég sé ekki ástæðu til að ræða hér að þessu sinni og gera þessar umr. þar með að algerlega almennum umr. um efnahagsmál.

Í tilefni af þessari fsp. hv. þm. um það, hver gert er ráð fyrir að sparifjárbindingin muni verða nú í ár, vil ég sem sagt og get ég í raun og veru ekki sagt annað en þetta, að það hlýtur að fara eftir hinu almenna ástandi í peninga- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar, að hversu miklu leyti slíkri heimild til sparifjárbindingar er beitt, og þó mun mér óhætt að segja, að engin grundvallarbreyting á þeirri framkvæmd, sem verið hefur undanfarið, t. d. var á s. l. ári, er í aðsigi eða undirbúningi.

Þá spurði hv. þm., til hvers hugsanleg aukning innstæðubindingarinnar ætti að ganga. Þessu hlýt ég að svara með því að vitna til þess, til hvers innstæðubindingin hefur gengið á undanförnum árum eða síðan tekið var að framkvæma heimildina frá 1957, sem var á árinu 1960. Það var, sem kunnugt er, einn höfuðtilgangur hinnar nýju stefnu í efnahagsmálum, sem núv. stjórnarflokkar tóku upp árið 1959—1960, að koma upp gjaldeyrisvarasjóði, sem gæti verið til aukins öryggis í þjóðarbúskapnum, sérstaklega þjóðarbúskapnum út á við, að koma upp slíkum gjaldeyrisvarasjóði með því að draga úr eðlilegum stuðningi við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Þetta hefur tekizt. Þetta, sem var eitt af meginmarkmiðum í hinni nýju stefnu ríkisstj. frá 1959—1960, þetta markmið hefur náðst. En það hlaut að vera augljóst, að það gæti ekki náðst með öðrum hætti en þeim, að sparifjáröflun landsmanna ykist mjög verulega og hluti af þeirri auknu sparifjáröflun, sem ætti sér stað, gengi til Seðlabankans, til þess annars vegar að standa undir áframhaldandi stuðningi hans við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg og landbúnað, og til þess að binda í gjaldeyrisvarasjóði, sem smám saman skyldi komið upp.

Meginrökin fyrir notkun heimildarinnar til bindingar hluta sparifjárins voru auðvitað þau, að annars vegar þurfti að vera kleift að halda áfram stuðningnum við sjávarútveg og landbúnað, sem hér á landi af hálfu Seðlabankans felst í endurkaupum á afurðavíxlum þessara undirstöðuatvinnuvega, og hins vegar til þess, að Seðlabankinn gæti eignazt gjaldeyrisvarasjóði. Í stórum dráttum skyldi sama fé og áður vera bundið í endurkaupum afurðavíxla sjávarútvegs og landbúnaðar. En Seðlabankinn þurfti að eignast mörg hundruð millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð, — og hvernig gat Seðlabankinn eignazt slíkan mörg hundruð millj. kr. gjaldeyrisvarasjóð án þess að draga úr útlánum sínum til sjávarútvegs og landbúnaðar, nema með því að fá nýja hlutdeild í sparifjáraukningu þjóðarinnar. Þess vegna var ráð fyrir því gert, og sem betur fer var sparifjáraukning þjóðarinnar, sérstaklega á fyrstu árunum eftir 1960, svo mikil, að Seðlabankinn gat fengið nægilegt fé með því að taka aðeins til sín nokkurn hluta af sparifjáraukningunni, þá gat hann fengið nægilegt fé til að koma upp gjaldeyrisvarasjóði, sem nú við síðustu mánaðamót nam 1353 millj. kr., án þess að draga á nokkurn hátt úr grundvallarstuðningi sínum við sjávarútveg og landbúnað með endurkaupum á afurðavíxlum, heldur þvert á móti gat Seðlabankinn haldið áfram að auka endurkaupin á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar í mjög verulegum mæli.

Spurningunni um það, til hvers væntanlega aukningu hlutdeildar Seðlabankans í heildarsparifjármyndun þjóðarinnar ætti að nota, verður bezt svarað með því að vitna til þess, til hvers Seðlabankinn hefur notað þann hluta af sparifjáraukningunni, þann hluta af heildarsparifénu, sem hann hefur fengið. En hann hefur gengið til þessa tvenns: annars vegar til myndunar gjaldeyrisvarasjóðsins og hins vegar til nokkurrar aukningar á endurkaupavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar. En þá kann að vera, að menn spyrji: Hvers vegna þarf Seðlabankinn einmitt nú á nýjum heimildum að halda til þess að auka hlutdeild sína í sparifjármyndun þjóðarinnar? Ástæðurnar eru tvær. Fyrri ástæðan er sú, að nú liggur við, að þeirri hámarksheimild Seðlabankans til bindingar á sparifé, sem felst í gildandi lögum, sé náð. En svo sem kunnugt er, hefur Seðlabankinn

nú heimild til að binda hjá sér eða taka til sín allt að 15% af sparifjárinnstæðum og allt að 20% af innstæðum, sem ávísa má með tékka. En það fé, sem ýmsar lánastofnanir eiga nú í Seðlabankanum samkv. þessum reglum, er komið mjög nærri þessu hámarki, og gæti því farið svo, ef þetta frv. næði ekki fram að ganga, að afleiðingin yrði beinlínis sú, að hlutdeild Seðlabankans í sparifénu eða a. m. k. sparifjáraukningunni minnkaði á þessu ári, héldist ekki óbreytt, heldur beinlínis minnkaði, og það væri vissulega mjög óheppilegt, og liggur í augum uppi, að það gerði Seðlabankanum ekki kleifara en fyrr að gegna þeim tveimur mikilvægu hlutverkum, sem ég gat um áðan: að varðveita og auka gjaldeyrisvarasjóðinn og styðja sjávarútveg og landbúnað með auknum afurðalánum.

Það er þess vegna í fyrsta lagi þetta, að hámarkinu samkv. gildandi lögum er í sumum tilfellum þegar náð, sem hefur gert nauðsynlegt, að þessar heimildir yrðu rýmkaðar. Seinni ástæðan er sú, að einkum upp á síðkastið hafa verið hafðar uppi á hendur Seðlabankanum mjög vaxandi óskir, jafnvel kröfur, um aukinn stuðning Seðlabankans við sjávarútveg og landbúnað og nýjan stuðning af hálfu Seðlabankans við iðnað. En svo sem öllum hv. þm. er kunnugt, hefur Seðlabankinn eingöngu endurkeypt afurðavíxla af sjávarútvegi og landbúnaði, sjávarútvegs- og landbúnaðarfyrirtækjum, en ekki af iðnaðarfyrirtækjum. Það er að mörgu leyti mjög eðlilegt og fullkomlega skiljanlegt, að jafnmikilvæg iðngrein og iðnaðurinn, sem einnig er farinn að flytja út í talsverðum mæli, uni því ekki áratug eftir áratug að sitja ekki við sama borð í Seðlabankanum í þessum efnum og sjávarútvegur og landbúnaður.

Um það má sannarlega deila, hvort það sé eðlilegt hlutverk seðlabanka að annast endurkaup afurðavíxla frá nokkrum atvinnuvegi, eins og hér á sér stað. Slíkt er ekki hlutverk seðlabanka í neinu nálægu landi, að því er mér er kunnugt um. Hitt er svo annað mál, að þessi venja hefur skapazt hér við sérstakar aðstæður og til hennar hafa legið alveg sérstök rök, að það hefur þótt heppilegt, að Seðlabankinn annaðist fyrirgreiðslu við undirstöðuatvinnuvegina, sjávarútveg og landbúnað, í þessu formi, og er sú regla orðin gömul og á raunar líklega fyrst og fremst rót sína að rekja til þeirra tengsla, sem um áratugi voru á milli okkar seðlabanka, seðladeildar Landsbankans, og stærsta viðskiptabanka þjóðarinnar, þ. e. sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands. Hin nánu tengsl milli þess aðila, sem fór með seðlabankavaldið, og stærsta viðskiptabanka þjóðarinnar sköpuðu hér þær sérstöku aðstæður, sem valdið hafa því, að það hefur nú um langt skeið verið talið eitt af meginhlutverkum íslenzka seðlabankans að veita undirstöðuatvinnuvegunum þá fyrirgreiðslu, sem felst í endurkaupum á afurðavíxlum þessara tveggja atvinnugreina. En sjávarútvegur og landbúnaður eru ekki lengur einu undirstöðuatvinnugreinar íslenzks efnahagslífs, heldur hefur iðnaðurinn nú síðustu áratugina bætzt í þann hóp og skiptir einnig sannarlega mjög miklu máli fyrir þróun efnahagslífsins almennt og fyrir aukna þjóðarframleiðslu og bætt lífskjör hér á landi, og þess vegna er mjög eðlilegt, að það sé athugað mjög gaumgæfilega, hvort ekki sé unnt að setja iðnaðinn einnig að þessu leyti á sama bekk og sjávarútveg, — á þann bekk, sem sjávarútvegur og landbúnaður hafa setið á nú um áratugi. Það má öllum vera alveg augljóst mál, að Seðlabankinn getur ekki hafið kaup á afurðavíxlum iðnaðarins, nema því aðeins að honum sé séð fyrir nýju fé til þess. Þess vegna tel ég það í raun og veru ekki geta verið hafið yfir nokkurn efa, ef menn á annað borð eru sammála um það, að Seðlabankinn skuli eiga ríflegan, gildan og vaxandi gjaldeyrisvarasjóð, og ef menn á annað borð eru sammála um, að Seðlabankinn eigi að styðja sjávarútveg, landbúnað og iðnað í formi endurkaupa á afurðavíxlum þessara atvinnugreina og það í vaxandi mæli, ef á heildina er litið, þ. e. ef iðnaðurinn bætist við, þá hlýtur þetta að gerast á þann hátt, að Seðlabankinn fái vaxandi hlutdeild í sparifé landsmanna. Það getur ekki gerzt á annan hátt. Það er ekki hægt að óska eftir því, að gjaldeyrissjóðurinn vaxi, þ. e. Seðlabankinn festi aukið fé í gjaldeyrisvarasjóði, og Seðlabankinn láni nýtt fé til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, nema því aðeins að Seðlabankanum sé séð fyrir fé til að standa undir þessum auknu útgjöldum, og það fé getur ekki komið frá neinum öðrum aðilum en þeim, sem þjóðin felur varðveizlu síns sparifjár. Í gjaldeyrisvarasjóðnum, þegar öllu er á botninn hvolft, er auðvitað bundinn hluti af heildarsparifé landsmanna. Í öllum útlánum, hvort sem er til sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar eða verzlunar, er auðvitað, þegar öllu er á botninn hvolft, fólgið sparifé landsmanna, og þess vegna er hvorki hægt að auka gjaldeyrisvarasjóðinn né heldur að auka útlánin til atvinnuveganna, nema því aðeins að sparifé vaxi. Þetta er svo einföld staðreynd, að um hana þarf auðvitað ekki að deila.

En ef einum ákveðnum aðila í peningakerfinu, seðlabankanum, er ætlað, eins og honum er ætlað eftir okkar löggjöf og raunar löggjöf annarra nágrannaþjóða, að standa undir gjaldeyrisvarasjóðnum og auk þess er ætlazt til þess, að Seðlabankinn hafi hér það hlutverk umfram það, sem seðlabankar nágrannalandanna hafa, að lána sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, þá verða þeir aðilar, sem fá sparifé, — Seðlabankinn tekur ekki á móti sparifé, — þá verða þeir aðilar, sem fá sparifé, að afhenda hluta af því sparifé til Seðlabankans, til þess aðila, sem er ætlað þetta hlutverk.

Það má með sanni segja, að 1960, þegar ríkisstj. var að byrja að framkvæma hina nýju efnahagsstefnu sína og tók að beita heimildum sínum í l. frá 1957 um bindingu nokkurs hluta sparifjárins, hafi það verið höfuðhlutverk bindingarinnar að koma upp gjaldeyris-

varasjóðnum, að koma gjaldeyrisvarasjóðnum á laggirnar. Það hefði aldrei tekizt, um það held ég að enginn maður, sem þekkir til, geti verið í nokkrum vafa, — það hefði aldrei tekizt að koma hér upp gjaldeyrisvarasjóði nema m. a. — ég segi m. a. — jafnvel fyrst og fremst með aðstoð bindingarreglnanna, sem Seðlabankinn beitti. Og það er sannarlega mikið átak að koma upp á 3—4 árum gjaldeyrisvarasjóði, sem nú er 1350 millj. kr. Það er mikið átak, sem þó hefur tekizt. Nú í dag má hins vegar segja, að gjaldeyrisvarasjóðurinn sé orðinn svo gildur, að mjög veruleg aukning hans á þessu ári og næstu árum sé ekki nauðsynleg. Hann þarf að halda áfram að vaxa um nokkur hundruð millj. kr. á ári samfara vaxandi þjóðartekjum, samfara vaxandi utanríkisviðskiptum, en á næstu árum er ekki þörf neins viðlíka átaks til aukningar gjaldeyrisvarasjóðsins og hefur reynzt frá árunum 1959—1960 til dagsins í dag. Þess vegna hefði kannske einhverjum getað dottið í hug: Getur þá ekki Seðlabankinn slakað á, fyrst hann er búinn að sinna þessu verkefni, að festa fé í gjaldeyrisvarasjóðnum? Er þá ekki kominn tími til fyrir hann að slaka á, slaka á bindingarreglunum og láta viðskiptabankana sjálfa ráðstafa í auknum mæli frá því, sem verið hefur, því sparifé, sem þeir fá til umráða? En hér hefur það komið til skjalanna, sem hv. Alþingi er kunnugt af þeim ýtarlegu umræðum, sem hér hafa farið fram í sambandi við mörg mál, sem fyrir þingið hafa verið lögð, að einmitt samtímis því, sem þetta hefur átt sér stað, hafa verið hafðar uppi stórauknar kröfur einmitt á hendur Seðlabankans um aukin afurðalán til sjávarútvegsins, um aukin afurðalán til landbúnaðar og ný afurðalán til iðnaðar. Það er skoðun ríkisstj., að í stað þess, að Seðlabankinn dragi úr hlutdeild sinni í sparifénu og vísi sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði eingöngu á viðskiptabankakerfið, sé skynsamlegra og hagkvæmara, að Seðlabankinn haldi a. m. k. hlutdeild sinni í sparifjáraukningunni, eins og hún hefur verið undanfarið, og a. m. k. ekki minni hluta af sparifjáraukningunni sé beint til undirstöðuatvinnuveganna, til framleiðsluatvinnuveganna þriggja um hendur Seðlabankans í formi þeirra afurðalána, sem löng reynsla er fyrir, hvernig framkvæmd eru.

Það, sem ríkisstj. í raun og veru hefur átt um að velja á síðasta ári og þessu, er það, að Seðlabankinn minnki hlutdeild sína í sparifénu og segi við atvinnuvegina: Eigið þið við viðskiptabanka? Þeir fá sparifé, þeir eiga að sinna þörfum ykkar. — Þetta höfum við ekki talið að hafi verið skynsamlegar niðurstöður í þessu mikla vandamáli, vegna þess að við höfum óttazt, að þá mundi lánsfé skiptast að ýmsu leyti með ranglátara hætti og með óhagkvæmari hætti en það getur skipzt, ef það rennur í föstum farvegi um hendur Seðlabankans. Og þetta er í raun og veru höfuðröksemdin fyrir þeirri grundvallarstefnu, sem að baki þessa frv. liggur. Ríkisstj. telur heppilegra, að talsverður hluti sparifjárins, ekki minni en undanfarin ár, renni í þeim fasta farvegi, sem það hefur runnið undanfarið til undirstöðuatvinnuveganna, um hendur Seðlabankans, í stað þess að lausn lánsfjárvandamálanna sé, ef svo mætti segja, einkamál atvinnnufyrirtækjanna sjálfra og viðskiptabankanna, og þá ekki hvað sízt af því, að á undanförnum árum hafa átt sér stað mjög miklar breytingar á skipulagi íslenzkra bankamála með tilkomu ýmissa nýrra banka, sem í sannleika sagt er ekki alveg öruggt að mundu sinna þörfum undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, í jafnríkum mæli og hægt er að tryggja að þeim verði sinnt, ef hinum fasta farvegi um hendur Seðlabankans er haldið.

Þegar þetta frv. var flutt á s. l. hausti, var fyrirsjáanlegt, að það mundi þurfa að auka mjög verulega afurðalán Seðlabankans til bæði sjávarútvegs og þó einkum til landbúnaðar á því hausti vegna verðlagsbreytinga, sem orðið höfðu. Og einn höfuðtilgangur með flutningi frv. var sá að gera Seðlabankanum þetta kleift. Það fór einnig svo, eins og ráð hafði verið fyrir gert, að það reyndist nauðsynlegt að auka mjög verulega þessi afurðalán til þessara tveggja undirstöðuatvinnuvega, sem Seðlabankinn hefur á sinni könnu, og það var gert. Þeirri reglu er nú fylgt í Seðlabankanum varðandi afurðalánin, að Seðlabankinn lánar 55% út á áætlað skilaverð afurða sjávarútvegs og landbúnaðar. En það skilaverð svokallað, sem Seðlabankinn miðar við, er heildsöluverð að frádregnum opinberum gjöldum, sem eru búnaðarsjóðsgjaldið, að því er snertir landbúnaðarvörurnar, 2%, og útflutningsgjald af sjávarafurðum, að því er snertir sjávarafurðir, sem var 6% í haust. Í nóvemberlok s. l., þegar afurðalánin náðu hámarki eins og öll undanfarin ár, námu afurðalán til sjávarútvegs 525 millj. kr., og afurðalán til landbúnaðar námu þá 380 millj. kr., eða samtals 905 millj. kr. Af starfsfé sínu hafði Seðlabankinn m. ö. o. 905 millj. kr. bundið í beinum útlánum, afurðalánum, til þessara tveggja atvinnuvega þjóðarinnar. Ef þessar tölur eru bornar saman við nóvemberlok árið áður, þegar þessi lán voru einnig í hámarki, voru afurðalán til sjávarútvegs þá 431 millj. og til landbúnaðar 294 millj., eða samtals 725 millj. kr. Á árinu 1962—1963 jukust m. ö. o. endurkaup Seðlabankans á afurðalánum sjávarútvegs um 94 millj. kr., en afurðalán til landbúnaðar jukust um 86 millj. kr., svo að augljóst er af þessum tölum, að afurðalán til landbúnaðar jukust hlutfallslega nokkru meir en afurðalán til sjávarútvegs. En í heild jukust afurðalánin um 180 millj. — um hvorki meira né minna en 180 millj. kr. — á þessu eina ári. Það gefur væntanlega auga leið, að svo mikla aukna byrði getur hvorki Seðlabankinn né nokkur annar aðili tekið á sig, án þess að hann hafi jafnframt skilyrði til þess, ef ástandið á peningamarkaðnum er þannig, að auka hlutdeild sína í sparifé þjóðarinnar, því að í raun og veru, ef útlán Seðlabankans eiga

ekki að hafa verðbólguáhrif, ef útlán Seðlabankans eiga ekki að vera kostuð af nýjum pappírsseðlum, sem eingöngu mundi þýða hækkað verðlag og aukna verðbólgu, þá geta t. d. þessar 180 millj. ekki komið neins staðar annars staðar að en af sparifjáraukningu þjóðarinnar á sama tíma. Það var þetta, sem var fyrirsjáanlegt á s. l. hausti, að mundi eiga sér stað, og þess vegna þótti sjálfsagt að gera ráð fyrir auknum heimildum Seðlabankanum til handa til að auka hlutdeild sína í sparifénu á móti þessu aukna fé, sem fyrirsjáanlegt var, að hann hlaut að láta af hendi og hefur nú þegar látið af hendi.

Í þessu sambandi vil ég leggja sérstaka áherzlu á, að reglur þær, sem gilda í Seðlabankanum um endurkaup á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar, eru nákvæmlega hinar sömu. Seðlabankinn framfylgir þeirri reglu að endurkaupa afurðavíxla sem svarar 55% af skilaverði afurðanna, og hefur svo verið síðan í apríl í fyrra, að nákvæmlega sömu reglu hefur verið fylgt varðandi endurkaup á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar. Síðan í nóv. hafa þessi endurkaup minnkað, eins og alltaf á sér stað, vegna þess að í vetur hafa bæði sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir verið fluttar út í mjög verulegum mæli, sumpart hraðar en áður hefur átt sér stað. Nýjustu tölur, sem til eru um heildarútlán Seðlabankans til landbúnaðar og sjávarútvegs, tölurnar frá því 1. þ. m., eru þær, að heildarútlán Seðlabankans til landbúnaðarins eru nú 293 millj. kr. og til sjávarútvegsins 328 millj. kr.

Í þessum orðum hef ég viljað gera tilraun til að svara þeim fsp., sem hv. síðasti ræðumaður bar fram í ræðu sinni varðandi framtíðarstefnuna í þessum málum. Í niðurlagi ræðu sinnar ræddi hv. þm. sérstaklega um þær greinar frv., sem fjalla um heimild Seðlabankans til verðbréfaútgáfu með gengistryggingu. Um þetta atriði skal ég segja það, að þessi heimild til verðbréfaútgáfu Seðlabankans mun ekki verða notuð nema að vandlega athuguðu máli og Seðlabankinn mun ekki nota hana nema í samráði við ríkisstj. og að undangengnum viðræðum við viðskiptabankana.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 21. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 91, n. 475 og 480).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umr. um þetta mál, felur það frv., sem hér liggur fyrir til breytinga á lögunum um Seðlabankann, í sér tvær meginbreytingar. Önnur breytingin er sú að hækka það hámark, sem bundið hefur verið með lögum um bindingarskyldu á sparifé í Seðlabankanum. Gert er ráð fyrir því, að bindingarskyldan hækki úr 15—20%, sem hún hefur verið, upp í 25%, og hitt meginatriði þessa frv. er um það að heimila Seðlabankanum að gefa út gengistryggð verðbréf.

Báðar miða þessar breytingar að því að gefa Seðlabankanum kost á að draga til sín meira af sparifé eða öðru söfnunarfé og binda það í Seðlabankanum eða þá að ráðstafa því út úr Seðlabankanum á þann hátt, sem stjórn hans ákveður á hverjum tíma.

Þau rök hafa verið flutt fyrir þörf á þessum breytingum nú að þessu sinni, að Seðlabankinn þurfi á auknu starfsfé að halda, sérstaklega til þess að hann geti aukið lán til undirstöðuatvinnuvega landsins, landbúnaðar og sjávarútvegs. Og á það hefur verið minnzt í leiðinni, að þetta bindingarfé hafi í rauninni verið Seðlabankanum nauðsynlegt á undanförnum árum, til þess að hann gæti eignazt þá gjaldeyrisvarasjóði, sem hann hefur verið að byggja upp.

Hér hefur verið látið að því liggja, að þetta bindingarfé hafi verið notað að undanförnu til þess að auka svonefnd afurðalán til sjávarútvegs og landbúnaðar. Og þegar mál þetta var hér síðast til umr., nefndi hæstv. viðskmrh. nokkrar tölur, sem áttu að gefa til kynna, að að undanförnu hefði verið um allverulega útlánaaukningu að ræða hjá Seðlabankanum í þessu skyni. Að vísu var það nú svo, að eftir því sem hæstv. ráðh. hélt lengur áfram að skýra frá þessum tölum, hurfu þessi rök meir og meir, og þar kom að lokum, að hann nefndi útlánatölur, þær nýjustu, sem nú liggja fyrir, sem bentu til þess, að afurðalánin til landbúnaðar og sjávarútvegs hefðu ekki aukizt frá því, sem þau hafa verið um langan tíma áður, enda er það sannleikur málsins, að það fé, sem Seðlabankinn hefur bundið að undanförnu, t. d. á undanförnum 2 árum, í svonefndum endurkaupalánum, er ekki meira, heldur í flestum greinum minna en það var áður. Hlutfallslega er það auðvitað miklum mun minna, miðað við allt verðlag. Sparifjárbindingin í Seðlabankanum hefur ekki farið til þess að auka við rekstrarlán undirstöðuatvinnuveganna, síður en svo. Þær tölur, sem hæstv. viðskmrh. nefndi í þessum efnum, miðað við nóvembermánuð 1963, — og hann gerði þar nokkurn samanburð á tölum fyrir nóvembermánuð 1962, — sá samanburður sýndi, að á þeim tíma höfðu afurðalánin til landbúnaðar og sjávarútvegs hækkað samanlagt um 180 millj. kr. Þær tölur voru að sjálfsögðu réttar. En aftur á móti tölurnar, sem hæstv. ráðh. nefndi síðast og miðaðar voru við marzmánaðarlok nú s. l. og marzmánaðarlok aftur árið 1963, og þó að hann hefði tekið einnig marzmánaðarlok 1967, sýna, að heildarlánin eru nálega jafnhá í krónum talið nú og þau voru fyrir ári og eins og þau voru fyrir 2 árum. Við vitum, að þessar tölur sveiflast svolítið til eftir því, hvernig stendur á með afurðabirgðir í landinu, t. d. varðandi sjávarútveginn. Þegar svo vill til, að óvenjumiklar birgðir af unnum sjávarafurðum liggja í landinu, bíða afskipunar, þá eru auðvitað afurðalánin heldur hærri, því að lánin eru miðuð við ákveðna prósenttölu af útflutningsverði afurðanna. En á þeim tímum, sem afskipun hefur verið tiltölulega ör og birgðirnar eru með minna móti í landinu, eru þessi lán

með minnsta móti. Það er rétt, að tilhneigingin í þessum lánum, hinum svonefndu afurðalánum, hefur hjá landbúnaðinum verið nokkuð önnur. Þar hefur verið um heldur jafnari vöxt að ræða, og lengst af hafa lánin til landbúnaðar á undanförnum árum staðið mjög í stað, en hækkað nokkuð nú á s. l. ári. En þar er um mjög óverulega upphæð að ræða, þegar litið er á heildarútlán bankakerfisins.

Nei, bindingarféð hefur ekki gengið til þess, að Seðlabankinn miðlaði því fé, sem inn hefur verið dregið frá öðrum peningastofnunum og bundið í Seðlabankanum, yfir til þeirra banka, sem veita hin svonefndu afurðalán, síður en svo. Þetta kemur t. d. mjög vel í ljós, þegar maður virðir fyrir sér, hvernig dreifing þessa fjármagns hefur átt sér stað á öllu viðreisnartímabilinu, nú yfir 4 ára tímabil, sem skýrslur liggja fyrir um. Seðlabankinn hefur gefið út skýrslur um það, hvernig hin auknu útlán úr bankakerfinu hafa dreifzt á milli atvinnuveganna í landinu, og þegar árin 1960, 1961, 1962 og 1963 eru tekin, þessi fjögur ár, segja tölur Seðlabankans þetta: Heildarútlánaaukningin á þessu tímabili úr bankakerfinu er, eins og hér segir: Til sjávarútvegsins nemur aukningin 127.3 millj. kr. á 4 árum. Til landbúnaðarins nemur aukningin 211.1 millj. kr. Til iðnaðarins nemur aukningin 334.7 millj. kr. Og til verzlunarinnar nemur aukningin á þessum 4 árum 587.9 millj. kr. Þessar tölur eru allar beint upp úr skýrslum Seðlabankans. Á þennan hátt hefur fjármagnið dreifzt á þessum 4 árum til viðbótar því, sem fyrir var í upphafi viðreisnartímans. Þessar tölur sýna, að til verzlunarinnar hefur á þessum 4 árum runnið til viðbótar við það, sem áður var, úr bankakerfinu 587.9 millj. kr., á sama tíma sem heildarútlánaaukningin til sjávarútvegs og landbúnaðar á þessu sama tímabili samkv. skýrslu Seðlabankans var 127.3 millj. til sjávarútvegs og 211.1 millj. til landbúnaðar. Það er því vitanlega algerlega rangt að halda því fram, að sparifjárbindingin hafi átt sér stað á þessu tímabili, til þess að Seðlabankinn gæti notað það fé, sem þannig safnaðist saman, og dreift því út í auknum afurðalánum til undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar, það er algerlega rangt. Þannig hefur þessu ekki verið varið. Afurðalánin til sjávarútvegs hafa minnkað mjög verulega hlutfallslega séð. Þau voru almennt, eins og hér hefur oft komið fram áður, í kringum 67% miðað við útflutningsverð vörunnar, en eru nú í kringum 55%. Og að krónutölu hafa þessi lán ekki heldur hækkað frá því, sem áður var. Afurðalánin til landbúnaðarins hafa hækkað nokkuð, en eins og ég sagði áður, er sú hækkun mjög óveruleg með tilliti til útlána bankakerfisins í heild og með tilliti til gerbreytts verðlags, sem átt hefur sér stað í landinu á þessu tímabili. En um hitt er ekkert að villast, að á þessum árum hefur útlánaaukning bankakerfisins til verzlunarinnar í landinu, eins og Seðlabankinn flokkar þessi lán, aukizt stórkostlega. Og þó má svo vitanlega bæta við þessi lán verzlunarinnar, sem aukizt hafa á þennan hátt á þessum árum, hinum stuttu, erlendu vörukaupalánum, sem nema umtalsverðum fjárhæðum og að yfirgnæfandi meiri hluta tilheyra verzluninni. Hitt vitum við svo, að verzlunin telur enn í dag, að hennar hagur sé sízt of góður. Það er heldur ekkert um það að efast, að á þeim tíma, sem verðlag almennt hækkar um helming, þurfa vitanlega þeir aðilar, sem fara með verzlun, á meira föstu fé að halda en þeir höfðu áður.

Það, sem mér finnst vera aðalatriðið í sambandi við þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, er að fá það nægilega hreint upp, vegna hvers er verið að biðja um þessar heimildir, sem er verið að biðja um samkv. þessu frv., til hvers á að nota það fé, sem á að draga inn í Seðlabankann til viðbótar við það fé, sem þangað er búið að draga á síðustu árum? Það eiga ekki að vera hér neinar vafasamar skýringar á þessu atriði. Hér eiga að koma fram alveg glöggar skýringar frá hæstv. ráðh. um það, hvernig á að nota þetta fé.

Ég veitti því athygli, að hæstv. viðskmrh. sagði nokkrum sinnum í sinni ræðu, að það væri í sífellu verið að gera kröfur til Seðlabankans um það, að hann tæki meiri þátt í lánveitingum til atvinnuveganna en gert hefði verið, það væru kröfur frá sjávarútvegi um að hækka afurðalánin til hans, það væru kröfur frá iðnaði um að fara að veita honum sérstök afurðalán og það væru kröfur frá landbúnaði um að hækka afurðalánin til landbúnaðar. Þessi atriði út af fyrir sig segja ekkert um það, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera í þessum efnum. Ég spyr: Hefur verið tekin ákvörðun um það að hækka þau afurðalán, sem nú eru veitt, t. d. út á sjávarafurðir? Er ætlunin að veita meira en sem nemur 55% af útflutningsverði sjávarafurða? Er það ætlunin? Er ætlunin að veita hærri afurðalán út á framleiddar landbúnaðarafurðir heldur en gert hefur verið? Eða er ætlunin að nota þessa heimild þannig, að farið verði að veita ný lán til iðnaðarins vegna framleiðslu hans? Það er þetta, sem þarf að fást upplýst.

Ég skal t. d. segja hæstv. ráðh. það, að ef þessar heimildir ættu að notast þannig, að það fé, sem safnaðist á þennan hátt og legðist inn í Seðlabankann, ef ætti að ráðstafa því aftur út á þann veg að hækka um leið afurðalánin til sjávarútvegsins, þá mundi ég greiða atkv. með frv. hiklaust. En ég veit, að þessi innlánabinding hefur ekki verið framkvæmd á þennan hátt, heldur beinlínis með þveröfugum hætti. Þeir bankar, sem veita afurðalán t. d. til sjávarútvegs og landbúnaðar, hafa verið skyldaðir til þess að binda starfsfé sitt í Seðlabankanum til jafns við aðra banka í landinu og hafa beinlínis sagt það við þá aðila, sem sækja um afurðalán, að þeir geti ekki veitt þeim ríflegri afurðalán en þeir hafa gert, vegna þess að þeirra starfsfé sé bundið á reikningi í Seðlabankanum. Og mér er fullkunnugt um það, að

þessir bankar, sem annast afurðalánin til atvinnuveganna, hafa þurft að taka lán aftur í vissum tilfellum hjá Seðlabankanum með allt að 18% vöxtum, þó að þeir ættu allverulegt fé bundið inni í Seðlabankanum samkv. bindingarreglunum. Nei, þessar reglur hafa sannarlega ekki verið notaðar til þess að flytja með þessu fé yfir til þeirra banka, sem eiga að veita hin svonefndu afurðalán.

Í þessu sambandi hef ég veitt því athygli, að hæstv. viðskmrh. hefur nokkrum sinnum sagt, að Seðlabankinn geti ekki veitt meiri afurðalán en hann hefur veitt til þessa, nema hann fái meira starfsfé, hann verði því að ná í sparifé landsmanna með einum eða öðrum hætti, til þess að hann geti staðið undir því að veita frekari afurðalán. Ég hef að vísu veitt því athygli, að hæstv. ráðh. talar alltaf í þessum efnum um afurðalán almennt séð, en forðast að skilgreina það nokkru nánar, að það er verulegur munur frá bankalegu sjónarmiði séð, hvers kyns þessi afurðalán eru. Seðlabankinn þarf ekki að draga inn neitt viðbótarfé í sínar fjárhirzlur frá því, sem verið hefur, til þess að hann geti veitt lán út á þegar framleiddar útflutningsafurðir, sem aðeins bíða þess að breytast í gjaldeyri rétt innan skamms. Það er margbúið að viðurkenna þessa staðreynd. M. a. hafa þeir hagfræðingar, sem ríkisstj. hefur að mestu stuðzt við í sambandi við efnahagsmálaráðstafanir sínar, þeir hafa viðurkennt, að það sé ekki á neinn hátt verðbólgumyndandi eða óeðlilegt á neinn hátt í efnahagskerfinu, þó að Seðlabankinn veiti bráðabirgðalán út á framleiddar afurðir, sem í rauninni aðeins bíða eftir því að verða fluttar úr landi og breytast á þann hátt í handbæran pening, enda værum við nú illa komnir, ef málin stæðu raunverulega svona.

Á það hefur áður verið bent, að málin standa þannig, að bankarnir segja: Nú er allt á útlánatoppi hjá okkur. Við höfum meira að segja jafnvel lánað of mikið og við höfum ekki getu til þess að lána meira, án þess að hætta sé á því, að um verðbólgumyndandi útlán yrði að gera. — ef undir slíkum kringumstæðum það kæmi fyrir, eins og t. d. er að koma fyrir nú, að það kæmi uppgripaafli, nokkur hundruð millj. kr. í verðmæti skolaði á land með þeim mannafla, sem við eigum, með þeim skipum, sem við eigum, og gengju til vinnslu í þeim tækjum, sem við höfum þegar komið okkur upp, — þá ætti samkv. kenningunni að vera stórkostlega hættulegt fyrir efnahagskerfi landsins að veita bráðabirgðalán út á þessa gjaldeyrisöflun, sem þarna hefur farið fram. Auðvitað mundu útlánareikningarnir hjá Seðlabankanum hækka nokkuð í nokkra mánuði, en þar er aðeins verið að veita bráðabirgðalán út á raunverulegan gjaldeyri, sem liggur í framleiddri vöru. Því hefur aldrei verið haldið fram, að það væri út af fyrir sig hættulegt, það ákvæði í seðlabankalögunum, sem gerir ráð fyrir því, að Seðlabankinn láni ríkissjóði fyrri hluta ársins allverulegar fjárhæðir til sinnar starfsemi, sem eiga að greiðast aftur síðar á árinu. Það er talið, að hér væri aðeins um eðlilega starfsemi að ræða, sem Seðlabankinn ætti að hafa með höndum, og að þetta út af fyrir sig orsakaði ekki á neinn hátt verðbólgumyndandi útlán, svo framarlega sem ríkið gerði ráðstafanir til þess aftur innan tíðar að geta greitt þessar skuldir niður. Nákvæmlega sama regla gildir og er viðurkennd, eins og ég segi, af fjölda hagfræðinga, nákvæmlega sama regla gildir, þegar seðlabanki veitir bráðabirgðalán út á framleidda útflutningsvöru, sem er jafnvel seld, en aðeins bíður eftir afskipun og formlegri greiðslu. Slík skyndilán, sem auðvitað borgast aftur niður, um leið og varan er seld, eru ekki á neinn hátt hættuleg fyrir efnahagskerfið. Seðlabankinn þarf því ekki að skrapa inn neitt af sparifé landsmanna og binda það á neinum sérstökum reikningi, til þess að hann geti staðið undir slíkum lánveitingum sem þessum. Hitt er alveg rétt, að það gegnir allt öðru máli um þau lán, hvort sem þau eru kölluð afurðalán eða eitthvað annað, sem eru þess eðlis, að þau hljóta að fara hækkandi frá ári til árs og mynda þar með eins og fasta lánveitingu og eru í rauninni til almennrar innanlandsþarfar eða innanlandsnotkunar. Um það gildir talsvert önnur regla. Ég álít, að það sé alveg nauðsynlegt að fá fulla viðurkenningu á þessu atriði hjá hæstv. viðskmrh., að hann á ekki að fela sig hér í umr. á bak við eitthvert óljóst orðalag í þessum efnum. Það er engin bein þörf á því að loka sparifé landsmanna inni á þann hátt, sem gert hefur verið, til þess að hægt sé að veita eðlileg afurðalán út á útflutningsframleiðsluvörur.

Ég held líka, að þær skýringar, sem gefnar eru í grg. þessa frv. og að nokkru leyti hafa komið fram hér í umr. um málið, á því, til hvers eigi að nota það fé, sem nú á að draga inn í Seðlabankann til viðbótar við það, sem þangað hefur verið dregið áður, — ég held, að þær skýringar séu algerlega rangar og það viti allir þeir menn, sem að þessu standa. Ég held, að skýringarnar séu nú þær sömu og áður. Enn er uppi sú kenning, að kaupmátturinn í landinu almennt sé of mikill, það þurfi því með einhvers konar valdboði að draga inn talsvert mikið af hinu almenna umráðafé, það eigi að loka það inni, fyrirbyggja, að það verði notað til framkvæmda í landinu eða annarra ráðstafana, þetta séu ráðstafanir, sem eigi að miða að því að draga svolítið úr spennunni í fjármálalífinu. En hæstv. ríkisstj. virðist ekki vilja tilgreina þetta. Það er kannske vegna þess, að hún hefur þegar rekið sig á það, að þó að svona binding á sparifé kunni að verka nokkuð í þessa átt, að hefta framkvæmdir einhverra, draga úr framkvæmdum, þá er sannleikur málsins sá, að þessar ráðstafanir gera sáralítið gagn, borið saman við ýmsar aðrar ráðstafanir, sem ætti að grípa til, þegar eins háttar í efnahagsmálunum og gerir raunverulega hér í okkar landi. Það, sem mundi auðvitað skipta hér miklum mun meira máli, er það, að ríkisstj. þyrði að taka í sínar hendur fullkomna

stjórn á sjálfu efnahagskerfinu, ekki þessa óbeinu stjórn, sem ekki ræður við vandann, eins og reynslan hefur sýnt okkur, heldur stjórn, sem m. a. miðaði að því að hafa nokkurn veginn vald á því, hvað þjóðin leggur mikið á hverju ári í fjárfestingu og í ýmsar aðrar framkvæmdir. Slíku er vitanlega hægt að stjórna með öðrum aðferðum en þeim, sem nú hafa verið notaðar og gefizt hafa á þann hátt, sem við öll þekkjum, sama er vitanlega um það að segja, ef ríkisstj. beitti áhrifum sínum til þess að draga nokkuð úr gróðamyndun ýmissa aðila í þjóðfélaginu, sem nú leika alveg lausir með allan sinn gróða, þá gæti það vitanlega haft mikil áhrif á það, hvernig háttaði hér til á framkvæmda- og vinnumarkaði. En þær reglur, sem hér hafa verið notaðar, einkum í sambandi við innilokun sparifjárins í Seðlabankanum, mega sín mjög lítils í þessum efnum, valda truflunum í ýmsum greinum, en bær lækna ekki þann vanda, sem hér er við að fást.

En þessar ráðstafanir, sem Seðlabankinn hefur beitt sér fyrir og hafa nú orðið að harla litlum notum, — það kemur svo að því, að Seðlabankinn sér það, að sá tími nálgast óðum, að þessar ráðstafanir verða með öllu haldlausar, algerlega gagnslausar. Það þýðir t. d. lítið að vera með ákvæði um það, að allt upp í 25% af sparifjáraukningunni skuli bindast í Seðlabankanum, þegar svo er komið, að sparifé hættir að koma inn í bankann. Þegar Seðlabankinn verður að birta reikninga eða skýrslur mánuð eftir mánuð, sem sýna það, að aukningin á sparifénu er svo að segja stöðvuð, þá skiptir það auðvitað ekki orðið neinu afgerandi máli, hvort í lögum stendur, að 15% af aukningunni skuli bindast þarna inni eða 25%. Og þá er fundið upp alveg nýtt tiltæki, sem kemur hér fram í 2. gr. þessa frv. Þá er lagt til, að Seðlabankinn megi til viðbótar við þessi bindingarákvæði einn allra banka í landinu, einn allra aðila í landinu, bjóða út skuldabréfalán, sem skuli vera gengistryggð. Þá á að reyna að elta uppi það sparifé, sem er farið að flýja fram hjá bankakerfinu, og bjóða í það með nokkuð einkennilegum hætti. Þá á að bjóða það, ef eigendur sparifjárins vilji nú koma með peninga sína í Seðlabankann, þá skuli þeir fá gengistryggingu, sem annars er bannað öllum öðrum aðilum að veita í nokkrum slíkum samningum.

En ég held, eins og ég hef sagt hér áður, að þessi tilraun muni mistakast líka. Ég held, að það fari þannig, að þegar Seðlabankinn gefur út svona gengistryggð verðbréf, þá fari þetta þannig, að ýmsir þeir aðilar, sem geymt hafa og geyma enn sparifé sitt í bönkum landsins og sparisjóðum, þá taki þeir nokkuð af þessu sparifé út, fari með það inn í Seðlabankann á þennan hátt að kaupa sér þar gengistryggð verðbréf, en hin eiginlega sparifjáraukning mun halda áfram að fara fram hjá öllu bankakerfi landsins, einnig fram hjá slíkum gengistryggðum verðbréfum, á meðan verðlagsþróunin í landinu heldur áfram að vera eins og hún hefur verið. Útkoman verður sem sagt sú: Menn þurfa auðvitað að reyna þetta í eitt eða tvö ár, og þá kemur Seðlabankinn aftur og segir, að enn hafi farið sem fyrr, aukningin hafi engin orðið. Og það kemur auðvitað að því fyrr eða síðar, að ríkisstj. verður að átta sig á því í þessum efnum, að það þarf að nota hér allt önnur ráð en notuð hafa verið varðandi þessi vandamál.

Ég vil taka hér undir fyrirspurnir til hæstv. viðskmrh. um þessi fyrirhuguðu gengistryggðu verðbréf Seðlabankans. Það er vitanlega í mesta máta óeðlilegt að setja lög um þess háttar ákvæði, sem er að finna í 2. gr. frv., án þess að eitthvað liggi fyrir um það, hvað á að gera í þessum efnum. Hvernig á að haga þessari verðbréfaútgáfu? Hverjir eiga t. d. vextirnir að vera á þessum gengistryggðu lánum? Eiga að vera háir vextir á þeim líka? Til hve langs tíma þurfa menn að binda fé sitt í þessum verðbréfum? Og hvað er að segja um lánstímann? Verður hér kannske aðeins um það að ræða, að menn kaupi bréf til eins, tveggja eða þriggja ára? Ég hygg, að það hafi verið meining, og veit það reyndar alveg örugglega, að það var meining forustumanna Seðlabankans, að hér væri ekki aðeins um verðbréf að ræða, heldur beinlínis, að bankinn gæti tekið við venjulegu sparifé manna, sem yrði gengistryggt. Er kannske ætlunin, að lánstími þessara bréfa verði tiltölulega stuttur? Ef vextirnir á þessum bréfum verða nokkuð háir, borið saman við önnur lán, og lánstíminn verður líka heldur stuttur, þá er auðvitað enginn vafi á því, að þá rjúka ýmsir til og taka út innstæðufé sitt núna í sparisjóðum og bönkum og fara með það inn í þessa starfsemi Seðlabankans. Um þetta eiga vitanlega að fást hér upplýsingar, hvernig þetta er fyrirhugað.

Ég held, að það sé þegar búið að fara svo langt í þeim efnum að binda sparifé bankakerfisins, að það sé ekki farandi lengra á þeirri braut. Það er sem sagt staðreynd, að verði þetta frv. samþykkt, þá er þegar búið að binda hjá bönkunum um 40% af öllu því sparifé, sem kemur inn í bankana, búið að binda það algerlega fyrir fram með þessari bindingu og svo öðrum samningum, sem ríkisstj. hefur gert við bankana um tiltekna ráðstöfun á sparifénu. Hér er vitanlega um gífurlega mikla bindingu að ræða, svo mikla, að ég efast ekkert um, að hún kemur til með að valda bönkunum miklum erfiðleikum í framkvæmd. Á tímum eins og þeim, sem nú ganga yfir, sem eru mjög hagstæðir á margan hátt í okkar framleiðsluatvinnuvegum, — heildarframleiðslan er gífurlega mikil og fer alltaf vaxandi, verðlag allt fer hækkandi, meira að segja fer verulega hækkandi á okkar útflutningsafurðum líka, — þá er vitanlega alveg útilokað að ætla að halda öllum lánveitingum í sömu krónutölu og áður hefur verið eða verið hefur um langan tíma undir slíkum kringumstæðum. Það er í rauninni alveg óframkvæmanlegt. Því er það, að það þarf vitanlega að gæta vel að því að

ganga ekki of langt í þessum efnum, að binda þannig alveg hendur banka og sparisjóða, að þeir geti ekki sinnt eðlilegum bankastörfum.

Hitt skil ég mætavel, eins og ég hef sagt hér áður, að hæstv. ríkisstj. finnur vandann brenna á sér í þróun efnahagsmálanna. En hún er bara alltaf að glíma hér við aukaatriðin í þessum málum, en gengur fram hjá því, sem er aðalatriði málsins. Það er enginn vafi á því, að það verður erfitt, að ekki sé meira sagt, að haga málunum þannig að segja við landsmenn: Öll fjárfesting er frjáls eins og menn vilja, öll verðlagning í landinu, svo að segja, er frjáls eins og menn vilja, allur innflutningur er frjáls eins og menn vilja, — og það á slíku tímabili, sem gengur hér yfir á Íslandi í sambandi við gífurlega hagstætt árferði í allri framleiðslu, sem hlýtur að leiða af sér mikinn hraða í uppbyggingu, þar sem þörfin er mikil.

Ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. eigi eftir að kanna það, að það verði erfitt að ráða við þessi vandamál, á meðan þessar reglur eru settar í þessum efnum, jafnvel þótt hún sé að fikta eitthvað í því að hækka vextina um eitt eða tvö prósent af og til, eða þá að hækka 15% bindingu upp í 20%, það er erfitt að ætla að stjórna þessum málum með slíkum ákvæðum.

En varðandi þetta frv. teldi ég, að miklu væri eðlilegra, að hæstv. ríkisstj. játaði það eins og það er, að það fé, sem ætlað er að draga inn í Seðlabankann og binda þar eftir þeim reglum, sem þarna hafa verið í gildi, það er hugsað af hálfu þeirra, sem stjórna þessum peningamálum, til þess að draga fé úr umferð, en ekki að segja ósatt um það, að það sé ætlunin að draga þetta fé inn úr hinu almenna bankakerfi, svo að Seðlabankinn geti dreift því aftur út til undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar, í auknum lánum, því að það er alveg ábyggilega rangt. Það hefur a. m. k. ekki verið gert til þessa. Það væri miklu sæmra að segja það, sem er rétt í þessum efnum.

Að öðru leyti endurtek ég svo það, sem ég hef sagt hér áður við fyrri umr. málsins: Ég er andvígur þessu frv. Ég álít, að það stefni í ranga átt, og það leysir a. m. k. ekkert af þeim vanda, sem það átti að leysa. Til þess þarf allt önnur ráð.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég held nú raunar, að í þeim löngu umr., sem fóru fram um þetta mál við 1. umr., hafi flest það verið sagt um efni málsins, sem brýn þörf er á að segja, en engu að síður virðist það ætla að gerast hér við 2. umr., að rangar staðhæfingar frá 1. umr. eru enn endurteknar, og þá vona ég, að hv. þdm. afsaki það, þó að ég telji mig til neyddan að andmæla þessum röngu staðhæfingum enn við þessa umr., en skal hins vegar nú gera það með í raun og veru sams konar rökum og ég gerði þá, en þó styðja mál mitt öðrum og nýrri tölum en ég átti kost á að gera þá, enda nokkur tími liðinn síðan.

Sú var meginstaðhæfing hv. síðasta ræðumanns, og það var í raun og veru líka aðalefni hv. málsvara Framsfl. hér í þessari umr. í gær, að vefengja, að hið bundna sparifé hafi í raun og veru farið til nytsamlegra hluta. Þeir hafa báðir látið orð að því liggja, að það, sem fyrir ríkisstj. og Seðlabankanum hafi vakað með því að hagnýta sér lagaregluna frá 1957 til þess að binda nokkurn hluta af sparifénu í Seðlabankanum, hafi verið það eitt að draga lánsfé úr umferð og að því er manni skilst skapa einhvers konar viðskiptakreppu hér í landinu. Í raun og veru ætti ekki að vera þörf á því að svara þessum staðhæfingum með öðru en benda til þess, að aldrei nokkru sinni í sögu íslenzkrar þjóðar hefur verið meira lánsfé í umferð en á undanförnum fjórum árum, aldrei nokkurn tíma hafa útlán íslenzka bankakerfisins verið meiri í sögu íslenzks efnahagslífs en þau hafa verið einmitt á undanförnum fjórum árum. Þetta eitt er í sjálfu sér nægilegt, þessi almenna staðhæfing nægir til að sýna fram á, að þessar staðhæfingar eru ekki réttar. En ég skal ekki láta við það sitja að andmæla hv. þm., sem báðir eru mikils metnir málsvarar sinna flokka, með svona almennum aths. Ég skal leitast við — og til þess nægir mér örstutt mál — að sýna fram á það með rökum og tölum, sem með engu móti verða vefengd, í hvaða skyni binding sparifjárins hefur verið framkvæmd síðan 1960 og hverju hún hefur áorkað.

Ég sagði það í framsöguræðu minni fyrir frv. og endurtók það enn í ræðu minni hér í gær, að tilgangur Seðlabankans og ríkisstj. með hagnýtingu heimildarinnar til bindingar hluta af sparifénu í Seðlabankanum hafi verið tvíþættur: Annars vegar að gera kleift að eignast gjaldeyrisforða og hins vegar að gera kleifa aukningu á afurðalánum til undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar. Og þetta tel ég nauðsynlegt að undirstrika mjög sterklega, af því að rökin fyrir rýmkun á þessum sömu heimildum nú eru nákvæmlega hin sömu, og þó mundi ég nefna ástæðurnar nú í öfugri röð. Nú segi ég: Ástæðan fyrir því, að Seðlabankanum er þörf á rýmkaðri heimild til að taka til sín hluta af sparifénu, er nú fyrst og fremst sú, að Seðlabankinn þarf og vill auka endurkaup á afurðalánum til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, og enn fremur til þess að auka smám saman, en miklu hægar en undanfarin ár, gjaldeyrisforðann. Þar sem á árunum 1960—64 var aðalnauðsynin að eignast gjaldeyrisvaraforða, og vegna þess, hvað hún var brýn, þá var aðeins lítið hægt að nota af þessu fé til að auka endurkaupin, þá gegnir nú alveg öfugu máli. Nú er höfuðverkefnið að auka endurkaupin til sjávarútvegs, landbúnaðar og þó sérstaklega til iðnaðar, en hins vegar miklu minni þörf á auknu ráðstöfunarfé Seðlabankanum til handa til að auka gjaldeyrisvarasjóðinn. Rökin eru því þau sömu, en það er rétt að nefna þau í öfugri röð nú í dag frá því, sem var fyrir fjórum árum.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, til hvers bundna féð hefur verið notað. Þetta margum-

talaða bundna fé, sem nú nemur um 800 millj. kr. í Seðlabankanum, er að því leyti rangt að kalla bundið fé, því að það er auðvitað ekki bundið, það er allt fólgið í eignum Seðlabankans, þ. á m. í útlánum hans til sjávarútvegs og landbúnaðar, svo að nafngiftin „bundið fé" er í raun og veru alveg villandi. Sú nafngift hefur komizt á vegna þess, að það er lagaskylda af hálfu viðskiptabankanna að leggja þetta fé inn í Seðlabankann. Að því leyti má segja, að þeir séu skyldaðir til þess að leggja fé inn í Seðlabankann. En að kalla það bundið í þeim skilningi, að það sé fryst, það er auðvitað algerlega villandi, því að Seðlabankinn hefur allt þetta fé bundið í sínum eignum í umferð. Þetta voru raunar aukaatriði. — Skýrasta aðferðin, gleggsta og einfaldasta aðferðin til að gera sér grein fyrir því, hvað orðið hefur um þetta svokallaða bundna fé, er einfaldlega að bera saman efnahagsreikning Seðlabankans í lok þess árs, sem við hv. 5. þm. Austf. (LJós) létum af sameiginlegum stjórnarstörfum, þ. e. í árslok 1958, og í lok s. l. árs, og um þetta liggja fyrir heimildir í birtum reikningum Seðlabankans. Þessir reikningar eru að vísu flókið plagg fyrir þá, sem eru ekki vanir að lesa slíka reikninga, en þá má gera mjög einfalda og auðskýrða fyrir þá, sem slíkum plöggum eru vanir.

Niðurstöðutala reiknings Seðlabankans í árslok 1958, þegar við Lúðvík Jósefsson létum sameiginlega af stjórn þjóðarskútunnar, var 940 millj. kr. Niðurstöðutala reikninga Seðlabankans í lok s. l. árs var 2600 millj. kr. Ráðstöfunarfé og þar með eiginir Seðlabankans hafa því aukizt á þessu tímabili um 1660 millj. kr. Og nú er rétt að gera sér grein fyrir því fyrst, hvaða ráðstöfunarfé Seðlabankans hefur aukizt. Eigið fé var í árslok 1958 200 millj. Það er enn 200 millj. Eigið fé hefur ekkert aukizt. Svokallað mótvirðisfé, sem allir hv. þm. vita, hvað er, var 180 millj. kr. í árslok 1958, en 250 millj. kr. í lok s. l. árs, það hefur aukizt um 70 millj. kr. Aukning mótvirðissjóðs hefur fært Seðlabankanum 70 millj. kr. Seðlaveltan var í árslok 1958 400 millj. kr. Í lok s. l. árs var seðlaveltan 650 millj. kr., þannig að seðlaveltan hefur aukizt um 250 millj. kr. Í árslok 1958 skuldaði Seðlabankinn erlendis, fyrst og fremst svonefnda skuld við Greiðslubandalag Evrópu, svonefnda EPU-skuld, 160 millj. kr. Sú skuld var greidd við s. l. áramót, svo að þar hafa skuldir Seðlabankans minnkað um 160 millj. kr. Yfir öðru fé hafði Seðlabankinn þá ekki að ráða, og þetta eru 940 millj. kr. En nú hefur Seðlabankinn yfir að ráða miklu fé til viðbótar, svo sem hér segir: Bundnum innstæðum frá viðskiptabankakerfinu 800 millj. kr., frjálsum innstæðum frá bankakerfinu 200 millj. kr. og innstæðum hjá ríkissjóði, sem nú á inni í Seðlabankanum í staðinn fyrir að skulda honum, eins og hann gerði áður og ég kem að seinna, nú á ríkissjóður inni í Seðlabankanum og sömuleiðis ýmsar aðrar opinberar stofnanir samtals 500 millj. kr. Heildarniðurstaðan af þessu verður 2600 millj. kr. Við sjáum m. ö. o., að aukningin, þessi 1660 millj. kr. aukning, sem Seðlabankinn hefur fengið í ráðstöfunarfé, hún er að helmingi þessara bundnu innstæðna frá viðskiptakerfinu, 800 millj. kr., auk þess frjálsar innstæður frá kerfinu og svo innstæða ríkissjóðs og opinberra stofnana. Það aukna starfsfé, sem Seðlabankinn hefur fengið síðan í árslok 1958, er m. ö. o. að meira en hálfu leyti fengið í gegnum hagnýtingu á þessum bindingarreglum laganna frá 1957, sem fyrst var beitt 1960.

Nú skulum við sjá, hvað Seðlabankinn hefur gert við féð. Nú skulum við athuga mjög stuttlega, hvernig hann hefur notað féð, því að það auðvitað sker úr um það, hvort Seðlabankinn hefur notað það til samdráttar eða hvort hann hefur notað það í verzlun, en þá ályktun mátti draga af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að verzlunin hefði fengið einhvern verulegan hluta af þessu bundna fé, sem er auðvitað alger misskilningur. Seðlabankinn á ekki eina krónu bundna í verzlun og raunar ekki heldur í iðnaði eða samgöngum. Öll hans útlán eru í sjávarútvegi og landbúnaði, enda voru það tölur og útlán viðskiptabankakerfisins í heild, sem þm. var að nefna, en ekki útlán Seðlabankans. Nú skulum við sjá, hvað Seðlabankinn hefur gert við þessa aukningu, og það gerum við bezt með því að bera saman eignaliði Seðlabankans í árslok 1958 og eignaliði Seðlabankans í lok s. l. árs.

Í lok ársins 1958, þegar við hv. þm. skildum við, var gjaldeyrisvarasjóðurinn 100 millj. kr. Hann var tæpar 100 millj. kr. Við s. l. áramót var gjaldeyrisvarasjóðurinn 1400 millj. kr. Og eitthvert fé varð Seðlabankinn náttúrlega að fá til að festa í þessum gjaldeyrisvarasjóði. Afurðalán til sjávarútvegs og landbúnaðar voru í árslok 1958 640 millj. kr., en í árslok s. l. árs, 1963, 750 millj. kr., og hafa því aukizt á þessu tímabili um 110 millj. kr. En í raun og veru hafa þau aukizt meir, vegna þess að í árslok 1958 voru birgðir, sérstaklega af sjávarafurðum, óvenjulega miklar, en við s. l. áramót, eins og allir vita, voru birgðir af sjávarafurðum óvenjulega litlar, svo að raunverulega aukning á afurðalánum Seðlabankans er í raun og veru mun meiri en þessi 110 millj. kr. mismunur bendir til, af því að hann er miðaður við áramótatölur. Útlán stofnlánadeildar og verðbréfaeign Seðlabankans voru í árslok 1958 100 millj. kr., en í lok s. l. árs 450 millj. kr. Þar er aukning um 350 millj. kr. Svo er þess að geta, að í árslok 1958 skuldaði ríkissjóður Seðlabankanum, þ. e. Seðlabankinn átti inneign hjá ríkissjóði að upphæð 50 millj. kr., og bankar og peningastofnanir skulduðu þá Seðlabankanum, — þar var flest á sömu bókina lært í þann tíð, því miður, — peningastofnanir skulduðu Seðlabankanum 50 millj. kr. M. ö. o.: Seðlabankinn átti inneign hjá bönkum og peningastofnunum að upphæð 50 millj. kr., en hvorugt á sér stað núna, eins og ég gat um áðan. Nú á ríkissjóður verulegar inneignir

í Seðlabankanum, og frjálsar innstæður banka og peningakerfisins hjá Seðlabankanum eru hvorki meira né minna en 200 millj. kr.

Þá getum við séð, í hvað þetta 1660 millj. kr. aukna ráðstöfunarfé Seðlabankans hefur farið: 1300 millj. kr. af því hafa farið í gjaldeyrisvarasjóðinn, eins og við höfum verið að segja í almennum orðum og margsegja hér, og þarna er talan, sem tekur af öll tvímæli um það, 110 millj. kr. hafa farið í aukin afurðalán, og 350 millj. kr. hafa farið í aukin útlán stofnlánadeildarinnar og aukin verðbréfakaup. Þetta eru samtals 1760 millj. kr. En á móti því kemur minnkuð skuld ríkissjóðs og minnkuð skuld banka- og peningastofnana, 100 millj., þannig að niðurstaðan verður 1660 millj. kr., og þar með er það endanlega og óvefengjanlega skýrt, hvað Seðlabankinn hefur gert við þetta aukna ráðstöfunarfé sitt, sem að hálfu leyti hefur verið hinar svokölluðu bundnu innstæður í Seðlabankanum.

Mér finnst því í raun og veru, að um þessi efni ætti ekki að þurfa að deila jafnlangvarandi og rækilega og gert er hér á hinu háa Alþingi. Þessar tölur, sem ég nú nefndi, þessi rök, sem ég nú nefndi, taka af öll tvímæli um það, hvernig Seðlabankinn mundi hagnýta sér aukna hlutdeild í sparifjáraukningunni, ef Alþingi veitti honum heimild til þess.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að ítreka það, sem ég í raun og veru hóf mál mitt með, og segja:

Seðlabankinn hefur á undanförnum árum notað aukna hlutdeild sína í sparifé þjóðarinnar fyrst og fremst til að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn, að langmestu leyti til að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn, en að nokkru leyti til að auka útlán til undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar, með endurkaupum á afurðavíxlum þeirra. Framvegis mun Seðlabankinn nota aukna hlutdeild sína í sparifé þjóðarinnar fyrst og fremst til að auka útlán sín til undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, að langmestu leyti til þess, en einnig að nokkru leyti til að halda áfram að auka og styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn.

Ástæðan til þess, að það er rétt að hafa þennan vaxandi stuðning við sjávarútveg, landbúnað og iðnað í þessu formi, að viðskiptabankarnir láti Seðlabankann fá nokkurn hluta af sparifé sínu og Seðlabankinn endurláni það svo í formi kaupa á afurðavíxlum, er sú, eins og ég mun hafa sagt áður við þessar umr., að það er auðveldara að tryggja fullkomið réttlæti í dreifingu þessa hluta lánsfjárins, það er auðveldara að tryggja réttlæti og skynsemi og hagsýni í dreifingu þessa hluta lánsfjárins með því að beina honum um farveg Seðlabankans, sem er vanur og hefur fastar reglur til þess að endurkaupa afurðavíxla eftir, heldur en að láta viðskiptabankakerfið algerlega eitt um að sinna lánsfjárþörfum þessara atvinnugreina.

Það er rétt að bæta því við, að þó að ég hafi sagt hér áðan, að afurðalán Seðlabankans til sjávarútvegs og landbúnaðar hafi í árslok 1958 verið 640 millj. og við s. l. áramót 750 millj., þ. e. aukizt um 110 millj. kr., þá má auðvitað ekki af þessu draga þá ályktun, að sjávarútvegur og landbúnaður hafi ekki haft nema 110 millj. kr. meira lánsfé til umráða í lok s. l. árs en í lok ársins 1958. Þetta hafa þeir haft meira til umráða úr Seðlabankanum, sem í öðrum löndum yfirleitt veitir alls ekki slík lán. Að sjálfsögðu hafa svo bæði sjávarútvegur og landbúnaður fengið miklu, miklu meira aukið fé til umráða frá hinu almenna viðskiptabankakerfi, sem á að hafa það sem sína höfuðskyldu að sinna þörfum sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og verzlunar og samgangna, atvinnulífsins yfirleitt. Það, sem ég hef verið að tala um, er eingöngu hlutdeild sjálfs Seðlabankans í útlánum til atvinnuveganna. Ef menn vildu vega og meta, hvernig séð hefur verið fyrir þörfum helztu atvinnuveganna yfirleitt, þarf náttúrlega að taka heildarútlán allra banka og sparisjóða í landinu og þá auðvitað að Seðlabankanum meðtöldum.

Ég vildi því slá botn í þetta með því að leggja áherzlu á, að til þess ber brýna nauðsyn, að þetta frv. verði samþ. og Seðlabankinn fái þær rýmkuðu heimildir til yfirráða yfir sparifjáraukningu þjóðarinnar, sem þar er gert ráð fyrir, því að á því er ekki nokkur minnsti vafi, að með því móti verður sparifjáraukningin hagkvæmar og skynsamlegar hagnýtt en ef þetta væri látið undir höfuð leggjast. Það er engin gagnrýni á viðskiptabankana, síður en svo, þótt ég fullyrði, að ef það fé, sem t. d. á s. l. ári fór í Seðlabankann og var endurlánað af honum til sjávarútvegs og landbúnaðar, hefði ekki gengið í Seðlabankann og viðskiptabankarnir sjálfir hefðu átt að ráðstafa þessu sama fé, þá hefði það komið að verri notum en það raunverulega kom, með því að viðskiptabankarnir voru lögum samkvæmt skyldaðir til þess að leggja 25% af sinni innstæðuaukningu inn í Seðlabankann og hann endurlánaði síðan fé aftur. Ég vil undirstrika það, því að það vil ég ekki láta misskilja, að í þessu felst engin gagnrýni í sjálfu sér á störf, hvorki einstakra viðskiptabanka né heldur viðskiptabankanna í heild, en þeir eru orðnir margir, og nokkrir þeirra eru einkabankar, sem ríkisvaldið hefur mjög takmörkuð afskipti af og á að hafa mjög takmörkuð afskipti af, fyrir því er beinlínis ráð gert. Einmitt þess vegna er þetta vísasti og vænlegasti vegurinn til að tryggja skynsamlega og hagkvæma hagnýtingu lánsfjárins, að beina nokkrum hluta sparifjáraukningarinnar á hverju ári um hendur Seðlabankans og láta hann endurveita fé til undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, eftir föstum reglum, sem Seðlabankinn hefur þegar árareynslu í að framkvæma, þessum atvinnuvegum eða tveim þeim fyrrnefndu til mikils góðs.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ætli ráðh. sé ekki við? Það er dálítið óviðkunnanlegt að tala um þetta mál, án þess að ráðh. sé við.

Hæstv. viðskmrh. hélt hér ræðu áðan. Hann

ræddi um, að það væri meira fé í umferð nú en nokkru sinni fyrr. Þetta er vitanlega hárrétt, þegar miðað er við krónutölu. En þess ber að gæta, að krónan hefur sífellt verið að lækka í verðgildi og auk þess hefur afurðamagnið og heildarþjóðarbúskapurinn farið vaxandi, þannig að það þarf ólíkt fleiri krónur nú en áður.

Það er allmikið látið af því, að sparifé hafi aukizt, en þegar þess er gætt, hve gengið hefur lækkað mikið, þegar miðað er við verðgildi sparifjárins nú og fyrir 3—4 árum, þá hefur aukningin verið tiltölulega lítil.

Hæstv. ráðh. taldi upp úr reikningum Seðlabankans áðan það fjármagn, sem bankinn gæti lánað eða ætti í bundnu fé erlendis. Þetta var vitanlega rétt hjá hæstv. ráðh., enda er þetta, held ég, í þriðja eða fjórða skiptið, sem hann les þessar tölur upp, og þó að hv. alþm. séu kannske ekki neinir sérstakir bókhaldsmenn, þá ættu þeim að fara að verða þessar tölur ljósar samt sem áður. Og það vita allir, að bankinn getur ekki lánað annað fé en hann hefur, og það hefur enginn vænt bankann um það, að hann ætli að glata þeim fjármunum, sem honum er trúað fyrir, eða hafi tekið af þeim óleyfilega á nokkurn hátt.

Aðallega ver bankinn þessu fé sínu til þess að eiga erlendan gjaldeyrissjóð og lána út á afurðir hér og lána einstökum viðskiptamönnum, ef þess þarf, og eru það einkum bankar og ríki. Hæstv. ráðh. taldi upp, hverjir þessir helztu liðir eru, og það var mótvirðissjóður, seðlaveltan, bundnar innstæður hjá bönkum og sparisjóðum, frjáls innlög og svo það, sem ríkissjóður ætti hjá Seðlabankanum. Þetta er vitanlega allt saman rétt. En hæstv. ráðh. gat þess ekki, að það væri vegur að breyta einhverju í þessari tilhögun allri saman. Seðlabankinn á um 1350 millj. ytra, en skuldar líklega 800—900 millj. í greiðsluskuldbindingum og tiltölulega stuttum vörukaupalánum. Nú hlýtur öllum að vera ljóst, að það er jafnhagstætt fyrir þjóðarbúið að skulda ögn minna í þessum upphæðum og eiga minni gjaldeyrisinnstæður. Þjóðin þarf ekki að eiga jafnmiklar gjaldeyrisinnstæður, ef greiðsluskuldbindingar ytra af vörukaupalánum eru ekki miklar. Menn fengu með tiltölulega litlum hömlum að taka vörukaupalán, skip og bílar hafa verið keyptir meir en þjóðin hafði þörf fyrir, og vitanlega eyðist gjaldeyrir fyrir þetta allt saman. Það skiptir ekki máli, hvort það er greitt þegar í stað, — það er bezt að gera það, þá vita menn hvar þeir standa, — eða hvort það er lofað að gera það eftir einhvern ákveðinn tíma, en ef miklar greiðsluskuldbindingar eru, þá vitanlega þarf gjaldeyrissjóður að vera hærri. Ef það væru litlar greiðsluskuldbindingar og lítil vörukaupalán, eins og voru áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá þyrfti gjaldeyrissjóðurinn ekki að vera svona mikill. — Ég get ekki fullyrt nákvæmlega um, vegna þess að þetta er svo breytilegt, hve miklar þessar lausaskuldir eru og gjaldeyrisskuldbindingar nú, en það er ekki ólíklegt, að þetta séu 800—900 millj. Og ef þetta er dregið frá gjaldeyrissjóðnum, þá er hann ekki nema 400—500 millj., hinn raunverulegi gjaldeyrissjóður. (Gripið fram í.) Þá hefur það lækkað mjög, og það er ólíklegt, að það lækki mjög, vegna þess að sífellt eru skipin að streyma til landsins. (Gripið fram í.) Vörukaupalánin, já, og svo eru skipin, og ætli þau séu ekki orðin 400 eða 500 millj., og þar að auki munu skuldir hafa hækkað, enda er það staðreynd, að á árunum 1961 og 1962 var hagstæður gjaldeyrisjöfnuður um 1000 millj., en það er ekki nema aðeins fyrir gjaldeyrishallanum eða hinum raunverulega tekjuhalla þjóðarbúsins árið 1959, þannig að heildarskuldirnar hafa ekki lækkað, frá því að vinstri stjórnin lét af völdum. Hinn raunverulegi halli á þjóðarbúinu, ef ekki er tekið tillit til þeirra umbóta, sem urðu, mun hafa verið um 200 millj. á síðasta ári, eftir því sem síðustu upplýsingar voru, sem gefnar voru upp í Fjármálatíðindum.

Þarna er leið, sem hægt er að fara. Það er að hafa þessi vörukaupalán sem lægst, það er að hafa einhvern hemil á innflutningnum, bæði skipum, bifreiðum og öðru því, sem þjóðin nauðsynlega þarf ekki með, og þessi mikli skipainnflutningur hefur valdið eða veldur áreiðanlega mikilli röskun í fiskveiði Íslendinga, því að vitanlega er ómögulegt að gera út minni bátana, þegar stóru skipin koma, því að sjómennirnir vilja heldur vera á stóru skipunum, þeir verða því verðlausir og verður ekkert hægt að gera við þá. Þó skal ég ekkert fullyrða um, hvað hagkvæmara reynist, því að þetta er svo miklum breytingum háð, t. d. í vetur veiðist ágætlega í nót, en svo geta komið e. t. v. önnur ár, sem ekkert veiðist í nótina, þá eru allir búnir að kaupa nætur, og þessar breytingar eru nokkuð áhættusamar og vafalaust ekki óeðlilegt að hafa einhver takmörk fyrir því, hve örar þær eru.

Ef hæstv. ríkisstj. hefði aðeins haft einhvern hemil á þessu, bílainnflutningi, skipasmíðum, byggingum ýmissa stórhýsa, sem e. t. v. er hægt að draga, eða haft m. ö. o. einhvern hemil á fjárfestingunni í landinu, þá væri alveg nóg sparifé í landinu til að fullnægja eftirspurninni, þyrfti ekki að vera nein lánsfjárkreppa. Síhækkandi verðlag á öllum hlutum krefst fleiri króna. Fyrirtæki, sem þurfa að kaupa vörur eða greiða afurðir, þurfa fleiri krónur nú en þau þurftu áður. Þetta á e. t. v. hvað drýgstan þátt í því, að sífelldur rekstrarfjárskortur er nú.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að það þekktist ekki annars staðar, að seðlabankar endurkeyptu afurðavíxla. Það má vel vera, en þá lána þeir gjarnan til annarra banka, ef á þarf að halda eða þeir þurfa á hjálp að halda, með lágum vöxtum. Seðlabankarnir hafa þau forréttindi, að þeir geta lánað seðla og tekið vexti af þeim, sem eru ekki kannske gulltryggðir nema að einhverju leyti, þannig að það er fundið fé fyrir þá. Og við vitum það, að okkar seðlar eru ekki gulltryggðir hér heima að öllu leyti a. m. k., þó að segja megi, að þeir séu tryggðir, þegar

erlendur gjaldeyrir er nægur fyrir þeim. Það er ekki nema gott eitt að segja um það að hafa nægilegan gjaldeyrissjóð, það er nauðsynlegt fyrir hvert þjóðfélag. En það er blekking að halda, að það sé hrein eign þessir gjaldeyrissjóðir, — ef vörukaupalán og greiðsluskuldbindingar eða ábyrgðir, sem bankarnir standa í fyrir lánum, nema miklum hluta af þeim gjaldeyrissjóði, þá er það í raun og veru dálítið blekkjandi.

En ég sé ekki, hvers vegna Seðlabankinn þarf endilega hér að lána einn út á afurðirnar, ef þetta tíðkast alls ekki í öðrum löndum, sem vel má vera. Við höfum sérstöðu með okkar útflutningsverzlun, við höfum svo mikla útflutningsverzlun, hvað fiskafurðir snertir.

Fyrir 1960 var það þannig, að Seðlabankinn lánaði ekki meira út á fiskafurðir og landbúnaðarafurðir en hann gerir nú. Það var raunar þessi breyting á landbúnaðarvörunum að fara að miða við krónutöluna, og þegar verðið hækkaði, þá lækkaði prósentan. En þessu mun hafa verið breytt að einhverju leyti eða öllu leyti jafnvel í haust. En svo lána bankarnir út á 2. veðrétt í þessum afurðum og þeir hafa alltaf gert það út á fiskinn, því að það var ómögulegt fyrir fiskkaupendurna, — ég held þeir láni nú 15%, eða þannig, að þeir fái í raun og veru 70% lán út á fiskinn, en svo er dregið frá því fyrir fram vextir og kostnaður, þannig að það er aldrei það mikið. Hins vegar gekk illa að fá út á 2. veðrétt eða þessi viðbótarlán á landbúnaðarafurðirnar. Vera má, að Landsbankinn hafi lánað SÍS eða þeim félögum, sem mest hafa með þær að gera, eitthvað, en ég efast um, að það hafi verið í því formi, að það hafi verið veðlán. Búnaðarbankinn hefur vafalaust lánað Sláturfélagi Suðurlands eitthvað, þannig að ég hygg, að þó að Seðlabankinn hafi lánað út á landbúnaðarafurðirnar svipað og út á fiskafurðirnar, þá hafi minni lán fengizt út á þær, vegna þess að viðbótarlánin fengust ekki út á þær, hliðstæð og út á sjávarafurðirnar.

En við þurfum nú ekki að telja sérstaklega upp alla útlánaliði Seðlabankans, við skulum bara athuga, hvernig þetta frv. verkar, hvað gerist, ef þetta frv. verður að lögum og er framkvæmt.

Ég satt að segja bjóst hálfgert við því, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að salta þetta frv., það hefur liðið svo langur tími, síðan það var til 1. umr., og það gladdi mig ef hún ætlaði að gera það. En það ber ekki á öðru nú en það eigi að hamra þetta í gegn. Hins vegar skildist mér á hæstv. viðskmrh., að þessi ákvæði mundu ekki verða framkvæmd nema að litlu leyti, því að hæstv. ráðh. lét orð liggja að því, að engra grundvallarbreytinga væri að vænta í bili. En ég skil ekki í, hvers vegna á að hespa í gegn lögum, ef ekki á að framkvæma þau, hvaða þýðingu það hefur sérstaklega.

En áhrifin, sem þetta hefur, eru einfaldlega þau, að það minnkar það fé viðskiptabankanna, sem þeir geta lánað viðskiptamönnunum. Iðnaðarbankinn, Verzlunarbankinn og aðrar lánastofnanir í landinu geta ekki lánað viðskiptamönnunum jafnmikið fé, það fer í Seðlabankann. Seðlabankinn á aftur að lána meira. Ég sé því ekki, að það sé nein lausn á heildarrekstrarfjárskorti þjóðarinnar, þó að þetta sé framkvæmt. Hins vegar vex vald Seðlabankans. Nú er það með mig þannig, að mér finnst nóg um þetta bankavald, þó að það aukist ekki meira en er, og ég minntist á þetta við einn bankastjórann í dag, og mér skildist á honum, að Seðlabankinn réði nokkuð miklu, hvort sem væri. En reynsla mín af þessum lánastofnunum er þannig, að eftir því sem þær verða ríkari, eftir því verða þær ráðríkari og hrokafyllri og skilningsminni á kjör almennings. Það er t. d. staðreynd með útibú, bæði útibú Útvegsbankans og Landsbankans, að þar eru útibússtjórarnir hjálplegri og skilningsbetri á kjör atvinnurekendanna úti á landinu en bankastjórarnir hér í bænum. Það er erfiðara að eiga við aðalbankana heldur en útibú. Hins vegar er alltaf verið að taka þessa vesalings menn, þessa útibússtjóra, og skamma þá fyrir að lána of mikið, og það er jafnvel þannig, að það var varla sú smásparisjóðshola s. l. haust, að hún fengi ekki áminningu um að draga úr útlánunum. Síðast var mér sagt það í dag, að það væri einhver smásparisjóður í Hólahreppi í Skagafirði, og þeir fengu áminningu, — ég veit ekki, hve mikið þeir hafa, 100—200 þús. líklega, — að fara varlega í útlánunum, þannig að drottnunarvald þessara háu herra er nær ótakmarkað, og svo á að gera það enn meira, það á að kreista enn meira út úr bönkunum í Seðlabankann; og hann á svo að ráða eftir sínum duttlungum.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að það, sem sérstaklega væri aðkallandi nú, væri lán til iðnaðarins. Mér hefur ævinlega verið ljóst, að þessar blessaðar lánakröfur fyrir iðnaðinn væru áróðursmál fyrst og fremst, kosningamál. En við skulum bara athuga, hvernig þetta verkar með þennan blessaða iðnað. Iðnaðurinn býr við betri kjör á vissan hátt en nokkur annar atvinnuvegur í landinu. Hann er verndaður — ýmsar iðngreinar — með 70—100% innflutningsgjöldum. Verkanirnar hafa verið einfaldlega þær, að þeir, sem hafa tíma til ferðalaga, búa í höfuðborginni stutt frá flugvellinum, skreppa til Glasgow og Bretlands og kaupa þar t. d. fatnað, sem er miklu, miklu ódýrari, flytja hann heim í töskum sínum, og mér er sagt, — ég spjalla oft við kaupmennina hérna í bænum, heildsalana, ég hitti nú marga, og ég held satt að segja, að ráðh. ættu að gera meira að því en þeir gera að tala við þessa menn, sem eru að basla í atvinnulífinu, verzlun og öðru slíku, ég tala hér um bil aldrei við þessa menn án þess að fræðast eitthvað, — og mér var sagt, að frúrnar fari oft með pantanir fyrir heilar blokkir og skutluðu þessu inn, ekki svo gaman að vera að taka af þeim undirkjóla og kápur, ef þær hafa þetta í töskunum og eiga þetta allt saman sjálfar. Og þessi maður sagði

mér, að það væri þannig fyrir jólin, að þá væri þetta svo mikill innflutningur, að tollurinn mundi nema ca. 700 þús. eða svo af hverri flugvél, sem tapaðist í þessum dýru klæðum.

Við vitum líka, að þessir iðnaðarmenn eru, sumir þeirra, það er dálítið misjafnt, einhverjir allra ríkustu menn í landinu. Þið getið bara tekið Svein Valfells. Ég hef mjög miklar mætur á manninum sem hreinu sénii í fjármálum, og hann hefur komið sér prýðilega fyrir. Það er hægt að telja alveg ótal iðnaðarmenn, sem eru með allra ríkustu mönnum í landinu. Ef þessir blessaðir menn eiga nú að fá lán út á öll vinnuföt og Magnús Víglundsson út á skóna, sem hann á hérna einhvers staðar vestur í bæ, ég held það verði nú lítil trygging fyrir því, að þetta verði ekki notað í spákaupmennsku, eins og maður segir, kannske til að byggja villur eða slíkt, eitthvað af þessum peningum, sem þeir fá út á þessa lagera sína, þannig að ég held, að þetta sé dálítið athugavert að fara að taka iðnaðarvörur holt og bolt og lána út á þær líkt og kjöt og fisk. Það er allt annað með útflutningsvörur, sem bíða eftir því að vera fluttar út og einstaklingarnir hafa ekki fjármagn til að liggja með þær. Þetta er í raun og veru gjaldeyrir, sem er beinharður, það er allt annað með þær, og er í raun og veru alveg óeðlilegt, að bankarnir taki ekki nokkurn veginn við þessum vörum, þegar framleiðendurnir eru búnir að vinna þær og þær eru tilbúnar til útflutnings. Það eru ranglátar kröfur að heimta það, að atvinnurekendurnir bindi mikið af sínu takmarkaða fjármagni í þessum vörum, þegar þær eru fullbúnar til útflutnings og bankarnir taka við gjaldeyrinum öllum fyrir þær, hafa allan umráðarétt yfir honum. Það er ekki hægt að ætlast til þess. En hitt veit ég, að iðnaðurinn, sem nú er að komast á laggirnar, og ýmsar iðngreinar þurfa aðstoðar með. En ég bara óttast það, ef á að fara að lána út á þessar iðnaðarvörur, að það verði þannig, eins og yfirleitt er starfrækslan í bönkunum, að bankarnir eru fúsir að lána þeim ríku, en ófúsir að lána þeim, sem þeir efast um að séu alveg tryggir að standa í skilum, þannig að ef á að fara að lána út á iðnaðarvörurnar, lagerana, sem iðnrekendur eiga, þá verði það þeir ríku, sem fái lánin, sem sízt þurfa þess, en frekar verði látnir sitja á hakanum þeir fátæku, sem helzt þurfa þess.

Annað atriði er það, að það er í raun og veru ekkert vit í þessum háu innflutningstollum, eins og ég var að tala um, t. d. á fatnaði, því að það er smyglað svo miklu af þessu beint og óbeint vegna þess, hve tollmismunurinn er mikill, og þannig missa kaupmennirnir hérna í bænum af viðskiptunum, og þeim þykir þetta ekkert gott, og þetta fer alltaf vaxandi, eftir því sem samgöngurnar verða betri. Svo kemur þetta misjafnlega niður, því að það eru aðallega bæjarbúar í Hafnarfirði og Reykjavík, sem geta notað þessar ferðir, en fiskimenn og bændur úti á landi hafa engan tíma til þess að vera að fljúga og flakka um sláttinn út um öll lönd til þess að kaupa sér pjötlur utan um líkamann. En það er í raun og veru alveg óheyrilegt með nauðsynjavarning, eins og t. d. fatnaður er, skótau og annað slíkt, að hafa hærri innflutningsgjöld á því eða vernda það með hærri verndartollum en 30—40%, og það er yfirleitt ekki gert hjá öðrum þjóðum. Þetta verður til þess, að iðnrekendur hér heima leggja sig ekki nógu vel fram um að reka fyrirtækin af hagsýni, og almenningur er látinn borga, því að þetta er hlutur, sem menn komast ekki af án, almenningur er látinn borga þetta, og það er fullkomlega athugunarvert, hvort ekki er eðlilegra annaðhvort að reyna að lækka ríkisútgjöldin, þannig að það þurfi ekki að taka svona mikil innflutningsgjöld, eða í öðru lagi að taka þau á einhvern annan hátt. Mér hefur skilizt, að verzlunarmannastéttin hér í bæ sé mjög óánægð með þetta, af því að þeir tapa svo miklum viðskiptum vegna þess, hvað verðmismunurinn er mikill ytra og hér. En þetta veldur því, að sumir iðnrekendur landsins eru orðnir með ríkustu mönnum þjóðarinnar og eiga svo að fá aðgang að lánum út á sína lagera í viðbót, svo að þeir geti keypt fleiri blokkir og sem sagt leikið sér með peningana. En ég skal játa það, að allir iðnaðarmenn eru ekki ríkir og þurfa margir aðstoðar með. Það þarf að undirbyggja iðnaðinn af viti og hagsýni í landinu, þá er hann þarfur og góður, og iðnaður, sem á að fara að starfrækja nú, hann þarf aðstoðar með. En er ekki bara betra að gera það á annan hátt en með þessum afurðalánum?

Ef þetta lagafrv. verður framkvæmt, að 25% af innstæðufé banka, sparisjóða og innlánsdeilda verður tekið í Seðlabankann, þá þrengir þetta möguleika þessara banka til að lána sínum viðskiptamönnum. Ég veit, að Iðnaðarbankinn hefur eitthvað lánað iðnaðarmönnum og eins iðnlánasjóðurinn. Þetta eru vaxandi stofnanir. Ég skal viðurkenna það, að þær hafa sýnt mikinn skilning með iðnaðarmönnum úti á landi. Þær hafa sýnt það, að þær hafa vilja til að aðstoða þá, enda eru þetta ungir menn og ekki mjög kalkaðir, margir af þeim, sem ráða þessum bankamálum. Sama er að segja um Verzlunarbankann. Hann reynir að fullnægja verzluninni, eftir því sem hann getur. Verði tekið meira fé af þessum lánastofnunum, geta þær minna greitt fyrir viðskiptamönnum. Er nokkuð unnið við það að taka fé af þessum aðilum, taka fé af Iðnaðarbankanum, láta Seðlabankann hafa það og lána það út aftur, heldur en Iðnaðarbankinn geri það bara sjálfur? Ég held, að Iðnaðarbankinn fylgist fullt eins vel með þörfum og kröfum þeirra manna, sem eru að basla af stað nú í iðnaði úti á landsbyggðinni, eins og Seðlabankinn og jafnvel betur.

Nei, við leysum engin vandamál eða rekstrarfjárskortinn með þessum ráðstöfunum, ekki nokkur. En við aukum vald Seðlabankans. Það er það, sem gerist. Svo gerist annað. Bankar og sparisjóðir hafa minni möguleika til að fullnægja viðskiptavinum sínum. Það verður til þess,

að meira og minna verður farið utan við bankana. Við vitum, að mikið af peningaviðskiptum hér í Reykjavík er utan við bankana. Ég hef komizt eftir því í gegnum samtöl við menn, að heildsalar t. d. gera mjög mikið að því að taka bráðabirgðalán hjá þessum, — ég nefni þá að gamni aðstoðarbankastjórana, — það eru lögfræðingar, sem lána fyrir 2½% á mánuði og jafnvel 3%, og þetta er ekki svo voðalegt, þegar þeir innleysa vörur, sem liggja hér á hafnarbakkanum og þeir þurfa endilega að innleysa, þetta er ekki svo voðalegt að taka tveggja mánaða víxla, — svo selja þeir þessar vörur betur, ef þeir geta selt þær með tveggja mánaða víxlum og hafa eitthvert lag á því að leggja á þetta.

Annað er það, að þessi blessuð vörukaupalán, sem menn eru að neyðast til að taka, vegna þess að það er haldið svo í útlánin, valda því, að vörurnar eru dýrari. Ég get sagt ykkur sem dæmi um síldarnætur, að ég gat fengið með bankaábyrgð síldarnót 60 þús. kr. ódýrari en ef ég gat ekki útvegað bankaábyrgð fyrir henni. Og ég keypti hana með bankaábyrgð, en hún kostaði mig 60 þús. kr. minna, af því að ég gat lagt fram bankaábyrgð. Og það er það, sem gerist, þegar þeir eru að fá þessi vörukaupalán, þeim eru seldar vörurnar dýrari í mörgum tilfellum, vafalaust allt upp í 10%, og þjóðin borgar. Þeir skaðast ekki á þessu, sem kaupa vöruna, þeir mega leggja á vissa prósentu, jafnvel græða á þessu, fá þetta vaxtalaust e. t. v. hjá þeim, sem þeir kaupa þetta hjá, en það er dýrara, af því að þeir geta ekki borgað út, og við vitum, að það er hægt að gera hagkvæmari og betri viðskipti með því að borga út. Þess vegna er sú leið, sem farin var, að neyða fyrirtækin í það að taka vörukaupalán, tvímælalaust til þess að gera vöruna dýrari og er þess vegna ekki skynsamleg leið, — hefði verið miklu betra að láta þessi vörukaupalán vera lítil sem engin og borga vöruna út, þó að gjaldeyrissjóðurinn hefði orðið minni og hefði þess vegna verið minna til þess að vitna í, þegar verið er að tala um það á fundum, hvað hann sé orðinn stór.

Nú gerist það, að bankarnir geta ekki fullnægt viðskiptavinunum og hafa ekki gert það, því að þetta eru náttúrlega alveg fullkomin vandræði, þegar farið er að útvega einhverjum lán. Við vitum það, þingmennirnir utan af landinu, þegar farið er að biðja þessa stærri banka hér, það var nú fyrir áramótin: Jú, hámark 25 þús., var okkur sagt, og svo fékkst ekki framlenging á þessu í mörgum tilfellum. Mér var t. d. stefnt fyrir einn 19 þús. kr. víxil s. l. ár og ómögulegt að fá hann framlengdan. Jæja, ég ætla nú ekki að fara út í svoleiðis sögur. En það er sem sagt svo að segja útilokað fyrir óbreyttan alþýðumann að fá bráðabirgðalán, þó að honum liggi mikið á. — Það, sem gerist því, ef á að fara að taka 25% af öllum lánastofnunum í landinu og í viðbót neyða þær til þess að kaupa ríkisskuldabréf fyrir 15% af innlánsaukningunni, — þá er tekið af þeim 40%, þær hafa 60% úr að spila, — það, sem gerist, er það, að það verður farið að lána meira utan við bankana. Reykvíkingar eru farnir að kunna þetta vel. Þeir kunna að búa út víxla og selja náunganum þá. En út um hinar dreifðu byggðir er æfingin minni. En það er ekki ómögulegt, að það sé hægt að kenna mönnum þetta. Kaupfélögin þurfa ekki annað en að taka út úr innlánsdeildunum og færa inn í viðskiptareikninga. Og eignarskatturinn er það lágur, að það er sjálfsagt fyrir kaupfélögin að gera þetta. Í flestum tilfellum eru það ekki það miklar eignir hjá þessum einstaklingum, sem eiga þetta, að það skipti neinu máli upp á eignarskattinn. Og það er ekki nokkur vandi fyrir bændur og aðra einstaklinga úti í byggðunum að læra að búa út víxla og fara að lána víxla, og þetta er ekki nema eðlilegur skæruhernaður, þetta er bara sjálfsbjargarviðleitni. Fólkið hefur ekki um annað að velja, þegar svona er þrengt að.

Svo kemur annar liður, og það eru þessi skuldabréf, sem á að fara að heimila Seðlabankanum að kaupa. Seðlabankinn getur þetta alveg áhættulaust að því marki, sem nemur þeim gjaldeyrissjóði, sem hann á ytra, því að ef gengið breytist, þá hækkar hann, það jafnar sig. Hann á því ekkert á hættu, en græðir, ef gengið fellur og hann á stórar gjaldeyrisinnstæður ytra, þá græðir hann eða ríkið, það má segja það. Aftur hækka náttúrlega skuldir þjóðarinnar ytra, þannig að það má segja, að fyrir þjóðfélagið í heild sé það ekki gott. En Seðlabankinn sem slíkur á ekkert á hættu, þó að hann kaupi þessi bréf, en þá vitanlega streyma peningarnir úr hinum lánastofnununum, menn kaupa þessi bréf, og það þrengir enn meira að lánastofnununum, þannig að þeim er í raun og veru gert ómögulegt að starfa.

Ég spurði einn bankastjóra að þessu í dag, hvernig honum litist á þetta, og hann sagði, að þetta mundi aldrei verða framkvæmt. En til hvers er þá að vera að setja löggjöf, sem aldrei á að framkvæma? Það yrði nokkurs konar kvígufrumvarp, eins og hjá Jónasi Péturssyni, því að það vita allir, ef á að lána 30 kvígur og taka eina kvígu í vexti, að það er gersamlega óframkvæmanlegt. Og það er til skammar fyrir samkomu eins og þetta þing að samþykkja svona lög, því að það tekur enginn maður 30 kvígur, og þess vegna er mönnum ómögulegt að borga með 1 kvígu, þó að maður sleppi því nú, að með framkvæmd þessa atriðis er verið að gera bændur að sveitalimum, því að sveitarfélagið á að borga vaxtamismuninn. Grannarnir geta þá spjallað um það, að þessi og þessi fái þetta mikið framlag af sinni sveit, þannig að þetta er eyðileggjandi og auðmýkjandi fyrir persónuna, sem tekur þessi kvígulán, og óframkvæmanlegt að standa í skilum með þetta. Það er ekki sæmandi, jafnvel þó að það séu samin einhver fáránleg lög, sem er ekki meiningin að fram-

kvæma eða eru óframkvæmanleg, eins og t. d. þessi verðbréf hérna, sem Seðlabankinn á að kaupa, það verður vitanlega aldrei framkvæmt í stórum stíl, vegna þess að það gerir hinum bönkunum alveg ómögulegt að starfa. En hví að vera að setja þetta í lög? Ráðh. lét nú að því liggja, að þetta yrði ef til vill ekki framkvæmt nema að einhverju litlu leyti og í samráði við bankana. En hvað á það þá að þýða að vera að setja þessi lög?

En nú er mikið talað um það að tryggja sparifé, og ég held, að mínir hv. flokksbræður hafi komið með einhverjar ályktanir út af því. Það er nú allt gott og blessað. En það á nefnilega ekki að tryggja sparifé, heldur á að verðtryggja skuldirnar, ef þið viljið stöðva verðbólguvitleysuna. Ef það væru sett lög um það, að ef gengið breyttist, þá hækkuðu skuldirnar, þá þyrfti ekki annað til að allir, sem skulduðu, yrðu áhugasamir fyrir því, að gengið félli ekki. En meðan mikið af ríkustu mönnum þjóðarinnar rekur þá spákaupmennsku, sem fylgir því að búast við því, að gengið lækki, þá hafa þeir engan áhuga á, að gengið verði varanlegt. Ef yrði sett ákvæði um það, að skuldirnar hækkuðu, ef gengið breyttist, þá snerist allur áhugi um það að láta skuldirnar ekki hækka, það græddi enginn á því. Það vildi enginn, að skuldirnar hækkuðu. Það þyrfti í raun og veru ekki að gera aðra ráðstöfun til þess að draga úr þeim áhuga, sem vissir aðilar hafa fyrir því, að gengið lækki, heldur en að semja lög um þetta. Það hefði verið miklu réttara af mínum kæru flokksbræðrum að hafa þetta öfugt, að miða gengistryggingu við skuldir, en ekki við sparifé, það verkaði betur. Hinir ríku ráða meira en þeir fátæku.

Ég sé ekki, að við getum leyst þennan rekstrarfjárskort, sem er hjá þjóðinni, með öðru móti en því að setja einhvern hemil á eyðsluna hjá þjóðinni. Við leysum hann ekki með því að þrengja enn meir að viðskiptabönkunum, þannig að þeir geti engan veginn fullnægt sínum viðskiptavinum, það verða ekki leyst nein fjárhagsvandræði með því. Við getum ekki leyst hann með öðru en því, að þjóðin eignist beinlínis meira sparifé, og það er hægt að gera með því að setja einhverjar hömlur á innflutninginn og tryggja gjaldmiðilinn, þannig að fólkið treysti því, að gengið sé ekki alltaf að lækka, því að það er ekki eðlilegt, að fólk hafi áhuga á að safna sparifé, ef það tapar öllum vöxtunum, eins og það hefur gert s. l. 4 ár, því að þótt vextirnir hefðu verið lagðir við upphæðina, þá er hún ekki meira virði en hún var t. d. 1960 — verðgildi krónunnar hefur lækkað það mikið — núna með vöxtunum.

Með þessu eina móti getum við læknað rekstrarfjárskortinn í landinu, að setja einhvern hemil á eyðsluna og sannfæra fólkið um það, að gjaldmiðillinn sé nokkurn veginn tryggður. En við lögum ekkert með því að draga meira og meira fé í Seðlabankann, lama algerlega útlánastarfsemi sparisjóða og viðskiptabanka. Við getum ekki lagað nokkurn skapaðan hlut með því, það bara versnar, og auka svo þennan blessaða gjaldeyrissjóð ytra og e. t. v. að auka jafnmikið greiðsluskuldbindingar og vörukaupalán. Það verður bara meiri og meiri rekstrarfjárskortur, og nú er það þannig með fyrirtækin, að þau eru í lamandi rekstrarfjárskorti. Við, sem erum með einhver viðskipti, t. d. fiskafurðir og annað, vitum það, að sum fyrirtæki geta alls ekki borgað, ekki fyrr en seint og síðar meir. Meira að segja öflugustu fyrirtækin eiga mjög erfitt með að standa í skilum. Þannig er ástandið. Þessi sífellt meiri og meiri þörf fyrir fleiri krónur veldur því, að fyrirtækin þurfa að græða á vörunni. Þau geta ekki borgað eins mikið og t. d. fyrir fiskafurðirnar. Þau þurfa að leggja til hliðar stórfé til að geta staðið undir væntanlegum verðhækkunum. Það þarf meira og meira rekstrarfé. Og þessir háu vextir og þessi vaxandi þörf fyrir rekstrarfé veldur því t. d., að þeir, sem kaupa síld og fisk, geta ekki borgað jafnmikið fyrir það. Ef vextirnir væru lægri og þeir þyrftu ekki sífellt meirra og meira rekstrarfé, þá gætu þeir borgað betur, og þá hefði líka verið hægt að komast hjá því að leggja þennan viðbótarsöluskatt á þjóðina til að bæta þessar afurðir, og það var leiðin, sem átti að fara. Það átti ekki að hækka söluskattinn, jafnvel hefði átt að afnema hann með öllu, lækka ríkisútgjöldin og greiða fyrir framleiðendunum, sem vinna úr fisk- og síldarafurðum, á þann hátt að lækka vextina og láta þá hafa betri og greiðari aðgang að hæfilegum rekstrarlánum. Þá hefðu þeir getað borgað þessar afurðir miklu meira, því að við vitum, að ef allt er í lagi núna með fiskvinnsluna, þá stórgræða þeir á þessu.

En það hefur bara fylgt þessari hæstv. ríkisstj., að ef hún ætlaði að gera eitthvað vel, þá hefur hún þurft að gera annað illa, svo að þetta varð gagnslaust, sem hún gerði. Þannig var það með efnahagsráðstafanirnar 1960, þegar átti að setja bremsu á útlánin og láta fólkið hætta að taka lán, hækka vextina, til þess að fólkið hætti að taka lán, þá var gengið lækkað um leið, þannig að rekstrarfjárskorturinn knúði fólkið til þess að taka lánin, hvað sem þau kostuðu, og á þann hátt var vaxtahækkunin gerð gersamlega einskis virði. Svo átti að halda kaupinu hér um bil óbreyttu, en þá voru bæði hækkaðir vextir og vörur við fólkið, sennilega hefur byggingarkostnaður hækkað allt að 50—70%, vextirnir hækkuðu um þriðjung þá í bili a. m. k., og vitanlega var fólkinu ómögulegt til frambúðar að vinna fyrir sama kaup, þegar þessar ráðstafanir voru gerðar jafnhliða. Þetta verkaði hvað á móti öðru, og þannig er þetta núna. Það verkar hvað á móti öðru, þessar ráðstafanir, og þess vegna verður enginn vandi leystur, þótt þetta verði framkvæmt, heldur er það bara gert enn verra. Eftir því sem þrengt verður meira að viðskiptabönkum og sparisjóðum, eftir því sem þeir geta minna fullnægt sínum viðskiptavinum, þeim mun meira mundi verða dregið frá bönkunum af sparifénu. Einstaklingar munu lána

hver öðrum þeim mun meira og það myndast svartur markaður, sem þegar er til staðar hér í bænum meira og minna, og það verður allt stirðara og þyngra. Það verður engin lausn. Eina lausnin á rekstrarfjárskortinum er að draga úr innflutningnum, setja hömlur á eyðsluna og tryggja verðgildi krónunnar, þannig að fólkið hætti að reka þá spákaupmennsku, sem hefur verið rekin alltaf síðan 1961. Fólkið hefur verið sannfært um, að gengið mundi falla. Eina ráðið er þetta, en ekki að draga sífellt meira og meira fé í Seðlabankann, knésetja minni bankana miskunnarlaust og safna meira og minna fölskum gjaldeyrissjóðum ytra, sem svo aðallega eru til að hæla sér af, og verða svo að kaupa vörurnar miklu dýrari en annars þarf með, ef þær eru borgaðar út. Það verður enginn vandi leystur, þó að þetta frv. verði samþykkt. Það myndast aðeins skæruhernaður, meira að segja úti á landsbyggðinni, en er þegar til staðar hér í Reykjavík. Sem sagt, bankarnir geta ekki annað því hlutverki, sem þeir eiga að leysa, og einstaklingarnir fara þá sjálfir að reyna að leysa verkefnin.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af þeim ummælum og ræðum, sem hér hafa verið haldnar, síðan ég talaði fyrir nál. okkar í minni hl. fjhn. í gær. Ég bar fram í gær nokkrar fsp. til hæstv. ríkisstj. varðandi framkvæmd þeirra laga, sem hér er ráðgert að setja, og ég er hæstv. viðskmrh. þakklátur fyrir það, að hann skyldi bregða skjótt við út af þessum tilmælum. En því miður verð ég að játa, að ýmislegt er þó enn nokkuð óljóst fyrir mér um það, hvað gert verður, ef frv. verður að lögum. Já, jafnvel flest þau atriði, sem ég spurði um, eru mér enn nokkuð óljós. Ég vil þess vegna í örstuttu máli leyfa mér að rifja það upp, hvað það var, sem mér fannst skipta máli að fá svör við, og hvernig mér fannst svörin vera að því leyti til, sem þau útskýrðu málið.

Fyrsta spurning mín var um það, á hvern hátt bindiskyldan mundi verða framkvæmd, þ. e. hvort ástæða væri til að óttast, að hún yrði færð upp í hámarkið, þannig að þær 555 millj. kr., sem enn þá vantar upp á, að bundna féð nái 25% af heildarinnstæðum banka og sparisjóða, byndust. Þessu svaraði hæstv. ráðh. þannig, að ekki kæmi til mála, að heimildin yrði notuð skyndilega, og það eru vissulega mikilsverðar upplýsingar, því að sú framkvæmd að nota heimildina skyndilega mundi hafa orðið bankakerfinu algerlega um megn, eins og ég leitaðist við að sýna fram á í ræðu minni hér í gær. En af svari ráðh. má þó glögglega sjá, að í ráði mun vera að nota alla þessa heimild, enda má þess auðvitað nærri geta, að heimildarinnar er ekki aflað nema í því skyni að nota hana.

Þá spurði ég um það, hvernig bindiskyldunni yrði hagað, þ. e. hversu fljótt væri ráðgert að ná þessu fjármagni inn frá bönkum og sparisjóðum, hvað verður bindingarprósentan há af innlánsaukningunni, eða verður hætt að miða bindinguna við innlánsaukningu, þannig að peningastofnanirnar verði hér eftir einnig skyldaðar til að greiða inn á bundna reikninginn, þótt um enga sparifjáraukningu verði að ræða eða jafnvel þótt lækkun á innstæðum hafi orðið. Um þetta sagði hæstv. ráðh., að það mundi fara eftir mati Seðlabankans og ríkisstj. En hvernig verður þeirra mat? Á því veltur þetta allt, og án þess að upplýsingar liggi fyrir um það, veit enginn, hvað hér stendur til að samþykkja. Eftir því sem hægt var að heyra á hæstv. ráðh. fyrr í dag, er það hans mat, a. m. k. þessa stundina, að langeðlilegasta og öruggasta leiðin til að framkvæma lánastarfsemi til atvinnuveganna sé sú að láta Seðlabankann hafa afgreiðsluna með höndum. Og þá eru viðskiptabankarnir væntanlega alveg óþarfir, nema þá sem milliliðir. Ef mat hæstv. ráðh. skyldi nú breytast, eins og stundum kemur fyrir, má þá ekki búast við því, að viðskiptabankar og sparisjóðir og Söfnunarsjóður og innlánsdeildir verði einnig óþarfir milliliðir í annarri lánastarfsemi líka? Mér sýnist, að það megi fullt eins vel gera ráð fyrir því. Það segir því vitanlega ekki neitt um það atriði, sem hér um ræðir, að það fari eftir mati Seðlabankans og hæstv. ríkisstj. Það þurfa að koma fram gleggri upplýsingar um það, hvert það mat sé.

Þriðja spurning mín laut að því, á hvern hátt auknum fjármunum Seðlabankans mundi verða varið, þ. e., hver mundi verða prósenta endurkeyptra afurðavíxla landbúnaðarins, hver prósenta endurkeyptra víxla sjávarútvegsins eða hvort hafin yrðu endurkaup á víxlum iðnaðarins og þá eftir hvaða reglum. Því var til svarað, að lán til landbúnaðar og sjávarútvegs yrðu aukin og iðnaðurinn ætti eitthvað að fá líka, en nánar var ekki farið út í það. Þó er að mínum dómi alveg óhjákvæmilegt að fá úr þessum atriðum skorið, áður en málið er endanlega afgreitt hér á hv. Alþingi.

Eins og margoft hefur verið rakið, voru afurðalánin 67% af framleiðsluverði, áður en bindiskyldan kom til. Eftir að farið var að afla fjár til Seðlabankans á þann hátt, þ. e. a. s. með innstæðubindingu, voru lán þessi hlutfallslega lækkuð og látin standa í stað að krónutölu, þrátt fyrir stóraukinn framleiðslukostnað og aukið framleiðslumagn. Nú hefur reglunum verið breytt, og eru nú t. d., að því er landbúnað snertir, endurkeypt 55% af skilaverði, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. í gær. Þannig er þó þessi fyrirgreiðsla talsvert minni en hún áður var. Þegar nú á að leggja nýjar byrðar á viðskiptabankana og sparisjóðina og gera þá þannig enn þá getulausari til að greiða fyrir atvinnuvegunum, er eðlilegt, að spurt sé, og nauðsynlegt, að svar fáist við því: Á að hækka afurðalánin og þá hve mikið? Hver á prósentan að verða? Þetta þyrfti að fást upplýst. Eða hvernig verður t. d. með rekstrarlánin til landbúnaðarins? Búnaðarþing 1964 hefur ályktað um það mál og gert eindregnar kröfur um lag-

færingu í þeim efnum. Ályktunin er stutt og skýr, og ég vil lesa hana upp hér, með leyfi hæstv. forseta. Hún er svona:

„Búnaðarþing leyfir sér að vekja athygli á því, að vegna stórhækkaðs verðlags á fóðurbæti, áburði og öðrum rekstrarvörum er landbúnaðinum óumflýjanleg nauðsyn að fá hækkuð rekstrarlán frá því, sem verið hefur. Rekstrarlán landbúnaðarins, sem veitt hafa verið í mánuðunum marz—september, hafa orðið hæst um 162 millj. kr., og hefur sú hámarksupphæð staðið óbreytt um mörg undanfarin ár. Verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar var árið 1959 talið um 768 millj. kr., en á þessu ári áætlað nær 1600 millj. kr. Á þessu timabili hefur magn rekstrarvara landbúnaðarins aukizt mjög. T. d. hefur magn tilbúins áburðar vaxið úr 34 þús. smálesta að verðmæti 60 millj. kr. árið 1958 í um 50 þús. smál. á þessu ári að verðmæti um 160 millj. kr. Á s. l. ári voru afurðalán hækkuð frá því, sem áður var. Eðlilegt og nauðsynlegt er, að svo verði einnig um rekstrarlánin. Búnaðarþing leyfir sér að skora á stjórn Seðlabanka Íslands að hækka rekstrarlán til landbúnaðarins í samræmi við þessar auknu þarfir hans, eða um 100% frá því, sem var á s. l. ári. Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir því við Seðlabankann og ríkisstj., að rekstrarlánin verði nú þegar hækkuð samkv. framansögðu."

Hér lýkur ályktuninni, og undirskriftir eru þar. Þegar nú stendur til að afla Seðlabankanum aukinna fjármuna með nýjum byrðum á bankana og sparisjóðina og því er jafnframt haldið á lofti, að megintilgangur innstæðubindingar sé að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, sýnist eðlilegt, að spurt sé, hvort það sé ætlunin að verða við þessum réttmætu kröfum bændasamtakanna, og ég vænti þess, að skýlausar yfirlýsingar fáist um þetta hér í hv. þd.

Ég spurði í fjórða lagi um það, hvaða ákvæði væru fyrirhuguð í sambandi við útgáfu þeirra gengistryggðu verðbréfa, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir að Seðlabankanum verði heimilað að gefa út einum allra í landinu. Það skiptir geysilega miklu máli, hvernig reglur verða settar um þetta, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, vegna þess að undir lánstíma og vaxtakjörum er það komið, hvernig vænta megi, að bréfin seljist. Enginn vafi er á því, að gengistryggingin mun gera bréfin girnileg í augum sparifjáreigenda, og því eru miklar líkur fyrir því, að sparifé verði tekið úr öðrum bönkum til kaupa á verðbréfum í Seðlabankanum. En lánstími og vaxtakjör eru þar auðvitað einnig ráðandi þættir í þessu sambandi. Sá ótti, sem viðskiptabankarnir hafa látið í ljós um þetta atriði, er engan veginn ástæðulaus, sér í lagi meðan ekkert fæst upplýst þessu viðkomandi. Hér er því einnig nauðsynlegt, að skýr svör komi til.

Einnig vaknar hér sú spurning, hvað eigi að gera við andvirði bréfanna. Til hvers ætlar Seðlabankinn eða hæstv. ríkisstj. að nota þessa fjármuni? Einhver tilgangur hlýtur að vera með því að afla heimildar fyrir Seðlabankann að gefa út gengistryggð verðbréf og fara þannig inn á alveg nýja braut í peningamálum. Í hvað á að nota þessa peninga? Og hvers vegna má ekki taka upp almenna heimild fyrir alla banka til útgáfu slíkra verðbréfa, í svipuðu formi og t. d. Verzlunarbankinn gerir ráð fyrir í umsögn sinni? En hann segir um þetta atriði:

„Ekki er með öllu óeðlilegt, að sparifjáreigendur séu verndaðir fyrir verðbólguþróun þeirri, sem hér ríkir og hefur ríkt, en lausn sú, sem í frv. er farið inn á, gengur allt of skammt." „Réttara væri," segir síðar í umsögninni, „að komið yrði á almennri verðtryggingu sparifjár í formi lánsvísitölu, þannig að þjóðfélagsþegnarnir geti aldrei hagnazt á skuldasöfnun og sparifjáreigendur tapað verðgildi peninga sinna sökum verðbólgu í þjóðfélaginu. Með því mundi vinnast stórfelldur áfangi í baráttu þjóðarinnar við verðbólguna," segir í umsögn Verzlunarbankans.

Hvernig ætlar Seðlabankinn að fá það skakkafall upp borið, sem leiða mundi af gengislækkun, eftir að hann hefði tekið við einhverju fjármagni með þessu móti? Er hugsunin t. d. sú, að kvaðir komi á lántakandann á móti, því að væntanlega á að lána féð út? Eiga þeir, sem taka lán, að bera þann halla, sem verður vegna gengisfallsins. Það er e. t. v. ekki óeðlilegt, vegna þess að þeir hafa í flestum tilfellum notað lánið til þess að eignast eitthvað það, sem hækkar í verði við það, að gengið fellur. Svör við þessu liggja ekki fyrir, en ef hugsunin er þessi, að Seðlabankinn flytji áhættuna yfir á lántaka, þá ættu allir bankar og sparisjóðir að fá sams konar heimild. Þá gætu allar lánastofnanir í landinu annazt þessi viðskipti, sem nú eru Seðlabankanum einum ætluð. Þá væri líka búið að leysa að nokkru leyti það merkilega viðfangsefni, sem Alþingi mun sjálfsagt glíma við síðar, en það er, hvernig hægt sé að verðtryggja sparifé, en um það liggja fyrir till. hér, eins og hv. alþm. er kunnugt. En um þetta atriði er ekkert hægt að segja, vegna þess að allar upplýsingar vantar. Meðan svo er, vita hv. alþm. ekkert, hvað þeir eru að fjalla um, og þess vegna er alveg ófært, að ekki sé greint frá þessu við meðferð málsins hér á Alþingi.

Í fimmta lagi finnst mér vanta skýringar á því, hvort búast megi við því, að leitað verði samninga við bankana og stærri sparisjóðina um, að þeir kaupi ríkisskuldabréf eða ríkistryggð verðbréf fyrir einhvern tiltekinn hluta innstæðuaukningar, t. d. 15%, eins og gert var á s. l. ári. Þessir samningar, sem voru gerðir með þeim hætti, að um það segir bankastjórn Iðnaðarbankans, að þeir hafi nálgazt valdboð, hafa augljóslega mikla þýðingu í þessu sambandi. Ef bankar og sparisjóðir mega treysta því, að engin tilmæli muni koma frá hæstv. ríkisstj. á þessu ári, t. d. um það að leggja fé fram til verðbréfakaupa, þá skiptir það afar miklu máli að sjálfsögðu, og ekki sízt ef samn-

inganna kynni nú að verða leitað á svipaðan hátt og síðast var gert. Ef engin slík tilmæli koma fram, verður breytingin, sem hér er ráðgerð með frv., að sjálfsögðu miklu léttbærari fyrir peningastofnanirnar. Það hefur því beinlínis þýðingu fyrir afstöðu manna til frv., hvernig þessu verður fyrir komið. Þess vegna er það merkilegt, að það skuli ekkert heyrast frá hæstv. ríkisstj. um það atriði, hvort nokkrar slíkar ráðstafanir séu ráðgerðar, og ég vil leyfa mér að óska upplýsinga einnig um það.

Hæstv. viðskmrh. talaði mikið um það í ræðu sinni í gær, að innstæðubinding væri algerlega óhjákvæmileg, vegna þess að annars mundi koma hér verðbólga. Ef afurðalánin yrðu hækkuð, án þess að aukins fjármagns yrði aflað eftir þessum leiðum, mundi verðbólgan halda hér innreið sína. Þannig eiga bindingarákvæðin að verka sem eins konar hurð til þess að halda verðbólguþokunni utan dyra. Nú er það vitað, að hurðir fyrir geymsluhólfum bankanna og peningastofnananna eru yfirleitt rammgerðar og þéttar. Þó verður ekki varizt þeirri hugsun, að eitthvað hafi gefið með þessum verðbólguslagbrandi hæstv. ríkisstj., og það er óneitanlega nokkuð rokkið þar innan dyra. Sannarlega ætti reynslan undanfarið að vera búin að sýna það, að þessar ráðstafanir duga ekki til þess að halda verðbólgunni í skefjum. Hins vegar valda þær viðskiptabönkunum og sparisjóðunum margvíslegum erfiðleikum, eins og ég leitaðist við að sýna fram á í fyrri ræðu minni hér við meðferð þessa máls. Viðskiptabankarnir hafa allir sínu hlutverki að gegna. Um þá gilda sérstök lög, og þeim er af Alþingi falið sérstakt hlutverk, sem þar er nánar skilgreint. Sparisjóðirnir hafa víðs vegar um land verið geysileg lyftistöng fyrir byggðarlagið og á mörgum stöðum einasti aðilinn, sem fólk hefur átt aðgang að til þess að fá aðstoð við framkvæmdir sínar. Innlánsdeildir samvinnufélaganna eru ekki venjulegar peningastofnanir. Þær stunda enga lánastarfsemi, heldur er fjármagn það, sem þar er, fengið þeim sem rekstrarfé, á svipaðan hátt og hlutafé er starfsfé hlutafélaganna. Þetta kemur greinilega fram af meðferð málsins um innlánsdeildir samvinnufélaganna hér á hv. Alþingi 1921, þegar þessi lög voru fyrst sett. Ég tel, að það beri að fara varlega í því að torvelda þessum stofnunum öllum að rækja hlutverk sitt, vegna þess að þær hafa allar mikla þýðingu, en sérstaklega ber að stöðva sig á þessari braut, vegna þess að það er ekki þörf á slíkum aðgerðum frekar en orðið er.

Ég skal ekki, herra forseti, fjölyrða frekar um þetta mál við þessa umr. Ég vildi aðeins undirstrika það, að enn þá er margt í sambandi við þetta mál og framkvæmd þess ærið óljóst og mörg þau atriði, sem þó er alveg nauðsynlegt að liggi rétt og skýrt fyrir, áður en afstaða er tekin til frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til svars síðustu ræðu hv. 11. þm. Reykv.

Ég get ekki leynt undrun minni yfir því, að maður, sem er bankastjóri í einum af viðskiptabönkum höfuðstaðarins, skuli halda fast við þá skoðun sína, að það gæti komið til mála, að yfirlýsing yrði gefin um það af hálfu ríkisstj. eða seðlabanka fyrir fram, hver sparifjárbinding nákvæmlega mundi verða á næstu mánuðum eða árum, og jafnvel nákvæmlega, með hverjum hætti Seðlabankinn hygðist leysa úr lánsfjárþörf sjávarútvegs og landbúnaðar, þ. e. a. s. hver kaupaprósenta hans á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar mundi verða á næstu árum. Ég hélt satt að segja, að öllum mönnum, sem sjálfir fást við bankamál og stjórn bankastofnana, hlyti að vera algerlega ljóst, að það er gersamlega ómögulegt fyrir þá menn, þá aðila, sem með þetta vald fara, sem er fyrst og fremst Seðlabankinn, í samvinnu við ríkisstj. auðvitað, að segja fyrir um það fyrir langan tíma, með hverjum hætti eðlilegt og skynsamlegt er að nota slíkar heimildir eins og þær, sem hér er verið að ræða um.

Tilgangur löggjafa með því að veita seðlabanka slíkar heimildir er einmitt að gera seðlabankanum kleift að hafa áhrif á efnahagskerfið til þess að jafna óeðlilegar sveiflur í viðskiptalífi og fjármálum. Ef menn gætu séð væntanlegar sveiflur fyrir fram, væri auðvitað hægt að segja fyrir fram í stórum dráttum, hvernig eðlilegt væri, að seðlabanki beitti slíku hagstjórnartæki eins og þessu. En nú hélt ég, að ekki þyrfti einu sinni bankastjóra viðskiptabanka til, til þess að gera sér ljóst, að fyrir fram geta menn ekki gert sér ljósar þær sveiflur, sem með eðlilegum eða óeðlilegum hætti hljóta að verða í efnahagskerfi, sem í grundvallaratriðum byggist á frjálsu efnahagskerfi. Einmitt vegna þess, að það er ekki í valdi nokkurs mannlegs máttar að sjá slíkar sveiflur fyrir, jafnvel ekki fyrir stuttan tíma fram á við, hvað þá yfir langan tíma, er líka ómögulegt fyrir seðlabanka og aðra opinbera aðila, sem með hagstjórn fara, að segja til um nákvæmlega, hvernig slíkum hagstjórnartækjum skuli beitt, því að þeim á einmitt að beita til að vinna gegn þeim sveiflum, sem taldar eru munu hafa óeðlileg áhrif. Þess vegna verður í þessum efnum auðvitað að treysta því, að stofnun eins og seðlabanki beiti slíku heimildarvaldi af skynsemi og hófsemi. Reynslan af okkar unga seðlabanka er sem betur fer sú, að honum er mjög vel treystandi fyrir slíku valdi.

En ef nú hv. þm. meinti raunverulega þetta, sem hann segir, sem ég leyfi mér að draga í efa, — ég held, að þekking hans í þessum efnum hljóti að vera meiri en virtist koma fram af ræðu hans áðan, — en ef nú svo væri, að eðlilegt væri, að ríkisstj. gæfi yfirlýsingu um það fyrir fram, hvernig ætti að nota slíkar heimildir, sem eru í lögum, þá vildi ég spyrja aftur á móti: Hvaða yfirlýsingar voru gefnar af hálfu ríkisstj. um það, hvernig slík bindiheimild mundi notuð, þegar þessi bindiheimild var fyrst í lög tekin? Það var gert 1957. Þá sat hér við völd

stjórn Hermanns Jónassonar, og bankamálin heyrðu í þeirri stjórn undir ríkisstj. alla, að forminu til þess vegna undir hæstv. forsrh., og það var hæstv. þáv. forsrh., Hermann Jónasson, þáv. formaður Framsfl., sem lagði frv. um endurskoðun bankalöggjafarinnar fyrir þessa hv. deild, og í þessu frv. voru lögtekin ákvæði í fyrsta sinn, sem heimiluðu Seðlabankanum að skylda viðskiptabanka til þess að geyma í Seðlabankanum 15—20% af árlegri sparifjáraukningu sinni. Nú skyldi maður halda, að ef það væri alveg sjálfsagt og eðlilegt, að gefnar væru yfirlýsingar um það fyrir fram, hvernig slíkar heimildir skyldu notaðar, þá hefði aldrei verið eðlilegra að gefa slíkar yfirlýsingar en einmitt þegar slík ákvæði eru fyrst lögtekin. Þá var rétti tíminn til að gefa mjög nákvæmar og mjög ýtarlegar yfirlýsingar um það, hvernig væri ætlunin að nota slíkt hagstjórnartæki eins og þarna var lögleitt í fyrsta skipti í sögu íslenzkra bankamála. Auðvitað gerði þáv. hæstv. forsrh., sem með bankamálin fór fyrir hönd ríkisstj. í heild, sér ljóst, að það er ekki hægt fyrir fram að gefa neinar slíkar yfirlýsingar. Hér er um heimildarákvæði að ræða. Ákveðnum aðila í bankakerfinu, Seðlabankanum þá, var falið ákveðið hagstjórnarvald, og honum verður að treysta til að nota það hófsamlega og skynsamlega í samráði við ríkisstj. á hverjum tíma.

Ég fylgdist rækilega með umræðum um bankafrv. á sínum tíma, vegna þess að ég átti nokkurn hlut að því, að það var samið, og ég verð að segja það þáv. stjórnarandstöðu, hv. Sjálfstfl., til hróss, að innan hans fannst enginn maður, sem bar fram fyrirspurn um það eða krafðist yfirlýsingar af hálfu þáv. ríkisstj. um það, hvernig væri tilætlunin í einstökum atriðum að hagnýta sér þetta vald. Hjá þáv. stjórnarandstöðu virðist hafa verið fullkominn skilningur á því, að hér var um almenn heimildarákvæði að ræða, hér var um það að ræða að veita seðlabanka landsins ákveðið vald, sem honum yrði að treysta til að nota á hverjum tíma í samræmi við þær aðstæður, sem væru í efnahagsmálum þjóðarinnar á hverjum tíma. Ég minnist þess ekki, að þessi heimild, sem Seðlabankanum þá var fengin í fyrsta skipti, hafi verið sérstaklega gagnrýnd af hálfu þáv. stjórnarandstöðu, hvað þá að til slíks væri ætlazt sem nú er ætlazt til af núv. ríkisstj., að hún segi nákvæmlega fyrir um, hvernig tilætlunin sé að nota litla aukningu á heimildinni, aukningu á heimildinni úr 15—20% upp í 25%. Þegar hv. þm. segir, að það sé vitanlega ekki hægt að samþykkja þetta frv. um aukningu á heimild Seðlabankans til sparifjárbindingar úr 15—20% upp í 25% án þess að fá að vita nákvæmlega, hvernig komið gæti til greina að nota þessa aukningu, þá er það að ætlast til allt annars af núv. ríkisstj. en þeim flokki, sem hv. þm. tilheyrir, þótti sjálfsagt, þegar hann sjálfur hafði forustu um setningu hliðstæðrar löggjafar og þeirrar, sem hér er um að ræða. Þess vegna hlýt ég að líta á endurtekin ummæli hv. þm. um þetta efni sem eingöngu berandi vott um það, að hann hefur í frammi venjulegan áróður stjórnarandstöðu, en ekki það, að hann geti trúað á réttmæti óska sinna um að fá skýrar yfirlýsingar af minni hálfu eða ríkisstj. um þetta efni.

Ég skal svo, að síðustu þó, varðandi endurtekna spurningu hans um það, hvers vænta megi af hálfu Seðlabankans í framtíðinni almennt séð, ef þessi heimild verður samþykkt, ljúka þessum orðum minum með því að segja þetta:

Tilgangurinn með þessum rýmkuðu heimildum til handa Seðlabankanum er að tryggja sjávarútveginum, landbúnaðinum og gjaldeyrisvarasjóðnum áframhaldandi og nokkuð aukna hlutdeild í aukningu sparifjár þjóðarinnar. Ein meginástæða þess, að það er nauðsynlegt að rýmka þær heimildir, sem í gildi eru, er sú, að á sumum sviðum eru heimildirnar, sem í gildi eru, næstum því fullnotaðar, þannig að ef heimildin væri nú ekki rýmkuð, þá gæti svo farið, að Seðlabankann skorti heimild til að tryggja sér áframhaldandi jafnvel óbreyttan hluta af heildarsparifénu, hvað þá nokkra hlutdeild í aukningu þess. Og það vildi ég sérstaklega undirstrika, að aukning gjaldeyrisvarasjóðsins verður að sjálfsögðu ekki tryggð, nema Seðlabankanum verði séð fyrir aukinni hlutdeild í sparifé þjóðarinnar, vegna þess að það er Seðlabankinn einn, sem varðveitir gjaldeyrisvarasjóðinn. Hitt mætti segja, að hægt væri að auka hlutdeild sjávarútvegs, landbúnaðar og þó sérstaklega iðnaðar í heildarsparifénu eða í aukningu þess, án þess að veita Seðlabankanum nýjar heimildir, eins og hér er talað um. En þá mundi sú skylda hvíla á viðskiptabankakerfinu að sjá sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og verzlun fyrir auknu starfsfé. Nú er hv. síðasti ræðumaður bankastjóri í einum af viðskiptabönkum landsins. Honum er að sjálfsögðu vel kunnugt um það, hvernig starfssvið hans eigin banka skiptist á milli verzlunar, iðnaðar, landbúnaðar og sjávarútvegs. Honum er að sjálfsögðu vel kunnugt um það, til hvaða atvinnugreina aukning sparifjár hans stofnunar hefur gengið, að hversu miklu leyti aukning þess sparifjár, sem hans stofnun hefur fengið á undanförnum árum, eða hversu mikið af henni hefur gengið til verzlunar, iðnaðar, landbúnaðar og sjávarútvegs. Ég þarf ekki að upplýsa hann neitt um það. En hitt leyfi ég mér að staðhæfa, að það er betur séð fyrir þörfum sjávarútvegs og landbúnaðar með því móti að hafa þann hátt á, sem þetta frv. ráðgerir, að t. d. 25% af aukningu sparifjárins hjá viðskiptabönkunum renni til Seðlabankans til að gera honum kleift að halda áfram að endurkaupa 55% af skilaverði útflutningsafurða landbúnaðar og sjávarútvegs,— það er betur séð fyrir þörfum sjávarútvegs og landbúnaðar með því að hafa þennan hátt á heldur en að hætta þessu og láta viðskiptabankana eina um það að sjá fyrir þörfum sjávarútvegs og landbúnaðar. Sannleikurinn er sá, að það eru ríkisbankarnir fyrst og fremst, sem undanfarin ár og áratugi hafa séð fyrir

þörfum sjávarútvegs og landbúnaðar. En einkabankarnir, sem stofnaðir hafa verið hér á undanförnum árum, hafa ekki í eins ríkum mæli og æskilegt hefði verið talið sér skylt að sjá fyrir þörfum sjávarútvegs og landbúnaðar, og það er einmitt þessi meginstaðreynd, í hversu litlum mæli, því miður, hinir nýju einkabankar hafa talið sér skylt að sjá fyrir þörfum sjávarútvegs og landbúnaðar, í hversu litlum mæli þeir í raun og veru hafa veitt sparifjáraukningu sinni til sjávarútvegs og landbúnaðar, sem það er nauðsynlegt að hafa þann hátt á, sem er ráðgerður í þessu frv. Ég vil því segja að síðustu, að það er beinlínis brýnt hagsmunamál sjávarútvegsins og landbúnaðarins, að Seðlabankinn hafi a. m. k. sömu skilyrði og hann hefur haft, og nokkuð bætt skilyrði, til þess að anna því mikilvæga hlutverki, einmitt í þágu sjávarútvegs og landbúnaðar, sem hann hefur gegnt undanfarin ár.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Nd., 24. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:16 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17:16 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:16 atkv.

Á 84. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 91, 497).

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan láta nokkur orð falla í sambandi við þetta frv., áður en það verður afgreitt hér frá hv. d. Ég tók nokkurn þátt í 1. umr. málsins. Það er æðilangt síðan það var, og átti ég þá eftir að svara allýtarlegri ræðu, sem hæstv. viðskmrh. hafði nánast tileinkað mér, en ég sá ekki ástæðu til að ræða nánar þá, vegna þess að ég hafði hugsað mér að tala fáein orð um þetta mál við 3. umr. Það, sem ég segi núna, verður þess vegna að öðrum þræði svar við sumu af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, en að öðru leyti nokkur orð til að draga saman sumt af því, sem mér finnst mest ástæða til að benda á í sambandi við meðferð málsins.

Þegar hæstv. ríkisstj. byrjaði á því að draga sparifé inn í Seðlabankann og draga úr endurkaupum afurðavíxla, byrjaði sem sagt á lánasamdráttarstefnu sinni, var okkur sagt, að þetta væri gert til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálum innanlands, draga úr verðbólgunni, stöðva verðbólguþróunina og koma á jafnvægi innanlands í verðlags- og lánamálum, og einnig til að styrkja hag landsins út á við. Þetta væri tilgangurinn með því að fara inn á þessa braut, að draga úr útlánastarfseminni, minnka peningamagnið í umferð og ná þannig jafnvægi í verðlaginu. Þetta hefur verið gert síðan allharkalega, eins og rakið hefur verið í sambandi við þetta mál og ég kem ofurlítið að síðar, en þó er meining hæstv. ríkisstj. að ganga nú enn þá lengra á þessari braut og með þessum nýju lögum vill hún fá heimild til þess.

Nú er því skotið við af hendi hæstv. ríkisstj., að megintilgangurinn sé sá að fá fé inn í Seðlabankann til þess að auka endurkaup á afurðavíxlum, sem sé til þess að lána fé út aftur atvinnuvegunum. Það er mikil áherzla lögð á þetta og nokkuð einhliða raunar í grg. frv., að þetta sé aðalástæðan núna til þess, að það eigi að ganga lengra en áður í því að draga fé úr viðskiptabönkunum inn í Seðlabankann.

Í tilefni af þessu leyfði ég mér við 1. umr. að spyrja hæstv. viðskmrh. um það, hvort hann vildi þá ekki í framhaldi af þessu gefa yfirlýsingu um, að það fjármagn, sem yrði nú dregið til viðbótar inn í seðlabankakerfið, yrði raunverulega lánað út aftur í aukningu afurðalána. Og hv. frsm. minni hl. fjhn. lagði einnig í sínum málflutningi mikla áherzlu á að fá að vita þetta og óskaði eftir að fá að vita, hverjar hinar nýju afurðaendurkaupareglur yrðu, sem upp yrðu teknar, þegar Seðlabankinn væri búinn að fá þetta viðbótarfjármagn úr viðskiptabönkum landsins, sem hér væri gert ráð fyrir. — En hæstv. ráðh. hefur alls ekki viljað svara þessum spurningum eða gefa nokkrar yfirlýsingar í þessu efni, sem hægt er að festa hendur á eða byggja nokkuð á, hefur færzt algerlega undan, og síðast endaði með því, að hann við lok 2. umr. lýsti þeirri skoðun sinni, að það væri fjarstæða að vera að spyrja sig um þetta, vegna þess að þetta yrði að vera allt á lausu, um þetta mættu ekki vera fastar reglur. Það mætti ekki ætlast til þess af sér, að hann gæti gefið um þetta skýrar yfirlýsingar, sem sé af þeirri einföldu ástæðu, eins og hann sagði, að þessi inndráttur á fjármagni í Seðlabankann væri hagstjórnartæki, sem stjórnin yrði að hafa í höndum til að vinna að stjórn efnahagsmálanna. Þess vegna væri ekki með neinu móti hægt að ætlast til þess, að þeir gætu lýst því yfir, að þetta fjármagn ætti að fara aftur út í afurðalán.

Þessi yfirlýsing hæstv. ráðh., sem kom í staðinn fyrir glögg svör um, hvað ætti að greiða mikið fyrir atvinnuvegunum umfram það, sem verið hefði, er býsna eftirtektarverð og sýnir í raun og veru algerlega eðli málsins. Hún sýnir eða gefur a. m. k. fullkomlega þeirri skoðun undir fótinn, sem við höfum látið hér í ljós, að með þessu sé ekki fyrst og fremst ætlað að greiða fyrir atvinnuvegunum með nýjum afurðalánum, heldur sé ríkisstj. hér enn á ný að fá sér nýjar heimildir til þess að draga fjármagn inn í Seðlabankann og auka með því lánasamdráttinn í landinu, auka með því hina raunverulegu „frystingu“, sem átt hefur sér stað. Meiningin með þessu sé ekki sú fyrst og fremst, eins og þó er látið í veðri vaka, á meðan er verið að reyna að smokra þessu óvinsæla máli í gegn, að greiða í auknum mæli fyrir atvinnuvegunum og auka verulega endurkaupin á afurðalánunum. Ef það hefði verið meiningin, hefði áreiðanlega verið mögulegt fyrir hæstv. ráðh. að svara þessu a. m. k. öðru-

vísi en á þá lund, að þetta yrði allt að vera opið, því að hér væri um hagstjórnartæki að ræða. Hann hefði áreiðanlega getað, ef þetta hefði ekki verið meiningin, gefið skýrari svör um það, hverju atvinnuvegirnir mættu eiga von á um aukna fyrirgreiðslu í afurðalánum.

En þessi yfirlýsing er líka að ýmsu leyti nokkuð sérstök, því að ef hún væri tekin eins og hún er gefin, ætti hún að þýða, að það væri eitt af þýðingarmestu hagstjórnartækjum ríkisstj. að hringla til með endurkaupareglur á afurðalánum fyrir undirstöðuatvinnuvegina í landinu. Það væri eitt helzta hagstjórnartækið, sem hún þyrfti að hafa í sínum höndum. En það er mín skoðun, að með þessar endurkaupareglur eigi ekki að hringla fram og aftur, það eigi ekki að vera liður í hagstjórninni að breyta þeim fram og til baka, heldur eigi þar að reyna að koma á föstum reglum, sem atvinnuvegirnir geti reitt sig á, eins og raunar var búið að gera, áður en núv. hæstv. ríkisstj. fór að hringla með þessi mál og gerði það að hagstjórnartæki að þröngva kosti atvinnuveganna að þessu leyti og draga stórkostlega úr afurðalánum.

Í þessu sambandi kemur svo spurningin: Er ástæða til þess að vera að ganga svona fast eftir því, hvort eigi að bæta úr fyrir atvinnuvegunum að þessu leyti, og hver eru rökin fyrir því og hvað hefur raunverulega gerzt? Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið ætlun ríkisstj., að þessi nýja lánastefna, sem hún tók upp, þyrfti ekki að íþyngja undirstöðuatvinnuvegunum, og mér skildist hann telja, að þannig hefði til tekizt, að hún hefði ekki íþyngt undirstöðuatvinnuvegunum, þessi breyting á lánastefnunni. Í því sambandi sagði hæstv. ráðh., að því er mér fannst með nokkru stolti, að endurkaup á afurðavíxlum fyrir sjávarútveginn hefðu hækkað að krónutölu úr 640 millj. í árslok 1958 í 750 millj. í árslok 1963, eða um 110 millj. kr., og sagði svo, að raunverulega væri hækkunin sennilega nokkru meiri, vegna þess að minni birgðir mundu hafa verið á bak við 1963. En tökum bara þessar tölur, að aukningin á þessu tímabili á afurðalánum úr Seðlabankanum til sjávarútvegsins sé 110 millj. kr., og þá sjáum við, hvað raunverulega hefur gerzt og hvernig hefur verið hert að sjávarútveginum, því að hvert einasta mannsbarn á Íslandi veit, að 750 millj. eru að tiltölu miklu minni fjárhæð nú en 640 millj. 1958. Verðmæti sjávarafurða og framleiðslukostnaður sjávarafurða hefur vaxið svo gífurlega á þessu tímabili, að hér er um stórfelldan samdrátt á lánum til sjávarútvegsins að ræða. Enda þurfum við ekkert að vera að þræta um þetta, því að áður en þetta nýja hagstjórnartæki var tekið í brúkun, sem hæstv. ráðh. er svo stoltur af, var sjávarútveginum yfirleitt lánað úr Seðlabankanum 67% af verðlagi afurðanna, en síðan hefur aldrei verið farið hærra en í 55%. Raunverulegur niðurskurður á afurðalánum til sjávarútvegsins nemur því eitthvað á milli 18 og 20%. Það er hvorki meira né minna. Og þar við bætist svo, að áður var lánað með 5—5½% vöxtum til sjávarútvegsins, en síðan hafa afurðalánin verið höfð með 7% vöxtum og það lánsfé, sem sjávarútvegurinn hefur svo þurft að sækja í aðra banka til þess að bæta sér að einhverju leyti upp þetta áfall, hefur orðið að taka með 9—9½% vöxtum.

Það er þess vegna heldur furðulegt að heyra hæstv. viðskmrh. vera að tala hér um það, að þessari stefnu hafi verið hagað þannig, að hún íþyngdi ekki undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, því að varðandi landbúnaðinn er svo enn ljótari sögu að segja. Þar hafa lánin út á afurðir, framleiddar afurðir, verið lækkuð tiltölulega eins og í sjávarútveginum, en því bætt við, að heildarlánin fengu ekki að hækka í krónutölu í nálega 3 ár og fóru þess vegna langt niður fyrir 55% á tímabili, en eru nú einhvers staðar nálægt 53—55% á afurðir, sem búið er að framleiða, hliðstætt og er í sjávarútveginum. Miðað við núverandi kringumstæður hafa þess vegna lán út á tilbúnar landbúnaðarafurðir verið skorin niður um 18—20%.

En með þessu er þó ekki nema hálfsögð sagan, því að Seðlabankinn hafði áður tekið upp þá reglu í samráði við þær ríkisstj., sem setið höfðu, að lána talsvert fyrir fram af rekstrarlánum til landbúnaðarins. Og þessi rekstrarlán fyrir fram til landbúnaðarins, sem hafa verið veitt í mánuðunum marz—júlí og fram undir haustið smátt og smátt hækkuð, hafa verið skorin miklu meira niður en sjálf afurðalánin á framleiddar vörur. Og til marks um það vil ég enn þá einu sinni vísa í það, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. benti á, að þessi rekstrarlán til landbúnaðarins hafa hæst orðið 162 millj., urðu það hæst á árinu 1960, og þeim hefur verið haldið í þeirri hámarksfjárhæð alveg fram á þennan dag. Fram á þennan vetur hefur þeim verið haldið í þessari hámarksfjárhæð. En á þessu tímabili hafa innkaup landbúnaðarins af rekstrarvörum vaxið gífurlega, bæði vegna aukinnar framleiðslu og enn fremur vegna óðaverðbólgunnar, sem geisað hefur í landinu, þannig að t. d. hækkun á tilbúnum áburði einum er um 100 millj. Á þeim eina rekstrarlið er hækkunin um 100 millj., á sama tíma sem rekstrarlánin hafa verið látin standa í stað.

En hæstv. viðskmrh. segir hér samt sem áður, þó að þetta séu staðreyndirnar, segir hér alveg kalt og rólega, að ætlunin hafi verið að framkvæma þessa nýju lánapólitík þannig, að hún íþyngdi ekki undirstöðuatvinnuvegum landsmanna, og það hafi verið gert. Og hann telur það vott þess, að þannig hafi farið, að heildarútlán Seðlabankans út á afurðir hafi ekki lækkað í krónutölu, en raunverulega hafa þessi lán lækkað um hundruð millj. Þessi nýja lánapólitík hefur þýtt mörg hundruð millj. kr. samdrátt á afurðalánum til atvinnuveganna, til þessara tveggja undirstöðuatvinnuvega. Það er þess vegna ekki að ástæðulausu, að við göngum fast eftir því að fá að vita, hvort ætlunin er að halda þessum ljóta leik áfram eða hvort hugsunin er að bæta hér úr og þá

að hve miklu leyti. En því hefur hæstv. ráðh. ekki viljað svara, eins og menn hafa heyrt.

Einhvern tíma í þessum umr. mun hæstv. viðskmrh. hafa spurt, hvort nokkur vildi leyfa sér að halda því fram, að það væri hægt að auka afurðalánin, auka endurkaup Seðlabankans á afurðalánum án þess að auka sparifjárbindinguna um leið. Ég ætla að leyfa mér að halda þessu fram, að það sé mjög auðvelt og eðlilegt. Ég held því fram, að það hafi verið með öllu óeðlilegt að breyta þeirri endurkaupareglu, sem var. Það hefði verið hægt að halda því áfram að endurkaupa 67%, eins og gert var, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram, að það sé hægt að breyta þessu aftur, án þess að efnahagskerfið bíði þar nokkurt tjón af, ef ýmsar aðrar skynsamlegar ráðstafanir eru gerðar um leið, t. d. eins og það að taka skynsamlegri tökum á fjárfestingarmálunum en nú er gert og ýmislegt fleira, sem kemur til greina í því sambandi.

Ég tók eftir því, að hæstv. viðskmrh. fór mjög hörðum orðum um þessa kenningu, að hægt væri að auka þannig endurkaupin og hafa þau eins og þau voru áður. Þetta væri mjög lýðskrumskennt og tæpast sæmandi að halda þessu fram. En í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að þetta er sú endurkauparegla, sem í gildi var hér áratugum saman, og ég man ekki eftir því, að nokkur hagfræðingur, sem ég kynntist á þeim árum, héldi því fram, að þessi endurkauparegla væri hættuleg íslenzkum þjóðarbúskap eða verðbólguaukandi. Ég man ekki eftir því, að slíku væri haldið fram. Og hæstv. viðskmrh. hefur verið í mörgum ríkisstj., sem töldu sig vera að vinna að því að reyna að ná sæmilegu jafnvægi í þjóðarbúskapnum og framkvæmdu um leið þessa endurkauparegla, sem hann nú fer svo hörðum orðum um. Ég er ekki þar með að deila á hæstv. viðskmrh. fyrir það út af fyrir sig að hafa skipt um skoðun. Ég álít, að það sé ekki hægt að lá neinum, þó að hann skipti um skoðun, ef hann telur sig komast að því, að hann hafi haft að einhverju leyti rangt fyrir sér. En hitt ætla ég að fara fram á, að hæstv. viðskmrh. kalli það ekki neinar lýðskrumskenningar, sem þannig hafa verið notaðar í framkvæmd á Íslandi áratugum saman með ágætum árangri. Ég vil fara fram á, að hann kalli það ekki neinar lýðskrumskenningar, sem hann sjálfur hefur áður aðhyllzt, og geri mönnum ekki neinar getsakir í því sambandi um, að þeir hljóti að halda slíku fram gegn betri vitund. Það finnst mér alveg lágmark að fara fram á, að því sé ekki haldið fram af manni, sem áður var sammála um þetta.

Í þessu sambandi get ég líka minnzt á, að við vorum saman í mþn. fyrir nokkuð mörgum árum, ég og hæstv. viðskmrh. núv., um gjaldeyrismál, og þar var mjög rætt um þessi efni og um þau gefið út álit, m. a. um það, hvaða hagstjórnaraðferðir skyldi nota. Og þá vorum við hjartanlega sammála um, bæði ég og hann, að vara við því með talsvert sterkum orðum, að þær hagstjórnaraðferðir væru notaðar, sem hæstv. viðskmrh. hefur beitt sér fyrir af miklum ákafa undanfarin ár. Við vorum alveg sammála um það í okkar nál. að vara mjög við því að nota einhliða þær aðferðir, ef vanda bæri að höndum í efnahagsmálum, að draga saman lánveitingar í bönkunum og nota Seðlabankann til þess. Við vöruðum með sterkum orðum við slíkum einhliða ráðstöfunum, að þær væru heilbrigðar eða ættu rétt á sér, enda þótt við bentum á, að það væru viss takmörk fyrir því, sem skynsamlegt og mögulegt væri að gera í sambandi við afurðaendurkaup og annað því líkt af hendi Seðlabankans.

Hér er um tvær stefnur að ræða, og það er ágreiningur um, hvernig eigi að fara að halda á þessum málum, fullkomlega málefnalegur ágreiningur, sem ástæða er til þess að kryfja til mergjar og ræða, og m. a. í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur. Hér er um tvær stefnur að ræða í lánamálum. Annars vegar er sú stefna, sem framkvæmd var áður, bæði af hæstv. viðskmrh. og mörgum öðrum úr öllum flokkum, áratugum saman nálega, og hún var fólgin í því, að Seðlabankinn teygði sig í endurkaupum á afurðavíxlum, eins og ég hef margtekið fram, upp í 67%, og spariféð var yfirleitt haft í umferð. Viðskiptabankarnir ráðstöfuðu því íhlutunarlaust sjálfir, og það var haft í útlánum. Þetta var sú stefna, sem þá var fylgt í lánamálum. Vöxtunum var stillt mjög í hóf, a. m. k. miðað við það, sem nú er. Ég má segja, að þeir voru yfirleitt oftast nær í kringum 7% — útlánsvextirnir — og innlánsvextirnir þá nokkuð í samræmi við það, en afurðavextirnir voru ekki nema 5—5½%. Þetta er sú stefna, sem þá var framkvæmd og að mínu viti reyndist á margan hátt ákaflega vel.

En sú stefna, sem síðan var tekin upp, er aftur fólgin í því að reyna að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum með því að draga saman lánsfé, minnka peningamagnið í umferð á þann hátt og hækka vextina stórkostlega til þess að draga úr lánaeftirspurninni og ná jafnvægi á lánsfjármarkaðinum, eins og það var kallað. Ég held því fram, að þessi síðarnefnda stefna, sem nú hefur verið reynd um skeið, hafi reynzt ákaflega illa og það væri ástæða til þess að hverfa frá henni og yfir til hinnar stefnunnar, sem áður var haldið, í stað þess að ganga nú enn þá lengra á lánasamdráttarbrautinni, því að það er ekkert annað, sem ætlað er með þessu frv., en að ganga lengra á lánasamdráttarbrautinni.

Þá er spurningin: Hvernig hefur svo þessi nýja stefna reynzt? Hefur hún reynzt þess megnug að koma á jafnvægi í efnahagsmálum landsins, draga úr verðbólgunni og skapa stöðugt verðlag í landinu? En eitt af því fyrsta, sem Seðlabankinn á að vinna að eftir stefnuskránni, sem er í lögum hans, er að koma jafnvægi á verðlagið í landinu. Það er nú síður en svo. Vil ég nefna tölur því til sönnunar. Á meðan þessi lánastefna, sem ég var að lýsa fyrr, var framkvæmd og allir voru þá nokkurn

veginn sammála um, en nú er fordæmd og er talin hafa verið ábyrgðarlaus, var þróunin þessi: Ef árið 1947 er sett sem 100 varðandi vísitölu vöru og þjónustu, segir hagstofan mér, að 1960 verði vísitalan 283, þ. e. a. s. 183 stiga hækkun á 13 árum. Það er um 14 stiga hækkun á dýrtíðinni á ári. Þetta þótti mikið þá að vísu, dýrtíðarvöxturinn þótti gífurlegt vandamál. Þó sjáum við núna, að þá var nálega jafnvægi í þessum málum, miðað við þau ósköp, sem síðan hafa dunið yfir.

En ef við svo tökum síðara tímabilið, þ. e. a. s. frá 1. marz 1960, að viðreisnin hófst, og til 1. marz í vetur, þá er mér sagt, að þessi vísitala hafi hækkað úr 283, sem hún var í, og upp í 505, eða um 222 stig á 4 árum eða 55½ stig á ári til jafnaðar. Þannig kemur fram, að eftir að farið var að nota þetta nýja hagstjórnartæki í lánamálunum, sem átti að koma öllu í jafnvægi, hefur dýrtíðarvöxturinn orðið 4 sinnum meiri en áður, á meðan sú útlánaaðferð var viðhöfð, sem nú er talin hafa verið glannaleg og dýrtíðaraukandi og átt sinn þátt í að hrinda öllu úr skorðum.

Þetta finnst mér óneitanlega, að ætti að verða til þess, að hæstv. ríkisstj. endurskoðaði, hvort hún er á réttri leið í þessum efnum, fremur en að magna sig í forherðingunni og ganga enn lengra inn á þær brautir, sem ekki hafa gefizt betur en þetta. En því miður virðist ekki því vera að heilsa. E. t. v. telur hún, að eitthvað allt annað hafi komið hér til og hrint þessu svona geigvænlega úr skorðum, enda þótt hún hafi farið rétt að í þessu tilliti, en þá er spurningin: Hvað er þá það, sem hefur komið til? Þá er eftir að skýra það. Þá á hæstv. viðskmrh. og hans menn eftir að skýra, hvað það er annað, sem hefur komið til, ef þeir telja, að þarna hafi verið farið rétt í grundvallaratriðum, þ. e. a. s. í lánapólitíkinni. Þá kemur sú spurning, því að eitthvað er að. Engum dylst, að það er eitthvað meira en lítið að. Engum dettur í hug, að það sé nokkurt lag á þessu. Þvert á móti eru efnahagsmálin í svo ferlegu ólagi, að þau vandamál, sem við áður áttum við að glíma í þessu tilliti, verða smávaxin samanborið við þann vanda, sem hér hefur verið skapaður. Hér áður fyrr urðu stjórnarskipti, menn töldu sig alls ekki ráða við þessi mál, það yrði að stokka spilin upp og leita að nýjum aðferðum, ef vísitalan óx um 14 stig að meðaltali á ári. Það var ekki talið viðunandi, og menn töldu sig þurfa að leita að sífellt nýjum og nýjum aðferðum og nýjum úrræðum. En nú hefur dýrtíðarvöxturinn fjórfaldazt frá því, sem áður var, og þó er ekki leitað að nýjum úrræðum, heldur haldið lengra áfram á þeirri braut, sem gefizt hefur á þessa lund.

Stundum heyrir maður hjá hæstv. ríkisstj., að það sé kaupgjaldið, sem hafi fært allt úr skorðum, því að það hafi verið spennt of mikið upp, og þó að þeir hafi farið rétt að, stjórnarherrarnir, í sínum ráðstöfunum, t. d. í lánapólitíkinni og tollapólitíkinni og vaxtapólitíkinni, hafi þessu öllu verið hrint út úr skynsamlegum farvegi með óbilgjörnum launakröfum, — það sé launapólitíkin og þeir, sem hafi getað haft áhrif á hana, sem hafi hrint þessu út í ófæru. En ég get ekki séð, að þetta fái staðizt. Þegar þetta er íhugað og litið yfir þróunina, kemur það í ljós, að núna á þessum síðustu árum, þegar allt hefur farið svona um þverbak, hefur kaupgjaldið hækkað miklu minna en verðlagið í landinu. Kaupgjaldið hefur hækkað miklu minna, og það er nokkuð nýstárlegt, ef litið er yfir lengri tímabil. Það hefur að vísu komið fyrir áður, að kaupgjaldið hefur farið aftur úr verðlagshækkunum stuttan tíma, en þegar litið er yfir lengra tímabil, mun það vera alger nýjung á síðari áratugum, að kaupgjaldið hafi dregizt langt aftur úr verðlaginu, verðlagshækkanir hafi verið svo ferlegar, að kaupgjaldið hafi ætíð verið á eftir. Hér er sagt af þeim, sem bezt geta reiknað, og Efnahagsstofnunin borin fyrir því, að kaupmáttur tímakaups hafi rýrnað úr 115 1956 niður í 101 1962. Ég hef ekki alveg endanlegar tölur fyrir 1963, en sennilega er kaupmáttur a. m. k. ekki hærri 1963 en hann var 1962. Ekki getur það því verið ástæðan til þess, hvernig allt hefur mistekizt, að kaupgjaldið hafi rekið allt úr skorðum.

Sannleikurinn er sá, að þessi efnahagsmálastefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, hefur komið ákaflega illa niður á undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, bæði lánasamdrátturinn og vaxtastefnan, því að ef menn reyna að íhuga, hverjir það eru, sem fyrst og fremst þurfa á lánsfé að halda, þá eru það tveir hópar, sem ber þar langsamlega mest á. Það eru framleiðendurnir, þeir sem stunda undirstöðuframleiðsluna í landinu, og unga kynslóðin. Það eru þessir tveir hópar, þeir sem stunda undirstöðuframleiðsluna og unga kynslóðin, sem þurfa að leita eftir lánsfénu. Og lánsfjársamdrátturinn hefur fyrst og fremst komið niður á undirstöðuframleiðslunni og unga fólkinu, rekstrarfjárskorturinn, vaxtaokrið og raunar öll þessi feiknalega dýrtíð, sem velt hefur verið yfir til þess að reyna að ná jafnvægi, eins og það hefur verið kallað.

En þeir, sem hafa hagnazt á þessu, og þeir, sem leika lausum hala, eru þeir, sem hafa meira eigið fjármagn. Þess vegna fer þetta svona, að eftir því sem lengra er gengið í þá átt að nota þetta hagstjórnartæki, þ. e. a. s. lánasamdráttinn og vaxtapólitíkina, eftir því kemur það verr niður á undirstöðuframleiðslunni í landinu og ungu kynslóðinni, en betur fyrir þá, sem hafa meiri fjárráð og geta leikið lausum hala í fjárfestingunni og grætt á verðbólguástandinu. Það er þetta, sem er að ske núna þessi missirin. Með þessu er dregin stórkostlega burst úr nefi framleiðslunnar og þeirra, sem þurfa á lánsfé að halda, en hinir geta leikið lausum hala. Og eftir því sem lengra verður gengið í því að herða að bönkunum, þannig að þeir geta minna lánað af sparifé þjóðarinnar þeim, sem undirstöðuframleiðsluna

stunda, og ungu kynslóðinni, sem á lánunum þarf að halda, eftir því verður harðara á dalnum fyrir þessi öfl, en aðrir taka forustuna í fjárfestingunni, það verður svo til þess, að fjárfestingin verður af handahófi í landinu og það situr á hakanum í sambandi við hana, sem sízt skyldi.

E. t. v. er ekkert einstakt atriði sterkari þáttur í því, hve illa búnast nú á þessum árum, en einmitt þetta, hvaða áhrif þessi pólitík er farin að hafa á fjárfestinguna í landinu. Síðan koma háu vextirnir inn í efnahagskerfið smátt og smátt með vaxandi afli og eru farnir að koma það með sivaxandi hraða. Þeir, sem þurfa að byggja sér húsnæði og gera aðrar ráðstafanir og nota lánin með nýju vöxtunum, að svo miklu leyti sem þeir geta fengið þau, þeir verða að heimta hærra kaup, og alltaf reyrist þetta í harðari og harðari hnút, í staðinn fyrir að nú ætti að snúa aftur að þeirri lánastefnu, sem áður var rekin, og lækka vextina, en taka þess í stað upp í vaxandi mæli verðtryggingu á sparifénu. Þessi stefna háu vaxtanna hefur ekki orðið til gagns fyrir sparifjáreigendur, því að þeir hafa orðið fyrir barðinu á þeirri óðaverðbólgu, sem fylgt hefur í kjölfar allra þessara ráðstafana.

Það hörmulega við þetta ástand allt saman er svo það, að enda þótt kaupgjaldið hafi raunverulega lækkað, eru það ekki framleiðsluatvinnuvegirnir, sem hafa hagnazt á því, það er síður en svo, því að með okurvöxtum, þyngri en nokkurs staðar annars staðar þekkist á byggðu bóli, ofboðslegu nýju álagaflóði í öllum myndum, tollum, sölusköttum, þjónustugjöldum af öllu tagi, útflutningsgjöldum, lánasjóðsgjöldum, ásamt þessum hörkulegu ráðstöfunum til þess að draga úr rekstrarlánunum, hefur verið grafið raunverulega undan rekstrarafkomu sjálfrar undirstöðuframleiðslunnar.

Ég álít og hef sagt þá skoðun mína áður, gerði það við 1. umr. þessa máls og skal ekki fara langt út í það, — ég álít, að reynslan á undanförnum árum sýni það alveg ótvírætt, að óhugsandi er að stjórna Íslandi, svo að nokkurt vit sé í, með peningapólitískum ráðstöfunum einum saman. En það er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að reyna núna þessi ár og stórskemmt efnahagskerfið í þeim sviptingum. Þar kemur margt til, sem ég nefndi þá og skal ekki lengja mál mitt nú með því að nefna, en vísa til þess.

Við höfum alls ekki ráð á því handahófi í fjárfestingarmálum, sem leiðir af þessari stefnu, fremur en t. d. frændþjóðir okkar á Norðurlöndum. Ég álít, að við ættum að hafa Norðmenn t. d. meira okkur til fyrirmyndar eða hliðsjónar í efnahagsmálum en nú er gert, stilla vöxtunum í hóf og reka útlánapólitík svipað og hér var gert áður, fara inn á þá braut í vaxandi mæli að verðtryggja sparifé og hafa fjárfestingareftirlit, að því leyti sem þarf til þess að tryggja, að það sitji fyrir, sem skynsamlegast er frá almenningssjónarmiði og mest þarf á að halda, í stað þess handahófs, sem nú ríkir í fjárfestingunni og er þjóðinni allt of dýrt. Ég er alveg sannfærður um, að hverjir sem stjórna hér, hljóta þeir að komast að þessari niðurstöðu. Það verður að halda á þessum málum í aðalatriðum á þessa lund, en ekki eins og nú hefur verið gert. Hitt er svo annað mál, hve miklu tjóni þjóðin á eftir að verða fyrir, áður en menn uppgötva þetta og breyta eftir því.

Nú segir hæstv. viðskmrh., að það megi ekki einblína á það, þó að allt hafi mistekizt varðandi stöðvun verðbólgunnar innanlands og gengið úr skorðum, — það megi ekki einblína á það. Það verði að gera sér grein fyrir því, að með þessu lagi hafi tekizt að ná mjög góðri afkomu út á við og það sé því að þakka, að þessar nýju aðferðir hafa verið notaðar. Það vottaði fyrir því í vetur, þegar þessi mál voru rædd við 1. umr., að hæstv. ráðh. viðurkenndi, að þar hefði fleira komið til en þessar nýju aðferðir, og held ég, að það sé alveg óhætt að hafa það fast í huga.

Sannleikurinn er sá, að afkoma Íslands er því miður ekki glæsileg út á við á undanförnum árum, miðað við þau skilyrði, sem við höfum haft við að búa, því er nú verr. Og ef það dæmi er skoðað, sjáum við, að skuldir að frádregnum innstæðum hafa ekki lækkað á þessu tímabili. Skuldir hafa alls ekki verið greiddar niður. Það hafa verið tekin ný stórkostleg lán, og þegar litið er á afkomuna í heild, hefur hún ekki batnað þrátt fyrir óhemjuuppgrip á öllum sviðum. Á þessum árum hefur t. d. ekkert stórvirki nýtt verið sett á fót, ekkert stórt raforkuver hefur verið byggt, engri stórverksmiðju hefur verið komið upp hliðstæðri sementsverksmiðju eða áburðarverksmiðju. Í húsnæðismálum hefur verið gengið aftur á bak, þannig að það er stórkostlegur húsnæðisskortur, miklu meiri húsnæðisskortur en þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Það er því síður en svo, þegar litið er á dæmið á þessa lund, að miðað hafi fram á við frá því, sem áður var. Þetta eru sorglegar staðreyndir, sem ekki er hægt að komast fram hjá.

Það er rétt út af fyrir sig, að ef litið er á bankareikningana eina, þá hefur staðan á þeim talsvert batnað á þessu tímabili. En þar koma ekki heldur til, að mínu viti, fyrst og fremst þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að draga úr afurðaendurkaupum og frysta sparifé í Seðlabankanum, heldur kemur þar margt fleira til. Í fyrsta lagi betri verzlunarkjör. Þjóðin hefur búið við mun betri verzlunarkjör, hagstæðara verðlag en áður var. Enn fremur þessi óvenjulegu uppgrip, sem orðið hafa, stórkostlegri afli en áður hefur þekkzt. Þá kemur til stórfelld söfnun verzlunarskulda. Þótt bara það atriði eitt sé tekið til greina, verzlunarskuldirnar og tiltölulega stutt lán vegna kaupa á ýmsum tækjum til landsins, verður litið úr gjaldeyrisvarasjóðnum, þegar dæmið er gert upp. Þá eru miklar erlendar lántökur til langs tíma, eins og ég gat um áðan. Þannig mætti fleira telja.

Það þarf enginn maður mér að segja, að núv.

hæstv. ríkisstj. hefði getað komið hér, ef eitthvað hefði gengið mótdrægt, og gortað af betri gjaldeyrisstöðu bankanna, enda þótt hún hefði haft peningafrystinguna í gangi. Ef hér hefði verið lítil síldveiði, eins og áður var, verzlunarárferði ekki hagstæðara en áður og ekkert gengið meira í haginn en áður, hvernig halda menn þá, að útkoman hefði orðið hjá þessari stjórn, þegar hún er svona núna, miðað við þessar kringumstæður allar? Ætli það hefði ekki orðið heldur lítið úr þessari gjaldeyrissjóðsmyndun hjá hæstv. viðskmrh., jafnvel þótt hann hefði beitt harkalegum ráðstöfunum til þess að draga sparifé inn í Seðlabankann og frysta það þar? Það er fáránleg kenning að halda, að það sé hægt að sjá öllu borgið með því einu að draga sparifé úr lánakerfinu og loka það inni í Seðlabankanum, eða með hinu, að minnka endurkaup á afurðavíxlum til framleiðslunnar. Það er fáránleg villukenning að halda því fram, að með sliku sé hægt að sjá öllu borgið. Við sjáum nú, hve þessi mynd er ömurleg inn á við, þegar við athugum dýrtíðarþróunina, og því miður hefði hún einnig orðið jafnömurleg út á við, ef ekki hefði komið til þessi óvenjulega hagstæðu skilyrði, sem ég hef aðeins bent á og viðskmrh. raunar minntist einnig á í vetur, þegar þessi mál voru til 1. umr. Það er í raun og veru furðulegt, hversu útkoman út á við er óhagstæð, miðað við hin glæsilegu skilyrði, sem við hefur verið búið.

Ég skal nú láta máli mínu lokið. Ég vildi aðeins bregða upp mynd af nokkrum þáttum þessara mála, eins og þau horfa við frá mínu sjónarmiði, og lýsa enn einu sinni algerri andstöðu við þetta frv., sem nú er hér til 3. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. hefur auðnazt að sökkva einum klukkutíma í viðbót í þá hít umr., sem hann og hans flokksmenn og stjórnarandstaðan hafa viðhaft á þessu þingi í sambandi við efnahagsmálin. Það er af þeim ástæðum kannske alveg ástæðulaust að fara að blanda sér í þessar umr., sem ég hefði látið afskiptalausar, því að ekkert nýtt kom nú fram í þessari ræðu og þetta er allt sama staglið, frá því að þing kom saman í haust. En það eru svo dæmalausar fjarstæður, sem fram komu í þessari ræðu hjá hv. þm., að það er kannske ekki rétt að láta þetta alveg fram hjá sér fara. Hann er búinn að segja svo margan hálfan sannleika í þessari ræðu sinni, svo margar rangar sögur hefur hann sagt og svo furðulega skekkta mynd af efnahagskerfinu og þjóðfélagsbyggingunni hjá okkur, að það má teljast ótrúlegt, þegar hér er þó um að ræða mann, sem hefur verið jafnlengi í stjórnmálum og hv. 1. þm. Austf. og jafnlengi fjmrh. og hann.

Nú er ég sjálfur sannfærður um það, þegar maður hlustar á mál þessa hv. þm., að hann er sannarlega ekki nú orðið að búa til vísvitandi nein ranghermi í því, sem hann er að segja. Þetta er farið að verða honum alveg eðlilegt. Hann er búinn hægt og hægt að skrökva svo miklu að sjálfum sér, frá því að hann hætti að vera ráðh., að hann er farinn að trúa því, að þetta sé myndin í efnahagsmálunum, sem hann er að lýsa hér fyrir okkur. Þessi ræða boðar þess vegna ekki neitt frá honum, að hann sé að tala sér um hug. Hann er búinn að skekkja sjálfan sig í skoðunum sínum svo gífurlega í þessum málum eins og hér kom fram.

Ég skal víkja aðeins að örfáum þáttum þessara mála og þá lánamálunum sérstaklega. Hann talaði langt mál um, að það hefði verið stórkostlega dregið úr rekstrarlánunum til sjávarútvegsins og enn þá miklu meir til landbúnaðarins, og reiknar út, að það séu 18—20%. Auk þess séu vextir miklu hærri og þessi lánasamdráttur sé að ríða atvinnuvegunum á slig. Hver er þessi lánasamdráttur, þegar rétt er á málin litið, og sem raunverulega öllum ætti að vera ljóst, sem hér sitja á þingi, og ekki sízt þessum hv. þm.? Ef við tökum sjávarútveginn fyrst, þá hefur Seðlabankinn minnkað endurkaupin, eins og hann sagði, úr 67% áður og niður í um 54—55%. En meðan Seðlabankinn lánaði 67%, á þeim tíma þróaðist útvegurinn í það horf, að viðbótarlánin frá viðskiptabönkunum urðu oft og tíðum þannig, að búið var að lána út á afurðirnar 90—100%. Þetta taldi hv. þm. ágætan árangur af útlánapólitík. Þetta þýddi það, að á undanförnum árum og áður en viðreisnarstjórnin tók við voru útgerðarmenn daglega og stundum oft á dag í bönkunum, vegna þess að þeir gátu aldrei sjálfir ráðstafað einni einustu krónu, sem kom inn fyrir afurðir þeirra. Það þurfti alltaf daglega að vera að standa í því og stappa í því, hvernig væri hægt að leysa þetta smáa viðfangsefni og hitt viðfangsefnið. Í tíð viðreisnarstjórnarinnar var tekin sú stefna, að endurkaupalánin hjá Seðlabankanum minnkuðu, viðbótarlánin hjá viðskiptabönkunum hafa að jafnaði farið allt upp í 30%, þannig að rekstrarlánin hafa losað rúmlega 70% af andvirði vörunnar. Nú segja menn: Þetta er minnkun á útlánum frá því, sem var, þar sem þau voru upp í 90—100%. Það er rétt. Þetta er lækkun á útlánum. En þessi lækkun á útlánum er gerð með sérstökum hætti. Hún er gerð með því, að það er opnuð á ný stofnlánadeild sjávarútvegsins með löggjöf 1961 og öll lausaskuldasúpan, 400—500 millj. kr., er sett á föst lán til langs tíma, 10—20 ára, og ekki með 9—9½% vöxtum, heldur með lægri vöxtum en þessi lán voru með áður, eða 6½%, og lækkaði öll þessi upphæð þess vegna stórlega í vöxtum. Þegar þessu var þannig fyrir komið, allir reikningar útgerðarfyrirtækjanna höfðu verið færðir til samræmis, allar eignirnar metnar og öllum lausaskuldunum breytt í löng lán, þá var talið farsælast að fara ekki með rekstrarlánin upp úr 70% yfirleitt, miðað við það, að 30% væri rekstrarfé þessara manna sjálfra, og það hefur líka orðið í reyndinni. En hér var þó enn einn hængur á, að það stóð lengi á skilum fyrir vörurnar frá útlandinu. Í þetta gengu ríkisbankarnir einnig að lagfæra

fyrir útvegsmönnum, og tekin voru með ábyrgð bankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, stór erlend lán til þess að greiða afurðirnar þegar og með lægri vöxtum, ekki 9½%, heldur 5½% vöxtum, og þetta er með þeim hætti, að vörurnar greiðast nú jafnóðum og þær fara út. Útvegsmennirnir fá þess vegna nú, jafnóðum yfirleitt og afskipanir eiga sér stað, 30% af andvirði vörunnar, eða skömmu eftir og miklu fyrr en áður, þar sem þurfti að bíða í 1½ ár kannske, og þetta er þeirra rekstrarfé. Enda er sannleikurinn sá, að þessir menn hafa ekki sézt í bönkunum síðan á sama hátt og áður var. Þeir reka sín viðskipti nú fyrir sitt eigið rekstrarfé og með eðlilegum hætti, en ekki með þessum ágæta árangri, eins og hv. 1. þm. Austf. var að lýsa hér áðan, að tekizt hefði að búa þessum mönnum, meðan hann og hans menn voru í stjórn og reyndar með þátttöku núv. stjórnarflokka oft og einatt, en sá ágæti árangur var sá, að þessir menn voru komnir á kaf í rekstrarskuldasúpu og gátu hvergi og aldrei um frjálst höfuð strokið.

Um landbúnaðinn er það að segja, að því leyti sambærilegt við sjávarútveginn, að á þessum tíma, sem að vísu hefur verið dregið úr endurkaupalánum til landbúnaðarins, hefur hins vegar verið komið á réttan grundvöll stofnlánum landbúnaðarins með stórkostlegu átaki, sem á eftir að sýna sig sem ein farsælasta löggjöf fyrir landbúnað Íslendinga á komandi árum og mun á undraskömmum tíma skila landbúnaðinum styrkum og öflugum sjóðum til framkvæmda á komandi árum.

Á sama tíma sem talað er þannig um samdrátt á útlánunum til atvinnuveganna, hefur á undanförnum árum verið sett löggjöf um bæði aukin stofnlán og ný stofnlánalöggjöf, bæði fyrir sjávarútveg, landbúnað og iðnað, sem nú er til meðferðar á þessu þingi, en iðnlánasjóður hefur hins vegar þegar verið aukinn með löggjöf frá s. l. þingi. Það er ekki nóg, að stofnlánadeildin hafi þannig verið opnuð aftur og lausaskuldunum hjá sjávarútveginum breytt í föst lán, heldur hafa honum verið útveguð mjög hagstæð, eftir því sem hér er kostur á, og löng lán með erlendri lántöku eða hinu brezka láni ríkisstj., töluvert miklum hluta af því láni, sem var um 240 millj. kr. og tekið var í árslok 1962. Á s. l. ári fóru mjög verulegar upphæðir, a. m. k. 60—70 millj. kr., ef ekki meira, beinlínis í sjávarútveginn og fiskiðnaðinn. Þetta er nokkurs virði fyrir atvinnuvegina, og það er mjög mikill misskilningur, ef menn halda, að það skipti öllu máli, hve menn geta fengið mikil rekstrarlán. Það er miklu meira virði að geta búið þannig að þessum atvinnugreinum, að þær hafi sæmileg stofnlán, og það er enn eftir að gera átök í því sambandi, svo að um muni. Og vegna hvers er það eftir? Með gengisbreytingarl. 1961 gerði ríkisstj. ráð fyrir því, að hluti af útflutningsgjaldinu skyldi ganga til stofnlánadeildarinnar til þess að verða áframhaldandi útlán í stofnlánum til sjávarútvegs eftir þeirri löggjöf, sem þá var búið að framkvæma, þar sem breytt var lausaskuldum sjávarútvegsins í föst lán. Þetta var þó ekki reyndin. Og vegna hvers ekki? Vegna þess að þessu var breytt í meðferðinni af hálfu ríkisstj. hér í þinginu og í samráði við útvegsmenn og þessi hluti af útflutningsgjaldinu var látinn ganga til þess að greiða iðgjöldin, tryggingariðgjöld útgerðarinnar. En þetta samsvarar því, að útgerðin hafi fengið um og yfir 60 millj. kr. á þessum árum með þessum hætti. Hefði það ekki þótt hentara og útvegsmenn sjálfir heldur viljað, að þetta gengi til greiðslu á iðgjöldunum, þá hefði þetta farið í nýja uppbyggingu stofnlána.

Það er eins og hv. þm. viti ekki nokkurn skapaðan hlut um þetta, sem hefur verið að gerast í kringum hann og hér í þinginu. Svo talar hann um, að það hafi verið tekin mikil erlend lán. En hvert ætli þessi erlendu lán hafi farið? Þau hafa náttúrlega ekki farið í útlánaaukningu hérlendis? Nei, nei, þegar hann er að tala um útlánin hér, þá dragast útlánin alltaf saman. Þegar hann kemur að erlendu lánunum, þá hefur verið gert óskaplegt glappaskot að vera að stofna til þessara miklu erlendu skulda. En þar er sannleikurinn sá, að atvinnuvegirnir hafa bæði orðið aðnjótandi þessara erlendu lána til langs tíma sem fjárfestingarlána og sem rekstrarlána eða sem lána til innkaupa á skömmum tíma, frá 1—3 og upp í 5 ár, til ýmiss konar tækjakaupa og uppbyggingar í atvinnuvegunum, svo að hundruðum millj. nemur á þessum árum. Fram hjá þessu er alveg gengið líka, nema bara þegar verið er að tíunda skuldirnar.

Og loks má svo bæta við fiskveiðasjóði. Hann hefur aldrei veitt viðlíka mikil stofnlán og á undanförnum árum, frá því á miðju ári 1961 og aðallega á árunum 1962 og 1963, og eru nú að koma síðustu bátarnir til landsins, sem þá voru fest á skömmum tíma kaup á, um 63 bátar og alveg af nýjustu gerð og miklu stærri og betur búnir bátar en við nokkru sinni áður höfum haft. Þetta er fjárfesting í sjávarútveginum, sem er upp á um 700 millj. kr. á þessum skamma tíma. Hver voru afskipti ríkisstj. og ríkisvaldsins af því? Jú, ríkisvaldið eða bankarnir fyrir tilstuðlan ríkisstj. tóku verulegan þátt í því að greiða fyrir því, að erlendis fengjust lán til skamms tíma til að byrja með til þessara bátakaupa, og síðan hefur verið séð um það með lánum m. a., sem fiskveiðasjóði hafa verið útveguð, að hægt hefur verið að veita lán til allra þessara kaupa af hálfu fiskveiðasjóðs. Það hefur aldrei nokkurn tíma verið gert annað eins átak á jafnskömmum tíma í sambandi við endurbyggingu bátaflotans hér á landi.

Og hverjar eru svo staðreyndirnar um allan þennan margumtalaða samdrátt á lánum, sem á að hafa verið mesta böl, sem yfir þjóðina hafi gengið, og meginstefna ríkisstj.? Menn geta nokkuð markað það af því, sem ég hef sagt, að samdrátturinn er kannske enginn sam-

dráttur, og þessi samdráttur hv. 1. þm. Austf., sem hann alltaf er að tala um, er með þeim hætti, að í árslok 1959 eru útlán bankanna 3449 millj. kr., en í nóvemberlok, sem eru síðustu tölur, sem ég hef, á s. l. ári 5335. Útlánaaukningin er 56%. Þetta er samdrátturinn, 56% aukning. En ef sparisjóðirnir eru teknir með, er aukningin 60% í útlánum sparisjóða og banka. 56% útlánaaukning og 60% útlánaaukning er á máli þessa hv. þm. skaðlegur samdráttur í útlánum. Á sama tíma hefur vísitala framfærslukostnaðar í landinu þó ekki hækkað nema 46%, og margs konar annar tilkostnaður við þessa framleiðslu hefur hækkað miklu minna. Nei, það á að taka upp gömlu stefnuna, sem fæstir vita nú, hvað þessi hv. þm. meinar með. Hann er að tala um einhverja gamla stefnu. Hann lýsti því, hvað hún hefði verið ágæt í sambandi við útlánin, þegar allir voru komnir á kaf i skuldafenið. Svo var hann að tala rétt í lok ræðu sinnar um, að það ætti að taka upp gömlu stefnuna um verðtryggingu sparifjár. Hvenær hefur þessi hv. þm., meðan hann réð i þessu landi fjármálum þjóðarinnar, verðtryggt sparifé? Það er í anzi litlum mæli, held ég. Hvar er þessi gamla stefna um verðtryggingu sparifjárins? Það er ekki hægt að tala svona við hv. þm., eins og þeir séu bara hreinustu fábjánar og viti ekkert, hvað hafi gerzt.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, er kannske ástæðulaust að vera að lengja mikið umr. Ég er nú víst búinn að tala í einar 10 mínútur á eftir þessum klukkutíma, sem hv. 1. þm. Austf. sökkti í hítina, umræðuhítina hér, en það var aðeins til þess að árétta nokkur atriði og til þess að mönnum yrði ljóst, — sem ég veit nú að öllum er ljóst, enda eru þm. yfirleitt hættir að hlusta á þennan hv. þm., þegar hann er að tala um þessi mál, — þá er mönnum ljóst, hversu gífurlega ranga og skakka og öfuga mynd þessi hv. þm. er að reyna að draga upp af efnahagslífinu og þjóðarbúskapnum eins og hann er, og ekki vegna þess, að hann geri það nú vísvitandi, heldur af því, að hann er farinn að trúa þessum leiðindasögum sínum sjálfur, því miður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð, sem hæstv. menntmrh. eða viðskmrh. sagði, sem gefa mér tilefni til þess að taka hér til máls. Ég þarf litlu við það að bæta, sem forustumenn stjórnarandstöðunnar þegar hafa sagt um þetta mál, sem hér liggur fyrir, í höfuðatriðum, en mér þætti vænt um, að hæstv. viðskmrh. yrði látinn vita af því, ef hann er í húsinu, að ég ætla að ræða ofur lítið við hann atriði, sem hann minntist á.

Þetta frv. gengur út á það að auka vald Seðlabankans og seðlabankastjórnarinnar, og hæstv. viðskmrh. sagði i einni af sínum ræðum, að þetta frv. og það vald, sem Seðlabankanum hefði verið gefið með því, hefði gert ríkisstj. kleift að hafa skynsamlega heildarstjórn á atvinnulífinu. Og enn fremur sagði hann, að Seðlabankinn mundi beita þessu valdi eins og hingað til af fullri gát og festu og ef eitthvað hefði farið aflaga, þá væri það ekki vegna þess, að Seðlabankinn hefði brugðizt skyldu sinni. Þegar um svona mál er að ræða, sem raunverulega varða alla stjórn á okkar atvinnulífi og okkar efnahagslífi, og þegar á að gefa nokkrum embættismönnum utan þingsins vald til þess að ráða í þessum efnum og því er haldið fram við Alþingi, að Alþingi sé alveg óhætt að veita þetta vald, þessir menn hafi farið svo vel með þetta fram að þessu, þá er full ástæða til þess að rifja upp, hvað gerzt hefur í slíkum efnum og hvort Alþingi hefur ástæðu til þess að sýna þeirri stofnun, sem þarna er um að ræða, það traust, sem þarna er farið fram á. Hvernig hefur Seðlabankinn komið fram og beitt því valdi, sem honum hefur verið gefið fram að þessu? Seðlabankinn hefur misbeitt þessu valdi og það á einhvern hrottalegasta hátt, sem embættisvaldi hefur verið misbeitt á Íslandi. 1962 höfðu atvinnurekendur og verkamenn samið um það að hækka kaupgjald, og það lá fyrir yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um, að það væri einkamál atvinnurekenda og verkamanna, hvaða kaupgjald skyldi vera í landinu, hún mundi ekki skipta sér af slíku. Það, sem þá gerðist, eins og menn muna, var það, að Seðlabankanum var skyndilega með brbl., sem vægast sagt voru tvíræð frá stjórnskipulegu sjónarmiði, að mínu áliti brot á stjórnarskránni, gefin heimild til þess að ráða genginu á islenzkri krónu, þó skyldi samþykki ríkisstj. koma til. En í 4. gr. l. um Seðlabankann er, eins og menn muna, seðlabankastjórninni falið, að stjórna peningamálum landsins þannig, að verðlag haldist stöðugt.

Hvað gerði nú seðlabankastjórn í ágústbyrjun 1961, þegar hún hafði fengið þetta vald í hendur, og hvernig var ástandið í landinu, þegar hún gerði það, sem hún gerði þá? Afstaða landsins út á við, eins og skýrslur sjálfrar seðlabankastjórnarinnar sanna, hafði batnað um ca. 12%. Þær vörur, sem við flytjum út, höfðu hækkað, þær vörur, sem við fluttum inn, höfðu lækkað, þannig að verzlunarleg aðstaða landsins hafði stórbatnað hvað verðið snertir. Öll venjuleg hagfræðileg rök voru þess vegna meðmælt því, að þessi kauphækkun, sem samið hafði verið um, væri látin standa. En hvað gerði þá seðlabankastjórnin? Seðlabankastjórnin felldi gengi íslenzku krónunnar, og ríkisstj. samþykkti þetta. Þessi verknaður seðlabankastjórnarinnar þá var í mótsetningu við öll hagfræðileg lögmál, þverbrot á öllum klassískum lögmálum borgaralegrar hagfræði. Þessi verknaður seðlabankastjórnarinnar var, þó að maður geti aldrei rannsakað neinar hvatir, þá virtist hann gerður einvörðungu til þess að ná sér niðri á verkalýðshreyfingunni og til þess að sýna henni, að það væri til í landinu sterkara vald en atvinnurekendavaldið, sem gæti svipt hana afleiðingunum af hennar frjálsu samningum, ef því valdi væri beitt. M. ö. o.: seðlabankastjórnin, sem Alþingi á nú

að fara að sýna svo mikið traust, að gefa henni aukið vald, var að misbeita sínu valdi í þágu nokkurra braskara í landinu á móti verkalýðshreyfingunni og móti öllum venjulegum lögmálum atvinnulífs og efnahagslífs og móti lögum um Seðlabankann, sem henni bar að starfa eftir.

Ef einhver skyldi ætla, að ég gerði kannske seðlabankastjórninni þarna órétt til og hún hefði ekki verið inni á þessu, heldur hefði hæstv. ríkisstj. knúið þetta fram, þá vil ég minna á, að ef stjórn Seðlabankans hefur haft eitthvað við þetta að athuga, þá er henni beinlínis fyrirlagt í 4. gr. l. um Seðlabanka, ef hún er ekki sammála ríkisstj., að láta það koma fram sem sitt sérstaka álit, þannig að svo framarlega sem henni frá almennu þjóðhagslegu sjónarmiði virtist þetta ekki rétt, bar henni að láta það koma fram. Það hefur sýnt sig, að gengislækkunin í ágúst 1962 var að öllu leyti hringavitlaus ráðstöfun, fyrir utan hve svívirðileg hún var gagnvart verkalýðnum í landinu. En hún var sérstaklega alröng ráðstöfun af hálfu þeirrar stofnunar, sem átti að sjá um að halda verðlaginu í landinu stöðugu, því að einmitt þessi gengislækkun varð til þess að hleypa af stað nýjum verðlagshækkunum og þar af leiðandi náttúrlega nýjum vinnudeilum og nýjum samningum um kaupgjald.

Ég held þess vegna, að hæstv. viðskmrh. verði að segja okkur sannleikann um, hvað gerðist í þessum efnum og hvort hæstv. ríkisstj. og seðlabankastjórnin þá álíti, að það hefði verið réttur verknaður í ágúst 1961 að lækka gengið á íslenzku krónunni. Það er þess vegna óhjákvæmilegt, þegar verið er að fara fram á það við Alþingi að veita Seðlabankanum aukið vald og hans stjórn með, að það sé úr því skorið, hvort sú stjórn, sem seðlabankastjórnin hefur framkvæmt fram að þessu á efnahagslífi landsins, sé álitin rétt eða ekki. Menn geta gert vitleysur, og þá er bezt, að menn kannist við þær á eftir. Hingað til hefur ekki fengizt fram neitt annað en að það, sem þá hafi verið gert, hafi verið rétt og maður megi eiga von á því, að þess háttar aðferðum sé máske beitt aftur, sérstaklega ef kosningar eru fjarri. Seðlabankastjórnin var hræddari við slíkt, þegar kosningar komu nær, en óhrædd 1961.

Enn fremur sagði hæstv. viðskmrh., að það vald, sem Seðlabankanum hefði verið gefið með þessum lögum, hefði gert ríkisstj. kleift að hafa skynsamlega heildarstjórn á atvinnulífinu. Ég hef satt að segja ekki orðið var við þessa skynsamlegu heildarstjórn á atvinnulífinu, og ef hún er til, þætti mér vænt um, að það yrði bent á hana. Ég held, að stjórnin á atvinnulífinu, sem fyrst og fremst er náttúrlega það, sem Seðlabankinn og hæstv. ríkisstj. geta haft vald á, þ. e. fjárfestingin í atvinnulífinu, hún hafi verið ákaflega stjórnlaus allan þennan tíma. Eða mundu menn vilja halda því fram, bæði hæstv. viðskmrh. og seðlabankastjórnin, að t. d. bílaumboðshallirnar inn við Suðurlandsbraut hafi verið æskilegasta og nauðsynlegasta fjárfestingin í íslenzku atvinnulífi núna? Ég held, að Seðlabankinn hafi ekki notað það vald, sem hann að ýmsu leyti gæti haft, til þess að hafa skynsamlega stjórn á atvinnulífinu, heldur þvert á móti, hann hafi ýtt undir óstjórn á atvinnulífinu. E. t. v. hafa einhverjir af þeim mönnum, sem Seðlabankanum stjórna, gengið með þær hugmyndir, að það væri hægt með svipaðri peningapólitík og hægt er í Bandaríkjunum eða Bretlandi að hafa stjórn á atvinnulífinu hér. Það er ekki hægt, og það er ekki heldur nema að litlu leyti hægt í þeim stóru löndum, en þó þægilegra að koma því við. En það er hrein bábilja skólapilta, sem eru útlærðir frá skólum þar, ef þeir halda, að það sé hægt að stjórna atvinnulífi Íslands með einhverju slíku, og þeir menn þurfa að læra og kannske eru þeir eitthvað að læra. Það er ekki hægt að stjórna atvinnulífinu hér á Íslandi, svona litlu landi, nema með því beinlínis að grípa inn í það og skipta sér af því. Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt að fara fram á það við Alþingi, að það samþykki þetta frv., út frá því sjónarmiði að veita Seðlabankanum meira vald til að hjálpa ríkisstj. til að hafa skynsamlega heildarstjórn á atvinnulífinu, því að hún hefur ekki verið fyrir hendi, svo að það hefur ekki heldur verið hjálpað til slíks fram að þessu. Ef Seðlabankinn hefði haft verulegan áhuga á slíku, hefði hann átt að beita sér fyrir því, að tekin væri upp áætlunargerð, ekki aðeins um ríkisbúskapinn, heldur um allan þjóðarbúskapinn fram í tímann. Maður heyrir varla svo fréttir nú, að það séu ekki einhverjir og einhverjir aðilar að fara fram á það, að það séu gerðar áætlanir. Seinast vorum við að heyra í gær, held ég, að læknarnir í Reykjavík væru að fara fram á 10 ára áætlanir um spítalabyggingar. En hvernig dettur mönnum í hug, að það sé hægt að gera einhverjar áætlanir, sem að gagni koma í þjóðfélaginu, áætlanir kannske um spítalabyggingar út af fyrir sig, um vegi út af fyrir sig, um landbúnað út af fyrir sig, um alla þætti þjóðarbúskaparins út af fyrir sig og enga áætlun um þjóðarbúskapinn í heild? Sjá menn ekki, að slíkt er tóm vitleysa? Allar áætlanir, sem búnar eru til um einstaka þætti þjóðarbúskaparins, verða ekki nema óskadraumar og óskalistar, alveg eins og sú heildaráætlun, sem hæstv. ríkisstj. sendi út fyrir kosningarnar og hún sjálf eyðilagði með einni lítilli gr., sem hún lét bæta við lög, sem hér voru samþykkt í vetur um, að það skyldi fresta meira eða minna öllum framkvæmdum samkv. fjárl., nema því aðeins að það væri álitið heppilegt að vinna að því, eða hvernig sem það var nú orðað.

M. ö. o.: hvar sem við berum niður í þjóðfélaginu, er sama nauðsyn á því, að það sé heildaráætlun um allan þjóðarbúskapinn. Sú seðlabankastjórn, sem þykist vera að stjórna einu þjóðfélagi og stjórna skynsamlega atvinnulífinu og þykist vera sérfræðingur í þessum málum og segir ekki hæstv. ríkisstj. slíkt, stendur ekki í stöðu sinni, eins og hún á að gera. Hver einasta stjórn á seðlabanka í allri

Evrópu gerir meira eða minna af slíku, og það eru þá tiltölulega þekkingarlitlir menn á þarfir íslenzks atvinnulífs, ef þeir hafa aldrei sagt hæstv. ríkisstj. slíkt.

Það má vera, að bæði hjá hæstv. ríkisstj. og stjórn Seðlabankans hafi gætt nokkuð mikið þess kapps að reyna að sýna verkalýðshreyfingunni í landinu fram á, að hún gæti ekki hækkað kaup meira en ríkisstj. á hverjum tíma áliti heppilegt. En ég held, að ein seðlabankastjórn eigi ekki að láta stéttapólitíska afstöðu móta sínar hugmyndir og sínar framkvæmdir, svo framarlega sem hún vill vinna í þágu atvinnulífsins í heild.

Seðlabankastjórn þarf að þora að hugsa eins og aðili, sem væri að ala upp þá, sem hann hefur með að gera. Og það er mín skoðun, að eitt af því, sem íslenzkt atvinnulíf, — nú tala ég um atvinnulífið, en ekki verkalýð og launþega almennt út af fyrir sig og þeirra hagsmuni, — eitt af því, sem íslenzkt atvinnulíf þurfi alveg sérstaklega á að halda sjálfs sín vegna, þ. e. vegna framfara og betri skipulagningar atvinnulífsins sjálfs, það sé veruleg kauphækkun, sem atvinnurekendur fái að velta yfir á verðlagið. Það er eitt af því, sem stendur íslenzku atvinnulífi fyrir þrifum og hefur staðið um áratugi, að kauphækkanir, sem samið hefur verið um, hafa ekki fengið að hafa þau áhrif að knýja fram sífelldar breytingar og sífelldar framfarir í skipulagningu og tækni atvinnulífsins sjálfs.

Við vitum af því, að í skipaútbúnaði okkar og veiðitækni og öðru slíku hafa orðið stórkostlegar framfarir, einmitt þar sem svo að segja hagsmunir atvinnurekendanna og sjómannanna fara að miklu leyti saman vegna hlutafyrirkomulagsins, en hins vegar ríkir raunverulega meiri eða minni stöðnun í sjálfri tækni eða skipulagningu atvinnutækjanna í landinu, sérstaklega þó í skipulagningu þeirra. Og má það undarlegt vera, af því að ég veit nú, að okkar atvinnurekendur hafa það mikil sambönd og sigla það mikið, að þeir sjá fyrir sér, hvernig verksmiðjur eru reknar erlendis, að þeir hljóta að vera farnir að reka augun í það t. d., að þessi þorskhausadans eins og hér í Reykjavík, það er úrelt fyrirkomulag í atvinnurekstri. Og af því að margir af okkar atvinnurekendum hafa nú ekki beina andúð á Bandaríkjunum og þeirra atvinnulífi. þá ættu þeir a. m. k. að hafa gert sér nokkurn veginn ljóst, að eitt af því, sem var aðalhreyfiafl tæknilegra framfara í Bandaríkjunum, voru sífelldar kauphækkanir verkamanna, sem þeir gátu ekki velt yfir á verðlagið.

Í okkar iðnaði í landi, í okkar verzlun í landi, þá er þessi siður að láta velta yfir á verðlagið öllum hækkunum, ekki aðeins rán gagnvart verkalýð og launþegum, heldur stórtjón fyrir atvinnulífið og atvinnureksturinn sjálfan, vegna þess að það staðnar. Kauphækkanir fá ekki að njóta sín sem hreyfiafl, sem knýr fram framfarirnar, svo fremi að verðlagið er alltaf látið hækka. Þetta á seðlabankastjórn að sjá, og þetta á hún að þora að segja við atvinnurekendur, og þetta á hún að þora að knýja fram. Ein seðlabankastjórn, sem stjórnar raunverulega öllum öðrum bönkum og ræður þeirra pólitík í þessum efnum, hefur fulla aðstöðu til þess, og hennar vald er ekki svo lítið hér á Íslandi, enda hefur hún sýnt það, að hún á að geta knúið slíkt fram. Hún á ekki að smitast svo sjálf af afturhaldssömum hugsunarhætti gamaldags atvinnurekenda, sem eru að dragast aftur úr öllu, að hún fari að gera slíka pólitík úrelts atvinnurekstrar að meginpólitík í íslenzku atvinnulífi.

Ég vil sérstaklega segja þetta núna vegna þess, að samningar standa fyrir dyrum milli verkamanna og atvinnurekenda: Eitt af því, sem íslenzkt atvinnulíf þarf á að halda, er aðhald að okkar eigin atvinnurekendum, og það aðhald hefði stjórn Seðlabankans fyrir löngu átt að sýna. Það þarf aðhald að okkar eigin atvinnurekendum í landinu til þess að ala þá upp, til þess að láta þá í sífellu breyta um tækni í sínum fyrirtækjum, til þess að láta þá steypa fyrirtækjunum saman, til þess að gera þau svo stór, að það sé hægt að koma við einhverri almennilegri hagræðingu.

Það er sérstaklega eðlilegt, að ég segi þetta, þegar íslenzkur verkalýður og íslenzkir launþegar hafa enga kauphækkun fengið í 20 ár, heldur búa við upp undir 20% lægra kaupgjald, þeir lægst launuðu þeirra, heldur en var fyrir 20 árum, og þegar skammsýnir menn bera því í sífellu við, að það séu kauphækkanirnar á Íslandi, sem að einhverju leyti valdi þeim erfiðleikum, sem íslenzkir atvinnuvegir verða öðru hverju við að búa.

Kaupmáttur tímakaupsins í dag er miklu lægri en var fyrir 20 árum, og er Ísland þó allmiklu ríkara og tækni Íslands öll margföld á við það, sem þá var. Og það er óeðlilegt, að slíkt ófremdarástand skuli eiga sér stað, á sama tíma sem þau lönd í kringum okkur, sem urðu illa út úr stríðinu, á meðan Ísland græddi á því, hafa byggt sig upp, hafa hjá sínum verkalýð alls staðar hærri og betri lífskjör en núna er hjá okkur, bæði hér á Norðurlöndum og Bretlandi, og dettur sízt af öllu í hug að leggja annan eins vinnutíma á verkamenn og hér er gert. Þá er svo sannarlega tími til kominn, að menn í tíma athugi, að hér þarf að brjóta í blað.

Ég þekki ekki, hvað gerzt hefur í viðskiptum seðlabankastjórnar og hæstv. ríkisstj. um öll þessi mál á undanförnum árum, en mér þætti þó vænt um að fá upplýsingar um það, t. d. þegar enska lánið var ákveðið og tekið. Hafði seðlabankastjórn nokkurn tíma nokkurn skapaðan hlut við það að athuga, eða áleit hún það í samræmi við þá stefnu í útlánamálum, sem hún hafði framfylgt? Maður á stundum dálítið erfitt með að skilja, að það sé nauðsynlegt að taka stór lán í útlendum gjaldeyri, á sama tíma sem við eigum stórfé í íslenzkum gjaldeyri hér heima. Eða í öðru lagi: á þeim tíma sem innflytjendum var gefinn kostur á allmiklum lánamöguleikum erlendis og það var m. a. notað í þessi geigvænlegu bílakaup, sem

setja mark sitt ekki sízt á síðasta ár, hafði seðlabankastjórnin ekki nokkurn skapaðan hlut að athuga við þá pólitík og fannst henni hún vera í samræmi við hennar útlánapólitík? Það er aðeins gaman að fá upplýsingar um þetta til þess að vita, hve mikið megi treysta þessari stjórn Seðlabankans út frá Seðlabankans eigin yfirlýsingum og efnahagspólitík. Ég er hræddur um, að það megi ekki vera of mikið samband þarna á milli. Það er að vísu rétt, að ein ríkisstjórn á að ráða stefnu Seðlabankans. En þeir menn, sem settir eru hér í stjórn Seðlabankans, eiga í fyrsta lagi að hafa eitthvert vit úr atvinnulífinu, og þeir eiga í öðru lagi að vera það sjálfstæðir menn, að þeir þori að standa við sínar skoðanir, ef þeir hafa þær. Það þýðir í þessum tilfellum, sem ég hef nefnt, ekki þó sízt um gengisskráninguna 1961, að annaðhvort eru þeir menn, sem stjórna Seðlabankanum, tæki í höndum ríkisstj., og þá eiga þeir ekki að vera þar, ef þeir hafa enga sjálfstæða skoðun á þessum málum, eða þá að þeir taka upp hjá sjálfum sér að gera aðra eins herjans vitleysu og þarna hefur verið gerð, og þá eiga þeir satt að segja ekki heldur að vera þar. Mér þætti mjög gaman að vita, hvort það sé algert samræmi að hafa þessa verönd þarna á milli, því að þeir menn, sem stjórna seðlabanka hjá einu þjóðfélagi, ekki sízt þar sem það hefur eins mikið vald og okkar, þeir eiga vissulega að vita meira en hæstv. ráðh. í ríkisstj., og þeir eiga sérstaklega að vera færir um, vegna þess að þeir eiga að hafa þekkingu á þessum málum, einmitt að ráðleggja ríkisstj. heilt, að beita valdi heilt, og þess vegna eiga þeir að geta komið í veg fyrir ýmsar þær vitleysur, sem gerðar hafa verið.

Ég vil alveg sérstaklega leggja áherzlu á, að það væru gefin sem bezt svör við þessum spurningum núna, þegar við erum að ræða þessi efnahagsmál og þegar samningar eru fram undan um kaupgjald í landinu, þegar vitað er, að okkar atvinnulíf, að því er snertir afköst okkar sjávarútvegs, stendur betur en nokkurn tíma áður, af því að flotinn er meiri og sjórinn gjöfulli, en skipulagið á allri móttöku innanlands aftur á móti og því að hagnýta þennan sjávarafla þannig, að menn kvarta yfir því, þeir sem bera mesta afla að landi, sem nokkurn tíma hefur komið á land á Íslandi á skömmum tíma, að það sé ekki hægt að taka við honum. Skipulagið á okkar móttöku í landi er ekki skynsamlegra og betra en það, að það er ekki hægt að hafa stjórn á því að einbeita vinnuaflinu á hverjum tíma að því, sem nauðsynlegt er. Í smáu vinnustöðunum úti á landi er það oft svo, að allt fólk, allar húsmæður og allir fara að vinna, ef liggur á að bjarga aflanum. Hér í Reykjavík mætti sannarlega stundum loka einhverju af skrifstofum og iðnfyrirtækjum til þess að sjá um, að það yrði tekið á móti þeim afla, sem í land bærist, og hér er alltaf nægur mannafli til þess að geta séð um allt það, sem sjórinn gefur okkur. Og það er satt að segja hart, að þegar við getum ausið upp auðnum úr sjónum, þá skuli það vera skipulagið í landi, sem vantar til þess að geta hagnýtt þennan auð, geta komið þessum fiski í peninga. Þegar þess vegna möguleikarnir á að geta hækkað kaup og hækka kaup mikið og hækka raunverulegan kaupmátt tímakaups verulega, þegar allar aðstæður þjóðfélagsins mæla með því, þá er nauðsynlegt, að Alþingi viti af því, hvort stjórn Seðlabankans er enn þá nokkuð farin að læra af þeim vitleysum, sem hún hefur gert undanfarin ár, hvort hún lítur einhverjum öðrum augum á slíkt og mundi ráðleggja hæstv. ríkisstj. betur en hún hefur gert í þessum efnum undanfarið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja þessar umræður, úr því sem komið er, en vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að segja nokkur orð í framhaldi af þeim tveim ræðum, sem fluttar hafa verið hér í dag af hálfu hv. stjórnarandstöðu, en skal gera mér far um að stytta mál mitt sem mest og gefa ekki tilefni til áframhaldandi umræðna um það atriði, sem ég vík hér sérstaklega að.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Reykv. (EOl), lagði á það megináherzlu í þessari síðustu ræðu sinni, eins og hann raunar hefur gert áður í umræðum um þetta mál, að því fari víðs fjarri, að hægt sé að hafa skynsamlega heildarstjórn á atvinnulífi þjóðar eins og okkar Íslendinga með ráðstöfunum í peninga- og bankamálum einum saman. Um þetta er ég honum algerlega sammála, og að svo miklu leyti sem orð hans gefa tilefni til þess að halda, að hann hafi stjórn Seðlabankans í þessu efni fyrir rangri sök, þ. e. a. s. að hann telji stjórn Seðlabankans hafa einhverja sérstaka trú, sem hann vill kalla oftrú, á gildi stjórnar peningamála sem hagstjórnartækis, þá get ég fullvissað hann og aðra um, að það er á misskilningi byggt. Stjórn Seðlabankans er áreiðanlega jafnljóst og ríkisstjórninni, að stjórn á peningamálum og bankamálum er aðeins eitt af mörgum hagstjórnartækjum, sem til greina kemur að beita í efnahagskerfi eins og því, sem við Íslendingar eigum nú við að búa, og ég vildi leggja á það áherzlu, að því fer víðs fjarri, að stjórn Seðlabankans hafi nokkra óskynsamlega oftrú á þessu eina hagstjórnartæki.

Það er skoðun núverandi ríkisstj., að stefnan í efnahagsmálum þurfi að vera ein heild, þ. e. a. s., að þar komi peningamálin og bankamálin inn í sem aðeins einn þáttur. Það er meira að segja líka skoðun núv. ríkisstj., að einn þáttur í heildarstjórn á atvinnulífi eins og okkar Íslendinga sé sá, að starfað sé eftir samræmdri framkvæmdaáætlun, sem gerð sé hverju sinni fyrir nokkur ár, og er ég í grundvallaratriðum sammála því, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði um þetta efni að segja, en um það gildir að sínu leyti eins og stjórnina á peningamálum og bankamálum, að við megum ekki heldur hafa neins konar oftrú á áætlunargerð sem hinu eina tæki, sem til greina komi

og allan vanda geti leyst. Áætlunargerð er hjálpartæki við hagstjórn, rétt eins og samning fjárlaga er hjálpartæki við stjórn á ríkisbúskapnum og stjórn á efnahagskerfinu yfirleitt, tæki, sem dugir ekki eitt, en er nauðsynlegur þáttur í skynsamlegri heildarstjórn á efnahagslífinu yfir höfuð að tala.

Grundvallaratriðin í stefnu núv. ríkisstj. má í stytztu máli segja, að séu þessi: Í fyrsta lagi rétt gengi á krónunni, í öðru lagi sem minnst bein höft á utanríkisviðskiptum og framkvæmdum, í þriðja lagi þess konar stjórn á peningamálum og fjármálum ríkisins, að verðbólguáhrif komi ekki úr þeirri átt, í fjórða lagi, að starfað sé eftir samræmdri heildaráætlun um framkvæmdir og alveg sérstaklega framkvæmdir hins opinbera, til þess að auka heildarframleiðslu þjóðarbúsins og framleiðni sem mest, og í fimmta lagi, að stefnt sé að sem réttlátastri skiptingu þjóðarteknanna, m. a. með sem víðtækustum almannatryggingum.

Ég hlýt þess vegna að vísa á bug gagnrýni af hálfu hv. 3. þm. Reykv. á núverandi ríkisstj. og Seðlabankann um það efni, að þessir aðilar hafi ætlað sér að hafa heildarstjórn á íslenzku efnahagslífi með því að beita stjórn peningamála og bankamála einni saman til að ná æskilegum og nauðsynlegum árangri.

Þá vil ég segja nokkur orð til andsvars þess, sem ég vildi telja meginatriði í ræðu hv. 1. þm. Austf. (EystJ), og þar get ég einnig látið duga fáein orð. Það var grundvallaratriði í röksemdafærslu hans gegn þessu frv. og í raun og veru gegn heildarstefnu núv. ríkisstj. í efnahagsmálum, en þó alveg sérstaklega í peningamálum, að síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, eða um áramótin 1959—60, hafi vísitala framfærslukostnaðar hækkað mun meir en hún hafi gert á árunum eða áratugunum þar á undan. Þetta vildi hv. 1. þm. Austf. telja úrslitasönnun fyrir því, að núv. ríkisstj. hefði fylgt rangri stefnu einmitt í peningamálum. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að verðlagshækkun, eins og hún er mæld í vísitölu framfærslukostnaðar, hefur síðan í ársbyrjun 1960 orðið nokkru meiri en hún var t. d. á 5 næstu árum þar á undan, 1955—59, líka nokkru meiri, ef tekið er enn lengra tímabil, eins og hann gerði nú síðast, allar götur frá 1947. Í þessu sambandi þarf þó þess fyrst að gæta, að ef tekið er jafnlangt tímabil og hér er um að ræða, áratugur, að ég ekki tali um tveir eða þrír áratugir, þá er vísitalan mjög ósambærilegur mælikvarði á raunverulega verðlagsþróun á hinum einstöku árum eða tímabilum, árabilum innan slíks langs tíma. Vísitala framfærslukostnaðar, eins og hún hér hefur verið reiknuð út undanfarna áratugi, er í raun og veru gerólíkur mælikvarði á raunverulega verðlagsþróun á þeim tímaskeiðum, þar sem er beitt höftum í viðskiptum, þar sem er halli á utanríkisviðskiptum og þar sem beitt er mjög ströngu verðlagseftirliti, — á slíku tímabili er verðlagsvísitala mjög ósambærilegur mælikvarði á raunverulega verðlagsþróun, borið saman við tímabil, þar sem verðlagsmyndun er mun frjálsari, höft í viðskiptum hafa verið afnumin og greiðsluafgangur er á utanríkisviðskiptum. Þess vegna er þróun vísitölunnar síðan 1960 í raun og veru algerlega ósambærileg við þróun vísitölunnar næstu 5 árin þar á undan, fyrst og fremst vegna þess, að síðan í ársbyrjun 1960 hafa viðskiptin smám saman verið að verða frjálsari og verðlagsmyndun öll frjálsari og eðlilegri en hún var á næsta 5 ára tímabili á undan, sem einkenndist af mjög ströngum höftum á öllum sviðum og hallabúskap gagnvart útlöndum.

En sleppum þessu, þetta er í raun og veru ekki aðalatriði málsins. Það, sem er aðalatriði málsins í sambandi við þessa meginröksemdafærslu hv. 1. þm. Austf., er það, að þróun verðlagsins ein sannar bókstaflega ekkert um það, hvort stefnan í peningamálum hafi verið rétt eða röng í sjálfu sér. Þróun verðlagsins er fyrst og fremst komin undir því, hver hefur orðið þróun framleiðslukostnaðar á sama tíma. Verðlagið í landinu er fyrst og fremst spegilmynd af framleiðslukostnaðinum á sama tíma, og framleiðslukostnaðurinn er fyrst og fremst háður kaupgjaldinu á sama tíma og breytingum á því. Af samanburði á þróun verðlags á tveimur ólíkum tímabilum er í raun og veru enga ályktun hægt að draga aðra í stórum dráttum en þá, að á þessum tveim tímabilum hafi þróun framleiðslukostnaðar, og þó aðallega þróun kaupgjalds, verið með ólíkum hætti. Og það er einmitt það, sem átt hefur sér stað, ef tekið er tímabilið síðan 1960 annars vegar og hvaða fimm ára tímabil síðan í striðslok til samanburðar hins vegar. Hins vegar er það rétt hjá hv. 1. þm. Austf. og skal fúslega játað, að núverandi ríkisstj. hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, þeirrar verðbólgu, sem verið hefur eitt höfuðmein íslenzks efnahagslífs allar götur síðan á striðsárunum síðustu. En þróun verðlagsvísitölunnar er enginn mælikvarði á það, hvort verðþenslan hafi verið meiri eða minni, því að áhrif verðþenslunnar og þó alveg sérstaklega þeirrar verðþenslu, sem kann að eiga sér stað fyrir tilstuðlan bankakerfisins, geta komið fram með tvennum hætti, annars vegar í verðhækkunum innanlands og hins vegar í halla gagnvart útlöndum. Ef um er að ræða verðþenslu í þjóðfélagi, sérstaklega í þjóðfélagi eins og okkar, sem hefur mjög mikil utanríkisviðskipti, þá geta áhrif verðþenslunnar komið fram á tvennan hátt, þ. e. a. s. með verðhækkunum innanlands og með halla gagnvart útlöndum — á annan hvorn þessara tveggja vega eða á báðum þessum sviðum.

Svo að ég taki tímabil síðustu fimm ára, áður en núverandi ríkisstj. kom til valda, þá var hér því miður mikil verðþensla, og hún kom fram á báðum þessum sviðum, bæði í verðlagshækkunum innanlands og í mjög miklum greiðsluhalla gagnvart útlöndum. Verðlagsvísitala mun hafa hækkað á þessu fimm ára tímabili u. þ. b. 8% að meðaltali á ári, sem er að vísu nokkru minna en verðlagsvísitalan hefur hækkað um síðan í ársbyrjun 1960. En munurinn á áhrifum verðþenslunnar

kemur ekki fyrst og fremst fram í því, að verðlagshækkunin hafi verið nokkru minni árin 1955—59 heldur en 1960—63 eða 1964, heldur fyrst og fremst fram í hinu, að á fyrra tímabilinu var hér mjög verulegur greiðsluhalli gagnvart útlöndum, um 800 millj. kr. á tímabilinu, miðað við núverandi gengi, en á þeim tíma, sem liðinn er, síðan núverandi ríkisstj. kom til valda, hefur verið greiðsluafgangur, sem nemur um 1400 millj. kr. Í þessu kemur fyrst og fremst fram munurinn á þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið. Það hefur ekki tekizt að koma í veg fyrir verðbólguáhrif innanlands, þau hafa komið fram í hækkandi verðlagi innanlands, því miður, en það hefur tekizt að eyða hallanum gagnvart útlöndum og breyta mjög verulegum árlegum greiðsluhalla í utanríkisviðskiptunum í heildargreiðsluafgang á þessu tímabili, ef það er tekið sem heild.

Ef menn vilja mynda sér skynsamlega skoðun á því, hvort heildarstefna í peningamálum hafi borið jákvæðan eða neikvæðan árangur eða ekki, þá er ekki nóg, eins og hv. 1. þm. Austf. gerði í ræðu sinni hér áðan, að vitna einvörðungu til verðlagsbreytinganna innanlands og allra sízt eins og þær eru mældar í vísitölu framfærslukostnaðar. Það, sem verður að gera, er einnig að taka tillit til þeirra áhrifa, sem komið hafa fram í greiðsluviðskiptunum gagnvart útlöndum, sem eru hinn ventillinn, sem verðþensluáhrif innanlands geta leitað út um, og það er á því sviði, sem stefna núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum hefur borið mjög jákvæðan árangur, þó að það hvarfli ekki að mér að bera á móti því, að í baráttunni við verðlagsþróunina innanlands hefur ríkisstj. því miður ekki tekizt að ná þeim árangri, sem hún gjarnan hefði viljað. Þetta veit ég að hv. 1. þm. Austf. er í raun og veru ljóst eða hlýtur að vera ljóst. Hitt er svo annað mál, að hann hefur fullan rétt til að hafa þá skoðun, að það eigi ekki að leggja jafnmikla áherzlu á það að hafa greiðsluafgang í viðskiptum þjóðarinnar út á við og núverandi ríkisstj. hefur gert. Það hefur komið fram í ræðu hv. þm. áður, að hann telji, að ríkisstj. hafi lagt of mikla áherzlu á að bæta stöðu þjóðarbúskaparins gagnvart útlöndum, hún hafi lagt of mikla áherzlu á að safna gildum gjaldeyrisvarasjóði. Þessa skoðun er auðvitað hægt að hafa og ýmisleg rök hægt að færa fyrir henni. En það er skoðun núv. ríkisstj., og hún er ekki aðeins byggð á fyrri reynslu okkar Íslendinga af langvarandi hallabúskap í utanríkisviðskiptum og langvarandi gjaldeyrisskorti, hún er einnig byggð á reynslu allra annarra þjóða, sem við svipað hagkerfi búa, að fátt er þjóðarbúskap dýrara en að búa árum saman, ef ekki áratugum saman, við stöðugan gjaldeyrisskort. Það að þurfa að berjast gegn honum með langvarandi beitingu haftabúskapar á æ fleiri sviðum, það er dýrt. Það hefur reynzt okkur Íslendingum dýrt, og það hefur reynzt mörgum öðrum þjóðum, sem við svipað hagkerfi búa, einnig vera mjög dýrt. Þess vegna taldi ríkisstj. 1960 það eiga að vera eitt af sínum höfuðverkefnum, þegar hún tók við völdum, að eyða hallabúskapnum í utanríkisviðskiptunum og koma upp gildum gjaldeyrisvarasjóði, sem gæti gert kleift að afnema hin óheilbrigðu og dýru höft í utanríkisviðskiptunum, bæði til að beina framleiðsluöflunum innanlands inn á réttari brautir og til að gefa neytendum kost á frjálsara og fjölbreyttara vali, sem raunverulega mundi leiða til lækkandi framfærslukostnaðar, hvað svo sem gömul vísitala framfærslukostnaðar kynni að segja um þau efni. Þessu markmiði hefur ríkisstj. tekizt að ná. Það skulu verða síðustu orð mín í þessum umræðum, að það er bjargföst skoðun mín, að þessu markmiði hefði ríkisstj. ekki náð, nema því aðeins að hún hefði notið í þessu efni fulltingis stjórnar Seðlabankans, nema því aðeins að stjórn Seðlabankans hefði framfylgt þeirri stefnu í peningamálum, sem hún raunverulega hefur framfylgt síðan 1960 og m. a. hefur verið fólgin í því að beita ákvæðum í gömlum seðlabankalögum, sem nú er gert ráð fyrir að gera nokkru fyllri og nokkru viðtækari en átt hefur sér stað undanfarið. Það hefur ekki tekizt að eyða hallanum í utanríkisviðskiptunum og eignast um 1400 millj. gjaldeyrisvarasjóð, nema með því að beita heimildunum frá 1957 í því skyni að tryggja Seðlabankanum nokkurn yfirráðarétt yfir hluta af sparifjáraukningunni, sem hefur myndazt í efnahagslífinu á þessu 4 ára tímabili.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að lengja þessar umræður að neinu ráði og skal ekki fara að endurtaka það, sem ég hef sagt við fyrri umr. þess hér á hv. Alþ. En ég neita því þó ekki, að mér finnst enn talsvert skorta á, að þær upplýsingar um ýmis atriði frv. hafi komið fram, sem þurft hefðu að koma fram, og það um sum atriði a. m. k., sem skipta meginmáli um það, hvaða afleiðingar frv. hefur, ef það verður að l., fyrir banka- og peningamálin í landinu í heild, eins og t. d. þau atriði, hvernig bindiskyldunni verður hagað, hversu fljótt hámarki frv. eigi að ná, hvaða kjör verði á bréfum þeim, sem Seðlabankanum skal einum allra heimilt að gefa út með gengistryggingu, og raunar sitthvað fleira, sem ég mun ekki endurtaka. En í sambandi við svarið við einni af þeim fsp., sem ég leyfði mér að bera fram til hæstv. ríkisstj., þ. e. spurningunni um það, hvað afurðalánin mundu hækka mikið samkv. hinni ráðgerðu breytingu, var þekking mín á bankamálum talsvert dregin í efa. Ég skal ekki hefja deilur á hv. Alþ. um svo fánýtt atriði, sérstaklega ekki í sambandi við það stóra mál, sem hér er til umr., og ég skal fúslega viðurkenna, að þessi þekking mín má ekki minni vera, en þó verð ég að halda því fram, að umrætt atriði beri ekki vott um vanþekkingu í þessu efni.

Hér var sagt, að vitanlega væri ekki hægt

að segja neitt um það fyrir fram, hversu mikil hækkun mundi fást á afurðalánum með þessu móti, vegna þess að hér væri um að ræða hagstjórnartæki, til margra hluta nauðsynlegt hagstjórnartæki, m. a. og ekki síst til að halda verðbólgunni í skefjum, og að það sýndi yfirburði hv. Sjálfstfl. umfram núverandi stjórnarandstöðu, að 1957, þegar bindingarákvæðin voru fyrst lögleidd, hafi stjórnarandstaðan alls ekki spurt um þetta. Hún hafi sýnt svo mikinn þroska, að henni hafi ekki dottið í hug að bera fram spurningu um þetta atriði. En ég vil halda því fram, að hér gegni allt öðru máli en var 1957. Nú er það nefnilega sagt berum orðum í frv. og athugasemdunum, að megintilgangur innstæðubindingarinnar skuli vera að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla. Athugasemdirnar leggja ríka áherzlu á þetta, og ræður hæstv. viðskmrh. hafa mjög snúizt um útlistun á því, hversu nauðsynlegt væri að afla aukins fjármagns í þessu skyni. Engu slíku var til að dreifa 1957, engin ákvæði eru um það í þeim l., hvað ráðgert hafi verið að gera við þá peninga, sem inn í Seðlabankann kæmu samkv. þessum ákvæðum, enda var heimildin aldrei notuð í stjórnartíð þeirra, sem þau l. settu.

Þegar nú aftur á móti er svona ákveðið tekið til orða um það, að fjármagnið skuli nota í þessu ákveðna skyni, og nauðsyn aukinna afurðalána er rækilega undirstrikuð og dylst raunar engum, þá hlýtur það að eiga fullan rétt á sér við afgreiðslu málsins hér að fara fram á vitneskju um það, hvað mikið á að auka umrædda aðstoð til atvinnuveganna, og meðan upplýsingar um þetta liggja ekki fyrir, vita hv. alþm. ekki, hvaða breytingar muni leiða af lagasetningunni, og vantar þar með traustar forsendur fyrir því að samþykkja frv. Það, sem við vitum, er það, að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir verða minna megnugir að greiða fyrir atvinnuvegunum en þeir eru þó í dag. Það, sem við vitum ekki, er það, hvað mikla aðstoð atvinnuvegirnir megi treysta á í gegnum þessi ákvæði. Þess vegna liggur þetta ekki nægilega ljóst fyrir. Þetta vildi ég segja í tilefni af því, sem fram hefur komið hér við umræðurnar, en ég mun ekki að öðru leyti lengja málflutning minn frekar en orðið er.

Það, sem gerði, að ég bað hér um orðið, var það, að mig langaði til að fylgja úr hlaði með örfáum orðum brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram nú við 3. umr. málsins ásamt samnefndarmanni mínum í hv. fjhn., hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssyni. Till. er við 1. gr. frv. og er um það, að við 2. efnismálsgr. bætist eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við útreikninga á þeim upphæðum, sem skylt er að afhenda Seðlabankanum inn á bundinn reikning, skal þó aðeins reikna hundraðshluta af þeim innstæðum, sem eru umfram 15 millj. kr. hjá hverri innlánsstofnun.“

Þessi viðauki skýrir sig raunar sjálfur, og ég skal ekki hafa langa framsögu um hann, þess gerist ekki þörf. Efni till. er, eins og fram kom, að draga 15 millj. kr. frá þeim höfuðstól, sem lagður er til grundvallar við útreikning bindiskyldunnar, og till. er flutt í þeim tilgangi að draga örlítið úr þeim kvöðum, sem lagðar eru á bankana og aðrar innlánsstofnanir í landinu, í því skyni að auðvelda þeim, þótt í litlu sé, að rækja það hlutverk, sem þeim er ætlað samkv. l. og eðli málsins.

Ég hef áður bent á það hér við umræðurnar, að allir viðskiptabankarnir hafa sitt ákveðna verksvið. Það hlutverk, sem þeim hefur samkv. ákvörðun Alþ. verið falið, ber þeim að rækja. Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn eru höfuðbankar þjóðarinnar, þeirra aðalhlutverk er að standa undir lánveitingu til sjávarútvegs og landbúnaðar. Iðnaðarbankinn var stofnaður 1951 til þess að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu. Verzlunarbankinn var stofnaður fyrir nærri 4 árum, 1960, Samvinnubankinn fyrir aðeins 2 árum. Um þá báða gilda sérstök lög, þar sem verksvið þeirra er ákvarðað. Verkefni sparisjóðanna hefur ekki beinlínis verið ákveðið með l., en allir vita þó, að sparisjóðirnir hafa víðs vegar um landið verið gífurleg lyftistöng fyrir byggðarlögin og víðast hvar þeir einu aðilar, sem fólk víðs vegar um landið hefur getað leitað til um aðstoð við framkvæmdir sínar. Innlánsdeildir samvinnufélaganna eru, eins og ég hef áður leyft mér að benda á, ekki venjulegar lánastofnanir, þær stunda ekki útlánastarfsemi, heldur eru settar á stofn samkv. þeim tilgangi löggjafans að gefa samvinnumönnum kost á því að fá félagi sínu sparifé sitt sem rekstrarfé.

Þannig hafa allar þær stofnanir, sem bindiskyldan nær til, sitt ákveðna verksvið, og þjóðfélagið á mikið undir því, hvernig þeim tekst að rækja skyldur sínar. Þessi till. er örlítið spor í þá átt að auðvelda þeim baráttuna, en hún er þó fyrst og fremst kannske flutt í öðrum tilgangi. Hún er fyrst og fremst flutt til þess að draga úr og helzt að hætta þeim eltingarleik, sem nú á sér stað við örsmáar upphæðir á hverjum vogi og hverri vík í landinu. Þessi spardatíningur skiptir engu máli fyrir fjárhagskerfið eða peningastjórnina í landinu, en hann kemur illa við, það hefur margsýnt sig, hann kemur illa við þær stofnanir, sem hann snertir. Þess vegna ber að dómi okkar flm. að hætta honum.

Þessar litlu peningastofnanir eru flestar úti á landi, og það má kannske með nokkrum rétti segja, að þessi regla, sem hér er ráðgerð, mundi, þótt í litlu sé, vera skerfur til þeirrar baráttu, sem fram undan er, að auka það, sem kallað hefur verið jafnvægi í byggð landsins, en á því viðfangsefni virðist skilningur góðu heilli mjög fara vaxandi hér á hv. Alþingi. Ég sé því fyllstu ástæðu til að vænta þess, að þessi viðaukatill. okkar hv. 1. þm. Norðurl. v. fái góðar undirtektir hér á hv. Alþingi, og þar sem hún er svo auðskilin og einföld, eins og ég hef áður gert grein fyrir, mun ég ekki hafa þessa framsögu lengri.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. sögðu hér í dag í tilefni af ræðu minni. Ég hélt, að hæstv. ríkisstj. mundi senda einhvern út af örkinni til að sýna fram á, hvað hefði bilað í kerfinu, sem hún setti á fót, þar sem allt hefur gengið öfugt í þróun efnahagsmála við það, sem átti að vera. Ekki varð úr þessu, en þess í stað var hæstv. dómsmrh. fyrst sendur út af örkinni, og mér fannst erindi hans betur lýst með því að segja, að hann hefði verið hingað kominn til að berja höfðinu við steininn, og sannast að segja skil ég ekki almennilega, hvernig stóð í bæli hæstv. ráðh. í þeim fáu orðum, sem hann sagði.

Hann sagði fyrst, að í mínu máli hefði verið fullt af missögnum. Ég væri haldinn þeirri meinloku að skrökva bæði að sjálfum mér og öðrum, villa bæði um fyrir sjálfum mér og öðrum í þessum málum. Ég bjóst við því, að hæstv. ráðh. mundi eftir þennan inngang leitast við að finna þessum stóru orðum sínum einhvern stað og mundi þá sjálfsagt velja veikustu blettina í því, sem ég hafði haldið fram. En til þess að sýna missagnirnar í mínu máli ræddi hæstv. ráðh. aðeins þrjú atriði, og ég skal halda mig við það að minnast á þau. Þetta áttu að vera sýnishornin af þessum ranga málflutningi hjá mér.

Fyrst var það, að ég hafði sagt, að afurðalán Seðlabankans til sjávarútvegs hefðu verið dregin saman um 18—20%. Það var þetta, sem ég sagði. Þetta eru rekstrarlán, því að endurkaupaprósentan hefur verið lækkuð úr 67% niður í 55%, það er nú máske nær því að vera 18% lækkun en 20, ég sagði 18—20. Auðvitað gat hæstv. ráðh. ekki hrakið þetta, því að þetta er staðreynd, sem er fyrir allra augum. Það var ekkert annað en þetta, sem ég sagði um viðskipti Seðlabankans við sjávarútveginn. Ég gekk fast í að halda því fram, að þetta hefði verið mjög misráðið og orðið sjávarútveginum þungt í skauti, því að þessu hefði þar að auki fylgt mikil vaxtahækkun, mjög mikil vaxtahækkun. Ekki reyndi hæstv. ráðh. að hnekkja þessu, sem ekki var von, því að það er ekki hægt. En hann fór þess í stað að ræða um viðskipti útvegsmanna við viðskiptabankana, sem ég gerði ekki að umtalsefni.

Þá upplýsti hæstv. ráðh. það til viðbótar, sem ég hafði ekki farið út í, en hefði náttúrlega gjarnan mátt minna á í þessu sambandi, og það var, að áður en lánastefnunni var breytt, hefðu menn í útveginum oft fengið 90—100% út á afurðirnar, þegar bætt hefði verið við í viðskiptabönkunum það, sem lánað var gegnum Seðlabankann. Þetta sagði hæstv. ráðh., og má honum sjálfsagt vera um það kunnugt, því að hann var bankastjóri þangað til alveg nýlega. En síðan sagði hann og virtist vera státinn af, að nú væri ekki lánað meira en 70% út á afurðirnar í heild. M. ö. o.: samkv. upplýsingum hæstv. ráðh. hefur verið gengið mun lengra í því að þrengja kosti útgerðarinnar varðandi rekstrarlán en ég tók inn í mitt dæmi, því að ég hélt mig eingöngu við að ræða það, hvað Seðlabankinn hefði verið látinn gera áður og hvað hann væri látinn gera nú.

Annað atriðið var, að ég hélt því fram, sem líka er staðreynd, að afurðavíxlakaup vegna landbúnaðarins hafa verið stórlækkuð á vegum Seðlabankans, eða, eins og það er í dag, úr 67% niður í 55%, skulum við segja, þó að það muni nú vera tæplega það, sem endurkeypt er. Og rekstrarlánum, þ. e. a. s. fyrirframlánum út á afurðir, hefur verið haldið óbreyttum í krónutölu, enda þótt rekstrarvörur landbúnaðarins hafi hækkað á þessum árum sem nemur hundruðum millj. Þetta leyfði ég mér að benda á.

Hæstv. ráðh. gerði landbúnaðarrekstrarlánin að umræðuefni og sagði, að í því hefði ég farið með missagnir. Í hverju voru þær missagnir fólgnar? Það var þetta, sem ég sagði, sem ég var að endurtaka núna, og ekkert af því er vitanlega hugsanlegt að hrekja, því að þetta eru staðreyndir, enda reyndi hæstv. ráðh. það ekki, hann bara fullyrti, að hér hefði verið sýnd skökk mynd, og fór að ræða um önnur efni, þ. e. a. s. stofnlán til landbúnaðar, sem ekki eru rekstrarlánapólitíkinni neitt viðkomandi. En ef ætti að fara út í að ræða um stofnlán til landbúnaðarins, þá er það að segja, að þau hafa ekki verið aukin, utan það að nokkuð er lánað nú til dráttarvélakaupa, smálán, og nokkuð aukin veðdeildarlán til jarðakaupa, en auk þess er mér ekki kunnugt um, að stofnlán til landbúnaðar hafi verið aukin frá því, sem þau voru áður, tiltölulega miðað við kostnað, nema síður sé. En aftur á móti hefur vaxtakjörunum verið breytt þannig, að vextir af stofnlánum til landbúnaðarins hafa verið hækkaðir stórlega frá því, sem áður var, og þannig þrengt að líka á því sviði. En ég ræddi það ekkert í dag, vegna þess að ég hélt mig við rekstrarlánapólitík Seðlabankans, því að það er það, sem þetta frv. í raun og veru er talið fjalla um, a. m. k. af flm. að öðrum þræði. Síðan sagði ráðh. ýmis spakmæli, m. a. eitthvað á þá lund, sem ég held að ég hafi náð orðrétt, að það væri mesti misskilningur, að það væri aðalatriðið að hafa mikil rekstrarlán, það væri miklu meira atriði, að stofnlánin væru góð. Auðvitað er mikið atriði, að stofnlánin séu góð og nái langt, en það hefur ekki verið fyrirgreiðslunni fyrir að fara í þeim efnum, eins og ég hef þegar vikið að að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh. En það er undarlegt að heyra það af vörum bankastjóra og ráðh., að það sé mesti misskilningur, að það sé aðalatriði að hafa rífleg rekstrarlán, þegar sannleikurinn er sá, að það er óhugsandi, að atvinnurekstur okkar yfirleitt geti gengið, nema rekstrarlánin séu rífleg og mun ríflegri en þau hafa verið nú um sinn, eftir að farið var að draga þau saman. Þannig er t. d. ástatt nú með landbúnaðinn, að það er alveg óhugsandi, að eðlilegur landbúnaðarrekstur eða eðlileg landbúnaðarstarfsemi geti átt sér stað í vor, nema rekstrarlánin verði eitthvað aukin frá því, sem búið

var að koma þeim í. Það er alveg óhugsandi. Það er nú hvorki meira né minna atriði en þetta, hvernig hagað er rekstrarlánunum.

Loks sagði ráðh., að ég hefði talað um, að það ætti að taka upp aftur þá gömlu stefnu að verðtryggja sparifé. Ég sagði aldrei neitt í þá átt, ég talaði aldrei í því sambandi um neina gamla stefnu eða verðtryggt hefði verið sparifé, því að það hefur lítið verið gert að því að verðtryggja sparifé, — mjög lítið. Ég talaði alls ekki um það sem neina gamla stefnu. Ég talaði um það sem nýja stefnu, sem þyrfti að taka upp, og hygg ég, að hæstv. ráðh. hafi aðeins misheyrt í þessu dæmi. (**Gripið fram í:** Það er hægt að sjá það á eftir.) Já, það er hægt að sjá það á eftir. Það er alveg öruggt. Það hefur ekki verið framkvæmd hér sú stefna að verðtryggja sparifé, nema að sáralitlu leyti í sambandi við skyldusparnað og nokkuð í sambandi við útgáfu á einstöku flokkum ríkistryggðra bréfa, en það hefur verið mjög lítið að því gert. Mér hefur aldrei dottið í hug að flytja mál mitt á þá lund, að það ætti að hverfa aftur til þess, sem raunverulega aldrei hefur verið nema að sáralitlu leyti. Hitt vil ég af þessu tilefni frá hæstv. ráðh. benda á, að það er nú þannig komið og búið að hvekkja menn svo stórkostlega í sambandi við þessa síðustu óðaverðbólguþróun í landinu, að það er áreiðanlega orðin brýn nauðsyn að finna leiðir til þess að verðtryggja sparifé, og ekki sízt þar sem hlýtur að koma að því, að það þarf að lækka vextina. Það verður óhugsandi, að íslenzkt atvinnulíf geti risið til frambúðar undir þeim vöxtum, sem nú hafa verið um skeið, og við getum aðeins séð það t. d. á því, að vextir af lítilli íbúð yfir árið eru orðnir yfir 50 þús. kr. Og þegar þetta verður komið inn í kaupgjaldið ásamt öðru, sem þar þarf að vera, til þess að unga fólkið geti lifað, hvernig á þá atvinnurekstrinn að rísa undir því kaupgjaldi? Það er þess vegna alveg víst, þó að menn reyni enn að berja höfðinu við steininn, einhver missiri, og halda þessu áfram, þá er það ekki hægt til lengdar. Það verður að ráðast á vextina og lækka þá, og það verður að finna leiðir til þess. Til þess að það hafi ekki óheppileg áhrif á sparifjármyndun í landinu, verður vafalítið meira og meira farið inn á þá braut, að í staðinn fyrir vaxtalækkun og til að bæta hana upp komi meiri verðtrygging á sparifé en áður hefur verið.

Þá sagði hæstv. ráðh. eitthvað á þá lund, að það væri bara þjóðsaga þetta, að lánveitingar hefðu verið dregnar saman, og það sýndi sig á því, að heildarlánveitingar bankanna hefðu aukizt um 56% á þessu tímabili og 60%, ef sparisjóðir og öll bankaútlán væru tekin með, og bar það síðan saman við vísitölu, og man ég ekki, hvaða tölu hann tilgreindi í því sambandi. Í þessu sambandi ber einfaldlega að hafa þá staðreynd í huga, að vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað hvorki meira né minna en um 83 stig, frá því að núv. ríkisstj. hæstv. tók við völdum, þannig að það segir ekki mikið í þessu sambandi, þó að heildarfjárhæð útlánanna hafi hækkað verulega, enda hefur hún hækkað miklu minna en vísitala vöru og þjónustu. Og það sýnir þetta, sem allir vita, að það hefur átt sér stað í landinu verulegur lánasamdráttur, enda getum við séð, hvort svo muni ekki vera, þegar við athugum, að endurkaupareglunum hefur verið breytt þannig, að það hefur verið dregið úr þar raunverulega um 18—20%, að það hefur verið sett hámark á rekstrarlánin til landbúnaðarins þrátt fyrir óskaplega óðadýrtíð og aukinn rekstrarkostnað, og til viðbótar þessu hafa svo 800—900 millj. verið dregnar inn í Seðlabankann af sparifé landsmanna, sem áður var lánað út á vegum viðskiptabankanna, og ekki nema lítill hluti af því aftur farið í útlán. Það er alveg furðulegt, þegar þessar ráðstafanir hafa verið gerðar fyrir augunum á öllum landsmönnum, að þá skuli menn þurfa að vera að pexa um það við hæstv. ráðh., hvort það hafi raunverulega átt sér stað lánasamdráttur eða ekki. Og það sýnir svona hér um bil, á hvaða stigi þessar umr. eru af stjórnarinnar hendi. Hitt væri miklu nær, að játa staðreyndir, að þarna hefur verulegur samdráttur átt sér stað, en ræða það svo með rökum fram og aftur, hvort hann hafi verið lífsnauðsynlegur og hæfilegur og hvernig dæmið hafi komið út. En að neita því, að með þessari nýju pólitík hafi verið komið í framkvæmd verulegum lánasamdrætti frá því, sem var samkvæmt þeirri stefnu, sem áður ríkti, það er fjarstæða.

Það sýnir svo sem nokkuð þróunina í þessum málum, að á sama tíma sem hæstv. viðskmrh. telur það stjórninni til gildis, að útlán á afurðir sjávarútvegsins hafi hækkað um rúmar 100 millj. samtals úr seðlabankakerfinu frá því, sem þau voru áður, — á sama tíma, sem þetta er talið eftirtektarvert og mjög til hróss, hefur það fé, sem ríkisstj. sópar af skattborgurum í landinu, hækkað um meira en 2 milljarða. En rekstrarlán útgerðarinnar úr seðlabankakerfinu hafa hækkað um rúmar 100 millj. Og þetta er talið til að státa af. Skatta- og tollaálögur á landsmenn hafa aukizt á þriðja milljarð. Það er ekki alveg sama Jón og séra Jón, eins og þar stendur. Það er ekki alveg sama, hvort það eru framleiðsluatvinnuvegirnir, sem eiga í hlut, eða hin stóra hít hæstv. ríkisstjórnar.

Ég skal svo aðeins víkja örfáum orðum að því, sem hæstv. viðskmrh. tók fram. Hann vildi alls ekki neita því, að það hefði orðið stórkostleg verðhækkun. A. m. k. sagði hann, að verðlagshækkun nú upp á síðkastið hefði orðið nokkru meiri en áður. Þetta er hóflega tekið til orða, þegar þess er gætt, að dýrtíðarvöxturinn hefur orðið fjórfaldur, að hann hafi orðið nokkru meiri en áður. En þó er það í áttina að viðurkenna þetta með hógværu orðalagi. En hæstv. ráðh. sagði, að það væri fleira í þessu en ég hefði tekið fram, sem yrði að taka til greina. Fyrst væri það, að vísitalan væri ófullkominn mælikvarði, og mér skildist helzt, að hún hefði átt að sýna óeðlilega lítinn dýrtíðarvöxt áður, en sýndi betur nú sanna mynd af

verðlagshækkunum. Ég skal ekki fara langt út í að þræta um þetta við hæstv. ráðh., enda er þetta kannske ekki mjög stórt atriði, þegar þess er gætt, að hér er ekki verið að ræða um neinn litils háttar mismun, heldur er verið að ræða hér um það, að samkv. þessum mælikvarða, sem ég greindi frá og hefði eftir hagstofunni, hefur dýrtíðarvöxturinn orðið fjórfalt meiri en áður, eftir að farið var að nota hin nýju hagstjórnartæki hæstv. ráðh. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ég miðaði bara við vísitölu vöru og þjónustu, en tók t. d. ekki neitt tillit til húsnæðiskostnaðar eða húsaleigunnar í því sambandi. En ég er alveg sannfærður um, að ef húsaleigukostnaðurinn, eins og hann er núna orðinn, eða húsnæðiskostnaðurinn væri réttilega metinn inn í vísitöluna og bætt inn í þetta dæmi, mundi það koma í ljós, að dýrtíðarvöxturinn er ekki aðeins fjórfaldur á við það, sem áður var, heldur mun meira en fjórfaldur. Ég er alveg sannfærður um, að þannig mundi þetta verða, ef hin raunverulega húsaleiga og hinn raunverulegi kostnaður, eins og hann er nú orðinn í dag við húsnæðismálin, væri tekinn inn í dæmið, en þetta gerði ég ekki. (**Menntmrh.**: Hann reyndist ekki einu sinni fjórfaldur.) Ég man nú ekki nákvæmlega tölurnar, en ég held, að það geti ekki verið reikningsskekkja í þessu, því að þetta reiknuðu margir fróðir menn, hver eftir annan. Ég held því, að það geti varla verið, að það sé reikningsskekkja í því, en ef það er, þá er náttúrlega sjálfsagt að leiðrétta hana. Á fyrra tímabilinu reiknaðist okkur til, að hækkunin væri um 14 stig að meðaltali, en á síðara tímabilinu um 55 stig að meðaltali á ári. — Ég vil svo segja, að vísitölustig hafa verið talin gjaldgengir hlutir í umr. fram að þessu. Það væri þá einhver alveg ný stefnubreyting, ef ekki má bera þau saman frá ári til árs. Ekki er um að villast, að dýrtíðarvöxturinn er alveg gífurlegur og miklu meiri en nokkru sinni fyrr, og þessar afsakanir hæstv. ráðh. um mismun á vísitölunni eru mjög léttvægar í því sambandi.

En þegar hæstv. ráðh. hafði reynt að draga athyglina frá málinu á þessa lund, prófaði hann það, sem ég kalla neyðarútganginn. En neyðarútgangurinn hjá hæstv. ráðh. er sá, að hann sagði, að þróun verðlagsins ein sanni ekkert. Ekkert um hvað? Ekkert um verðlagsþróunina! M. ö. o., að þróun verðlagsins ein sanni ekkert um verðlagsþróunina. Síðan bætti hæstv. ráðh. við, að verðlagsþróunin væri bara mynd af framleiðslukostnaðinum og framleiðslukostnaðurinn væri bara mynd af kaupgjaldinu. Hér ætti ekki að vera að tala um neina verðlagsþróun, heldur væri það kaupgjaldið, sem hefði hækkað, og það væri undirrótin að allri þessari meinsemd, sem nú er við að fást.

Það er það, sem ég kalla neyðarútganginn hjá hæstv. ráðh. og hæstv. stjórn, því að ætíð, þegar farið er að ræða um það, hversu illa hafi til tekizt varðandi hagstjórnina eða efnahagsmálastjórnina, hvað útkoman er ömurleg og hvernig til hefur tekizt um að búa að framleiðslunni, þá kemur alltaf að því sama: það er kaupgjaldið, það hafi hækkað of mikið og kaupgjaldið sé undirrótin að þessum erfiðleikum. Við höfum farið rétt að öllu, segja þeir. Stjórnarherrunum hefur ekki fatazt í neinu. Það er aðeins kaupgjaldið, sem hefur hækkað allt of mikið. — En auðvitað er þetta alveg botnlaus endaleysa, sem hér er verið að draga fram af hendi hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh., og það er hægt að sanna það ákaflega einfaldlega, og það bara með því, að verðlagshækkunin hefur á þessum árum ætíð verið langt á undan kaupgjaldshækkununum. T. d. í júlímánuði 1962 er verðlagshækkunin þannig orðin, að vísitala vöru og þjónustu er komin upp í 135 stig úr 100 stigum, en þá er kauphækkunin ekki orðin nema 11—12%. Og jafnvel þó að hæstv. ráðh. vildi segja, að kauphækkunin hefði raunverulega verið orðin eitthvað meiri, því að það er dálitið deilt um, hvað hún raunverulega var, af því að þá voru aukaliðir einhverjir í þessu, og við skulum segja, að hún hafi verið orðin jafnvel 15 eða 16%, þá sýnir sig samt, að verðlagshækkunin er langt á undan kaupgjaldshækkuninni. Alveg sama kemur fram, ef borið er saman í júní 1961. Þá er vísitala vöru og þjónustu komin upp í 118 stig, en þá er kaupið ekki hækkað um 18%, heldur um 11%, og jafnvel þó að útreikningar hæstv. ráðh. væru viðhafðir á því, a. m. k. aldrei meira en um 15%. Þetta eru sannanir fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hefur algerlega rangt fyrir sér í þessu.

Ríkisstj. hefur nefnilega allan tímann séð um það gaumgæfilega, enda hefur það verið partur af hennar stefnu, að verðlagið hækkaði meira en kaupgjaldið. En þegar þessi stefna og hinar nýju hagstjórnaraðferðir hafa leitt til óðaverðbólgu og voveiflegra tíðinda í efnahagsmálum landsins, þá kemur hæstv. ráðh. og segir: Þróun verðlagsins ein sannar ekkert, — hún sé bara mynd af framleiðslukostnaðinum og hann sé mynd af kaupgjaldinu. — En væri þetta rétt hjá hæstv. ráðh., þá væri verðlagsþróunin alls ekkert lík því, sem hún er nú, Hér er því öllu gersamlega snúið við.

Með þessum aðferðum ríkisstj. hefur síðan svo tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Það þekkjum við. Og skal ég ekki endurtaka í því sambandi neitt af því, sem ég sagði í dag. En ekkert af því, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta, telst viðhlítandi til að svara því, sem ég sýndi þá fram á.

Loks sagði svo hæstv. ráðh., að það hefði þó a. m. k. tekizt að sjá málefnum landsins vel borgið út á við. Minntist hann á höfuðniðurstöðurnar, sem hann sagði að hefðu orðið í búskapnum út á við. Hann sagði eitthvað á þá lund, að 800 milljón kr. greiðsluhalli hefði snúizt í 1400 millj. kr. greiðsluafgang. Minna mátti það ekki vera. Ég er sannast að segja alveg steinhissa á hæstv. ráðh. að nota þessar tölur á þessa lund, því að þegar hann gerir þetta, þá er ekki hugsanlegt annað en hann noti þá aðferð að telja erlendar lántökur til

langs tíma á fyrra tímabilinu með greiðsluhallanum, en nýjar erlendar lántökur á síðara tímabilinu alls ekki með greiðsluhallanum. Það er óhugsandi að fá þessa niðurstöðu öðruvísi, það er ekki nokkur einasta leið.

Ég hef hér fyrir framan mig niðurstöður frá síðara tímabilinu, þ. e. a. s. frá árslokum 1958 til ársloka 1962, og skal taka það fram, að ég hef ekki uppgjör, sem er miðað við árslok 1963, því að það hefur ekki verið hægt að fá það enn. Samkv. þessu uppgjöri, sem hefur verið tekið saman fyrir mig af færustu mönnum og miðað allt við hreinlega opinberar heimildir, verður niðurstaðan þessi: Skuldir út á við að frádregnum gjaldeyrisinnstæðum eru aðeins tæpar 2000 millj. í árslok 1962. M. ö. o.: dæmið gengur nálega alveg upp fyrir tímabilið frá 1958 til 1962, þannig að skuldasöfnun sú, sem orðið hefur, þ. e. a. s. löng lán og vöruskuldir, er aðeins hærri fjárhæð en þessi margumtalaði gjaldeyrissjóður eða þessi margumtalaða innstæðuaukning, sem orðið hefur. Um þetta er vitanlega alls ekki hægt að deila. Þannig er niðurstaðan í árslok 1962. M. ö. o.: afkoma landsins út á við í árslok 1962 er nálega eins og 1958, sett upp á þennan hátt, sem er sá eini rétti háttur.

Nú kann að vera, að hæstv. ráðh. taki þarna önnur ár en ég tek í þessu sambandi. Það má vera, að hann miði ekki við árslok 1958 annars vegar og árslok 1962 hins vegar, en miði maður við þetta tímabil, þá er útkoman á þessa lund, að gjaldeyrisvarasjóðurinn eða aukningin á innstæðunum gerir ekki betur en að svara til þess, sem bætzt hefur við föstu lánin og lausu skuldirnar.

Þetta tel ég ekki glæsilega útkomu, þegar þess er sérstaklega gætt, eins og ég sagði í dag, hversu sáralítið af stórum fyrirtækjum hefur komið upp á þessu tímabili og að miðað hefur aftur á bak í húsnæðismálum og í fleiri efnum.

Ég skal svo ekki lengja þessar umræður, því að ég ætlaði mér nú aðeins að binda mig við þau atriði, sem hæstv. ráðherrar höfðu gert að umtalsefni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 497 felld með 20:16 atkv.

Frv. samþ. með 21:16 atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felast till. um tvær breytingar á gildandi l. um Seðlabanka Íslands. Fyrri breytingin er fólgin í því, að frv. gerir ráð fyrir, að nokkuð sé rýmkað um þá heimild, sem Seðlabankinn hefur í gildandi lögum til þess að kveða svo á, að nokkur hluti aukningar innstæðufjár í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum skuli geymdur á reikningi í Seðlabanka Íslands. Hin breytingin er fólgin í því, að gert er ráð fyrir, að Seðlabankinn fái heimild til þess að gefa út verðbréf eða aðrar skuldbindingar, sem séu bundnar gengi erlends gjaldeyris. Ég skal fara nokkrum orðum um hvora þessara breytinga um sig.

Í seðlabankal. frá 1957 var í fyrsta skipti lögtekin hér á Íslandi heimild fyrir Seðlabankann til að kveða svo á, að nokkur hluti aukningar innstæðufjár í viðskiptabankakerfinu skyldi geymdur í Seðlabanka Íslands. Þessi heimild var þó ekki notuð fyrr en á árinu 1960, þá var henni beitt í fyrsta skipti, og tel ég engan vafa geta leikið á því, að sá hluti aukningar sparifjárins, sem í landinu varð — og sú aukning var mikil — og látinn var renna til Seðlabanka Íslands til varðveizlu þar, átti mjög verulegan þátt í því, að Seðlabankanum hefur tekizt á þeim árum, sem síðan eru liðin, að eignast mjög gildan gjaldeyrisvarasjóð, sem nemur nú um 1400 millj. kr. Ef heimildinni í l. frá 1957 hefði ekki verið beitt síðan 1960, tel ég mega fullyrða, að sá mikilvægi árangur hefði ekki náðst í peninga- og gjaldeyrismálum Íslendinga, að við höfum nú eignazt mjög verulegan gjaldeyrisvarasjóð, sem hefur reynzt mikill stuðningur við þá stefnu ríkisstj. að auka frjálsræði í utanríkisviðskiptum og þá sérstaklega í innflutningsverzluninni. Nú er hins vegar svo komið, að því hámarki, sem gert er ráð fyrir í gildandi seðlabankalögum að innlánsbinding í Seðlabankanum megi nema, er bráðlega náð, að því er sumar innlánsstofnanir varðar. En gildandi seðlabankalög gera ráð fyrir því, að viðskiptabönkum skuli aldrei geta verið skylt að eiga meiri inneignir í Seðlabankanum á bundnum reikningum en sem nemur 15% af sparifjárinnstæðum og 20% af innstæðum, sem ávísa má á með tékka. Ef þessar heimildir eru ekki rýmkaðar, eins og hér er gert ráð fyrir, að innstæðubinding megi nema allt að 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun, gæti svo farið, að því er sumar stofnanir varðar, að Seðlabankanum yrði ekki kleift að kveða svo á, að nokkur hluti innstæðuaukningarinnar skuli renna á reikning í Seðlabankanum, en regla sú, sem gilti um þetta á s. l. ári, árinu 1963, var sú, að Seðlabankinn ákvað, að 25% af innstæðuaukningunni skyldu renna til Seðlabankans á reikning þar. En auk þessa gerði ríkisstj. samkomulag við viðskiptabanka um það, að 15% til viðbótar af sparifjáraukningu skyldu renna til kaupa á skuldabréfum ríkissjóðs, en andvirðið var notað til að standa undir fjárfestingarframkvæmdum á s. l. ári.

Segja má, að nú sé ekki lengur a. m. k. jafnbrýn þörf á því, að nokkur hluti sparifjáraukningar renni til Seðlabankans, eins og áður var, vegna áframhaldandi aukningar gjaldeyris-

varasjóðsins, þar eð hann er nú orðinn svo gildur, að þó að aukning hans þurfi að halda áfram að eiga sér stað, þarf það ekki að gerast í jafnríkum mæli og nauðsynlegt hefur verið undanfarin ár. En hér er þó þess að geta, að hlutur Seðlabankans er ekki aðeins að eiga og stjórna gjaldeyrisvarasjóði þjóðarinnar og ráðstafa seðlaveltunni, heldur hefur Seðlabankinn hér einnig það hlutverk, sem raunar seðlabankar í öðrum nágrannalöndum hafa ekki, að sjá undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði, fyrir verulegu rekstrarfé og gera það í því formi að endurkaupa afurðavíxla af viðskiptabönkum. Af hálfu þriðja höfuðatvinnuvegar landsmanna, iðnaðarins, hafa verið uppi mjög eindregnar óskir um það, að hliðstæðar reglur yrðu upp teknar varðandi afurðavíxla iðnaðarins og nú gilda varðandi afurðavíxla sjávarútvegs og landbúnaðar. Það hefur undanfarið verið til athugunar að verða við þessum óskum, auk þess sem eindregnar óskir hafa verið uppi um það af hálfu fulltrúa sjávarútvegs og landbúnaðar, að Seðlabankinn auki endurkaup afurðavíxlanna, en nú endurkaupir Seðlabankinn sem svarar 55% af skilaverði útflutningsafurða landbúnaðar og sjávarútvegs, auk þess sem hann veitir verulegar upphæðir til svonefndra fyrirframlána í þágu landbúnaðarins. Það er augljóst mál, að Seðlabankinn getur ekki tekizt það verkefni á hendur að hefja endurkaup á afurðavíxlum iðnaðarins og hann getur ekki tekið til athugunar að auka endurkaup sín á víxlum sjávarútvegs og landbúnaðar, *nema því aðeins að hann fái til* þess aukið ráðstöfunarfé, og það aukna ráðstöfunarfé getur hvergi annars staðar komið að en frá aukningu sparifjármyndunarinnar í landinu. Þess vegna telur ríkisstj. það vera æskilegustu stefnuna, að Seðlabankinn fái áfram hlutdeild í sparifjáraukningunni og jafnvel fái nokkuð aukna hlutdeild í sparifjáraukningunni, ef hann á að geta tekizt á hendur aukinn stuðning við landbúnað, sjávarútveg og iðnað. Það er grundvallarhugsunin, sem að baki þessu frv. felst.

Auðvitað mætti hugsa sér, að hlutdeild Seðlabankans í sparifjáraukningunni héldist óbreytt eða jafnvel minnkaði, en beinlínis væri gert ráð fyrir því, að viðskiptabankarnir ykju verulega stuðning sinn við sjávarútveg, landbúnað og iðnað frá því, sem verið hefur, þ. e. a. s. aukin útlán viðskiptabankakerfisins til þessara undirstöðuatvinnuvega kæmu í stað aukinna afurðakaupa Seðlabankans þeim til handa. Af ýmsum ástæðum, sem ég skal þó ekki rekja hér, telur ríkisstj. hitt þó heppilegra, að hér eftir sem hingað til renni viss hluti af árlegri sparifjáraukningu þjóðarinnar til sjávarútvegs, landbúnaðar og í framtíðinni einnig til iðnaðar um hendur Seðlabankans, þar eð meiri líkur séu á því, að þetta fé komi sjávarútvegi og landbúnaði og í framtíðinni einnig iðnaði að verulegu gagni með því móti heldur en ef hinum mörgu viðskiptabönkum, sem sumpart eru orðnir einkabankar, væri ætlað það hlutverk til viðbótar þeim stuðningi, sem þessir bankar veita nú þessum atvinnugreinum.

Þá er í frv., eins og ég gat um áðan, ákvæði um, að Seðlabankanum skuli vera heimilt að gefa út verðbréf hér innanlands með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris. Tilgangurinn væri þá sá, að Seðlabankanum verði gert kleift að gefa út og selja verðbréf með gengisákvæði, er hafi þann tvíþætta tilgang að auka sparnað og auka traust manna á gjaldmiðlinum. Ég vil í sambandi við þetta ákvæði undirstrika, að hér er eingöngu um heimildarákvæði að ræða, og mun þessi heimild að sjálfsögðu ekki verða notuð nema að mjög vandlega athuguðu máli, og Seðlabankinn mun að sjálfsögðu ekki nota slíka heimild nema í fullu samráði við ríkisstj., og Seðlabanki og ríkisstj. mundu þá líka að sjálfsögðu, áður en slík heimild yrði notuð, hafa rækilegt og ýtarlegt samband um málið við viðskiptabankana.

Frekari skýringar, herra forseti, held ég, að séu óþarfar á frv., og leyfi ég mér því að óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Löggjöfin um Seðlabanka Íslands, sú sem sett var árið 1961, er á ýmsan hátt gölluð að mínum dómi. Á henni þarf að gera ýmsar breytingar. Þær breytingar, sem gera þyrfti á þeirri löggjöf að mínum dómi, er þó ekki að finna í því frv., sem hér liggur fyrir til umr. að þessu sinni. Sannleikurinn er líka sá, að úr þeim ágöllum, sem eru á seðlabankalöggjöfinni, verður naumast bætt nema með heildarendurskoðun þeirrar löggjafar. Þá endurskoðun þyrfti að framkvæma sem fyrst, og þyrfti sú endurskoðun raunar einnig að ná til annarra bankalaga og sparisjóðslaga.

Þær breytingar, sem felast í þessu frv. á þskj. 91, sem hér er til umr., eru ekki til bóta að mínum dómi, heldur varhugaverðar og beinlínis hættulegar, ef á málum þessum er óskynsamlega haldið í framkvæmdinni. Ég er því algerlega andvígur þessu frv., og er sú afstaða í samræmi við þá afstöðu, sem ég hef átt kost á að taka til þessa máls á öðrum vettvangi, þ. e. a. s. þegar þessu frv. var lýst í bankaráði Seðlabankans á sínum tíma.

Eins og hér hefur verið rakið af hæstv. viðskmrh., felast í þessu frv. tvær meginbreytingar. Hin fyrri er sú, að heimildin til þess að binda á reikning í Seðlabankanum er rýmkuð þannig, að heimilt skuli að binda á reikningi Seðlabankans allt að 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri innlánsstofnun, í stað þess að nú er heimilt að binda á þennan hátt 15% af sparisjóðsinnstæðum og 20% af innstæðufé, sem ávísa má á með tékka. Þegar litið er til þeirrar breytingar, sem í þessu felst, og þeirrar hækkunar, verð ég að segja, að mér fannst dálítið vægilega tekið til orða hjá hæstv. viðskmrh., þegar hann var að lýsa þessari breytingu og hann lét þau orð falla, að nokkuð væri rýmkuð heimildin til bindingar, en

eins og ég kem betur að síðar er nú um talsvert meira að ræða þarna en að heimildin sé nokkuð rýmkuð.

Síðari breytingin er fólgin í því, að Seðlabankanum er heimilað að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að „höfuðstóll og/eða vextir", eins og það er orðað, sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Í sambandi við hækkun innlánsbindiskyldunnar er einnig kveðið á um það, hver vera skuli megintilgangur innlánsbindingarinnar. Í 2. mgr. 1. gr. frv. þessa segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Megintilgangur innlánsbindingar er að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla."

Í núgildandi seðlabankalögum er ekkert þvílíkt ákvæði. Hins vegar hefur innlánsbindingin eða bindiskyldan hingað til yfirleitt verið studd þeim rökum, að hún væri nauðsynleg til þess að standa undir gjaldeyrisvarasjóði landsins. Með því að telja hana nú nauðsynlega vegna endurkaupa afurðavíxla er farið inn á alveg nýja braut. En það er samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, ekki lengur megintilgangur innlánsbindingarinnar eða bindiskyldunnar að standa undir gjaldeyrisvarasjóðnum. Það er ekki minnzt á hann í þessu sambandi, heldur aðeins þetta, að megintilgangur innlánsbindingarinnar sé þessi, sem áðan var á drepið, að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands. Nú er það raunar svo, að í seðlabankalögunum er ekki beinlínis gert ráð fyrir, að Seðlabankinn hafi með höndum viðtæka lánastarfsemi innanlands umfram það, sem honum er ætlað að vera viðskiptabanki ríkissjóðs og banki bankanna, ef svo mætti segja. En ég held, að það sé nú yfirleitt ekki gert ráð fyrir því nema í mjög takmörkuðum mæli, að Seðlabankinn fáist við lánastarfsemi innanlands, og mun það nú reyndar ekki vera svo yfirleitt um þjóðbanka eða þá banka erlenda, sem segja má, að séu hliðstæðir Seðlabankanum.

Um þá aukningu bindiskyldunnar, sem fjallað er um í þessu frv., vil ég fyrst og fremst segja það, að ég álít, að svo gífurleg innlánsbindiskylda sem þar er um að ræða, 25% eða fjórði partur af öllu innlánsfé í bönkum og sparisjóðum, sé hrein fjarstæða. Og ég staðhæfi, og sú mun verða raunin á, að hún muni í mörgum tilfellum verða algerlega óframkvæmanleg gagnvart viðskiptabönkum og sparisjóðum, nema þá með því móti, að þeir komist samtímis í svo og svo mikla yfirdráttarskuld við Seðlabankann. Ég er í raun og veru hissa á því, að nokkrum þeim, sem nokkurt vit hefur á bankamálum, skuli detta í hug, að það sé hægt að taka fjórðung af því fé, sem er í viðskiptabönkunum, og festa það á bundnum reikningi. Ég held því fram, að það sé ekkert vit í því að ætla að taka þannig 1/4 af öllu innlánsfé viðskiptabankanna og binda það í Seðlabankanum. Það rýrir svo starfsmöguleika viðskiptabankanna, og það er alveg útilokað, að þeir geti gegnt sínu hlutverki áfram með eðlilegum hætti. Ég vil segja meira, að það sé alveg útilokað, að þeir geti sumir hverjir a. m. k. staðið skil á 25% eða fjórða hluta af því fé, sem lagt hefur verið inn í þá, hvort heldur er á sparisjóðsreikninga eða hlaupareikninga, því að það er vitaskuld svo með það fé, sem lagt hefur verið í þessar stofnanir, að það hefur festst í útlánum með ýmsum hætti og verður ekki gripið til þess í skyndingu a. m. k. til þess að leggja það inn á reikning í Seðlabankanum. En það er ekki hér um að ræða neina smávegis aukningu. Aukningin er gífurleg á sparisjóðsinnstæðum, úr 15% í 25%. En menn verða þá að gæta þess um leið, að sparifjárinnlögin eru meira en þrisvar sinnum meiri en veltiinnlánin, þannig að bundnu innstæðurnar mundu verða nú, ef farið væri í þetta hámark, sem þarna er um að tefla, á milli 1400 og 1500 millj. kr., í stað þess sem bundið fé mun nú vera í kringum eða rúmlega 750 millj. kr. Ég held nú satt að segja, eftir því sem ég veit bezt um þessi mál, að sumum viðskiptabönkum og sparisjóðum hafi gengið fulllilla að standa við þá innlánsbindingu og fullnægja þeirri bindiskyldu, sem verið hefur til þessa. Ég hygg, að þeir hafi átt erfitt með það sumir hverjir, nema þá að fá jafnframt á móti einhverja fyrirgreiðslu af Seðlabankans hálfu. En ef þeir þurfa að fá yfirdráttarlán til þess að fullnægja bindiskyldu sinni, þá eru það reyndar ekki hagstæð viðskipti fyrir þá, og verða þeir fyrir meira en litlu skakkafalli af því. En þegar menn íhuga það, hvernig þeim hefur gengið að fullnægja þeirri bindiskyldu, sem á þeim hefur hvílt til þessa og nú hvílir á þeim, þá geta þeir gert sér í hugarlund, hversu auðvelt þeim muni verða það, þegar bindiskyldan hækkar svo mikið, eða sú raunverulega binding, sem gæti komið til greina, hækkar allt að því um helming.

Ég hefði viljað spyrja hæstv. viðskmrh., ef hann hefði getað látið svo lítið að vera viðstaddur, þegar þetta fjöregg hans er rætt hér í d., hvort honum væri kunnugt um það, að nokkurs staðar í viðri veröld væru til ákvæði í lögum þess efnis, að viðskiptabönkum og yfirleitt öllum innlánsstofnunum og peningastofnunum væri skylt að festa 1/4 af fé sínu í seðlabanka. Mér þætti fróðleikur í því fólginn, ef hann gæti upplýst mig um það, að slík ákvæði væru einhvers staðar fyrir hendi eða hefðu verið fyrir hendi. Ég held, að með slíkri bindiskyldu sem þessari sé um hreint tilræði við viðskiptabankana og sparisjóðina að ræða. Og ég legg einmitt alveg sérstaka áherzlu á þetta, að það er að mínum dómi útilokað, að bankar geti fullnægt þessari bindiskyldu, og þegar af þeirri ástæðu álít ég alveg fráleitt að samþykkja frv. sem þetta.

Nú kemur hæstv. viðskmrh. og segir, að þarna sé aðeins um heimild að ræða, og gefur þar með í skyn, að það sé með öllu óvíst, að þessi heimild verði notuð. En það gefur auga leið, hvort það væri verið að fá slíka heimild í lögum og fara fram á slíka heimild í lögum,

sem ekki er sérstaklega vinsæl, því að þessi binding hefur ekki verið sérstaklega vinsæl, hvorki hjá bönkum, sparisjóðum né almenningi, — það gefur sem sagt auga leið, hvort það mundi vera farið fram á þá heimild, ef það væri ekki ætlunin að nota hana. Og ef ekki er ætlunin að nota hana, þá er ekki heldur nein ástæða til að vera að samþykkja hana. Það hlýtur þess vegna auðvitað að vera gengið út frá því, að þessi heimild verði notuð, enda byggist allur rökstuðningur, sem hafður er uppi fyrir þessu frv., á því, að heimildin verði notuð.

Það er svo augljóst mál, að það ætti varla um það að þurfa að deila, að með bindingu 1/4 af sparifjárinnlögum og hlaupareikningsinnstæðum verður viðskiptabönkum og sparisjóðum gert mjög erfitt fyrir. Og eins og ég hef áður sagt, þá er enginn vafi á því, að það gerir þeim erfitt fyrir um það að fullnægja sínu hlutverki og fullnægja þeim þörfum, sem þeir eiga að fullnægja sumir hverjir lögum samkvæmt, og þetta á ekki sízt við um þá banka, sem eru tiltölulega nýlega stofnsettir, en á þeim getur þetta bitnað einna harðast. Það er ekki nokkur vafi á því, að svo gífurleg bindiskylda sem hér er um að tefla getur orðið þeim mjög þung í skauti, og eins og ég þegar hef sagt, þá má alveg búast við því, að þeir geti ekki fullnægt henni og öðrum þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema þá með því að fá samtímis yfirdráttarlán í Seðlabankanum, sem þeir svo verða að borga háa vexti af. Og þegar dæmið lítur þannig út, þá verður manni spurn, hvað unnið sé við eða með slíkri ráðsmennsku. Það er alveg augljóst, að með þessum hætti verða bankar fyrir verulegu vaxtatapi, vegna þess að þeir vextir, sem eru greiddir af þessum bundnu innstæðum, eru ekki það háir, að þeir geti gert eða þeir geri bankana skaðlausa af þessum ráðstöfunum.

Þetta, sem ég hef hér sagt, þarf í rauninni ekki frekari rökstuðnings við. Það liggur eða ætti að liggja nokkuð í augum uppi, a. m. k. öllum þeim mönnum, sem nokkuð hafa komið nálægt bankastarfsemi og sparisjóðsstarfsemi. Til stuðnings þessari skoðun má þó vísa til þeirra umsagna, sem þegar hafa borizt um þetta ákvæði frv. Þær umsagnir liggja hér fyrir og lágu fyrir hv. Nd., þegar þar var fjallað um málið, en það eru umsagnir frá Iðnaðarbankanum og Verzlunarbankanum. Þar rekja einmitt þessir bankar það mjög skilmerkilega, hversu þungbær slík bindiskylda geti orðið þeim og fyrir hverjum skakkaföllum þeir geti orðið af þvílíkri ráðstöfun. Ég skal ekki fara hér að rekja þær umsagnir, þær liggja að sjálfsögðu fyrir þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og þá verða þær að sjálfsögðu teknar til athugunar, og býst ég við því, að það verði erfitt fyrir hv. nm. að loka augunum fyrir þeim rökum, sem fram eru borin í þeim umsögnum eða hrekja þær röksemdir, sem þar eru uppi hafðar.

Í sambandi við þetta, hversu þessi bindiskylda, ef framkvæmd verður, svo sem gera verður ráð fyrir, verður þungbær fyrir banka og sparisjóði, þá leyfi ég mér enn fremur að benda á, að það er gert ráð fyrir því, að 4. mgr. 11. gr. seðlabankalaganna falli niður, en sú málsgrein er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Valdi flutningur innstæðna vegna framkvæmdar 1. og 2. mgr. í upphafi erfiðleikum fyrir ákveðnar innlánsstofnanir, skal Seðlabankinn leitast við að leysa úr því, m. a. með því að yfirtaka samtímis af viðkomandi stofnun verðbréf eða aðrar eignir, sem hann metur gildar."

Ég fæ ekki betur séð en það sé algerlega ótvírætt, að það er ætlazt til þess og gert ráð fyrir því, að þessi mgr. falli niður, þannig að þeirrar linkindar, sem felst í þessari mgr., mega innlánsstofnanirnar ekki framvegis vænta. Í frv. er gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir þessa mgr. komi ný mgr., sem verður 5. mgr. í þessari gr., þar sem stendur aðeins:

„Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkv. 3. og 4. mgr., en bindiskyldan skal vera sú sama fyrir allar stofnanir."

Ef þessi skilningur minn er ekki réttur, sem ég tel raunar engan vafa geta leikið á, þá hefði verið æskilegt, að hæstv. viðskmrh. hefði verið hér viðstaddur og upplýst það, hvort þessi skilningur er rangur eða ekki. Ég vil líka í þessu sambandi vekja alveg sérstaka athygli á þessum niðurlagsorðum í þessari mgr., sem ég vitnaði í, sem sé þeim orðum: „en bindiskyldan skal vera sú sama fyrir allar stofnanir". Þessi orð eiga sér þó nokkra sögu, sem þó skal hér ekki rakin. En þó má segja það, að það hefur verið fengið álit hinna færustu lögfræðinga um það, að núgildandi seðlabankalög væri leyfilegt að skilja á þann veg, að bindiskyldunni mætti undanskilja mjög smáar innlánsstofnanir, sparisjóði, sem hefðu mjög lítið fé, en það eru til sparisjóðir, sem hafa yfir sáralitlu fé að ráða, og það mun a. m. k. um skeið hafa verið ætlun ráðamanna þessara mála að gera hér nokkurn greinarmun og vera ekki að ganga eftir því hjá örsmáum lánastofnunum, að bindiskyldunni verði fullnægt, vegna þess að innlánsbinding hjá þeim stofnunum getur auðvitað enga þýðingu haft varðandi stjórn peningamálanna, en hins vegar nokkur umsvif og óþægindi að vera að eltast þannig við mjög smáar stofnanir, t. d. sparisjóð, sem er fyrir einn hrepp og hefur sáralítið fé til umráða o. s. frv. En hæstv. ríkisstj. mun hafa verið á öðru máli í þessum efnum og mun ekki hafa viljað fallast á, að það væri gerður þvílíkur greinarmunur, að hinum smæstu peningastofnunum væri sleppt í þessu sambandi. Og nú á með þessum orðum, sem ég vitnaði til áðan, að setja alveg undir þann leka, að nokkrum fari að detta í hug að undanskilja hinar smáu peningastofnanir. Það á að vera alveg skýrt eftir þessum lögum, að hversu smá sem peningastofnun er, sparisjóðurinn eða innlánsdeildin, þá á hún að leggja til sinn fjórða part af því litla fé, sem hún hefur til ráðstöfunar. Af því litla fé, sem í hana

hefur verið lagt, á hún að skila 1/4 í Seðlabankann.

Nú sé ég, að hæstv. viðskmrh. er kominn, ég veit ekki, hvort ég á að fara að lesa þetta upp allt aftur, sem ég er búinn að fara yfir. Ég hef náttúrlega nægan tíma til þess, en ég vil ekki vera að þreyta hina ágætu dm. á því. En ég vil þó aðeins geta þess, að ég hef hér á undan rætt um þann þátt í þessu máli, að ég vil halda því fram, að þessi bindiskylda, sem þarna er um að ræða, sé alls ekki framkvæmanleg, vegna þess að bankar, viðskiptabankar og sparisjóðir, muni alls ekki geta staðið í skilum við Seðlabankann, þannig að þeir geti skilað 1/4 af sínu innlánsfé, og í því sambandi benti ég á, að sparisjóðsinnstæður eru meira en þrisvar sinnum hærri en veltiinnlánin, þannig að ef ætti að fullnægja þessu ákvæði eftir bókstafnum, þá mundi það þýða, að það yrðu að vera bundnar nú milli 1400 og 1500 millj. kr., þar sem innlánsbindingin nú í raun er þó ekki nema 750—800 millj. kr.

Ég mundi vilja fá upplýsingar frá hæstv. viðskmrh. um það, hvernig hann hugsar sér, að hægt verði að framkvæma slíka bindiskyldu. En auðvitað hlýtur að vera meiningin að framkvæma hana. Það kemur ekki til mála, að það sé verið að samþykkja slíkt ákvæði sem þetta til þess, að því sé ætlað einungis að vera dauður bókstafur. En eins og ég tók fram, þá er vitað mál, að sumum bönkum og sparisjóðum hefur gengið fullerfiðlega að standa við þá bindiskyldu, sem er samkv. þeim reglum, sem nú gilda. Þess vegna gefur það auga leið, að þeim muni verða erfitt, og ég hef leyft mér að fullyrða, að þeim muni alls ekki verða kleift að standa við þessa bindiskyldu. Það mun sýna sig.

Ég held, að hækkun sú á bindiskyldunni, sem hér er lögð til, sé ekki heldur nauðsynleg í þeim tilgangi, sem hún er sögð eiga að þjóna. Um s. l. mánaðamót var bindingin um 785 millj. En miðað við það hámark, sem lög leyfa, eins og þau nú eru, þá hefði hún þá getað numið nokkuð yfir 900 millj. kr., þannig að það er kannske nokkuð ofsagt hjá hæstv. viðskmrh., að það sé komið mjög nálægt því hámarki, sem núgildandi lög leyfa. Ég held, að það sé talsvert stórt svigrúm enn eftir innan þess ramma, sem núgildandi lög setja.

Ég tel fjarri sanni, að þessa innlánsbindingu þurfi að auka eða hækka vegna gjaldeyrisvarasjóðsins, hún er vissulega nægileg og meira en það ásamt öðru fé Seðlabankans til þess að standa undir hæfilegum gjaldeyrisvarasjóði. Hækkun innlánsbindiskyldunnar nú verður þess vegna ekki með nokkru móti rökstudd með tilliti til gjaldeyrisástæðna eða til þess að standa undir eða móti gjaldeyrisforða. Það er svo augljóst mál, að um það þarf ekki að eyða orðum, enda kom það fram hjá hæstv. viðskmrh. í framsöguræðu hans, að hann taldi ekki þörf á þessari auknu bindiskyldu vegna gjaldeyrisvarasjóðsins.

Hitt er svo annað mál, sem ég skal ekki tefja tímann mjög mikið með nú að fara út í, hvort almenn innlánsbinding sparifjár sé rétta leiðin til að afla mótvirðisfjár á móti gjaldeyrisvarasjóði. Ég skal ekki fara hér út í neinar rökræður um það efni, en ég bendi þó aðeins á, að þar gætu auðvitað ýmsar aðrar leiðir komið til greina. T. d. mætti hugsa sér það, að gjaldeyrisbönkunum, þ. e. a. s. þeim bönkum, sem hafa þau forréttindi að mega verzla með gjaldeyri, væri gert skylt að hafa ráð á eðlilegum gjaldeyrisvarasjóði, að það væri kvöð, sem fylgdi þeim réttindum að fá að verzla með gjaldeyri, að þeir hefðu jafnframt yfir að ráða hæfilegum gjaldeyrisvarasjóði, þannig að það er náttúrlega ekki eina leiðin, sem kemur hér til greina, sú sem hér hefur verið farin, að fá mótvirðisfé á móti gjaldeyrisvarasjóði með þessum hætti, að binda fé í því skyni í Seðlabankanum, og auðvitað fer það mjög eftir allri aðstöðu, hvað hægt er og hvað skynsamlegt er að leggja til hliðar í gjaldeyrisvarasjóð. Þar nægir ekki aðeins að líta á það, hve gjaldeyrisforðinn er mikill í krónutölu á hverjum tíma, heldur verður þar einnig að líta á önnur atriði, þegar metin er staða landsins gjaldeyrislega séð. Það er augljóst mál t. d., að óseldar útflutningsafurðir í birgðum eru auðvitað raunverulegur gjaldeyrisforði.

En nú er sagt, og það eru einu rökin, sem færð eru fram fyrir þessari auknu innlánsbindiskyldu, að hún sé nauðsynleg til þess að standa undir afurðalánum Seðlabankans, þ. e. a. s. til þess að endurkaupa af tilteknum viðskiptabönkum svokallaða afurðavixla. Ég held nú, að þessi kenning sé algerlega ný af nálinni. Afurðalán Seðlabankans eða endurkaup hans á afurðavíxlum voru ekki upphaflega byggð á þeirri kenningu. Þau urðu upphaflega til vegna þess, að viðskiptabankarnir voru ekki þess megnugir að sjá framleiðslunni fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum. Þá hljóp Seðlabankinn undir bagga. Og ég minnist þess að hafa heyrt það — vissulega oft, að þessi skylduafurðalán Seðlabankans væru sérstaklega varhugaverð og að það ætti að vera einn þáttur í heilbrigðri peningapólitík að hverfa frá þessum lánum. Þess vegna var það sjálfsagt, að það var árið 1960, þegar tekin var upp hin nýja efnahagsmálastefna, einmitt dregið úr þessum afurðalánum Seðlabankans. Þá þótti það eðlilegur liður í þeirri nýju stefnu. Hitt er svo annað mál, að það hefur orðið síðar að hverfa að nokkru leyti frá þeirri stefnu og hverfa að nokkru leyti a. m. k. frá þeirri takmörkun, sem þá var gerð á afurðalánunum, eins og reyndar að nokkru leyti er rakið í grg. með þessu frv.

Ég minnist þess hins vegar ekki að hafa heyrt það öllu fyrr en einmitt nú í sambandi við þetta frv., að bráðabirgðalán Seðlabankans til viðskiptabanka vegna lána út á afurðir, meðan sala á þeim hefur ekki farið fram, eigi og verði að byggjast á fé, sem Seðlabankinn

dregur úr viðskiptabönkunum og öðrum innlánsstofnunum. Ég er hræddur um, að ef þeirri kenningu hefði verið trúlega fylgt í framkvæmd á þeim fyrstu dögum, þegar þetta kerfi var fyrst tekið upp, hefði lítil lausn verið að þessu útlánakerfi. Það hefði komið útflutningsatvinnuvegunum og þá fyrst og fremst sjávarútveginum, — en vegna hans var fyrst gripið til þess, — að sáralitlu haldi. En m. ö. o., samkv. þessari kenningu á hlutverk Seðlabankans í sambandi við afurðalánin ekki að vera annað en miðlarahlutverk. Hann á að draga saman fé úr viðskiptabönkunum og innlánsstofnunum til þess að lána það aftur til bráðabirgða tilteknum viðskiptabönkum, og afurðalánin má samkv. þessari kenningu ekki auka, nema Seðlabankinn nái þannig saman fé. En mér er nú spurn: Er þá ekki grundvöllurinn að einhverju leyti hruninn undan afurðalánum Seðlabankans? Ráðstöfunarfé bankakerfisins eykst ekkert við þessar aðgerðir. Afurðalán Seðlabankans verða því ekki sú fyrirgreiðsla við viðskiptabankana og atvinnuvegina, sem í upphafi var ætlazt til. Það, sem gerist, er það, að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir eru sviptir fjárráðum yfir tilteknu fé, en það sett aftur út af Seðlabankanum til tiltekinna þarfa. En fyrst svona er farið að, hlýtur sú spurning að vakna hjá manni, hvort þetta sé ekki bara óþörf krókaleið, hvort það sé þá ekki eins gott að lána þetta fé beint úr viðskiptabönkunum. Þessi skoðun, að það sé réttara að fara þessa leið, hlýtur að byggjast á því, að viðskiptabönkunum sé vantreyst, að það sé haldið, að þeir láni í annað en þessar þarfir. Nú væri náttúrlega auðvelt að setja reglur um það efni og gera viðskiptabönkunum alveg eins beint að skyldu að lána í þessar tilteknu þarfir þann hluta, sem nauðsynlegt væri talið, eins og fara þessa leið, sem hér er gert ráð fyrir, að draga þetta saman í Seðlabankanum og miðla því svo út aftur. Það getur vissulega stundum verið skynsamlegt og réttmætt, og ég vil ekki gera neina aths. við það, að Seðlabankinn gegni þvíliku miðlunarhlutverki, sem hér er talað um, að hann dragi saman fé og beini því síðan í ákveðinn farveg eða til ákveðinna framkvæmda, því vil ég á engan hátt andmæla. En ég tel, að sú leið sé ekki eðlileg, þegar um bráðabirgðarekstrarlán og bráðabirgðalán út á óseldar afurðir er að ræða. Þar er í raun og veru um það að tefla, að það er eiginlega um að ræða fyrirframgreiðslu upp í andvirði afurðanna.

Það þarf sjálfsagt að beina meira fjármagni bankanna til framleiðsluatvinnuveganna. Útlánaaukningin, sem átt hefur sér stað að undanförnu, eða a. m. k. á s. l. ári, var mest í verzluninni. Það þarf sjálfsagt að verða breyting á í því efni. En ég held, að Seðlabankinn geti án nokkurrar nýrrar eða aukinnar innlánsbindiskyldu veitt þau afurðalán, sem hann hefur veitt að undanförnu. Þau eru að vísu ekki fullnægjandi, þau þyrfti að auka. En það liggur bara engin ákvörðun fyrir um það, að þau skuli aukin, því síður um það, hve mikið þau skulu aukin. Og á meðan svo er, er vissulega ekki ástæða til þess að lögbjóða jafngífurlega bindiskylduaukningu og þá, sem hér er um að tefla. En auk þess held ég, að með þeim mögúleikum, sem Seðlabankinn að öðru leyti hefur, sé vel kleift að auka afurðalán eitthvað án nokkurrar aukningar á bindiskyldu og án þess að það stafi nokkur verðbólguhætta af því. Ég held, að það sé gert allt of mikið úr þeirri verðþensluhættu, sem stafi af bráðabirgðalánum út á óseldar afurðir. Eins og ég tók fram áðan, er það, sem þar er um að ræða, að framleiðandinn fær greitt upp í söluverðið fyrir fram, en fær svo auðvitað síðan þeim mun minna, þegar endanleg sala hefur farið fram. Hann fær því ekki annað í hendurnar en það, sem hann á að fá og fær alltaf að lokum. Það er aðeins greitt fyrir framleiðslunni með því að sjá til þess, að framleiðandinn fái eitthvað greitt fyrir fram, og það vil ég meina, að sé vissulega hlutverk seðlabanka að greiða þannig fyrir framleiðsluatvinnuvegunum, og ég get ekki séð, að af slíku þurfi að stafa nokkur verðbólguhætta. Það er líka, eins og ég reyndar hef þegar tekið fram, náttúrlega ekkert hættulegt við það, þó að gjaldeyrisforði gangi eitthvað niður, þegar óseldar birgðir útflutningsafurða aukast, — aukast kannske verulega. Slík birgðaaukning er auðvitað — og það sér hver maður — raunverulegur gjaldeyrisforði, engu lakari í raun og veru en innstæða í erlendum banka. Og auðvitað á að minum dómi að haga peningapólitíkinni þannig, að hún ýti undir framleiðsluna, en dragi ekki úr henni. Seðlabankinn á því að koma viðskiptabönkunum til hjálpar, þegar geta þeirra hrekkur ekki til að fullnægja þörf atvinnuveganna.

Ég get því ekki fallizt á, að nú liggi fyrir nokkur sú ákvörðun um afurðalán, sem geri hina nýju gífurlegu aukningu á innlánsbindingunni nauðsynlega. En þegar þess er gætt, sem ég hef hér áður bent á, hver áhrif slík gífurleg innlánsbinding hlýtur að hafa á viðskiptabankana, rekstur þeirra, hag og alla stöðu, þá ættu menn að geta orðið sammála um það, að til þvílíkrar bindingar ætti ekki að grípa nema sem alveg óumflýjanlegs örþrifaráðs. Þó að margt hafi vissulega gengið úrskeiðis í peningamálum og sjálfsagt megi eitthvað finna að stjórn bankamálanna hér á landi að undanförnu, þá held ég þó, að slík neyðaraðstaða sé sem betur fer alls ekki fyrir hendi, að til þvílíkra óyndisúrræða þurfi að grípa sem 25% innlánsbindingar. En eins og ég hef þegar margoft tekið fram, verður vitaskuld að ganga út frá því, að þessa heimild eigi að nota, þó að þetta sé í heimildarformi, því að annars væri auðvitað alveg ástæðulaust að vera að fara fram á þvílíka heimild og þá engin þörf á að samþykkja hana. Og það er fjarri öllu lagi að ætla það, að hæstv. ríkisstj. væri að fara fram á þvílíka heimild, nema því aðeins að hún ætlaði sér að nota hana.

Um hina meginbreytinguna, sem í þessu frv. felst og er að finna í 2. gr., skal ég vera stuttorður. Þar er sem sagt um að ræða heimild

fyrir Seðlabankann til þess að gefa út verðbréf hér innanlands með því efni, að höfuðstóll og vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Þar er m. ö. o. um að ræða heimild fyrir Seðlabankann til að selja verðbréf með gengisákvæði, eða um að ræða útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, eins konar verðtryggingu þess sparifjár, sem þar er um að tefla. Ég tel, að í sjálfu sér sé þar hreyft mjög athyglisverðu máli. Ég álít mikla nauðsyn að taka upp verðtryggingu sparifjár, sé þess nokkur kostur. Framsóknarmenn hafa flutt þáltill. um það efni á þessu þingi. Svipaðar till. hafa þeir flutt áður, án þess að þær hafi þó náð fram að ganga eða náð þeim árangri, sem til var ætlazt. Ég held, að verðtrygging sparifjár væri eða gæti verið eitthvert raunhæfasta úrræðið til þess að vinna gegn verðbólgunni. Ég held, að með henni væri stoðum að nokkru leyti kippt undan verðbólguþróuninni, en það er kunnara en frá þurfi að segja, að með verðbólgunni eða öllu því ástandi, sem hér hefur ríkt að undanförnu, hefur verið framið hróplegt ranglæti gagnvart sparifjáreigendum. Það hafa aðrir auðgazt á þeirra kostnað, og ég vil segja það, að það má vissulega segja, að bankar og bankastjórnir hafa að því leyti til ekki staðið í ístaðinu sem skyldi, því að vitaskuld er það eitt af þeirra hlutverkum — og það meginhlutverk — að standa vörð um verðgildi þeirra peninga, sem þeim er trúað fyrir til geymslu og ávöxtunar. En allir vita, hvernig það hefur farið. Það er nú hins vegar svo, að verðtrygging sparifjár er sjálfsagt mikið vandamál, sem þarf að athuga mjög gaumgæfilega, áður en að því er horfið. Ég held þess vegna, að það sé mjög vafasamt, svo að ekki sé meira sagt, að veita Seðlabankanum einum allra banka þá heimild, sem hér er um að ræða. Það er hugsanlegt, að með því væru honum sköpuð forréttindi, sem gætu bitnað á öðrum peningastofnunum í landinu. Og það er mín skoðun, að það sé eðlilegra og það þurfi að framkvæma almenna verðtryggingu á víðtækari grundvelli. Ég held að vísu, að útgáfa slíkra skuldabréfa af hendi Seðlabankans til útvegunar fjár til einstakra, þýðingarmikilla framkvæmda gæti vel komið til greina. En ég held, að það væri eðlilegra, meðan ekki er um almenna verðtryggingu að ræða, að heimildin væri veitt í hvert einstakt skipti, sem fjár ætti að afla til einhverrar sérstakrar framkvæmdar þannig. Ég viðurkenni, að þar er um álitamál að ræða, en svona heimild, eins og þarna er um að ræða, má nota þannig, að hún geti valdið öðrum peningastofnunum erfiðleikum og vandræðum, ef sparifé leitaði frá þeim í stórum stil. En á erfiðleika þeirra peningastofnana mun vart bætandi, einkanlega ef hin aukna bindiskylda verður lögfest. Ég sé mér því ekki fært, eins og allt er í pottinn búið, að fylgja þessu ákvæði frv., en ég tel eðlilegt, að það sé gaumgæfilega athugað í n., sem fær frv. til meðferðar, og ég get ekki neitað því, að sú hugmynd, sem þar er um að ræða, er að ýmsu leyti freistandi í mínum augum.

Hér er, eins og margtekið hefur verið fram og hæstv. viðskmrh. lagði raunar áherzlu á, aðeins um heimildir að ræða. Ég hef leyft mér að halda því fram, að allar líkur séu til þess, að þessar heimildir verði notaðar. En hér, eins og jafnan endranær, þegar um þvílíkar heimildir er að tefla, er mjög mikið undir framkvæmdinni komið. Ég hef ekki ástæðu til þess að vera með neinar getsakir í garð þeirra manna, sem sitja í bankastjórn Seðlabankans, en þar kemur að því, sem áður er sagt og ég drap á í upphafi máls míns, að seðlabankalöggjöfin er stórgölluð að mínum dómi. Einn af ágöllunum er sá, að seðlabankastjórnin er háðari ríkisstj. en hollt er að mínu viti. Eins og seðlabankalögin eru uppbyggð, er það ríkisstj., sem í raun og veru ræður, og Seðlabankinn er eiginlega með þeim gerður að þernu ríkisstj. En ég hef þá skoðun, að seðlabanki eigi og þurfi að vera sem sjálfstæðust stofnun. Þessu fyrirkomulagi, sem hér er á í þessu efni, þarf því að breyta, en að þetta sé svo sem ég hef hér sagt, sést glöggt t. d. af 4. gr. í núgildandi seðlabankalögum. Þar segir svo:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða, er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sína. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum.“

Sem sagt, samkv. þessu ákvæði er seðlabankastjórninni beinlínis lögboðið að dansa eftir pípu ríkisstj. á hverjum tíma. Hvort sem stefna ríkisstj. er að mati seðlabankastjórnarinnar í sjálfu sér rétt eða röng, hvort sem hún leiðir til góðs eða ófarnaðar, þá er seðlabankastjórninni samkv. þessu fáránlega lagaákvæði skylt að haga sér þannig, að stefna ríkisstj. nái sínum tilgangi, jafnvel þótt til ófarnaðar leiði.

Af öðrum ákvæðum seðlabankalaganna leiðir það svo einnig, að bankastjórn Seðlabankans hlýtur að verða ríkisstj. mjög háð, enda er það vitanlegt mál, að svo hefur það verið í reyndinni eftir setningu þessarar löggjafar, og ég vil nú meina, að þó að það væri látið í veðri vaka, að það væri verið að setja upp sjálfstæðan seðlabanka með þessari löggjöf og það hafi óneitanlega verið gert að forminu til, sé seðlabankastjórnin nú mun háðari ríkisstj. en fyrri stjórn Seðlabanka og Landsbanka. En ef Seðlabanki á ekki að hafa meira sjálfstæði en þetta og á að vera svona háður ríkisstj., þá sér maður eiginlega ekki ástæðuna fyrir því að vera að hafa sérstakan seðlabanka með þremur bankastjórum. Ef Seðlabankanum er í raun og veru ekki ætlað annað hlutverk en að vera eins konar afgreiðsluskrifstofa í fjmrn., þá gæti maður látið sér detta það í hug, að það mætti þá alveg eins notast við einhvern deildarstjóra þar eða ráðuneytisstjórann þar til að stjórna þessari afgreiðsluskrif-

stofu, eins og vera að setja upp þetta bákn með þremur bankastjórum.

Ég viðurkenni það, að tiðar breytingar á seðlabankalöggjöf eru ekki heppilegar. En fyrst verið er á ferðinni með breytingar á annað borð, er eðlilegt, að athugað sé í því sambandi, hvort ekki sé þörf á frekari breytingum, og eins og ég hef hér minnzt lauslega á, er það mín skoðun, að það þurfi á þessari löggjöf að gera ýmsar aðrar breytingar. Það er því auðvitað eðlilegt, að þess sé freistað í sambandi við meðferð þessa máls að koma þvílíkum breytingum að. Í því sambandi nefni ég fyrst 4. gr. núgildandi seðlabankalaga, sem ég hef lítillega minnzt á. Það er mikil þörf að breyta þeirri grein að mínum dómi og gera bankann að sjálfstæðari stofnun en hann er nú í reyndinni. Ég vil enn fremur nefna ákvæðin í núgildandi seðlabankalögum um gjaldeyrisverzlunina, en samkv. seðlabankalögunum er Landsbanka Íslands og Útvegsbankanum veittur einkaréttur til þess ásamt Seðlabankanum að verzla með erlendan gjaldeyri. Hins vegar er svo seðlabankastjórninni veitt heimild til þess í seðlabankal. að veita öðrum bönkum heimild til gjaldeyrisverzlunar. Ég tel það á engan hátt réttmætt að einskorða gjaldeyrisverzlunina við þessa tvo banka. Ég hef haldið því fram og hef gert það um langa hríð, að það væri á allan hátt eðlilegt, að Búnaðarbankinn, sem er ríkisbanki eins og þessir tveir bankar og á engan hátt ómerkari banki, hefði rétt til þess að verzla með gjaldeyri, alveg eins og þeir.

Þegar seðlabankal. voru til meðferðar hér á sínum tíma, flutti ég brtt. einmitt í þessa átt, en þegar sýnt var, að hún mundi verða felld, þótti mér réttara að taka hana aftur þá, heldur en láta hana ganga undir atkv. að því sinni, og freista þess heldur að fá því til vegar komið í bankaráði Seðlabankans, að Búnaðarbankanum væri veitt heimild til gjaldeyrisverzlunar, alveg eins og þessum tveimur viðskiptabönkum, sem ég hef nefnt. Þrátt fyrir ítrekaða beiðni frá Búnaðarbankanum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess í Seðlabankanum að fá þessu breytt, hefur þessi breyting ekki enn fengizt gerð. Ég tel þess vegna sjálfsagt að freista þess nú í sambandi við þetta mál að koma fram þeirri breytingu, að Búnaðarbankinn fái réttindi á borð við hina ríkisbankana, hvað svo sem öðrum bönkum líður í þessu sambandi, en frá þeim hafa líka verið uppi óskir um rétt til gjaldeyrisverzlunar. En það er alveg auðsætt, að það eru mikil forréttindi fyrir viðskiptabanka að hafa þennan rétt til að verzla með gjaldeyri.

Herra forseti. Ég skal nú láta máli mínu lokið. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel nauðsynlega heildarendurskoðun á bankakerfinu öllu, m. a. með það fyrir augum að gera bankakerfið einfaldara og ódýrara í rekstri en það nú er, en mörgum mun þykja bankakerfið allkostnaðarsamt. Ég held líka, að við þá endurskoðun þyrfti að hafa í huga, að það er alls engin nauðsyn á því, að höfuðstöðvar allra ríkisbankanna séu hér í Reykjavík. Þeim má vissulega dreifa. En nú er stefnan sú, eins og kunnugt er, að bankarnir eru að setja upp útibú sem víðast um land. Um það er út af fyrir sig ekki nema gott að segja. Það getur verið þörf og nauðsynleg ráðstöfun. En útibú er þó alltaf annað en aðalbankinn, og þess vegna væri það hyggilegra að reyna að dreifa höfuðstöðvum bankanna meir en gert er, og enn fremur er kannske stundum lítil fyrirhyggja í því, hvernig útibú eru sett upp, svo að segja við hliðina hvert á öðru. Það þarf þess vegna að mínu viti að fara fram heildarendurskoðun á öllum þessum málefnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 91, n. 577 og 591).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur n. ekki náð samstöðu um málið, þannig að við þrír, sem stöndum að nál. á þskj. 577, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en tveir hv. nm., þeir 1. þm. Norðurl. e. og 6. þm. Sunnl., leggja í sérstöku nál. til, að frv. verði fellt.

Það eru tvær meginefnisbreytingar á núgildandi l. um Seðlabanka Íslands, sem þetta frv. felur í sér. Í fyrsta lagi sú, að heimild Seðlabankans til innstæðubindingar frá lánastofnunum er rýmkuð frá því, sem nú er, en tilgangur innlánabindingarinnar er, eins og segir í frv., að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla. Önnur meginbreytingin, sem í frv. felst, er sú að heimila Seðlabankanum að gefa út gengistryggð verðbréf.

Að mínu áliti hlýtur afstaða manna til þessa frv. að vera háð því, hvaða stefnu menn telja að beri að fylgja í verðlags- og peningamálum almennt. En þó að í þeim efnum sé auðvitað ágreiningur, virðast þó allir sammála um það, að verðbólguna beri að stöðva. Að svo illa hefur samt tekizt til um stöðvun verðbólgunnar sem raun er á undanfarinn aldarfjórðung hér á landi, er ekki vegna skoðanamunar um það, að þessi þróun verðlagsmála sé óæskileg, heldur veldur þar um hitt, að ýmsir aðilar, sem áhrifaaðstöðu hafa í þessum efnum, og þá fyrst og fremst hagsmunasamtökin í þjóðfélaginu, hafa ekki viljað fórna stundarhagsmunum sínum í nægilegum mæli, til þess að ná mætti því markmiði í þessum efnum, sem allir eru í orði kveðnu sammála um, en sú saga skal þó ekki ýtarlegar rakin hér.

Ríkisstj. og Alþingi hafa að mínu áliti yfir að ráða þrenns konar tækjum, sem beita má í því efni að stöðva verðbólguna: í fyrsta lagi stjórn peningamálanna, í öðru lagi afgreiðslu fjárl., og í þriðja lagi getur verið um að ræða beina íhlutun um verðlag og kaupgjald.

Svo að ég víki með örfáum orðum að því síðasta, þá hefur verðlagseftirliti raunar verið beitt hér á landi um alllangt skeið, eða allt frá því skömmu áður en seinni heimsstyrjöldin hófst. En hvaða skoðanir sem menn annars hafa á gagnsemi verðlagseftirlits, þá verða því alltaf takmörk sett, hve miklum árangri er hægt að ná með því, meðan kaupgjaldið, langþýðingarmesti liður framleiðslukostnaðar, er óháð beinni íhlutun ríkisvaldsins, en eins og kunnugt er, hefur tilraunum í þá átt verið stórilla tekið af viðkomandi hagsmunasamtökum, þegar um slíka íhlutun hefur verið að ræða, og sé ég ekki ástæðu til að orðlengja meira um það.

Hvað snertir annað atriðið, sem ég nefndi, afgreiðslu fjárl., þá hafa þau á þann hátt áhrif á verðlagið, að ef það opinbera dregur inn meiri peninga með sköttum heldur en settir eru í umferð með útgjöldum hins opinbera, hefur það áhrif til lækkunar á verðlagi, en öfugt, ef um tekjuhalla á fjárl. er að ræða, þannig að ríkið setji meiri peninga í umferð með útgjöldum sínum en það dregur inn með sköttum. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða verulega um þennan þátt verðlagsmálanna, enda býst ég við, að hv. stjórnarandstæðingar, sem andvígir eru þessu frv., muni sízt gagnrýna það, þó að ekki sé gengið lengra en raun er á í því efni að beita fjárl. til þess að koma á meira jafnvægi í verðlagsmálum, því að þær till., sem þeir yfirleitt hafa gert í því sambandi, hafa fyrst og fremst verið fólgnar í lækkun skatta og aukningu ríkisútgjalda. En ekki er vafi á því, að ef litið er á fjárlagaafgreiðsluna, eins og hún hefur verið, þá hefur hún frekar þensluáhrif heldur en hið gagnstæða, því að þótt fjárlög hafi á undanförnum þingum í meginatriðum verið afgreidd með tilliti til þess, að tekjur og gjöld stæðust nokkurn veginn á, eru tekjutilfærslur orðnar svo stór liður í fjárl., að gera má ráð fyrir því, að þeir, sem tekjurnar eru færðar til með almannatryggingum og öðru slíku, hafi svo miklu meiri neyzluhneigð en þeir, sem skattarnir eru lagðir á, að það verði til þess að auka eftirspurn eftir vöru og þjónustu. Annað mál er það, að þó að fjárlagaafgreiðslan, ef litið er á hana eina, hafi þannig frekar haft þensluáhrif, þá hefur það síðustu árin ekki verið hvað snertir afkomu ríkisbúskaparins í heild, en það er m. a. vegna þess góðæris, sem verið hefur, að verið hefur meiri tekjuafgangur í ríkisbúskapnum en fjárlög hafa gert ráð fyrir. En þar sem ríkið ræður ekki þróun kaupgjaldsmálanna og þar af leiðandi verðlagsmálanna nema að nokkru leyti og afgreiðslu fjárl. verður ekki af ástæðum, sem ég þegar hef greint, notuð sem tæki í þessu efni, þá verður þeim mun meiri nauðsyn þess, að stefnunni í peningamálum sé hagað með það fyrir augum að hamla gegn verðbólguþróun. Af því leiðir, að ef sleppt er að taka tillit til erlendra lána, þá mega bankarnir ekki lána meira út en nemur sparifjármyndun innan bankakerfisins. Enda hlýtur það að vera svo, að verðbólgumyndandi útlán bankanna mundu aldrei leysa neinn vanda, því að aldrei er hægt að festa meira fé en sparnaðinum í þjóðfélaginu nemur, hvort sem hann er frjáls eða þvingaður fram með skattaálögum. Hin sjálfvirku afurðalán bankanna skapa auðvitað hættu í þessum efnum, og má einmitt í því efni vísa til tilvitnana hv. minni hl. í grg. fyrir efnahagsmálalöggjöfinni 1960. En þó að þetta ætti út af fyrir sig að vera ljóst, hefur þörf atvinnuveganna fyrir slík lán hins vegar verið talin svo mikil, að þessu útlánakerfi hefur verið haldið uppi þrátt fyrir þá augljósu hættu í verðlagsmálum, sem af því stafar. Ef Seðlabankinn því á að standa undir auknum lánveitingum í þessu skyni, verður það fjármagn að koma einhvers staðar frá. Um það ætti ekki að vera ágreiningur, hvað sem öðru líður. Og það er einmitt með tilliti til þessa, sem heimild Seðlabankans til innstæðubindingar er rýmkuð, að því er frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil annars segja það, að mér finnst sú afstaða hv. stjórnarandstæðinga í þessu efni, sem m. a. kemur fram í nál. hv. minni hl., að ýmsu leyti vera sjálfri sér ósamkvæm. Þeir viðurkenna eins og aðrir nauðsyn þess að stöðva verðbólguna. Þeir viðurkenna einnig, að afla þurfi fjár til kaupa á afurðavíxlum, eins og öðrum lánveitingum af hálfu Seðlabankans. En ef hafna á þeirri leið, sem lagt er til í frv. að farin sé, þá þarf að afla fjármagnsins með einhverju öðru móti. Það væri vissulega hægt, eins og vikið er að í nál. hv. minni hl., að leysa þennan vanda í bili með því að ganga á gjaldeyrisvarasjóði Seðlabankans. En í fyrsta lagi finnst mér liggja í augum uppi, að ef fara ætti þá leið, væri fólgin í því mikil skammsýni og það væri of dýru verði keypt, ekki sízt frá hagsmunasjónarmiði atvinnuveganna, ef þá leið ætti að fara. Allir, sem við atvinnurekstur hafa fengizt, munu þess minnugir, hve margvíslegu óhagræði það olli atvinnuvegunum, þegar haftakerfið var í algleymingi, áður en efnahagsráðstafanirnar voru gerðar 1960. En annars sé ég ekki ástæðu til í þessu sambandi að fjölyrða um þetta atriði, því að hv. minni hl. kemst raunar að þeirri niðurstöðu í nál. sínu, að gjaldeyrisvarasjóðurinn megi ekki vera minni en hann er. Mér virðist því, að þá ályktun beri helzt að draga af bollaleggingum hv. minni hl. um þetta efni, að þeir telji, að þennan vanda eigi að leysa með því að auka sparifjármyndunina eða traust manna á gjaldmiðlinum. Lengra ná þeirra till. í rauninni ekki en að bera fram almenna ábendingu um þetta.

En þá kemur aftur spurningin, hvaða leiðir eigi að fara til þess að auka sparifjármyndun

í landinu. Eftir því sem ég kemst næst, mun svar þeirra í þeim efnum vera það að vísa til þáltill., sem nokkrir hv. þm. Framsfl. hafa borið fram seint á þessu þingi, þess efnis, að athugun verði framkvæmd á því, hvort tiltækt sé að taka upp almenna verðtryggingu sparifjár. En um þá hlið málsins tel ég einmitt eðlilegt að ræða í sambandi við hitt meginatriði frv., sem er heimild til handa Seðlabankanum til útgáfu gengistryggðra verðbréfa, og kem ég þá næst að því.

Nú er það vissulega að mínu áliti alveg rétt í nál. hv. minni hl., að gengistrygging er annað en verðtrygging. En eftir sem áður er það sama hugmyndin, sem liggur þessu tvennu að baki, eins og hv. minni hl. virðist einnig vera ljóst, en hún er sú að örva sparifjármyndunina og vekja traust manna á gildi peninganna, og því tel ég einmitt ekki óeðlilegt, að rætt sé jafnhliða um þessa till. um gengistryggingu, sem í frv. felst, og verðtryggingartillöguna.

Nú er mér engin launung á þeirri skoðun minni, að ég tel áðurnefnda till. hv. framsóknarmanna um almenna verðtryggingu sparifjár mjög athyglisverða. Mín afstaða til þeirrar till. er jákvæð, og ég tel ástæðu til að harma það, að hún skuli vera svo seint fram komin, að því miður eru litlar líkur á því, að hv. Alþingi gefist tími til þess að ræða hana og afgreiða. Að mínu áliti er hægt að leysa verðbólguvandamálið með því að taka upp í einni eða annarri mynd umreikning skulda og peningakrafna. Með því móti má eftir krókaleið ná sama árangri og auðveldast væri auðvitað að ná, ef kostur væri á samkomulagi við hagsmunasamtökin um stöðvun verðbólgunnar. En þótt ég telji þannig umræddа till. allrar viðurkenningar verða, ber þess að gæta, að hér er aðeins um að ræða till. um það, að athugun fari fram á hugsanlegri leið í þessum efnum. Sú athugun hlýtur alltaf að taka talsverðan tíma, m. a. með tilliti til mikilla framkvæmdaörðugleika á slíkri verðtryggingu sparifjár, þó að ég sé raunar þeirrar skoðunar, að þessir framkvæmdaörðugleikar séu ekki óyfirstíganlegir.

Nú er það svo, eins og kunnugt er, að undanfarna daga hafa farið fram viðræður milli hæstv. ríkisstj. og fulltrúa frá Alþýðusambandinu um hugsanlegan möguleika á því, að samvinna megi takast milli þessara aðila um stöðvun verðbólgunnar. Það er rétt að vona það bezta í þeim efnum, en á hinn bóginn gefur þróun málanna að undanförnu þó ekki tilefni til svo mikillar bjartsýni, að ekki verði að vera við því búinn, að jafnvel á næstu vikum geti þróun efnahagsmálanna orðið slík, að þörf verði skjótra aðgerða, ekki sízt í peningamálunum. Og gagnstætt verðtryggingartill., svo góðra gjalda verð sem hún er út af fyrir sig, felur þetta frv. í sér beinar heimildir til ákveðinna aðgerða, ef nauðsyn ber til. Með tilliti til þessa getur till. hv. framsóknarmanna um verðtryggingu ekki komið í stað þess frv., sem hér liggur fyrir, hvað sem því líður, hvort skynsamleg framkvæmd almennrar verðtryggingar sparifjár gæti síðar komið á slíku jafnvægi á lánamarkaðinum, að slíkt mundi gera óþarfar þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, en það tel ég engan veginn óhugsandi.

Um gengistryggingarákvæðið vil ég að öðru leyti bæta því við, að ég tel það að vísu allsendis ófullnægjandi lausn á verðtryggingarhugmyndinni, og ég get bætt því við, að ég tel eðlilegra, að verðtrygging sparifjár sé miðuð við einhvers konar verðlagsvísitölu fremur en gengisskráningu, m. a. vegna þess að slíkt mundi hafa miklu meira öryggi í för með sér fyrir sparifjáreigendurna heldur en gengistryggingin, sem oft getur verið lítils virði, eins og hv. minni hl. raunar að mínu áliti tekur réttilega fram í sínu nál. En á hinn bóginn tel ég þó, að ekki beri að bregða fæti fyrir það, þegar Seðlabankinn æskir slíkrar heimildar, og mér finnst, að það ætti að verða verðtryggingarhugmyndinni frekar til framdráttar heldur en hitt, þó að ég telji allar líkur á því, að þau mál verði í náinni framtíð að taka öðrum og fastari tökum en gert er með því að samþykkja þessa heimild Seðlabankanum til handa.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir störfum fjhn. í aðalatriðum í sambandi við þetta mál. N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og við höfum tveir skilað minnihlutanál., hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, þar sem við leggjum til, að þetta frv. verði fellt, en meiri hl. n. hefur, eins og hv. 10. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir, lagt til, að frv. verði samþykkt. Aðalatriði frv. eru tvö. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að sparifjárbindingin verði stórlega aukin. Sparifjárbindingin hefur nú verið framkvæmd um 4 ára skeið og hefur valdið viðskiptabönkunum og sparisjóðunum stórfelldum erfiðleikum. Hámark bindingarinnar er ákveðið í l. um Seðlabankann þannig, að bindingin megi ekki fara fram úr 15% af innlánum viðskiptabanka og sparisjóða og 20% af veltiinnlánum þeirra. Þetta mark á nú að hækka þannig, að Seðlabankinn geti tekið 25% af öllum innlánum banka og sparisjóða. Sparifjárbindingin, sem núna nemur um það bil 860 millj. kr. og mundi, ef ég man rétt, geta numið um 940 millj. kr., þegar núgildandi lagaheimildum væri beitt að fullu, getur samkv. ákvæðum þessa frv., ef það yrði að l., hækkað upp í 1400 millj. kr. að óbreyttum innlánum, og að sjálfsögðu miklu meir, eftir því sem innlánin hækka.

Hv. fjhn. Nd. leitaði umsagnar viðskiptabankanna um þetta frv., og tveir þeirra svöruðu þeirri málaleitan hennar og þeir lögðust báðir mjög eindregið gegn samþykkt þessa frv., sérstaklega þessu atriði, sem ég nú er að gera að umræðuefni, aukinni bindingu, og töldu, að hún mundi rýra alvarlega þá möguleika, sem þeir hefðu til þess að gegna þeim hlutverkum, sem þeim eru ætluð. Það segir í þessu frv., eins og hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein

fyrir, að megintilgangur sparifjárbindingarinnar sé að standa undir afurðalánunum, afla fjár til þess, að Seðlabankinn geti endurkeypt afurðavíxla. Það eru þó engin ákvæði í þessu frv., sem tiltaka neitt um það, hversu mikinn hluta af framleiðsluverðmætunum skuli lána út á með þessum hætti, og það eru ekki heldur nein ákvæði í þessu frv., sem gera ráð fyrir því, að Seðlabankinn skuli taka upp endurkaup á afurðavíxlum iðnaðarins, eins og þó í öðru orðinu er látið að liggja af hálfu hæstv. ríkisstj., að sé tilgangurinn með þessu frv. m. a. En meðan ekkert liggur ákveðið fyrir um það, hverjar skyldur Seðlabankinn tæki á sig gagnvart atvinnuvegunum, ef þetta frv. yrði samþykkt og hann fengi þessa fjármuni til ráðstöfunar, þá er ekki hægt að gera sér neina grein fyrir því, hvert gagn þetta frv. gerði eða hver áhrif yrðu af því að gera þetta frv. að lögum fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Það eitt liggur ljóst fyrir í því sambandi, að möguleikar viðskiptabankanna til þess að veita atvinnuvegunum fyrirgreiðslu mundu stórlega rýrna.

Mér þykir í þessu sambandi rétt að minna á það, að fram til þessa hefur ríkisstj. og talsmenn hennar jafnan látið það í veðri vaka, að megintilgangur sparifjárbindingarinnar sé að standa undir gjaldeyrisforðanum. Nú þykir líklegra, til þess að þetta frv. geti náð einhverri hylli, að segja, að það eigi að standa undir afurðalánunum. Hér er auðvitað um hreinan orðaleik að ræða. Seðlabankinn getur ekkert sagt til um það, hvaðan sú króna kemur, sem fer í gjaldeyrissjóðinn, og hvaðan sú króna kemur, sem fer til afurðalána. Og hér er auðvitað ekki um neitt annað að ræða en orðaleik í áróðursskyni af hálfu hæstv. ríkisstj.

Í byrjun seinasta stríðs og þar áður munu viðskiptabankarnir í landinu hafa haft möguleika á því að veita atvinnuvegunum nauðsynlegustu rekstrarlán, og það verður raunar alltaf að teljast eðlilegt hlutverk viðskiptabankanna að veita atvinnuvegunum rekstrarlán. Afurðalánin eru einn mikilvægasti þátturinn í því. En eftir að verðbólgan tók til að spenna upp allan tilkostnað atvinnuveganna í landinu og rýra alla sjóði, sem landsmenn höfðu getað komið sér upp, fór að bera á því, að viðskiptabankarnir gætu ekki til fulls valdið þessu hlutverki, og þá varð Seðlabankinn að koma til í sívaxandi mæli og leggja fram fé með því að endurkaupa afurðavíxla viðskiptabankanna. Þegar Seðlabankinn byrjaði á því, og eftir því sem hann jók þá starfsemi á árunum kringum 1950 og upp úr því, var það í þeim tilgangi að leggja fram fé, sem viðskiptabankarnir höfðu ekki, til að mæta þessum þörfum. Þetta leiddi að sjálfsögðu til skuldasöfnunar viðskiptabankanna hjá Seðlabankanum, og það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir, að Seðlabankinn hafði enga möguleika til þess að leggja þessu máli lið með öðrum hætti en að leggja fram fé, þ. e. a. s. þola skuldasöfnun. En nú segir í grg. þess frv., sem hér liggur fyrir, að það hafi verið eitt af meginatriðum þeirra peningalegu ráðstafana, sem gerðar voru í sambandi við efnahagsaðgerðirnar í febr. 1960, að aukning endurkaupanna yrði stöðvuð og þar með sú skuldasöfnun bankakerfisins við Seðlabankann, sem henni hafði fylgt. Það virðist þess vegna hafa vakað fyrir mönnum þá. að Seðlabankinn skyldi hætta að leggja fram fé til þessara þarfa. Og hvernig er svo komið málum nú í þessu tilliti? Svörin við því er einnig að finna í grg. með frv., sem liggur hér fyrir, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það má segja, að nú láti nærri, að innistæðubindingin nægi til þess að standa undir þeim útlánum Seðlabankans, sem í endurkaupunum felast."

Þarna hafa menn þá það, að hlutverk Seðlabankans í því að leysa þennan vanda, sem hér er um að ræða, er ekki orðið annað en það að taka peninga af viðskiptabönkunum og sparisjóðunum, afhenda þeim það aftur, kannske í eilítið öðrum hlutföllum, en leggja ekkert fram af sínu ráðstöfunarfé. Þannig virðist manni, að hlutverk Seðlabankans í þessum málum sé orðið næsta veigalítið. Og nú er lagt fram frv. um það að auka sparifjárbindinguna til þess að geta aukið afurðalánin, að því er sagt er, en það er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., að Seðlabankinn skuli leggja neitt til þessara mála af sínu ráðstöfunarfé. Hver getur þá verið tilgangurinn með þessu? Ég sé ekki, að annar tilgangur geti verið með þessu en að gera Seðlabankann að fjárhaldsmanni fyrir viðskiptabankana í landinu, vegna þess að hæstv. ríkisstj. treysti þeim ekki til að gegna því hlutverki, sem þeim er ætlað í þessu þjóðfélagi. Það á að setja þá undir opinbera „administration", og það á að stjórna þessu öllu úr stjórnarráðinu, og þannig á viðskiptafrelsi viðreisnarinnar að birtast á þessu sviði.

Það er ástæða til þess, þegar þetta hefur verið rifjað upp, að gera sér ljóst, hvernig Seðlabankinn ráðstafar því fé, sem hann hefur undir höndum. Þarna er annars vegar um að ræða eigið fé bankans og hins vegar andvirði seðlaveltunnar í landinu. Það kemur í ljós, að þessu fé og raunar meira til, sem bankinn hefur undir höndum, t. d. frá ríkinu, er ekki ætlað það hlutverk að verða að liði við úrlausn þess stórfellda vandamáls, sem lánsfjárþörf íslenzkra atvinnuvega leggur okkur á herðar. Þessu fé er öllu ætlað að ávaxtast erlendis, og það er kallað gjaldeyrisforði. Gjaldeyriseign Seðlabankans nemur nú milli 1300 og 1400 millj. kr., en þess er að gæta, að þessi gjaldeyrisforði er algerlega falskur, vegna þess að myndun hans hefur leitt til svo stórfellds lánsfjárskorts innanlands, að atvinnuvegirnir hafa í vaxandi mæli orðið að leita starfsfjár síns erlendis. Í þessu sambandi má fyrst nefna það, að verzlunin hefur tekið viðskipta- og vörukaupalán til stutts tíma, sem námu, þegar þau voru hæst, 600—700 millj. kr., en munu nú ekki nema nema rúmlega 400 millj. kr. Auk þess hafa ýmis fyrirtæki orðið að taka lán erlendis, bein rekstrarlán, til þess að forða

rekstri sínum frá stöðvun eða stórfelldum erfiðleikum, og jafnvel hefur hringavitleysan gengið svo langt, að viðskiptabankar hafa orðið að taka skyndilán í erlendum bönkum til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar, á meðan Seðlabankinn geymir 1300—1400 millj. í erlendum verðbréfum og erlendum bönkum. En þannig er það, að þegar þessar gjaldeyrisskuldbindingar, sem felast í þessum skyndilánum, sem ég hér hef verið að tala um, eru dregnar frá gjaldeyriseign Seðlabankans, þá fyrst er hægt að tala um þann mismun, sem þá kemur fram, sem hinn raunverulega gjaldeyrisforða þjóðarinnar, og þá kemur í ljós, að hann nemur þá eftir allt saman ekki nema líklega um 700—800 millj. kr. — Ég vil sízt segja, að það sé of mikið, en ég vil samt vekja athygli á því, að það hlýtur að vera algert einsdæmi, að þjóðbanki verji öllu andvirði seðlaveltunnar, öllu eigin fé og allmiklu að auki, þannig, að hann láti það standa í erlendum bönkum og verðbréfum.

Ég og hv. 1. þm. Norðurl. e., sem með mér stendur að þessu nál., höfum ekki lagt til, eins og mér virtist í öðru orðinu koma fram hjá hv. frsm. meiri hl., að rýra gjaldeyrisforðann, enda kom það fram síðar í ræðu hv. frsm., að hann sagði, að við hefðum þó eftir allt saman komizt að þeirri niðurstöðu, að gjaldeyrisforðinn mætti ekki minni vera. Við höfum ekki lagt þetta til, og þess vegna hefur verið þarna um að ræða misskilning af hálfu hv. frsm. meiri hl. En þetta hvort tveggja, sem ég hef rakið, sýnir bara það eitt, að sparifjárforðinn í landinu er algerlega ófullnægjandi til þess að mæta þörfum þjóðarinnar og atvinnuvega hennar. Og hann er það vegna þess, að þau ferlegu dýrtíðarflóð, sem stjórnarstefnan hefur steypt yfir þjóðina, hafa aukið allan tilkostnað atvinnuveganna og þar með lánsfjárþörf þeirra miklu meira en sparifjáraukningin hefur í rauninni numið. Það eru að vísu stundum nefndar allháar tölur um það, hvað sparifjáraukningin hafi verið mikil á undanförnum árum, og það kemur í ljós, að í krónum talið hefur hún aukizt allmikið á seinustu 4 árum, þótt að sjálfsögðu beri að gá að því, að það er ekki sama krónan hér í þessu landi í dag og var fyrir 4 árum.

En þrátt fyrir þetta liggur það alveg ljóst fyrir, að sparifjárforðinn nægir verr núna, hann nægir verr en hann hefur gert nokkru sinni áður. Og það á rætur sínar í þeirri dýrtíðarpólitík, sem hér hefur verið rekin undanfarandi ár. Þessi vandi, sem okkur er hér á höndum, verður þess vegna ekki leystur með því að vera með einhverjar hókus-pókus tilfærslur á sömu peningunum innan bankakerfisins úr einum bankanum í annan. Það verður einungis leyst með því að auka sparifjárforðann í landinu, og það verður ekki gert, nema upp sé tekin ný stefna í efnahagsmálum, sem endurvekur traust þjóðarinnar á gjaldmiðli sínum og tryggir sparifjáreigendunum eðlilega vörn gegn holskeflum áframhaldandi dýrtíðar.

En annað meginatriðið í þessu frv. er svo ákvæði um það, að Seðlabankanum sé heimilt að gefa út verðbréf með ákvæðum þess efnis, að höfuðstóll og vextir af honum sé bundið gengi erlends gjaldeyris, og þetta á sjálfsagt af hálfu hæstv. ríkisstj. að vera tilraun til þess að gefa sparifjáreigendum nokkra tryggingu í dýrtíðarflóðinu. En eins og hv. frsm. meiri hl. tók mjög réttilega fram, þá er þetta algerlega ófullnægjandi lausn á verðtryggingarmálinu, eins og hann orðaði það. Og þetta er vissulega mjög ófullnægjandi lausn. Seðlabankinn hefur að vísu vissar ástæður til þess að vilja haga málunum þannig, vegna þess að hann getur litið á þann gjaldeyrissjóð, sem hann á, sem baktryggingu þessara bréfa, en gjaldeyrissjóðurinn mundi að sjálfsögðu hækka í verði í krónutali, ef af gengislækkun leiddi hækkun verðs á þessum bréfum. En fyrir sparifjáreigandann er hér ekki um mikla vörn að ræða. Hér hefur ekki verið breytt gengi um allmörg ár, þó að dýrtíðarflóðið hafi verið stórfellt. Og fyrir þá dýrtíðaraukningu fengi eigandi bréfa, slíkra sem hér um ræðir, ekki neinar bætur. En hins vegar er rétt að gera sér það ljóst, að á meðan ekki er neinnar annarrar verðtryggingar völ en þessarar gengistryggingar, sem hér er boðið upp á, þá er það mjög trúlegt, að sparifjáreigendur tækju þessa tryggingu þrátt fyrir allt fram yfir enga. En með því að leggja til, að Seðlabankinn fái einkarétt til útgáfu á slíkum bréfum, hafa menn væntanlega gert sér ljóst, að vegna þess, hvað þörfin fyrir einhverja verðtryggingu, hvað ófullkomin sem hún er, er orðin mikil, þá gæti slíkt fyrirkomulag sem hér er lagt til leitt til útstreymis eða a. m. k. minnkandi sparifjársöfnunar í viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Hv. frsm. meiri hl. tók mjög undir það í framsöguræðu sinni, að okkur væri nauðsynlegt að verðtryggja sparifé. Og hann notaði þau orð, að honum væri ekki launung á því, að hann teldi þá þáltill., sem þm. Framsfl. hafa flutt um það mál hér á hv. Alþ., vera mjög athyglisverða. En hann harmaði það aðeins, hversu seint hún væri fram komin, auk þess hlyti athugunin að taka tíma og þess vegna gæti þetta ekki verið lausn á þeim vanda, sem kallaði að hæstv. ríkisstj. nú einmitt þessa stundina.

Þegar hv. frsm. meiri hl. kvartar yfir því, að þessi till. sé svo seint fram komin á þinginu, mætti kannske minna á það, að hún mun þó líklega hafa legið eina tvo mánuði hér fyrir hv. þingi eða jafnvel meira, ég þori ekki að fara með það nákvæmlega. En hitt þori ég að fullyrða, að hún hefur legið fyrir tveimur þingum áður. Hún hefur legið fyrir tveimur þingum áður, án þess að hv. frsm. meiri hl. legði krafta sína fram, svo að nægði, til þess að fá félaga sína til að samþykkja hana. Það er þess vegna alveg óþarft að kvarta yfir því, að hún sé seint fram komin á þessu þingi. Þessi till. er búin að liggja fyrir í mörg ár.

Ég vil lýsa þeirri skoðun okkar, sem stöndum að nál. minni hl., að það sé ekki hlutverk Seðlabankans að keppa við viðskipabankana

og sparisjóðina um spariféð, hvorki með því að rífa það af þeim með ráðstöfunum löggjafans né heldur með því að afla sér einkaaðstöðu til þess að taka á móti peningum til ávöxtunar með þeim hætti, sem gera má ráð fyrir að almenningi muni þykja einna skástur af þeim, sem hann á völ á nú á næstunni. Okkur er þess vegna algerlega ómögulegt að fallast á þennan þátt frv. eins og hinn fyrri, og við leggjum til, að í staðinn sé undinn að því bráður bugur að taka verðtryggingarmálin fastari tökum á breiðari og almennari grundvelli.

Það virðist ljóst, að bæði meginatriði þessa frv. miða að því, að Seðlabankinn fari í veigamiklum atriðum inn á starfssvið viðskiptabankanna, og það liggur við, að manni finnist, að vantraust hæstv. ríkisstj. á bönkum og sparisjóðum í landinu sé svo mikið, að hún stefni að því að láta Seðlabankann smátt og smátt taka við allri starfsemi þeirra. Nú er það að vísu ærið umhugsunarefni, að bankakerfið í okkar litla þjóðfélagi er orðið feikilega viðamikið og auk Seðlabankans eru hér 3 ríkisbankar, sem starfa sem viðskiptabankar, 3 einkabankar með mikinn fjölda útibúa, fjöldi sparisjóða og þar að auki fjórði bankinn, sem er þó ekki beinlínis viðskiptabanki, heldur framkvæmdabanki. Ef það er ætlunin, að Seðlabankinn geri þessar stofnanir óþarfar og komi algerlega í þeirra stað, — það má sjálfsagt færa ýmis rök fyrir því, að það sé hentugt, það má líka færa rök gegn því, — en ef það er það, sem fyrir mönnum vakir, þá er bezt að snúa sér að því viðfangsefni að kanna það. Ef menn vilja breyta uppbyggingu bankakerfisins algerlega, þá er bezt að snúa sér að því að kanna það á breiðum almennum grundvelli, í stað þess að láta Seðlabankann vera smátt og smátt að seilast inn á svið þessara stofnana.

Hlutverk Seðlabankans er í rauninni mjög skarplega ákveðið í lögunum um Seðlabankann. 3. gr. þeirra l., sem ég ætla að leyfa mér að vitna til, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar þannig:

„Hlutverk Seðlabankans er:

1) Að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.

2) Að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, sem nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við.

3) Að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum.

4) Að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstj. til ráðuneytis um allt, sem varðar gjaldeyris- og peningamál.

5) Að vera banki annarra banka og peningastofnana og hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum.

6) Að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt, sem varðar hlutverk hans.

7) Að annast önnur verkefni, sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka.“

Hér eru það auðvitað 1. og 2. tölul., sem mestu máli skipta. Og ef við lítum nú á ástand íslenzkra efnahagsmála í dag, þá geri ég ráð fyrir því, að menn geti orðið sammála um það, stjórnarliðarnir hv. líka, að Seðlabankanum hafi ekki tekizt allt of vel að gegna þessu hlutverki sínu. Ég vil þó ekki láta hjá líða að vekja athygli á því, að hér er ekki við stjórn Seðlabankans að sakast. Þau örlagaríku mistök, sem hafa orðið í stjórn efnahagsmála undanfarin ár, eru pólitísk, og Seðlabankinn hefur ekki haft skilyrði til þess að ráða við þau vegna ákvæða 4. gr. seðlabankal., sem fær ríkisstj. öll völd í hendur yfir bankanum, en 4. gr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða, er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum.“

Þannig er seðlabankastjórn rétt að kvaka, en heldur ekki meir.

Þegar við hugleiðum þetta hlutverk Seðlabankans, hljótum við að komast að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki samrýmanlegt hlutverki hans sem þjóðbanka að heimta fé af viðskiptabönkum og sparisjóðum til þess að taka að sér hlutverk þeirra.

Við höfum, framsóknarmenn, ekki haldið því fram, að einhver sparifjárbinding á vegum Seðlabankans geti ekki verið réttlætanleg, þegar svo ber undir. En hún getur þó því aðeins verið það, að það sé í fyrsta lagi nauðsynlegt til þess að afla fjár til verkefna, sem eru þjóðarnauðsyn, og í öðru lagi, að það verkefni liggi utan eðlilegs starfssviðs viðskiptabanka og sparisjóða. Í þessu sambandi má nefna dæmi eins og þau, þegar Seðlabankinn leggur fram fé til eða stuðlar að íbúðarbyggingum, sem er auðvitað þjóðfélagslegt verkefni að koma áfram, eða sérstaklega þó t. d. raforkuframkvæmdum eða öðrum nauðsynlegum framkvæmdum í þágu alþjóðar eða uppbyggingu á vegum atvinnuveganna.

Bönkunum og sparisjóðunum veitir ekki af því, og alveg sérstaklega ekki viðskiptamönnum þeirra, að innlánsfé þessara banka sé í umferð, til þess að þessir bankar geti gegnt hlutverki sínu og skyldum sínum gagnvart atvinnuvegunum, að veita þeim nauðsynleg rekstrarlán. Þess vegna höfum við framsóknarmenn lagt til, að sparifjárbindingunni yrði hætt í því formi, sem hún er, enda er þetta,

eins og fram kom í grg. með frv., ekki annað en peningar viðskiptabankanna og sparisjóðanna, sem eru notaðir til þess að taka að sér hlutverk þeirra, ganga inn á þeirra svið. Þess vegna leggjum við til, að sparifjárbindingunni verði hætt í því formi, sem hún er, og Seðlabankinn aðstoði eftir föngum viðskiptabankana á þann hátt, sem áður var, að hann leggi fram fé, eftir því sem hann hefur tök á, af öðru ráðstöfunarfé en því, sem tekið er af viðskiptabönkunum sjálfum. Við gerum okkur það hins vegar ljóst, að til þess að bankakerfið yfirleitt geti gegnt hlutverki sínu, þarf sparifjárforði þjóðarinnar að aukast, eins og ég gerði grein fyrir áðan. Það vinnst ekkert við einhverjar hókus-pókus tilfæringar milli bankanna innan kerfisins, það eykur ekki ráðstöfunarféð um einn eyri, og mér virðist vera rétt að benda á það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er líklegra til þess, ef það verður að lögum, að minnka sparifjáraukninguna heldur en auka hana. Og það er vegna þess, að með þessu frv. eru sparifjáreigendur að mjög verulegu leyti sviptir ákvörðunarvaldi um það, í hvaða banka þeirra fé er ávaxtað, en það hugsa ég, að flestir hv. þm. geri sér ljóst, að er nokkurt atriði í sambandi við sparifjármyndunina, að menn viti, hvar þeir geyma peninga sína, og ráði því sjálfir.

Við teljum það ekki vera verkefni Seðlabankans að vera að ráðsmennskast í því, hvar Jón Jónsson vill ávaxta sparifé sitt. Við teljum það vera veigamesta hlutverk Seðlabankans nú að vinna að því að koma í veg fyrir áframhaldandi óheillaþróun í verðlags- og dýrtíðarmálum, sem ríkt hefur á stjórnartímabili hæstv. núv. ríkisstj., raunar ekki í fyrsta sinn að vísu, en það hefur þó aldrei verið eins og nú, dýrtíðarflóðið, sem yfir okkur hefur gengið. Það er veigamesta verkefni Seðlabankans að vinna að því að stemma stigu við þessari verðlagsþróun, en það er einmitt um leið fyrsta forsenda þess, að sparifjáraukningin geti verið viðunandi, að dýrtíðin sé hamin.

Það var liður í stefnu núv. hæstv. ríkisstj. að stórhækka vexti, og það var sagt, að með því mundu sparifjáreigendur loksins fá fullnægt öllu réttlæti. En hlutur þeirra hefur aldrei verið lakari en á undanförnum árum. Þetta kemur til af því, að fyrir sparifjáreigendur skipta nafnvextir bankanna ekki miklu máli. Það, sem máli skiptir fyrir þá, er, hvort þeir geti fengið sömu verðmæti út úr bönkunum aftur eftir nokkur ár og þeir lögðu inn í þá. Það eru raunvextirnir, sem þeir fá, sem skipta þá máli.

Háu vextirnir hafa önnur áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar en að auka sparifjármyndunina. Þeir eru stórfelldur þáttur í þeirri dýrtíð, sem hér hefur ríkt. Þetta höfum við rætt svo oft, að ég skal ekki fara frekar út í það núna, en það liggur ljóst fyrir, að á undanförnum 4 árum hefur vöruverð og þjónustuverð í landinu aukizt milli 80 og 90%, en almennar launahækkanir munu hins vegar nema um 55%.

Hlutur launþeganna í heildarafla þjóðarinnar hefur farið minnkandi. Hvert hefur mismunurinn farið? Hann hefur fyrst og fremst farið í aukinn fjármagnskostnað. Það er fyrst og fremst aukinn fjármagnskostnaður, sem hefur dælt upp þeirri verðbólgu, sem ætlar allt að kæfa í þessu þjóðfélagi nú. Við framsóknarmenn höfum lagt fram frv. um það, að vextir yrðu lækkaðir, og við höldum því fram og höfum leitt að því rök, að það mundi, ef rétt og vel og skynsamlega væri á haldið, hafa þau áhrif á verðlagið í landinu, að vaxtalækkun, lækkun nafnvaxta bankanna, mundi í rauninni þýða hækkun raunvaxta sparifjáreigendanna. Verðtrygging sparifjárins er nauðsynleg, ekki gengistrygging, eins og við hv. frsm. meiri hl. erum alveg sammála um, að er algerlega ófullnægjandi. Verðtrygging sparifjárins er mikið nauðsynjamál, og verðtrygging þess mundi að sjálfsögðu auðvelda mjög lækkun vaxtanna.

Ég geri ráð fyrir því, að ýmsir hv. þdm. hafi fylgzt með því, að á undanförnum árum hafa víðar verið umr. um verðtryggingu sparifjár heldur en bara á Íslandi, þó að engin þjóð í nágrenni okkar hafi haft svipað því eins mikið tilefni til slíkra umr. og við höfum haft. Og ég geri ráð fyrir því, að það séu fleiri en ég, sem hafa tekið eftir því, að þær umr. hafa mjög hnigið í þann farveg, einkum í seinni tíð, bæði í Svíþjóð og Danmörku, að aukin verðtrygging sé rétt leið í þessum efnum til þess að lækka vaxtabyrði atvinnuveganna, og þó hafa vextir í þeim löndum ekki verið svipur hjá sjón við það, sem okkar atvinnuvegir eiga að búa við. Það er ljóst af þeim umr., sem þarna hafa farið fram, að á þeirri stefnu, sem við framsóknarmenn höfum verið að tala fyrir í efnahagsmálum undanfarin 4 ár á hv. Alþingi og annars staðar, er sífellt að vaxa skilningur meðal annarra þjóða, og viss er ég um það, að henni er einnig að vaxa skilningur hér innanlands, þó að hv. þm. stjórnarliðsins haldi áfram að berja höfðum sínum við steininn.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta, enda orðið framorðið. Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til, að þetta frv. verði fellt, og í nál. okkar höfum við hv. 1. þm. Norðurl. e. lagt það til og einnig hitt, að hv. alþm. snúi sér í staðinn að því að afgreiða núna fyrir þinglokin efnahagsmálatill. okkar framsóknarmanna.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég verð að lýsa óánægju minni yfir því, að hæstv. viðskmrh., sem fer með bankamál, skuli ekki hafa verið viðstaddur þessar umr. hér í d. Hann hefur lagt þetta frv. fyrir Alþingi. Hann lagði það að vísu fyrir hér um daginn með stuttri ræðu. Þá gerði ég við 1. umr. málsins ýmsar aths. við þetta frv. og beindi auk þess ýmsum spurningum til hæstv. ráðh. En hæstv. ráðh. var ákaflega hvikull hér í fundarsalnum, á meðan á þeim umr. stóð, og gat ekki gefið sér tíma til að hlusta á það, sem fram fór þá, og því síður að svara þeim fsp., sem til hans var beint.

Þetta er náttúrlega alveg ófært og í allan máta óviðeigandi, að okkur sé haldið hér á fundum langt fram á nótt, en hæstv. ráðh., sem ber ábyrgð á málinu og á að koma því fram, skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera viðstaddur. Þetta mál er lagt fram mjög snemma Alþingis, mjög snemma þings, og það er búið að velkja því í Nd. mánuðum saman. Svo er það að heita má á síðustu dögum þingsins sent hér upp í Ed., og þá á að gera kröfu til þess, að þetta sé afgreitt með hraða hér og ráðh. gefi sér ekki tíma til þess að fylgja jafnþýðingarmiklu máli eftir og vera til staðar og gefa þm. þær upplýsingar í sambandi við málið, sem þeir óska eftir. Það er á allan hátt fordæmanlegt, og ég vil ekki láta þetta mál fara svo í gegn, að ég geri ekki við það aths., og ég fordæmi þessa starfsaðferð algerlega. Það á að vera fullt jafnræði með deildunum, og þær eiga að fá jafna aðstöðu til að kanna þau mál, sem fyrir eru lögð. Þetta eru óviðkunnanlegir starfshættir, og þetta eru mjög óskynsamlegir starfshættir.

Ég hafði enn við þessa umr. hugsað mér að bera fram nokkrar fsp. til ráðh. og freista þess að reyna að fá svör hans við þeim. Þau svör hefðu m. a. getað ráðið nokkru um það, hvort ég teldi rétt að flytja brtt. um þetta mál. Þegar nú allt er í pottinn búið eins og það er, vil ég leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. og það gefist svo tækifæri til þess að halda henni áfram, þegar hæstv. viðskmrh. hefur tíma og tækifæri til þess að vera hér viðstaddur. Þessum tilmælum vildi ég beina til hæstv. forseta, og þá vil ég láta staðar numið, ef við þeim er orðið. Annars get ég náttúrlega haldið áfram hér, ef það þykir heppilegt, þó að það sé tilgangslítið, að ég sé að lesa hér fsp., þegar hæstv. ráðh. ekki er við. Nú vildi ég spyrja hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki verða við þessum tilmælum, því að það getur ekki ýkja mikla þýðingu haft, því að mér sýnist tæplega útlit á því, að hér fari fram atkvgr. hvort eð er í kvöld eða nótt. (**Forseti:** Ég hafði nú hugsað mér að ljúka þessari umr., en fresta atkvgr. Þetta er 2. umr. málsins, og gerir hv. þm. sig ekki ánægðan með að flytja þá sína ræðu við 3. umr.?) Nei. (**Forseti:** Þá mun ég verða við ósk hv. þm. um að fresta umr.)

Umr. frestað.

Á 86. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala langt mál um þetta frv. Ég hafði við 1. umr. þess gert nokkrar almennar aths. við það. Auk þess gekk hv. 6. þm. Sunnl. svo frá þessu máli hér í gærkvöld, að það er í raun og veru ekki þar við bætandi, því að hann sýndi í rökfastri ræðu fram á firrur þess, fjarstæður og algert gagnsleysi. Má raunar undarlegt heita, ef stjórnarflokksmenn og þá fyrst og fremst hæstv. ráðh. getur látið sér lynda að sitja þegjandi undir þeirri ræðu og geta ekki með neinu móti andæft þeim rökum, sem í henni komu fram. En ég hef, í stað þess að fara að ræða málið almennt nú á þessu stigi, ætlað mér að bera upp nokkrar fsp. til hæstv. bankamálaráðh., sem sumar eru reyndar að nokkru leyti endurtekning á því, sem ég drap á í frumræðu minni við 1. umr. þessa máls, en þeim hefur ekki til þessa verið svarað af hæstv. ráðh., né heldur kom það fram hjá frsm. meiri hl. fjhn., að n. hefði tekið þau atriði eða þær ábendingar, sem ég gerði þá, til athugunar á fundum sínum. Ég skal svo ekki hafa lengri formála að þessu, en bera upp þær spurningar, sem mér leikur hugur á að fá svar hæstv. bankamálaráðh. að nokkru leyti við.

Þá er það fyrsta spurningin, að í þessu frv. felst það, að bindiskyldan er hækkuð í 25%, 1/4 hluta af öllu innlánsfé í bönkum og sparisjóðum. Ég bið menn vel að taka eftir því, sem raunar auðvitað allir hafa gert sér grein fyrir, að það er ekki þarna um að ræða hlutfall af aukningu sparifjár, heldur er þarna um það að ræða, að það megi binda 1/4 af öllu því fé, sem lagt er í banka og sparisjóði. Og nú er það fyrsta spurning mín til hæstv. ráðh., hvort slík bindiskylda upp á 25%, eða 1/4 hluta af innlánsfé í bönkum og sparisjóðum, sé ekki algert einsdæmi. Ég veit, að hún er algert einsdæmi hér á landi. Ég hygg líka, að hún sé fordæmalaus utan Íslands. En ég veit, að hæstv. ráðh. er mér fróðari um þessi efni, og ef honum skyldi vera kunnugt um einhver fordæmi þess, að það hefði í einhverju landi verið upp tekin þvílík bindiskylda, þá væri fróðlegt að fá það hér fram.

Ég hef áður bent á það, að ég tel þessa bindiskyldu, 25% af öllu því fé, sem lagt er í banka og sparisjóði, hvort heldur er á venjulega sparisjóðsreikninga eða hlaupareikninga, algera fjarstæðu. Ég tel og hef spáð því, að það sé og verði ómögulegt að framkvæma þessa innlánsbindingu. En eigi að síður hlýtur það að vera tilgangur þeirra, sem mál þetta bera fram, að hún verði framkvæmd. En ég segi það, að ef hún verður framkvæmd eftir orðanna hljóðan, ef hún verður framkvæmd þannig, að 1/4 af því fé, sem er lagt í banka og sparisjóði, verður bundinn, þá spái ég því, og ég vil fullyrða það, að ef þannig verður gengið fram, þá mun hún beinlínis steypa einhverjum bönkum og sparisjóðum á höfuðið og þá auðvitað náttúrlega fyrst og fremst hinum yngri stofnunum, sem eiga erfiðara með að standa undir slíkri bindingu. En þegar þessa er gætt, hversu gífurlegt álag er þarna lagt á banka og sparisjóði, þá vekur það alveg sérstaklega furðu mína, að niður skuli vera felld 4. mgr. 11. gr. í seðlabankal. Ég benti á það við 1. umr. málsins. Ég var satt að segja svo barnalegur að halda, að þarna gætu verið einhver mistök á ferðinni, það hefði í raun og veru ekki verið ætlunin að fella niður þessa 4. mgr. 11. gr. seðlabankal., heldur hefði þarna eitthvert gáleysi átt sér stað, og ég lét mér detta í hug, að hv. fjhn. mundi kannske lag-

færa þetta eftir þá ábendingu, sem ég hef hér gert, en það hefur nú ekki orðið, og þar af sést, að þetta er beinlínis meiningin, að fella niður þessa 4. mgr. 11. gr. seðlabankal., en sú mgr. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Valdi flutningur innstæðna vegna framkvæmdar 1. og 2. mgr. í upphafi erfiðleikum fyrir ákveðnar innlánsstofnanir, skal Seðlabankinn leitast við að leysa úr því, m. a. með því að yfirtaka samtímis af viðkomandi stofnun verðbréf eða aðrar eignir, sem hann metur gildar."

Og nú er það önnur spurning mín til hæstv. bankamálaráðh.: Hvaða ástæður liggja eiginlega til þess, að þetta sanngirnisákvæði er niður fellt?

Það er sagt, að fé það, sem binda á í Seðlabankanum, eigi nú að nota til afurðalána. Það er sagt, að annað ráðstöfunarfé Seðlabankans, eigið fé og annað ráðstöfunarfé, sé nægilegt til þess að standa á móti hæfilegum gjaldeyrisforða, eða þeim gjaldeyrisforða og varasjóði, sem nú er, og það mun enn fremur vera sagt og láta nokkuð nærri, að innlánsbindingin, sem nú er, samsvari afurðalánum, og þó gerir hún nú nokkru betur og talsvert betur, ef farið væri í leyfilegt hámark, eins og það er nú. En það er sagt, að afurðalánin þurfi að auka, — það er rétt, — og því sé aukning bindiskyldunnar nauðsynleg.

Nú verður það þá þriðja spurning mín til hæstv. ráðh.: Er þá ætlunin að nota allt það bundna fé, sem í Seðlabankann inn kemur, sem miðað við óbreyttar aðstæður gæti samkv. hinni nýju bindiskyldu orðið rúmar 1400 millj., 1415 eða 1420 millj., til afurðalána, til endurkaupa á afurðavíxlum? Það er einkennilegt, þegar það er sagt, að þetta bundna fé eigi að nota í þessu skyni, og þegar það er sagt í frv., að megintilgangur með bindingunni eigi að vera þessi, þá er það einkennilegt, að það skuli ekkert svar fást við því, hversu mikið afurðalánin skuli aukin. Það er ekki til of mikils mælzt af hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál, að hann geri grein fyrir fyrirætlunum ríkisstj. í þessu efni, hversu mikið eigi að auka afurðalánin, hverjar nýjar tegundir af afurðalánum eigi upp að taka o. s. frv.

Í 2. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er Seðlabankanum veitt heimild til að afla fjár með sölu gengistryggðra bréfa. Nú spyr ég, og það er mín fjórða spurning: Er meiningin, að fé það, sem Seðlabankinn þannig aflar, sé lánað út aftur með gengisklásúlu, eða er ætlunin, að Seðlabankinn taki á sig sjálfur gengisáhættuna og gengistapið, ef til kemur, á þessu fé?

Um þetta er ekkert í frv., en það ræður vafalaust miklu um notkun þessarar heimildar, hvor leiðin er farin, hvor hátturinn er á hafður. Ef Seðlabankinn á sjálfur að bera áhættuna, en getur ekki velt henni yfir á aðra, er líklegt, að þessi heimild verði notuð í hófi. Ef aftur á móti Seðlabankinn á að geta lánað þetta fé aftur út með gengisákvæði, þá er áhættunni velt yfir á lántakendur. Þá er líklegt, að miklu meir kveði að notkun þessarar heimildar. Þá er hreint og beint opnuð leið fyrir Seðlabankann til hreinnar samkeppni við viðskiptabankana um sparifé. Og þess vegna spyr ég: Hver er ætlunin að þessu leyti? Og jafnframt leyfi ég mér að spyrja, hvort það muni vera hægt að lána þetta fé aftur út með gengisákvæði án sérstakrar heimildar í l., en það er auðvitað mál, að svona veigamiklu atriði í notkun þessarar heimildar hefur seðlabankastjórnin og hæstv. bankamálaráðh. náttúrlega gert sér fulla grein fyrir.

Í ræðu minni við 1. umr. þessa máls vék ég að því, að fyrst á annað borð væri farið að breyta seðlabankal., hlyti sú spurning að vakna, hvort ekki væri í leiðinni rétt að gera aðrar breytingar á seðlabankal., og eitt þeirra atriða, sem ég drap á í því sambandi, var ákvæði þeirra um rétt banka til gjaldeyrisverzlunar. En í 17. gr. þeirra laga er svo mælt fyrir, að rétt til þess að verzla með gjaldeyri skuli Landsbankinn hafa og Útvegsbankinn, auk Seðlabankans náttúrlega, en auk þess skuli seðlabankastjórn, sem er skilið svo, að þar með sé átt við bankastjóra Seðlabankans, heimilt að veita fleiri bönkum hliðstæð réttindi.

Nú skal ég ekki hafa mörg orð um þetta mál, en minni þó aðeins á það, að þegar seðlabankafrv. var á sínum tíma til meðferðar hér í þessari hv. d., bar ég fram brtt. við það þess efnis, að Búnaðarbankanum yrðu veitt hliðstæð réttindi og Landsbankanum og Útvegsbankanum, og færði fram fyrir þeirri till., að mínum dómi, gild rök, og sýndi fram á, að það væri ekki ástæða til þess að setja þennan ríkisbanka að þessu leyti til skör lægra en hina ríkisbankana. En þessi till. fékk ekki undirtektir þá hér í hv. deild, og þess vegna tók ég hana aftur, vegna þess að mér þótti ekki heppilegt að láta hana þá ganga hér undir atkv. og láta hana falla þar, heldur tók ég hinn kostinn, að sjá, hverju fram yndi í stjórn Seðlabankans um þessi efni. Þar af er skemmst að segja, að það hefur æ ofan í æ verið klifað á þessu í stjórn Seðlabankans, að Búnaðarbankinn fengi hliðstæð réttindi að þessu leyti til við hina ríkisbankana, en sú málaleitun hefur engan byr fengið á þeim stöðum. Mér er í raun og veru alveg óskiljanlegt, hvernig á því stendur, og ég skal ekki hafa fleiri orð um það, enda þótt það megi rekja svo mörg og auglýs rök, sem liggja til þess, að það er ekki nokkur ástæða til þess að veita þessum tveimur bönkum þessa forréttindaaðstöðu fram yfir Búnaðarbankann. Ég nefni það alveg sérstaklega, en auðvitað kemur hitt líka til greina, hvort það er nokkur minnsta ástæða til þess að vera að binda þessa grein í bankastarfseminni við ríkisbankana. En það verður ekki séð af nál. og kom ekki fram í framsöguræðum, að hv. fjhn. hafi sérstaklega tekið þessa ábendingu til athugunar, og það er náttúrlega ekki eðlilegt a. m. k., að minni hl. hafi farið að sinna henni, þar sem hann leggur til, að þetta frv. sé beinlínis fellt. En nú langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. um það,

þó að það megi segja, að það sé ekki beinlínis um að ræða atriði í þessu frv., hver sé afstaða hans til þessa máls. Mig langar til þess að fá það alveg hreint fram. Vill hann, að haldið sé í einokunarforréttindi Landsbankans og Útvegsbankans í þessu efni? Eða telur hann ekki eðlilegt, að Búnaðarbankinn fengi rétt til gjaldeyrisverzlunar? Það er ekki alveg út í bláinn, sem mig langar til þess að fá fram afstöðu hæstv. ráðh. um þetta efni hér, því að ef hann lýsti sig jákvæðan í þessu efni, teldi ég rétt, ef tími ynnist til, að freista þess að koma fram brtt. við þetta lagafrv. þess efnis, að Búnaðarbankinn væri í þessu tilliti settur við sama borð og hinir ríkisbankarnir, og ef hæstv. viðskmrh. tjáði sig meðmæltan slíku hér á þessum vettvangi, þá teldi ég fyrir fram góðar horfur á því, að slík till. næði hér samþykki. Ef hann er hins vegar neikvæður í þessu máli og lýsir því hér, þá má heita vonlaust að vera að koma fram með þvílíka brtt. á þessu stigi. En ég segi það enn og aftur, að það er vitaskuld ekkert réttlæti í því að setja Búnaðarbankann hjá í þessu efni, og eins og ég áðan líka sagði, er mér tregða seðlabankastjórnar í þessu efni algerlega óskiljanleg, og mér er lítt skiljanlegt, hve fastheldin stjórnin er á þessi forréttindi, sem Landsbankinn og Útvegsbankinn hafa að þessu leyti. Það sé fjarri mér að vera með neinar getsakir í garð þeirra ágætu manna, sem stjórn Seðlabankans skipa, um vísvitandi vilsýni í þessu efni, en það, að þeir eru allir valdir úr einum og sama banka, Landsbankanum, allir komnir í Seðlabankann frá einum og sama banka, Landsbanka Íslands, er vissulega til þess fallið að vekja nokkra tortryggni í þessu efni. Það væri ekki nema mannlegt, að þeir hefðu nokkru hlýrri tilfinningar til síns fyrri banka heldur en annarra banka, en núv. seðlabankastjórar hafa áður allir verið bankastjórar við Landsbankann og eru komnir beint úr því sæti í starf sitt við Seðlabankann. Það væri vissulega ekki heppileg regla, ef seðlabankastjórnir ættu æ og ævinlega að koma þannig frá einum og sama banka, Landsbankanum. Það gæti orðið tilefni tortryggni, ekki síst í sambandi við mál sem þetta, þar sem spurning er um forréttindaaðstöðu Landsbankans og Útvegsbankans. En þetta er sem sagt óskiljanleg tregða í jafnsjálfsögðu máli og þessu, að manni finnst, og það fer ekki hjá því, að af því megi nokkuð marka hug manna til þess atvinnuvegar, landbúnaðarins, sem Búnaðarbankinn er sérstaklega stofnaður til þess að styrkja.

Herra forseti. Ég hef hér borið fram fimm spurningar til hæstv. ráðh., sem ég vænti, að hann muni svara hér á eftir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal í fáeinum orðum gera tilraun til að svara þeim fyrirspurnum, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur borið fram til mín.

Hann spurði í fyrsta lagi, hvort þær reglur, sem hér hafa verið í gildi síðan 1957 og nú er gert ráð fyrir að gera nokkru viðtækari, muni ekki vera einsdæmi.

Um þetta vildi ég segja, að það er eitt þekktasta hagstjórnartæki, sem seðlabankar allra landa beita, að hagnýta sér heimildir, sem eru í nær allri seðlabankalöggjöf, sem ég þekki til, að binda nokkurn hluta af annaðhvort innstæðuaukningu eða innstæðum viðskiptabanka í seðlabanka. Það er mjög algengt, og slíkar heimildir eru yfirleitt í seðlabankalöggjöf nágrannalandanna. Hitt er rétt hjá hv. þm., að það hlutfall, sem hér er gert ráð fyrir, það hámark, sem hér er gert ráð fyrir, er hærra en tíðkast í líklega flestum nágrannalandanna. Það á sér þá einföldu skýringu, að íslenzki seðlabankinn hefur með höndum lánastarfsemi, sem enginn seðlabanki, sem ég þekki til, í nálægum löndum annast. Enginn seðlabanki, a. m. k. ekki á Norðurlöndum og í helztu löndum Vestur-Evrópu, þar sem ég þekki til skipunar þessara mála, enginn þessara seðlabanka annast endurkaup á viðskiptavíxlum með sama hætti og íslenzki seðlabankinn gerir. Ástæða þess, að gert er ráð fyrir jafnháu hámarki innstæðubindingar og hér á sér stað, er einfaldlega þessi, að Seðlabankanum hér hefur verið fengið verkefni, sem aðrir seðlabankar annast ekki, og meiningin, að hann haldi því áfram. Ef sú kvöð yrði tekin af íslenzka seðlabankanum að annast endurkaup afurðavíxla af sjávarútvegi og landbúnaði, mundi það gerast sjálfkrafa, að Seðlabankinn neytti ekki þessarar heimildar.

Ég get gjarnan skýrt frá því hér, að á s. l. ári var athugað mjög ýtarlega og rætt mjög ýtarlega í ríkisstj. og Seðlabankanum, hvort ekki ætti að reyna að koma á því samkomulagi milli Seðlabankans og viðskiptabankanna, að þeir tækju að sér þau lán, þau endurkaupaviðskipti í víxlum, sem Seðlabankinn nú hefur með höndum. Niðurstaðan af þeim miklu umræðum, sem þá áttu sér stað, var sú, að sú skipulagsbreyting á aðstoð bankakerfisins við sjávarútveg og landbúnað, sem slíkt mundi hafa í för með sér, væri ekki tímabær og á henni væru ýmsir mjög alvarlegir framkvæmdaörðugleikar, svo að frá því ráði var horfið. Og ég tel, að eins og nú standa sakir, mundi það síst, eins og ég hef sagt áður í þessum umr., vera til hagsbóta fyrir sjávarútveg og landbúnað, ef slík breyting ætti sér stað.

Þessari spurningu er því svarað sumpart með jái og sumpart með neii, þ. e. a. s. bindiskylda almennt er ekki einsdæmi, en hins vegar má segja, að það hámark, sem hér er gert ráð fyrir, sé einsdæmi, vegna þess að einsdæmi er sú kvöð, sem hér er á Seðlabankanum, þau verkefni, sem hann hefur varðandi lánveitingar til sjávarútvegs og landbúnaðar, og þannig leiðir hina háu bindiskyldu hér beinlínis af þeim kvöðum, sem hér eru á Seðlabankanum.

Í sambandi við þetta vildi ég og enn undirstrika það, sem ég hef raunar gert áður í þessum löngu umr., sem um málið hafa farið fram, að vara við þeim misskilningi á þeim orðum,

sem notuð eru í sambandi við frv., að Seðlabankinn bindur þetta fé, sem hann fær frá viðskiptabönkunum, ekki í þeim skilningi, að féð sé ekki áfram í umferð hjá atvinnuvegunum. Allt þetta fé Seðlabankans er að sjálfsögðu í umferð, svo sem greinilegast kemur fram af því, að það er nokkurn veginn sama upphæðin, 700—800 millj. kr., sem Seðlabankinn hefur fengið frá viðskiptabönkunum skv. þessum reglum og hann hefur varið til endurkaupa á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðarins.

Frá hreinu hagsmunasjónarmiði Seðlabankans, ef nota má það orð, mætti því vel hugsa sér, að þessi bindiskylda væri algerlega felld niður og þá líka afurðalán Seðlabankans algerlega felld niður. Og ef menn tala um þessar bindingarreglur sem kvöð á atvinnuvegunum, er það að því leyti alger miskilningur, að ef þessar reglur væru afnumdar og afurðakaupunum einnig hætt, yrðu að sjálfsögðu viðskiptabankarnir að lána nákvæmlega sömu upphæð beint til sjávarútvegs og landbúnaðar og þá, sem þeir nú eiga inni í Seðlabankanum. En það er ekki aðeins, að fulltrúar sjávarútvegs og landbúnaðar hafa ekki óskað eftir, að slík breyting yrði gerð, heldur er viðskiptabönkunum sjálfum það þvert um geð, a. m. k. eins og sakir standa, að slík breyting yrði gerð.

Hitt er auðvitað áróður af allra ódýrustu tegund, að gera því skóna, að unnt yrði að létta þessari svokölluðu innstæðubindingu af viðskiptabönkunum og láta Seðlabankann eftir sem áður lána jafnmikið fé til sjávarútvegs og landbúnaðar og hann hefur gert.

Þá spurði hv. þm., hvers vegna felldar væru niður ákveðnar setningar í 11. gr. seðlabankalaga frá 1961 um það, að Seðlabankanum skuli heimilt að taka verðbréf frá viðskiptabönkum, ef bindireglurnar valdi þeim sérstökum erfiðleikum. Það hefur verið talið, að ekki sé lengur þörf á þessum reglum, vegna þess að framkvæmd þessa máls er komið í algerlega fast form. Þessar reglur, þessar undanþáguheimildir, voru taldar nauðsynlegar í upphafi, meðan ekki var auðvelt að sjá fyrir, hvernig framkvæmd þessara reglna mundu verka, en það hefur ekki verið þörf á því að neyta þessara heimilda fram til þessa, og málið er sem sagt allt komið í svo fast horf, að þeirra er ekki lengur talin nauðsyn.

Í þriðja lagi spurði hv. þm., hvort ætlunin væri að nota allt bundna féð til afurðalána. Ég sagði í ræðu minni, þegar ég lagði frv. fyrir þessa hv. deild, að um slík atriði væri ógerningur að gefa nokkra yfirlýsingu fyrir fram. Það hlýtur að sjálfsögðu að fara eftir fjárhagsástandinu á hverjum tíma, eftir því, hversu innstæðuaukningin er mikil og þörfin fyrir lánsfé er mikil, hvernig Seðlabankinn ráðstafar því fé, sem hann fær yfirráð yfir skv. þessum reglum. Það er hins vegar alkunna, að mjög háværar óskir hafa verið uppi um það af hálfu þriðja aðalatvinnuvegar landsmanna, iðnaðarins, að hann fái að njóta einhverra hliðstæðra reglna og sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn njóta nú hjá Seðlabankanum. Og ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að það eigi að taka til mjög ýtarlegrar athugunar alveg á næstunni, hvort ekki sé rétt að reyna að liðsinna iðnaðinum með þessum hætti. En það getur því aðeins orðið, að Seðlabankinn fái aukið fé skv. þessum reglum. Og haldi innstæðuaukningin áfram og fái Seðlabankinn aukið fé, þá mun það verða tekið til athugunar að hefja í einhverju formi endurkaup á afurðavíxlum iðnaðarins.

Varðandi fjórðu spurningu hv. þm. hef ég raunar ekki annað að segja en vitna í 2. gr. frv., eins og hún er, þar sem gert er ráð fyrir því, að Seðlabankinn fái heimild til að gefa út verðbréf með gengisákvæði. Afleiðingin af því er auðvitað sú, að eigendur verðbréfanna bera gengisáhættuna, en ekki Seðlabankinn.

Fimmta og síðasta spurning hv. þm. var sú, hvaða afstöðu ég hefði til þeirra tillagna, sem uppi hafa verið um það, að Búnaðarbankinn fái gjaldeyrisréttindi. Um þetta get ég á þessu stigi aðeins sagt það, að ég tel, eins og nú standa sakir, ekki tímabært að gera breytingar á því skipulagi varðandi gjaldeyrisréttindi, sem nú á sér stað. Hitt er annað mál, að ég geri ráð fyrir því, að þetta skipulag muni ekki standa um alla eilífð. Það hefur verið rætt undanfarin ár, hvort ekki sé rétt að gera á þessu breytingar, ekki aðeins að það sé gert í Búnaðarbankanum, heldur og við aðra viðskiptabanka í landinu. Það mál er áfram til athugunar. Það verður haldið áfram athugunum á því, hvort ekki sé rétt, að viðskiptabankar landsins yfirleitt fái rétt til að verzla með gjaldeyri í einhverju formi. Um þetta hefur ekki verið tekin nein endanleg ákvörðun, en málið er í athugun, og þeirri athugun mun verða haldið áfram.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara hér að ræða þetta mál almennt, þótt það væri freistandi að ræða ýmis atriði þess, sem vissulega hafa mikla þýðingu fyrir allt efnahagskerfið. Ég vil taka það fram, að ég er sammála hæstv. ríkisstj. og stjórn Seðlabankans um nauðsyn þess að framkvæma vissa bindingu á innlánaaukningu banka og annarra lánastofnana, með hliðsjón af því ástandi, sem ríkjandi er og hefur verið að undanförnu í okkar efnahagskerfi, og þeirri miklu þenslu, sem þar er. Hitt vil ég taka skýrt fram, að ég álít, að það verði að fara með fullri varfærni í slíka bindingu, og það er full ástæða til að leggja áherzlu á, að þess verði vendilega gætt að ganga þar ekki lengra en góðu hófi gegnir. Það er auðvitað alltaf viss hætta í því, að menn hugsi sem svo, að það sé nauðsynlegt að ganga svo og svo langt í þessum efnum sem öðrum, og það er erfitt að setja markið, hvenær nógu mikil tryggíng er fengin fyrir þeirri peningamálapólitík, sem nauðsynlegt er talið að reka, og ég skal ekki dæma um það, hvort hægt er að ákveða það nánar

en gert er í þessu frv. En ég hygg þó, að það hljóti að koma að því innan tíðar, að það komi ekki til, að frekari binding eigi sér stað.

Það er alveg rétt, að Seðlabankinn verður að sjálfsögðu að hafa fé til þess að standa undir sínum skuldbindingum, meðan á hans vegum eru þær lánveitingar, sem nú eru þar og hæstv. viðskmrh. lýsti hér áðan í sambandi við afurðalánin. En það hljóta auðvitað að verða viss mörk á því, nema aðeins að þar verði um verulega aukningu slíkra lána að ræða, og það ber að leggja áherzlu á það, og það er skilningur viðskiptabankanna á þessu ákvæði, að þess verði vandlega gætt að ganga ekki lengra í bindingunni en brýnasta þörf krefur.

Það er einnig rétt, að komi hér fram, að að sjálfsögðu verður að beita með mjög mikilli varfærni því heimildarákvæði, sem er um skuldabréfaútgáfu, útgáfu gengistryggðra verðbréfa Seðlabankans, af því að það er ljóst, að ef þau bréf yrðu þannig úr garði gerð varðandi kjör, að þau væru sérstaklega aðlaðandi fyrir sparifjáreigendur, væri með því einnig hægt að auka verulega á bindinguna á þann hátt.

Ég tel hins vegar ekki ástæðu til þess að álíta, að þess verði ekki fullkomlega gætt, að það raski ekki eðlilegri starfsemi viðskiptalánastofnana, því að að sjálfsögðu mega menn ekki álíta, að stjórn Seðlabankans sé sérstaklega umhugað um að skapa einhver vandræði fyrir viðskiptalánastofnanir í landinu. Það hlýtur auðvitað að vera hennar skylda að sjá til þess, að þessi mál þróist á þann hátt, sem farsælast megi telja á hverjum tíma.

Það er hins vegar skiljanlegt, að það er erfitt um vik fyrir lánastofnanir, sem liggja undir miklu meiri eftirspurn fjár af hálfu sinna viðskiptavina en mögulegt er að lána, að þurfa að binda mjög háar fjárhæðir, og það gefur auga leið, eins og bent hefur verið á af stjórnum vissra banka, sem látið hafa í ljós skoðun sína á þessu máli, að vitanlega rýrir þetta möguleika bankanna til að veita fyrirgreiðslu þeim aðilum, sem til þeirra leita. En þetta mál verður auðvitað að skoðast í ljósi þeirrar staðreyndar, hvort frá efnahagslegu sjónarmiði og peningapólitísku sjónarmiði í landinu er nauðsynlegt að viðhafa ráðstafanir sem þessar eða ekki. Það atriði hlýtur að ráða úrslitum um viðhorf manna almennt til þessara reglna.

Það var annars ekki ætlun mín, eins og ég sagði áðan, að fara að ræða þetta mál í einstökum atriðum. En það er eitt atriði, sem ég get ekki stillt mig um að minnast hér á og hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að í ræðu sinni áðan og raunar einnig við 1. umr. um þetta mál, en það var um það, hvort ekki væri tímabært orðið og eðlilegt, að Búnaðarbanki Íslands fengi gjaldeyrisréttindi eins og allir aðrir ríkisbankar hafa.

Ég er honum fullkomlega sammála um þetta, og ég er honum jafnframt mjög þakklátur fyrir, að hann hefur alla tíð drengilega stutt þetta viðhorf, og innan Seðlabankans hefur hann einnig gert það, mér er kunnugt um það, því að sannleikur málsins er sá, og ég hef sannfærzt um það því betur sem ég hef kynnzt betur bankastarfsemi, að það eru ekki til nokkur rök fyrir því, að Búnaðarbankinn fái ekki þessi réttindi. Það hefur verið haldið fram vissum kenningum um það atriði, sem ég skal ekki fara út í og ekki fara að efna til umræðna um þetta mál, en ég hef grandskoðað þær kenningar og er sannfærður um það og tel mig mæla þar fullkomlega öfgalaust, að þær fá á engan hátt staðizt sem röksemdir fyrir því, að þessi breyting verði ekki gerð. Það er hins vegar svo, að það er alltaf tilhneiging til vissrar íhaldssemi í þessum málum sem öðrum, og mér er kunnugt um þær skoðanir, sem fram hafa komið frá vissum aðilum í stjórn Seðlabankans, að sú skipan, sem verið hafi í þessum málum, hafi reynzt svo vel, að það sé ekki nein ástæða til breytinga. Á slíkt mega menn auðvitað ekki blína, heldur horfa á það, hvort um eðlilega skipan mála er að ræða eða ekki, miðað við allar aðstæður, eins og þær eru. Ekki hvað sízt vegna þess, hvað viðskiptalíf er nú orðið miklum mun frjálsara en verið hefur, liggur í augum uppi, að það er óumflýjanlegt annað en taka þetta mál til endurskoðunar.

Ég átti þátt í því beinlínis, þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti till. um þetta hér á sínum tíma, að fara þess á leit við hann, að hann drægi þá till. aftur, vegna þess að ég taldi ekki æskilegt að efna til deilna um það mál hér, ekki sízt ef till. næði ekki fram að ganga, og vegna þess að ég treysti því, að skilningur stjórnar Seðlabankans mundi vera fyrir hendi á þessu máli, og í seðlabankalögunum er heimild seðlabankastjórninni til handa til að veita öðrum bönkum en þar eru nefndir slík réttindi. Því miður hefur þessi skilningur ekki verið fyrir hendi, og það er búið að sækja eftir þessu allan tímann síðan, að þetta mál var hér til umr., án nokkurs árangurs. Ég verð því miður að segja, að mér finnst, að athuganir á þessu máli séu búnar að taka æðilangan tíma, og sannast sagna hef ekki fundið ástæðu fyrir því, af hverju er ekki endanlega hægt að gera út um þetta mál, og ég get ekki fallizt á þá skoðun, að breyting sem þessi sé ekki tímabær. Ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að það sé fráleit og fáránleg skipan að ákveða, að vissir viðskiptabankar skuli hafa gjaldeyrisréttindi, og ég veit ekki til, að þetta tíðkist í nokkru einasta landi, hér a. m. k. í okkar nálægu löndum, að slík skipan mála sé.

Hitt finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að setja í l. um seðlabanka, að það væri skylt, að bankar uppfylltu viss skilyrði til þess að geta fengið þessi réttindi, því að það gefur auga leið, að það verður að vera fyrir hendi viss reynsla af starfi banka og að bankinn sé svo sterkur fjárhagslega, að hann geti risið undir þeim skuldbindingum, sem af þessu leiðir, og skapi ekki hættu fyrir efnahagslegt traust þjóðarinnar út á við með því að geta ekki staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur tekizt á

hendur. Þetta allt saman er eðlilegt, og ég tel, að það væri sjálfsagt og í rauninni ákaflega einföld breyting og þyrfti engra bollaleggínga við að ákveða, að bankar, sem, eins og ég sagði, uppfylltu viss skilyrði, hefðu vissa upphæð innlánsfjár, sem vitanlega er mesta tryggingin fyrir þeirra skuldbindingum, skyldu hafa réttindi til að verzla með erlendan gjaldeyri. Þeir verða svo auðvitað að gæta þess að uppfylla þær skyldur aðrar, sem á hverjum tíma eru af löggjafans hendi eða framkvæmdavaldsins settar um meðferð þeirra réttinda.

Þetta vildi ég láta ákveðið koma hér fram í sambandi við þau orð, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði áðan. Og ég vil ákveðið harma það, að ekki skuli hafa tekizt á þann hátt, sem ég vonaðist til að hægt væri að leysa þetta mál, með friðsamlegu samkomulagi og virðingu fyrir öllum staðreyndum málsins að fá þetta leyst á viðunandi hátt. Það eitt út af fyrir sig, að Búnaðarbankinn, sem er yfir 30 ára gamall banki og er, eins og ég sagði áðan, eini ríkisbankinn, sem hefur ekki þessi réttindi, — það eitt mál út af fyrir sig er þess eðlis að skapa nægilegan rétt bankanum til handa, miðað við þá þróun, sem hann hefur haft, og hans stöðu í þjóðfélaginu í dag. En ég vil einnig láta það koma skýrt fram, að ég er ekki með því að halda því fram, að það eigi sérstaklega að binda þetta við ríkisbanka, eins og ég sagði, ef bankar eru búnir að öðlast vissan styrkleika og hafa sýnt það um — við skulum segja: tiltekið árabil, að þeir hafi þróazt með eðlilegum hætti, þannig að þeim sé treystandi sem lánastofnunum, þá beri að veita þeim þessi réttindi. Það liggur alveg ljóst fyrir, að banki, sem búinn er að fá vissan starfsgrundvöll, það verður honum því erfiðara, eftir því sem tímar líða og eftir því sem hann verður stærri, að hafa ekki aðstöðu til þess að veita viðskiptavinum sínum þá fyrirgreiðslu, sem hér er um að ræða.

Þetta vil ég ákveðið láta koma hér fram í sambandi við þessar umræður, sem hér hafa komið fram. Út af fyrir sig þykir mér vænt um, ef áfram er til athugunar lausn þessa máls, en mér þykir, eins og ég sagði áðan, að sú athugun hafi gengið harla hægt og það eigi ekki að þurfa stórkostlegar bollaleggingar í því sambandi, og vil að lokum láta í ljós von um það, að þetta mál leysist á þann eina hátt, sem viðunandi er.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svör þau, sem hann gaf við þeim fyrirspurnum, sem ég bar hér fram. Að vísu er rétt að taka það fram varðandi fyrstu fyrirspurnina, að hún var ekki um það, hvort reglur um innlánsbindingu almennt tíðkuðust annars staðar eða ekki. Það var mér nú fullvel kunnugt, að slíkar reglur þekkjast víða. En ég held nú, að þvílíkar almennar reglur séu víðast hvar settar einfaldlega vegna öryggis viðskiptabankanna, þeim er gert að skyldu að eiga nokkurt laust fé á öruggum stað, sem sagt í þjóðbankanum. En hins vegar var spurning mín um það, hvort 25% innlánsbindiskylda þekktist nokkurs staðar, og það staðfesti hæstv. viðskmrh., að hún væri hvergi fyrir hendi. En hann vildi réttlæta þessa bindiskyldu hér vegna þess, að Seðlabankinn hefði með höndum útlánastarfsemi, sem þjóðbankar annars staðar hefðu ekki með höndum. Það má rétt vera, en hins vegar minni ég á það, að bindiskyldan var í upphafi alls ekki rökstudd með þeim hætti, heldur var hún þá og lengi fram eftir og eiginlega allt fram til þess, að þetta frv. sá dagsins ljós, rökstudd með því, að það væri nauðsynlegt að binda þetta fé til þess að skapa mótvægi á móti þeim gjaldeyrisforða, gjaldeyrisvarasjóði, sem talið var nauðsynlegt að koma upp erlendis.

Þess vegna fæ ég nú ekki séð, að það geti staðizt, sem hæstv. ráðherra sagði, — að það geti staðizt út frá hans sjónarmiði, þar sem hann lét orð falla á þá lund, að ef Seðlabankinn hefði ekki þessa útlánastarfsemi, sem hann hefur nú með höndum, þá yrði bara þessari innlánsbindingu alveg sjálfkrafa hætt. Ég verð að segja það, að þá er komið nokkuð langt frá þeim slóðum, sem haldið var inn á 1960 og 1961.

Viðvíkjandi annarri spurningu minni sagði hæstv. viðskmrh., að það væri ekki lengur þörf á þeirri heimild, sem felst í 4. mgr. 11. gr. seðlabankal., þ. e. a. s. að greiða fyrir viðskiptabönkum og sparisjóðum um fullnustu á innlánsbindingu með því að veita þeim heimild til að afhenda verðbréf.

Hann sagði, hæstv. viðskmrh., að það væri ekki lengur þörf á þvílíkri heimild og málið allt væri komið í svo fast horf. Ég verð nú að segja, að ég tel þetta nokkuð hraustlega mælt. Þegar á að hækka bindiskylduna um 2/5, úr 15% upp í 25%, á verulegum hluta, því að sparifé er náttúrlega miklu meiri hluti en það, sem stendur á innlánsreikningum, þá verð ég að segja, að ég býst við því, að sumum sparisjóðum og viðskiptabönkum geti orðið nokkuð erfitt fyrir að inna þessa innlánsbindingu af hendi. Það er kannske gott og blessað, ef menn hafa svo mikið traust á forstöðumönnum þessa máls, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e., að það mundi vera gengið fram í þessu með fyllstu gát og varfærni og engum íþyngt, en það traust virðast ekki kollegar hans við Iðnaðarbankann og Verzlunarbankann hafa í eins ríkum mæli, ef dæma má af þeim umsögnum, sem fengnar hafa verið frá þeim bönkum.

Viðvíkjandi þriðju spurningu minni er þess bara að geta og undirstrika það, að hæstv. ráðh. gat ekki á þessu stigi gefið neinar yfirlýsingar um það, hvort eða hve mikið af þessu aukna innlánsbindifé færi til afurðalána. Það er því allt eftir sem áður í hinni fullkomnustu óvissu, bara slegið úr og í um það, að það verði tekið til athugunar varðandi iðnaðinn, hvort tekin yrði upp eitthvað hliðstæð fyrir-

greiðsla við hann og átti sér stað varðandi sjávarútveg og landbúnað.

Viðvíkjandi fjórðu spurningunni er það að segja, að af einhverjum ástæðum hefur hæstv. ráðh. algerlega misskilið þá fyrirspurn mína. Þar er um að tefla, að Seðlabankinn hefur heimild til að gefa út verðbréf, skuldabréf með gengisákvæði. Svo koma menn í Seðlabankann og kaupa þessi bréf, og það eru þeir, sem hafa ekki gengisáhættu, heldur von um gengisgróða, eða sem sagt kannske ekki gróða, en að vera jafnsettir og áður, þannig að verðbréf þessi eiga að fylgja genginu. En þeir láta í staðinn fyrir þessi bréf af hendi við Seðlabankann fé. Það, sem ég spurði um, var það: Hvernig á að verða háttað ávöxtun þess fjár? Á Seðlabankinn sjálfur að bera áhættuna af gengisbreytingu á þessum bréfum eða á hann að lána þetta fé, sem hann fær í staðinn fyrir þessi verðbréf, út með gengisklásúlu? Það var þetta, sem ég spurði um. Þetta hefur náttúrlega að mínu viti geysimikla þýðingu. Um þetta er ekki stafur í frv.

Í fimmta lagi var svo spurningin um gjaldeyrisréttindin til handa bönkunum. Hæstv. viðskmrh. gaf bara þá yfirlýsingu, að þetta mál væri í athugun, og gat ekki meira um þetta sagt. Þá yfirlýsingu skil ég á þá lund, að hún sé neikvæð, hann mundi ekki fylgja og ekki leggja til, að samþ. yrði till. hér, þótt fram kæmi, um það að veita Búnaðarbankanum gjaldeyrisréttindi, né heldur mundi hann samþykkja till., þó að hún kæmi fram, um að veita viðskiptabönkum almennt, sem fullnægðu vissum skilyrðum, gjaldeyrisréttindi. Þar af leiðandi tel ég vonlaust að koma fram með þvílíka till. nú og mun ekki gera það, en vil jafnframt taka það fram, að ég er fús til að taka þátt í flutningi slíkrar till., ef aðrir vilja beita sér fyrir henni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:8 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:7 atkv.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 91, 647, 648).

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér fyrir hönd ríkisstj. að flytja 2 brtt. við frv. á þskj. 647. Fyrri brtt. gerir ráð fyrir því, að óski innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, skuli hún sækja um leyfi til þess til Seðlabankans, sem láti í ljós álit sitt á umsókninni og leggi það fyrir þann ráðherra, sem fer með mál hlutaðeigandi banka eða innlánsstofnunar, og taki þá ráðherra ákvörðun um, hvort leyfið skuli veitt eða ekki.

Það er alkunna, að að undanförnu hefur verið vaxandi samkeppni milli banka um staðsetningu útibúa, og bendir sú reynsla mjög ótvírætt til, að nauðsynlegt sé, að tekið sé upp opinbert eftirlit á þessu sviði, svo sem tíðkast mjög víða erlendis. Mundi þá vera stefnt að því að koma í veg fyrir offjölgun útibúa á einstökum stöðum, en slíkt mundi að sjálfsögðu aðeins hafa í för með sér aukinn kostnað við rekstur bankakerfisins, en í stað þess verði unnið að því, að bankaútibúin dreifist sem víðast um landið, þannig að bankaþjónusta sé hvarvetna sem bezt.

Nú hefur löggjöf viðskiptabankanna heimilað þeim stofnunum að ákveða einhliða, hvar þær koma á fót útibúi eða umboðsskrifstofu. Þau ákvæði hafa, eins og ég gat um áðan, leitt til vaxandi samkeppni þeirra um staðsetningu útibúa og hafa haft í för með sér fjölgun þeirra, sem sumir telja óhóflega mikla, án þess þó að reynslan hafi orðið sú, að bankaútibúin hafi dreifzt um landið þannig, að sem bezt sé séð fyrir þessari þjónustu. Þetta eru rökin fyrir því, að ríkisstj. telur, að nauðsynlegt sé, að till. sé gerð til heildarskipulagningar á staðsetningu bankaútibúa, og telur, að það markmið geti ekki náðst með öðrum hætti en þannig, að stofnun bankaútibúa séð háð leyfisveitingu ráðherra að fengnum till. Seðlabankans hverju sinni.

Seinni brtt. er um það, að Seðlabankanum sé heimilt að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda skv. nánari reglum, sem ráðherra setur.

Það er kunnugt, að Seðlabankinn hefur haft forgöngu um sérstakar aðgerðir, sem beinast gegn misnotkun ávísana. Þessar aðgerðir eru fyrst og fremst fólgnar í sérstöku allsherjaruppgjöri, sem Seðlabankinn hefur beitt sér fyrir nokkrum sinnum, og svo í daglegri innheimtu þeirra ávísana, sem innlánsstofnanir í Reykjavík eignast og ónóg innstæða er fyrir. Þessar aðgerðir hafa þegar borið allgóðan árangur, og er greinilegt, að þeim verður að halda áfram. Þess vegna þykir rétt að staðfesta í löggjöf heimild fyrir Seðlabankann til þess að veita þá þjónustu, sem hann hefur veitt í þessum efnum fram að þessu. Það innheimtugjald, sem bankinn áskilur sér, þarf að vera allhátt, til þess að árangur verði af þessum aðgerðum, og er því talið rétt, að ráðh. sá, sem fer með bankamál, ákveði, hversu hátt það megi vera, og setji að öðru leyti reglur um framkvæmdina, eins og gert er ráð fyrir í seinni brtt. Þetta vona ég, að hv. d. telji nægilegt til skýringar á þessum brtt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þetta eru alveg furðuleg vinnubrögð, sem hér eru höfð um hönd, alveg furðuleg. Og ég get ekki annað en látið í ljós vonbrigði mín yfir því, að hæstv. viðskmrh. skuli beita sér fyrir þvílíkum vinnubrögðum. Þetta frv., sem hér er fjallað um, frv. um Seðlabanka Íslands, var lagt fram snemma þings. Það hefur verið til meðferðar í Nd. svo að mánuðum skiptir, verið rætt þar mikið og nægur tími gefizt þar til

athugunar á öllum atriðum í sambandi við þetta mál. En það hefur ekki á þeim tíma vaknað upp fyrir hæstv. viðskmrh., að það gæti verið ástæða til að gera frekari breytingar á seðlabankal. heldur en lagt er til í frv. Seint og síðar meir er svo þetta frv. tekið til meðferðar hér í þessari hv. d. Þá gerir hæstv. viðskmrh. við 1. umr. málsins mjög takmarkaða og stutta grein fyrir þessu frv. Ég tók síðan til máls við þá umr. og gerði allmargar aths. við þetta frv. Hæstv. viðskmrh. var þá eins og fló á skinni hér í d. og mátti ekki vera að hlusta á nema með öðru eyranu — og varla þó — það, sem fram var borið í sambandi við þetta. Síðan átti svo að taka málið til 2. umr., og var það tekið til 2. umr. hér á næturfundi, án þess að viðskmrh. léti þá svo lítið að vera viðstaddur. Og það var fyrir eindregin mótmæli mín og eindregin tilmæli, að hæstv. forseti frestaði þá afgreiðslu málsins til næsta dags, og þá fyrst var hæstv. viðskmrh. viðlátinn að vera hér staddur í d. og svara, að vísu af lítilli getu, þeim fsp., sem ég þá bar fram. Og nú er þetta mál tekið til 3. umr., þegar sennilega tveir dagar lifa þingsins. Og þá fyrst hugkvæmist hæstv. viðskmrh. að koma fram með brtt., sem fyrir liggja á þskj. 647.

Um seinni brtt. er það að segja, að hún er nánast hlægileg, það verð ég að segja, og þó kannske ekki að öllu leyti, því að í henni felst viss vitnisburður um seðlabankastjórn. Ég veit ekki betur en það hafi viðgengizt nú um alllanga hríð, að Seðlabankinn hafi tekið að sér að innheimta ávísanir, sem ekki er næg innstæða fyrir hjá innlánsstofnunum. Eg veit ekki betur en það hafi gerzt með samningi á milli Seðlabankans og viðskiptabankanna. Ég hef aldrei heyrt, að það hafi verið vefengt, að þetta hafi verið fyllilega lögmætt. Nú á að fara að koma fram með till. um að setja lagaákvæði um þetta. Þýðir þá það, að það, sem gert hefur verið í þessu máli af hálfu seðlabankastjórnar og viðskiptabankanna, hafi verið með öllu ólöglegt? Hvað á það að þýða að fara að fá þessa heimild nú? Auðvitað gerir það ekkert til, þótt þessi heimild verði samþ. í sjálfu sér, en þetta er bara alveg út í bláinn og getur ekki þýtt annað en það, að það sé vefengt af hæstv. viðskmrh., að Seðlabankinn hafi haft heimild til þess að gera það, sem hann hefur gert. En þessi brtt. er meinlaus.

Hið sama verður ekki sagt um fyrri brtt. Hún er að mínum dómi fáránleg af mörgum ástæðum. Hún er að vísu í stíl við stefnu hæstv. ríkisstj., þá sem hún hefur fylgt að undanförnu, allt frá því að hún setti seðlabankalögin 1961, en seðlabankal. táknuðu þá að vissu leyti spor aftur á bak frá því, sem verið hafði, því að gagnstætt því, sem var þá látið í veðri vaka, var með þessum l. um Seðlabankann frá 1961 verið að gera hann háðari ríkisstj. en hann hafði áður verið. Þó að það væri haft á orði, að það væri verið að stofnsetja sérstakan og sjálfstæðan seðlabanka, var raunveruleikinn þessi, að það var verið að gera bankann háðari ríkisstj. en áður var. Og síðan hefur allt miðað í þá sömu átt að setja sem mest undir ríkisstjórnarhatt í bankamálunum. Og nú við 3. og síðustu umr. málsins í þessari hv. d., síðari d., sem fær mál þetta til meðferðar, kemur hæstv. viðskmrh. fram með alveg spánnýja brtt., þess efnis, að ef innlánsstofnanir þær, sem ræðir um í þessu frv., sem hér liggur fyrir, — en það eru ekki bara bankar og ekki bara sparisjóðir, heldur einnig innlánsdeildir kaupfélaga, — að ef innlánsstofnanir þær, sem ræðir um í þessu frv., óska þess að setja upp útibú eða umboðsskrifstofu einhvers staðar, þá skuli þurfa að fá til þess leyfi ríkisstj. Ríkisstj. ætlar sem sé sjálf að ákveða það í framtíðinni, á hvaða stöðum útibú skuli upp sett og hvaða bankar skuli gera það á hverjum stað.

Það er náttúrlega skiljanlegt, að marga langar til að hafa völd, og það getur kannske verið mannlegt, að ráðh. langi til þess að geta haft vald til þess að ráðstafa hlutunum. En ég hygg nú, — ég veit, að ég er ekki eins fróður um bankamál og hæstv. viðskmrh., — en ég vil nú leyfa mér að staðhæfa, þangað til annað upplýsist, að þess muni ekki þekkjast dæmi í öðrum löndum, að viðskiptabankar þurfi leyfi ríkisstj. til þess að setja upp útibú eða umboðsskrifstofu, hvar sem vera skal. En þessi brtt. er með sama blænum og annað í seðlabankalögunum. Það á að reyna að láta það líta svo út, að það sé verið að fela Seðlabankanum eitthvert hlutverk, gera sem minnst úr því, að það er í raun og veru ríkisstj., sem öllu á að ráða. Seðlabankinn á hér eins og annars staðar að vera skriffinnskulegur milliliður á milli. Það á sem sé, þegar viðskiptabanki óskar að setja upp útibú einhvers staðar, þegar sparisjóður óskar að setja upp einhvers staðar umboðsskrifstofu, þegar innlánsdeild kaupfélags vildi gera það til hagræðis viðskiptamönnum kaupfélags að setja upp umboðsskrifstofu einhvers staðar annars staðar á félagssvæðinu heldur en þar sem höfuðstöðvar félagsins eru, þá á að senda þá umsókn til Seðlabankans, og svo má Seðlabankinn athuga þá umsókn, og hann má láta í ljós álit sitt á henni, en síðan verður að senda umsóknina upp í stjórnarráð, og þar verður ráðh. að segja til, hvort við þessum tilmælum skuli orðið eða ekki. Það eru miklar umbúðir um okkar Seðlabanka, og í orði er honum sums staðar fengið dálítið vald, og honum stýra þrír ágætir bankastjórar og svo er þar yfirbankaráð, en ekki þykir nú þessari stofnun samt, þjóðbankanum sjálfum, sem svo er kallaður, trúandi fyrir að skera úr því, hvort viðskiptabankar eða innlánsstofnanir skuli setja upp útibú á þessum eða þessum stað. Nei, hann má ekki hafa fullnaðarráð um það, ráðh. skal hafa valdið. Það er ráðh., sem á að taka ákvörðun um það, hvort leyfi skuli veitt. Þannig er þetta allt á eina bókina lært, að það er verið að fara í feluleik með hlutina og reyna að breiða yfir það, sem raunverulega vakir fyrir hæstv. ríkisstj. og er hennar vilji. Hún er að sölsa undir sig vald, sem hún hefur ekki og hefur ekki haft til þessa. En hún er að reyna

að breiða yfir það með því að láta líta svo út, að hún sé að fá Seðlabankanum eitthvert hlutverk í þessu sambandi, og skýtur svo þessu ákvæði um vald ríkisstj. inn í frv. til seðlabankalaga.

Nú er það reyndar svo, að þessi brtt. fjallar ekki um seðlabanka. Hún fjallar um viðskiptabanka og þeirra starfsemi og innlánsstofnanir þeirra, og það vill nú svo til hjá okkur, þó að það megi kannske segja, að það sé dálítið einkennilegt og óvenjulegt, miðað við það, sem er annars staðar, að það hafa verið sett hér sérstök lög um hvern viðskiptabanka, sem hér hefur verið settur á stofn. Það hafa ekki enn verið sett almenn bankalög, svo sem eðlilegt mætti teljast. Mér er það að vísu kunnugt, að hæstv. viðskmrh. hefur gert ráðstafanir til þess, að samin verði slík almenn bankalög fyrir viðskiptabanka og innlánsstofnanir, því að þau eiga að ná til allra innlánsstofnana. En það virðist liggja svo mikið á þessari breytingu, að hún hafi ekki mátt bíða eftir því, og hana á að gera hér með þessum hætti, að láta samþykkja hana við eina umr., síðustu í þessari d., fara svo til neðri deildar, og þar á hún að samþykkjast við eina umr., og þá eiga þetta að heita lög. En það er nú þannig fyrir mælt í okkar stjórnarskrá, að hvert lagafrv. eigi að ganga í gegnum þrjár umr. í hvorri d. En í þessu tilfelli hagar svo til, eins og ég sagði áðan, að um hvern einasta viðskiptabanka eru sérstök lög, og það er í þeim lögum, sem mælt er fyrir um þetta efni, sem hér er verið að skipa fyrir um. Og ef þeim lögum á að breyta með þessum hætti, sem ég hef hér bent á og augljóst er að ætlunin er, þá sér það hver heilvita maður, að ákvæðum þessum, sem standa t. d. í lögunum um Landsbanka Íslands og í lögunum um Útvegsbanka Íslands og í öðrum hinum einstöku bankalögum, þá sér hver maður, að breyting á þeim lögum hefur ekki gengið í gegnum neinar 3 umr., en þessi brtt. er í raun og veru brtt. við hin einstöku bankalög. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — benda á lög nr. 11 1961, um Landsbanka Íslands. Þar segir í 4. gr. skýrum stöfum:

„Landsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankastjórn og bankaráð ákveða."

Hér er alveg skýrum stöfum mælt í l., hvaða aðilar það eru, sem ákveða það, hvar Landsbankinn skuli geta sett upp útibú. Ef því fyrirkomulagi á að breyta, þarf að breyta þessari gr., 4. gr. landsbankal. Það sér hvert sæmilega þroskað barn, það er ekki hægt að fara öðruvísi að. Og alveg sama verður upp á teningnum, þegar flett er upp á l. um Útvegsbanka Íslands, nr. 12 frá 1961. Þar segir svo í 4. gr.:

„Útvegsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankastjórn og bankaráð ákveða."

Það eru bankastjórar Útvegsbankans og bankaráð hans, sem ákveða það, hvar Útvegsbankinn skuli hafa útibú samkv. l. um Útvegsbanka. Og ef á að breyta því ákvæði, þá á að breyta því með breyt. á l. um Útvegsbanka eða í almennum bankalögum, sem kæmu í stað eða leystu af hólmi þessi einstöku bankalög. Þannig gæti ég haldið áfram og lesið upp úr öllum þeim bankalögum, sem sett hafa verið viðskiptabönkum, eða þá þeim samþykktum, sem settar hafa verið um einkabanka til viðbótar þeim l., sem um þá hafa verið sett. Þetta er því alveg furðulegt, að fara að koma með þetta á síðasta stigi málsins og ætla að fara að koma hér — ég vil segja: aftan að mönnum um þetta. Þegar það hefur verið gert ráð fyrir því, að þinginu væri að ljúka, þá er komið þarna með spánnýtt mál. Við stjórnarandstæðingar hér í Ed. verðum áreiðanlega ekki sakaðir um það að hafa haldið hér uppi málþófi yfirleitt. En ef það á að fara svona að, þá verður að grípa til einhverra ráða.

Nú er það alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. drap á í ræðu sinni hér áðan, að það hefur nokkuð mikið kveðið að því, að bankaútibú væru sett upp, og það má vel vera, að mörgum hafi sýnzt, að í því hafi ekki gætt fullrar hagsýni, hafi ekki alltaf verið farið sem skynsamlegast að, þannig að tveir bankar hafa kannske sett upp útibú á sama stað og það kannske ekki í sérlega fjölmennum byggðarlögum. Það má kannske í sjálfu sér gagnrýna þetta. Og það má gagnrýna það kannske, að þessir sömu bankar hafa sett upp útibú nokkuð víðs vegar hér um bæinn og lagt talsvert fé í húsnæði hér og þar, að því er virðist í því skyni. En ég held, að það sé samt ekki hægt að gagnrýna það svo sterklega, að það réttlæti þessa ráðstöfun, sem hér er gerð, að fara að taka alveg ráðin af stjórnum viðskiptabankanna í þessu máli, svipta þær alveg forræði í þessum málum. Þó að það megi kannske finna að einstökum ráðstöfunum þar, þá held ég, að það réttlæti ekki það vantraust, sem kemur fram í þessari brtt. í garð viðskiptabankanna og stjórna þeirra. Og þó að hæstv. ríkisstj. vilji fá meiri völd í þessu efni, er það nú ekki svo, að þessir viðskiptabankar séu svo ákaflega fjarlægir hæstv. ríkisstj., af því að a. m. k. í bankaráðum flestra rkisbankanna mun ráðh., einn eða fleiri, eiga sæti, þannig að það eru hæg heimatökin fyrir ríkisstj. að fylgjast með í þessu efni, því að það er alveg ljóst af þessum lagaákvæðum, sem ég las upp hér áðan, að það er bankaráðið líka, sem verður að segja sitt orð um það, hvort upp skuli sett útibú eða ekki. Og það má þess vegna vissulega segja, að það sé meira en lítið vantraust, sem felist í þessari brtt. frá hæstv. viðskmrh. í garð samráðh. síns, hæstv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem er formaður í bankaráði Útvegsbanka Íslands, þegar það á nú með þessari breytingu og þessum hætti að fara að taka af honum ákvörðunarvald um þetta efni.

Það getur vel verið samt, eins og ég sagði, að það megi gagnrýna eitthvað þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í þessu efni, og

það má vel vera, að þetta mál þurfi að taka nokkuð til athugunar. En þá er það eðlilegast, að það sé gert í sambandi við setningu almennra bankalaga, sem leystu hin einstöku bankalög af hólmi, en það sé ekki hrapað að neinu í þessu efni. Og ef ætti að setja einhverja yfiraðila yfir viðskiptabankana að þessu leyti til, þá væri vitaskuld eðlilegt, að sá aðili væri þjóðbankinn, en ekki ráðh. eða ríkisstj. Það er náttúrlega forkastanlegt að ætla að fá jafnpólitískum valdhafa og ráðh. eru úrskurðarvald um efni sem þetta, hvar ein peningastofnun megi setja upp útibú eða umboðsskrifstofur, ekki bara í einstökum landshlutum, heldur innanbæjar, því að þessi brtt. nær alveg jafnt til þess að setja upp útibú eða umboðsskrifstofur innanbæjar.

Ég hef bent á, hve hér er um fjarstæðukennd vinnubrögð að ræða, að ætla sér að fara að koma fram með jafnróttæka breytingu og þessa á síðasta stigi þessa máls, sem að öðru leyti hefur verið mikið deilumál og hefði verið alveg fullkomið tilefni til að koma fram með þessa breytingu á fyrri stigum málsins, þannig að um hana hefði verið hægt að fjalla í nefndum með eðlilegum hætti, fá umsagnir. Þetta er náttúrlega engin hæfa, að ætla að fara að setja þetta svona og senda það ekki einu sinni til umsagnar þeim stofnunum, sem þetta snertir og á að fara að taka valdið þarna af. Þetta eru engin vinnubrögð. Það hefur verið alveg nægur tími til þess að koma fram með þetta á fyrri stigum, og tilefni til þess var þá alveg eins fyrir hendi og það er nú, ef það er fyrir hendi nú á annað borð, vegna þess að það er ekkert, sem gerzt hefur í síðustu viku eða síðasta mánuði, — það er ekki nýtilkomið, að það væri verið að setja upp útibú hér og þar.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vænta þess, að þessi brtt. hæstv. ráðh. sé nú sett fram í nokkru fljótræði og hann sjái, þegar hann íhugar málið betur, að það muni vera skynsamlegra að draga hana nú til baka, íhuga þetta mál með eðlilegum hætti og láta heldur næsta Alþingi fjalla um það með eðlilegum hætti. Ég held, að hann hljóti að sjá, þegar hann hugsar málið nánar, að það séu skynsamlegri og eðlilegri vinnubrögð, og ég held líka, að hann hljóti að sjá það, þegar hann íhugar málið, að það er ekki skynsamlegt af hæstv. ríkisstj. og honum, sem hefur gert ráð fyrir því, að þingi yrði lokið nú eftir 2—3 daga, að fara að stofna til slíks sem þessa, að koma með þetta þannig á — eiginlega má nú segja: síðasta degi þings að því leyti til, að ég hygg, að það sé gert ráð fyrir því, að þetta mundi verða síðasti fundardagurinn í þessari hv. d., því að það eru líka eftir fleiri mál, sem hæstv. ríkisstj. leggur áherzlu á að fari hér í gegn og eftir er að ræða hér í d. Og ef okkur stjórnarandstæðingum finnst, að það eigi að fara að beita hér einhverjum bolabrögðum, þá munum við að sjálfsögðu taka á móti samkv. því, þannig að það er á allan hátt skynsamlegt af hæstv. ráðh. að velta þessu nokkuð fyrir sér, hvort hann hafi ekki hrapað nokkuð að þessu. T. d. er alveg furðulegt, að þetta skuli ekki hafa verið borið undir þá n., sem annars hefur um þetta mál fjallað hér, fjhn. Það er alveg einkennilegt, að þetta skuli koma fram svona alveg á síðasta degi. Það er vandfundin á því skýring. En hitt er náttúrlega alveg augljóst mál og þarf um það engum að blandast hugur, að þessi brtt. er gerbreyting á stjórnarfyrirkomulagi viðskiptabankanna, sem er ákveðið í lögum þeirra. Þess vegna er það eðlilegt, að hæstv. forseti taki það til athugunar, hvort svona brtt. við það mál, sem hér liggur fyrir til umr., eigi ekki að vísa frá, vegna þess að í henni felst gerbreyting á öðrum l., og slík gerbreyting á öðrum l. en þeim, sem hér er fjallað um, á vitaskuld að ganga gegnum þrjár umr. í hvorri d. samkv. skýrum ákvæðum stjórnarskrár.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en vænti þess, að hæstv. viðskmrh. taki þetta mál til athugunar, og ef hann vill ekki líta með sanngirni á þær aths., sem ég hef hér gert, og taka til greina þær ábendingar, sem ég hef borið hér fram, þá er alveg auðsætt, að það býr hér eitthvað meira undir, og þá er ekki hægt að afsaka framkomu till. á þessu stigi með því, að hún sé fljótræðisverk, heldur er hún þá borin fram af ráðnum hug og borin fram á þessu stigi málsins af ráðnum hug, þannig að það má nokkuð sjá af því, hver viðbrögð ráðh. verða, hvernig þetta allt er til komið og í pottinn búið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þótti mjög vænt um að heyra það og vil vekja sérstaka athygli hv. d. á því, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði í raun og veru engar efnisaths. að gera við þær tvær brtt., sem ég hef hér leyft mér að flytja fyrir hönd ríkisstj. Hv. þm. er skynsamur maður og sanngjarn, auk þess sem hann hefur glögga þekkingu á þeim málum, sem hér er um að ræða, vegna þess að hann á sæti í bankaráði sjálfs Seðlabankans, og þess vegna átti ég raunar alls ekki von á neinu öðru en því, að hann gerði sér algerlega ljóst, að í nokkurt óefni hefur stefnt undanfarna mánuði, að því er varðar stofnun bankaútibúa, bæði hér í Reykjavík og raunar í landinu sem heild. Enda kom það greinilega fram í orðum hans áðan, að hann viðurkenndi réttmæti þess megintilgangs fyrri brtt. að hafa hönd í bagga með stofnun nýrra útibúa í landinu í því skyni, að milliliðakostnaður við bankastarfsemi og bankaþjónustu ykist ekki óhóflega, jafnframt því sem reynt yrði að tryggja góða eða a. m. k. sómasamlega bankaþjónustu hvarvetna á landinu. En eins og nú er komið og er raunar tiltölulega nýtilkomið hér á landi, að íslenzka bankakerfið er sumpart kerfi ríkisbanka og sumpart einkabanka og komizt hefur á talsverð samkeppni milli ríkisbankanna annars vegar og einkabankanna hins vegar og raunar ekki

hvað sízt á milli einkabankanna sérstaklega, þá virðist reynslan hafa sýnt, að ekki verði hjá því komizt, að hið opinbera láti til sín taka á þessu sviði svo sem fjölmörgum öðrum og reyni að stuðla að því, að samkeppni á þessu sviði leiði ekki til óhóflegs vaxtakostnaðar, og stuðli að því jafnframt, að þjónustan dreifist sem skynsamlegast og eðlilegast um landið.

Mér þótti vænt um að heyra, að hv. þm. hafði ekki sínar meginaths. að gera við efni till., — mér virðist raunar, að hann játi, að það sé réttmætur og skynsamlegur tilgangur, sem liggur þeim til grundvallar, — heldur voru aths. hans einvörðungu um form till., þ. e. hversu seint þær eru fram komnar. Svipað var að segja um seinni brtt., þar sem gert er ráð fyrir því, að Seðlabankinn hafi heimild til að áskilja sér innheimtugjald frá útgefanda í sambandi við það, ef hann tekur að sér innheimtu tékka, sem ónóg innstæða er fyrir. Það er algerlega rétt hjá hv. þm., að Seðlabankinn hefur innt þessa þjónustu af hendi undanfarið og notað í því sambandi sem innheimtulaun taxta Lögmannafélags Íslands. Um það hefur verið rætt í Seðlabankanum við viðskmrn., að það sé óviðkunnanlegt, að Seðlabankinn noti taxta einkasamtaka eins og Lögmannafélagsins, og Seðlabankinn hefur eindregið óskað eftir því, að viðskmrn. setti reglur um það, hvaða innheimtulaun Seðlabankinn skyldi áskilja sér. En það getur viðskmrn. ekki, nema því aðeins að því sé heimilað í lögum að setja slíkan taxta, og þannig stendur á því, að þessi brtt. er fram borin, enda kom það einnig fram hjá hv. þm., að hann hafði í raun og veru ekkert við efni hennar að athuga.

Það, sem hv. þm. gagnrýndi, var, hversu seint þessar till. væru fram komnar í fyrsta lagi, og í öðru lagi, að með því að breyta ákvæðum seðlabankal. væri í raun og veru verið að breyta efnisákvæðum l. um viðskiptabanka. Nú skal ég fúslega játa, að æskilegt hefði verið, að ríkisstj. hefði getað flutt þessar till. fyrr, þannig að þær hefðu komið til umr. og athugunar svo snemma í þessari hv. d., að þær hefðu getað hlotið venjulega nefndarmeðferð. En það má segja það alveg eins og er, að ríkisstj. og Seðlabankinn, sem einnig stendur að flutningi þessarar till., voru síðbúin með þessar till., og það, sem var að velja á milli, var að láta alveg undir höfuð leggjast að óska eftir þeim breytingum, sem hér er gert ráð fyrir á seðlabankal., og þar með láta málið allt bíða til næsta hausts, eða bera till. fram, þótt seint væri.

Ég skal ekki gera neina tilraun til að mæla því bót í sjálfu sér, hversu seint till. koma fram, og er raunar skapi næst að biðja afsökunar á því, að till. skuli ekki hafa verið bornar fram fyrr. En í þessum efnum, eins og raunar mörgum öðrum, getur verið, að nauðsyn brjóti lög. Það, sem ríkisstj. átti um að velja, var, að óbreytt skipan héldist varðandi stofnun bankaútbúa allt fram á næsta haust og þá væntanlega fram til næstu áramóta. En ríkisstj. og Seðlabankanum er kunnugt um, að uppi eru af hálfu bæði ríkisbanka og einkabanka margvíslegar till., margvíslegar ráðagerðir um stofnun bankaútibúa í landinu. Og ríkisstj. telur, og Seðlabankinn er þar alveg á sömu skoðun, að það verði að gera allsherjartilraun til þess, að stofnun bankaútibúa í landinu verði samræmd með einhverjum hætti og fylgi þannig einhverri skynsamlegri áætlun. Að öðrum kosti getur ekki öðruvísi farið en svo, að kostnaður við bankakerfið, sem vaxið hefur óskyggilega á síðari árum, — það segi ég og undirstrika af miklum þunga, — að kostnaður við bankakerfið, sem vaxið hefur óskyggilega á undanförnum árum, mundi enn á komandi sumri og hausti vaxa mjög verulega. Það er sú skoðun ríkisstj., að nauðsynlegt sé að gera það sem unnt er til þess að stemma stigu við þessari þróun, sem liggur að baki þessari síðframbornu brtt., og ef hv. þm. og hv. stjórnarandstaða er á annað borð sammála ríkisstj. um það efni málsins, að æskilegt sé, að stofnun nýrra bankaútibúa á komandi sumri og næsta hausti fari fram eftir einhverri skynsamlegri áætlun, get ég ekki annað en vonað, að hv. stjórnarandstaða sætti sig við, að form á flutningi þessarar till. er ekki eins og ég eða ríkisstj. hefði helzt kosið.

Ég vona sem sagt, að hv. stjórnarandstaða líti fremur á efni málsins en það, hversu till. er síðbúin og í hvaða formi hún er. Ef við getum verið sammála um það, eins og mér hefur skilizt, að þessar ráðstafanir séu nauðsynlegar, tel ég það mikilvægara en hitt, eins og ég skal fúslega játa, að málatilbúnaðurinn er að forminu til ekki eins og ég hefði helzt viljað að hann hefði getað orðið.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er mikið rétt, að bankaútibúum hefur fjölgað mjög að undanförnu og að áliti margra óskyggilega mikið ört. Að því leyti til er það ekki út í hött, að það mál sé tekið til umr. hér á Alþingi. Hins vegar finnst mér þetta mál bera mjög óheppilega að nú í þinglokin, því að þótt við séum sammála um, að hér þurfi að spyrna við fæti, er ekki þar með sagt, að við séum allir á einu máli um, með hverjum hætti það skuli gert.

Eins og fram hefur verið tekið hér í umr., hafa a. m. k. ríkisbankarnir fullt vald til að stofna útibú að lögum. Með þessari brtt., sem hér liggur frammi, er ákveðið að svipta bankana að fullu þessum rétti. Ég hefði getað hugsað mér, að einhver önnur leið kæmi til greina, t. d. að málið væri athugað á þeim grundvelli, að réttur bankanna til stofnunar útibúa yrði takmarkaður, án þess að hann yrði að fullu af þeim tekinn. Og í öllu falli er ég alveg sammála því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. lagði áherzlu á, að hv. þdm. þurfa að fá tíma til að athuga þetta mál, svo og það, sem í 2. brtt. felst og ég skal ekki ræða um hér. Þess vegna vil ég fyrir hönd okkar Alþb.-manna hér í hv. d. fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann dragi þessa till. til baka nú í þetta sinn og málið verði betur at-

hugað og síðan lagt fyrir t. d. næsta þing í byrjun. Ég held, að það sé enginn voði á ferðum, þótt þessir mánuðir líði þangað til þing kemur saman að nýju á n. k. hausti.

Ef hæstv. ráðh. vill ekki verða við þessari bón minni hl., vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá, þannig að þdm. gefist kostur á að athuga málið a. m. k. þar til á morgun.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það er nú, sem vonlegt er, að þessar umr. hafa hér við 3. umr. tekið alveg nýja stefnu, því að hæstv. viðskmrh. hefur borið fram brtt. á þskj. 647, sem hér hefur verið rætt um fyrst og fremst. Ég vil í sambandi við það taka undir það, sem hér hefur komið fram, að þessi málsmeðferð er í sjálfu sér algerlega forkastanleg. Hæstv. viðskmrh. lét í ljós um það ósk áðan, að menn létu ekki formið ráða afstöðu sinni, heldur litu á efnisatriði málsins. Ég get í því sambandi ekki stillt mig um að minna á, að það þinglega form, sem áskilið er, er einmitt haft eins og það er til þess að tryggja, að menn komi auga á og hafi tækifæri til þess að athuga efnisatriði málsins. Ég segi fyrir mig, að ég gat alls ekki gert mér grein fyrir því, þegar þessar till, voru lagðar á borð okkar nú rétt áðan, hvaða afstöðu bæri að taka til þeirra efnislega, en ég sá strax auðvitað, að þetta form var mjög óvenjulegt. Ég vil þess vegna taka undir þau tilmæli, sem borin hafa verið fram til hæstv. viðskmrh. um það, að hann taki þessar till. sínar til baka eða ella verði málinu frestað, svo að menn geti gert sér grein fyrir málinu betur.

Eftir ýtarlega ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. um þetta mál þykist ég þó sjá það, að hér sé um fleira óvenjulegt að ræða við þessar till. en það, hversu seint þær eru fram bornar. Hér er með brtt. við frv., sem fyrir liggur um breyt. á l. um Seðlabankann, ætlazt til þess, að gerð verði breyting á l. um viðskiptabankana hvern um sig. Og eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. benti á, hlýtur það að vera nauðsynlegt, að slíkar breytingar við allt annað frv. fái eðlilega þinglega meðferð, en séu ekki hengdar aftan í breytingar á löggjöf um Seðlabankann, eins og hér er gerð tilraun til að gera.

Hæstv. viðskmrh. gerði hér tilraun til þess að afsaka það, hversu síðbúin hæstv. ríkisstj. hefði verið með þetta mál og hefði þess vegna ekki átt aðra kosti en að leggja þetta fyrir svona eða láta málið bíða til hausts, sem hæstv. viðskmrh. taldi mjög óheppilegt. Það verður ekki hjá því komizt í þessu sambandi að minna á það, að þetta vandamál, sem hér er um að ræða, er í rauninni alls ekki nýtt. Menn eru búnir að vera að horfa á þá þróun, sem hefur átt sér stað og hér er gert ráð fyrir að stemma stigu við, í alllangan tíma, og ef það, sem gerzt hefur undanfarin 1—2 ár í þessum efnum, hefur verið til mikils skaða, þá verður því nú illa trúað, að það geti átt sér stað eitthvert skelfilegt tjón, þó að það bíði til haustsins, að þetta mál verði afgreitt.

Mér virðist rétt að láta það koma fram í sambandi við þetta mál, að það virðist fara orðið miklu minna fyrir tali hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar um frelsi, viðskiptafrelsi og annað ágætisfrelsi, sem mest var talað um hér fyrir nokkru. Nú er verið að setja allt viðskiptalíf og fjármálalíf þjóðarinnar í algera spennitreyju með ofurvaldi ríkisins yfir Seðlabankanum og ofurvaldi Seðlabankans yfir öllum peningastofnunum landsins, og þá er fyrst hægt að tala um alvarleg höft í þessu landi. Nú sé ég ekki betur en allt viðskiptalíf landsins sé að komast í algera spennitreyju og nú geti hæstv. ríkisstj. farið að skipta sér af og taka í sínar hendur stjórn á næstum hvaða þætti íslenzks viðskiptalífs sem vera skal.

Mér þótti rétt, af því að umr. hafa snúizt um þetta, svo sem eðlilegt er, hér við 3. umr. málsins, að láta þetta koma fram frá minni hálfu, fyrst ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál. En aðalerindi mitt í ræðustól var þó annað, nefnilega það, að ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e., sem er með mér í minni hl. fjhn., á ég brtt. á þskj. 648. Við 2. umr. þessa máls lögðum við til í okkar nál., að frv. yrði fellt. Það kom fram við 2. umr., að það var meiri hl. fyrir því í hv. þd. að samþykkja þetta frv., og við í minni hl. höfum því komið okkur saman um það að reyna nú við 3. umr. að fá fram breytingar á frv., — breytingar, sem mundu, ef samþykktar yrðu, gera frv. nokkurn veginn viðunandi frá okkar sjónarmiði.

Þessar breytingar, sem bornar eru fram á þskj. 648, eru í tveimur liðum, en efnislega eru þær þrjár. Við 1. gr. eru tvær brtt. Önnur er sú, að í stað þess, sem stendur í upphafi greinarinnar, þar sem segir svo: „Í stað 2.—4. mgr. 11. gr. l. nr. 10 frá 1961“ — leggjum við til, að komi: „Í stað 2. og 3. mgr.“, þannig að 4. mgr. 11. gr. l. um Seðlabankann haldi sér eins og hún er nú. En þar sem þetta var til umr. við 2. umr. málsins, þarf ég ekki frekar að rekja það, í hverju þessi breyting er efnislega fólgin, annað en minna á, að þessi mgr., sem við þarna leggjum til að haldi sér í seðlabankal., fjallar um það, að Seðlabankinn megi taka verðbréf og þvílíkt upp í bindiskyldu, upp í það sparifé, sem hann bindur fyrir viðskiptabönkum og sparisjóðum, ef sérstakir erfiðleikar verða á vegi þeirra með að inna þessa bindiskyldu af hendi.

Hin breytingin, sem við gerum við 1. gr., er sú, að við leggjum til, að bundna sparifénu verði sett hámark, þ. e. a. s. þannig, að hámarkið verði ekki aðeins 25% af innlánum viðskiptabankanna og sparisjóðanna, eins og gert er ráð fyrir í frv., heldur verði einnig tölulegt hámark, þannig að þessi binding fari í heild aldrei fram úr 1000 millj. kr.

Breytingin, sem við leggjum til við 2. gr., er svo á þá leið, að sú grein falli niður. Við höfum gert grein fyrir því, að við teljum útgáfu gengistryggðra skuldabréfa á vegum Seðlabankans óeðlilega, bæði vegna þess, að í því er fólgin óeðlileg samkeppni við viðskiptabanka

og sparisjóði, og eins sökum þess, að við teljum gengistryggingu vera ófullnægjandi í þessu sambandi og beri að vinda að því bráðan bug að koma á verðtryggingu. Og við óttumst, að ef farið yrði út í þetta, mundi það aðeins verða til að tefja raunhæfar aðgerðir í verðtryggingamálunum.

Herra forseti. Ég held, að ég þurfi ekki að orðlengja þetta meira, en mæli með samþykkt brtt. okkar í minni hl. fjhn. á þskj. 648 og tek undir þau tilmæli, sem komið hafa fram til hæstv. viðskmrh. um það, að brtt. á þskj. 647 verði teknar til baka, þannig að tóm gefist til að athuga það mál til næsta þings.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég dreg þá ályktun af ræðu hæstv. viðskmrh., að hér sé fremur um fljótræðisverk að tefla heldur en annað verra, eins og mér þó kom fyrst í hug, því að hæstv. ráðh. viðurkenndi í raun og veru allar þær aths. varðandi formhlið máls þessa, sem ég hreyfði hér, og lét í ljós, að honum þætti það leitt, að þessir vankantar væru á málinu. Það er út af fyrir sig virðingarvert, að hæstv. ráðh. viðurkennir það, og vænti ég, að hann breyti nú samkv. því að athuguðu máli og fallist á þau tilmæli, sem hér hafa verið borin fram um það að draga málið til baka, því að sannleikurinn er sá, þegar málið er nú athugað og nokkurt tóm gefst til að athuga þessa brtt., þá er hún ekki aðeins fljótræðisverk að því er formið snertir, heldur er nú efnið í meira lagi vafasamt, þegar maður fer að velta því nánar fyrir sér.

En það er alger misskilningur og var misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég hefði ekki í minni ræðu gert neinar aths. við efni þessarar till. Ég tók það alveg skýrt fram, að ég teldi það hreina fjarstæðu, þó að það ætti að taka upp eitthvert eftirlit um þessi mál, að fela ríkisstj. eða einstökum ráðh. úrskurðarvald um það efni. Það tel ég alveg fráleitt og mun aldrei geta greitt þvílíku fyrirmæli atkv.

Hitt er annað mál, hvort menn geta léð máls á því eða tekið undir það, að þörf sé á einhverju skynsamlegu eftirliti eða heildarstjórn á þessum málum. En þá þarf vitaskuld að athuga það mál, því að þar koma ýmis atriði til greina og málið er ekki eins einfalt og það gæti litið út fyrir af þessari brtt. Það er rétt, að það hefur komið fram einhver gagnrýni á því, að það hafi verið sett upp útibú frá viðskiptabönkum. Ekki hef ég heyrt því hreyft, að þau væru aðrar þær stofnanir, sem í l. þessum er fjallað um, sem hefðu sett upp slík útibú eða umboðsskrifstofur, heldur aðeins varðandi bankana. Það er nú svo, að það er náttúrlega spurning um það kannske, þegar maður fer að velta því fyrir sér, á hve miklum rökum sú gagnrýni er byggð. Það má skipta þeim útibúum og umboðsskrifstofum, sem upp hafa verið sett, í tvo flokka: annars vegar þau útibú, sem sett hafa verið upp úti um land, hins vegar þau útibú, sem hafa verið sett upp víðs vegar hér í bænum. Ég hygg, að þau útibú, sem sett hafa verið upp víðs vegar úti um land, hafi víðast hvar, ef ekki alls staðar, verið sett upp samkv. óskum fólksins í viðkomandi byggðarlagi, þannig að það er ekki því til að dreifa, að það hafi þar verið farið að yfirleitt andstætt óskum þess fólks. Í ýmsum tilfellum hefur þetta meira að segja gerzt með þeim hætti, að það hafa farið fram samningar á milli sparisjóðs, sem var á þeim stað, og viðkomandi viðskiptabanka um, að viðskiptabankinn tæki við sparisjóðnum og hann væri síðan framvegis rekinn sem útibú. Það hefur í raun og veru ekki komið til sögunnar nein ný peningastofnun, heldur verið breytt um form í þessum efnum, og tilgangurinn í þeim tilfellum a. m. k. verið sá að styrkja peningastofnun héraðsins með þessum hætti og bæta aðstöðu fólksins í viðkomandi byggðarlagi með þessum hætti. Hvort það má segja, að sömu rök liggi alls staðar til þeirra bankaútibúa og umboðsskrifstofa, sem hafa verið sett upp hér í bænum, skal ég ósagt láta. Það má vel vera, að þær ráðstafanir sumar hverjar eigi talsverðan þátt í auknum rekstrarkostnaði banka. En hitt dreg ég í efa, að setning útibúa þeirra úti um land, sem átt hefur sér stað, hafi haft í för með sér mikið aukinn rekstrarkostnað, þegar tillit er tekið til þess, að í sumum tilfellum hefur sem sé sparisjóðurinn jafnframt hætt störfum og hin nýja stofnun að sumu leyti komið í hans stað, þannig að þótt þetta hafi sætt einhverri lítilfjörlegri gagnrýni sums staðar, er í raun og veru að mínum dómi allt of mikið sagt, að hér hafi einhverjir viðsjárverðir hlutir gerzt og hér sé einhver sérstök hætta á ferðinni. Þetta er í mörgum tilfellum eðlileg og sjálfsögð þjónusta við fólk úti um dreifðar byggðir.

Ég skal taka fram, að það er mín skoðun, að í sumum tilfellum ætti frekar að dreifa bankakerfinu þannig, að það ætti að reisa höfuðstöðvar sumra ríkisbankanna utan Reykjavíkur, í stað þess að þar séu alltaf sett upp útibú og allar höfuðstöðvar bankans séu hér. Mér koma því nokkuð spánskt fyrir sjónir, eins og hv. 6. þm. Sunnl., þau ummæli, sem hæstv. ráðh. lét hér falla, að það hefði komizt á með því kerfi, sem hefði verið að koma hér upp að undanförnu, ríkisbönkum annars vegar og einkabönkum hins vegar, keppni milli þessara aðila og slíkt hefði stuðlað að óhóflegum vaxtakostnaði og líka rekstrarkostnaði. Þetta kemur mér óneitanlega spánskt fyrir sjónir að heyra af munni hæstv. ráðh. og ríkisstj., sem hefur haft það fyrir sitt aðalboðorð í orði kveðnu, að samkeppnin ætti að lifa og það væri heppilegast öllum aðilum, að samkeppni næði að njóta sín, og hvers konar höft væru voði. En það er eins og það sé dálítið erfitt fyrir hæstv. ríkisstj., ekki aðeins í þessu efni, heldur og ýmsum öðrum, að breyta eftir þessari kenningu.

Ég held, að það sé enginn voði á ferð í þessum efnum, alls enginn. Ég held, að í mörgum tilfellum sé þarna um að ræða sjálfsagða og

eðlilega þjónustu við fólk úti á landsbyggðinni, að útibú séu sett upp á þeim stöðum, en menn þurfi ekki sífellt að vera að leita í höfuðstöðvar bankanna hér í Reykjavík. Ég álít, að það sé misskilningur manna, sem staðsettir eru í höfuðstöðvum bankanna hér í Reykjavík, ef á að líta á slíkt sem einhvern voða. Og sannast bezt að segja verður ekki séð, að viðskiptabankarnir hafi litið á þetta sem neinn voða, af því að þeir hafa smám saman verið að færa út kvíarnar í þessu efni, en það hefur gerzt smám saman. Það hefur ekkert gerzt, eins og bæði ég tók fram áðan og hv. 6. þm. Sunnl. benti á, — það hefur ekkert gerzt í þessum málum að undanförnu, á síðustu vikum, sem geri nú þörf alveg sérstakra ráðstafana í þessu efni. Ef þetta væri svona óskapleg ógn, hefur hæstv. ríkisstj. látið sér annað eins til hugar koma og að setja brbl., svo að það er náttúrlega ekki öll nótt úti, þó að þessu þingi ljúki nú án þess að afgreiða þessa brtt., og ég gæti ósköp vel trúað þeim til þess að setja brbl. um þetta, ef þeir sæju, að einhver ógn væri á ferðum í þessu efni.

Það er sjálfsagt alveg rétt og það vefengi ég ekki, að rekstrarkostnaður við bankakerfið hefur vaxið ískyggilega að undanförnu. En ég held, að sá aukni rekstrarkostnaður eigi ekki nema a. m. k. að sáralitlu leyti rætur að rekja til útibússtofnana. Ég held, að þar séu allt aðrar orsakir að verki. En það er náttúrlega mál, sem þarf að rannsaka, og það mál verður sjálfsagt rannsakað, vona ég, í sambandi við þá heildarlöggjöf um bankana, sem meiningin er að semja. Ég held, að það sé mikil nauðsyn að stefna að því að gera bankakerfið einfaldara og ódýrara, en þessi brtt. hefur mjög takmörkuð áhrif í þá átt.

Það er alveg áreiðanlegt, að hér er um mikið fljótræðisverk að tefla. Hæstv. viðskmrh. lét þess getið, að það væri ekki aðeins ríkisstj., sem stæði að flutningi þessarar brtt., heldur væri Seðlabankinn þar einnig að verki. Ég verð að segja, að það hafa þá verið höfð eitthvað hröð vinnubrögð þar í þessu efni, því að ekki kannast ég við, að þessi brtt. hafi verið borin undir bankaráð, svo sem venja er þó að gera og á að gera, að ég hygg, lögum samkv., ef um er að ræða breytingar á seðlabankalögum. Það hefur ekki verið minnzt á þetta í bankaráði Seðlabankans, svo að ég kannist við, þannig að það eru aðeins bankastjórarnir, sem hafa staðið að þessari brtt. með hæstv. ríkisstj. Auðvitað er það engin hæfa, að svona mál sé borið upp, án þess að sagt sé frá því og því sé hreyft í bankaráði Seðlabankans. Það er ástæðulítið að vera með tildursstofnanir eins og bankaráð, ef þau eiga ekkert að gera nema vera upp á stáss. Það má eins leggja þær þá niður og spara þar eitthvað. Það er því ekki í einu, heldur öllu, sem undirbúningi þessa máls hefur verið áfátt, og er bæði utan þings og á þinginu sjálfu alveg óeðlileg meðferð, sem á að hafa á því.

Það er vitaskuld allt annað mál, hvort það að athuguðu máli gæti orðið niðurstaðan að fallast á, að það væri sett einhver skynsamleg stjórn eða eftirlit með þessum málum, heildarstjórn, ef menn álitu það að athuguðu máli nauðsynlegt. Ef menn álitu, að þetta frjálsræði, sem viðskiptabönkunum er veitt í þessu efni í hinum einstöku viðskiptabankalögum, hafi verið misnotað, þá verður auðvitað að leita að einhverjum skynsamlegum leiðum til þess að koma í veg fyrir þá misnotkun. Ég held því alls ekki fram, að þetta hafi verið misnotkun. En ég segi hins vegar: Þessi brtt. er ekki leiðin í því efni, því að með þessu er ekki einu sinni sett upp nein heildarstjórn á þessu, það er nú svo einkennilegt. Samkv. þessari brtt. er það sá ráðh., sem á að eiga úrskurðarvald um þetta efni, sem fer með mál viðkomandi stofnunar. Ef ég veit rétt, — ég vona, að það sé ekki misskilningur hjá mér, — þá heyrir t. d. Búnaðarbankinn undir landbrh., — er það ekki rétt? Aftur á móti heyrir t. d. Útvegsbankinn undir viðskmrh. Ég er nú ekki viss um, undir hvaða ráðh. t. d. innlánsdeildir samvinnufélaga heyra. Það mætti kannske láta sér detta í hug, að þær heyrðu undir viðskmrh., þær gætu nú kannske heyrt undir félmrh., ég veit það ekki. (**Gripið fram í:** Undir landbrh.) Nú, undir landbrh., jæja. Þá horfir sem sagt dæmið þannig við, að nú telur Búnaðarbankinn sér nauðsynlegt að setja upp útibú á einhverjum stað, færir fram sín rök fyrir því og sendir umsögn um það til Seðlabankans, og síðan er farið með það til hæstv. landbrh. og hann gefur samþykki sitt til þess, að bankaútibú frá Búnaðarbankanum sé sett upp á tilteknum stað, það er kannske ekkert fjölmennt þar, þá dettur Útvegsbankanum það í hug, eða honum hefur kannske verið búið að detta það í hug, áður en Búnaðarbankanum datt þetta í hug, þó að Búnaðarbankinn hafi verið fyrri til að fá þetta leyfi, — þá dettur Útvegsbankanum í hug að setja upp bankaútibú á sama stað. Hæstv. landbrh. mundi líta á það sem algera fjarstæðu að fara að setja upp annað útibú á þeim stað, ef málið heyrði undir hann. Ef málið heyrði undir einn og sama ráðh., mundi þess vegna ekki verða stofnað annað útibú á þessum stað. En um útibú frá Útvegsbankanum þarf að sækja um leyfi til hæstv. viðskmrh., og hæstv. viðskmrh. kann að líta á þetta allt öðrum augum en hæstv. landbrh. og veitir leyfið. Svona skynsamlegt er nú eftirlitið, sem verið er að setja upp með þessari brtt.

Ég held nú, að það væri ekki nein vanþörf á því að hugsa um þetta svolítið betur, og þess vegna vil ég nú enn á ný beina þeirri áskorun til ráðh., að hann að athuguðu máli fallist á að taka þessar brtt. aftur. En ef hann treystir sér ekki til þess, þá er náttúrlega alger lágmarksósk frá hálfu okkar í þd., að umr. um brtt. verði frestað og fjhn. fái tækifæri til þess að koma saman á fund og fjalla um þær. Ég treysti hæstv. forseta alveg fyllilega í því efni, treysti honum til þess, að hann verði við þeim tilmælum, ef hæstv. viðskmrh. vill ekki fallast á það að taka till. aftur, því að það er náttúr-

lega svo sjálfsagt mál, að því verður ekki trúað að óreyndu, að ekki verði orðið við þeim tilmælum, að fjhn. gefist tóm til þess að fjalla um till. og kalla á sinn fund forstöðumenn helztu viðskiptabankanna, bankastjóra og kannske formenn bankaráða, og heyra, hvað þeir hafa að segja um þetta. Það er alveg fráleitt og óhæfa að fara að setja svona ákvæði, sem skerða þeirra vald, breyta stjórnarfyrirkomulagi viðskiptabankanna og breyta nú lögum þeirra, eins og ég hef sagt og sýnt fram á, ef það á að gera það, án þess að það sé talað við þá. Það væri ekkert úr vegi náttúrlega, að málið væri sent aftur til Seðlabankans og það væri haft svo sem einn fundur í bankaráði Seðlabankans um það, áður en það er afgreitt. Það væri óneitanlega viðkunnanlegra, ef það ætti að segja, að þetta væri komið frá Seðlabankanum.

Ég skora enn á ný á hæstv. viðskmrh. að taka málið aftur, því að það þarf efnislega miklu meiri athugunar við sýnilega heldur en liggur að baki þess, og formið er óhæft.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur á milli funda athugað þær brtt. við seðlabankafrv., sem nú hafa verið lagðar fram. Úrslit málsins í n. eru þau, að meiri hl. n., eða auk mín þeir hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 9. landsk., mælir með þessum brtt. og fellst á þau sjónarmið hæstv. ríkisstj., sem hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir varðandi nauðsyn þess að gera þær breytingar, sem hér er um að ræða. Hv. 6. þm. Sunnl. hefur hins vegar tjáð sig þessum breytingum andvígan eða hefur a. m. k. óbundnar hendur með tilliti til þeirra.

Það er rétt, að það komi hér fram, að hann óskaði eftir því, að fjhn kallaði á sinn fund bankastjóra viðskiptabankanna og ýmsa sérfræðinga í bankamálum. En með tilliti til þess, hvernig á stendur, eða hve stutt er nú eftir af þingtímanum, þá taldi ég ekki fært að verða við þeim óskum, þótt ég að öðru leyti harmi það, að of stuttur tími hefur gefizt til þess að athuga þessi mál, en fyrir þeim atriðum gerði hæstv. menntmrh. grein í sinni ræðu.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta það, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði um það, að ég hefði lýst andstöðu minni við þessar breytingar, sem hér er um að ræða, brtt. hæstv. viðskmrh. á þskj. 647.

Ég tók ekki efnislega afstöðu til till. í n. Ég lagði hins vegar fram í n., eins og hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir, tillögu um það, að n. aflaði sér upplýsinga um ýmisleg atriði, sem þetta mál snerta, og kallaði á sinn fund í því tilefni bankastjóra og e. t. v. aðra sérfræðinga um bankamál, sem þarna ættu helzt hlut að máli.

Það er gerð þannig grein fyrir fyrri till. á þskj. 647, að það beri nauðsyn til þess að setja upp þau höft, sem þar eru lögð til, sökum þess að svo mikil brögð hefðu verið að því að undanförnu, að ýmsir bankar hafi sett upp útibú, að slíkt mundi valda stórkostlegri hækkun á kostnaði við rekstur bankanna. Mér þótti þess vegna eðlilegt, að fjhn., þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, kannaði þetta atriði, aflaði sér upplýsinga um það, hvar hver banki hefur útibú, hve mörg hver þeirra hefur og á hvaða stöðum, og reyndi að gera sér grein fyrir því, við hver rök þetta hefur að styðjast. Ég taldi einnig rétt, að n. aflaði sér upplýsinga um það, hvernig bankarnir litu á þær hömlur, sem hér eru settar, með því að n. hefði tal af fulltrúum þessara banka, sem þarna er um að ræða. Eins og hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir, vildi meiri hl. n. ekki á þetta fallast, með skírskotun til þess, að svo stuttur tími væri eftir af þessu þingi, að það væri ekki hægt að finna tíma til þess að afla þessara upplýsinga. Um þetta get ég aðeins sagt það, að ef hv. Alþingi hefur ekki tíma til þess að afla jafnsjálfsagðra gagna og upplýsinga eins og hér er um að ræða í sambandi við mál af þessu tagi, þá hefur hv. Alþingi ekki tíma til þess að afgreiða þetta frv. eða þessar brtt. við frv.

Nú kynni einhver að segja, að þar sem hæstv. ríkisstj. virðist leggja á það áherzlu að fá þessar brtt. samþ., þá gæti Alþingi gert það fyrir hana að gera þetta. En Alþingi ber sjálft ábyrgð á þeim l., sem það samþykkir, og getur ekki komið þeirri ábyrgð yfir á herðar hæstv. ríkisstj. Hins vegar liggur þetta nú allt saman þannig fyrir, að eftir tvo daga hefur ríkisstj. það á valdi sínu að gefa út lög á sína eigin ábyrgð, sem kemur svo síðar til kasta Alþingis að fjalla um. Ef ríkisstj. leggur svo mikla áherzlu á þetta atriði, eins og mér virðist hafa komið fram hjá hæstv. viðskmrh., þá sýnist mér, að það séu tveir kostir í því máli: annaðhvort að Alþingi gefi sér tíma til að athuga og ræða og kanna þetta mál á þann hátt, sem sæmir, eða ef Alþingi hefur ekki tíma til þess, þá verður ríkisstj. sjálf að gera nauðsynlegar ráðstafanir upp á sína ábyrgð. Það er ekki hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að ætlast til þess, að Alþingi samþykki svo veigamikil atriði sem hér er um að ræða, sem lögð eru fyrir þessa hv. d. á síðasta eða næstsíðasta starfsdegi hennar.

Af því að það hefur ekki fengizt um það samkomulag í hv. fjhn., að n. taki sér þann tíma, sem nauðsynlegur er til þess að afla upplýsinga um þetta mál og kanna þetta mál, þá mundi ég ekki að þessu sinni gera efnisatriði þess mjög að umræðuefni. Það hefur ekki verið tækifæri til þess að afla sér þeirra gagna, sem nauðsynleg eru, til þess að efnislegar umr. um þessar brtt. geti farið fram. Ég verð að átelja það, að hæstv. ríkisstj. skuli yfirleitt ætlast til þess af hv. Alþingi, að það afgreiði svona mál með þessum hætti. Það er óeðlileg tilætlunarsemi. Ríkisstj. hæstv. hefur það á valdi sínu að gera ráðstafanir í þessum

málum, án þess að ætlast til þess af Alþingi, að það afgreiði mál eins og þetta af slíkri hroðvirkni, að teljast verður langt fyrir neðan virðingu Alþingis.

Ég vil þó, án þess að ræða mikið um efnisatriði þessa máls, drepa á atriði, sem ég vil biðja hv. þdm. að gera sér fulla grein fyrir. Ég vil vekja athygli á því, sem fram hefur komið í máli hv. 3. þm. Norðurl. v., að hér er um það að ræða, að allt öðrum l. en þeim, sem hér eru til meðferðar, er breytt með brtt. við það frv. um Seðlabanka Íslands, sem hér er á dagskrá. Brtt. hæstv. viðskmrh. á þskj. 647 eru þess eðlis, að þær fela í sér veigamiklar breytingar á l. nr. 11 frá 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands, og enn fremur l. nr. 12 frá sama degi, um Útvegsbanka Íslands. Það hefur ekki verið tækifæri til þess af þeim ástæðum, sem ég hef verið að lýsa, af því, hvernig málinu hefur verið hent hér inn í þingið og flaustrað gegnum n., hefur ekki verið tækifæri til þess einu sinni að kanna það, hve mörgum öðrum l. kunni að vera verið að breyta í leiðinni. Slík vinnubrögð eins og að samþykkja þessar brtt. að svo komnu máli væru þess vegna algerlega ósæmileg fyrir hv. d., og ég vona, að hæstv. forseti muni taka til athugunar tilmæli hv. 3. þm. Norðurl. v. um að kanna, hvort það er yfirleitt hugsanlegt að bera slíka brtt upp eða hvort ekki bæri að vísa henni frá.

Í rauninni eru þau efnislegu rök, sem komið hafa fram fyrir þessari fyrri till. á þskj. 647, næsta hlægileg að heyra frá hæstv. ráðh. núv. ríkisstj. Hæstv. viðskmrh. sagði það í ræðu sinni hér áðan, að það hefði komizt á samkeppni milli bankanna. Og þetta var sagt í þeim tón og með þeim hætti, að ekki varð öðruvísi skilið en hér væri um stórkostlegt slys að ræða. Hefur hæstv. viðskmrh. aldrei dottið í hug, að það hafi komizt á samkeppni milli kaupmanna hér í Reykjavík eða annars staðar? Það hefur ekki fram að þessu verið talið neitt böl í sjálfu sér og sizt af þeim talsmönnum hæstv. ríkisstj., sem a. m. k. fyrir nokkrum árum báru mjög í munni sér orðið frelsi, þó að nú sé búið að hefta allt í spennitreyju hæstv. ríkisstj. Auðvitað eiga bankarnir, eins og aðrar stofnanir og önnur viðskiptafyrirtæki almennings í landinu, að sjá sóma sinn í því að veita sínum viðskiptamönnum góða, eðlilega og heilbrigða þjónustu.

Hæstv. viðskmrh. sagði það hér áðan, að áframhald þessarar þróunar, vaxandi þjónusta við fólkið í landinu í þessum efnum, mundi hækka kostnaðinn við rekstur bankanna. Það kemur í sjálfu sér kannske engum á óvart. En hins vegar höfum við sjálfsagt allir gert okkur það ljóst, að þjónusta við almenning og raunar öll þjónusta hlýtur að kosta peninga. Ekki dettur okkur í hug, svo að ég haldi áfram með það dæmi, sem ég nefndi áðan, að setja lög um það, að ríkisstj. skuli hafa það á valdi sínu, hve margar kaupmannabúðir skuli settar upp í Reykjavík, til þess að koma í veg fyrir, að dreifingarkostnaðurinn á vörum hér í bænum væri óhæfilega hár. Hér er þó um alveg hliðstætt mál að ræða. Kannske má raunar vænta þess, og það væri svo sem ekki nema í samræmi við ýmislegt annað, sem upp á síðkastið hefur verið að koma frá hæstv. ríkisstj., að hún geri till. um slíkt efni.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um seinni brtt. á þskj. 647 frá hæstv. viðskmrh., sem fjallar um það, að Seðlabankanum sé heimilt að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innistæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda samkv. nánari reglum, sem ráðh. setur. Hér er ekki um neitt annað að ræða en það, að það er gert ráð fyrir að taka upp þessa setningu í löggjöfina bara til staðfestingar á þeim praxís, sem framkvæmdur hefur verið alllengi. Ég skil hins vegar mætavel, að hv. 3. þm. Norðurl. v. þótti næsta kyndugt að sjá þetta borið fram núna. Hann á sæti í bankaráði Seðlabankans, og mér finnst ekki nema eðlilegt, að hann dragi þá ályktun af þessu, að með þessu væri verið að gefa það í skyn, að Seðlabankinn hefði verið að annast þessa starfsemi án lagaheimildar að undanförnu. Ég get varla trúað öðru en þeim mönnum, sem ábyrgð bera á rekstri Seðlabankans, komi það nokkuð á óvart, að hæstv. viðskmrh. skuli skyndilega finna þörf hjá sér til þess að koma svona ákvæði inn í löggjöf um Seðlabankann og leggja á það svo mikla áherzlu að ætlast til þess, að hv. Alþingi, báðar d. þess, afgreiði slíkt á tveimur dögum. Eitthvað hlýtur við að liggja að fá heimild til þessarar ávísanainnheimtu inn í löggjöfina að dómi hæstv. viðskmrh., fyrst svona er að málinu farið. Efnislega hef ég að sjálfsögðu ekkert við þessa gr. að athuga, vegna þess að það, sem hún segir fyrir um, er búið að eiga sér stað á vegum Seðlabankans í alllangan tíma, — ég skal nú ekki fullyrða, hve langan, en a. m. k. hálft eða heilt ár.

Ég vil leyfa mér að benda hv. þdm. á það, að í ræðu sinni hér áðan talaði hv. 10. þm. Reykv. um þær brtt., sem fyrir lægju, og mælti með þeim. Ég þakka þessar óvæntu undirtektir undir till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. e., því að ég gat ekki skilið mál hv. 10. þm. Reykv. öðruvísi en að hann væri að mæla með þeim. Það kemur nú raunar í ljós, að hér mun hafa verið um það að ræða, að hv. þm. hafi verið svo mikið niðri fyrir að mæla með till. hæstv. viðskmrh., að hann hafi alveg gleymt till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. e., og þá er víst ekki um annað að gera en ég reyni sjálfur að mæla fyrir þessum till. og hef nú þegar gert það að vísu í ræðu minni hér áðan.

Till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. e., sem myndum minni hl. í hv. fjhn., eru þrjár. Í fyrsta lagi leggjum við áherzlu á það, að í upphafi 1. gr. frv. sé breytt orðalagi þannig, að sú efnisgrein, sem þar er, komi í staðinn fyrir 2. og 3. gr. l. um Seðlabanka, en ekki þá 4.

4. gr. í l. um Seðlabanka er mjög mikilvæg

tilhliðrunarsemi við þá viðskiptabanka og sparisjóði, sem erfitt eiga með að standa við að greiða inn til Seðlabankans sparifjárbindinguna, — tilhliðrunarsemi, sem er í því fólgin, að bankanum er heimilt að taka við skuldabréfum eða verðbréfum í þessu skyni. Það er nú gert ráð fyrir því í þeim brtt., sem hér liggja fyrir, að þessi heimild Seðlabankans verði felld burt. Það getur ekki verið nein önnur meining með því að fella þessa mgr. í burt en að herða nú tökin að hinum minni stofnunum, sem í erfiðleikum hafa átt með að skila þessum upphæðum í reiðufé, og við teljum í minni hl. fjhn., að það sé eðlilegt, að Seðlabankinn hafi þessa heimild, sem þarna er, til þess að sýna svolitla tilhliðrunarsemi og koma til móts við eðlilega erfiðleika þeirra stofnana, sem hann á viðskipti við um þessi efni.

Enn fremur teljum við alveg nauðsynlegt, að sparifjárbindingin í heild sé takmörkuð við vissa hámarksfjárhæð, og leggjum við til í 2. brtt., að hún sé ákveðin 1000 millj. kr. Það er vissulega mikið fé, 1000 millj. kr., og það virðist vera nægilega langt gengið, svo að ekki sé meira sagt, þegar búið verður að binda 1000 millj. kr. af starfsfé viðskiptabanka og sparisjóða.

Enn fremur leggjum við til í þriðja lagi á þskj. 648, að 2. gr. falli niður, en hún fjallar um útgáfu verðbréfa með gengistryggingu á höfuðstól og/eða vöxtum. Við í minni hl. erum mjög miklir áhugamenn um verðtryggingu sparifjár, en teljum, að gengistrygging á skuldabréfum af þessu tagi mundi aðeins verða til þess að tefja raunhæfar aðgerðir í verðtryggingamálum, og það teljum við mikinn skaða.

Ég vil þess vegna mæla með því við hv. þdm., að þeir samþykki till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. e. á þskj. 648.

Um till. á þskj. 647 frá hæstv. viðskmrh. óska ég ekki að segja meira efnislega, fyrst ekki var hægt að fá um það samkomulag, að á málinu færi fram eðlileg athugun á vegum þeirrar n., sem hefur þessi mál til meðferðar. Ég álít, ef á að húrra þessum brtt. nú í gegnum þingið á seinasta degi eða seinustu tveim dögum, sem d. starfa, þá sé Alþingi dregið niður á mjög lágt plan. Slíkar starfsaðferðir getur það ekki leyft sér, ef það vill halda virðingu sinni, sem ég veit að hv. þm. eru sammála um að vilja. Þess vegna vil ég endurtaka þau tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann kanni vandlega, hvort það ekki er rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. skaut hér fram, að þessar till. muni vera þess eðlis, að þeim beri að vísa frá sem brtt. við þetta frv. Í öðru lagi vil ég mælast til þess við hæstv. viðskmrh. enn á ný, að hann dragi þessar till. til baka og setji Alþingi ekki frammi fyrir völinni milli þeirra tveggja afar slæmu kosta að þurfa að neita að afgreiða slíkt mál, sem hæstv. ríkisstj. óskar eftir, annars vegar eða þá hitt að þurfa að húrra því gegnum þingið með slíkum hætti, sem yrði þinginu til beinnar vansæmdar.

Ef ekki fæst samkomulag um neina þá afgreiðslu þessa máls, sem ég hér hef verið að drepa á, að annaðhvort hæstv. forseti eða hæstv. viðskmrh. leysi hv. þm. undan þeim vanda að þurfa að standa frammi fyrir þessu, — ef ekki verður samkomulag um það, legg ég til, herra forseti, að þessar till. verði beinlínis felldar, án tillits til þess, sem þær efnislega innihalda, vegna þess undirbúningsleysis, sem gert er ráð fyrir að afgreiða þessar till. með.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hér er um að ræða stórt mál og all-áhrifaríkt, þar sem er þetta frv. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands. Um þetta mál hafa orðið nokkrar umr., svo sem eðlilegt er, en ég hef ekki tekið þátt í þeim umr. til þessa og hefði sennilega látið það undir höfuð leggjast, hefði ekki komið fram brtt., sem útbýtt var nú fyrst í dag og við hér hv. deildarmenn lásum, þegar við komum á fund eftir hádegið í dag.

Ég vil vekja athygli á því, að frv. sjálft er 83. mál þessa þings, en nú eru komin fram 229 mál alls á þinginu. Þetta eitt sýnir, hve þetta mál hefur verið lengi í meðförum hv. Alþ., og þar sem hér er um stjórnarfrv. að ræða, þá er ekki hægt að ætla, að við undirbúning málsins hafi ekki verið athuguð löggjöfin um Seðlabankann í heild og skoðuð þau atriði, sem hæstv. ríkisstj. þótti ástæða til að óska breyt. á, þegar frv. þetta var flutt. Eins og ég tók fram, þá var till. á þskj. 647 útbýtt í dag, og við sáum ekki þessa brtt. fyrr en núna eftir hádegið. Ég vil árétta það, sem fram hefur komið hjá öðrum ræðumönnum, einkum hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að þetta er mjög óviðkunnanlegt, svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Við, sem höfum átt sæti hér á hv. Alþ. á undanförnum árum, minnumst að sönnu ýmissa atvika í meðferð mála á þingi, en það er mjög sjaldgæft, að við síðustu umr. í síðari deild komi fram svo gagngerð efnisbreyting á máli eins og hér er lagt til að gerð verði. Ég vil minna á, að það er mjög skammt síðan bankalöggjöfin í heild var tekin til endurskoðunar. Það hefur verið fjallað um bankalöggjöfina í heild, síðan núv. stjórnarfl. komu til valda, og þau lög, sem hér er lagt til að gera breyt. á, eru staðfest 29. marz 1961. Þessi löggjöf og hin sérstöku lög fyrir hvern banka um sig kveða svo á, að stjórn þessara stofnana sé falin 5 manna bankaráðum, sem kjörin eru af hv. Alþ. Og kjör þessara bankaráða hefur farið fram skv. þeirri heildarlöggjöf, sem sett var, eftir að núv. stjórnarflokkar komu til valda. Og ég ætla, að ég fari rétt með það, að skipan þessara þingkjörnu bankaráða sé nú með þeim hætti, að stjórnarfl. eigi þar alls staðar meiri hl., 3 menn af 5. Það verður því ekki annað séð en að út af fyrir sig sé allvel séð fyrir

áhrifavaldi stjórnarfl. í bankaráðum og að þess vegna sé ekki ástæða til þess að fara að gera breyt. á valdssviði þeirra, eins og greinilega er stefnt að með brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 647. Bankaráðunum er beinlínis falið af hv. Alþ. að hafa yfirstjórn þessara stofnana, og eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. leiddi glögg rök að í ræðu sinni hér í dag, þá eru sérákvæði um þessa skipan mála í sérlögum fyrir hvern ríkisbankann um sig, þar sem svo er kveðið á, að bankastjórar og bankaráð kveði á um það, hvar sett eru á stofn útibú. Ég hef gefið því gætur, hvort í þessu frv., sem hér liggur fyrir, séu ákvæði um, að einhver önnur lagaákvæði falli úr gildi, þegar það hefur öðlazt lagagildi, en ég hef tekið eftir því, að um það eru alls engin ákvæði í þessu frv., sem hér er fjallað um, að nein önnur ákvæði falli úr gildi. Nú sýnist mér það alveg augljóst, að þessi brtt. fer efnislega í bága við þau ákvæði í hinum einstöku lögum um hvern ríkisbanka um sig, sem kveða skýrt á um það, að valdið til þess að ákveða um stofnun útibúa sé hjá bankastjórum og bankaráðum hvers banka. Ég vildi vekja athygli á þessu atriði. Seðlabankanum er síðan ætlað það hlutverk að vera samnefnari, ef svo má að orði kveða, fyrir bankakerfið í heild, og það hefur verið látið uppi, að með löggjöfinni um Seðlabankann, eins og frá henni var gengið 1961, hafi verið að því stefnt að gera Seðlabankann og sjálfstæðri og óháðri fjármálastofnun í landinu.

Það má raunar minna á það, að með þeirri skipulagsbreyt. á stjórn bankans, sem gerð var, þegar sú löggjöf var sett, var Seðlabankinn raunar gerður háðari Alþ. en áður hafði verið, því að áður hafði yfirstjórn Landsbankans verið þannig ákveðin, að það var 15 manna landsbankanefnd, sem Alþ. kaus, þó ekki alla í senn, en þessi 15 manna landsbankanefnd kaus síðan bankaráðið og bankaráðið hafði aftur vald til að ráða bankastjórana. En með heildarlöggjöfinni frá 1961 var landsbankanefndin lögð niður og í þess stað kosið 5 manna bankaráð fyrir Seðlabankann hlutfallskosningu á hv. Alþ., þannig að með þessari skipulagsbreyt. var Seðlabankinn vissulega settur í nánari tengsl við Alþ. og þingfl. en áður hafði verið. Enn fremur er það ákvæði í seðlabankal., að ef stjórn Seðlabankans og ríkisstj. greinir á um stefnu í peningamálum, þá skuli stjórn Seðlabankans vera rétt að skýra skoðanir sínar fyrir ríkisstj., en að lokum ber henni skv. löggjöfinni að haga starfi sínu svo, að sú stefna, sem ríkisstj. vill fylgja í peningamálum, nái tilgangi sínum. Þetta ákvæði er til þess fallið að gera Seðlabankann að miklum mun háðari Alþ. og þingflokkunum og ríkisstj. en áður var. Samt sem áður er bankaráði Seðlabankans falið að fara með stjórn þeirrar stofnunar undir yfirumsjón ríkisstj., og það verður að telja lágmarkskröfur, sem hv. Alþ. gerir, þegar mál eins og þetta kemur fram, að það liggi fyrir, hvert álit bankaráð Seðlabankans hefur á slíkri breyt. En nú hefur það komið fram hér í umr., í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem á sæti í bankaráði Seðlabankans, að honum er alls ekki kunnugt um, að sú efnisbreyt., sem hér er fjallað um, hafi verið rædd þar eða hún hafi verið lögð fyrir stjórn Seðlabankans. Þetta eitt út af fyrir sig gefur ríka ástæðu til þess, þótt ekki kæmi fleira til, að ekki sé hrapað svo að afgreiðslu þessa máls, að bankaráði Seðlabankans gefist ekki kostur á að láta í ljós álit sitt á þessari breyt. Það er sú lágmarkskrafa, sem hv. Alþ. eða hv. þingdeild verður að gera um afgreiðslu málsins. En þar sem yfirstjórn bankanna er nú með þeim hætti, sem ég hef drepið á, þá verður naumast annað sagt en hæstv. ríkisstj. ætli sér óeðlilega mikinn hlut í þessum málum með því að keppa að því að fá samþ. þá brtt., sem hér liggur fyrir.

Skv. 1., eins og sýnt hefur verið fram á, hafa stjórnir hinna einstöku banka vald til þess að ákveða um stofnun útibúa. En efnisliður þessarar till., fyrri brtt. á þskj. 647, hefst þannig, með leyfi forseta:

„Nú óskar innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Seðlabankans."

Bankaráðin eiga m. ö. o. að semja eins konar bænaskrá til stjórnar Seðlabankans. Þau eiga ekki lengur að hafa valdið yfir þeirri stofnun, sem Alþ. hefur kjörið þau til þess að hafa stjórn á, heldur eiga þau í þessu falli að hafa aðeins ráðgefandi vald, og þeim á að vera heimilt að senda frá sér bænaskrá, umsókn til Seðlabankans um að mega setja upp útibú eða umboðsskrifstofu einhvers staðar á landinu. Hvað er þá að segja um sjálfan samnefnara bankakerfisins, Seðlabankann, eins og ég hef nefnt hann? Hefur hann þá ekki tvímælalaust úrskurðarvald um þetta mál? Nei, því er ekki þannig farið eftir þessari brtt., heldur á hann að senda umsóknina áfram með rökstuddu áliti til ráðh., en það á síðan að ákveðast í stjórnarráðinu, hvort farið verður að þeim tilmælum, sem fram eru komin, um fjölgun bankaútibúa eða peningastofnana í landinu. Þetta er svo skýrt sem verða má, og það getur ekki farið milli mála, að hverju hér er stefnt.

Þá er á það að líta, hvort landsbyggðin hafi nú þegar fengið svo góða þjónustu af hendi bankanna, að ekki sé þörf á umbótum í því efni. Það er rétt, að allmikil fjölgun hefur orðið á bankaútibúum nú á síðustu missirum. En það kemur miklu fremur á þann hátt, að útibú séu sett hér, jafnvel hvert í grennd við annað, innan höfuðborgarinnar, heldur en að svo mjög hafi verið aukin bankaþjónustan víða úti á landsbyggðinni. Og við, sem eigum heima úti á landsbyggðinni og erum að vinna þar að félagsmálum, höfum alls ekki orðið þess varir að undanförnu, að slíkt örlæti ætti sér stað af hendi bankanna um stofnun útibúa, að það sé þörf þess vegna að fara að setja nýjan hemil á í þeim efnum. Ég vitna til þeirra ástæðna að þessu leyti, sem er til að dreifa á Austurlandi, í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir. Þar hefur um allmörg ár starfað

útibú frá Landsbankanum á Eskifirði, og það var um langt skeið aðalpeningastofnunin í þeim landshluta. Að sönnu hefur útibú frá Útvegsbankanum starfað í Seyðisfjarðarkaupstað um allangt árabil, en með hinni hraðvaxandi útgerð í þessum landshluta, einkum síðan síldveiðarnar lögðust svo mjög að því svæði, þá verður ekki sagt, að bankaþjónustan í þessum landshluta sé um skör fram. Miklu fremur má segja, að hún sé of takmörkuð.

Fljótsdalshérað er eitt með stærri landbúnaðarhéruðum í þessu landi. Þar eru einir 10 sveitahreppar, sem liggja mjög í grennd hver við annan, og það tók mörg ár og mikil umsvif að fá skilning yfirstjórnar Búnaðarbankans á því, að þörf væri á að setja upp útibúið frá Búnaðarbankanum í þessu stóra landbúnaðarhéraði. Því er að sönnu orðið framgengt nú, og getum við, sem störfum á Austurlandi, fagnað því út af fyrir sig. En ég drep á þetta til að sýna, að það hefur alls ekki verið því örlæti fyrir að fara af hálfu bankaráðanna, að það sé ástæða til að ætla, að þau gangi um skör fram að því að fjölga útibúum úti um land. Þegar á þetta er litið, þá virðist enn minni ástæða en ella til að knýja fram þessa brtt., sem hér liggur nú fyrir.

Ég get minnt á það, að t. d. sú sýsla, sem ég er búsettur í og hef lengst starfað að félagsmálum fyrir, þ. e. Austur-Skaftafellssýsla eða Hornafjarðarhérað, það hefur enn alls ekkert bankaútibú fengið frá neinum banka. Er þar þó hraðvaxandi kauptún, þannig að íbúafjöldi á Höfn í Hornafirði hefur vaxið um 30% á 6 árum, og þar er vaxandi útgerð og allstórt landbúnaðarhérað að baki kauptúninu. Við getum ekki séð, sem búum við þessar aðstæður í bankamálum, að það sé nein sérstök ástæða til þess að fara að koma í lög nýjum hemli fram yfir það, sem er á valdi bankaráðanna í þessu efni, og mun ekki auðvelda sókn að því marki að fá peningastofnun inn í hérað sem þetta sú leið, sem gert er ráð fyrir, að umsóknir um það verði að ganga skv. þeirri till., sem hér er til umr.

Ég hef því ástæðu til þess sem einn af fulltrúum Austurlandskjördæmis og kannske sérstaklega fulltrúi þeirrar sýslu, þar sem ég er búsettur, að líta á þessar till. með nokkurri varasemi, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið. Og þegar þetta mál ber að með þeim hætti, sem lýst hefur verið, þá er eðlilegt að bera fram þá spurningu: Hvað hefur gerzt, síðan frv. var lagt fram hér á hv. Alþ. fyrir nokkrum mánuðum? Það hefur ekki komið fram hjá þeim hæstv. ráðh., sem mælt hefur fyrir þessu máli, að það hafi neinar nýjar ástæður komið upp núna síðustu dagana eða síðustu vikurnar, sem geri það knýjandi nauðsyn að koma fram þessari efnisbreyt. á frv., sem hér er stefnt að því að lögfesta. Ég vildi beinlínis bera fram þá spurningu til hæstv. ríkisstj., og ég sé, að hér er þó einn hæstv. ráðh. viðstaddur: Hvað er það, sem hefur komið fram nú upp á síðkastið, sem gerir það knýjandi að lögfesta slíka efnisbreyt. sem hér er lagt til? Þess má einnig geta í þessu sambandi, sem öllum hv. þm. er raunar ljóst, að nú er komið fram undir miðjan maímánuð, þegar þinglausnir standa fyrir dyrum, en búið er að setja löggjöf fyrr á þessu þingi um samkomudag reglulegs Alþingis 10. október. Það eru aðeins 4—5 mánuðir, þangað til nýtt löggjafarþing verður kvatt saman, og þegar um mál er að ræða eins og þetta, sem felur í sér mikla efnisbreytingu á bankalöggjöfinni og ágreiningur er um, þá virðist fullkomlega eðlilegt og öll sanngirni mæla með því, að þetta mál sé ekki knúið til úrslita nú, heldur ástæður allar skoðaðar betur á þeim tiltölulega stutta tíma, sem líður nú á milli löggjafarþinga, og þá tekið til athugunar á ný á næsta þingi, ef ástæða þykir þá til, að undangenginni nánari athugun, að taka þetta mál upp að nýju á svipuðum grundvelli og hér er lagt til.

Ég fæ ekki betur séð en það sé fullkomið sanngirnismál að fara þess á leit, að þannig sé farið að við afgreiðslu þessa máls. Og ég vil fyrir mitt leyti taka undir þau tilmæli, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. bar fram alveg skýrt og skorinort í ræðu sinni um þetta mál hér fyrr í dag, að hæstv. ríkisstj. taki þessi tilmæli til greina. Það, sem ég hef sagt um þessa till., er í beinu sambandi við bankakerfið, löggjöfina og framkvæmd hennar, eins og hún hefur verið nú á hinum síðustu árum. En hér er í raun og veru um enn þá víðtækara mál að ræða, þar sem er yfirstjórn peningamálanna og þau áhrif, sem Seðlabankinn og bankarnir hafa á allt viðskiptalíf og athafnalíf í þessu landi. Það er út af fyrir sig mjög mikið umræðuefni, og er þá skemmst af að segja, að það er orðið þröngt fyrir dyrum um frelsi í þessu landi, ef ekki má setja upp umboðsskrifstofu eða bankaútibú nema með sérstöku leyfi hlutaðeigandi ráðh. Þó að hér sé um mjög mikilvægt atriði að ræða, þá sé ég ekki ástæðu til að fara að fjölyrða um þann þátt málsins, a. m. k. ekki að sinni, og mun því láta máli mínu lokið að þessu sinni.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef nú talað tvisvar sinnum, svo að þetta er nú aðeins stutt aths. Ég skal reyna að misnota ekki það.

Ég vildi fyrst aðeins að gefnu tilefni ítreka það, eins og fram kom í báðum þeim ræðum, sem ég flutti hér í dag, að ég tók efnislega afstöðu algerlega á móti þessu frv., á móti þessari brtt. Ég get þessa hér, af því að mér þótti rangt frá minni afstöðu og málflutningi skýrt í útvarpinu í kvöld. En ég tók það einmitt skýrt fram, að ég væri á móti því og mundi aldrei greiða því atkvæði að veita pólitískum ráðherrum vald til þess að ákveða, hvar útibú frá bönkum væru sett upp, enda er það sannast að segja, að þar er um slík höft að ræða, eins og hv. 6. þm. Sunnl. réttilega benti á með glöggu dæmi, að það í rauninni jafngildir því, ef ráðh. væri fengið úrskurðar-

vald um það, hverjar verzlanir mætti setja upp á einum stað eða hvar verzlanir mættu setja upp útibú. Og þetta er, eins og bent hefur verið á, í algeru ósamræmi við þá stefnu, sem ríkisstj. hefur talið vera sína stefnu: að hafa frjálsa samkeppni sem víðast. Hún hefur hælt sér af því æ ofan í æ, að hún hafi afnumið höft og hún væri á móti hvers konar höftum, en við slíkar yfirlýsingar kemur þetta ákaflega illa heim, að ætla að fara að taka upp svona stefnu.

Svo vildi ég bara aðeins benda á það, eins og hv. 4. þm. Austf. benti á, að stjórnarflokkarnir hafa meiri hl. í öllum bankaráðum ríkisbankanna. Auk þess hafa þeir meiri hl. í bankaráðum Verzlunarbankans og Iðnaðarbankans. Það er þá aðeins Samvinnubankinn, sem þeir hafa ekki meiri hluta í. Útibú verða ekki sett upp nema með samþykki bankaráða. Það er þess vegna hægurinn hjá hjá hv. stjórnarliðum og ríkisstj. að hafa þannig samband við bankaráð allra bankanna, a. m. k. nema Samvinnubankans, að sjá til þess, að þeir bankar, ríkisbankarnir og hinir tveir viðskiptabankarnir, einkabankarnir, sem ég nefndi, setji ekki upp útibú, nema þar sem ríkisstj. er þóknanlegt.

Og nú vil ég bara að gefnu tilefni spyrja hæstv. viðskmrh. að því: Hvaða útibú eru það, sem sett hafa verið upp af viðskiptabönkunum að undanförnu, sem hann telur óþörf vera og betur hefði verið látið vera að gera ekki? Þetta eru ekki svo mörg útibú, að það er ósköp auðvelt að telja þau upp. Er það útibúið á Hellu? Er það útibúið á Hvolsvelli? Er það útibúið í Keflavík? Er það útibúið á Húsavík? Eða er það útibúið á Snæfellsnesi? Hver af þessum útibúum telur ráðh., að ekki hefði átt að setja upp?

Samvinnubankinn er, eins og ég sagði áðan, eini bankinn, þar sem stjórnarflokkarnir hafa ekki ótvíræðan meiri hl. og yfirráðarétt. Og Samvinnubankinn hefur sett upp tvær umboðsskrifstofur, aðra í Hafnarfirði og aðra á Akranesi. Telur hæstv. viðskmrh., að það sé ofrausn hjá Samvinnubankanum að hafa sett upp þessar umboðsskrifstofur á þessum stöðum?

Einhverjum af þessum útibúum, sem ég hef nefnt, hlýtur viðskmrh. að telja ofaukið, annars væri þessi brtt. ekki flutt. Það er ekki til of mikils mælzt, að hæstv. viðskmrh. geri alveg skýra grein fyrir því, hvar hann telur misnotkun hafa átt sér stað á þessu sviði, því að því er þannig varið, að í þeim rökum, ef rök skyldi kalla, sem hann flutti með þessari brtt., og í brtt. sjálfri felast í raun og veru fullyrðingar um það, að stjórnir þessara banka, bankaráðin og bankastjórarnir, hafi misfarið með sitt vald að þessu leyti. En jafnhliða gat ráðh. þess, að kunnugt væri um ýmsar ráðagerðir þessara stofnana, sem hér er um að tefla, um það að setja upp útibú og umboðsskrifstofur. Mér er t. d. kunnugt um eina slíka ráðagerð, sem snertir mitt kjördæmi. Mér er kunnugt um, að það stendur til, að Búnaðarbankinn geri samning um yfirtöku sparisjóðsins á Sauðárkróki og setji þar upp útibú. Búnaðarbankinn hefur áður að vísu með sama hætti sett upp útibú á Blönduósi. Telur hæstv. viðskmrh. þetta ofrausn? Og ég vil spyrja hann: Hvar eru þau útibú ráðgerð, sem hann telur að ekki ætti að setja upp, úr því að hann telur þörf á að setja þessi ákvæði til þess að sporna við þessu? Og eins og ég hef bent á, þá er ríkisstj. augljóslega ekki þörf á þessu lagaákvæði vegna ríkisbankanna né heldur þeirra einkabanka tveggja, sem ég nefndi, Iðnaðarbankans og Verzlunarbankans, þannig að sá grunur hlýtur að vakna hjá manni, að í þessu sambandi hljóti fyrst og fremst sá bankinn að vera hafður í huga, sem ríkisstj. hefur ekki fullkomin yfirráð yfir og tök á, Samvinnubankinn. Og það er rétt að spyrja að því þá og liggur beint við: Er hann hafður í huga? Telur ráðh., eins og ég áðan sagði, að Samvinnubankinn hafi misfarið í þessu efni með því að setja upp þær umboðsskrifstofur, sem hann hefur sett upp í Hafnarfirði og á Akranesi? Er ofgert við fólkið á þessum stöðum með því?

Ég held, að þessar spurningar, sem ég hef hér borið fram við hæstv. ráðh., séu alveg skýrar og hann geti ekki misskilið þær, og ég vil mælast til þess, að hann gefi alveg skýr svör við þessum spurningum. Það er æskilegt, að þm. fái upplýsingar um þessi efni og alveg sérstaklega vegna þeirra vinnubragða hjá hv. fjhn., sem ég tel stórlega ámælisverð, að synja þess, að kvaddir séu til viðræðu og umsagnar bankastjórar viðskiptabankanna hér í borg, það hefði verið auðvelt að gera með svo sem klukkustundar fyrirvara. Og ég er hissa á því ofríki og á þeim hundavaðshætti, — ég verð að hafa svo ljótt orð um það, — sem hafður er á þessu máli, að það skuli neitað um að kalla á þessa menn og fá umsögn þeirra um þetta mál og gegna þeirri sjálfsögðu kurteisisskyldu að gefa þeim færi á að verja hendur sínar, því að það verður ekki komizt fram hjá því, að með þessum brtt. er ásökun stefnt í þeirra garð.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur legið fyrir hv. Alþingi svo til í mestallan vetur, og það undarlega skeður á síðustu dögum þingsins, að hæstv. viðskmrh. kemur með gerbreytingar á þessu frv., og er það varla fyrir það, að sá hæstv. ráðh. sé seinn að hugsa, því að ég held, að honum sé borið margt annað frekar á brýn. Eitthvað annað hlýtur að liggja þar að baki en það, að bankamálaráðherra hafi ekki verið búinn að hugsa sér þetta fyrr en á síðasta kvöldi þeirrar umr., sem þetta mál er í seinni deild Alþingis.

Það er svo ráð fyrir gert, að hvert frv. hljóti sex umr., þrjár umr. í hvorri deild. En þeirri meginbreytingu, sem hér er varpað fram á þskj. 647, er ætluð aðeins ein einasta umr. í hvorri d. Þetta mun að vísu ekki vera neitt einsdæmi hér á hv. Alþingi og allra sízt eins-

dæmi hjá hæstv. núv. ríkisstj. Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi leikið þennan leik oft og mörgum sinnum áður, að ýmist komi breyt. við mikilvæg mál á síðustu dögum Alþingis eða lögð séu fram stórkostleg frv., sem hafa verið knúin í gegnum þingið með afbrigðum á svo skömmum tíma, að afgreiðsla þeirra mála hefur varla verið sómasamleg fyrir hv. Alþingi. Ég tel líka varðandi þær brtt., sem hér liggja fyrir, að það geti varla verið sómasamleg afgreiðsla að kasta fram brtt. við 3. umr. í seinni d. og láta þann meginkjarna málsins hljóta aðeins eina umr. í hvorri d. á móti sex umr., sem frv. eiga yfirleitt að hljóta á Alþingi.

Þegar núv. stjórn kom til valda, rétt fyrir áramótin 1959 og 1960, varð meginstefnubreyting í fjármálalífi þjóðarinnar. Þá átti að afnema allt, sem hétu höft eða bönd eða fjárfestingareftirlit, gefa allt frjálst. Það átti að ríkja frelsi á öllum sviðum í landinu. Þeir, sem þurftu að byggja yfir sig og sína, áttu ekki að sækja undir neitt ráð með að fá leyfi til slíks. Þeir voru sjálfráðir að því, hvenær þeir byrjuðu á sínum byggingum og sínum framkvæmdum, og töldu þá, að hnúturinn væri leystur, þegar þetta frelsi hófst.

En einhvern veginn er það þannig eftir stjórnarferil þessarar hæstv. ríkisstj., að þá hefur skapazt í landinu af þessu frelsi mikið ófrelsi. Og hvað er það þá, sem veldur þessu ófrelsi? Maður skyldi ætla, að ekki stæði á því að fá lán til framkvæmdanna, og allra sízt þegar tekið er tillit til þess, hversu gífurleg sparifjáraukningin hefur verið einmitt í tíð núv. hæstv. ríkisstj., þar sem innstæðuaukning landsmanna nam við síðustu áramót 5365 millj. kr., og að því er sagt er, þá hefur þessi innstæðuaukning tvöfaldazt í tíð hæstv. núv. ríkisstj. Þó er ástandið svo í landinu, að það er varla hægt að selja fyrir Pétur og Pál meir en 10—15 þús. kr. víxil, og það er meira frelsið þetta fyrir þá, sem standa í framkvæmdum, þurfa ekki að sækja sitt undir neitt fjárfestingareftirlit, að fá frelsi til þess að ganga inn í banka og fá 10 eða 15 þús. kr. í víxlum að láni hjá bönkum, sem ráða yfir 5365 millj. kr. alls. Ég held, að svo smátt hafi aldrei verið skammtað af neinum bankastjóra hér á landi fyrr en nú, þegar miðað er við verðgildi íslenzkrar krónu, og ég efast um það líka, að það hafi nokkurn tíma verið jafnilla búið að framfaramönnum í þessu landi og einmitt nú. Og stefnubreytingin, þetta frelsi, sem átti að verða og var prédikað fyrir 1960, ég held, að það hafi aldrei orðið nema í orði, því að fæstir hafa notið þess á borði. Og hæstv. ríkisstj. hefur sjálf á sviði fjármálanna orðið að éta ofan í sig allt, sem hún lofaði, og allt, sem hún ætlaði að gera. Hún hefur sjálf lagt fram frv. á Alþingi til þess að leiðrétta það, sem hún hefur áður vangert, og það, sem hún hefur misgert við sína þegna. Stefnubreytingin, sem tekin var 1960, var sú, í staðinn fyrir fjárfestingu að láta banka landsins vera hemil á fjárfestinguna í landinu. Og það hefur sýnt sig, að þessi hemill hefur verkað á suma, en hann hefur ekki verkað á aðra.

Ég ætla ekki hér að rekja ástæður til þess, hvers vegna hann hefur ekki verkað jafnt á alla, en fyrir því liggja að sjálfsögðu ýmsar ástæður. Við sjáum það, þegar við förum hér inn með Suðurlandsbrautinni, þær stóru byggingar, sem þar hafa risið upp á undanförnum árum. Við sjáum það líka víða, þegar við ferðumst úti á landsbyggðinni, að það eru hálfkláraðar byggingar og margir, sem standa þar í framkvæmdum, þeir eiga ekki völ á því að fá af sparifé landsmanna að láni til þess að ljúka sínum framkvæmdum, á meðan aðrir njóta þess stuðnings að geta fengið, að manni virðist, nokkurn veginn endalaust að láni. Og þarna finnst mér vera mjög gert upp á milli.

Þegar vaxtahækkunin var gerð 1960, varð að afnema löggjöf, gamla löggjöf, sem var um svokallaða okurvexti, því að svo hátt er boginn spenntur, að það varð að afnema þá löggjöf, sem var um okurvexti áður fyrr, og víxlavextirnir voru settir upp í 12%. En Adam var ekki lengi í Paradís, því að hæstv. bankamálaráðherra uppgötvaði það um áramótin 1960 og 1961, að boginn var svo hátt spenntur, að atvinnuvegir landsmanna þoldu ekki þessi vaxtakjör, sem hann bauð þeim. Og þess vegna var þá við áramótin, að það varð strax að slaka nokkuð á þeim boga, sem spenntur hafði verið, og lækka vextina niður í 10% af almennum víxlum, sem þeir hafa verið síðan. Og enn fremur varð að grípa til sérstakra ráðstafana vegna atvinnuveganna. Fyrst var byrjað á því að koma með sérstaka löggjöf um lausaskuldir í sjávarútvegi, að fastsetja lán, sem myndazt höfðu, til margra ára á lægri vöxtum en þau höfðu áður verið, og þetta kom til m. a. vegna þess, að vaxtakjörin voru svo há, að það var útilokað, að atvinnuvegirnir gætu risið undir svo miklum lausaskuldum með svona háum vöxtum, jafnhliða ekki hærri stofnlánum en veitt höfðu verið.

Nokkru eftir að þessi löggjöf um lausaskuldir sjávarútvegsins hafði verið lögfest, varð að grípa til hliðstæðra ráðstafa í landbúnaðinum. Þar gátu bændur ekki risið undir þeim lausaskuldum, sem myndazt höfðu, með það gífurlegum vöxtum, sem þá giltu í landinu og gilda enn í dag. Varð að fastsetja það fé hjá þeim stofnunum, sem skuldirnar höfðu myndazt hjá, og lækka vextina og lengja afborgunartímann upp í tvo áratugi. Og það eru ekki ýkjamargir dagar síðan lögfest var hér á Alþingi þriðja löggjöfin varðandi þriðja atvinnuveginn, þ. e. iðnaðinn, um lausaskuldir iðnaðarins. Og þá liggur það nokkurn veginn ljóst fyrir, hver afleiðing þessarar stefnubreytingar í fjármálum þjóðarinnar hefur verið fyrir atvinnulíf landsmanna, síðan hæstv. ríkisstj. kom til valda 1959. Það hefur líka sýnt sig, hvernig atvinnuvegirnir hafa þrifizt undir hinni frjálsu samkeppni, sem átti að ríkja hjá hæstv. ríkisstj.

Samhliða þessu, að almennir vextir voru hækkaðir, þá var jafnframt því tekið valdið af þeim einstöku stofnlánadeildum bankanna, bæði varðandi fiskveiðasjóð og ræktunar- og byggingarsjóð landbúnaðarins, iðnlánasjóð og raforkusjóð. Það var numið úr lögum, að vaxtakjörin væru bundin, heldur eiga þau af stofnlánum að vera í höndum Seðlabankans og hæstv. ríkisstj., og þessir vextir, þeir voru allir hækkaðir svo mikið, að þeir voru álíka háir og víxlavextir voru hér á landi fyrir u. þ. b. tíu árum, og þótti þá engin sæld að þurfa að taka víxil að láni. Það gefur því nokkurn veginn auga leið, hvernig gengur hjá landsmönnum, hvort heldur er til sjávar eða sveita, að rísa undir þessum lánum samhliða því, sem lánstíminn var líka styttur. Hér var gripið það hastarlega inn í atvinnulíf landsmanna, að voði var fyrir höndum, og það er ekki enn búið að bíta úr nálinni með það, hver endanleg afdrif þessi stefnubreyting í fjármálalífi okkar Íslendinga kann að hafa. Og það er víst, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einn angi af þeim erfiðu viðfangsefnum, sem hæstv. ríkisstj. hefur við að glíma í þessum efnum.

Nú er það svo, að það er sagt, að það séu tvær meginbreytingar frá gildandi löggjöf í þessu frv. fyrir utan þá þriðju meginbreytingu, sem lögð var fram hér í dag — eða kannske réttara sagt í gær. Það er látið í veðri vaka, að sparifjárbindingin, aukningin á sparifjárbindingunni, hún eigi að verða til þess að auka afurðalánin. En tryggingin er bara engin fyrir því í þessu frv., að svo muni verða. Það er margsinnis búið að ræða afurðalánin, bæði varðandi landbúnaðinn, sjávarútveginn og iðnaðinn. Þessi mál hafa öll verið til umr. á undanförnum þingum og það er ekki að ástæðulausu, vegna þess að með vaxandi afurðamagni og vaxandi dýrtíð hefur svo til tekizt, enda þótt sparifjáreign landsmanna sé að krónutölu til miklu meiri en nokkru sinni áður, þá hafa afurðalánin farið lækkandi. Þau hafa farið lækkandi þannig, að t. d. varðandi afurðalán landbúnaðarins, þá voru þau lengst af, eftir að þau komust á, til 1959, 67% af verðgildi landbúnaðarafurðanna, en lengst af hafa þau verið hjá núv. hæstv. ríkisstj. um eða yfir 50%, og þetta hefur valdið bændum landsins óskaplega miklum búsifjum, samhliða því sem allar rekstrarvörur til landbúnaðarins hafa stórhækkað, og nú síðast um daginn hækkaði áburðarverðið til bænda um 20%, og vitað er líka, að á s. l. hausti hækkaði fóðurbætirinn um 20%. Hækkunin á afurðaverðinu til bændanna vegur skammt á móti þeim gífurlegu hækkunum, sem hæstv. ríkistj. er völd að vegna bændastéttarinnar.

Það má líka um margt annað ræða, bæði varðandi sjávarútveginn og landbúnaðinn. Það má líka minna á það, að á því tímabili, sem þessi dásamlega viðreisnarstefna er búin að ríkja í landinu, hafa yfirleitt öll tæki til lands og sjávar, sem eru flutt inn, hækkað um 100% í innkaupi. Og sá bóndi, sem kaupir dráttarvél í dag, hann fékk árið sem leið 30% af kostnaðarverði aflvélarinnar úr stofnlánadeild landbúnaðarins. Nú liggur hins vegar ekkert fyrir um það, hvenær hægt er að veita slík lán eða hvort hægt verður að veita þau eftir þeim upplýsingum, sem fengizt hafa, enda ekki kosningar, að vitað er, á þessu ári. Og sama er með ýmsar aðrar framkvæmdir varðandi landbúnaðinn.

Það var mjög gumað af því árið sem leið, að búið væri að hækka veðdeildarlánin upp í 100 þús. kr. til jarðarkaupa úr 35 þús. kr. En nú er það svo, að ekki virðist vera hægt að fullnægja sömu reglum í þessum efnum og árið sem leið, þannig að samdrátturinn hjá bönkunum til að veita þá þjónustu, sem lög heimila, fer minnkandi, enda þótt sparifjáreign landsmanna fari vaxandi. Og slíkt er mjög bagalegt. Og þótt hæstv. ríkisstj. viðurkenni það ekki, að hún hafi margt misgert á sviði fjármála landsmanna, þótt hún viðurkenni það aldrei, eru þó staðreyndirnar, sem sanna það, sem ég hef minnt hér á varðandi atvinnuvegina, að það hefur orðið að grípa til sérstakrar löggjafar varðandi alla atvinnuvegi þjóðarinnar, vegna þess að svo óframsýn var hæstv. ríkistj., þegar hún kom til valda, að við slíkt var ekki hægt að una, því að allt var að fara í strand. Og mér er nær að halda, að enda þótt eitthvað sé kannske hægt að fleyta skútunni, fleyta atvinnuvegunum áfram að sinni, verði þess ekki langt að bíða, að enn þá verði að grípa til hliðstæðra ráðstafana og gert var á síðasta kjörtímabili með að fastsetja eitthvað af þeim lausaskuldum, sem myndazt hafa, og framselja þær til margra ára og þar með lækka vextina, svo að atvinnulíf landsmanna geti undir því risið.

Ég minni á þetta hér nú, þegar verið er að ræða um þá æðstu stofnun, sem til er í bankamálum landsmanna, það er Seðlabanki Íslands. En völd hans hafa farið ört vaxandi í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Áður fyrr hafði Alþingi vald til að ákveða gengi íslenzkrar krónu miðað við erlent gengi. Nú þarf engin ríkisstj. að spyrja Alþingi lengur um, hvert gengi íslenzkrar krónu verður. Hæstv. ríkisstj. getur breytt genginu, þegar henni sýnist, í samráði við Seðlabanka Íslands. Og það er býsna margt annað, sem hæstv. ríkisstj. getur gert í samráði við Seðlabanka Íslands. Nú á að taka 1 kr. af hverjum 4 af sparifjáraukningu landsmanna og frysta í Seðlabankanum og bæta við þær 860 millj., sem stóðu inni frystar í Seðlabankanum við síðustu áramót, 860 millj., sem komnar voru. Og þetta kalla ég ekki frjálsræði hjá hæstv. ríkisstj., sem sigldi af stað undir fánanum: frelsi á öllum sviðum, frelsi á viðskiptasviðinu og frelsi einstaklinganna til að framkvæma allt, sem mögulegt er, og greiða þeirra götu á sem beztan hátt. En mér finnst, að þróunin sé að fara smám saman í þá átt, að Seðlabankinn eigi að vera nokkurs konar fjárfestingarstofnun hjá Íslendingum, hann eigi að koma í stað þeirra stofnana, sem áður giltu varðandi skipulagningu á fjárfestingu landsmanna. Nú er það Seðlabankinn, sem á að fá hlutdeild í svo

og svo miklu af fjármagni landsmanna og þar með ráða úrslitum um það, hvað viðskiptabankarnir hafa til umráða til þess að fullnægja því frelsi, sem hæstv. ríkisstj. lofaði, er hún kom til valda. Og enginn efast um það, að þessi aðstaða Seðlabankans verður á allan hátt notuð til þess ýtrasta, enda hefur það komið fram í þeim umsögnum, sem hér liggja fyrir varðandi þetta frv. frá bönkunum, að þeir eiga í miklum erfiðleikum varðandi viðskipti sín við Seðlabankann. Og ég held, að ef hæstv. ríkisstj. væri sjálfri sér samkvæm, ætti hún frekar að veita meira frelsi til viðskiptabankanna í þeim efnum að ráða yfir því fjármagni, sem þar til fellur, í stað þess að taka svo og svo mikið til bindingar í Seðlabankanum, og ekki sízt þegar það er gert á þeim forsendum, sem vafasamt er, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að framkvæma, og fáum dettur í hug, að hæstv. ríkisstj. muni nota aukna fjárbindingu til afurðalána, út frá þeirri reynslu, sem verið hefur í þeim efnum.

Ég held, að sú löggjöf, sem hér hefur verið samþykkt á sviði sparifjárins í vetur, bæði varðandi aukinn skyldusparnað og aukna bindingu hjá Seðlabankanum, komi fyrst og fremst hart niður á þeim, sem eru víðs vegar úti á landsbyggðinni, því að þetta fjármagn fer hingað til Reykjavíkur, hvort heldur það, sem er skylda fyrir æskulýðinn að spara, það er ekki heimilt að leggja það inn í lánsstofnanir úti á landi, heldur á það að fara hingað til borgarinnar ásamt því fé, sem Seðlabankinn tekur af lánsstofnunum úti á landi til að binda hér. Og þess vegna er það svo, að frelsi þeirra, sem standa í margs konar framkvæmdum úti á landsbyggðinni, fer minnkandi með hverju árinu sem líður, bæði vegna þess, að framkvæmdirnar eru svo dýrar, að það þarf svo mikið fjármagn til framkvæmdanna, og í öðru lagi, að það, sem lánsstofnanir hafa til umráða, fer minnkandi með hverju árinu sem líður, og ekki sízt, ef til þess kemur, að hinar einstöku, lögákveðnu stofnlánadeildir til framkvæmdanna verða að draga við sig, vegna þess að þær geta ekki innt sínar skyldur af hendi, af því að ríkisvaldið stendur sig ekki nógu vel til að útvega fjármagn til lögbundinna lána. Og þessi þróun er á allan hátt mjög óæskileg. Og þá finnst mér, að það sé ekki sízt óæskilegt, að Seðlabankinn skuli enn þá fá aukin yfirráð yfir því, hvernig viðskiptabankarnir haga sínum viðskiptum utan sinna höfuðstofnana, sem hér eru í bænum, þ. e. a. s. með útibúum víðs vegar á landsbyggðinni. Nú skal ég ekkert um það fullyrða, þar sem rekstur sparisjóða er í góðra manna höndum og lánveitingum hefur verið hagað skynsamlega, hvort nokkur ástæða sé til undir slíkum kringumstæðum að leggja sparisjóðina niður og þar með vald héraðanna yfir þeim stofnunum og fela þá einhverjum banka úr Reykjavík eða útibúi frá einhverjum banka. Og ég held, að slíkt eigi vart rétt á sér, nema því aðeins að einhver trygging sé fyrir því, að hlutaðeigandi bankastofnun, sem tekur að sér slíkan sparisjóðsrekstur, ætli sér til verulegra muna að auka það fjármagn, sem hlutaðeigandi hérað hefur til umráða. Að öðrum kosti held ég, að það geti ekki verið til bóta fyrir héruðin að afsala sér rétti yfir góðum sparisjóðum og fela þá bönkum eða útibússtjórum frá bönkum, ef þeir hafa ekki neina hugmynd um, að það geti orðið til þess að greiða betur götu þeirra, sem byggja hlutaðeigandi héruð. Og vonandi er það einmitt þetta sjónarmið, sem ríkir hjá bankaráðum og bankastjórum, þegar þeir mynda útibú víðs vegar úti á landsbyggðinni. Vonandi er það sjónarmiðið að veita auknu fjármagni út á landsbyggðina, en ekki hitt, að þeir nái betri eða meiri tökum á því fjármagni, sem fyrir er, og geti þar með smám saman lokkað það og togað hingað í höfuðborg landsins. Það tel ég mjög óæskilegt sjónarmið. Þess vegna held ég, þegar maður hugleiðir þá brtt., sem hér liggur fyrir frá hæstv. viðskmrh., og afskipti Seðlabankans af sparifjáreign landsmanna, að verði sú brtt. samþykkt, geti hún sízt orðið til þess að rétta hlut landsbyggðarinnar í þessum efnum.

Ég treysti miklu frekar viðskiptabönkunum, sem hafa orðið að greiða fyrir atvinnulífi landsmanna, til að hafa fullkomna yfirsýn yfir þarfirnar á hverjum stað í þessum málum og gera það, sem réttast er, án þess að til komi nokkur skipun þar um frá stjórn Seðlabanka Íslands eða bankastjórum Seðlabanka Íslands. Ég held einmitt, að þarna ætti hæstv. ríkisstj. að sigla undir sínu upprunalega flaggi og láta ríkja sem mest og bezt frelsi. En einhvern veginn er það þannig, að þetta frelsi, sem boðað var eftir kjördæmabreytinguna 1959, virðist smám saman vera að verða að ófrelsi. Það er verið að setja ýmiss konar höft á það frelsi. Það virðist vera, að hesturinn, sem átti að hlaupa frjáls í haga, fær aðeins innan vissra marka að hoppa nú, þar sem hæstv. ríkisstj. er smám saman að setja fjötur um fætur hans. Og einmitt þetta frv. og sú brtt., sem hér liggur fyrir, miðar fyrst og fremst í þá átt, að hæstv. ríkisstj. geti fjötrað fjármagnið meira en hún treystir sér til að öðrum kosti. Ég skal ekki um það ræða, hver hugur hæstv. ríkisstj. er til einstakra banka og bankastofnana, en það hefur margsinnis verið á það bent í þessum umr. hér í þessari hv. d., varðandi ýmiss konar bankaviðskipti og það hjá sjálfum ríkisbönkunum, að þar er mjög upp á milli gert, þar sem einn ríkisbankinn hefur aldrei fengið gjaldeyrissölu, en aftur á móti tveir ríkisbankarnir hafa um langan tíma haft á hendi gjaldeyrissölu. Og þetta er ekki fyrir það, að hlutaðeigandi bankastjórar eða bankaráð hafi ekki eftir þessu óskað, heldur hitt, að sú stofnun, Seðlabanki Íslands, sem mestu virðist ráða í þessum efnum, hefur verið þar fjötur um fót. Og þarna er verulega gert upp á milli ríkisbankanna. Aðrir bankar eru líka til í þessu landi, og skal ég engu um það spá, hver hugur hæstv. ríkisstj. er til þeirra banka. En ábyggilega er það margt, sem er að koma í ljós, sem sýnir það, að bankakerfi landsins hvílir

ekki á jafntraustum fótum og þjónar almenningi eins og margur hefði ætlað undir því frelsi, sem boðað var 1959. Og fróðlegt væri, af því að hér eru bankafróðir menn inni, að fá að vita, hvar stærsti hlutinn af sparifjáreign landsmanna, af þessum 5365 milljónum króna, er niður kominn. Er það í atvinnuvegum landsmanna, og hvernig er sú skipting þá milli atvinnuveganna, eða er stærsti hlutinn í heimi verzlunarviðskiptanna hér á landi, og er hann í þágu atvinnuveganna varðandi fjárfestingu til þeirra, eða er hann í þágu viðskiptalífsins varðandi fjárfestingu fyrir viðskiptamennina? Það væri gaman, ef hæstv. viðskmrh. vildi upplýsa þetta hér, vegna þess að það er fróðlegt fyrir landsmenn að vita, hvar þessar krónur eru niður komnar. Og ákaflega er hætt við því, enda þótt vaxtakjörin í landinu séu mjög óhagstæð, að þegar þrengist á lánamarkaðinum og fleiri og fleiri krónur verða fastsettar í Seðlabanka Íslands, þá fari ýmsir að ávaxta sitt fjármagn utan bankakerfisins. Um þetta hefur maður oft og einatt heyrt, og ég er hræddur um, að þróunin sé að verða sú, að margur hugsi sér að ávaxta sitt fjármagn utan við bankakerfi landsins og reyna sjálfur að skapa sér þær tryggingar og þau kjör á fjármagninu, sem hann á kost á á þeim sviðum. En þetta er óæskilegt, og til þessa þyrfti ekki að grípa, ef landsmenn ættu nokkurn veginn kost á lánum, þótt með þeim kjörum væri, sem nú er boðið upp á, enda þótt þau séu á engan hátt æskileg og miklum mun óhagstæðari þeim vaxtakjörum, sem hér hafa áður verið.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti einmitt að veita meira fjármagn út í atvinnulífið, í stað þess að binda meira og meira fjármagn og enn fremur að ætla sér að setja meiri og meiri fjötra á fjármagnið en verið hefur. Ég hef aldrei talið hyggilegt að binda jafnmikið af fénu í Seðlabankanum og nú er. En mörg ár eru liðin, og þróunin virðist ganga í gagnstæða átt við það, sem þá var haldið fram, þar sem nú á að taka meira fé og binda inni í Seðlabankanum. Og enda þótt það sé látið í veðri vaka, að sú fjárbinding sé vegna aukinna afurðalána, þá held ég, að það væri nær að taka aukin afurðalán af því fjármagni, sem þegar er búið að binda, í stað þess að taka meira fé af landsmönnum í því skyni. Á þann hátt væri vafalaust hægt að leysa mörg vandamál á sviði fjármálanna, og vænti ég, enda þótt ég sé þess fullviss, að stjórnarsinnar samþykki þetta frv. og þær brtt., sem hér liggja fyrir, eins og allt annað, sem á borð er borið, þá vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. endurskoði sína afstöðu til þessara mála og sjái sér fært að greiða betur hag sinna borgara, að því er lán varðar til uppbyggingar í landinu, heldur en nú virðist horfa. Á ég þar einkum við tvennt: Í fyrsta lagi, að fullkomlega sé staðið við að veita þau lán, sem einstakar stofnlánadeildir, bæði varðandi sjávarútveg, landbúnað og iðnað, eiga að veita lögum samkv., og í öðru lagi, að til þess, sem á skortir, að slík lán dugi til uppbyggingar í landinu, eigi hlutaðeigandi aðilar kost á því að fá fjármagn með þeim kjörum, sem nú ríkja, til þess að ljúka við þau verkefni, sem þeir hafa staðið í og standa í nú á næstu árum, því að það gefur auga leið, að það er kostnaðarsamt að vera lengi með uppbyggingu, sem byrjað er á. Það er ekki einungis dýrt fyrir þá einstaklinga, sem standa í slíkum framkvæmdum, heldur engu síður fyrir þjóðina alla, því að á meðan nýtur hún ekki þeirra ávaxta, sem af því hljótast, eftir að tæknin hefur rutt sér fullkomlega til rúms og aðstaða skapazt á því sviði.

Ég vænti því þess, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því, að fullkomlega verði séð fyrir þeim lánaþörfum til framkvæmda, sem lög gera ráð fyrir, og í öðru lagi, að hinir sömu aðilar eigi jafnframt kost á fjármagni af hinu almenna sparifé til þess að ljúka við sínar framkvæmdir án þess að þurfa að bíða eftir því í mörg ár og kannske komast aldrei frá þeim vandræðum, sem af því hljótast. En þetta frv. miðar í þveröfuga átt, og af þeim ástæðum og öðrum, sem hér hafa verið ræddar, mun ég ekki fylgja frv. eða þeim brtt., sem fyrir liggja.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég sakna þess, að hæstv. ráðh., sem er í forsvari fyrir ríkisstj. í þessu máli, er hér ekki í sæti sínu. En þegar þess er gætt, að hann hefur nú, — í gær, má segja, það er nú komið fram yfir miðnætti, lagt hér fram í raun og veru nýtt mál, sem er í eðli sínu mjög mikilvægt, þá tel ég það ekki benda á mikla þrautseigju eða þol af hálfu hæstv. ráðh. að fylgja ekki þessu máli fram og hlýða á þær athugasemdir, sem þm. hafa við það að gera. Ég get ekki látið hjá líða að endurtaka það, að hér er um næsta óvenjulega aðferð að ræða. Það má áreiðanlega leita nokkuð vel í þingsögunni til þess að finna alveg hliðstæð dæmi. Ég vil ekki segja, að hliðstæð dæmi séu ófinnanleg, en þau eru ekki mörg, að þegar mál hefur legið jafnlengi fyrir Alþingi eins og þetta frv., búið að ganga í gegnum aðra deildina, sem hefur haft það mjög lengi til athugunar, og er komið á allra síðasta stig í seinni deildinni, að þá sé komið með inn í málið alveg nýtt efnisatriði, stórfellt efnisatriði, og ætla að knýja það fram, helzt á örstuttri stund. Og ég hefði viljað fá svör frá hæstv. ráðh. um það, hvað hefur komið fyrir, sem knýr til þessarar aðferðar.

Það hefur verið vikið að því í þessum umræðum, að bankaútibú úti á landi séu víða færri en fólkið í héruðunum mundi gjarnan óska. Og það er sannast sagna, að það eru farnar margar leiðir til þess að draga hið lausa fjármagn utan af landsbyggðinni yfir í bankana og aðrar stofnanir hér í höfuðstað landsins. Hinir miklu fólksflutningar utan af landsbyggðinni og hingað, þar sem þéttbýlið er mest, hafa í för með sér mjög mikla flutninga á verðmætum. Fólkið, sem hefur unnið bezta starfstíma ævinnar úti á landsbyggðinni, en

flytur síðan hingað í þéttbýlið, reynir að færa með sér eins mikið af verðmætum sínum og það frekast getur. Og þeir, sem eftir standa við atvinnurekstur og uppbyggingu úti á landsbyggðinni, verða í þess stað að safna skuldum til þess að komast yfir þær eignir, sem hinir, sem burt flytja, láta af hendi. Það er þó augljóst og skýrslur sýna það, að gjaldeyrisöflunin er mjög mikil t. d. í sjávarþorpunum úti um land og í sumum þeim stöðum hlutfallslega miklu meiri gjaldeyrisöflun á mann heldur en er þar, sem fjölmennið er mest. Hér eru starfsgreinar miklu fleiri og hlutfallslega miklu fleiri af íbúunum bundnir við störf í skrifstofum, opinberum stofnunum og ýmsum fyrirtækjum, þannig að fólkið í sjávarþorpunum víða úti um land tekur almennari þátt í gjaldeyrisöfluninni en þeir, sem eru hér í mesta þéttbýlinu. Opinberar stofnanir þjóðfélagsins eru einnig langsamlega flestar hér á tiltölulega litlum bletti. Þær draga að sér mikið fjármagn, t. d. Tryggingastofnunin, en iðgjöld til hennar eru eins konar skyldusparnaður, sem tekinn er af sérhverjum fullvinnandi manni í landinu. Og höfuðstöðvar Tryggingastofnunarinnar eru hér. Þannig er því háttað um atvinnuleysistryggingasjóðinn, sem er orðinn mjög fjársterk stofnun. Það fé, sem til þeirrar stofnunar er fengið, er tekið úr öllum hinum stærri sveitarfélögum um gjörvallt landið, en er dregið saman hér í höfuðstaðnum. Og í kjölfar þessa kemur svo það, að þeir, sem eru að halda uppi atvinnurekstri eða viðskiptum úti á landsbyggðinni, þurfa að verja mjög miklum tíma, fyrirhöfn og raunar fjármunum til þess að fá nauðsynlega fyrirgreiðslu hér í höfuðstaðnum. Stofnun bankaútibúa vegur á móti þessari þróun, svo langt sem það nær. Og þessi þróun er svo ör í þjóðfélaginu, að það er fyllilega réttmætt að styðja að og fremur að örva heldur en að bregða fæti fyrir stofnun bankaútibúa í flestum héruðum eða öllum héruðum landsins. Nú er stefnt að því með þessu frv. að koma í veg fyrir, að svo verði, nema þeim ráðh., sem fer með yfirstjórn bankamála, þóknist að leyfa slíkt.

Það er löng leiðin til keisarans, segir gamalt máltæki. Þó að fólkið úti í héruðunum fari að vinna að því t. d. að breyta sparisjóði í bankaútibú til þess að fá meira fjármagn inn í héraðið, þá á það ákaflega langa leið með þetta áhugamál sitt, þangað til það getur komið til úrslita. Það þarf vitanlega fyrst að leita samþykkis þess viðskiptabanka, sem ætlað er að stofna útibúið. Eins og fyrr hefur verið rakið, þá er viðskiptabankinn, ef þetta frv. verður samþ. með þeirri breytingu, sem hér er lagt til, ekki lengur frjáls að því, á ekki að hafa vald til þess að kveða á um slíkt. Hann verður að senda umsókn til Seðlabankans og Seðlabankinn að koma henni áleiðis upp í ráðuneytið. Og þá fer það alveg eftir áliti og geðþótta hins hæstv. ráðh., hvaða afgreiðslu slíkt mál fær. Ég verð að segja það eins og er, að hér þykir mér of langt gengið og ég get ekki fellt mig við svona löggjafaratriði. Mér finnst það blátt áfram benda á, að bankaráðunum sé ekki treyst. Það eru þó þingkjörnar nefndir og eru kosnar í hlutfalli við styrkleika flokkanna hér á Alþingi.

En þetta frv. í heild er mjög athyglisvert að ýmsu leyti. Þegar núv. stjórnarflokkar komu til valda 1960, auglýstu þeir það með óvenjulegum hætti, að hér ætti að taka upp nýja, heilbrigða, trausta stefnu í efnahagsmálum. Það var ekki nóg, að frá því væri skýrt í ræðum á Alþingi og yfirlýsingu ríkisstj. við stjórnarmyndun, heldur var gefin út sérstök bók til þess að gefa þetta til kynna, og grundvallaratriði í þessari nýju og traustu og varanlegu efnahagsstefnu átti að vera stóraukið frelsi í viðskiptum. Og þeir, sem áður höfðu haldið um stjórnvölinn, fengu ámæli fyrir það, hve langt þeir hefðu gengið í því að halda við höftum á ýmsum sviðum þjóðarbúskaparins. Og það er alloft á valdaferli núv. stjórnarflokka, sem á það er minnzt, að það sé hægt að stjórna þjóðfélaginu vel og heillavænlega með aðgerðum í peningamálum, eins og það er orðað.

Hinn almenni borgari í þessu landi hefur orðið 4—5 ára reynslu af þessu nýja kerfi — efnahagskerfi — og af þessari stjórn á peningamálum, sem Seðlabankinn á að hafa forustu um undir umsjón og áhrifavaldi ríkisstj. Lögin um Seðlabankann voru sett af núv. þingmeirihl., eins og áður hefur verið minnt á, en þetta frv. bendir til þess, að þau þyki ekki nú kveða nægilega fast að eða hafa nægilega sterk ákvæði um bindingu sparifjár í landinu, þar sem nú er stefnt að því að koma því í lög, að það sé heimilt að draga inn í Seðlabankann hvorki meira né minna en 25% af umráðafé viðskiptabankanna og annarra innlánsstofnana. Það hefur verið sagt í umræðum um þetta frv., að svo há bindingarskylda muni vera einsdæmi, og ég hef ekki heyrt því mótmælt. Og það hefur einnig verið sagt í þessum umræðum og færð að því gild rök, að svona há bindiskylda muni reynast óframkvæmanleg. Ég tel, að þeir, sem þessu halda fram, hafi fullkomin rök að mæla og reynslan muni staðfesta þetta álit. En hæstv. ráðh. hefur gefið þá skýringu á þessu ákvæði í umræðum um þetta frv., að með þessu eigi að tryggja nægilega öflugan gjaldeyrisvarasjóð og jafnframt draga saman nokkurt fé til að auka afurðalán úr Seðlabankanum til atvinnuveganna. Gjaldeyrisvarasjóður er nokkur fyrir hendi, en þó minni en ætla mætti, þegar þess er gætt, að á móti þessum fasta gjaldeyrisvarasjóði hjá Seðlabankanum koma til frádráttar vörukaupalán og ýmis lán önnur, sem fyrirtæki hafa tekið til skamms tíma. Þessi gjaldeyrisvarasjóður er talinn nauðsynlegur til þess að halda uppi frelsi í erlendum viðskiptum, frjálsræði í viðskiptum til landsins. Og þetta má vissulega til sanns vegar færa. En þetta frelsi í innflutningi er fengið á kostnað frjálsræðis í innlendum viðskiptum, því að rekstrarfjárskorturinn

er svo mikill í innanlandsviðskiptum, að til mikilla óþæginda er, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. T. d. er því svo háttað, að rekstrarlánum til landbúnaðarins, þ. e. a. s. þeim hluta afurðalánanna, sem veittur er fyrir fram í mánuðunum frá marz til ágúst ár hvert og gengur til þess að kaupa nauðsynlegar rekstrarvörur, sem bændur þurfa að fá á fyrri hluta árs, — þessum hluta afurðalánanna er enn haldið í svo föstum skorðum, að þau eru jöfn að krónutölu og þau voru 1958. En á sama tíma þarf miklu fleiri krónur fyrir hverja vörueiningu, sem kaupa þarf til búrekstrarins, heldur en 1958. Verðbólgan og verðlagsbreytingarnar hafa séð fyrir því. Til þessa er bara alls ekki tekið tillit í bankakerfinu, þannig að niðurstaðan er sú, að þó að gumað sé af hinum frjálsu viðskiptum í innflutningi til landsins, þá eru þau að verulegu leyti á kostnað þess, að innanlandsviðskiptin eru reyrð í fastari og fastari hnút.

Þá er það og mjög eftirtektarvert í sambandi við þau rök, sem færð eru fram fyrir þessu máli, að nauðsynlegt sé að fá lögfestingu á þessu frv. til þess að hafa heilbrigða stjórn á peningamálum í landinu, þá er þess að gæta, að sumar innlánsstofnanir, sem þetta lagaákvæði tekur til, ef samþ. verður, hafa svo takmarkað veltufé til umráða, að það hefur harla lítil eða í sumum tilfellum engin áhrif á heildarstjórn peningamálanna, þó að hinar smæstu innlánsstofnanir, eins og sparisjóðir sumir og hinar minni innlánsdeildir kaupfélaganna, væru undanþegnar þessari bindingarskyldu. Ég verð því að vekja athygli á því, að í hv. Nd. var flutt svo hljóðandi brtt. við þetta mál:

„Við útreikning á þeim upphæðum, sem skylt er að afhenda Seðlabankanum inn á bundinn reikning, skal þó aðeins reikna hundraðshluta af þeim innstæðum, sem eru umfram 15 millj. kr. hjá hverri innlánsstofnun."

Þessi till. mun ekki hafa hlotið samþykki í hv. Nd., þar sem stjórnarflokkarnir munu hafa beitt sér gegn samþykkt hennar. Þessi till. er þó að mínum dómi fullkomlega réttmæt og sanngjörn. Með því að seilast svo langt að láta bindingarskylduna ná til sérhverrar innlánsstofnunar, hversu smá sem hún er, er ekki verið að keppa að því marki einungis, sem haft er þó á orði, að hér sé stefnt að því að hafa vald á peningamálunum, hafa stjórn á peningamálunum, heldur er beinlínis og vísvitandi stefnt að því að draga fjármagn frá fjárvana stofnunum úti á landsbyggðinni inn í Seðlabankann, og þetta markmið verð ég að átelja mjög, því að það er eitt af þeim atriðum, sem bætast við margt annað í þeirri þróun þjóðfélagsmála að draga fjármagnið utan úr héruðunum, þar sem langflestir vinna hörðum höndum við gjaldeyrisöflun og aðra framleiðslu, og færa það hér inn í Seðlabankann til ráðstöfunar fyrir þá, sem honum ráða hér í höfuðstað landsins. Þetta verð ég að leggja áherzlu á, og ég vil átelja mjög, hversu langt er gengið í þessu efni.

Þá virðist svo sem með þessu máli sé stefnt að því að hafa bindingarskylduna svo mikla sem þetta frv. gerir ráð fyrir í því skyni að geta látið fjárfestingu einstaklinganna leika lausum hala. En skipulagsleysið á fjárfestingunni er þjóðarbúinu dýrt. Það er stefnt að því, að á þessu sviði sé frelsi fyrir vissa aðila í landinu, — þ. e. a. s. þeir, sem bezta hafa aðstöðuna, mikið eigið fjármagn og mikið lánstraust, megi án afskipta ríkisvaldsins hafast að í framkvæmdum eins og þeim þykir henta, og þá mun fremur gróðasjónarmið vera sett í öndvegi heldur en horft sé á hag þjóðarinnar í heild. En þetta frelsi er einnig dýru verði keypt, vegna þess að það er fengið að vissu leyti á kostnað annarra framkvæmda, sem meiri þjóðhagslega þýðingu hafa heldur en fjárfesting einstaklinga, og í því sambandi er þess skemmst að minnast, að svo langt er gengið í frelsisskerðingu á sviði fjárfestingarmála, þar sem aðrir eiga í hlut en hinir fésterku einstaklingar, að ríkisstj. hefur aflað sér sérstakrar heimildar til þess að takmarka að miklum mun þær framkvæmdir, sem hv. Alþingi veitti fé til með samþykkt fjárl. fyrir þetta ár undir síðustu árslok. Og nú mun vera komið að því, að það sé verið að ákveða, að hve miklu leyti á að fella niður þær framkvæmdir, sem þingmeirihl. veitti fé til að unnar yrðu á þessu ári. Ég hef það fyrir satt, að nú séu uppi ráðagerðir um það, að ýmsar af þeim framkvæmdum, sem fé er veitt til í fjárl. þessa árs og heyra undir rn. hæstv. menntmrh., þess sama ráðh., sem er í forsvari fyrir ríkisstj. um þetta mál, eigi að takmarka, svo sem ýmsar skólaframkvæmdir, og ég vænti þess, að ef þetta er rétt, sem ég hef fyrir satt að þessu leyti, gefi hæstv. ráðh. fullnægjandi skýringar á því.

Nei, frelsinu, sem hæstv. ríkisstj. telur sig vera að keppa að og grundvalla stefnu sína á, því er næsta misskipt og það nær ekki til allra þegna þjóðfélagsins eða allra þátta í framkvæmdum í þjóðarbúinu. Og þess má enn fremur geta, að þessi bindingarskylda, sem hér er keppt að því að koma í lög, takmarkar frelsi sparifjáreigendanna yfir sínu eigin sparifé, takmarkar frelsi þeirra til að ráða því, hvar þeir geyma sparifé sitt. Og það kynni svo að fara, þegar svo langt er gengið að takmarka frelsi einstaklinganna yfir sínu eigin sparifé svo mjög sem hér er stefnt að, að það beinlínis drægi úr hneigð manna til þess að geyma sparifé sitt í innlánsstofnunum. Og þá er vissulega ekki stefnt í rétta átt, því að undirstaða þess, að hægt sé að halda uppi framkvæmdum og frelsi í viðskiptum, eins og hæstv. ríkisstj. hefur á orði, þótt frá því sé vikið á borði, eins og ég hef nú drepið á, — undirstaða þess er að örva sparifjársöfnun í landinu, en ekki gera ráðstafanir til þess, að úr henni sé dregið.

Frelsið er einnig takmarkað með þeim hömlum, sem settar eru á útlán úr bankakerfinu. Það er ekki svo, að með þeirri stefnu, sem fylgt er, og þeirri stjórn á peningamálum, sem haldið er uppi, séu raunverulega öll höft lögð niður. Höftin eru færð úr skrifstofunni, sem áður var hérna uppi á Skólavörðustíg og kölluð inn-

flutningsskrifstofa, inn í bankana. Það er það, sem hefur gerzt við þessa stefnubreytingu. Hvort hinn almenni borgari er nokkuð betur settur með þau höft, sem framkvæmd eru í húsakynnum bankanna, heldur en þau, sem áður voru framkvæmd í opinberum skrifstofum hér uppi á Skólavörðustíg, skal alveg ósagt látið.

Þá má einnig minna á viðhorf hæstv. ríkisstj. til frjálsra samninga um kaup og kjör. Það er vaxandi tilhneiging hjá hæstv. ríkisstj. að láta ákveða kaup sem víðast með gerðardómum. Það sýnir reynslan og margar stjórnarathafnir, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum missirum, og enn má minna á þá atlögu, sem gerð var á s. l. hausti að verkalýðshreyfingunni í landinu, þó að þar færi raunar betur og giftusamlegar á síðustu stundu heldur en á horfðist um skeið.

Það má því segja, að hvert sem litið er, blasir við tilhneiging hæstv. ríkisstj. til þess að skerða frelsi borgaranna og draga vald, sem aðrir hafa haft og öðrum ber að gildandi lögum, í sínar hendur. Og sú brtt., sem hæstv. viðskmrh. beitir sér fyrir að fá lögfesta í sambandi við þetta frv., er einn vottur þessa. Hún er einn þáttur í þessari viðleitni hæstv. ríkisstj., og m. a. af þeim sökum er þetta mál næsta varhugavert. Það hefur verið talið til þessa grundvallaratriði í okkar stjórnarkerfi, að það væri hæfileg skipting valdsins -- greining valdsins milli löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds -- og einn þáttur í þessari greiningu valdsins er sjálfstætt bankakerfi, bankakerfi, sem þarf ekki að lúta í einu og öllu valdboði ríkisstj. Og eins og ég drap á í fyrri ræðu minni um þetta mál, var sú skipan, sem gilti eftir eldri l. um Landsbankann, beinlínis grundvölluð á þessu sjónarmiði. Þingið kaus svonefnda landsbankanefnd, og það kaus hana ekki alla í einu. Af því leiddi það, að landsbankanefndin var ekki á hverjum tíma skipuð í sama hlutfalli og þingflokkarnir hverju sinni, því að styrkleiki þingflokkanna breytist að jafnaði eitthvað við hverjar almennar kosningar. Þessi landsbankanefnd kaus síðan bankaráðið og bankaráðið réð svo bankastjórana. Þetta kerfi var beinlínis við það miðað, að Landsbankinn væri fjármálastofnun, sem þyrfti ekki að lúta ríkisstj. á hverjum tíma. En með þeirri nýju skipan, sem upp var tekin um stjórn Seðlabankans, var þessu breytt, og nú er enn gengið á það lagið að draga meira af þessu sjálfstæða valdi, sem Seðlabankanum eðlilega ber, yfir til rn. Þetta tel ég mjög varhugavert.

Ég vil svo leyfa mér, af því að hæstv. viðskmrh. er hér nærstaddur nú við þessa umr., en var ekki viðstaddur hér, þegar ég flutti fyrri ræðu mína um þetta mál í dag, að endurtaka efnislega örfá orð af því, sem ég þá dró fram.

Nú er stefnt að því, að þinglausnir geti orðið innan skamms, og þegar komið er að þinglausnum að þessu sinni, er komið fram undir miðjan maímánuð. Alþingi hefur þegar samþykkt, að næsta reglulegt löggjafarþing skuli koma saman eigi síðar en 10. okt. næsta haust. Það er ekki um að ræða nema 4—5 mánaða sumarfrí eða hlé milli löggjafarþinga. Hvað er það þá, sem knýr svo fast á, að það þurfi að gera þá breytingu, sem hæstv. viðskmrh. keppir að því að fá lögfesta, nú á þessum síðustu klukkutímum, sem hv. Alþingi á setu að þessu sinni? Hvers vegna má ekki þetta mál bíða, þangað til næsta löggjafarþing kemur saman, eigi síðar en 10. okt. næsta haust? Og ég endurtek þá fsp. mína, sem ég bar fram í dag til hæstv. viðskmrh., af því að ég veit, að hann hefur nú kost á að heyra mál mitt: Hvað er það í bankamálum, sem hefur komið fram svo nýlega, að það knýi á að fá þetta mál lögfest nú, og hvað álítur ráðh. að gerist, ef afgreiðslu þessa efnisatriðis, sem um er fjallað í till. hans, er frestað nú og málið skoðað allt betur um það leyti, sem næsta reglulegt Alþingi hefst? Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri að því leyti hreint fyrir sínum dyrum, að hann skýri frá því, hvað það er að hans dómi, sem knýr á um svo skjóta afgreiðslu á þessu máli.

Ég hef þá farið nokkrum orðum um þetta mál. Vitanlega gæti verið ástæða til miklu fyllri aths. um málið heldur en enn eru fram komnar, og mun ég geyma mér þann rétt, sem ég á eftir í því efni, ef tilefni gefst til, en mun nú að sinni ljúka máli mínu.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það hafa ekki við þessar umr. frekar en í hv. fjhn. fengizt svör við þeim spurningum, sem mönnum eru efst í huga í þessu sambandi. Hæstv. viðskmrh., sem hefur verið hér í d. öðru hverju undir þessum umr., hefur ekki séð ástæðu til þess að svara þeim ýmsu fsp., sem til hans hefur verið beint. Þetta hlýtur að sjálfsögðu að tefja mjög umr. málsins, vegna þess að það leiðir til þess, að menn verða, að ræða þetta mál út frá ófullkomnari upplýsingum en þurft hefði að vera, ef öðruvísi hefði verið á málum haldið frá hálfu hæstv. ráðh.

Þetta haftafrv., sem hér liggur fyrir, og þær brtt. um aukin höft, sem fyrir liggja frá hæstv. viðskmrh., eru í greinilegu framhaldi af þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. virðist hafa tekið sérstaklega nú í seinni tíð, að reyra allt viðskiptalíf landsmanna og fjármálalíf í spennitreyju nýrra og hastarlegri hafta en við höfum áður þekkt í íslenzku efnahagslífi, og er þá mikið sagt. Það var á það bent af minni hálfu og minni hl. fjhn. við 2. umr. þessa máls, þá þegar, áður en brtt. hæstv. viðskmrh. lágu fyrir, að þetta frv. væri glöggt dæmi um það „viðskiptafrelsi", sem viðreisnarflokkarnir væru nú að innleiða, og ég hef orðið viðskiptafrelsi í þessu sambandi að sjálfsögðu í gæsalöppum.

Það kom fram í grg. með þessu frv., að það hefði verið eitt af meginatriðum þeirra peningalegu ráðstafana, sem gerðar voru í sambandi við efnahagsaðgerðir í febr. 1960, að aukning endurkaupa yrði stöðvuð og þar með

sú skuldasöfnun bankakerfisins við Seðlabankann, sem hafði fylgt henni. Þetta varð raunar ekki skilið á neinn annan veg en þann, að það, sem fyrir hæstv. ríkisstj. vekti, væri það, að Seðlabankinn skyldi hætta að aðstoða viðskiptabankana með því að láta þeim í té fjármagn til afurðalánanna, vegna þess að hann gat auðvitað ekki orðið að liði í þessu máli nema leggja fram eitthvert fé til þess. Í grg. kom það enn fremur í ljós, að það var talið, að það stæðist nokkuð á endum, að bundna sparifé nægði til þess að standa undir þeim útlánum Seðlabankans, sem felast í endurkaupunum, en annað ráðstöfunarfé Seðlabankans væri þá til annarra þarfa. Samkv. þessu liggur það þá ljóst fyrir, að Seðlabankinn leggur ekki fram fé af sinni hálfu til þessara þarfa. Hlutverk hans er það eitt orðið að taka fé af viðskiptabönkunum og sparisjóðunum og afhenda þeim það aftur í svolitið öðrum hlutföllum, til þess að gegna því hlutverki, sem er að öllu eðlilegu hlutverk viðskiptabanka, en ekki þjóðbanka eða seðlabanka. Þar sem þetta lá ljóst fyrir, gat tilgangurinn með ákvæðum 1. gr. þessa frv. ekki verið annar en sá að setja viðskiptabankana undir eftirlit, setja þeim Seðlabankann sem fjárhaldsmann. Þetta hlaut að byggjast á því, að viðskiptabönkunum væri algerlega vantreyst til þess að gegna sínu hlutverki. Enn frekara vantraust til þeirra kemur svo fram í brtt. hæstv. viðskmrh., og kem ég eilítið að því síðar.

Það liggur nú samkv. þessu, sem hér hefur verið rakið og raunar var miklu ýtarlegar rakið við 2. umr., ljóst fyrir, að sparifjárforðinn í landinu nægir nú miklu verr en nokkru sinni fyrr til þess að mæta þörfum þjóðarinnar og atvinnuvega hennar. Þetta er svona þrátt fyrir það, að á undanförnu árabili hafi orðið töluverð sparifjáraukning í krónum talið, en þær eru nú að sjálfsögðu rýrari en áður var, eins og okkur er öllum kunnugt. En sú geysilega tilkostnaðaraukning atvinnuveganna í landinu, sem leitt hefur bæði af dýrtíðarpólitík hæstv. ríkisstj. og þeim gífurlegu álögum, sem hún kvelur atvinnulífið með, þetta hefur allt leitt til þess, að sparifjárforðinn í landinu nægir nú miklu verr en nokkru sinni fyrr til þess að fullnægja þörfum þjóðarinnar.

Það verður ekki með neinu móti séð, að á því sé ráðin nein bót með því að vera að flytja peningana milli bankanna. Ekki leysir það neinn vanda í þessu sambandi. Ekki verður meira fé til ráðstöfunar fyrir það. Það er ekkert, sem getur leyst þennan vanda nema aukin sparifjármyndun, en til þess að tryggja hana þarf að sjálfsögðu breytta stjórnarstefnu, sem endurvekur traust á íslenzkum gjaldmiðli og tryggir sparifjáreigendurna gegn áframhaldandi dýrtíðarholskeflum.

En þetta frv. miðar alls ekki að því að stuðla að aukinni sparifjármyndun. Ef það hefur nokkur áhrif í því efni, hefur það áhrif í gagnstæða átt, vegna þess að á þessu sviði birtist nú frelsið þannig, að menn eiga ekki að fá að ráða því lengur, hvar peningar þeirra eru ávaxtaðir, en það má öllum vera ljóst, að það hefur veigamikil áhrif á sparifjármyndunina, að sparifjáreigendur geti sjálfir ráðið því, hvar þeirra fé er ávaxtað. Það er skoðun mín, að það sé fráleitt, að það geti verið hlutverk Seðlabankans að vera að ráðsmennskast í því, hvaða peningastofnun menn vilja fela það hlutverk að ávaxta sparifé þeirra.

Það er vissulega í sambandi við þetta ástæða til þess að gera sér grein fyrir því, hvað er eðlilegt hlutverk seðlabanka og hvað er það ekki. Það er skoðun mín, að það sé augljóst út frá því skipulagi, sem við höfum á okkar bankamálum, og þeirri löggjöf, sem um það er í landinu, að það sé ekki til þess ætlazt, að Seðlabankinn sé að keppa við viðskiptabankana og fara sífellt lengra inn á þeirra svið og um leið að reyna að beita valdi sínu yfir þeim til þess að torvelda þeim það hlutverk, sem þeim er ætlað, en taka það í staðinn að sér sjálfur. Þetta gaf mér við 2. umr. þessa máls tilefni til hugleiðinga um bankakerfi okkar almennt, og ég skal nú ekki fara út í að endurtaka það allt saman, vegna þess að mér er svo annt um vellíðan hv. þm., að ég vil nú ekki taka meira af nætursvefni þeirra heldur en brýna nauðsyn ber til, en mér virtist, að það væri stefnt að því með þessu frv. þá þegar, áður en breytingar hæstv. viðskmrh. komu til greina, að breyta stórlega uppbyggingu bankakerfisins í landinu og láta Seðlabankann sífellt ganga lengra inn á svið annarra banka og peningastofnana, með það þá væntanlega fyrir augum að gera þær óþarfar og koma í þeirra stað.

Nú er það að vísu alveg rétt, að bankakerfið í landinu er æði viðamikið. Bankarnir eru margir, og það er alls ekki fráleitt, að það sé rétt hjá hæstv. viðskmrh., að þessi mikla bankaþjónusta kosti meira fé en þyrfti að vera, ef úr þessari þjónustu væri dregið. Í því sambandi má benda á, eins og ég hef áður gert, að svipuð sjónarmið eiga að sjálfsögðu við um verzlunarþjónustuna, og í framhaldi af þeim brtt., sem hæstv. viðskmrh. hefur hér lagt fram, þá dettur manni í hug, hvort þess megi kannske vænta, að hliðstæð ákvæði komi fram um það, að ríkisstj. skuli samþykkja stofnun nýrra smásöluverzlana. Í þessu sambandi má einnig benda á það, sem hv. þdm. hafa sjálfsagt tekið eftir, að á sumum tímum er lítið að gera hér á fjöldamörgum rakarastofum bæjarins, þó að ös sé á þeim á öðrum tímum, og með því að skipuleggja það, hvenær hver maður fari til rakarans, mætti sjálfsagt nýta þessar stofur og þá starfskrafta, sem þar vinna, miklu betur en nú er gert. Kannske má eiga von á frv. til l. um það frá hæstv. ríkisstj. á næsta hausti eða kannske brbl. í sumar.

Hugleiðingar mínar um bankakerfið við 2. umr. þessa máls snerust aðallega um það, að mér virtist að því stefnt að leggja allar peningastofnanir landsins undir algera harðstjórn Seðlabankans, sem aftur lýtur ríkisstj. í öllum greinum samkv. 4. gr. l. um Seðlabankann, en mig skorti þá algerlega hugmyndaflug til þess

að láta mér detta í hug, að það kæmu fram till. eins og þær, sem hæstv. viðskmrh. hefur borið fram um það, að ríkisstj. tæki sjálf að sér að ákveða, hvar hver einstakur banki mætti hafa skrifstofur. Í sjálfu sér er ég ekki andstæðingur þess, að veigamikil svið okkar þjóðlífs séu skipulögð með betri hætti en oft er raun á, en ég tel, að í því sambandi sé nauðsynlegt að komast hjá allt of harkalegum höftum eða beinni harðstjórn, eins og hér á að beita.

Einnig tel ég það liggja ljóst fyrir, eins og bent hefur verið á í þessum umr., að sú skipulagning, sem hér er gert ráð fyrir, er ákaflega vanhugsuð. Það er gert ráð fyrir því, að sá ráðh., sem fer með mál þeirrar peningastofnunar, sem í hlut á hverju sinni, skuli ákveða, hvort þessi stofnun fær leyfi til þess að setja upp útibú eða ekki. Mér telst svo til, að það séu einir 3 ráðh. a. m. k., sem gætu þannig ákveðið, að útibú skyldu sett upp, eða bannað það, og það er ekki gert á neinn hátt ráð fyrir því í þessu frv., að það sé neitt frekara skipulag á því. Margir kokkar, það virðist mér ekki vera sérstaklega gæfulegt, fyrir utan hvað mér finnst svona ófrelsi og haftapólitík eins og hér kemur glögglega fram vera ákaflega ógeðfelld. Þar að auki hafa ekki verið leidd að því nein rök, að þetta sé nauðsynlegt, og allt ber þetta mál því vitni, að því er kastað inn á hv. Alþingi á seinustu stundu, og hefur engin skýring fengizt á nauðsyn þess.

Sérstaklega er mér mikil forvitni á því að vita, hver sú brýna nauðsyn er, sem ber til þess, að nú þurfi með þessu offorsi, sem raun ber vitni, að koma inn í seðlabankalögin heimild til að framkvæma verk, sem hann hefur verið að framkvæma mánuðum saman. Út af fyrir sig má segja, að það sé ekkert við það að athuga, að slík heimild sé í seðlabankalögunum. En á hinn bóginn hlýtur Seðlabankinn, og væntanlega einnig ríkisstj., sem hefur verið fyllilega kunnugt um þessa starfsemi Seðlabankans, að hafa gert ráð fyrir, að þessi starfsemi væri heimil, og þess vegna er erfitt að átta sig á nauðsyn þess að fleygja till. um þetta á seinustu stundu inn á hv. Alþingi og ætlast til þess, að það afgreiði hana með algerlega óþinglegri meðferð. En efnislega skiptir þessi till. að sjálfsögðu ekki miklu máli, þar sem hún er aðeins staðfesting á framkvæmd.

Þar gegnir öðru máli um fyrri liðinn, þar sem um er að ræða mjög veigamikið atriði í bankamálum þjóðarinnar. Ég hef sýnt fram á það, að þetta frv., eins og það lá fyrir, áður en brtt. hæstv. viðskmrh. komu fram, gat ekki byggzt á neinu öðru en vantrausti hæstv. ríkisstj. á því, að viðskiptabankarnir vildu eða gætu gegnt hlutverki sínu. Þetta vantraust á viðskiptabönkunum hafði orðið til hjá hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir það að hún eigi pólitískt kjörna meiri hl. í öllum bönkum landsins nema einum einkabanka, sem ég get ekki ímyndað mér að hefði verið neinn vandi að fá við skynsamlegt samkomulag um þessa hluti. En hæstv. ríkisstj. virðist hafa verið það mjög í mun að leysa þetta mál með valdboði.

Nú kemur fram meira í þessum till., enn meira vantraust frá hálfu ríkisstj. á bankaráðum viðskiptabankanna, og það kemur vissulega nokkuð á óvart, að svona djúpstætt vantraust ríkisstj. á þessum stofnunum skuli vera fyrir hendi. Treystir hæstv. viðskmrh. alls ekki formanni bankaráðs Útvegsbankans t. d., hæstv. utanrrh., til þess að sjá þessum málum skynsamlega borgið í Útvegsbankanum? Hæstv. viðskmrh. virðist einnig hafa mjög djúpstætt vantraust á formanni bankaráðs Landsbankans, flokksbróður sínum, Baldvin Jónssyni lögmanni. Ríkisstj. hefur sagzt ætla að stjórna efnahagsmálum þessa lands fyrst og fremst með aðgerðum í peningamálum. Það hlutverk er auðvitað fyrst og fremst hlutverk bankanna. Nú treystir ríkisstj. þeim ekki lengur. Manni virðist, að hæstv. ríkisstj. treysti orðið engum nema sjálfri sér, og þetta er kannske ekki svo undarlegt. Það er nefnilega þannig í öllum mannlegum skiptum, að traust er yfirleitt gagnkvæmt og ef það glatast á annan veginn, glatast það líka á hinn. Og þess vegna er það kannske ekki svo undarlegt, þó að hæstv. ríkisstj. treysti orðið engum.

Meiri hl. hv. fjhn. þessarar d. neitaði að fallast á tilmæli mín um það, að þessar brtt., sem eru mjög veigamikill þáttur þessa frv., fengju eðlilega meðferð í þingnefnd. Ég hafði þar óskað eftir því að fá tækifæri til að ræða þessi mál við bankastjóra og e. t. v. aðra sérfræðinga um bankamál. Ég taldi það eðlilegt, að n. kannaði, eins og venjulega er gert og gera ber, forsendur frv., kynnti sér forsendur þessara ákvæða, sem þarna er gert ráð fyrir, kynnti sér, hver útibú hafa verið stofnuð, fengi upplýsingar um það, hver þeirra hæstv. ríkisstj. teldi sérstaklega hættuleg þjóðfélaginu, og kynnti sér yfirleitt viðhorf þeirra manna, sem þessum málum eru kunnugastir, til þess, hvaða áhrif samþykkt þessara till. mundi hafa.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði hér í umr. fyrr í kvöld allmargra spurninga, sem hann beindi til hæstv. viðskmrh., og margar þessar spurningar voru svipaðs eðlis eins og ég mundi hafa óskað að spurt yrði í nefnd. Ég hafði einmitt hugsað mér að reyna að kanna þau atriði í nefndarstarfinu, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði um, og ýmis fleiri. Mér virðist þó, að þeim spurningum, sem hv. þm. kom með og lutu að því að fá upplýst, hvar þau útibú væru, sem hæstv. viðskmrh. teldi sérstaklega hættuleg, væri sérstaklega æskilegt að fá svarað, svo að menn geti gert sér betri grein fyrir eðli þessa máls og tilefni.

Eftir því sem þetta frv. hefur verið meira rætt hér í hv. d., verður mér það betur ljóst, að hér er fyrst og fremst um það að ræða að herða kverkatök hæstv. ríkisstj. á peningastofnunum landsins, en að því vil ég ekki stuðla. Gagnrýni mín á þessu máli fyrr við umr. hefur einkum lotið að þeirri málsmeðferð, sem hér er um hönd höfð. Mér virtist það vera fyrir

neðan virðingu hv. Alþingis að láta hæstv. ríkisstj. hafa áhrif á sig til þess að flaustra frá verki eins og þessari lagasetningu. Ég vil minna á það aftur, sem ég hef nefnt áður í þessum umr., að ef hæstv. ríkisstj. ætlast til þess, að hv. Alþingi samþykki þetta frv. og brtt. hæstv. viðskmrh., þá er það vissulega lágmarkskrafa af hálfu þm., að tími sé veittur til þess, að málið geti fengið eðlilega, þinglega meðferð. Slík meðferð málsins hlýtur að vera sjálfsögð forsenda þess, að Alþingi geti tekið á sig ábyrgð af lagasetningunni. Hins vegar virðist hæstv. ríkisstj. reiðubúin til þess að taka ábyrgð á þessari lagasetningu á sinar herðar. En þá þarf hún ekki heldur að leggja það fyrir Alþingi nú, hún getur haft annan hátt á til þess að koma þessu máli fyrir á þann veg, sem hún telur nauðsynlegt, fyrst ekki eru möguleikar á því, að Alþingi geti fengið þann tíma, sem nauðsynlegur er til þess að gefa málinu þinglega meðferð að þessu sinni.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þdm. á því, að hv. 4. þm. Austf., sem bráðum hefur átt sæti á Alþingi í aldarfjórðung og er sá alþm., sem ég þekki, sem er fróðastur um störf og sögu Alþingis á undanförnum áratugum, taldi hér í ræðu sinni áðan, að ef það væri ekki einsdæmi, að brtt. af þessu tagi væru gerðar við svona mál á seinasta stigi þess, eins og hér er gert, þá væru fordæmin a. m. k. afar fá, og hér væri um algerlega óvenjuleg vinnubrögð að ræða að flytja brtt., sem felur í sér mjög viðamikið efnisatriði, við síðustu umr. málsins í síðari d. En fyrir utan það, að hér er farið fram á, að Alþingi afgreiði þetta mál með svo óvenjulegum og að mínum dómi forkastanlegum hætti, þá er málið einnig þess eðlis, að Alþingi ætti ekki að fallast á samþykkt þess. Það er, eins og ég hef áður bent á, til þess eins fallið að herða kverkatök hæstv. ríkisstj. á fjármálakerfi landsins, og það er sprottið af því, að hæstv. ríkisstj. treystir ekki peningastofnunum landsins til þess að sinna sínum hlutverkum. Þetta vantraust hæstv. ríkisstj. á öllum öðrum er afleiðing af því, að nú býr hæstv. ríkisstj. við mjög minnkandi traust sjálf í öllum áttum, og þá grípur hún til þeirra ráða, sem í slíkum tilfellum eru tíð, gripur til harðstjórnar. Hæstv. ríkisstj. ætti að sjá sóma sinn í því að fara nú að skilja það, að skipbrot hennar í efnahagsmálum er svo algert, að slík úrræði eins og hér er um að ræða, að grípa til harðstjórnar og herða kverkatökin, duga ekki til lengdar. Það eitt getur nú komið efnahagsmálum okkar í betra horf, að stjórnarstefnunni sé gerbreytt og tekin upp sú stefna í efnahagsmálum, sem að því miðar að stöðva dýrtíðarflóðið og treysta að nýju trúna á gjaldmiðilinn í landinu. Eins og ég hef bent á, stuðlar þetta frv. ekki að því, heldur þvert á móti, og felur þess vegna ekki í sér neitt annað en þá harðstjórnarviðleitni, sem einkennir þetta mál og fleiri, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið með á prjónunum nú að undanförnu. Ég vil skora á hv. þdm. að fella brtt. hæstv. viðskmrh. á þskj. 647, en samþykkja brtt. mínar og hv. 1. þm. Norðurl. e. á þskj. 648.

ATKVGR.
Brtt. 647,1 samþ. með 9:6 atkv.
— 648,1.a felld með 9:6 atkv.
— 648,1.b felld með 9:6 atkv.
— 648,2 felld með 9:6 atkv.
— 647,2 samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BGuðm, EggÞ, GilsG, GÍG, JÁ, JÞ, ÓB, ÞK, AuA, SÓÓ.
nei: ÁB, AG.
HB, ÓlJ, PÞ greiddu ekki atkv.
5 þm. (BJ, GTh, HermJ, KK, MJ) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv. og endursent Nd.

Á 97. fundi í Nd., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 676).

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Klukkan er að verða eitt að nóttu. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki ekki þetta mál fyrir nú um hánótt, eins og hér er allt í pottinn búið varðandi málið. Málinu hefur verið gerbreytt í Ed., sett inn í það ákvæði, sem eru mjög þýðingarmikil og snerta stefnur í peningamálum og raunar atvinnurekstrarmálum, og þetta var sett inn þar á síðustu stundu.

Ég vil leyfa mér að fara fram á það við forseta, að hann láti nú ræða þetta mál á venjulegum fundartíma, en efni ekki til þess að byrja umr. um málið, eins og þetta horfir allt saman við, kl. eitt að nóttu til. Ég tel ekki sæmilegt að gera slíkt og vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki þessa ósk til greina.

Það væri ekki svo mikið við þessu að segja, ef málið hefði komið hingað vegna einhverrar smávægilegrar formsbreytingar, en það er ekki. Þetta er orðið að nýju máli. Og það er ekki rétt vegna Alþingis að taka upp þann sið að byrja á umr. á þessum tíma nætur. Ég vil því fara fram á þetta við hæstv. forseta.

Forseti (SB): Af tilefni þessarar óskar hv. 1. þm. Austf. vil ég aðeins segja, að forseti hefur fulla samúð með hv. þm. og öðrum hv. þm., sem hér verða að sitja fund nú að næturlagi, og hefur enga löngun til þess að þröngva kosti þm. Hins vegar er hv. þdm. kunnugt um það, að hér hafa staðið mjög langar umr. í dag, bæði hér í hv. þd. og einnig útvarpsumr. Enn fremur er svo komið þingstörfum, að líklegt er, að þinglausnir verði á fimmtudag. Á morgun er hins vegar ekki fullur vinnudagur,

þar sem hv. þdm. er kunnugt um það, að forseti Íslands á þá afmæli. Af þessum ástæðum á forseti mjög erfitt með að verða við óskum hv. 1. þm. Austf., þótt hann væri allur af vilja gerður og skilji, eins og ég sagði, þreytu hv. þm., hafandi setið svo lengi og haldið svo margar ræður og unnið svo mjög sem raun ber vitni. Þess vegna mun forseti freista þess a. m. k. að hefja umr. og sjá hvað setur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins færa fram viðbótarástæður í tilefni af því, að forseti telur sér ekki fært, að svo vöxnu, að verða við þessari ósk minni, og vil vonast til þess, að það, sem ég segi nú, verði til þess, að hann sjái sér fært að fallast á þetta. En það, sem ég vil bæta við, er þetta:

Það er engin knýjandi nauðsyn að slíta þingi á fimmtudag. Það er nógur tími til þess að fjalla með eðlilegum hætti um mál eins og þetta. Það er ekkert, sem rekur á eftir í þessu tilliti. Og þar að auki vil ég leyfa mér að benda á, að hafi eitthvað rekið hér á eftir og sé orðið síðbúið, þá er það áreiðanlega ekki þm. að kenna, heldur öðrum. Það er þá því að kenna, hvernig þessi mál hafa verið búin í pottinn.

Seðlabankamálið, sem kemur til greina að taka sér á dagskrá, er með allra fyrstu málum, sem lagt var fram á þessu þingi. Það er búið að vera hér fyrir þinginu í marga mánuði, en nú hefur verið sett inn í málið í snöggum svip stórfellt nýmæli, sem verður að fá eðlilega meðferð og eðlilega umr., og það getur ekki fengið eðlilega umr., ef umr. á að hefjast kl. eitt um nótt. Það er alveg óhugsandi, að málið geti fengið eðlilega meðferð með því í d. Það er ekkert, sem rekur á eftir í þessu efni. Það er alveg eins hægt að slíta þingi á föstudaginn og á fimmtudaginn. Það eru engin rök fyrir því, að það þurfi að halda okkur hér um hánótt til þess að ræða þetta mál, vegna þess að það verði umfram alla muni að slíta þingi á fimmtudaginn. Það er alveg eins hægt að slíta því á föstudaginn, það sér hver maður í hendi sér.

Ég vil vonast eftir, að þessar viðbótarástæður, sem ég hef fært fram, verði nú til þess, að hæstv. forseti treysti sér til að taka þessa sanngjörnu ósk til greina, því að ég finn, að hann telur þetta sanngjarnt. En telji hann þetta sanngjarnt, er líka sjálfsagt að verða við því á eðlilegan hátt. Það missir enginn neins í, en við losnum við þann leiðinlega blæ, sem á því að halda hér fundi um rauðar nætur.

Forseti (SB): Ég endurtek, að ég hef enga löngun til þess að þrælka hv. þdm. Hv. Ed. hélt hins vegar áfram fundi til kl. 2.30 í gær, og ég treysti svo á þrek hv. þdm., að það muni ekki duga verr en þrek Ed.-manna, og ég mun freista þess að hefja umr. um málið. En ég vil að öðru leyti segja hv. 1. þm. Austf. það, að þetta mál hefur verið fyrir þinginu síðan 25. okt. í haust, þannig að þetta mál er mjög vel kunnugt hv. þdm.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. Ed. samþykkti tvær breytingar á þessu frv. Fyrri breytingin er fólgin í því, að bætt var inn í frv. ákvæði um, að óski innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, skuli hún sækja um leyfi til þess til Seðlabankans. Hann skal láta í ljós álit sitt á þessari umsókn og leggja hana fyrir ráðh. þeirrar stofnunar, sem hlut á að máli, og tekur þá ráðh. ákvörðun um það, hvort heimilt sé að stofna útibúið eða umboðsskrifstofuna.

Hv. þm. er án efa kunnugt, að í núv. löggjöf viðskiptabankanna eru ákvæði um, að þeim stofnunum er heimilt að ákvarða einhliða, hvar þær setja á stofn eða starfrækja útibú eða umboðsskrifstofur. Hins vegar hefur það gerzt undanfarna mánuði og raunar ár, að mikil samkeppni hefur skapazt milli bæði ríkisbankanna annars vegar og einkabankanna hins vegar og milli ríkisbankanna og einkabankanna innbyrðis um það að koma á fót útibúum, bæði hér í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Hefur þetta leitt til þess, að bankastarfsemin hefur orðið mun dýrari en áður var og nauðsynlegt er, án þess þó að bankaútibúin hafi dreifzt þannig um landið, að bankaþjónusta geti talizt vera orðin viðunandi í landinu yfirleitt. Dæmi um það, sem ég vil nefna, að útibúum hefur fjölgað með óeðlilegum hætti á ákveðnum stað, án þess þó að bæta bankaþjónustu þess landssvæðis, sem um er að ræða, er, að á nokkrum mánuðum hefur verið komið á fót þrem bankaútbúum í Keflavík, u. þ. b. 50 km frá Reykjavík, og nú síðdegis í dag mun hafa verið stofnað fjórða útibúið í þeim kaupstað. Mörg fleiri dæmi um það mætti nefna, að útibúum hefur fjölgað á einstökum stöðum, þar sem eitt eða tvö kynnu e. t. v. að hafa getað veitt nægа þjónustu, en á öðrum nálægum stöðum hefur hins vegar verið slíkrar bankaþjónustu mjög vant. Þetta bendir eindregið í þá átt, að æskilegt sé og nauðsynlegt, að opinbert eftirlit sé tekið upp á þessu sviði, svo sem tíðkast mjög víða annars staðar. Tilgangur slíks opinbers eftirlits mundi að sjálfsögð vera að stuðla að því, að bankaútibú dreifðust sem jafnast um landið, í því skyni, að hvarvetna eigi landsmenn kost á þjónustu banka, sem vissulega er nauðsynlegt að sé sem víðast og sé sem bezt, án þess þó að kostnaður við bankakerfið í heild vaxi óhóflega. En það tel ég mér óhætt að fullyrða, að kostnaður við rekstur bankakerfisins íslenzka hefur á undanförnum árum og jafnvel undanförnum mánuðum vaxið svo mjög, að við svo búið má ekki lengur standa.

Seinni brtt. gerir ráð fyrir því, að Seðlabankanum sé heimilt að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja þá innheimtugjald frá útgefanda samkv. nánari reglum, sem viðskmrh. setji. Það er kunnara en

frá þurfi að segja, því miður, að útgáfa falskra ávísana hefur færzt mjög í vöxt á undanförnum árum og mánuðum hér á Íslandi. Hefur þótt nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að stemma stigu við slíku. Í því sambandi hefur Seðlabankinn innt af hendi mikilsverða þjónustu, tekizt á hendur að hafa forgöngu um allsherjaruppgjör og innheimt þá daglega allar ávísanir, sem innlánsstofnanir í Reykjavík hafa eignazt og reynzt hafa falskar, þ. e. a. s. ónóg innstæða hefur reynzt fyrir. Þessar aðgerðir hafa þegar borið góðan árangur, og er augljóst og allir raunar sammála um, að þeim verði að halda áfram. Seðlabankanum hefur þótt nauðsynlegt, enda sjálfsagt, að áskilja sér nokkra innheimtuþóknun fyrir þá þjónustu, sem hann hefur innt af hendi í þessu sambandi. Hann hefur notað í þessu skyni innheimtutaxta Lögmannafélags Íslands. Hins vegar hefur Seðlabankanum og fleiri aðilum þótt óeðlilegt, að hann beiti taxta einkasamtaka svo sem Lögmannafélagsins, og hefur því Seðlabankinn óskað eftir því, að viðskmrh. setji taxta, sem Seðlabankanum sé heimilt að nota í þessu sambandi. Rn. hefur hins vegar ekki heimild til þess að setja slíka taxta, sem Seðlabankinn geti beitt, án þess að hafa fyrir því lagaheimild. Þess vegna var það, að ég bar fram þá brtt. í hv. Ed., að heimilað væri að setja slíkar reglur og þá Seðlabankanum heimilt að taka að sér þá þjónustu, sem hann hefur gert, og taka þau innheimtulaun fyrir, sem reglur mæltu fyrir um.

Þessar brtt. voru báðar samþykktar í hv. Ed. í gær og frv. þannig breytt því komið aftur til þessarar hv. deildar.

Ég leyfi mér með tilvísun til þessara stuttorðu röksemda að æskja þess, að þessi hv. d. samþ. frv. eins og hv. Ed. gekk frá því.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil fyrst byrja á því að lýsa óánægju minni yfir því, að þessi umr. skuli hafin á svo óhentugum tíma sólarhringsins, þar sem hér er til umr. mjög þýðingarmikil breyting á l. um Seðlabanka, sem gerð var í gær í hv. Ed. Eins og fram hefur komið nú við þessa umr. og raunar fyrir hana, er sjálft frv. ekki nýtt fyrir okkur, sem hér eigum sæti, þar sem það var í upphaflegri mynd lagt fyrir Alþingi 25. okt. En síðan fékk það mjög hægan framgang, vildi ég segja, tók alveg óvenjulega langan tíma af stjórnarfrv. að vera að fá venjulega afgreiðslu á Alþingi, en þó kom þar um síðir, að það var samþykkt hér í þessari hv. d. og sent Ed. En þá skeði það milli 2. og 3. umr., að fram er lögð brtt., sem breytir þessu frv. mjög verulega og þannig, að í rauninni er um nýtt mál að ræða að talsverðu leyti. Þessi málsmeðferð er nokkuð óvenjuleg, ekki sízt þegar þess er gætt, að sú brtt., sem ég tel hina meiri, þ. e. a. s. um heimildir fyrir bankaútibúum, fjallar í rauninni um efnisbreytingar á l. um alla viðskiptabanka landsins.

Eins og hæstv. ráðh. greindi frá í framsöguræðu sinni hér áðan, er í l. um alla viðskiptabanka landsins sérstaklega tekið fram, að þeir hafi réttindi til að stofna útibú og afgreiðslustofur eða umboðsskrifstofur, eftir því hvaða lög er um að ræða, eftir eigin vali, þ. e. a. s. eftir ákvörðun bankaráðs. Það frv., sem hér er nú komið til okkar á ný, gerir þannig ráð fyrir því, að við eina umr. hér í hv. d. verði tekin ákvörðun, sem snertir lagabreytingar alls viðskiptabankakerfis landsins. Það er mjög óvenjuleg afgreiðsla, að ég held, og tæplega í anda þingskapa, sem kveða á um það, að allar lagabreytingar skuli fá meðferð við 3 umr. í hvorri d., og tilgangur l. um þetta atriði hlýtur vitanlega að vera sá, að málin fái þinglega og rækilega athugun. Hér verður þessu ekki til að dreifa, ef það verður ofan á að afgreiða þessa breytingu hér við eina umr., þá verður það ekki venjuleg, þingleg meðferð. Þá er enn fremur venja, að lagabreytingar fari til starfsnefnda hv. Alþingis til að fá þar athugun. Það er ekki ætlazt til, að þessi breyting fái slíka meðferð. Þar með verður ekki heldur tækifæri til þess fyrir Alþingi að fá umsagnir þeirra aðila, sem þetta mál snertir sérstaklega. Einnig það er óvenjulegt og óheppilegt. Þess vegna vil ég lýsa því hér í upphafi, að mér kemur þessi vinnuaðferð nokkuð einkennilega fyrir sjónir, þegar þess er gætt, eins og ég hef áður sagt, að frv. er búið að vera til meðferðar hér á hv. Alþingi nú í bráðum 7 mánuði, þá skuli það ekki vera fyrr en tvær nætur eru til þingslita, að hæstv. ríkisstj. tekur ákvörðun um það að bera fram svona róttæka brtt. Þetta eru einkennileg og óheppileg vinnubrögð. En sjálfsagt þýðir ekki að sakast um það. Það er orðinn hlutur, og valdið er notað svona, og þess vegna er þá ekki annað fyrir hendi en ræða efnislega þær brtt., sem hér liggja fyrir. Það mun ég nú leyfa mér að gera.

Þær brtt., sem eru komnar inn í frv., eru tvær, eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir. Fyrri breytingin fjallar um það, að komi ósk frá innlánsstofnun um að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, skuli hún sækja um leyfi til þess til Seðlabankans. Seðlabankinn á að leggja þessa leyfisumsókn ásamt umsögn sinni fyrir þann ráðh., sem fer með mál viðkomandi stofnunar, og ráðh. tekur ákvörðun um það, hvort leyfið skuli veitt. Þetta er fyrri brtt., sem komin er inn í frv.

Síðari brtt. er viðbótarákvæði við 2. mgr. 16. gr. l. um Seðlabanka Íslands og fjallar um það, að Seðlabankanum skuli heimilt að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda samkv. nánari reglum, er ráðh. setur. Um þá brtt., sem ég síðar nefndi, þ. e. a. s. brtt. við 16. gr. l. um Seðlabanka Íslands, er það að segja, að hún er að sjálfsögðu ekki neitt háskaleg. Hún getur e. t. v. átt rétt á sér, ég vil ekki alveg fella dóm um það, en hún er meinlaus og sjálfsagt óþörf líka. Í 16. gr. l. um Seðlabankann, eins og hún er nú, segir, að bankinn skuli starfrækja greiðslujöfnunarkerfi til að auðvelda

ávísanaviðskipti og vinna á annan hátt að því að greiða fyrir peningagreiðslum innanlands. Ég vil strax segja það, að ég tel, að samkv. þessari grein hafi Seðlabankinn unnið mjög gott starf fyrir íslenzk peningamál. Samkv. þessari grein starfrækir Seðlabankinn greiðslujöfnunarviðskipti eða svokölluð clearing-viðskipti, ávísanaskipti milli bankanna, og það er geysileg framför frá því, sem áður var í bankamálum, þar sem þá tíðkaðist, að bankarnir skiptust á ávísunum innbyrðis. Nú fara öll þessi ávísanaskipti fram gegnum Seðlabankann, og það er framför. Seðlabankinn hefur ýmsu öðru góðu til leiðar komið í sambandi við ávísanaskipti og viðskipti banka yfirleitt. T. d. hefur hann nú upp á síðkastið, eins og hæstv. ráðh. gat um, unnið gott starf í því að koma í veg fyrir þau ávísanaskipti, sem mjög hafa farið í vöxt að undanförnu og hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni, þ. e. þegar í umferð eru innstæðulausar ávísanir. Að því eru talsverð brögð, eins og allir vita, og Seðlabankinn hefur tekið þetta mál upp á síðkastið mjög föstum tökum, þar sem hann hefur látið fara fram ávísanaskipti umfram þau venjulegu, sem eru tvisvar á dag. Þá hefur Seðlabankinn beitt sér fyrir sérstökum ávísanaskiptum, sem hafa leitt í ljós, að talsvert magn af innstæðulausum ávísunum er í umferð, og þessi tilhögun hefur áreiðanlega orðið til þess að draga úr þessum óheppilegu viðskiptaháttum. Nú alveg síðustu mánuðina eða vikurnar hefur svo Seðlabankinn tekið upp þá nýbreytni að taka við þessum ávísunum frá viðskiptabönkunum og beita sér fyrir innheimtu þeirra. Einnig það er geysileg framför frá því, sem áður var, því að eins og kunnugt er voru þessi mál þannig áður, að ef banka barst innstæðulaus ávísun, kærði hann sjálfur málið til sakadómara, sem hafði oft mjög mikið ónæði af störfum að sinna og átti erfitt með að sinna þessu eins og þurfti, og varð það til þess, að málsmeðferð dróst oft lengur en æskilegt er og mönnum stóð ekki eins mikil ógn af innheimtuaðgerðunum og nú. En nú er þetta þannig, að bankarnir senda daglega þær innstæðulausu ávísanir, sem þeim hafa borizt, og Seðlabankinn beitir sér fyrir innheimtu þeirra, og þetta fyrirkomulag hefur gefizt afar vel. Fyrir þessa þjónustu hefur Seðlabankinn tekið gjald, sem eðlilegt er. Það er ekki hægt að inna slíkt starf af hendi fyrir ekki neitt, og það er líka ástæðulaust, að þeir, sem á þennan hátt gerast brotlegir við tékkalöggjöfina, komist upp með það að sleppa skaðlausir frá þeim leik. Það er þess vegna ekkert nýtt, sem fjallað er um í þessari grein.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri talið óeðlilegt, að gjaldskrá einkaaðila væri lögð til grundvallar innheimtulaunum. Ég get nú út af fyrir sig ekki séð, hvað óeðlilegt er við það að nota þessa gjaldskrá. En má þó vera, að stjórnarvöldunum þyki það ekki viðkunnanlegt og þess vegna vilji þau nú afla sér þessarar heimildar til þess að setja nýjar reglur. En í sambandi við þær nýju reglur vaknar þá sú spurning, sem æskilegt væri að svar fengist við, og það er: Er gjaldskrá lögfræðinganna of há, þannig að Seðlabankinn telur sér ofborgað samkv. þeirri gjaldskrá, eða er hún kannske of lág, þannig að Seðlabankinn fái ekki kostnað sinn uppi borinn? Þetta væri mjög fróðlegt að fá upplýst í sambandi við afgreiðslu þessa máls hér á hv. Alþingi. Einhver ástæða hlýtur að vera til þess, að ekki er hægt að notast við algenga innheimtuskrá, sem gildir við allar lögfræðilegar innheimtur og viðskiptabankarnir einnig hafa notað í þeim tilfellum, sem þeir hafa sjálfir þurft að beita sér fyrir innheimtu, því að eins og kunnugt er, hafa a. m. k. hinir stærri viðskiptabankar sjálfstæða lögfræðinga í þjónustu sinni, sem þeir fela innheimtu skulda, hverjar svo sem þær kunna að vera, og við þá innheimtu er gjaldskrá Lögfræðingafélagsins notuð. Og nú, þegar upplýst er, að Seðlabankinn getur af einhverjum ástæðum ekki einn allra notað þessa innheimtugjaldskrá, er fróðlegt að fá að vita það, af hverju það er. Er gjaldskráin of há, eða er hún kannske of lág?

Síðari breytingin, sem ég nefni, fjallar um það, að nú skuli ekki lengur frjálst að stofna útibú frá viðskiptabönkunum eða umboðsskrifstofur. Nú á, eftir að þetta frv. verður að l., að skylda þá til þess að senda umsókn til seðlabankastjórnarinnar, sem á svo að afgreiða það eins og einhvers konar fyrirgreiðsluskrifstofa til hæstv. ríkisstj. eða til þess ráðh., sem fer með mál þess banka, sem um ræðir. Þessi breyting finnst mér ákaflega einkennileg, og ég get út af fyrir sig ekki fallizt á þann rökstuðning, sem hæstv. viðskmrh. færði hér fram fyrir nauðsyn breytingarinnar. Mér sýnast rökin ekki sannfærandi, og ég mun leitast við að færa rök að þeirri skoðun minni.

Það er þá í fyrsta lagi þess að geta, að hér eru aðeins starfandi viðskiptabankar. Þar af eru þrír hreinir ríkisbankar. Tæplega getur þurft lagaheimild fyrir hæstv. viðskmrh. eða hæstv. ríkisstj. til þess að hafa hönd í bagga með því, hvar og hvenær ríkisbankarnir stofna útibú. Það hlýtur hæstv. ríkisstj. að hafa algerlega í hendi sinni. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að hafa það algerlega í hendi sinni, hvenær og hvar bankaráð ríkisbankanna taka þá ákvörðun að stofna útibú eða umboðsskrifstofu. Lagaheimildarinnar getur þess vegna ekki þurft að afla vegna þess. Þá eru eftir þrír viðskiptabankar, sem lúta ekki beint stjórn ríkisvaldsins. Þó mun sú staðreyndin vera sú, að í a. m. k. tveimur þessara banka muni ríkisstj. eiga nokkuð innangengt og geta, ef hún beitir sér verulega, sjálfsagt haft nokkur áhrif á það, hvar og hvenær einnig þeir viðskiptabankar stofna útibú eða umboðsskrifstofu. Það er sagt, að kostnaður bankakerfisins af útibúum sé óhæfilega mikill og að þess vegna þurfi ríkisstj. að skerast í leikinn. Ég held, að þessi röksemd sé ekki heldur haldgóð, vegna þess, eins og ég áður greindi, að í fyrsta lagi ræður ríkisstj. yfir þeim bönkum, sem ráða yfir 80% af öllu innstæðufé í landinu. Þess vegna get-

ur hún, hvenær sem henni sýnist, séð svo til, að þeir bankar, sem ráða yfir 80% af innstæðufjármagni í landinu, stofni ekki fleiri útibú en fjárhagur þeirra þolir. Umhyggjan fyrir minni bönkunum er góð og þakkarverð, en þó verður, finnst mér, að gera þá kröfu til þeirra, sem stjórna bönkum, þ. e. a. s. stofnunum, sem settar eru á laggirnar með sérstökum lögum, að einnig þeir sjái svo fótum sér og sinna stofnana forráð, að þeir gangi ekki lengra í því að stofna útibú og umboðsskrifstofur en fjárhagur bankans leyfir. Ég held, að það sé ákaflega ósennilegt, að þeir, sem stýra peningastofnunum, gangi svo langt í því að stofna útibú, að þeir stofni fjárhag fyrirtækisins í hreinan voða. Það eru ekki góðir peningamálastjórnendur, sem það mundu gera. Þess vegna held ég, að þessi ótti hæstv. ríkisstj. við það, að bankakerfið kollsigli sig af útibúastofnunum, sé algerlega óþarfur, og ef þetta er eina ástæðan, sem fyrir liggur fyrir þessum frv.-flutningi, sé alveg óhætt að kalla það aftur, hætta við það, vegna þess að hættan, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, er ekki fyrir hendi.

Hæstv. ráðh. sagði um þetta, að tilgangurinn með lagasetningunni, fyrir nú utan það að draga úr kostnaði við bankakerfið, væri sá að tryggja það, að útibúin skiptust sem jafnast eða dreifðust sem jafnast, þannig að allir staðir á landinu fengju þá bankaþjónustu, sem þeir þurfa. Það má vel vera, að þetta sé tilgangur frv.-flutningsins, ég vil ekki draga góðvild hæstv. viðskmrh. í þessum efnum neitt í efa. En ég vil þó benda á, að það virðist gæta nokkurs ósamræmis milli skilnings hæstv. viðskmrh. á þessu ákvæði og þess skilnings, sem Alþýðublaðið, málgagn hæstv. viðskmrh., virðist leggja í það, hvað þessi lagaákvæði muni þýða í reynd, því að fyrirsögnin á forsíðu Alþýðublaðsins í dag um þetta frv. er svona: „Verður fjölgun bankaútibúanna stöðvuð?“ Er það kannske það? Er það kannske réttur skilningur, sem kemur fram á forsíðu Alþýðublaðsins, að tilgangurinn með flutningi frv. sé sá að stöðva fjölgun bankaútibúanna? Það væri ákaflega æskilegt, að það gætti meira samræmis í málflutningnum að þessu leyti, ekki síst þegar ætlazt er til þess, að svona þýðingarmikil breyting sé afgreidd við eina umr. að næturlagi. Ef tilgangur frv. er sá, sem Alþýðublaðið segir, að stöðva fjölgun bankaútibúa, þýðir það auðvitað ekki, að það sé verið að bæta bankaþjónustuna í landinu. Þá er tilgangurinn ekki sá. Þá er tilgangurinn allt annar. Þá er tilgangurinn að koma í veg fyrir eðlilega þróun þessara mála, því að það er eðlileg þróun, að bankarnir bæti við sig starfsliði og fari víðar, og ég mun kannske víkja örlítið að því síðar. Hér er sem sagt ósamræmi, sem ákaflega æskilegt væri að skorið yrði úr, áður en endanleg afgreiðsla þessa frv. fer fram.

Hæstv. ráðh. sagði, að bankaþjónustan væri ekkert betri, þó að útibúunum fjölgaði, að mér skildist, og nefndi sem dæmi um það, að í Keflavík hefðu þegar verið stofnuð þrjú bankaútibú og þar hefði, að því er mér skilst, bankaþjónustan ekkert batnað. Þessir bankar hafa þá ekki greitt neitt fyrir Keflvíkingum umfram það, sem Sparisjóður Keflavíkur hafði áður gert undanfarin 60—70 ár, sem hann hefur starfað. Ég held, að það sé út af fyrir sig nokkuð skrýtin túlkun á því, hvað sé bætt þjónusta, að halda því fram, að bankaþjónustan hafi ekki batnað í Keflavík, af því að þar var fyrir sparisjóður og af því að það eru ekki nema 50 km milli Keflavíkur og Reykjavíkur. En ætli mörgum hafi ekki þótt og þyki ekki enn nokkuð langt að skreppa í bankann, þó að það sé ekki nema 50 km? Ég gæti vel trúað því. Af þessum þrem útibúum, sem stofnuð hafa verið í Keflavík, eru tvö frá ríkisbönkunum, og það sýnist hafa verið nokkuð í lófa lagið fyrir yfirvöldin að fækka a. m. k. þessum útibúum um eitt, þannig að þau væru þá ekki nema tvö, ef ekki hefði verið hægt að komast að samkomulagi við Verzlunarbankann um að stofna þar ekki útibú, sem ég skal ekki um segja, hvort hefur verið reynt eða hvort ekki hefur tekizt, ef reynt hefur verið. Þessi breyting miðar að því að draga úr frelsinu og það hefði einhvern tíma, svona í kringum 1960, þótt koma úr hörðustu átt, að þessir hæstv. ráðh. mundu beita sér fyrir því að draga úr viðskiptafrelsinu. Í viðreisnarbókinni, sem gefin var út 1960, er heill kafli, langur kafli, sem sérstaklega fjallar um það, sem þeir kalla heilbrigt viðskiptalíf. Þar er því lýst, hversu hin frjálsa samkeppni og haftalausa muni tryggja eðlilega viðskiptahætti á öllum sviðum. Ég mundi segja það, að í bankakerfinu hafi upp á síðkastið aukizt þjónustuvilji bankanna, þar sem þeir hafa stofnað útibú víðar en þau hafa áður verið, og það mundi vera liður í því heilbrigða viðskiptafrelsi, sem hæstv. ríkisstj. vill beita sér fyrir og ég a. m. k. vil eindregið taka undir að hér ríki. En þessi frv.-flutningur miðar ekki í þá átt. Hann miðar í áttina til hafta, til þeirra stjórnarhátta, sem hæstv. ríkisstj. hefur mest fordæmt.

Það má vel vera, að það sé rétt, að einhverjar reglur þurfi að taka upp um það, að ekki séu stofnuð allt of mörg bankaútibú á sama staðnum. Það getur vel verið, að það verði nauðsynlegt að taka upp einhverjar reglur í þá átt. En ég held ekki, að leiðin til þess sé að fela hæstv. ráðh. hverju sinni að skera úr um það eftir vild og geðþótta, hverjum skuli heimilað að stofna útibú og umboðsskrifstofu og hvar, það verði að vera miklu almennari reglur. Og ef reglur á að setja um það, verður sjálfsagt að móta ramma þeirra á Alþingi. Ég held, að þessar reglur mundi þó vera hægt að fá fram og alveg nothæfar einfaldlega með því að beita sér fyrir samstarfi milli bankanna, eins á þessu sviði og svo mörgu öðru og eins og ég hef áður lýst, að stjórn Seðlabankans hefur beitt sér fyrir mjög heillavænlegu samstarfi milli viðskiptabankanna á mörgum sviðum. Og ég tel alls ekki, að það sé neitt úti-

lokað, að með samningum og góðum vilja væri hægt að koma hér á fyrirmyndarskipulagi á útibúamálin líka, en það hefur mér vitanlega alls ekki verið reynt, og það hefur ekki einu sinni mér vitanlega verið reynt að koma á samstarfi milli ríkisbankanna sjálfra, sem ríkisstj. er þó vitanlega algerlega í lófa lagið. Ríkisbankarnir hafa átt í harðri samkeppni hver við annan. Eins og ég nefndi áðan, hafa ríkisbankarnir stofnað tvö útibú í Keflavík, í Rangárvallasýslu hafa verið stofnuð tvö ríkisbankaútibú, og þykir það ekkert of mikið, og þannig er hægt að telja lengur. Samstarf milli bankanna mundi að mínum dómi geta leyst þetta mál, sem nú á að þröngva með lagasetningu.

Þá er það ákaflega einkennilegt við meðferð þessa máls, að við umr. um það í hv. Ed. í gær var upplýst, að bankastjórn Seðlabankans hefur aldrei fjallað um þetta mál. Hún hefur ekki verið spurð að því einu sinni, hvort hún telji ástæðu til þess að setja slíkar reglur. Hún hefur ekki átt kost á því að segja álit sitt um þetta. Hún hefur þar af leiðandi ekki verið spurð að því, hvort hún mundi ekki geta náð sama árangri með því að beita sér fyrir frjálsum samningum. Það sýnir, hve málið er flausturslega undirbúið, að það er ekki einu sinni borið undir bankastjórn þess banka, sem á þó að verða aðili að málinu. Hin rétta málsmeðferð væri auðvitað sú á þessu stigi að fresta umr. eða hafa aðra umr. um málið og senda það til n. á venjulegan, þingræðislegan hátt og að fjhn., eða hvaða n. sem það mundi verða falið, beitti sér fyrir því að hafa samráð og samtöl við viðkomandi stofnanir og þó bankastjórn Seðlabankans alveg sérstaklega.

Eftir þessu frv. á Seðlabankinn ekki að hafa neinn ákvörðunarrétt. Hann á aðeins að vera þarna milligönguaðili fyrir úthlutunarskrifstofuna í stjórnarráðinu. Hann á að vísu að senda inn álit um þær umsóknir, sem berast, en hæstv. ráðh. er ekki bundinn við það álit, ekki frekar en það hefði aldrei komið fram. Það er honum algerlega í sjálfsvald sett og eftir hans geðþótta og vilja, hvenær það verður leyft og hvenær bannað að stofna útibú. Þá er náttúrlega líka nokkuð einkennilegt, að úrskurðarvaldið er falið sitt hverjum ráðh. Hingað til hafa öll bankamálin lotið bankamálaráðh. eða ríkisstj. í heild. Nú á að fella þann sið niður, og nú á að ákveða það, að margir ráðh. fari með stjórn bankamálanna og hver í sinni sérgrein. Það er nýmæli, sem mér vitanlega hefur ekki verið reynt hér áður, og þyrfti athugunar við, hvort þetta er heppilegast. Þegar bankarnir fram að þessu hafa opnað útibú, hefur það aðallega verið hér í Reykjavík. Ég tel, að það sé alls ekki neitt athugavert við þá þróun, að fólki sé gerður greiðari aðgangur að bönkum hér í höfuðstaðnum með því, að bankarnir stofni útibú. Ég tel, að það sé þjónusta við fólkið, sem bankarnir séu ekkert of góðir til að veita og enginn ástæða sé til að stemma stigu við, enda hefur það ekki verið gert. Það hefur verið alveg frjálst og verið látið fyllilega viðgangast. Það er fyrst núna á síðustu mánuðum, þegar meiri brögð hafa verið að því en áður, að bankarnir hafi fært starfsemi sína út á landsbyggðina með því að stofna útibú úti á landi, — það er fyrst þá, sem ástæða þykir til að setja skorður við þessum heimildum. En það er þeim mun einkennilegra, þegar þess er gætt, að hvarvetna utan af landi, má ég segja, eða mjög víða hafa borizt óskir og áskoranir, ýmist til viðskiptabankanna eða til hæstv. ríkisstj., um það, að stofnuð verði útibú á hinum ýmsu stöðum, og meira að segja hafa till. um það efni verið fluttar hér inn á hv. Alþingi. Þm. nokkurra kjördæma hafa fundið svo sárt til þess, að heimabyggðir þeirra hafa ekki átt aðgang að bankaútibúi, að þeir hafa ekki séð aðra leið til að koma því máli í höfn en að flytja um það sérstakar þáltill. hér á hv. Alþingi. Þetta sýnir vitanlega, hver þörf er á því, að bankastarfsemin færist út.

Hæstv. viðskmrh. vék að því, að slíkar hömlur væru víða í gildi erlendis. Það kann að vera, að það séu einhverjar reglur um stofnun bankaútibúa erlendis. En mér er fullkunnugt um það, að a. m. k. í þeim löndum, sem ég hef komið í, eru bankastofnanir miklu algengari og meira áberandi en þær eru hér á landi, og það hygg ég, að allir hv. alþm. geti dæmt um af eigin raun. Hvort sem ferðazt er um í borgum eða sveitum, er ekki farin löng leið, svo að ekki sé á næsta horni banki eða sparisjóður og víðast hvar hvort tveggja þetta, bæði banki og sparisjóður, vegna þess að þar hafa viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir nokkuð mismunandi hlutverki að gegna, og þess vegna er þar ekki þörf fyrir báðar þessar starfsgreinar, þannig að ég held, að við séum ekki að semja okkur neitt frekar að siðum erlendra þjóða, sem við viljum sjálfsagt allir gjarnan gera, þ. e. taka upp það, sem gott er frá þeim, þó að við bönnum það, að bankarnir færi út starfsemi sína. Það er öðru nær.

Hlutverk bankanna er í vaxandi mæli þjónusta við fólkið. Við Íslendingar höfum orðið nokkuð seinir til þess, að ég hygg, að notfæra okkur þá þjónustu, sem bankar og peningastofnanir hafa að bjóða. En ég held, að við séum núna að vakna til skilnings á því. Og þegar ég tala um þjónustu bankanna, er það ekki fyrst og fremst útlánastarfsemin, sem ég hef þar í huga, heldur ekkert síður ýmis önnur fyrirgreiðsla, sem bankar og slíkar stofnanir inna af hendi fyrir fólkið, alls konar innheimta, sem stunduð er í bönkunum t. d., og margs konar fyrirgreiðsla á allan hátt. Er ákaflega algengt, að mönnum, sem eiga t. d. skulum við segja skuldabréf eða aðrar skuldaviðurkenningar, þyki hagkvæmt að fela banka eða sparisjóði innheimtu þess fyrir sína hönd, og þá er það ekkert síður þægilegt fyrirkomulag fyrir skuldarann, að það skuli vera einhver ákveðinn staður, sem hefur opið á vissum tíma, þangað sem hann getur snúið sér með greiðsluna, í stað þess að þurfa oft og tíðum, eins og áður var, að eltast við skuldar-

eigandann kannske dögum og jafnvel vikum saman til þess að koma í hendur hans afborgun og öðrum greiðslum. Ég gæti náttúrlega greint frá margs konar annarri þjónustu, sem bankar inna af hendi og fólki þykir þægilegt að geta notfært sér, og mörg þjónusta af því tagi er þannig vaxin, að hún kemur ekki að fullum notum, nema bankaútibúið eða bankinn sé ekki allt of langt frá manni. Manni, sem búsettur er í Keflavík, getur þótt nokkuð langt að sækja bankafyrirgreiðsluna til Reykjavíkur, þó að það séu ekki nema 50 km á milli og steyptur vegur hálfa leiðina.

Í frv. um Seðlabankann eru auðvitað fleiri ákvæði, sem ég tel óheppileg, og það eru þau ákvæði, sem voru í því, þegar það fór héðan til hv. Ed., þau tvö atriði þar, sem ég tel mjög óheppileg og ég tel að muni hafa þær afleiðingar fyrir viðskiptabankana að gera alla starfsemi þeirra mjög erfiða. Þau atriði hafa nokkuð verið rædd hérna. En þrátt fyrir talsverðar umr. um þetta seðlabankafrv., eins og það var fyrir breytinguna, eru ýmsir liðir í því enn þá algerlega óupplýstir, og þrátt fyrir margendurteknar fsp. í þá átt hafa engin svör fengizt frá hæstv. ríkisstj. um það, hvernig þetta frv. verði framkvæmt, þótt að lögum verði. Nú styttist óðum í það, að þessi lög taki gildi, og það er ekki seinna vænna fyrir hv. alþm., þ. e. a. s. þá, sem vilja vita, hvað hér er á ferðinni, að fá svör við þeim spurningum, sem hér hefur verið hreyft, en ekki fengizt svar við. Ég mun því í stuttu máli leyfa mér að ítreka þessar spurningar, til þess að freista þess enn á ný að fá upplýst, hvað það er, sem hér á að samþykkja.

Eins og hv. alþm. muna, eru efnisatriði seðlabankafrv., þau gömlu efnisatriði, ef svo mætti segja, sem eru búin að vera í frv. síðan 25. okt., tvö: Annars vegar að stórhækka innstæðubindingu Seðlabankans, stórhækka þann hluta af sparifénu, sem viðskiptabankar og sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga eiga að eiga á bundnum reikningi í Seðlabankanum. Í sambandi við þetta var spurt, á hvern hátt bindiskyldan mundi verða framkvæmd, hvort hún yrði strax færð upp í hámark, sem mundi þýða það, að úr bankakerfinu yrði til viðbótar tekið inn í Seðlabankann 555 millj. kr., en það er sú upphæð, sem vantar nú miðað við síðustu tölur upp á það, að sparifjárbindingin í heild nemi 25% af heildarinnstæðu í bönkum og sparisjóðum. Ef þetta verður ekki gert strax, sem hæstv. viðskmrh. hefur sagt að ekki mundi verða gert, þá kemur til álita, hversu fljótt þessu takmarki eigi að ná, hvað verður bindingarprósentan há, þ. e. a. s. af innlánsaukningunni, eða verður hætt við það að miða bindinguna við innlánsaukningu, þannig að peningastofnanirnar verði, eftir að þetta frv. verður að l., einnig skyldaðar til að greiða inn á bundna reikninginn, þótt um enga sparifjáraukningu hafi verið að ræða eða jafnvel þótt spariféð hafi minnkað. Einu svörin, sem fengizt hafa við þessu, eru, að þetta muni fara eftir mati Seðlabankans og ríkisstj. En hvernig verður þetta mat? Það veit enginn. Um það hafa engin svör fengizt. Hvernig verður þetta mat hæstv. ráðh. og seðlabankastjórnarinnar? Það er það, sem máli skiptir. Í þriðja lagi mætti spyrja um og hefur verið spurt um það, hvernig þessum auknu fjármunum Seðlabankans mundi verða varið. Í aths. við seðlabankafrv. segir, að takmark innlánsbindingar sé að auka afurðalánin með því að endurkaupa afurðavíxlana. En hver verður prósentan t. d. af endurkeyptum afurðavíxlum landbúnaðarins? Hver verður prósentan í sjávarútveginum? Eða hvað á iðnaðurinn að fá mikið? Þessu hefur ekki verið svarað. Við fyrri umr. um þetta mál sagði hæstv. viðskmrh., að það væri ósanngjarnt að ætlast til þess, að þessum spurningum væri svarað, og hann sagði, að 1957, þegar bindingarákvæðin voru fyrst tekin í lög, þá hefði stjórnarandstaðan sýnt þann þroska, að henni hefði ekki dottið í hug að spyrja um þetta. En það gegnir vitanlega allt öðru máli, vegna þess að þá var ekki slegið neinu föstu um það, í hvaða tilgangi innstæðubindingin væri gerð eða að hún ætti að ganga til þess að greiða fyrir atvinnuvegunum á þennan hátt. Nú er það gert, nú er það meginástæðan fyrir flutningi frv. Og er þá óeðlilegt, þó að þeir þm., sem ætlazt er til að samþykki frv., vilji vita, hvað það þýðir í raun og veru? Það held ég ekki. Ég held, að það sé sanngjörn spurning og það sé sjálfsagt að fara fram á, að henni verði svarað.

Hitt ákvæðið í frv. fjallaði um útgáfu gengistryggðra verðbréfa. Samkv. því ákvæði átti að gefa Seðlabankanum einum allra heimild til þess að hefja útgáfu gengistryggðra verðbréfa. Þetta ákvæði mundi vitanlega þýða það, að spariféð leitaði í stórum stíl í þennan farveg. Og hvaðan kæmi það sparifé? Ætli það sé nokkur ósanngirni að segja, að það mundi koma a. m. k. fyrst og fremst frá viðskiptabönkunum og sparisjóðunum, því að hvar annars staðar ætti það að vera? Þess vegna skiptir það ákaflega miklu máli fyrir þessar stofnanir — og ekki bara fyrir þessar stofnanir, heldur fyrir alla þá, sem notið hafa fyrirgreiðslu hjá þessum stofnunum, að fá að vita, með hvaða kjörum og hvaða skilmálum þessi verðbréfaútgáfa á að verða leyfð, því að verði t. d. bréfin með háum vöxtum til skamms tíma, verður ákaflega freistandi fyrir sparifjáreigendur að kaupa þau. Verði þau hins vegar til lengri tíma með eitthvað lægri vöxtum, minnkar auðvitað freistingin.

Nú er ég ekki að halda því fram, öðru nær, að sparifjáreigendum veitti út af fyrir sig af því að eiga þess kost að verðtryggja sparifé sitt eitthvað á líkan hátt og hér er gert ráð fyrir. Það er fjarri mér, og við framsóknarmenn hér á Alþingi höfum sýnt alveg ákveðinn vilja í því efni með því að flytja þáltill. um athugun á verðtryggingu sparifjár, og það er ekki í fyrsta skipti, sem sú till. er flutt. Hún hefur verið flutt á mörgum undanförnum þingum, svo að því verður alls ekki haldið fram, að við framsóknarmenn séum á móti verð-

tryggingu sparifjár, enda hefur það ekki verið gert, það skal ég viðurkenna. En það, sem ég held fram í þessu sambandi, er það, að verðtrygging sparifjár eigi ekki og megi ekki fara fram með þessum hætti, að einum aðila sé veitt leyfi til þess að gefa út slík bréf. Verðtryggingin hlýtur að verða að gerast með almennum hætti, þannig að allt banka- og peningamálakerfi landsins sporðreisist ekki af þeim sökum, og það á að vera hægt. Það skiptir þess vegna ákaflega miklu máli fyrir bankakerfið að fá að vita, með hvaða kjörum þessi bréf verði gefin út, enda kom fram í umsögnum þeirra tveggja viðskiptabanka, sem umsagnir sendu til hv. fjhn. þessarar d., alveg greinilegur beygur við það, hvaða áhrif þessi ákvæði hefðu. Bæði bankastjórn Verzlunarbankans og Iðnaðarbankans fjölluðu alveg sérstaklega um það í umsögnum sínum, hversu varhugaverð braut það væri, sem hér væri lögð til, og hversu varlega þyrfti að fara í að gefa þannig einum aðila kost á því að hafa til sölu svo freistandi varning fyrir sparifjáreigendur.

Svo hefur ekki heldur komið neitt í ljós um það mér vitanlega, hvað eigi að gera við það fjármagn, sem Seðlabankanum áskotnaðist með þessum hætti. Á að nota það líka til þess að endurkaupa afurðavíxla, eða á að lána það út með sérstökum hætti með gengisáhættu, þannig að lántakinn eigi að bera gengisáhættuna? Það er sjálfsagt ekkert ósanngjarnt á verðbólgu- og gengislækkunartímum, að útlán yrðu framkvæmd með þeim hætti, að þeir, sem lánin taka, hafi líka áhættuna. Það getur vel verið, að það vaki fyrir hæstv. ríkisstj. með þessu frv. En ef það vakir fyrir hæstv. ríkisstj., er vitanlega engin ástæða til annars en að leyfa öllum bönkum að gefa út slík bréf. Þá geta allir annazt þá milligöngu, sem þar mundi ein verða hlutverk Seðlabankans. Ef hins vegar er til þess ætlazt að nota þetta fjármagn í öðru skyni, t. d. í þágu ríkisins sjálfs, og að Seðlabankinn eða ríkisvaldið með einhverjum hætti ætli að taka á sig þau skakkaföll, sem af gengislækkunum getur leitt, er gott, að það komi fram. Þá er nauðsynlegt, að það komi fram, til þess að hv. alþm. viti, hvað hér er verið að fara fram á og hvað hér á að gera.

Þá er eitt atriði enn, sem mér finnst vera algerlega óupplýst í þessu sambandi. Eins og kunnugt er og hér hefur verið rakið við umr. fyrr, hafa verið samningar svokallaðir milli ríkisstj. og viðskiptabankanna um það, að bankarnir keyptu ríkistryggð skuldabréf og ríkisskuldabréf fyrir 15% af sparifjáraukningunni. Þessir samningar voru í gildi árið 1963. Þeirra hefur ekki verið leitað síðan. En verður þeirra leitað? Það skiptir miklu máli. Hér er verið að fara fram á og lögbjóða nú senn að taka vaxandi hluta af sparifénu, af ráðstöfunarfé banka og sparisjóða, undan þeirra stjórn og fela öðrum, með þeim afleiðingum, að þessir aðilar verða mjög vanmegnugir að gegna hlutverki sínu og þeirra kostur þrengist enn. Það skiptir mjög miklu máli fyrir þessar stofnanir og fyrir það hlutverk, sem þeim er falið samkv. l., að fá úr því skorið, hvort þessara samninga, sem voru nokkuð fast sóttir af hendi hæstv. ráðh., verður leitað á ný. Verði þeirra ekki leitað, má segja, að álögurnar séu þolanlegri en annars væri.

Þannig finnst mér, að í sambandi við þetta frv. sé mjög mörgum atriðum ósvarað, sem þó er að mínum dómi nauðsynlegt að vita skil á, áður en endanleg afgreiðsla frv. fer fram. Og þessar spurningar, sem ekki hefur verið svarað, eru bæði um þau atriði frv., sem hafa verið hér til meðferðar síðan 25. okt., og eins hin, sem síðar eru til komin, sem komu inn í fyrradag. Um þau atriði, sem búin eru að vera síðan 25. okt., má með sanni segja, að nægilegt tóm hafi nú gefizt hæstv. ríkisstj. til þess að ákveða sig um það, hvaða svör eigi að gefa við þessum spurningum. Aftur á móti er það skiljanlegra, að svörin leiki þeim ekki eins á tungu við þeim ákvæðum, sem kastað var hér inn í fyrrinótt á hv. Alþingi í þeim flýti, að ekki einu sinni bankastjórn Seðlabankans hafði fengið tækifæri til þess að yfirlíta þau. En þá er ráð við því. Það er að fresta þessari umr. eða hafa tvær umr. og gefa sér tóm til þess að undirbúa svör við þeim spurningum, sem ósvarað er, en svara þarf.

Hæstv. bankamálaráðh. sagði áðan, að það væri háskalegt fyrir afkomu bankanna að stofna svona mörg útibú, það mundi keyra fjárhag þeirra algerlega í rúst. Ég þóttist nú reyna að færa líkur að því, að þeir, sem falin er stjórn peningastofnana, mundu ekki fara svo gálauslega með fé þeirra stofnana, sem þeim er trúað fyrir, að þeir mundu ganga lengra í bankaútbússtofnun en fjárhagsgeta viðkomandi leyfði. En ég get þó ekki stillt mig um það, fyrst þessu máli hefur aðeins verið hreyft, að segja það, náttúrlega sem mína skoðun sem starfsmanns í banka, að kostur bankanna hefur ákaflega mikið verið þrengdur að undanförnu. Ég er ekki að segja, að það komi að sök fyrir þá banka, sem eiga mikið fé og eru gamlir og rótgrónir. En fyrir nýja banka getur það haft töluvert alvarlegar afleiðingar. Þarna á ég vitanlega við þann minnkandi vaxtamismun, sem í lög hefur verið leiddur hér á undanförnum árum, og þó alveg sérstaklega þrengingu vaxtakjaranna í Seðlabankanum af bundnu innstæðunum, þar sem Seðlabankinn borgar, eins og kunnugt er, aðeins 1% yfir meðalvexti hvers banka. 1% vaxtamismunur af svo háum fjárhæðum sem nú eru farnar að verða bundnar í Seðlabankanum er hvergi nærri nægur til þess, að bankinn geti haft sæmilega frjálsar hendur og innt af hendi þá þjónustu, sem ætlast verður til að hann geri.

Ég skal ekki á þessu stigi fjölyrða um þetta mál meira en orðið er. Ég vil aðeins, áður en ég fer úr ræðustólnum, leyfa mér að leggja fram eina brtt. við það frv., sem hér er til umr. Mér er ljóst, að brtt. er of seint fram komin og það þarf afbrigða við. Einnig er hún

skrifleg, þar sem ekki hefur verið hægt að prenta hana hér um þetta leyti sólarhrings, prentarar eru í frii. En brtt. er við 1. gr., og hún er stutt og laggóð, þannig: „Greinin falli niður.“ Ég tel, að ég geti vísað um rökstuðning fyrir þeirri till. til þess, sem ég hef hér sagt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en ég vík að þeirri furðulegu breytingu eða þeim viðbæti, sem var gerður á þessu frv. í Ed., finnst mér rétt að víkja nokkrum orðum að þessu frv. almennt, þó að það hafi reyndar verið nokkuð rætt hér áður í þessari hv. d. Ég held, að það sé ekki ofsagt, þó að sagt sé, að þetta frv. sé í raun og veru eitthvert mesta haftafrv., sem nokkru sinni hefur verið lagt fram hér á hv. Alþingi, eða kannske réttara að orða það þannig, að það feli í sér meiri höft en nokkurt annað frv., sem áður hefur verið lagt fram hér á Alþingi.

Kannske get ég skýrt þetta einna bezt með því að rifja upp viðtal, sem ég átti fyrir nokkru við allkunnan atvinnurekanda í Sjálfstfl. Tal okkar barst að atvinnurekstri, en hann er nokkuð riðinn við sjávarútveg, og ég spurði hann að því, hvort allt léki nú ekki í lyndi, þar sem tíðarfarið væri eins ákjósanlegt fyrir útgerð og bezt væri á kosið og aflinn eftir því. Hann sagði, að þetta væri að vísu gott, en samt væri mjög erfitt um allan eða flestan atvinnurekstur, því að það væri eins og frosin hönd hvíldi á atvinnufyrirtækjunum. Mér fannst þetta nokkuð skrýtið til orða tekið og innti hann eftir því, hvað hann ætti við, þegar hann væri að tala um hina frosnu hönd. Ég hélt jafnvel, að hann ætti nú kannske við kaupgjaldsmálin, vegna þess að hann hefur að sjálfsögðu heyrt þann áróður í sjálfstæðisblöðunum og hjá stjórnarblöðunum og hjá talsmönnum stjórnarflokkanna, að allir erfiðleikar í okkar efnahagsmálum stöfuðu af því, hve kaupgjaldið væri hátt, hve launastéttirnar hefðu verið ósanngjarnar í sínum kröfum og knúið fram óeðlilega hátt kaupgjald. En það var alls ekki þetta, sem hann átti við. Hin frosna hönd, sem hann talaði um að legði sína köldu fingur á svo að segja allan atvinnurekstur í landinu, væru hin miklu lánsfjárhöft, sem nú ættu sér stað, — lánsfjárhöft, sem væru miklu meiri en slík höft hefðu nokkru sinni áður verið. Og þessi miklu lánsfjárhöft rekja rætur sínar fyrst og fremst til sparifjárfrystingarinnar í Seðlabankanum og þess vegna kannske ekki óeðlilegt, þó að hér sé rætt um hina frosnu hönd, sem legði sína köldu fingur á allt atvinnulíf í landinu því til lömunar.

Svo er nú komið, eins og hefur verið upplýst hér í umr. á Alþingi, að frysta sparifé í Seðlabankanum nemur orðið 800 millj. kr. Og þetta segir til sín með svo að segja hvern einasta atvinnurekanda í landinu og eiginlega hvern einasta einstakling, sem stendur í einhverjum framkvæmdum, og ekki síst hvað snertir hina efnaminni íbúðabyggjendur. Aðstöðu landbúnaðarins í lánamálum er þannig háttað, að það mun leitun á því landi í Vestur-Evrópu, þar sem landbúnaður býr við eins óhagstæð lánakjör og hér. Ég hygg, að í sannleika sagt sé erfitt að finna það Vestur-Evrópuland, þar sem landbúnaðurinn býr við eins óhagstæða aðstöðu í lánamálum og hér á landi. Í flestum nágrannalöndum okkar a. m. k. er því þannig háttað, að landbúnaðurinn getur fengið stofnlán til langs tíma með vægum vöxtum og sömuleiðis það mikil rekstrarlán, að bændur geta fengið sínar afurðir borgaðar strax út í hönd. Hins vegar fer fjarri því, að slíku sé til að dreifa hér á landi, þar sem landbúnaðurinn býr bæði við mikinn skort á stofnlánum og rekstrarlánum og lánin eru bæði til stutts tíma og vextir mjög háir. Og það, sem á að sjálfsögðu ekki lítinn þátt í þessum óhagstæðu lánakjörum landbúnaðarins, er þessi stóra upphæð frysta sparifjárins í Seðlabankanum.

Ef við lítum til útgerðarinnar, býr hún tvímælalaust við miklu óhagstæðari lánakjör en sams konar atvinnuvegur í öðrum löndum, og er þar skemmst að minna á það, að í þskj., sem nýlega var útbýtt hér á Alþingi, þar sem m. a. var prentað bréf frá bankastjóra Framkvæmdabankans, þar var það upplýst, að þó að það væri nokkurn veginn hægt að fá sæmileg lán út á fiskiskip eða allhá lán út á fiskiskip, væri allt öðru máli að gegna um fiskvinnslustöðvar og fiskiðjuver. Þessi fyrirtæki byggju við hinn tilfinnanlegasta skort á lánsfé og hamlaði það stórlega þeirra starfsemi, bæði uppbyggingu og framleiðslu, því að hér er bæði um skort á stofnlánum og rekstrarlánum að ræða, auk þess sem lánstíminn er stuttur og vextirnir háir. Fiskiðnaðurinn hér á landi býr tvímælalaust við miklu óhagstæðari lánakjör en hliðstæður atvinnuvegur í öðrum löndum, og það stafar ekki að litlu leyti af þessari frystingu sparifjárins í Seðlabankanum.

Um iðnaðinn má svipað segja. Íslenzkur iðnaður býr við miklu óhagstæðari kjör hvað snertir stofnlán heldur en iðnaður í öðrum löndum, bæði skortur á lánsfé, lánstíminn styttri og vextirnir hærri, auk þess sem hann býr við svo að segja algeran eða mjög mikinn skort hvað snertir öll rekstrarlán. Þetta hefur verið mjög rækilega rakið í ályktunum, sem hafa verið gerðar á undanförnum þingum og ráðstefnum iðnrekenda, og sé ég ekki ástæðu til þess að rifja það upp hér.

En þessi óhagstæðu lánakjör, sem íslenzkur iðnaður býr við, gerir hann að sjálfsögðu að verulegu leyti ósamkeppnishæfan við erlendan iðnað á mörgum sviðum, og kom nýjasta dæmið um það í ljós í sambandi við það tollskrárfrv., sem var til meðferðar hér í þinginu fyrir skömmu. Það var nefnilega gerð sú breyting á tollskránni að lækka tolla á kexi úr 125% niður í 80%. Þetta var gert í Ed. En þegar málið kom hingað til Nd., var það upplýst af þeirri n., þeirri tollskrárnefnd eða hvað hún

heitir, sem aðallega fæst við þessi mál, að 80% tollur væri allt of lítil tollvernd fyrir kexframleiðsluna og yrði þess vegna að hækka hann upp í 100% aftur, og þetta sýnir það, hvað okkar framleiðsla virðist standa hallari fæti í þessum efnum en sambærilegur atvinnurekstur annars staðar, þar sem hann þarf á 100% tollvernd að halda, en það stafar að sjálfsögðu ekki að litlu leyti af því, að lánskjörin, sem okkar iðnaður býr við, eru mjög miklu óhagstæðari en iðnaður nágrannalandanna býr við.

En þó að höfuðatvinnuvegirnir búi við erfiðan kost í þessum efnum, landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður, þá er þó hlutur húsbyggjendanna langverstur. Sá mikli lánsfjárskortur, sem þeir búa við og gerir raunverulega efnalitlu fólki ókleift að ráðast nú í íbúðabyggingar, hefur verið svo oft rakinn hér í umr. á Alþingi, að ég sé ekki ástæðu til þess að rifja það upp að þessu sinni, enda ekki ætlun mín að halda hér uppi löngum umr. En þetta mál er þm. líka svo kunnugt, að óþarft er að vitna til þess frekar en þegar hefur verið gert. En þessa miklu lánsfjárkreppu, sem bæði aðalatvinnuvegirnir og íbúðabyggjendur eiga við að búa, má ekki sízt rekja til þeirrar frystingar á sparifé, sem hefur átt sér stað í Seðlabankanum á undanförnum árum og nemur orðið 800 millj. kr. Í stuttu máli er óhætt að segja, að með þessari frystingu sparifjárins í Seðlabankanum hefur verið tekið upp í raun og veru hið strangasta haftakerfi gagnvart atvinnuvegum landsins og íbúðabyggjendum, sem nokkru sinni hefur þekkzt í þessu landi. Ég held, að það sé ekki hægt að benda á önnur höft, sem hafa gengið öllu nær atvinnuvegunum og gegn íbúðarbyggjendum heldur en þessi miklu lánsfjárhöft, sem frysting sparifjárins í Seðlabankanum hefur skapað. Þess vegna er það ekki neitt fjarri lagi, eins og íhaldsatvinnurekandinn gerði, að tala um hina frosnu hönd í þessu sambandi, hina frosnu hönd, sem legði nú sína köldu fingur á svo að segja allt atvinnulíf í landinu.

Hæstv. ríkisstj. lofaði því, þegar hún kom til valda, — það var eitt af hennar aðalloforðum, — að draga úr höftum, sem þrengdu að einkaframtakinu og atvinnurekstrinum í landinu. En efndir hennar í þessum efnum hafa orðið þær, að hún hefur með frystingu sparifjárins leitt inn einhver stórkostlegustu höft, sem íslenzkur atvinnurekstur hefur haft við að búa, og með þessu skapað aðstæður, sem eru alveg ólíkar því, sem viðgengst í löndum, þar sem stefnt er að því að halda uppi frjálsum atvinnurekstri, því að þar er það eitt megintakmark valdhafanna að vinna að því, að atvinnuvegirnir búi ekki við lánsfjárkreppu og framtak einstaklinga og félaga geti þess vegna notið sín til fulls. En í stað þess að fylgja þeirri stefnu hér, þá er tekið upp þetta stórfellda haftakerfi, sem mjög lamar atvinnustarfsemina í landinu. Þess vegna held ég það sé erfitt að nefna öllu meiri fjarstæðu en þá, sem stundum heyrist af hálfu stjórnarsinna, að núv ríkisstj. hafi dregið úr höftum hvað atvinnureksturinn snertir. Þvert á móti hefur stjórnin í sambandi við meðferð lánsfjárins tekið upp miklu stórfelldari og þungbærari höft en íslenzkt atvinnulíf hefur áður búið við.

En þetta er ekki eina atriðið, sem gerir þessi lánsfjárhöft þungbær, það sem ég nú hef rakið. Það, sem er án efa langsamlega alvarlegast í sambandi við þessi lánsfjárhöft ríkisstj., er, að þau verka sérstaklega eins og höft á aukna framleiðni í landinu, því að eigi að auka framleiðnina, svo að nokkru nemi, þá verður það ekki gert með öðrum hætti en þeim, að þau atvinnufyrirtæki, sem vilja auka framleiðni sína, hvort heldur er á sviði landbúnaðar, iðnaðar eða sjávarútvegs, þá þurfa þau að sjálfsögðu nokkurt fjármagn til þess í flestum tilfellum að koma aukinni framleiðni á, því að þótt það sé ekki annað en það að koma á bættri hagræðingu, þá kostar það að sjálfsögðu ýmsar tilfærslur, kannske á húsnæði eða vélakosti o. s. frv., og það verður ekki gert, nema fyrirtækin hafi eitthvert fjármagn til þessara framkvæmda. Lánsfjárhöft hæstv. ríkisstj. hafa í fjöldamörgum, hundruð og jafnvel þúsund tilfellum komið í veg fyrir það, að fyrirtækin fengju það fjármagn, sem þau nauðsynlega þurftu til þess að geta aukið sína framleiðni, og þannig hafa þessi höft ríkisstj. verkað eins og hinn versti þröskuldur fyrir viðleitni landsmanna til þess að auka framleiðni atvinnuveganna. Þetta er að sjálfsögðu mjög tilfinnanlegt fyrir fyrirtækin í dag og þjóðina alla, að það sé ekki hægt að koma þessum framkvæmdum áleiðis, en þó kannske leggst þetta fyrst og fremst á framtíðina, vegna þess að þetta veldur því, að fyrirtækin svara framtíðinni miklu minni framleiðslu og minni afköstum en þau ella mundu geta gert. Þannig verða þessi lánsfjárhöft hæstv. ríkisstj. til þess að lama framtak einstaklinganna í landinu, þrengja kjör atvinnuveganna og til þess að hindra þá nauðsynlegu framleiðsluaukningu, sem atvinnuvegirnir þurfa á að halda.

En þó að þessir ókostir lánsfjárhaftanna eða frystingar á sparifénu í Seðlabankanum séu slæmir og valdi þjóðinni miklum búsifjum, þá er þó kannske það enn alvarlegra í sambandi við frystingu sparifjárins og í sambandi við þau höft, sem henni fylgja, að þau leiða óhjákvæmilega til stórfelldrar spillingar í lánamálum þjóðarinnar, því að þegar með sparifjárfrystingunni er þrengt svo að viðskiptabönkunum í landinu, að þeir geti ekki fullnægt eðlilegum þörfum sinna viðskiptamanna, þá leita þessir viðskiptamenn sér að lánsfé eftir öðrum leiðum, þá leita þeir sér að lánsfé utan viðskiptabankanna, hjá kunningjum sínum, ef þeir eiga kunningja, sem hafa eitthvert fé aflögu, eða frændfólki ellegar þá hjá mönnum, sem hafa miður heppilega lánastarfsemi með höndum, eins og augljóst er af blaðaskrifum, sem orðið hafa að undanförnu. Og á þennan hátt verða lánsfjárhöftin eða sparifjárfrystingin til þess, að meira og meira af sparifé leitar fram hjá viðskiptabönkunum og fer í

ýmsa óeðlilega farvegi, sem valda sívaxandi óheilbrigði og spillingu í þessum málum. E. t. v. er þetta eitt hið óheilbrigðasta í sambandi við lánsfjárhöftin og sparifjárfrystinguna, og það verður til þess að ýta hér undir hvers konar okrarastarfsemi á sviði lánsfjármálanna og neyðir margt af efnalitlu fólki til þess að taka fé með okurkjörum, og það á svo síðar sinn þátt í dýrtíðarvextinum í landinu.

Ég held, að í öllum löndum, sem búi við heilbrigða fjármálahætti, sé kappkostað meira en flest annað að beina sparifénu til viðskiptabankanna og halda uppi lánastarfsemi í landinu með þeim hætti, en ekki að þrengja svo að viðskiptabönkunum, að þeir geti ekki fullnægt þörfum sinna viðskiptamanna og þeir verði þess vegna að leita til kunningja og okrara til að fá lánsfé. Eg held, að menn geri sér hvergi nærri ljóst þá óheilbrigðu ófugþróun, sem hefur átt sér stað í landinu í þessum efnum á undanförnum árum og á sér þó sérstaklega nú stað í sívaxandi mæli, vegna þess að alltaf er verið að þrengja meira og meira að viðskiptabönkunum.

En þrátt fyrir þá slæmu reynslu, sem lánsfjárhöftin hafa haft og ég hef nú rakið, bæði hvað snertir atvinnureksturinn í landinu og hvað snertir heilbrigða lánastarfsemi í landinu, þá er hæstv. ríkisstj. síður en svo af baki dottin í þessum efnum. Hún ætlar sér ekki aðeins að halda við þeim höftum, sem hafa gilt fram að þessu, heldur fer hún fram á það með þessu frv. að auka þessi höft mjög verulega eða hækka frystinguna úr 15% upp í 25%. Það sjá allir, hvaða afleiðingar það hefur. Það verður til þess, að viðskiptabankarnir geta enn síður en hingað til fullnægt sínum viðskiptamönnum, og fólk verður því að leita til okraranna í enn ríkara mæli en átt hefur sér stað fram að þessu. Þetta verður einnig til þess, að viðskiptabankarnir geta miklu síður sinnt atvinnuvegunum en þeir gera nú, og lánsfjárskortur atvinnurekendanna gerir þeirra afkomu stórum lakari, auk þess sem það girðir fyrir það í fjöldamörgum tilfellum, hundruð, þúsund tilfellum, að atvinnufyrirtækin geti komið á þeirri framleiðni hjá sér, sem nauðsynleg er.

Með því, sem ég hef nú sagt, hef ég nokkuð rakið það, að hæstv. ríkisstj. hefur efnt loforð sín um að draga úr höftum á atvinnuvegunum á þann veg, að hún hefur aukið þessi höft stórlega frá því, sem áður var, með frystingu sparifjárins og lánsfjárhöftunum. Og þó að íslenzkir atvinnuvegir hafi oft búið við nokkra örðugleika í þessum efnum, ónógt lánsfé og óhagstæð lánskjör, þá hefur aldrei kveðið eins rammt að því og nú. Og þess vegna er ekki hægt að hugsa sér öllu meiri fjarstæðu en þá, þegar núv. ríkisstj. og hennar flokkar eru að hæla sér af því, að þeir hafi dregið eitthvað úr höftum gagnvart atvinnuvegunum og viðskiptastarfsemi í landinu, því að þessi höft hafa verið stórkostlega aukin með frystingu sparifjárins og þeim lánsfjárhöftum, sem af frystingunni hefur leitt. Þetta hefur verið, eins og sá ágæti atvinnurekandi sagði, sem ég minntist á áðan, þetta er hin frosna hönd, sem leggur nú sína köldu fingur á allt atvinnulíf í landinu.

En þó að hæstv. ríkisstj. hafi gengið langt í sinni haftastarfsemi með frystingu sparifjárins og ætli að gera það enn frekar með þeirri löggjöf eða því frv., sem hér liggur fyrir, þá virðist þó, að henni finnist hvergi nærri nóg að gert í haftamálunum með þessu, því að það hefur gerzt á lokastigi þessa máls, nú undir þinglokin og eftir að þetta mál er búið að liggja fyrir þinginu í marga mánuði, að ríkisstj. hefur sett inn í það ný höft í Ed. fyrir fáum dögum. Þessi nýju höft eru þau, að bankar megi ekki stofna til útibúa nema með sérstöku leyfi ríkisstj. Ég held, að slíkar hömlur þekkist hvergi annars staðar, þar sem frjáls bankastarfsemi er leyfð á annað borð. Ég held, að það sé ekki hægt að finna dæmi um slíkar hömlur í okkar nágrannalöndum. Og hvert leiðir það, ef það á að fara að leggja slíkar hömlur á bankana, að þeir megi ekki stofna til útibúa, þar sem þeir telja eðlilegt, að þau séu starfrækt? Hvað kemur á eftir? Hvað vill ríkisstj. fá vald til að skammta á eftir, ef hún kemst upp á lag með að taka upp skömmtun í þessum efnum og segja bönkunum fyrir, hvernig þeir eigi að haga þjónustu sinni við almenning. Er fjarstæða að ályktа, að það kynni að koma á eftir, að ríkisstj. vilji ráða því, hverjir megi reka verzlanir og hvort verzlanir megi hafa útibú og annað þess háttar. Ég sé engan mun á því. Ég sé satt að segja engan mun á því, að ríkisstj. taki upp hömlur á útibúum einkabanka, og hún taki t. d. upp hömlur á starfsemi verzlana og segi: Það á ekki að vera nema ein verzlun á þessum stað og kannske í mesta lagi tvær — alveg eins og hún vill nú fá vald til að ákveða, að það megi ekki vera nema kannske eitt eða ekkert útibú að þessum stað.

Ég held, að það sé ástæða til þess fyrir hv. alþm. að athuga þetta mál dálítið nánar, ef þeir á annað borð eru því fylgjandi, að það eigi að halda uppi frjálsri viðskiptastarfsemi og verzlunarstarfsemi í landinu. Ef hæstv. ríkisstj. þykir nauðsynlegt að geta haft það í hendi sinni, hvar bankaútibú eru starfrækt og hvernig einkafyrirtæki á þessu sviði hátta sinni starfsemi, er þá óeðlilegt, að ríkisstj. fari á eftir inn á fleiri svið og heimti sams konar höft og hömlur, heimti það t. d., við skulum segja gagnvart verzluninni, að það sé alveg háð leyfum ríkisvaldsins, hvort það megi reka verzlun á þessum stað eða hvort það megi vera meira en ein eða tvær verzlanir á þessum stað? Ég held, að hv. þm. ættu að hugsa sig nokkuð um í þessu sambandi, áður en þeir fallast á þessi höft hæstv. ríkisstj.

Það hefur verið rækilega rakið hér af hv. síðasta ræðumanni, að það er ekki minnsta ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að fara fram á það að fá þessa haftareglu í sínar hendur, nema þá að þetta eigi að vera undirbúningur að einhverju öðru meira. Af þeim 6 viðskiptabönkum, sem starfa hér í landinu,

eru 3 ríkisbankar, og ríkisstj. getur að sjálfsögðu ráðið því, hvernig þeir hátta sinni starfsemi og hvað mörg útibú þeir hafa, og þarf ekki að fá neina heimild frá Alþ. til að ráða í þeim efnum. Hins vegar gildir nokkuð öðru máli um einkabankana. Þar hefur ríkisstj. að sjálfsögðu ekki slík ráð nú, og þar á ríkisstj. ekki heldur að hafa slík ráð, því að fyrst við höllumst að þeirri stefnu, að það eigi að leyfa einkastarfsemi banka í landinu á annað borð, þá á að láta þá hafa hæfilegt frjálsræði, og það er heldur engin hætta á því, að þessir einkabankar fari út í starfrækslu á útibúum, sem leiði til einhvers tjóns fyrir almenning. Ég held, að það sé ákaflega erfitt að færa rök að því. Það gæti hins vegar legið þarna á bak við, að ríkisvaldið vildi fá aðstöðu til þess að mismuna á milli ríkisbanka og einkabanka, þannig að hún láti ríkisbankana fá leyfi til að stofna til útibúa, en ekki einkabankana, en slíkt væri að sjálfsögðu með öllu óeðlilegt. Fyrst við, eins og önnur nágrannaríki okkar eða önnur vestræn ríki, leyfum hér starfsemi einkabanka, þá eigum við að láta þá hafa fullkomna jafnréttisaðstöðu í samkeppni sinni við ríkisbankana og þá leyfi til þess að stofna til útibúa, þar sem þeir telja að slíkt sé eðlilegt og framkvæmanlegt.

Ég varð nú satt að segja mjög undrandi yfir því, að till. eins og þessi skuli vera studd af Sjálfstfl., svo framarlega sem hann meinti nokkuð með því, að hann sé fylgjandi frjálsu framtaki í landinu, því að þetta stríðir eins mikið gegn þeirri stefnu og hugsazt getur. Og ef það er verið að leggja slíkar hömlur á einkabankana, þá sé ég ekki, eins og ég áðan sagði, að það sé nema skref yfir í það, að slíkar hömlur væru teknar upp gagnvart verzluninni í landinu. En það er nú bara þannig með þennan ágæta Sjálfstfl., að þó að hann þykist vera einkaframtakinu hlynntur og vilja allt fyrir það gera og vilja halda uppi frjálsræði í landinu í þeim efnum, þá hefur hann hvað eftir annað stutt að hinum mestu höftum til að þrengja að einkaframtakinu og gerir það ekki sízt nú um þessar mundir, þar sem eru hin stórkostlegu lánsfjárhöft, sem hafa verið tekin upp og ég rakti hér áðan og verða til þess að þrengja stórkostlega að framtaki atvinnufyrirtækja og einstaklinga umfram það, sem þekkist í öðrum löndum, þar sem frjálst framtak er leyft á annað borð.

Það er svo eitt atriði í þessum efnum, sem sýnir glöggt vinnubrögð hæstv. ríkisstj. og þá virðingu, sem hún ber fyrir Alþ., að jafnvarhugaverðu haftaákvæði og hér um ræðir skuli vera skellt inn í frv. við næstsíðustu umræðu þess í þinginu og þegar komið er að þinglokum, eftir að málið er búið að liggja fyrir Alþ. í marga mánuði. Að sjálfsögðu er það skylda við Alþ., ef ríkisstj. vill eitthvert tillit taka til þess, varðandi jafnstórfellt haftaákvæði og hér um ræðir, að Alþ. fái nægilega aðstöðu til að ræða um það, en því sé ekki flaustrað af í þinglokin á næturfundum, eins og hér á sér stað. Og ég satt að segja skil ekki það ofurkapp, sem ríkisstj. leggur á að fá þessu framgengt nú. Er þetta svo stórfellt mál, þessi höft á útibúunum, að þetta mál megi ekki bíða til næsta þings? Hvað er það, sem rekur svona voðalega á eftir, að Alþ. er raunverulega óvirt með þeim vinnubrögðum, sem ríkisstj. hefur hér í frammi?

Það er ekki fjarri lagi að rifja það upp í þessu sambandi, að ýmsir talsmenn stjórnarflokkanna gera mjög mikið að því að vera með yfirlýsingar um það, að þeir séu fylgjandi jafnvægi í byggð landsins og að þeim megi fullkomlega treysta í þeim efnum og ekki síður en stjórnarandstæðingum. En samrýmist þetta haftaákvæði þeirri stefnu? Ég get ekki séð, að svo sé, nema síður sé. Eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hafa það verið óskir margra staða, kauptúna og kaupstaða, að undanförnu að fá bankaútibú. Og að sjálfsögðu mundu þeir ekkert hafa á móti því, þó að það a. m. k. í mörgum tilfellum væri frekar tvö en eitt. En hér eru hins vegar lagðar hömlur á það eða stefnt að því að leggja hömlur á það, að bankarnir geti slíkt, nema þá því aðeins að ríkisstj. þóknist það. Er það kannske með þessum hætti, sem ríkisstj. telur sig vera að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og skapa byggðunum utan Reykjavíkur og kaupstöðunum utan Reykjavíkur greiðari aðgang að lánsfé en verið hefur fram að þessu? Það vitum við vel af starfsemi ýmissa útibúa á undanförnum árum og áratugum, að þau hafa frekar stefnt að dreifingu fjármagnsins um landið heldur en það gagnstæða, þannig að þau hafa fengið í mörgum tilfellum fjármagn til ráðstöfunar frá aðalstöðvunum hér í Reykjavík, og að sjálfsögðu er það vegna þess, sem staðir úti á landinu sækjast eftir því að fá útibú.

Ég held þess vegna, að það sé full ástæða til þess fyrir þá, sem standa að þessari viðbót, sem sett var inn í þetta frv. í Ed., að taka það til athugunar, hvort þeir geti ekki dregið þetta atriði til baka aftur úr frv. og a. m. k. látið það bíða næsta þings til nánari athugunar. Ég vil nú helzt vona, að þetta ákvæði hafi verið sett inn í frv. í Ed. í einhverri fljótfærni, án þess að menn hafi gert sér fulla grein fyrir þeim afleiðingum, sem af því gætu hlotizt, og því fordæmi, sem það getur skapað viðkomandi annarri atvinnustarfsemi, og að sú nánari athugun leiði til þess, að ríkisstj. hætti við að gera þetta að slíku kappsmáli sem verið hefur nú seinustu dagana. En fallist hæstv. ríkisstj. hins vegar ekki á það, þá hefur maður fulla ástæðu til að halda, að hér búi eitthvað undir og hér sé þá jafnvel stefnt að því að skapa fordæmi fyrir enn frekari höftum en felast í þessu eina ákvæði.

Ég vil jafnframt vænta þess, að þó að hæstv. ríkisstj. knýi þetta frv. fram um að auka sparifjárfestinguna, þá láti hún það ákvæði ekki koma til framkvæmda við nánari athugun. Það

hefur komið ljóslega fram hér í umr. og í álitsgerðum, sem þingið hefur fengið frá bönkum landsins, að það er mikil andstaða í viðskiptabönkunum gegn hinni auknu frystingu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það hafa bæði borizt hér til þingsins ákveðin mótmæli frá Iðnaðarbankanum og Verzlunarbankanum, og það er líka víst, að þó að ríkisbankarnir hafi ekki svarað á sama hátt fyrirspurnum, sem hafa verið lagðar fyrir þá um þetta efni, þá stafar það ekki af því, að bankastjórarnir þar séu ekki andvígir hinni auknu frystingu, heldur stafar það vitanlega af því, að hér er um ríkisbanka að ræða, og þeir vilja þess vegna ekki koma með álit, sem gengur beint gegn ríkisstj. En það mikið veit ég, að hjá þeim, sem ráða eða eiga að sjá um lánveitingar í ríkisbönkunum og gera sér þess vegna fulla grein fyrir því, hve lánsfjárhöftin þrengja nú að atvinnufyrirtækjunum og almenningi á mörgum sviðum, að þeir eru algerlega andvígir því, að frysting sparifjárins verði aukin, og telja það hið mesta óheillaráð, ekki sízt vegna þess, eins og ég hef áður minnzt á, að þetta verði til þess að auka ýmiss konar óheilbrigði og spillingu í lánsfjármálum, því að þegar viðskiptabankarnir geta ekki fullnægt sínum viðskiptamönnum, þá verður það að sjálfsögðu til þess, að þeir leita fjármagns eftir öðrum leiðum, misjafnlega heilbrigðum, og þetta ýtir undir vaxandi okurstarfsemi í landinu, en einmitt það vilja að sjálfsögðu stjórnendur viðskiptabankanna forðast, ríkisbanka jafnt sem einkabanka, enda er það einmitt það, sem reynt er að leitast við með heilbrigðri bankastarfsemi að koma í veg fyrir, að slík ráðstöfun lánsfjár í landinu eigi sér stað.

Ég vil þess vegna vænta þess, þó að ríkisstj. falli ekki frá því að knýja þetta ákvæði fram um aukningu frystingarinnar, að hún láti það ákvæði ekki koma til framkvæmda. Af pólitískum ástæðum óska ég ekki neitt sérstaklega eftir því, vegna þess að ég veit, að ríkisstj. mundi ekki auka veg sinn með því að láta slík höft koma til framkvæmda, en vegna atvinnustarfseminnar og þjóðarheildarinnar hvet ég hæstv. ríkisstj. til þess að láta þessa auknu frystingu ekki koma til framkvæmda. Og til þess að hæstv. ríkisstj. gæti fullkomlega þinglegra vinnubragða, vil ég að síðustu skora á hana og sérstaklega á hæstv. bankamrh. að fella aftur úr frv. þá breytingu, sem gerð var á því í Ed., því að ég vil trúa því, a. m. k. að óreyndu, að það hafi frekar verið sett inn af fljótfærni og án þess, að menn hafi gert sér fulla grein fyrir því fordæmi, sem væri verið að skapa með þessu ákvæði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 681) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til meðferðar í þessari hv. d. snemma í vetur, urðu um það allmiklar umr. Ég tók ekki þátt í þeim þá, og m. a. af þeim ástæðum vildi ég mega nú, þar sem frv. er nú komið hingað aftur frá Ed., segja örfá orð um málið í heild.

Eins og kunnugt er, gerir frv. ráð fyrir tveimur meginbreytingum á gildandi l. um Seðlabanka Íslands. Hin fyrri breytingin er sú, að heimilt skuli vera að binda á reikningi í Seðlabankanum allt að 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri innlánsstofnun, í stað þess að nú er heimilt eins og er samkv. l. að binda á þennan hátt um 15% af sparisjóðsinnstæðum og 20% af hlaupareikningsinnstæðum. Síðari breytingin er fólgin í því, að Seðlabankanum er með frv. heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæðum þess efnis, að höfuðstóll og vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris.

Heimildin fyrir Seðlabankann að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í bankanum á bundnum reikningi, var fyrst lögleidd 1957 með breytingu, sem þá var gerð á l. um Landsbanka Íslands. Þessi heimild var þó eigi notuð fyrr en á árinu 1960, en þá ákvað núv. ríkisstj. að skylda innlánsstofnanir til að binda verulegan hluta af innstæðuaukningunni á þennan hátt í Seðlabankanum. Þá var jafnframt lögunum breytt á þann veg, að umrædd skylda var einnig látin ná til Söfnunarsjóðs Íslands og innlánsdeilda samvinnufélaganna. Þessar ráðstafanir hlutu að torvelda eða gera a. m. k. nokkuð erfitt viðkomandi peningastofnunum að gegna hlutverkum sínum, og það var gengið of langt í upphafi á þeirri braut að svipta þær ráðstöfunarrétti yfir því starfsfé, sem þær hver og ein höfðu yfir að ráða. Þetta bundna fé var svo innheimt hjá hinum smáu innlánsstofnunum, og þeirra tillag, þótt smátt væri að vísu, varð til þess að stofna þeim í nokkra hættu og var þeim í raun og veru fjötur um fót. Á árinu 1961 var nokkuð slakað á bindingarskyldunni, og þá héldu ýmsir, bæði ég og aðrir, að ríkisstj. mundi sjá að sér og afnema þessi höft í áföngum. Þær vonir urðu að engu, eins og kunnugt er. En nú er ráðgert með þessu frv. að herða þessi tök enn til mikilla muna.

Í frv. segir, að megintilgangur innlánsbindingarinnar sé sá að afla fjár frá bankakerfinu í heild til þess að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla. Þar eru þó engin ákvæði um það, hversu háum hundraðshluta endurkaupin á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðarins skuli nema, eftir að slík lagaákvæði hafa tekið gildi. Þar eru ekki heldur nein ákvæði um það, að Seðlabankanum skuli skylt að endurkaupa afurðavíxla iðnaðarins. Er þó nauðsynlegt, að þessi atriði liggi ljóst fyrir, til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir, hver áhrif kunni af þessu að verða, því að geta viðskiptabankanna til þess að veita þeim nauðsynlega fyrirgreiðslu minnkar fyrirsjáanlega til muna við ráðstafanir af slíku tagi, sem hér er um að ræða.

Frá því á árinu 1960 hefur verið framkvæmd

mjög umfangsmikil innstæðubinding í Seðlabankanum, eins og kunnugt er, þannig að um s. l. áramót var búið að binda þar um 785 millj. kr. af starfsfé bankanna og sparisjóðanna og innlánsdeildanna, sem samvinnufélögin eiga og höfðu verið bundnar í Seðlabankanum. Slík skerðing á ráðstöfunarrétti yfir innstæðufé hjá þessum stofnunum hefur að sjálfsögðu valdið mjög miklum erfiðleikum, og hefur þeim þess vegna verið mjög um hönd að geta sinnt því hlutverki, sem þeim hefur verið ætlað heima fyrir, hverri á sínum stað. Þessi framkvæmd er í raun og veru ekki í anda þeirra l., sem Alþingi hefur nýlega sett um bankastofnanir til eflingar ýmsum atvinnugreinum í landinu, svo sem iðnaðinum og verzluninni, og rýrir þess vegna verulega þær hagsbætur, sem Alþingi hefur ætlazt til að af því leiddi, að stofnaðir hafa verið bankar í umræddum tilgangi. Þeir viðskiptabankar, sem hafa sent umsagnir, eins og hér hefur verið áður drepið á í kvöld, um þetta mál, hafa lagzt gegn þessari auknu bindingu, eins og kunnugt er.

Það er nú þannig, að ríkisstj. er ekki nóg að gera ráð fyrir að herða þessi ákvæði um þessa bindingu og auka það fé, heldur vill hún skerða frelsi landsmanna enn frekar á þann hátt, sem felst í þeim ákvæðum, sem brtt. sú, er samþykkt var í Ed., gerir ráð fyrir. Hæstv. ríkisstj. fleygir þessari brtt. inn í Alþingi á síðustu dægrum þingsins og vill herða enn betur á ófrelsinu í peningamálunum með því að fá til þess lagaákvæði að mega banna stofnun bankaútibúa, þegar búið er að stofna mikinn fjölda þeirra í höfuðborginni og nágrenni hennar. Þessi brtt. er sýnilega til þess flutt að fá vald til þess að neita ýmsum dreifbýlishéruðum um sama rétt í þessu efni og þéttbýlið er búið að fá.

Ég verð að segja það, að mig furðar mjög á því, að slík till. skuli koma fram og skuli vera studd af Sjálfstfl., sem hefur talið sig fram á þennan dag vera höfuðmálsvara frjálsrar samkeppni hér á landi, hefur talið sig vilja vernda frelsi einstaklinga og félaga í landinu til athafna, að sá flokkur skuli nú styðja þessa till. Ég man t. d. eftir því, að eitt slagorðið í kosningunum 1959 var, að við Íslendingar ættum að eignast hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi. Hvernig er hægt að hugsa sér, að sú þjóð geti eignazt hlutdeild í svokölluðum frjálsum viðskiptaheimi, sem setur slík óeðlileg höft á, sem gert er ráð fyrir með þessu frv. og þeirri brtt., sem hér hefur verið lögð fram og samþ. í Ed.? Hér á landi hefur yfirleitt verið frelsi til athafna fram að þessu, svo er fyrir að þakka. Og ég hygg, að skaplyndi Íslendinga sé þannig varið, að þeir vilji aðhyllast þá stefnu að hafa frelsi til athafna. Að vísu verður það alltaf að vera innan vissra takmarka, eins og við vitum, en ég hygg, að við séum yfirleitt, meginhluti þjóðarinnar, sammála um þetta atriði.

Hér á landi er t. d. hörð samkeppni um sölu á einni vissri vörutegund. Þar á ég við olíuna og benzínið. Við höfum þrjú allstór félög, sem keppa um þessa sölu, og þau eru öll á hverjum stað með þessa vöru á boðstólum og keppast um að selja hana, keppast um að ná hylli viðskiptavinanna. Ekki hefur þetta verið bannað, og ég hef ekki heyrt, að nokkrum manni dytti í hug að banna þetta. En ef tvær eða þrjár stofnanir vilja keppa um hylli viðskiptamannanna á sviði peningamála, þá á að banna það? Ég get ekki skilið þess háttar hugsunarhátt, sem felst í slíku. Mér er alveg ómögulegt að skilja það, að það skuli vera meiri hætta í því fólgin að vilja greiða fyrir peningaviðskiptum hjá fólki heldur en t. d. selja því olíu eða benzín.

Hvað er hugsanlegt, að verði á ýmsum öðrum sviðum, t. d. um verzlanir? Ég hef ekki orðið þess var, að það sé nokkur áhugi fyrir því hjá nokkrum manni að banna það, að margar verzlanir rækju starfsemi sína á sama stað? Kannske má nú bráðum eiga von á því líka, að það verði sett lög um það, að leyfi þurfi til þess fyrir kaupmenn eða kaupfélög að stofna verzlunarútibú, að það þurfi sérstakt ráðherraleyfi til slíks.

Þá verð ég að segja það, að það vekur furðu mína, sem hv. 11. þm. Reykv. upplýsti hér í sinni ræðu og mér var ókunnugt um, að stjórn Seðlabankans hefur ekki verið spurð um álit í þessu máli. En það er þó hún, sem á að fela það með þessum l. að fjalla um þessi mál. Mér þykir það afar einkennilegt, að það skuli vera farið á bak við stjórn Seðlabankans í slíku máli og álit stjórnar Seðlabankans skuli ekki liggja fyrir um þetta atriði, sem hér er um að ræða. Það hefði þó ekki mátt minna vera en stjórn Seðlabankans hefði verið virt svo mikils af hæstv. ríkisstj., að hún hefði verið spurð um álit á þessu máli. Nei, sannleikurinn er sá, að hér er um að ræða einræðis- og ofbeldishneigð, sem einhvern veginn hefur smeygt sér inn í hugskot ríkisstj. nú um sinn. Þótt hún hafi nú breitt yfir sig sauðargæru lýðræðis- og frelsisástar, þá býr þetta einhvern veginn í henni, þessi einræðis- og ofbeldishneigð, sem ég kalla. Úlfseyrun hafa komið fram undan sauðargærunni í þessu máli, og raunar hefur það skeð við ýmis önnur tækifæri. Það sést bezt á þessu, að á bak við allt talið um frelsi og frjálst framtak einstaklingsins býr einræðis- og haftastefna. Og þó að þeir flokkar, sem styðja ríkisstj., þykist vera á móti höftum og bönnum á framkvæmdum og athöfnum og viðskiptum landsmanna, þá eru þeir til í, þegar eitthvað sérstakt liggur á bak við, að setja slík ákvæði í lög. Fólkið, sem býr til og frá um landið, vill vera frjálst og óháð um það, hvar eða við hvaða peningastofnun það hefur viðskipti sín. Hér í Reykjavík eru allar aðalbankastofnanir landsins staðsettar, og þessar stofnanir eru búnar að setja upp í höfuðborginni og nágrenni hennar fjölda af útibúum, eins og við vitum, og þau hafa gert þetta á þeim forsendum, að þetta væri

nauðsynleg þjónusta við fólkið til þess að gera því viðskipti sín við þessar stofnanir auðveldari en ella og uppfylla óskir fólksins að þessu leyti. Þetta er ákaflega eðlilegt sjónarmið og í raun og veru skyldugt sjónarmið. Það er í raun og veru alveg skyldugt sjónarmið. Peningastofnanirnar í landinu eiga að hafa þetta sjónarmið, að reyna að uppfylla þá þjónustu sem bezt, sem þær eiga að veita landslýðnum. Til þess eru þær stofnaðar.

Ég bý í héraði, þar sem er búið að vera bankaútibú í rúmlega 40 ár, og ég vil taka það fram í sambandi við þetta, úr því að ég stóð hér upp til þess að segja nokkur orð, að ég hef ekki nema allt það bezta af þeirri stofnun að segja. Sú stofnun hefur veitt okkur íbúunum í kringum sig ágæta þjónustu og verið áreiðanlega mikil lyftistöng fyrir það byggðarlag, þar sem ég á heima. Og eins og hv. 11. þm. Reykv. drap hér á áðan í sinni ágætu ræðu, er tilfellið það, að bankastofnanir og bankaútibú geta tekið að sér fjölþætt verkefni, sem þau hafa enn ekki tekið að sér hér hjá okkur, en eins og kunnugt er hafa með höndum erlendis víða, t. d. alls konar innheimtustarfsemi. Mér er sagt t. d., að í sumum löndum hafi bankar og bankaútibú með höndum alla innheimtu á gjöldum sveitarfélaga og gjöldum til sveitarfélaga, alla slíka innheimtu með höndum, og sveitarstjórnirnar þurfa ekki annað en ganga inn í þessi útibú og taka þar út mánaðarlega vissan kvóta til þess að nota í sín gjöld, þessar stofnanir hafa þá verið búnar að innheimta þetta. Ég veit, að ýmsir sveitarstjórnarmenn hér á landi hafa mikinn hug á því að koma þess konar þjónustu upp í sambandi við okkar banka og okkar bankaútibú. Og auðvitað er ekkert eðlilegra en við förum þar í slóð annarra, sem hafa þetta fyrirkomulag og hefur reynzt það vel.

Eins og ég sagði, vill fólkið, sem býr til og frá um okkar land, vera frjálst sem mest og óháð um það, hvar eða við hvaða peningastofnun það hefur viðskipti sín. Við vitum, að fólkið er nú einu sinni þannig gert, að því er ekki öllu sama um það, við hvaða stofnun það hefur viðskipti. Einn vill vera þarna og annar vill vera hjá hinum o. s. frv. Þetta er svo á öllum sviðum. Og hvers vegna á að meina fólki að hafa sín viðskipti þar, sem það vill helzt og því þykir eðlilegast og bezt að hafa þau? Nei, við eigum ekki að ganga svo langt í einræðis- og haftaátt. Hér í Reykjavík eru t. d. allar aðalbankastofnanir landsins staðsettar, og eins og ég sagði áðan, búnar að setja hér upp þessi þjónustufyrirtæki úti um alla borgina og í kringum hana, og fólkið úti um landið vill fá þessi sömu kjör, sömu aðstöðu. Það verður sennilega ekki langt þangað til með sama áframhaldi, að það þarf ráðherraleyfi til þess að setja upp búð eða veitingaholu eða jafnvel verkstæði eða hvers konar aðra starfsemi, ef hún á að veita almenningi þjónustu. Ég vil nú ekki trúa öðru en ýmsum þyki þá fara að þrengjast fyrir dyrum, þegar svo væri komið, og eins og ég sagði áðan, þá þekki ég Íslendinga illa, ef þeir una sliku ástandi vel og þola það til lengdar. En það má vel vera, að það takist að beygja menn með alls konar lagaákvæðum. Kannske það verði svo á endanum, að vald núv. ríkisstj. komist á það stig, að allir verða að sitja og standa eins og hún vill. Kannske það fari svo, að henni takist að beygja Íslendinga þannig undir sinn vilja. Ég vil ekki trúa því. Ég vil vona hitt, að menn hafi þann manndóm, að þeir heimti sinn rétt, þótt þeir búi úti á landsbyggðinni, heimti sama rétt og aðrir hafa hér í höfuðborginni og nágrenni hennar.

Valdagræðgin er óhugnanlegt fyrirbrigði. Það er hörmulegt að sjá það, þegar góðir og gegnir menn, eins og t. d. hæstv. viðskmrh., þegar slíkir menn fara að sýkjast af slíkri pest, að þeir vilja setja sín boð og bönn alls staðar, hvar sem því verður við komið. Í þessu máli á auðvitað einnig hlut að sú einkennilega stefna, sem oft gerir vart við sig hjá hæstv. ríkisstj., að vilja hafa rétt fólksins í dreifbýlinu minni en þeirra, sem í þéttbýlinu búa. Til þess að hægt verði að koma böndum á bankana og stöðva þá í því að veita fólkinu úti á landi þá þjónustu í peningaviðskiptum, sem það óskar eftir og þéttbýlið hefur fengið og nýtur, þá er hlaupið til og ég vil segja svikizt að hinu háa Alþingi með því að drífa nú inn slíka breytingu á síðustu klukkutímunum, sem ákveðið hefur verið að þingið sitji. Þetta er vægast sagt heldur lítil háttvísi og hrein móðgun við þm., a. m. k. þá þeirra, sem styðja ekki hæstv. ríkisstj. og ekkert vissu fyrir fram um þetta ráðabrugg. Ég vil ekki trúa því, fyrr en ég tek á og fyrr en ég sé það með eigin augum, að hæstv. ríkisstj. hafi getað fengið stuðning allra sinna flokksmanna hér í þessari hv. d. til þess að fylgja sér í þessu máli. Það er a. m. k. ótrúlegt um þá þeirra, sem eru fulltrúar fyrir dreifbýlið, sem vill fá til sínar bankastofnanir til eðlilegrar þjónustu í peningaviðskiptum á þeim svæðum, þar sem þeir eru forsvarsmenn.

Alþingi er nú búið að standa í 7 mánuði og seðlabankafrv. var lagt fram snemma á þinginu. Það var upplýst hér í kvöld, að það hafi verið lagt fram 25. okt., þ. e. a. s. hálfum mánuði eftir að þing kom saman í haust. Þá þóttist stjórnin, ef ég man rétt, þurfa að fá þetta frv. lögfest sem allra fyrst. En hún hefur nú samt verið að velta þessu máli hér og læða inn í það á síðustu dögum þingsins, eins og ég sagði áðan, nýjum þvingunarákvæðum, sem eiga að skapa henni vald til þess að koma í veg fyrir, að íbúar hinna ýmsu héraða landsins geti fengið sams konar fyrirgreiðslu peningastofnananna og þeir hafa, sem eiga heima í þéttbýlinu. Þetta er lúaleg og lítilfjörleg aðför að fólkinu úti um landið, sem á þær óskir að njóta í einu og öllu sömu réttinda og sömu aðstöðu, eftir því sem fært er, og þeir hafa, sem búa hér í Reykjavík og nágrenni hennar. Ég tel þess vegna, að hæstv. ríkisstj. hafi smækkað sjálfa sig með þeirri þvingunar-

till., sem hún hefur fengið sína menn í Ed. til að samþykkja.

Enn getur hæstv. ríkisstj. dregið frv. til baka og á þann hátt veitt sjálfri sér nokkra uppreisn að minum dómi. Að minum dómi væri það mikil uppreisn fyrir hana, ef hún drægi nú þetta mál til baka og léti það sofna, en ef hún gerir það ekki, vona ég, að einhverjir úr flokkum hennar hjálpi stjórnarandstöðunni til þess að fella það eða þá a. m. k. greiði atkv. með brtt. hv. 11. þm. Reykv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þetta þinghald, sem nú er senn að ljúka, hefur mikinn hluta vetrarins verið heldur aðgerðalitið. En nú þessa tvo síðustu daga þingsins virðast vera dregin fram mál, sem verið hafa eins og feimnismál hjá hæstv. ríkisstj. Í dag var verið að ræða hér um frv. viðvíkjandi kjörum verkfræðinganna, sem var 36. mál þingsins og lagt fram í október og er samt ekki búið að fá afgreiðslu, og þetta frv., sem hér er nú til meðferðar, var samkv. upplýsingum, sem ég fékk frá skrifstofunni í dag, lagt fram 25. nóv., og það sýnist sem svo, að hæstv. ríkisstj. hefði getað verið búin að koma þessu frv. áleiðis, ef ekki hefðu verið einhverjir meinbugir á, sem hafa tafið málið. Enda er það á allra vitorði, að þetta mál hefur hlotið mikla andstöðu í liði ríkisstj. hjá þeim mönnum, sem vel til þekkja um bankastarfsemi í landinu og gera sér fullkomlega grein fyrir því, til hvers sú pólitík leiðir, sem frv. boðar. Og ekki sízt er þetta fullkomin ástæða til, að þetta frv. hafi mætt andstöðu, þegar það er haft í huga, að hæstv. ríkisstj. hefur boðað það sýknt og heilagt og síðast í kvöld var einn af stuðningsmönnum hennar, þm. af Vestf., Þorvaldur Garðar, að tala um frelsi, sem þeir væru boðberar fyrir, en forðuðust höft. Og ef hæstv. ríkisstj. kallar það frelsi í peningamálum, sem þetta frv. boðar, er ekki undarlegt, þó að hæstv. viðskmrh. gangi út, þegar um frelsið er rætt.

Aðgerðir hæstv. ríkisstj. í peningamálum eru mjög ólíkar því að eiga skylt við frelsi. Með þessu frv., eins og það var upphaflega lagt hér fyrir á hv. Alþingi, er gert ráð fyrir því, að Seðlabankanum sé heimilt að taka 25% af öllum innstæðum í viðskiptabönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum í landinu. Þetta er veruleg fjárhæð, sem hér er um að ræða, og það hefur þegar sýnt sig, að þetta hefur mikil áhrif á starfsemi peningastofnana, ekki sízt hinna minni, og það er eitt af þeim atriðum, sem eru veigamikill þáttur í jafnvægi í byggð landsins eða í starfsemi héraðanna úti um landsbyggðina. Það er eins og vitað er, að fjármunirnir eru afl þeirra hluta, sem gera skal, og það er fjárskorturinn, sem fyrst og fremst stendur þessum byggðarlögum fyrir þrifum. Og það hefur verið og er hugsun þess fólks, sem þar býr og leggur sína peninga inn í peningastofnanir heima fyrir, að þeir séu þar til geymslu og ráðstöfunar, en þeir séu ekki teknir undir verndarvæng Seðlabankans í Reykjavík. En með þessu móti er nú ætlunin að taka 25% af þessum fjárhæðum hér í fjárhirzluna í Reykjavík, en ekki nota þær til aukinnar starfsemi úti um landsbyggðina. Og það orkar ekki tvímælis, að þessi stefna og ýmsar aðrar hliðarráðstafanir koma til með að verka verulega í þá átt að minnka möguleika landsbyggðarinnar til athafna.

Ég benti á það hér í vetur í sambandi við umr. um breyt. á l. um húsnæðismálastjórn, að þó að ég væri fylgismaður þess að hækka skyldusparnaðinn, leiðir það ákvæði til þess að soga fjármagnið burt úr byggðarlögunum, því að unglingurinn, sem sendir 15% af tekjum sínum í Seðlabankann eða byggingarsjóðinn, geymir þann hluta sparifjár síns ekki í peningastofnuninni heima fyrir, og þegar þar við bætist, að 25% af þeim fjármunum, sem hann hefur leyfi til þess að ráðstafa þar, fer einnig í Seðlabankann hér, er mjög búið að skerða þennan hluta. Þess vegna var með því ákvæði í raun og veru nógu langt gengið í að skerða frelsi í peningamálum, þótt fleira bættist þar ekki við. En auk þessa ákvað svo ríkisstj. að heimila Seðlabankanum með þessu frv. að selja verðbréf, sem væru gengistryggð að einhverju eða öllu leyti, og á þann hátt að veita þeirri stofnun einni, einni peningastofnun í landinu, forréttindi umfram aðrar stofnanir til þess að auðvelda það að ná til sparifjárins. Nú er mér að vísu sagt, að þeir fulltrúar í þingflokki stjórnarliða, sem vita, hvar skórinn kreppir að í þessum efnum, hafi þrengt svo að hæstv. ríkisstj., að hún hafi gefið þeim fyrirheit um að framkvæma ekki þetta verðtryggingarákvæði. Og ég hygg, að það muni vera rétt, því að þeir hafi alls ekki ætlað að samþykkja frv., ef þeir fengju ekki einhverja slíka tryggingu, en því hafi verið haldið fram, að heiður hæstv. viðskmrh. væri í veði, ef frv. dagaði uppi, og það verður að segjast eins og það er, að heiður hans er ekki orðinn mikill, ef hann byggist á þessu lagafrv. og þá hafi fyrirheitið verið gefið um það, að þetta skyldi ekki vera framkvæmt, þó að lagabókstafnum yrði komið á.

Nú er það um þetta ákvæði að segja, eins og hefur komið hér fram, t. d. hjá hv. 11. þm. Reykv., að það að verðtryggja sparifé er atriði, sem við Framsóknarflokksmenn höfum lagt hér fram þáltill. um að yrði athugað. Og það hefur sýnt sig á þessum verðbólgutimum, sem hafa orðið mestir nú á valdatíma þessarar hæstv. ríkisstj., þá hefur sparifé rýrnað svo geysilega, að raunverulega verður ekki hjá því komizt að verðtryggja það, ef eðlileg sparifjársöfnun á að halda áfram í landinu. Það kemur mjög til álita einmitt í sambandi við það ástand, sem er í okkar efnahagsmálum, að verðtryggja sparifé, og þá kemur það einnig til að verðtryggja útlánastarfsemina eða lánin að einhverju leyti a. m. k., eftir að vextir hefðu verið lækkaðir. Þetta atriði um verðtryggingu sparifjár og útlána er mál út af fyrir sig, sem þarf rækilegrar athugunar við. En það á ekki að gerast í því formi að veita einni peningastofnun í landinu forréttindi til þess, heldur eiga viðskiptabankarnir og spari-

sjóðirnir allir að njóta slíkra kjara. Þess vegna verður þetta atriði í þessu frv. síður en svo til þess að auðvelda athugun á þessu veigamikla máli, þar sem þessu er hent hér fram í fullkominni andstöðu við viðskiptabankana í landinu. En hinu verðum við að trúa, þangað til annað reynist, að þrátt fyrir það að þetta ákvæði standi þarna, sé búið að beygja ríkisstj. svo, að hún geri ekki tilraun til þess að framkvæma það, enda væri það hreint gerræði gagnvart viðskiptabönkunum í landinu, ef það væri gert.

Þetta voru hin tvö meginatriði, sem fólust í þessu frv., þegar það var til meðferðar hér í hv. Nd. En þegar það var til 3. umr. í seinni d., var það, sem birtust brtt. frá hæstv. viðskmrh., og meginmál þeirra till., sem í voru tvö atriði, var það, að banna skyldi stofnun útibúa eða umboðsskrifstofa af hálfu bankanna, nema leyfi ráðh. kæmi til. Á síðari árum hefur orðið nokkur fjölgun á bönkum hér á landi. Lengi vel voru hér aðeins tveir bankar, en 1930 bættist Búnaðarbankinn við í hópinn og síðan voru ríkisbankar, Landsbankinn og Búnaðarbankinn, og fyrir nokkrum árum var Útvegsbankinn einnig gerður að ríkisbanka. Þessi útfærsla bankastarfseminnar í landinu hefur oft verið til umr., og það hafa verið skiptar skoðanir manna um það, hversu heppileg hún væri. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að stofnun hinna nýrri banka hefur orðið til hagsbóta fyrir almenning í landinu, og ég leyfi mér að halda því fram í fullri vinsemd við ríkisbankana, sem ég hef ekkert nema gott af að segja, að stofnun eins og Iðnaðarbankinn hafi unnið hér gott verk og fyrir tilveru hans hafi þróun iðnaðarins orðið fyrr á ferðinni en ella hefði orðið. Það var a. m. k. þannig, að ný fyrirtæki áttu nokkuð erfitt uppdráttar hjá ríkisbönkunum og Iðnaðarbankinn greiddi þar verulega úr. Síðar hafa komið Verzlunar- og Samvinnubankinn. Báðir þessir bankar hafa að sjálfsögðu aukið þjónustu og viðskipti þeirra fyrirtækja, sem þeir eru fyrst og fremst kenndir við. Á síðari árum hefur líka orðið veruleg breyting í okkar þjóðlífi, þar sem við höfum horfið frá hinu gamla bændaþjóðfélagi í viðskiptabúskap. Viðskiptalífið krefst aukinna skulda og mikilla viðskipta, og ekki sízt nú á tímum, þegar fjárhæðirnar eru orðnar svo stórar sem raun ber vitni um, þá verður nauðsynin fyrir eðlileg og hagkvæm bankaviðskipti þeim mun meiri, og það er nú orðið talið hvorki heppilegt, æskilegt né gert af því meira en þörf gerist, að menn flytji með sér stórar fjárhæðir af peningum. Þó hefur það verið svo og er svo enn þá úti á landsbyggðinni, að þar hefur víða orðið að hafa slíkan hátt á. Nú á allra síðustu árum hafa ríkisbankarnir sérstaklega stofnað til nokkurra útibúa úti á landsbyggðinni. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að yfirleitt hafi þeir verið heldur seinvirkir við að koma slíkum framkvæmdum á. Og ég held, að þessi útibúastarfsemi, þar sem hún hefur verið, eins og hv. 2. þm. Sunnl. tók fram á Selfossi, hafi verið mikil lyftistöng fyrir þau byggðarlög, sem þeirra hafa notið. Og það orkar ekki tvímælis, að einmitt þau byggðarlög, sem annaðhvort hafa haft góð útibú eða sterka sparisjóði, eru komin miklu lengra á veg með uppbyggingu og örugga viðskiptahætti en annars staðar hefur verið.

Núna á síðustu árum hefur útibúastofnun átt sér stað hjá Landsbankanum á Húsavík. Það fór fram með þeim hætti, að Landsbankinn samdi við sparisjóðinn á Húsavík um að yfirtaka þá stofnun. Þessir samningar fóru allir fram með eðlilegum hætti, og það var vilji héraðsmanna, að þessi sameining ætti sér stað og Landsbankinn hefði þarna starfsemi. Ég hef engan heyrt undan því kvarta, að Landsbankinn stofnaði þetta útibú og samningar tækjust við sparisjóðinn. Hins vegar hef ég heyrt aðra láta vel af þessari breytingu. Í vetur stofnaði Landsbankinn útibú á Hvolsvelli. Og nú um þessar mundir eru að takast samningar á milli Landsbankans annars vegar og sparisjóðsins á Akranesi hins vegar. Það rekur engin nauðsyn sparisjóðinn á Akranesi til þess eða þá heimamenn þar til þess að gera þessa samninga. Ástæðan til þess, að þeir gera þessa samninga, er bara sú, að heimamenn á Akranesi telja sig hafa betri aðstöðu eftir en áður, þeir geti sparað sér ferðir til Reykjavíkur og þeirra viðskipti verði heppilegri eftir þessa breytingu en áður var. Að öðrum kosti mundu þeir ekki hafa gert þessa samninga, vegna þess að það var engin ástæða til þess, að þeir gerðu neina samninga aðra en þá, sem þeir sjálfir teldu að yrðu til bóta. Sparisjóður þeirra var sterk og myndarleg stofnun, og þess vegna gátu þeir haldið þeirri starfsemi áfram, nema af því, að þeir töldu þetta heppilegra. Og mér er ekki kunnugt um það, að Landsbankinn hafi á einn eða annan hátt sótt þetta mál nema eftir eðlilegum samningaleiðum og í fullri vinsemd, og ég sé ekki, að framkvæmd á því atriði gefi ástæðu til þeirrar lagasetningar, sem hér á að fara að gera.

Búnaðarbankinn hefur og sett upp útibú á síðari árum. Hann var með útibú á Akureyri og síðar á Austurlandi, og ég verð að segja það sem mína skoðun, að sú stofnun hafi verið of seinvirk í að koma upp útibúum úti á landsbyggðinni. Það er því ástæðulaust að halda því fram, að þar hafi verið gengið of hratt, heldur hið gagnstæða.

Á s. l. sumri setti Búnaðarbankinn svo upp útibú á Blönduósi. Það var gert með sama hætti og ég skýrði frá áðan um Landsbankann, að samningar tókust á milli heimamanna um sparisjóð þeirra þar og Búnaðarbankans. Og ég er sannfærður um það, að þeir samningar tókust vegna þess, að heimamenn töldu sig vera að koma sínum málum betur fyrir en áður var. Það var einnig sömu sögu um þá að segja og um Akranes, að þeir áttu góðan sparisjóð, og það var engin ástæða til að gera þennan samning, nema af því að þeir töldu, að sínum málum væri betur borgið. Ég held líka, að það sé skoðun manna, að svo sé, og

ég er sannfærður um, að þessi starfsemi á eftir að færast í aukana og útibúin að taka upp þjónustu í sambandi við hin föstu lán þessara stofnana meira en nú er.

Nú í vetur stofnaði Búnaðarbankinn fyrsta útibú sitt á Suðurlandi, á Hellu, og þar var líka samkomulag um sparisjóð í nágrenninu. Ég hef ekki heyrt undan því kvartað, að bankinn hafi á neinn hátt gengið þarna lengra í samningum eða sótt á með meira kappi en eðlilegt var. Og ég þekki til þess, að Búnaðarbankinn hafði hugsað sér að setja upp útibú í byggðarlagi, sem ekki óskaði eftir því, að það yrði gert, og fyrir var myndarlegur og vel rekinn sparisjóður, og þá féll bara bankinn frá þeirri ákvörðun sinni og gerði á engan hátt tilraun til þess að troða sér inn á héraðsbúa.

Nú hefur verið ákveðið að setja upp útibú vestur í Stykkishólmi, og ég verð að segja það eins og er, að ég fagna mjög þeirri ákvörðun. Það hefur ekki verið neitt til þæginda fyrir atvinnurekstur vestur á Snæfellsnesi að verða að flytja peninga héðan úr Reykjavík til þess að annast með útborganir þar vestra, ef pósthúsin á staðnum hafa ekki getað lagt þeim til fjármuni vegna sinna viðskipta. Sparisjóðir í heimabyggðinni hafa ekki rekið þá starfsemi, sem hefur gert það að verkum, að þeir hafi getað séð fyrir fjármunum til útborgunar á vinnulaunum og öðru slíku. Og enn þá er það svo í stöðum eins og Ólafsvík og Grundarfirði, að útgerðarmenn og frystihúsaframkvæmdastjórar keyra stórar fjárhæðir héðan úr bönkum í Reykjavík og borga út þar vestra. Þessi starfsemi eða framkvæmd er ekki æskileg, og ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég tel, að þarna þurfi fleiri útibú frekar en það sé of mikið af þessu gert. Enn fremur hefur Búnaðarbankinn ákveðið að setja upp útibú í Búðardal, og ég veit ekki annað en það eigi að fara fram með sama hætti og annars staðar, að það eigi að semja við sparisjóðinn, sem fyrir er á staðnum, um það, að hann renni inn í útibúið og það verði í fullri vinsemd gert.

Þau kynni, sem ég hef haft af þessum málum óbeint, eru á þann veg, að ég sé ekki, að það sé nein ástæða til lagasetningar út af stofnun útibúa, sem ég þekki til. Og ég vil endurtaka það, að ég álít, að það eigi að gera meira af þessu en enn er, og t. d. var hér þáltill. á Alþingi í vetur frá tveim þm., hv. 5. landsk., Ragnari Arnalds, og hv. þm. Jóni Þorsteinssyni, og þeirra þáltill. var um að skora á ríkisstj. að hlutast til um að koma upp útibúi á Sauðárkróki. Þetta sýnir, að það er einmitt áhugi fyrir því að fá útibúin út um landsbyggðina, enda er það, sem bankarnir hér eiga að gera til stuðnings við landsbyggðina, þeir eiga að setja upp útibúin, og ekki eingöngu það, heldur eiga þeir a. m. k. fyrstu 2 árin að flytja fjármagn héðan í útibúin, sem þeir setja upp úti á landsbyggðinni.

Sömu sögu er að segja um þau útibú, sem hafa verið sett upp af einkabönkunum. Þau hafa verið samkv. ósk og vilja heimamanna. Það hefur engu verið þröngvað upp á menn, en hins vegar verið mikið á það sótt að fá þetta. Og ég sé ekki, að þær framkvæmdir hafi átt sér stað í bankakerfinu nú síðustu mánuði, að það gefi tilefni til þeirra lagaákvæða, sem hér á að fara að setja.

Eins og hefur verið tekið fram, ræður hæstv. ríkisstj. í öllum ríkisbönkunum því, sem hún vill ráða um þessa hluti. Ekki orkar það tvímælis, að hæstv. landbrh. getur haft þau áhrif í Búnaðarbankanum að stöðva þá, ef þeir ætla að fara að gera einhverja vitleysu í útlánamálunum. Og ég held, að það muni vera sömu sögu að segja um Landsbankann og Útvegsbankann, að hæstv. viðskmrh. geti beitt sínum áhrifum til þess að stöðva þar framkvæmdir, sem væru óheppilegar að hans dómi. Þá virðist, að það sé umhyggjan fyrir einkabönkunum, sem er undirrót þessarar lagasetningar, sem hér á að setja. Og eins og hv. 11. þm. Reykv. tók fram, er það nú svo, að þeir menn, bankaráð og bankastjórar, sem falin er þar forstjórn, eiga að vera þeim vanda vaxnir, að þeir fari ekki út í slík ævintýri að ástæðulausu, heldur sjái fótum sínum sæmilega forráð. Og ég hygg, að það sé ekki heldur til dæmi um annað en það hafi verið fullkomlega gætt hófs í þessu. Ég verð því að segja það, að þegar ég velti þessu fyrir mér, geri ég mér ekki almennilega ljóst, hvað það er, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál. Og ég vil endurtaka það, að mér finnst það skrýtin stjórn frelsisins, sem reynir að koma í veg fyrir, að slík mál sem þessi séu gerð með frjálsum samningum, eins og átt hefur sér stað hingað til. Þetta lögbann, sem hér á að fara að setja, mun verða til þess, að frjálsir samningar verði ekki eins eðlilegir um þessi mál hér eftir sem hingað til, enda er það svo, að þó að slíkir samningar tækjust milli aðila, þá getur hæstv. ráðh., sá sem fer með málið í það skipti, stöðvað þetta gersamlega.

Ef þarf að hafa einhverja sérstaka umhyggju fyrir bönkum landsins, vegna þess að þeir sýni of mikið gáleysi í útbreiðslustarfsemi sinni, þarf þetta eftirlit að vera víðar, og ég held, að það gæti þá verið, að hæstv. ríkisstj. þyrfti að fara að ferðast um landið og athuga, hvort það væri ekki of mikið að hafa tvo og þrjá benzínafgreiðslutanka á einum og sama veitingastað, því að það er hægt að fara með fjármuni þjóðarinnar í aukinn rekstrarkostnað á fleiri sviðum en í bankamálum. Og ég hefði haldið, að það væri einna minnst þörfin þar til þess að hafa eftirlitið, því að yfirleitt hefði það verið þannig, að það hefði orðið að sækja bankana, en þeir ekki boðið fram sína þjónustu í þessum efnum.

En ekki orkar það tvímælis, að þó að nokkuð hafi verið úr því bætt á síðari árum að koma upp útibúum frá bönkunum, þart meira að gera, ef sæmilega á að vera séð fyrir við-

skiptamálum landsbyggðarinnar, því að það er ekki hægt í þeim efnum frekar en öðrum að miða við það, sem áður var og áður gat gengið. Það þurfti ekki að flytja héðan úr Reykjavík um hálfa millj. til þess að borga út hálfs mánaðar vinnulaun í frystihúsi, eins og nú þarf að gera, á ýmsa staði, sem ég þekki til, og eru það þó ekki stærstu frystihúsin, sem þurfa að eiga svo stórar fjárhæðir við útborgun fyrir hálfsmánaðartíma. En þetta segir það, að það verður að koma upp stofnunum, sem annast eðlileg hlaupareikningsviðskipti og þannig, að hægt sé að afgreiða málin með ávísunum, en ekki flutningi á fjármagni, eins og gert hefur verið. Og jafnvel þó að hæstv. ríkisstj. takist nú í nafni frelsisins að koma á lagafrv. eins og þessu, sem er hrein andstaða frelsis, — og er það í samræmi við aðrar framkvæmdir á fyrirheitum hæstv. ríkisstj., að þar ganga nú flestir hlutir öfugt, því að meðal fyrirheitanna var stöðvun verðbólgu, en allir vita um framkvæmdina í því sem öðru, — þá mun það sýna sig, að þegar hér rofar til aftur og þessi ríkisstj. hafta og ófrelsis leggur niður völd, þá mun aftur verða breytt í þessu efni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér finnst nóg um, að þessar umr. fari fram á þessum tíma, þó að hæstv. ráðh. væri viðstaddur, en alveg taka steininn úr, ef ætlunin er að halda þessu hér áfram, en að hæstv. viðskmrh. fjarstöddum, og vil ég nú fara fram á það við hæstv. forseta, að hann geri ráðstafanir til þess, að ráðh. verði viðstaddur umr.

Ég sé, að hæstv. ráðh. er kominn, og skal ekki tefja mál mitt. Hæstv. forseti benti á það í sambandi við þetta mál, þegar það kom fyrst til umr. í nótt, að það hefði verið lagt hér fyrir 25. nóv. í haust. Það mun vera alveg rétt. Frv. var lagt fyrir þá, og það er kannske einn af vitnisburðunum um, hversu ráðleysi ríkisstj. hefur verið mikið í vetur og hversu verkstjórnin á Alþingi af hennar hendi hefur verið léleg, að þetta mál skuli nú fyrst vera til lokaafgreiðslu hér í nótt og þá skuli þurfa að beita þeim ráðum, sem nú er gert, til þess að koma því í höfn, sem sé þeim að halda nú næturfund um málið, taka málið fyrir kl. 1 að nóttu til og ætlast til, að umr. ljúki endanlega í nótt, eins og sýnilega er nú tilætlunin með því að halda fundinum sífellt áfram.

Öll þessi meðferð á málinu sýnist mér vera glöggur vottur um það ráðleysi og þá óstjórn, sem hér hefur átt sér stað í þinghaldinu, og forustuleysi hæstv. ríkisstj. Út yfir tekur þó alveg, þegar sá atburður hefur gerzt í sambandi við þetta mál, að það er látið taka algerum stakkaskiptum við síðustu umr. í síðari d. Þá er lögð fram brtt., sem gerbreytir öllu málinu, sem sé sú till., að það skuli vera óheimilt að stofna bankaútibú nema með leyfi ráðh. Hér er farið inn á alveg nýja braut, eins og rækilega hefur verið sýnt fram á í þessum umr. En áður en ég kem að því að ræða um það efni, vil ég fara fáeinum orðum um málsmeðferðina, því að hún út af fyrir sig er býsna athyglisverð og stórvítaverð og þannig vaxin, að það má ekki koma fyrir, að slíkt geti orðið framkvæmt fyrirhafnarlaust á Alþingi. En það, sem gerist, er þetta:

Hæstv. ráðh. leggur fram við 3. umr., síðustu umr. í síðari d., till., sem á að breyta mörgum lagabálkum. Þessi till., sem hæstv. ráðh. leggur fram, á að breyta löggjöfinni um banka landsins, hverri löggjöf fyrir sig. Í þessum lagabálkum, sem gilda um bankana, er það yfirleitt tekið fram, að það skuli vera á valdi stofnananna sjálfra, hvar þær setja á stofn útibú, þ. e. a. s. bankaráðanna. En með þessari brtt., sem hefur verið samþ. inn í þetta mál við eina umr. í d., er gert ráð fyrir að breyta allri þesari löggjöf. Í raun og veru er hér algert brot á öllum venjulegum siðvenjum og spurning, hvort lagasetning, sem gerð er á þennan hátt, hefur fullt gildi, spurning, hvort yfirleitt er hægt að breyta l. með þessu móti.

Ef hér átti að fara eðlilega að, hefði átt að flytja frv. til l. um breyt. á löggjöfinni um hvern banka fyrir sig, og ef átti að svipta bankana, forráðamenn bankanna, þeim heimildum til þess að stofna útibú, sem í l. eru, hefði þurft að breyta hverri löggjöf fyrir sig. En nú er þessi óheyrilegi háttur á hafður, að þetta á að gera með einni brtt. við frv. um Seðlabankann, sem lögð er fram á þessa lund við síðustu umr. málsins.

Þar næst er þess að geta, að það hefði verið algert lágmark, að það hefði verið flutt sérstakt frv. um þetta mikilsverða mál, sem fjallaði um þetta út af fyrir sig, og það hefði þá verið skilmerkilega tekið fram í því frv., hvaða lögum var breytt, hvaða lagagreinum var breytt, og það frv. hefði fengið venjulega þinglega meðferð, þrjár umr. í hvorri deild. Algert lágmark hefði auðvitað verið, að svona merkilegt nýmæli hefði verið sett inn í frv. um Seðlabanka á fyrstu stigum málsins, ef það af einhverjum ástæðum láðist að setja það inn í frv. strax og það kom fram. En það er algert siðleysi að mínum dómi að setja svona viðtækt og þýðingarmikið ákvæði inn í frv. við 3. umr. í síðari d., og að mínu viti ætti að vísa þessu máli frá, eins og nú er komið. Það mun hafa verið farið fram á það í hv. Ed., að brtt. yrði vísað frá og það yrði ekki talið leyfilegt að halda svona á málinu. Þetta var ekki tekið til greina, en ég vil mótmæla kröftuglega þessari málsmeðferð.

Afleiðingin af þessum vinnubrögðum verður svo auðvitað sú, að málið fær alls ekki þinglega meðferð og ekki er hægt að láta málið fá á nokkurn hátt þá athugun, sem skylt hefði verið. Nú hefði það t. d. verið alveg sjálfsagt að senda þetta mikilsverða nýmæli til umsagnar stjórnar Seðlabankans. Það hefði verið það allra minnsta, sem hefði getað komið til greina, að þetta hefði verið sent til umsagnar stjórnar Seðlabankans, en komið hefur fram alveg greinilega í umr. í hv. Ed., að þetta hefur alls ekki verið borið undir stjórn Seðla-

bankans, bankaráð Seðlabankans. Mér hefur verið sagt frá því, að það muni hafa verið haft eitthvert samband við Seðlabankann, einhverja aðila í bankanum, en það liggur alls ekki fyrir umsögn frá Seðlabankanum um þetta mál, hefur ekki verið lögð fram og mun ekki vera til, og alls ekki við bankaráð Seðlabankans.

Enn fremur hefði það auðvitað átt að vera sjálfsagt, að Alþingi og hæstv. ríkisstj. hefðu borið þetta undir stjórn viðskiptabankanna hvers um sig, hvað þær hefðu að segja um þetta mikilverða nýmæli, hvort þeir væru því meðmæltar, og þá með hvaða rökum, eða hvort þær væru andvígar því, og þá hvaða ástæðu þær vildu færa fram fyrir því. Hér er ekki um neitt hégómamál að ræða, eins og ég mun koma að örlítið síðar í þeim fáu orðum, sem ég mun um þetta segja. En ekkert af þessu hefur verið gert, og er það því ekki ástæðulaust, að kröftuglega hefur verið fundið að málsmeðferðinni. Það er ósæmilegt að halda á málum á þessa lund, og í hvert skipti, sem það hefur komið fyrir hér á hv. Alþingi, að mikilsverðu nýmæli hefur verið bætt inn í frv. á seinustu stigum málanna, hefur það verið harðlega gagnrýnt. Ég held ég megi fullyrða, að það er mjög sjaldgæft, að jafnmikilvægri breytingu og hér er ráðgerð hafi verið smeygt inn í frv. á allra síðasta stigi þess. Það munu vera fá dæmi í þingsögunni um slíkt, sem betur fer, og ég minnist þess úr minni reynslu hér á hv. Alþingi, að þegar það hefur komið fyrir, að meiri háttar breytingar hafa verið lagðar fram seint við meðferð mála, þá hefur það valdið harðri gagnrýni, og sú gagnrýni hefur nálega ævinlega verið réttmæt.

Ríkisstj. var í fyrsta lagi algerlega vorkunnarlaust að gera það upp við sig strax í vetur, þrátt fyrir ráðleysi sitt, hvort hún taldi nauðsynlegt að setja lagaákvæði í þessa átt eða ekki, og fyrst hún gat ekki gert það upp við sig nægilega snemma til að koma þessu á sómasamlegan hátt inn í seðlabankafrv., átti hæstv. ríkisstj. að hafa sómatilfinningu til að flytja um þetta a. m. k. sérstakt frv., en helzt mörg frv., sem hefðu verið miðuð við að breyta l. hvers banka um sig.

Ég skal þá víkja þessu næst nokkuð að efni málsins og mikilvægi þess. Hér er sem sagt um það að ræða að banna bönkum og innlánsstofnunum að setja á fót útibú eða umboðsskrifstofur, nema ráðh. fallist á það. Ráðh. skal framvegis ráða því, hvort þessar stofnanir mega setja upp útibú eða ekki.

Það er mjög athyglisvert, að hæstv. ráðh. komst þannig að orði í þeim fáu setningum, sem hann sagði til að rökstyðja þetta mál, að það væri komin upp, — ég held, að hann hafi orðað það þannig, — það væri komin upp mikil samkeppni um að koma á fót útibúum og þess vegna yrði að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þá þróun, eins og hún hefði verið nú um sinn. Það væri komin upp mikil samkeppni um að koma upp útibúum.

Það er mjög einkennandi fyrir samkeppnisflokkinn á Íslandi, sem kallar sig Sjálfstfl., að hann skuli nú eiga frumkvæði að því að setja þessi höft á bankastarfsemina, vegna þess að það sé komin upp samkeppni, eins og umboðsmaður tvíflokkanna, hæstv. viðskmrh., orðaði það hér í þessu sambandi, — það sé komin upp samkeppni í því að setja upp bankaútibú. Það er sem sé komin upp samkeppni á milli bankanna um að veita fólkinu þjónustu. Og þegar svo er komið, þá er háski á ferðum, þá verður að gera einhverjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíkt. Og það finnast ekki aðrar en þær, að það verði að setja á Alþingi sérstök lög um, að ráðh. skuli ráða því, hvort þessar stofnanir mega veita aukna þjónustu eða ekki. En það er yfirlýst stefna í sambandi við málið og auðheyrt á öllu því, sem í kringum það kemur fram, að það á að setja þetta ákvæði til þess að koma í veg fyrir, að bankarnir haldi áfram að fjölga útibúunum. Það er sá voði, sem talinn er vera á ferðinni, að útibúunum verði fjölgað. En hér hefur ekki verið gerð nokkur tilraun til þess að sýna fram á það, hvaða voði væri þarna á ferðinni, hvaða háski þjóðarbúskapnum væri búinn við það, þó að útibúunum fjölgaði eitthvað frá því, sem verið hefur. Hvað er svona háskalegt við það? Vill ekki hæstv. ráðh. og aðrir þeir, sem standa að þessu máli, reyna að gera mönnum einhverja grein fyrir því, hvaða hætta er á ferðum í sambandi við stofnun útibúa eða umboðsskrifstofa? Hvaða hætta er á ferðum í sambandi við það?

Hæstv. ráðh. var eitthvað að impra á því, að þetta væri dýrt. En ætli þessar stofnanir, bankarnir, og þeir, sem hér eiga hlut að máli, mundu koma upp þessum skrifstofum og útibúum, ef það borgaði sig ekki fyrir þá? Er það meiningin að taka upp þá stefnu hér í landi, að ríkisstj. skuli hafa forsjá fyrir atvinnurekendum yfirleitt og öllum þeim, sem reka hér stofnanir, og ráða því, hvað megi gera, þeir hafi ekki sjálfir vit á því að sjá fótum sínum forráð eða sjá, hvað stofnuninni er raunverulega fyrir beztu? Og það er samkeppnisflokkurinn á Íslandi, flokkur frelsisins, Sjálfstfl., sem gengst fyrir þessu nýmæli og með þessum rökstuðningi, sem umboðsmaður hans hér á Alþingi, hæstv. viðskmrh., lætur fylgja.

Það er auðvitað alveg eðlilegt, að menn spyrji, hvert á svo að verða framhaldið af þessu. Það er sagt, að bankarnir hafi ekki vit á því að sjá fótum sínum forráð í sambandi við stofnun útibúa. Þau geta orðið of mörg. Það getur vel verið, að þau verði ekki á réttum stöðum. Já, það getur náttúrlega vel verið, að þau verði ekki nákvæmlega á þeim stöðum, sem hæstv. ráðh. þóknast. En hingað til hefur það nú verið viðurkennt á Íslandi, að það væru til fyrirtæki og stofnanir, sem ættu að

mega ráða því sjálf, hvar þau hafa sína starfsemi, en það ætti ekki að vera ríkisstj. eða ráðh., sem ákveða það, hvar fyrirtækin skuli setja niður sínar skrifstofur eða sín umboð og annað þess konar. Það hefur fram að þessu ekki verið talið vænlegt. Hvað eru höft, ef það er ekki að innleiða annað eins og þetta í löggjöf landsins, að einkafyrirtæki eins og t. d. Verzlunarbankinn, eins og Samvinnubankinn, eins og Iðnaðarbankinn, en þetta eru einkafyrirtæki, skuli sækja þetta undir ráðherra? En ráðherrar eiga ekki að ráða þessum fyrirtækjum, þetta eru einkafyrirtæki.

Nú á að setja sérstaka löggjöf fyrir forgöngu einkarekstrarflokksins á Íslandi, fyrir forgöngu samkeppnisflokksins á Íslandi, fyrir forgöngu frelsisflokksins á Íslandi, sem svo kallar sig, — setja sérstaka löggjöf um það, að þessi einkafyrirtæki skuli ekki ráða því sjálf, hvort þau komi sér upp umboðsskrifstofum, hvort þau komi sér upp útibúum, og ekki heldur, hvar þau komi slíkum stofnunum á fót. Það á að vera ráðh., sem raunverulega á að ráða þessu.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að þetta mundi kannske vera nokkuð dýrt fyrir þjóðarbúið og þess vegna yrði að gera þetta. En er ekki nokkuð dýrt fyrir þjóðarbúið að hafa allar þær verzlanir, sem eru í landinu? Í tiltölulega litlum byggðarlögum eru kannske 2 verzlanir, 3 verzlanir, 4 verzlanir, 5 verzlanir eða fleiri. Í sumum stærri byggðarlögum eru tugir verzlana, hundruð verzlana í höfuðborginni. Ætli það væri ekki ákaflega auðvelt að reikna út og óvandur eftirleikurinn að reikna það út, að það væri ódýrara fyrir þjóðarbúið að hafa bara eina verzlun á hverjum stað, kannske í mesta lagi tvær, eða eina í hverri grein, og þá væri það náttúrlega sjálfsagt, að það væri ráðh., sjálfsagt viðskmrh., sem ætti að ráða því, hver fengi leyfi til að setja upp þessa einu verzlun, t. d. á hverjum stað, eða eina verzlun í hverri grein á hverjum stað? Og rökin? Jú, rökin yrðu þau, að það væri komin upp samkeppni í verzluninni, alveg eins og ráðh. segir, það er komin upp samkeppni um stofnun útibúa, — það væri komin upp samkeppni um stofnun verzlana í landinu og það yrði því að setja sérstaka löggjöf, til þess að það yrði ekki allt of dýrt fyrir þjóðarbúið. Síðan yrði að fela ráðh. að framkvæma þessa löggjöf og ráða því, ekki aðeins hverjir ættu að verzla, heldur hvar þeir ættu að verzla og hvort þeir mættu setja upp útibú eða hafa umboðsmenn og þar fram eftir götunum.

Svona getum við haldið áfram alveg endalaust. Væri nokkurt vit í því að hafa fleiri en einn rakara, eina rakarastofu á hverjum stað o. s. frv.? Er það orðin stefna Sjálfstfl. að setja löggjöf á þessum grundvelli, eins og nú er stefnt að í banka- og peningamálunum? Auðvitað eru þessar stofnanir, einkabankarnir, í eðli sínu að engu leyti frábrugðnir öðrum einkafyrirtækjum eða félagsfyrirtækjum í landinu. Og það er ekkert fremur eðlilegt að setja löggjöf um að banna einkabönkum að setja upp útibú eða umboðsskrifstofur, ekkert fremur eftir eðli sínu hægt að gera það en að banna verzlunum að setja upp útibú eða öðrum hliðstæðum stofnunum. Þessi rök, að það sé dýrara fyrir þjóðarbúið að hafa fleiri en eina stofnun af hverri gerð í hverju byggðarlagi, þau er hægt að nota til þess að eyðileggja og fella í rústir gersamlega allt frelsi í atvinnurekstri og viðskiptum. Það er hægt að nota þessi sömu rök og hæstv. viðskmrh. notaði hér áðan til þess að eyðileggja þetta allt saman og leggja í rústir.

En þetta er ekkert nema það, sem við sjáum svo oft, að Sjálfstfl. meinar ekki nokkurn skapaðan hlut með tali sínu um, að hann sé flokkur fyrir hið frjálsa framtak, fyrir frelsið eða fyrir samkeppnina. Þeir vilja enga samkeppni, þeir vilja bara, að það séu þeirra menn, sem hafi þessi málefni með höndum, þá er það í lagi, en aðrir eiga ekkert að vera að skipta sér af því. En ef ekki er hægt að bolast á öðrum öðruvísi en með löggjöf og ef þeir hafa ráð á því að setja slíka löggjöf, þá á að setja hana til þess að halda öðrum niðri.

Það dylst náttúrlega engum manni, að það er eitthvað undarlegt á bak við þessa löggjöf, sem hér er verið að setja, eitthvað annarlegt. Það getur ekki verið hugsun þessara manna, sem hallast að einkarekstri yfir höfuð, og það eru margir einkarekstrarmenn hér innan dyra, — það getur ekki verið meining þeirra, að það eigi að taka þessar röksemdir hæstv. viðskmrh. alvarlega, því að samkv. þeim mætti, eins og ég sagði, leggja allan einkarekstur inn undir ráðherraúrskurð á sama hátt. En það sýnir, að eitthvað annarlegt er á bak við þetta. Það er ekki til þess að spara í þjóðfélaginu, sem verið er að þessu. Það er auðvitað meiningin að koma í veg fyrir, að þeir bankar, sem nú eru í landinu, geti þróazt með frjálsum hætti. Það er meiningin að koma í veg fyrir, að eðlileg samkeppni í bankamálum geti átt sér stað. Það er meiningin að koma í veg fyrir það. Það getur ekki verið annað.

Svo á það eftir að sýna sig í framkvæmdinni, hvernig þetta verður. En enginn efast um, á hvern hugsunin er að halla í þessu sambandi. En það sýnir dálitið, á hvaða braut er lagt í þessu sambandi og hversu skynsamlegt það er að efna til svona lagaðs, ef dæmi eru nefnd. Ég vil nefna tvo af einkabönkunum, Samvinnubankann og Verzlunarbankann. Nú skulum við hugsa okkur ríkisstj., sem vildi frekar efla Verzlunarbankann. Hvernig getur hún notað þessa löggjöf? Að vissu leyti er um samkeppni að ræða milli Verzlunarbankans og Samvinnubankans, að því leyti, að það er einkaverzlunin, sem stendur að annarri stofnuninni, en samvinnuverzlanir að hinni stofnuninni. Og einkaverzlun og samvinnuverzlun keppa hvor við aðra til mikillar blessunar fyrir þjóðarbúið að mínu viti. Og ég vil skjóta því hér inn í, að í raun og veru er eina reglulega samkeppnin, sem til er í okkar landi, samkeppnin á milli samvinnufélaga annars vegar og einkarekstrar hins vegar. Og það er þessi samkeppni

fyrst og fremst, sem gerir viðskipti bærileg á Íslandi og viðskiptakjör, það er þessi samkeppni á milli þessara tveggja kerfa. Hún er eðlileg, og hún er heilbrigð, og þjóðin hefur haft feikilega mikið gagn af þessari samkeppni alla tíð síðan til hennar var efnt. Þarna er svo um að ræða tvær bankastofnanir, önnur er tengd samvinnuverzluninni, en hin tengd einkaverzluninni. Nú skulum við hugsa okkur, að það sitji ríkisstj., sem er hlynnt einkaverzluninni. Þá getur vel farið svo, að sá ráðh., sem fer með bankamálin, misnoti þannig aðstöðu sína hreinlega, að hann banni gersamlega t. d. Samvinnubankanum að koma upp útibúum. Svo gæti hitt komið til greina, að þarna væru kappsfullir menn, sem vildu fara hina leiðina og vildu kannske taka þann sið upp að banna Verzlunarbankanum að setja upp útibú, en leyfa Samvinnubankanum aftur á móti að setja upp útibú sem allra víðast. Við sjáum á þessu, hvað verið er að fara, hvað þetta er háskalegt, að innleiða svona vald fyrir ráðh., að ráðh. geti bókstaflega ráðið því, hvaða bankar fái að reka starfsemi sína með eðlilegum hætti og hvaða bankar ekki. En þegar ráðh. hefur þetta vald, sem hér er gert ráð fyrir í seðlabankafrv. nýja, er það algerlega á valdi ráðh., hvernig farnast um útbreiðslu bankaviðskiptanna í landinu. Ráðh. getur haldið niðri einhverjum bankanum með því að banna honum að setja upp útibú, en leyft öðrum bönkum að setja upp útibú. Er þetta hægt?

Ég vil nú spyrja einkarekstrarmenn og þá, sem unna sæmilegu félagafrelsi: Er þetta hægt? Er út í það leggjandi að setja svona löggjöf? Og menn verða að athuga, þótt þeir séu kappsfullir og vilji nota vald sitt, að það getur farið svo, að þeirra vald standi ekki að eilífu, og það er ekki skynsamlegt að miða löggjöfina við það, sem mönnum í einhverju ofurkappi kann að finnast þægilegt fyrir sig og sína menn. Það er ekki skynsamleg stefna í löggjöfinni að miða við það, og menn ættu að stilla sig um það. Heldur ættu menn að skoða, eftir því sem hægt er, endinn í upphafi máls eins og þessa.

Ég sagði hér áðan, að samkeppnin væri þýðingarmikil í vissum greinum, og ég vil endurtaka það. Hún er mjög þýðingarmikil, og á þeim grundvelli hef ég t. d. verið fylgjandi bæði stofnun Verzlunarbanka og Samvinnubanka. Ég hef ætíð litið þannig á, að samkeppni, sem á sér stað í landinu milli samvinnufélaga og annarrar verzlunar, sé ein hin drýgsta kjarabót fyrir þjóðina. Ég er alveg sannfærður um, að hún er ákaflega drjúg kjarabót, einmitt þessi samkeppni, sem þarna á sér stað. Þarna eru það tvö bankakerfi, sem eru til hliðar við þessi viðskiptakerfi, sem er líka algerlega heilbrigt og ætti ekki að trufla á nokkurn hátt með óeðlilegum afskiptum löggjafar- eða framkvæmdavalds, eins og gæti óneitanlega orðið, ef þetta frv., sem hér liggur nú fyrir, nær fram að ganga.

Ég sagði áðan, að það væri dálitið einkennilegt, og þó ekki einkennilegt, heldur athyglisvert, að sá flokkur, sem hefur viljað kalla sig samkeppnisflokk, skuli standa að því að setja löggjöf eins og þessa. En þetta er kannske ekki einkennilegt, eins og ég líka tók fram, vegna þess að Sjálfstfl. er enginn samkeppnisflokkur. Og sannleikurinn er sá, að þeir, sem kalla sig samkeppnismenn, eru það í raun og veru ekki. Því miður er það þannig, að þegar einkareksturinn er allsráðandi og hefur ekkert aðhald t. d. af samvinnurekstrinum, þá sækir alltaf í það að verða samkomulag á milli einkarekstrarmanna. Það eru búin til félög, félag vefnaðarvörukaupmanna, félag matvörukaupmanna og félag byggingarvörukaupmanna o. s. frv., og það byrja alls konar ráðstafanir til þess að koma sér saman um verðið og viðskiptakjörin. Og þannig myndast eiginlega hringar í verzluninni og viðskiptunum. Samkeppnin verður sáralítil, ef hún verður þá í rauninni nokkur. Þess vegna er það þannig, að eina samkeppnin, sem nokkuð kveður að í landinu, er samkeppnin á milli einkaverzlana annars vegar og samvinnuverzlana hins vegar. Ég álít, að sjálfstæðismenn séu ekki samkeppnismenn í þess orðs réttu merkingu, óbjagaðri merkingu, heldur séu þeir mjög hlynntir öllum samtökum til óeðlilegs framdráttar fyrir verzlunarrekstrinn. Ég tel, að þeir eiginlegu samkeppnismenn, sem eiga það heiti skilið með sóma, séu einmitt samvinnumennirnir í landinu, sem hafa efnt til þeirrar heppilegustu samkeppni, sem hér hefur þekkzt og mun bezt duga þjóðinni, þ. e. a. s. samkeppni á milli samvinnunnar annars vegar og einkarekstrarins í verzlun hins vegar.

Þá er eitt í sambandi við þetta mál um að banna að setja upp útibú nema með leyfi ráðh., sem er ákaflega athyglisvert, og það er, að það skuli vera rokið í það núna að setja þetta ákvæði í lög, en samt sem áður hefur stofnun útibúa átt sér stað um æðilanga hríð. Það er æðilangt síðan farið var að tíðka það að stofnsetja bankaútibú. En hvers vegna er þá rokið í þetta núna? Það er búið að stofna hér í Reykjavík t. d. á undanförnum árum fjölda bankaútibúa, þannig, að við Laugaveginn eru t. d. mörg útibú, mjög mörg útibú. Þá hreyfði sig enginn, þá var ekki talin nein ástæða til að setja sérstaka löggjöf til þess að koma í veg fyrir stofnun útibúa, vegna þess að það væri þjóðhagslega svo mikil eyðsla að hafa útibúin. Það heyrðist ekkert um það þá og því síður, að hér á Alþ. kæmu nokkrar till. eða frv. um slíkt. En síðan fóru útibúin að dreifast út um landið, og þá var nú annað mál. Þá byrjuðu menn að sjá voðann. En sannleikurinn er sá, að einhver allra almennasta krafa úti um landið í mjög mörgum byggðarlögum um endurbætur í fjármálum og viðskiptamálum hefur einmitt verið krafan um að fá útibú frá bönkunum. Og öllum þeim, sem eru kunnugir starfsemi hinna eldri útibúa í landinu, eins og t. d. útibúsins á Selfossi, úti-

búsins á Eskifirði, útibúanna á Akureyri, og þannig mætti endalaust telja, er það alveg ljóst, að þessi útibú hafa verið hinar allra öflugustu lyftistengur fyrir þessi byggðarlög. Og það væri óhugsandi, að byggðin í þessum landshlutum og atvinnurekstur þar hefði getað fengið nokkurn þroska án þessara útibúa. En þessi útibú voru bara á allt of fáum stöðum, þau voru allt of óvíða, og mörg merkileg byggðarlög voru án þess að hafa nokkra bankaþjónustu, og það eru einmitt þessi byggðarlög, sem nú upp á síðkastið hafa verið að fá útibú, sum af þeim, en önnur hafa alls ekki fengið nein útibú enn þá, og í þeim byggðarlögum er það einhver hin sterkasta krafa til endurbóta í viðskipta- og fjárhagsmálum að fá bankaútibú. En þegar bankarnir fóru að reyna að keppast um það að verða við þessum óskum fólksins úti um landið, þá kemur hæstv. ríkisstj. og segir: Hér er á ferðinni alveg ósæmilegt bruðl og eyðsla í þjóðarbúskapnum, og nú verður að setja ákvæði um það, að ráðh. geti ráðið því, hvort útibúi megi koma upp eða ekki.

Það er ómögulegt að verjast þeirri hugsun, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé beinlínis miðað við að koma í veg fyrir, að þessi þróun, sem nú hefur orðið um skeið, að fjölga útibúunum úti um land, geti haldið áfram, þetta sé beinlínis sett inn í löggjöfina til að koma í veg fyrir, að þeir staðir úti á landi, sem hafa verið að krefjast þess að fá bankaútibú, geti fengið óskir sínar uppfylltar. Það er bókstaflega óhugsandi annað en að draga þá ályktun, að þannig sé þessu varið. Það er hlálegt að hugsa sér, að það skuli nú vera borin fram þessi röksemd um hina þjóðhagslegu eyðslu, sem af þessu stafi, þegar litið er á t. d., hvernig olíuviðskiptin í landinu hafa þróazt afskiptalaust af hálfu ríkisvaldsins og önnur viðskipti og önnur starfræksla yfirleitt. Þetta, sem hér á að fara að gera, er í æpandi mótsögn við allt þetta, alla þessa þróun. Og þetta verður áreiðanlega ekki tekið sem góð og gild vara hjá þeim, sem hafa viðskipti með höndum og hafa áhuga fyrir framgangi þeirra byggðarlaga, sem hér eiga hlut að máli, að nú séu sett á þetta höft á þá lund, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Út yfir tekur þó alveg það gífurlega vald, sem ráðh. er ætlað í þessu sambandi. Þar sem honum er ætlað að deila hér sól og regni og geta látið sína gæðinga koma upp útibúum, en bannað öðrum að koma upp eðlilegri bankaþjónustu af sinni hendi.

Í raun og veru get ég látið þetta nægja um þann þýðingarmikla þátt, sem bætzt hefur inn í þetta mál í hv. Ed., líka vegna þess, að félagar mínir margir hafa rætt þetta mál nokkuð nú í nótt, og ég hef enga tilhneigingu til þess að vera að halda mönnum hér lengur en nauðsyn ber til, svo að aðalatriði málsins komi skýrt fram og tækifæri gefist til þess að mótmæla bæði efni málsins og allri meðferð þess.

Ég vil þá minnast á nokkur önnur atriði í sambandi við málið og lýsa hér tveimur brtt., sem ég vildi leyfa mér að koma á framfæri, þ. e. flytja, með leyfi hæstv. forseta.

Önnur brtt. er við 2. gr. frv., að upphaf greinarinnar orðist svo: „Í stað 2. og 3. mgr. o. s. frv.“ Þetta þýðir, að ég vil, að eftirfarandi grein í seðlabankalögunum fái að standa í gildi áfram, og skal ég nú lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Valdi flutningur innstæðna vegna framkvæmdar 1. og 2. mgr. í upphafi erfiðleikum fyrir ákveðnar innlánsstofnanir, skal Seðlabankinn leitast við að leysa úr því, m. a. með því að yfirtaka samtímis af viðkomandi stofnun verðbréf eða aðrar eignir, sem hann metur gildar.“

Þetta er fellt niður með frv. eins og það nú er, en ég vil leggja til, að þessi mgr. fái að standa áfram í gildi og hægt verði að greiða á þann hátt fyrir lánsstofnunum, sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

Hin brtt., sem ég flyt, er á þá lund, að við greinina, þ. e. a. s. 2. gr., bætist ný mgr., svo hljóðandi: „Heildarupphæð bundna fjárins skal þó ekki fara fram úr 1000 millj. kr.“

Það er kunnara en ég þurfi að segja frá því enn í löngu máli, að við framsóknarmenn höfum verið algerlega mótfallnir þessari bindingu á hluta af sparifjáraukningunni, sem við höfum leyft okkur að kalla frystingu. Við höfum ekki talið, að slíkt mundi leiða til góðs. Við höfum talið, að það ætti að halda þeirri bankaútlánastefnu, sem tíðkaðist áður, en hún var í stuttu máli sú að halda sparifénu í umferð. Hér er um svo lítið fjármagn að ræða í landinu og rekstrarfjárskorturinn er svo gífurlegur, að við höfum ætíð talið, að það veitti ekki af því að hafa sparifé í umferð. Höfum við því verið mótfallnir því að ráðast í þessa bindingu á sparifénu í Seðlabankanum. Enn fremur höfum við viljað hafa aðrar endurkaupareglur afurðalána en nú hafa verið innleiddar, eða réttara sagt, við viljum halda sömu endurkaupareglum og áður voru í gildi. Þessi stefna í lánamálum, sem áður var fylgt, er kunn, og ég þarf ekki að fara langt út í að lýsa henni. Henni vildum við halda, en núv. hæstv. ríkisstj. vildi breyta hér til og minnka mjög endurkaupin á afurðavíxlunum, eins og hún hefur gert, og draga þannig saman. Enn fremur vildi hæstv. ríkisstj. ráðast í að draga verulegan hluta af aukningu sparifjárins inn í Seðlabankann. Þessu hefur ekki fengizt breytt.

Þessi brtt. mín er miðuð við að reyna að fá samþykkta þessa miðlunarleið, að setja þetta hámark á bindinguna, 1000 millj., en nú mun bindingin vera hátt í 900 millj. Væri þá ekki hægt, ef þetta yrði samþ., að bæta við nema rúmum 100 millj. Ég vil gera tilraun til þess að fá menn til að fallast á þessa miðlunarleið, setja þetta hámark á bindinguna. Er það þó ekki fyrir það, að mér finnist ekki ofgert, ef þetta væri framkvæmt á þessa lund, en þetta yrði þó a. m. k. hámark og hefði sitt mikla gildi, því að þá yrði ekki hægt að ganga lengra en þarna væri ákveðið.

Ég vil svo leyfa mér að fara fáeinum orð-

um um þessa stefnu, sem nú hefur verið tekin upp, þessa lánasamdráttarstefnu, og það er þá um leið rökstuðningur fyrir þessari till. minni til miðlunar, að setja þessi takmörk.

Hæstv. viðskmrh. hefur í sambandi við umr. um þetta mál verið mjög stórorður um, að það væri lýðskrum að halda því fram, að hægt hefði verið að halda hinni sömu stefnu í lánamálum og tíðkaðist áður, það væri lýðskrum. En samt sem áður átti hæstv. viðskmrh. þátt í því löngum í ríkisstj. að framkvæma þá lánastefnu. Og í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minna á það, að við sátum einu sinni saman í mþn., ég og hæstv. ráðh., ásamt þriðja manni. Þá var mikið rætt um, hvaða aðferðir væru vænlegar í þjóðarbúinu til þess að halda jafnvægi í viðskiptunum við útlönd, og raunar fjallaði þessi n. um gjaldeyrismál. Þá var það, að félagi okkar í n., þriðji maðurinn í n., Björn Ólafsson, hélt því mjög fram, að það væri hægt að hafa stjórn á öllum þessum málum aðeins í gegnum lánapólitíkina, með ráðstöfunum í peningapólitíkinni. En við vorum sammála um það, ég og hæstv. núv. viðskmrh., að vara mjög við þessu, og héldum því fram, að það mætti alls ekki treysta neitt nándar nærri einhliða á ráðstafanir í peningapólitíkinni eða lánapólitíkinni, það yrði fleira að koma til greina, og vöruðum mjög við ýmsum hættum, sem af því hlyti að stafa, ef farið væri að reyna að stjórna með peningapólitískum ráðstöfunum einum saman. Og það, sem við gerðum þá, var í raun og veru að vara mjög kröftuglega við þeirri stefnu í lána- og peningamálum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að framkvæma. Það, sem við héldum þá fram, er í aðalatriðum það, sem ég hef haldið fram og félagar mínir nú undanfarið varðandi þessi efni, en hæstv. ráðh. kallar nú lýðskrum, en sem hann áður aðhylltist.

Skal ég nú gera grein fyrir þessu, með leyfi hæstv. forseta, með því að vitna nokkuð í okkar sameiginlega álit í þessu sambandi. Við segjum m. a., ég og hæstv. núv. viðskmrh.:

„Nú ákvarðast verðlag landsins fyrst og fremst af hlutfallinu milli vörumagnsins í landinu og peningamagnsins og umferðarhraða peninganna og er hér átt við peninga í hinni víðustu merkingu, þ. e. a. s. að tékkum og hvers konar greiðslumiðlum meðtöldum. Það peningamagn, sem er í umferð, kemur fram sem ýmiss konar kaupgeta, og má þannig segja, að kaupgetan hafi bein áhrif á verðlag og kostnaðarlag í landinu."

Eigi því að lækka verðlagið og framleiðslukostnaðinn, verði að draga úr kaupgetunni, en beinasta leiðin til þess sé að draga úr peningamagninu, sem sé í umferð, en það megi gera á tvennan hátt: Í fyrsta lagi með því að gera lántökur dýrari, m. ö. o. með því að hækka forvexti, og í öðru lagi með því að draga beinlínis mjög úr lánveitingum, og er hér auðvitað ekki einungis átt við samdrátt á lánum til atvinnurekstrar, sem stendur höllum fæti, og því fylgir nokkur áhætta, heldur við það, að dregið sé úr lánveitingum yfirleitt, jafnvel þótt þær séu algerlega öruggar. Enn fremur yrði hið opinbera að draga, svo sem unnt væri, úr útgjöldum sínum, knýja yrði fram almennar launalækkanir o. s. frv. Því skal engan veginn neitað, að nokkuð sé til í þessari kenningu. Óhagstæður greiðslujöfnuður og skuldasöfnun erlendis eru auðvitað ekki upprunaleg fyrirbæri, heldur afleiðingar, og kaupgetan innanlands hefur tvímælalaust veruleg áhrif á greiðslujöfnuðinn. Hitt er hins vegar annað mál, hvort forvaxtahækkun og samdráttur útlána bankanna mundi geta haft veruleg áhrif á kaupgetuna, nema því aðeins að þessar ráðstafanir væru svo róttækar, að þær hefðu mjög alvarlegar þjóðfélagslegar afleiðingar, sem gerðu það að verkum, að þær yrðu taldar óæskilegar, a. m. k. ef um aðra leið að sama marki væri að ræða.

Hér er talað um þennan möguleika að draga úr peningamagninu, samdrátt á lánum og hækkun á vöxtum sem aðferð eða sem hagstjórnartæki, eins og hæstv. ráðh. er nú farinn að kalla það, og þessari aðferð lýst. Síðan vörum við mjög sterklega við því að nota þessa aðferð, vegna þess að henni fylgi svo margir ágallar, sem við drögum fram með margvíslegum rökum. Enn fremur bendum við á, að ef ætti að nota þessa aðferð svo að segja einhliða, þá yrði að notfæra sér hana svo ósleitilega, að hún mundi vafalaust hafa í för með sér verulegt atvinnuleysi undir venjulegum kringumstæðum. Enn fremur segjum við um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„En allt eru þetta almennar athugasemdir, sem ekki eiga frekar við hér á landi en víðast hvar annars staðar. Hér á landi er hins vegar einnig um sérstakt ástand að ræða í þessu tilliti, sem sérstaklega mælir gegn því, að einungis sé gripið til slíkra ráðstafana til þess að koma á hagstæðum greiðslujöfnuði."

Og síðan segjum við, með leyfi hæstv. forseta:

„Landið er mjög fátækt af fjármagni miðað við fjármagnsþörfina. Með forvöxtunum einum hefur ekki þótt fært að samræma framboð og eftirspurn lánsfjár, og hefur því orðið að beita skömmtun á lánsfénu. Sá atvinnuvegur landsmanna, sem mesta þörf hefur fyrir fjármagn og lánsfé, er sjávarútvegurinn, en hann er mjög áhættumikill, enda er það jafnan svo um atvinnuvegi, sem eiga afkomu sína undir náttúrunni, og útgerðarkostnaður a. m. k. stærri skipanna er að verulegu leyti fastur, en af því leiðir hins vegar, að vaxtabreytingar hafa minni áhrif á það, að hversu miklu eða litlu leyti sjávarútvegurinn er stundaður, en vera mundi ella. Mjög stórfelldan almennan samdrátt útlána hjá bönkunum er og erfitt að framkvæma gagnvart sjávarútveginum á venjulegum tímum, því að hann er að verulegu leyti rekinn fyrir lánsfé, og mikill samdráttur lánanna hefði í för með sér, að skipin yrðu ekki gerð út og mikið atvinnuleysi mundi skapast, sem sé ef langt væri gengið í sam-

drættinum. Hinn aðalatvinnuvegur landsmanna, landbúnaðurinn, mætti og að ýmsu leyti illa við vaxtahækkunum og lánasamdrætti.“

Við segjum enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Um hinar óbeinu ráðstafanir til þess að vinna gegn óhagstæðum greiðslujöfnuði og hindra erlenda skuldasöfnun, aðrar en þær, sem gerðar eru til aukningar á útflutningi, er yfirleitt það að segja, að þær hefðu í för með sér svo mörg og mikil þjóðfélagsleg vandamál, ef beita ætti þeim einum til þess að ná settu marki, að þær verða ekki taldar æskilegar, þótt því sé hins vegar engan veginn neitað, að með þeim mætti hafa nokkur áhrif.“

Síðan höldum við áfram í sama dúr, og það er alls staðar það sama, okkar álit er að vara mjög eindregið við því, eins og hér er ástatt á Íslandi, að nota lánasamdrátt og vaxtahækkun sem hagstjórnartæki eða sem ráðstafanir til að halda jafnvæginu í þjóðarbúskapnum. Allt gengur út á þetta í okkar sameiginlega áliti, og við minnumst á, að þegar eitthvað sérstakt ber að höndum, væri skynsamlegra að nota höft, að einhverju takmörkuðu leyti a. m. k., en að grípa til þessara ráðstafana. En nú hefur hæstv. ráðh. léð sig til þess á undanförnum árum að nota þessar aðferðir sem einu tækin í þessu sambandi: Lánasamdrættinn, lánapólitíkina og vaxtapólitíkina, — einu tækin, því að allt fjárfestingareftirlit hefur verið gersamlega afnumið og er fordæmt með öllu, þveröfugt við það, sem gerist hér í nágrannalöndunum. Öll höft var búið að afnema áður, þannig að einu hagstjórnartækin, sem nokkuð kveður að í notkun, eru einmitt þessi, sem ráðh. varaði svo sterklega við, ásamt mér. En nú kallar hæstv. ráðh. þessa stefnu, sem við héldum þá fram, en ég held fram enn, lýðskrum, það séu bara lýðskrumsmenn, sem haldi fram þessari stefnu. Það sé í raun og veru engin önnur stefna til í þessum málum en sú, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, þ. e. a. s. öll önnur stefna leiði til öngþveitis í fjárhagsmálum landsins. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að hafa þetta minna og jafnara. Hann ætti ekki að kastast svona til og frá eins og bolti í leik eftir því, hver ýtir við honum. Hann á ekki að kastast fram og til baka eftir því, hver ýtir við honum, heldur hafa í þessu betur grundaða stefnu en fram kemur í hans málflutningi og raunar í því, sem gert hefur verið undanfarið.

Ég held, að við höfum einmitt verið mjög nærri réttu lagi í þessu, við tveir, þegar við gáfum út þetta álit, og það sé mjög nauðsynlegt fyrir hæstv. ráðh. og hans félaga að gera sér einmitt grein fyrir því, að það verður að hafa hér eins konar blandað kerfi í þessu, eins og við raunar þá lögðum mikla áherzlu á. Það er ekki hægt að hunza hin almennu lögmál peninganna, ef svo mætti segja, það verður að hafa gát á þeim. En hins vegar verðum við að tjalda með því, sem til er í þessum efnum, því að við erum svo fjármagnsfátækir, og verðum svo heldur að nota fjárfestingareftirlit og aðrar slíkar ráðstafanir til að þurfa ekki að draga um of úr lánunum.

Ég veit, að hæstv. ráðh. gæti sagt, að við hefðum talað um í nál. okkar, að ef mjög langt væri gengið í því að draga saman lánin og hækka vextina, þá mundi það leiða til atvinnuleysis, og hann gæti sagt: Þessi stefna hefur ekki leitt til atvinnuleysis undanfarið. — Og það er alveg rétt, hún hefur ekki leitt til atvinnuleysis, en eingöngu vegna þess, að þegar þeir hófu þessa stefnu, var þjóðin svo heppin, að góðæri varð með eindæmum mikið og framleiðslan þannig, að allir höfðu nóg að gera. Síldveiðin jókst gífurlega og þorskveiðin, og þess vegna komu samdráttarráðstafanir ríkisstj. í raun og veru ekki fram nema að litlu leyti í þjóðarbúskapnum. Það varð svo náttúrlega líka til þess sumpart, að hæstv. ríkisstj. náði ekki neinu jafnvægi í efnahagsmálum, og svo það, að menn óttuðust dýrtíðarstefnu hennar í framkvæmdinni og kom upp fjárfestingarkapphlaup nálega strax, sem hefur staðið látlaust til þessa dags. Allt þetta hefur orðið til þess, að atvinnuleysi hefur ekki komið til greina, en jafnvægispólitík ríkisstj. hefur auðvitað algerlega farið út um þúfur, svo sem kunnugt er.

Ég vildi gera þessa almennu grein fyrir brtt., sem ég flyt, sem sé þeirri, að það verði ekki gengið lengra en að loka inni 1000 millj. Og er það eins konar miðlun.

Ég ætlaði um daginn að svara nokkuð gífuryrðum hæstv. ráðh., þegar hann sakaði mig um lýðskrum í sambandi við þessi mál, og minna þá á þetta sameiginlega álit okkar, en vegna þess að umr. voru þá orðnar æði langar, vildi ég ekki fara út í það nánar þá. En fyrst málið kom hingað aftur og tækifæri gafst til að ræða það enn á ný, vildi ég ekki láta hjá líða að segja þessi fáu orð um málflutning ráðherrans og þá um leið sem stuðning fyrir brtt.

Ég vil svo aðeins í lokin minnast á eitt atriði. Það er í sambandi við þessa stefnu, sem hæstv. ráðh. var mér sammála um hér á árunum, en er nú ekki sammála mér um. Hæstv. núv. forsrh. kemur þar líka dálítið við sögu. Það var hér á árum áður, þegar hann var í stjórnarandstöðu, en hæstv. viðskmrh. var þá í stjórn. Þá var hæstv. viðskmrh. að tæpa á því, að það yrði kannske að fara varlega í útlánunum, og lét þá skína í svipað og hefur komið fram hjá honum síðar, núna greinilega. En það er athyglisvert, að núv. hæstv. forsrh. tók sig þá til og fordæmdi algerlega þann málflutning hjá hæstv. núv. viðskmrh. Hæstv. núv. forsrh. segir um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„En við vitum líka, að út af fyrir sig er verðbólga og erfiðleikar af verðbólgu ekkert sérstakt íslenzkt fyrirbæri. Það má segja, að það sé allsherjarfyrirbæri um allan hinn vestræna heim, þar sem er verið með örar framkvæmdir og þar sem menn, án þess að beita

heraflinu og kúguninni, sem kommúnistar gera, telja stolt sitt að forðast atvinnuleysi, sem var tíðkanlegt í þessum löndum fyrir 1939."

Síðan segir hæstv. forsrh. núverandi:

„Nú eftir á eru hagfræðingarnir búnir að finna út, að sá, sem hafi haft mesta ábyrgð á atvinnuleysinu á árunum 1927—1939, hafi verið aðalbankastjóri Englandsbanka, vegna þess að hann hafi haldið of mikið í lánveitingar. En það er sama stefnan og hæstv. menntmrh. segir nú að eigi umfram allt að halda jafnvægi. Bankarnir verða að fara svo varlega í sínum útlánum, að þetta jafnvægi haldist og yfirboð sé ekki gert í vinnuna."

En síðan segir hæstv. forsrh., og það mundi sennilega vera talið lýðskrum núna, ef við segðum eitthvað svipað:

„Ég hef sagt áður og ég segi það enn, að ég vil miklu heldur, að það sé gert yfirboð í vinnuna og verkamaðurinn þurfi að láta ganga á eftir sér, heldur en verkamaðurinn þurfi að ganga á eftir öðrum um það að fá vinnu, eins og á árunum 1934—1939, og einmitt þrátt fyrir alla galla undanfarinna ára hefur tekizt þetta allt í senn, að halda fullri vinnu, jafnvel þannig, að stundum hefur kannske þurft að ganga helzt til mikið á eftir verkamanninum, a. m. k. að dómi hæstv. menntmrh. En það hefur líka fram á þennan dag, með þeim fjármálaráðstöfunum, sem fyrrv. ríkisstj. hafa gert, tekizt að forða frá því hruni, sem hæstv. forsrh. hefur alltaf sagt frá 1942, að hann hætti að vera forsrh., að væru á næsta leiti. Það hefur tekizt að forða þessu, og ég segi: Ég á enga betri ósk til hæstv. núv. ríkisstj. en að henni takist að forða hruninu og hún fari ekki of mikið eftir þeim kenningum, sem hæstv. menntmrh. hélt hér fram í gær og færðar yfir í mennskra manna mál eru þær, að hann vill fá hæfilegt atvinnuleysi, til þess að kaupgjaldið hækki ekki um of. Ég segi, það er miklu betra að halda fullri vinnu, jafnvel fara dálítið óvarlega í lánveitingum, í fjárveitingum, í Keflavíkurvinnu og hvað við vildum segja, halda fullri vinnu, halda fullum framkvæmdum og gera svo ráðstafanir aðrar á eftir, til þess að ekki keyri sig allt um koll, heldur en halda jafnvæginu með sultarólinni á fólkinu, en það er boðskapur hæstv. menntmrh. og það, sem hann gerði sig að talsmanni hér fyrir í gær."

Þetta sagði hæstv. núv. forsrh. um núv. viðskmrh. þá, en þetta minnir óglæsilega mikið á það, sem verið hefur að gerast undanfarið, þó að það hafi náttúrlega aldrei tekizt til fulls, vegna þess að góðæri hefur komið barna á móti og gert þessi mál óviðráðanleg frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj.

En samt sem áður verður nú að segja, að allmikill árangur í þessa átt hefur komið fram, þegar við athugum ýmislegt, sem upp hefur verið rifjað núna og síðast í kvöld í eldhúsumr. og í gærkvöld, eins og t. d. það, að með öllum þessum aðförum, sem þeir hafa nú gengizt fyrir sameiginlega, hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., því að nú eru þeir orðnir sammála um þetta allt, skuli vera búið að koma þannig málum, að verkamannakaupið er 77 þús. kr., en vextir af litilli íbúð, bara vextirnir, eru a. m. k. 50 þús. kr. Og þetta hefur skeð í einhverju því mesta góðæri, sem íslenzka þjóðin hefur lifað.

Einhverjar ekki smávægilegar ráðstafanir hafa verið gerðar á þessu tímabili til þess að draga úr kaupgetu almennings, ef við lítum á þjóðartekjurnar annars vegar og svo þessa útkomu hjá verkamannaheimilinu hins vegar. Og skyldu þessar ráðstafanir, sem hæstv. viðskmrh. hefur verið að gangast fyrir alla tíð og hæstv. forsrh. er svona innilega sammála um núna og þetta frv. fjallar einmitt um, lánasamdrátturinn, ekki eiga allverulegan þátt í þessu, því að ef við athugum útlánin í landinu í heild og berum þau saman við dýrtíðarþróunina, sjáum við, að útlánin hafa verið stórkostlega dregin saman. En það hefur auðvitað komið niður á atvinnuvegunum á þann hátt, sem við hæstv. núv. viðskmrh. vöruðum sterklega við, þegar við vorum saman í mþn. og fjölluðum um þessi mál.

Góðærið undanfarið hefur að vísu bjargað mörgum, vegna þess að menn hafa haft út í mikið að ganga og getað haft mikla vinnu. En það hefur ekki bjargað því, að það er búið að setja þjóðarbúið í þessa sjálfheldu, sem hér hefur verið lýst svo rækilega nú undanfarið, og það er ekki búið að bíta úr nálinni með þetta. Og svo mikið er alveg víst, að þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að viðhalda og auka, ganga ekki í þá átt að bæta úr þeim vanda, sem nú er búið að færa yfir þjóðina.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta hinar skriflegu brtt. minar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 682) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Forseti (SB): Þessar umr. hafa nú staðið um 4 klst. Vænti ég, að hv. þm. finnist ekki skert málfrelsi sitt, þó að forseti leggi nú til, að ræðutími verði takmarkaður. Levfi ég mér því að leggja til, samkv. 37. gr. þingskapa, að ræðutími verði takmarkaður við 10 mínútur, og skoða það samþykkt, ef ekki koma fram mótmæli gegn því.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ekki fæ ég varizt þeirri hugsun, að unnt hefði verið að komast hjá því að þurfa nú tvívegis að skera niður umr., ef þessi mál hefðu verið rekin af nokkru meira kappi fyrr á þessu hv. þingi. Það er æðilangt síðan þetta mál var lagt fyrir þingið og það er ákaflega erfitt að sjá, að nokkur nauðsyn hafi borið til þess að haga meðferð þess á þann hátt, sem gert hefur verið. Alveg sérstaklega hlýtur maður að undrast þá aðferð, sem hér er höfð í frammi og ítrekað hefur verið mótmælt hér af ýmsum hv. alþm. á undan mér, að varpa nú inn á síðustu fundum þingsins till. líkri þeirri, sem

hér hefur mest verið um rædd. Manni verður að hugsa, hvar sé nú allt frelsistalið hjá hv. stjórnarliði, sem klingt hefur í eyrum landsmanna ár eftir ár, allan þann tíma, sem núverandi stjórnarflokkar hafa farið með völd í landinu. Það er heldur ekki fátítt, að slegið sé á þá strengi að þjóðinni sé það höfuðnauðsyn að standa saman um málin. Því furðulegar kemur hún fyrir sjónir sú málsmeðferð, sem hér er höfð í frammi.

Það er ómögulegt að sjá nokkur rök fyrir því, að þetta þurfi að knýjast fram nú. Það, sem hæstv. viðskmrh. hefur sagt hér, að komin sé upp samkeppni milli bankanna um að stofna útibú, þetta eru náttúrlega engin rök og sízt frá þeim, sem er málsvari fyrir stjórnarstefnu samkeppninnar.

Það getur verið fróðlegt að athuga í örstuttu máli, hvað hefur verið að gerast undanfarið í þessum málum. Það hefur verið stofnaður hver bankinn af öðrum. Lengi vel voru þrír bankar í landinu, en á örfáum árum koma fram ný nöfn og nýjar stofnanir, Seðlabanki, Framkvæmdabanki, Iðnaðarbanki, Samvinnubanki o. s. frv. Og það er ekki verið að stinga við fótum, á meðan þetta var að gerast. En kannske það hafi þá verið reynt í leiðinni að gera yfirstjórn hvers banka einfaldari og léttari í sniðum? Það var nú ekki heldur, heldur þvert á móti, því að það hefur verið unnið að því að þenja út yfirstjórn bankanna, fjölga bankastjórum og bankaráðsmönnum o. s. frv. Nei, það var ekki verið að spyrna við fótum, á meðan þessi þróun átti sér stað, enda voru allir bankarnir staðsettir í höfuðstaðnum. Og svo er haldið áfram: Það eru stofnuð útibú á öðru hverju götuhorni í höfuðstaðnum. Og meðan því fer fram, er heldur ekki talin ástæða til að stinga við fótum, — engin. Öll þessi útibú veita bæjarbúum vafalaust góða og vel þegna þjónustu, en þó fær maður ekki varizt þeirri hugsun, að auðveldara hefði nú verið fyrir íbúa höfuðstaðarins að ná í banka, jafnvel þó að þeir þyrftu allir að fara niður í Austurstræti, heldur en t. d. fólk, við skulum segja suður á Djúpavogi, að komast til bankaútibúsins á Eskifirði, svo að dæmi sé nefnt annars staðar á landinu. En það er alveg talandi tákn um vinnubrögðin hjá núv. hæstv. ríkisstj. gagnvart dreifbýlinu, að það er fyrst núna, þegar það virðist nokkur skriður uppi um það hjá bönkunum að veita einnig fólkinu úti á landi þá þjónustu, sem bankaútibúin veita, sem á að fara að spyrna við fótum.

Það rifjast upp fyrir mönnum gamla slagorðið um pólitíska fjárfestingu, sem notað var á sínum tíma. Og okkur er það slagorð dálítið minnisstætt, Austfirðingunum, vegna þess að þar eystra fundu höfundar þess sérstakt dæmi til þess að sýna spillinguna í hinni pólitísku fjárfestingu, en það voru vissar framkvæmdir á Austurlandi, sem byrjað var á á dögum vinstri stjórnarinnar. Það voru m. a. síldarverksmiðjurnar. Og það er kannske ekki óeðlilegt, að mönnum sé þetta nokkuð minnisstætt þar eystra, einnig af þeim ástæðum, að það hefur síðan sannazt eftirminnilega, að sú pólitíska fjárfesting varð til þess að bjarga ekki milljónum og ekki milljónatugum, heldur hundruðum milljóna verðmæta fyrir þjóðarbúið. *Manni skilst eiginlega, að núna séu* bankaútibúin komin undir sama flokk og þessi og önnur fjárfestingarplön, sem þá voru uppi og fengu nafnið pólitísk fjárfesting hjá því liði, sem styður núv. ríkisstj.

Það er, eins og þegar hefur verið tekið fram, alveg vitað mál, að bankaútibúin úti í dreifbýlinu eru lyftistöng í atvinnulífi og verzlunarmálum viðkomandi byggðarlaga, enda hefur verið sótt eftir því að fá slík útibú sett á stofn. Þetta er ákaflega skiljanlegt. Hvernig væru þeir staðir úti á landi settir, sem hafa haft útibú, hvernig mundi fólki þar verða við, ef bankaútibúunum væri kippt í burtu? Hvernig mundi fólki á Seyðisfirði bregða við það, ef Útvegsbankinn, sem starfað hefur þar lengi, væri þar ekki til staðar lengur? Þá gefur það auga leið, að aðrir staðir, sem ekki hafa notið slíkrar fyrirgreiðslu, æskja þess að fá hana. En nú virðist sem sagt eiga að spyrna við fótum í þessu efni, því að til einhvers er verið að berjast fyrir því nú með oddi og egg að koma þessu stöðvunarákvæði inn í löggjöfina.

Það hefði verið rétt að vinna í gagnstæða stefnu og m. a. greiða fyrir því, að útibúin úti á landi gætu veitt meiri þjónustu en þau hafa gert til þessa. Það er alveg opin leið. Ég tek það sem dæmi, að útibú Búnaðarbankans afgreiði fastalánin. Þetta eru lán, sem fara eftir mjög föstum formum. Og jafnvel þó að lánsskjöl væru send aðalbankanum til úrskurðar, þá er náttúrlega alveg gefið að láta greiðslur fara fram í útibúunum, til gífurlegs hagræðis fyrir alla, sem hlut eiga að máli, og enn sjálfsagðara að láta afborganir og vaxtagreiðslur af þessum lánum ganga í gegnum útibúin. Þetta hefur ekki verið gert, verður vafalaust tekið upp einhvern tíma, þó að það kannske kunni að dragast, því að þetta er ekki annað en það, sem sjálfsagt er. En það er nú eitthvað annað, að því er virðist, en það eigi að stuðla að slíku og þvílíku, heldur hið gagnstæða, heldur á að fá ríkisstj. í hendur heimild til þess að stöðva frekari þjónustu við fólkið á landsbyggðinni.

Ég mun að sjálfsögðu ekki brjóta þær reglur, sem hér hafa verið settar um ræðutíma, þó að margt fleira mætti um þetta segja. Ég vil að lokum aðeins segja þetta: Hæstv. viðskmrh., sem ber þetta mál svo mjög fyrir brjósti, hefur setið hér undir alllöngum umr., sem eru þó í sjálfu sér alls ekki óeðlilega langar, því að þetta er ekkert smámál, sem þarna er á ferð, ef nánar er að gáð, án þess að segja hér eitt orð eða svara að nokkru þeim fsp., sem til hans hefur verið beint. Ég vil enn að lokum, um leið og ég lýk máli mínu, spyrja hæstv. ráðherra: Hvað veldur þessu, hvað veldur því, að nú þykir svo nauðsynlegt að koma inn í lög heimild fyrir ríkisstj. til þess að stöðva fjölgun bankaútibúa á landinu?

Hvað veldur þessu? Hvers vegna er þetta borið fram núna? Hver er sú knýjandi nauðsyn, sem rekur hæstv. ríkisstj. til þess að heyja þögula baráttu fyrir þessu máli á löngum næturfundi og komið fast að þinglausnum?

Umr. (atkvgr. frestað).

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 681 felld með 19:13 atkv.
— 682 felld með 20:18 atkv.
Frv. samþ. með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PS, SÁ, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, RJ, EI, EmJ, GuðlG, HermÞ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MÁM, AJ, SB.
nei: RA, SE, JK, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EÖS, EÁ, EystJ, GeirG, GíslG, VH, HS, HV, IG, JSk, LJós.
MB greiddi ekki atkv.
1 þm. (EOl) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 685).

40. Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Á 10. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa [58. mál] (þmfrv., A. 59).

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með frv. þessu, sem ég leyfi mér að flytja á þskj. 59, var með lögum nr. 41 á síðasta Alþ. kveðið svo á, að ríkissjóður skyldi árlega leggja af mörkum 3 millj. kr. á árunum 1963—1972, er hann lánaði síðan kaupstöðum og kauptúnum til kaupa á löndum og lóðum innan hlutaðeigandi sveitarfélaga. Samkvæmt nefndum lögum má lánsupphæðin nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, og jafnframt er ríkisstj. samkv. þeim heimilt að ábyrgjast fyrir kaupandann allt að 40% af verðinu.

Tilgangurinn með þessari lagasetningu var sá að hjálpa sveitarfélögum til að komast yfir land, er þau þyrftu nauðsynlega á að halda. Í mörgum tilfellum hafði það dregizt svo lengi hjá mörgum sveitarfélaganna að afla sér eignarheimildar, að landið var ekki falt nema fyrir háar fjárhæðir, sem þau hvorki gátu aflað sér né staðið undir að greiða með venjulegum lánskjörum. Nokkur sveitarfélög, eins og t. d. Þórshöfn og Dalvíkurhreppur, hafa notað sér nefnd lög, og mörg munu áreiðanlega fylgja á eftir.

Heimilt er samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. laganna um landakaupin, að fjmrn. felli niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum, sem kaupin varða, en heimildin mun ekki ná til afsalsbréfa. Þar sem sanngjarnt má teljast og í fullu samræmi við tilgang laganna, er lagt til í þessu frv., að undanþáguheimildin verði einnig látin ná til afsalsbréfanna. Þarfnast það ekki nánari skýringa.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði eftir þessa umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr-. og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 75).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir, til athugunar og mælir n. einróma með, að það verði samþ. óbreytt, eins og fram kemur í nál. á þskj. 75.

Breyting sú, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er við 2. mgr. 2. gr. l. nr. 41 frá 27. apríl 1963. Segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrn. er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. gr."

Frv. þetta gerir hins vegar ráð fyrir, að fjmrn. verði einnig heimilað að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, er keypt hafa verið með aðstoð ríkissjóðs samkv. umræddum lögum frá 27. apríl 1963.

N. leitaði umsagnar félmrn. um frv. og telur rn., að svo muni hafa verið til ætlazt, er frv. til l. um þetta efni var lagt fyrir hv. síðasta Alþingi, að heimild fjmrn. um að fella niður þinglestur og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, er hér um ræðir, ætti einnig að ná til afsalsbréfa, og hefur hæstv. fjmrh. einnig fyrir sitt leyti lýst sig samþykkan þeirri breytingu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

N. leggur til, herra forseti, að frv. þetta verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv .

Á 19. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 124).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Á síðasta þingi voru samþ. lög um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa. Í 2. málsgr. 2. gr. þeirra laga segir svo: „Fjmrn. er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. gr.“ En þar er átt við lánsfé, sem ríkissjóður leggur fram árlega.

Það hefur sennilega ekki verið athugað, þegar þessi lög voru sett, að sveitarfélögin eða kaupstaðirnir og kauptúnin koma til með að þurfa frekari þinglesturs- og stimpilgjöld í sambandi við þessa lagasetningu heldur en eingöngu af lánsskjölum, það þarf líka að greiða slík gjöld af afsölum, og þau gjöld eru hærri en þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum. Þess vegna hefur í Nd. verið flutt frv., sem gerir ráð fyrir því að heimila einnig niðurfellingu þinglesturs- og stimpilgjalda af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, og það er eina breytingin við þessi lög, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér.

Þetta frv. hefur verið samþ. án breytinga í Nd., og heilbr.- og félmn., sem hefur athugað frv., leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 172).

---

41. Siglingalög.

Á 15. fundi í Sþ., 13. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914** [63. mál] (þmfrv., A. 68).

Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var afgreitt frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 1914, en það er mikill lagabálkur, sem lítið hefur verið breytt frá upphafi. Við undirbúning að heildarútgáfu siglingalaganna samkv. l. nr. 15 frá 20. apríl s. l. hefur komið í ljós, að láðst hefur að fella niður úr 225. gr. l. frá 1914 málslið þann, sem um getur í grg. þessa frv., en sá málsliður er fyrir löngu orðinn úreltur vegna verðlagsbreytinga, og er ekki lengur farið eftir honum af dómstólum. Er hér um að ræða ákvörðun bóta fyrir tjón á skipum eða mönnum, sem orsakast af árekstri skipa, og segir svo í málsl.: „Hvorki þessar bætur (þ. e. dánarbætur í eitt skipti fyrir öll) né bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 kr.“ Þessi úreltu ákvæði er lagt til að falli burtu, og er það aðalefni frv. Sjútvn. taldi, að hér væri um augljósa og sjálfsagða leiðréttingu að ræða og féllst því á tilmæli samgmrn. um að flytja frv. það, sem hér liggur fyrir, og mælir með samþykkt þess.

Ég legg til, herra forseti, fyrir hönd n., að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 2. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 164).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér um ræðir. Leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Á s. l. Alþingi voru samþykktar allmiklar breytingar á siglingalögunum frá 1914. Hafði sá lagabálkur þá staðið að mestu leyti óbreyttur um nær 40 ára skeið.

Efni þessa frv. er það, sem fram kemur í grg., en þar segir, með leyfi forseta:

„Í ljós hefur komið í sambandi við heildarútgáfu á nýjum siglingalögum samkv. 15. gr. l. nr. 15 20. apríl 1963, um breyt. á siglingal., nr. 56 30. nóv. 1914, að í 9. gr. fyrrnefndra laga, 2. tölul., hefur láðst að fella niður 3. málsl. 1. mgr. 225. gr. síðarnefndra laga, en aðeins felldur niður 2. málsl.

Enda þótt bætur þær, sem getið er í nefndum málsl., séu augljóslega úreltar vegna mikilla verðbreytinga, síðan lögin voru sett árið 1914, og jafnvel dómur fallið gagnstætt ákvæði þessu, þykir rétt að afnema það formlega með lögum, áður en siglingalögin eru gefin út sem heildarlög með áorðnum breytingum."

Þessi grein siglingalaganna, 225. gr., hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef tjón verður á skipi, pósti eða mönnum af því, er skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlauzt. Nú hefur mannsbani hlotizt af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafizt, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitið, að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð í eitt skipti fyrir öll. Hvorki þessar bætur né bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 kr."

Það er þessi síðasti málsl., 3. málsl.: „Hvorki þessar bætur né bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 kr.," sem láðst hefur að fella niður, en það gefur auga leið, að þessi upphæð, sem hér um ræðir, er löngu úrelt og þess vegna sjálfsagt að leiðrétta og fella niður, eins og lagt er til í þessu frv., enda er einnig á það bent í grg. fyrir frv., að þessi málsl. hefur ekki verið virtur og dómar hafa gengið í aðra átt.

Eins og fram kemur í áliti sjútvn., mælir n. einróma með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 174).

---

42. Þingfararkaup alþingismanna.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna [146. mál] (A. 266).

Á 55. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 31 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Lög þau, sem nú eru í gildi um þingfararkaup og lífeyrissjóð alþm., eru nr. 84 frá árinu 1953, ásamt breytingu, sem gerð var með l. nr. 110 1954. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan þessi lög voru sett, hafa allar aðstæður breytzt mjög mikið, einkum við það, að nýrri kjördæmaskipun var komið á árið 1959 og kjördæmin stækkuð. Hefur síðan staðið til að endurskoða lögin um þingfararkaup o. fl., þótt ekki hafi af því orðið fyrr en nú, að árangur endurskoðunarinnar liggur fyrir í frv. því, sem hér er til umr.

Þingfararkaupsnefnd lét semja frv. um þetta efni 1962, eins og frá er sagt í grg. með frv. Það frv. var síðan endursamið af samninganefnd ríkisstj. í kjaramálum, en í henni áttu sæti ráðuneytisstjórarnir Sigtryggur Klemenzson og Gunnlaugur Briem og Jón Þorsteinsson alþm. Með n. starfaði skrifstofustjóri Alþingis, Friðjón Sigurðsson. Síðan hefur frv. verið til athugunar hjá hæstv. ríkisstj. og þingflokkunum, og endanlega var frá því gengið í því formi, sem það liggur hér fyrir, af þingfararkaupsnefnd og fulltrúa Alþb., hv. 4. þm. Norðurl. e., Birni Jónssyni, ásamt skrifstofustjóra Alþingis. Þingfararkaupsnefnd hefur svo óskað þess, að frv. yrði flutt í hv. d. af fulltrúum allra flokka, og samkv. þeirri ósk er það fram borið af mér og forseta Nd., hv. 2. þm. Vestf., Sigurði Bjarnasyni, ásamt formönnum þingflokka Framsfl. og Alþb., hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, og hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er gerð sú höfuðbreyting á launakjörum alþm., að þeir fá greidd árslaun í stað dagkaups. Dagkaupið hefur einungis verið greitt yfir þingtímann og nam s. l. ár að meðtöldu orlofsfé 81464 kr. Samkv. 1. gr. frv. er lagt til, að árskaupið verði 132 þús. kr., og þýðir það þá 50536 kr. hækkun á árskaupi hvers þm., miðað við s. l. ár. Mér er það kunnugt, að sumir þeirra aðila, sem um frv. þetta hafa fjallað, hafa talið, að hækkunin þyrfti að vera meiri

en hér er lagt til með tilliti til stækkunar kjördæmanna og þess aukna tíma til ferðalaga og fyrirhafnar almennt í sambandi við þingmennskuna, sem þm. hafa orðið að bæta á sig af þeirri ástæðu. Fullt samkomulag hefur þó orðið um frv. í heild og kaupupphæðina samkv. 1. gr. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir, að þingið taki þátt í auknum ferðakostnaði vegna ferðalaga um kjördæmin, svo sem gert hefur verið s. l. 2 ár, sbr. 4. og 5. gr. frv. og skýringar við þær, en til skamms tíma var það svo, að alþm. fengu aðeins greiddan ferðakostnað til Alþingis og heim aftur frá þingi.

Samkv. 2. gr. gildandi þingfararkaupslaga skyldi reisa þingmannabústað, svo fljótt sem við yrði komið. Þetta lagaákvæði hefur aldrei komið til framkvæmda, og vegna breyttra viðhorfa er það fellt niður í frv., sbr. 2. gr. og grg. með henni. Ég veit ekki, hvaða afstöðu aðrir hv. alþm. hafa nú varðandi byggingu þingmannabústaðar. Ég minnist þess ekki, að málið hafi borið á góma á Alþingi. Málið mun oft hafa verið rætt áður, en áhugi fyrir því virðist hafa farið þverrandi, og e. t. v. má segja, að það sé að mestu leyti úr sögunni í því formi, að byggður verði sameiginlegur þingmannabústaður, eins og eitt sinn mun hafa verið hugmyndin. Það er nú svo komið, að mjög margir þm. hafa eignazt eigin íbúðir í námunda við þingstaðinn og eru jafnvel búsettir þar allt árið. Vegna þeirra þm., sem eftirleiðis þurfa að leysa bústaðavandamálið, virðist mér þá, að sú leið hljóti að koma mjög til athugunar, að lífeyrissjóður alþm. verði efldur svo, að hann geti veitt einhverjar fyrirgreiðslur með lán til íbúðakaupa. Þetta þykir e. t. v. fjarstæðukennd hugmynd vegna þess, hversu sjóðurinn er nú lítils megnugur, en ég vil benda á, að bæði vegna fjölgunar þm. 1959 og vegna hækkaðs kaups á sjóðurinn fyrir sér að vaxa. Vil ég í þessu sambandi leyfa mér að upplýsa, að hæstv. fjmrh. hefur samkv. tilmælum sjóðsstjórnarinnar fallizt á að láta tryggingafræðing undirbúa breytingar á gildandi reglum um sjóðinn. Munu undirbúningsathuganir tryggingafræðingsins væntanlega leiða í ljós, hvort sú hugmynd, sem ég hef drepið hér á, sé framkvæmanleg eða ekki. Verður lífeyrissjóðsmálið lagt fyrir hv. Alþingi, þegar lokið er þeirri endurskoðun gildandi lagaákvæða um það efni, sem nú er á byrjunarstigi, en þangað til fer um gjald til sjóðsins og lífeyri alþm. og maka þeirra eftir l. frá 1953 og 1954, sbr. 9. gr. frv.

Ég vil svo að lokum láta í ljós þá skoðun, að eins og nú er háttað störfum og skyldum alþm., verði ekki lengur hjá því komizt að gera þá höfuðbreytingu á kjörum þeirra, sem í frv. þessu felst, þ. e. að greitt verði árskaup í stað dagkaups yfir þingtímann. Þingsetan sjálf tekur orðið 6—7 mánuði á ári hverju, en þar að auki þurfa margir þm. a. m. k. 1—2 mánuði til að ferðast um í kjördæmum sínum, og raunar er það svo, að þm. hafa að staðaldri margvísleg störf með höndum fyrir kjördæmi sín og kjósendur, sem gera þeim í mörgum tilfellum erfitt um vik með að sinna öðrum störfum. Það er því eðlileg og sanngjörn ósk þm., að þannig sé að þeim búið, að þeir geti sem bezt leyst af hendi þingmannsstörfin. Með frv. þessu er að verulegu leyti komið til móts við þær óskir, þó að alltaf megi um það deila, hvort menn séu nægilega rétt haldnir hvað snertir kaup og kjör. Það á jafnt við um þm. sem aðra.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að ræða efni þessa frv., því að það mun vera samkomulagsmál milli ríkisstj. og stjórnmálaflokkanna, þingflokkanna. En ég heyrði, að hv. frsm. gaf upp eina upphæð hér viðvíkjandi þingfararkaupi þm. s. l. ár og sagði, að það hefðu verið 81 þús. kr. að meðtöldu orlofi. Í fyrsta lagi kann ég ekki við það, að orlofi sé blandað saman við laun, hvorki á Alþingi né annars staðar, því að það eru engin laun, og a. m. k. er það svo, að ég hef ekki neinar sögur af orlofi alþm. En það er hins vegar saga, sem er vert að segja frá á Alþingi, að alþm. hafa verið á tvenns konar launum. Sumir hafa verið með þingfararkaup án orlofs, en aðrir að viðbættu orlofi, og ég held, að ég fari rétt með það, að mitt þingfararkaup var gefið upp af skrifstofu Alþingis 76 þús. kr. og nokkur hundruð s. l. ár.

Það eru hins vegar nokkuð mörg ár síðan það vitnaðist, að farið væri að greiða sumum þm. orlof, en öðrum ekki. Við eftirgrennslan kom í ljós, að það hafði verið úrskurðað af einhverjum aðilum, að sumir þm. skyldu njóta orlofs og aðrir ekki eftir því, hvort þeir væru á föstum launum hjá öðrum fyrirtækjum eða ekki. En þeir þm., sem væru á föstum launum hjá einhverjum öðrum fyrirtækjum en hv. Alþingi, skyldu ekki fá orlof á það kaup, sem þeir þó fengju greitt hjá Alþingi. Þetta kemur mér dálítið spánskt fyrir, því að ég veit ekki annað en sérhver atvinnurekandi og þá væntanlega Alþingi Íslendinga líka skuli greiða orlof á þau laun, sem sá atvinnurekandi greiðir, alveg án tillits til þess, hvort viðkomandi launþegi hefur tekjur hjá öðrum aðila eða ekki, en það er hans skylda að greiða honum orlof af þeim hluta launanna og getur hvorki losað einn né annan atvinnurekanda og ekki heldur Alþingi frá þeirri skyldu að eiga að greiða orlofsfé af því kaupi, sem það greiðir. Ég hef alltaf vefengt þennan úrskurð og tel hann rangan, og mun ég nú a. m. k. áskilja mér allan rétt. Þar sem ég hef átt reikning liggjandi hér á Alþingi núna hátt í 2 ár viðvíkjandi orlofi, þá mun ég nú afhenda hann lögfræðingi gegn Alþingi, því að ég uni því ekki að vera á öðru og lægra þingmannskaupi en aðrir, og veit ég, að svo er um marga þm. hér aðra. Fyrir þessu er enginn grundvöllur að mínu áliti. Og lögfræðingar, sem ég hef talað við, telja, að sérhverjum aðila beri að greiða

orlof af þeim launum, sem hann greiðir sínum launþegum. Allra helzt, þegar þetta er nú kallað kaup af frsm. hér á hv. Alþingi, talið með þingfararkaupinu, þá tel ég ástæðu til þess að una því ekki, að þm. séu hér á tvenns konar launum. Þetta hefur ekki farið eftir því, hvort menn voru tekjuháir eða ekki. Margir af tekjuhæstu alþm., ef þeir tóku ekki sínar tekjur að öðru leyti í launum, höfðu orlof á sitt þingfararkaup. En ef þeir voru á launum hjá öðrum, hversu lágt sem það kaup var, þá höfðu þeir ekkert orlofsfé frá Alþingi. Læknir hefur orlof hér á Alþingi. Lögfræðingur hefur það, sem hefur einkaskrifstofu. En ég hygg hins vegar, að sýslumaður hafi það ekki.

Ég tel, að samkv. l. um orlof eigi þeir alþm., sem ekki vilja una því að vera á einhverju 2. flokks þingmanns kaupi, rétt á að krefja Alþingi um orlof 4 ár aftur í tímann, því að orlof fyrnist á 4 árum, og sé ekki nokkra minnstu ástæðu til annars en að gera það. Ég hef ekkert svar fengið við því bréfi, sem ég skrifaði fyrir fast að 2 árum til þingsins um þetta, og tel mig eiga fullan rétt á því að láta lögfræðing kanna réttmæti á innheimtu þess, ef ekki fæst gert upp með góðu, eins hjá Alþingi og öllum öðrum atvinnurekendum, að greiða orlof af þeim launum, sem viðkomandi aðili hefur greitt, 6%.

En það, að ég hreyfði þessu nú, byggist á þessu einmitt, að þarna er orlofsfénu blandað saman í framsöguræðu við launagreiðslu til þm., sem ég tel ekki rétt. En launagreiðsiunni á að fylgja hjá sama atvinnurekanda orlofsskylda til allra launþega hans. Og ég get ekki ímyndað mér, að það samræmist l. um orlof, að sumum launþegum í þjónustu eins fyrirtækis sé úrskurðað orlof, en öðrum ekki.

Flm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að deila hér við hv. 5. þm. Vestf. út af orlofinu. Hann á að sjálfsögðu um það við þingfararkaupsnefnd, sem hefur með þessa hluti að gera. Það er aðeins eitt atriði í ræðu hans, sem ég vil mótmæla, og það er það, að það eigi ekki að telja orlofið sem kaup. Ég veit ekki betur en það komi eins mikið við budduna hjá hverjum atvinnurekanda, sem verður að greiða það, eins og annað kaup, og sömuleiðis að þeir, sem taka við því, verða að greiða af því skatta og skyldur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta því ómótmælt, að orlof er allt annað en laun. Og það hefði verið réttast af hv. frsm. að viðurkenna það, að hann fór rangt með það. Orlofsféð hefur notið annarra réttinda samkv. lögum heldur en laun, og ef orlofsfé var greitt með réttum hætti, í merkjum, eins og atvinnurekendum er skylt lögum samkvæmt, þá var enginn fjárnámsréttur í orlofsfénu vegna almennrar skuldakröfu á viðkomandi mann. Og það er fyrst þegar farið var nokkuð almennt að brjóta orlofslöggjöfina og blanda því saman við launagreiðslur, eins og hv. frsm. gerir líka, að farið var að blanda þessu saman við laun. En það er ranglega gert, og ég mótmæli því a. m. k., að sá skilningur verði lögfestur hér á Alþingi, að orlofsféð sé sama sem laun. Það á ekkert skylt við laun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 279).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft frv. til meðferðar, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 279, mælir n. með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér orðum um frv., 1. flm. gerði það ýtarlega í sinni framsöguræðu. Ég vil þó geta þess, að í grg., þ. e. a. s. um 4. gr., hefur slæðzt inn villa, þar stendur „á árinu 1961", á að vera „á þinginu 1961—1962".

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Að tilhlutan þingfararkaupsnefndar var í ársbyrjun 1962 samið nýtt frv. um þingfararkaup alþingismanna, sem af ýmsum ótilgreindum ástæðum náði þá ekki fram að ganga. Höfuðástæðan mun þó hafa verið sú, að óeðlilegt þótti, að alþm. hefðu frumkvæði að launalagfæringum, og launadeilur hafa á þessum tíma verið alltíðar. Eins og í grg. fyrir frv. segir, fól svo hæstv. þáv. forsrh. samninganefnd ríkisstj. í kjaramálum í samráði við skrifstofustjóra Alþ. að endurskoða lög um þingfararkaup, m. a. með hliðsjón af þeim breytingum, sem átt höfðu sér stað á launakjörum opinberra starfsmanna. Samninganefndin byggði að mestu á frv. því, sem upphaflega var samið í ársbyrjun 1962. Tölum hefur hins vegar verið breytt og nokkrum minni efnisatriðum. Auk þingfararkaupsnefndar hefur málið um alllangt skeið verið

til umræðu og athugunar hjá þingflokkum og hæstv. ríkisstjórn, og birtast niðurstöður þessara umræðna og athugana í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Að sjálfsögðu má um tölur frv. þessa deila, einum finnst þær of lágar, öðrum of háar, eins og venja er til, þegar slík mál eru til umræðu. Margir vitna til þeirra launa og fríðinda, sem þm. annarra þjóða eru greidd, og komast þá að þeirri niðurstöðu, að þeir eru margfalt betur launaðir en frv. þetta felur í sér, enda munu þær þjóðir standa á traustari fjárhagslegum grundvelli en við. Slíkan samanburð heyrum við oft, þegar yfir standa launadeilur hinna ýmsu starfsgreina í þjóðfélaginu, og niðurstaðan er ávallt sú hin sama: sambærileg störf eru erlendis ávallt greidd hærra verði en hér. Sömu sögu er að segja um þingfararkaupið sjálft, þrátt fyrir leiðréttingu þá, sem frv. þetta felur í sér.

Höfuðbreytingin, sem í frv. þessu felst frá fyrri lögum, er, að nú er þingfararkaup gert að árslaunum í stað dagkaups áður. Þingsetutíminn hefur undanfarin ár reynzt allmisjafn, en hefur þó sífellt verið að lengjast, auk þess sem breytt kjördæmaskipan hefur krafizt meiri starfa í sjálfum kjördæmunum. Langur tími er nú liðinn, frá því að fyrst var hreyft hér á Alþ. þeirri till. að gera þingfararkaup að árslaunum í stað dagkaups, og virðast menn á einu máli um, að öll rök séu til þeirrar breytingar.

Eftir að undirbúningi frv. lauk og samkomulag hafði tekizt á milli fyrrgreindra aðila, fór þingfararkaupsnefnd þess á leit við þá hv. alþm., er frv. þetta fluttu í hv. Nd., að þeir tækju að sér flutning málsins, þar sem n. sjálf er kosin af Sþ., og urðu þeir góðfúslega við því.

Ég taldi rétt, að þessar skýringar kæmu fram, áður en hv. Ed. tæki málið til meðferðar. Frv. er raunverulega flutt af nefnd og þyrfti af þeim ástæðum ekki að ganga til nefndar hér. Samkvæmt þingsköpum fara þó fram umræður um öll frv. önnur en fjárlög fram í deildum, og var því fyrrgreindur háttur á hafður um flutning málsins, og í hv. Nd. var málinu að lokinni 1. umr. þar vísað til nefndar, hv. fjhn., og ég legg til, herra forseti, að sami háttur verði á hafður hér, og geri það að tillögu minni, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 302).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tvenns konar breytingar frá því, sem gilt hefur um þingfararkaup alþingismanna. Í fyrsta lagi er hér um að ræða formsbreytingu, þannig að þingfararkaupið skal eftirleiðis vera mánaðarkaup, en ekki dagkaup eins og nú. En í öðru lagi er um að ræða breytingu til hækkunar á launanum sjálfum. Hvað snertir fyrra atriðið, að taka upp það fyrirkomulag, að framvegis verði greitt mánaðarkaup, en ekki dagkaup, þá held ég, að ekki sé ágreiningur um, að það sé til bóta. Hitt atriðið, hversu hátt þingfararkaup eigi að vera hverju sinni, getur auðvitað verið álitamál, og munu sjálfsagt skiptar skoðanir um það milli hv. þm., þannig að sumir munu telja það kaup, sem lagt er til að ákveðið verði samkv. þessum lögum, of hátt, en aðrir of lágt, og má færa fram rök fyrir hvorri skoðuninni sem er. En eins og flutningur frv. ber með sér, hefur orðið um það samkomulag milli þingflokkanna að ákveða þetta á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir.

Fjhn. hefur haft málið til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 302 ber með sér, er hún sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 323).

---

43. Eyðing refa og minka.

Á 18. fundi í Ed., 28. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka [88. mál] (þmfrv., A. 100).

Á 20. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það eru tvær breytingar á lögum um eyðingu refa og minka frá árinu 1957, sem hér liggja fyrir til umr.

Í fyrsta lagi er það breyting á 9. gr., þar sem lagt er til, að verðlaun fyrir að vinna refi og minka verði hækkuð nokkuð. Þessi lög eru 5 ára gömul, og það hafa orðið miklar verðbreytingar síðan á öllum hlutum til hækkunar. Það hefur komið í ljós, að það fást ekki menn til þess að sinna því starfi að eyða hlaupadýrum fyrir eins lágt gjald og ákveðið er í

lögunum. En ég fyrir mitt leyti tel, að sú aðferð að ná hlaupadýrum sé skásta aðferðin og um leið ódýrasta til þess að halda þessum meindýrum í skefjum, þannig að þeim fjölgi ekki svo, að þau geri stórskaða í landinu. Einkanlega er það minkurinn, sem er aðskotadýr í íslenzku náttúruríki, sem hefur orðið mjög skæður í vörpum og öðru fuglalífi og einnig í ám og vötnum, og í þriðja lagi hefur hann lagzt á alifugla og gert mikinn skaða, og í sumum landshlutum er þetta hrein landplága. T. d. við Mývatn, í þeirri miklu fuglaparadís, sem þar er, vofir yfir alveg stóreyðing af völdum þessa dýrs, ef hann nær að festa þar rætur og fjölga. Þar hefur verið gert mjög mikið til að stemma stigu fyrir þessu og líklega varla annars staðar á landinu unnið eins ötullega að því að útrýma þessu dýri. En þar er aðstaða eins vond til þess og hugsazt getur. Þó hefur tekizt til þessa að halda þessum vargi niðri, svo að hann hefur ekki verulega eytt fuglalífi við Mývatn, en ég hef sagnir af því, að víða á landinu eru fuglar svo til aleyddir af þessum sökum. En þó að gert sé á einstaka stað mikið af því að halda þessu niðri, þá flæðir þetta yfir frá öðrum stöðum, þar sem minna er að gert.

Ég tel, að það sé í rétta átt að hækka verulega verðlaun fyrir að vinna þessi dýr og þar með auka starfsemi í þá átt, en hún er víða á landinu aðeins sú, að einstakir menn vinna að þessu og fá ekki annað greitt en verðlaunin, sem greidd eru fyrir. Ég tel, að sú hækkun, sem hér er gert ráð fyrir, sé ekki meiri en svo, að hún megi ekki minni vera, til þess að svipaður áhugi verði fyrir því, að einstakir menn fáist til að sinna þessu starfi fyrir verðlaunin ein.

Í öðru lagi er það 11. gr. umgreindra laga, sem lagt er til að breytist eða réttara sagt falli algerlega niður um sinn. 1957 voru samþykkt lög á Alþ. um skyldueitrun, sem svo er nefnd. Það var nýtt ákvæði, að eitra skyldi fyrir refi og minka á hverju ári. Um það ákvæði urðu miklar deilur á þingi 1957 og einnig svo miklar blaðadeilur og ágreiningur meðal alls almennings í landinu, að það mun sjaldan hafa verið jafnmikið deilt um lagasetningu. Sú óhugnanlega skylda var þá lögð á sveitarstjórnir að gerast eiturbyrlarar, ekki aðeins fyrir þessi dýr, refina og minkana, heldur og fyrir ýmis önnur dýr, sem eitrið taka, án þess að þeim sé ætlað að taka það, bæði fugla og meira að segja tamin spendýr. Ég varð þess var, að þegar þessi lög komu, þá gerðu margir oddvitar það mjög nauðugir að framfylgja þeim eða starfa að þessari iðju, og jafnvel sumir létu það undir höfuð leggjast og urðu þar með brotlegir við lög og gátu átt yfir höfði sér sektir. Fyrir Alþ. liggur nú áskorun frá einni sýslunefnd, sýslunefndinni í Vestur-Húnavatnssýslu, um það að afnema þessa skyldu. Og ég veit það af eigin raun, að hún talar fyrir munn margra, a. m. k. margra oddvita, sem ég hef haft persónuleg sambönd við. Ég held sé óhætt að fullyrða það, að sá áhugi, sem var fyrir þessari eitrunarskyldu 1957, sé nú mun minni eftir þá reynslu, sem orðin er í 5 ár.

Það er einkum þrennt, sem ég tel að skeri úr um það, að ráðlegt sé að gera a. m. k. hlé á þessari starfsemi um 5 ár, eins og lagt er til í frv. Í fyrsta lagi er það, að eitrun er í sjálfu sér mikið óyndisúrræði og viðurstyggileg. Auk þess er hún stórhættuleg öðrum dýrum en þeim, sem hún á sérstaklega að ná til, og jafnvel mönnum líka. Ég gæti fært fram fjölda dæma um það, og rétt sem dæmi vil ég geta þess, að fyrsta árið, sem þessi skylda var lögboðin, þá vissi ég til þess, að í einum hreppi ekki langt frá mér varð árangurinn sá, að 3 hundar oddvitans og nágranna hans fórust af eitrinu, en aðeins 1 refur, svo að vitað væri. Í næsta hreppi vissi ég um 2 fálka, sem fórust af eitraðri rjúpu, og í næsta hreppi vissi ég einnig um 2 fálka, sem fórust af eitraðri rjúpu, en um mjög fáa refi var að gera, sem tóku eitrið. En nú er fálkinn einn af þeim fuglum, sem eru svo að segja að hverfa úr íslenzku fuglaríki, máske að mjög miklu leyti fyrir þessa starfsemi. Það var líka um þetta leyti, sem munaði aðeins hársbreidd, að einn maður, sem fann rjúpu á víðavangi, væri ekki búinn að steikja hana og borða á jólunum, hún hafði verið borin út fyrir refi. Ég skal nú ekki vera að hrella menn með því að tala meira um þetta, en það eru mýmörg fleiri dæmi, sem ég gæti nefnt af svipuðu tagi.

Í öðru lagi er það að segja um eitrun fyrir refi, að það eru mjög skiptar skoðanir um það, hvort hún hafi veruleg áhrif til fækkunar refastofninum. Ég þekki tvo eða þrjá menn, sem eru allt að því refafræðingar, nákunnugir háttum refa, sem halda því alveg hiklaust fram, að eitrunin hafi að vísu nokkur áhrif á það að fækka heimskustu dýrunum, en hún ali að hinu leytinu upp dýrbíti, vegna þess að vitrustu dýrin, þegar þau fara að kynnast því, sem út er borið, þori ekki að leggja sér til munns annað en það, sem þau veiða sjálf, þ. e. a. s. fugla og fé, þó aðallega unglömb. Ég vil ekki fullyrða um það, hvort þetta er alveg rétt, en ég hygg, að það sé mjög mikið til í þessu.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, sem ég tel að skeri úr um það, að rétt sé að gera a. m. k. hlé á þessari starfsemi, og það er það, sem áður hefur verið allmikið um rætt, að eitrunin er að útrýma einum tilkomumesta fugli, sem hér þekkist og yfirleitt í öllum löndum, erninum. Það mundi kannske einhver segja, að það sé bættur skaði, þó að örninn hverfi úr sögunni, því að hann sé ekki nytjafugl. En þó er það svo, að örninn hefur verið friðaður hér um tugi ára og löggjafinn hefur talið, að það komi ekki til mála, að þessi merkilega fuglategund eigi að líða undir lok. Og um leið og þessi lög voru gerð 1957, var gerð sú undanþága með reglugerð haustið 1958, að ekki skyldi

eitra fyrir refi í 7 sýslum landsins af hlífisemi við það, að eitrið mundi granda þeim örnum, sem talið var þá og talið er enn að héldust við í þessum landshluta aðeins. Þessar sýslur voru Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla. En þetta voru, eins og ég drap á, þeir varpstaðir arna þá, þeir einu varpstaðir, sem talið var að væri um að ræða hér á landi. Og hið sama gildir enn, að á þessum landshluta eru þeir örfáu ernir, sem enn eru taldir vera eftir á landinu. Að áliti þeirra manna, sem bezt hafa kynnt sér þessa hluti, eru nú vart meira en fjögur eða fimm pör eftir og kannske nokkrir einstakir fuglar þar að auki. Allir vita, að allt frá 1890, er eitrun var hér upp tekin og framkvæmd í stórum stíl næstu tvo áratugi á eftir, fækkaði þessari fuglategund ákaflega mikið og reynist eitrið því skæðari henni en öllum öðrum tegundum, og ef eitrun verður haldið áfram, mun vera algerlega sýnt, að þessir fáu fuglar, sem eftir eru, muni hverfa úr sögunni. Þó að örninn sé enginn nytjafugl, munu þó fáir telja, að hann eigi að hverfa, og eins og ég gat um áðan, þá hefur löggjafinn fyrir löngu gert þær ráðstafanir, sem þá þótti tiltækar til þess að sporna gegn því, þ. e. a. s. að friða hann og leggja við stórsektir, að hann væri drepinn. Og ég held, að það geti varla verið margir, sem telja nú, að það sé sæmilegt, að sjálfur löggjafinn, þ. e. a. s. ríkisvaldið, semji og viðhaldi löggjöf, sem útrýmir honum, eins og 11. gr. laganna frá 1957 stefnir að.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta öllu meira. En til viðbótar því, sem ég hef sagt, vil ég vísa til þeirrar grg., sem fylgir þessu frv., og vænti þess, að hv. þingdeild sjái sér fært að samþykkja þann frest á framkvæmd á 11. gr. laganna, sem hér er lagt til að gerður verði um 5 ára skeið. Það er hugsað sem nokkurs konar reynslutími og menn geti áttað sig á þessum hlutum betur en þegar virðist vera orðið, og þeir, sem telja það illa nauðsyn að viðhafa eitrun til útrýmingar refum og minkum, munu nú mjög margir hverjir telja, að það hafi ekki veruleg áhrif í þá átt, þó að þessi frestur sé tekinn, vegna þess að nú er refurinn farinn að vara sig á eitrinu.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og n., sem ég vil stinga upp á að sé landbn., þar sem þessi mál eru talin snerta landbúnaðinn að vissu leyti meira en aðra atvinnuvegi, þó að málið sé í heild að mínu áliti alþjóðarmál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 248 og 557, 249).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég tel rétt að gera hér nokkra grein fyrir frv. þessu, er snertir kostnað ríkissjóðs af eyðingu refa og minka. Til viðbótar þeim kunnugleika, sem ég þykist hafa á þessum málum gegnum sveitarstjórnarstörf, hef ég leitað til veiðistjóra um upplýsingar um tölur, að því er snertir útgjöld vegna laga um eyðingu refa og minka nú hin síðustu ár. Samkv. skýrslu frá honum hafa verið felldir 2408 refir 1961, þar af hlauparefir, sem svo eru nefndir, 517. Kostnaður á hvert hlaupadýr samkv. l. er 350 kr., en kostnaður á hvert grendýr, að viðbættum þeim dýrum, sem eytt hefur verið af eitri, er líðlega 1000 kr. til jafnaðar. 81 dýr er talið hafa farizt af eitri þetta ár, samkv. skýrslum, sem veiðistjóra hafa borizt. Tel ég efalaust, að kostnaður við eitrun hafi aldrei verið minni á hvert þetta dýr, en jafnaðarmeðalkostnaðurinn á grendýr varð um 1000 kr. á dýr. Mundi það gera 80 þús. kr. 1962 voru felldir alls 2065 refir, þar af eru hlaupadýr 375 eða 142 færri en árið áður. Kostnaðurinn varð enn sem fyrr um 1000 kr. á grendýr eða líðlega það, en þá fundust 45 refir, sem höfðu farizt af eitri, og eru þeir þar með taldir. Kostnaður á hlaupadýr var þá líka 350 kr. samkv. þeim lögum, sem gilt hafa um verðlaun fyrir að vinna þau dýr. Þó nú að verðlaun hækki upp í 700 kr., eins og hér er gert ráð fyrir, verður kostnaður miklu minni samt á hvert dýr heldur en á hin dýrin, eða 300—400 kr. a. m. k. Er því sýnilegt, að það er ódýrast að vinna dýrin með þessum hætti, ef á annað borð er hægt að fá menn til þess. En það er nú orðið svo til ógerlegt fyrir þá greiðslu, sem greidd er fyrir þetta, sem eru 5—6 ára gömul ákvæði og allir hlutir hafa hækkað síðan, eins og menn vita. Gera má ráð fyrir, að aukin verðlaun örvi hlaupadýraveiðar, svo að ekki dragi úr þeim, ef þau eru hækkuð. Með sömu verðlaunaveitingum leggjast þær veiðar áreiðanlega svo til niður. En segjum, að skotin verði 400 dýr, ef verðlaunin verða hækkuð. Þá nemur hækkunin 140 þús. kr. Þar frá tel ég, að megi draga a. m. k. 50 þús. kr. vegna sparnaðar við eitur, ef það ákvæði frv. verður samþykkt. Aðrar hækkanir, sem kunna að verða á kostnaði við eyðingu refa á næstunni, stafa þá ekki af ákvæðum þessa frv., ef samþ. verða, heldur af auknum vinnulaunum og aukinni dýrtíð.

Þá kem ég aftur að því er snertir minkana. Alls var 1961 felldur 2881 minkur. Kostnaður varð um 768200 kr. Felldir minkar 1962 alls 2658, kostnaður 764200 kr. Sannast að segja eru þetta ótrúlega lágar kostnaðartölur í sambandi við eyðingu minkanna, og stafar það af því, að gilt hafa gömul ákvæði síðan 1957 um að greiða aðeins 200 kr. í verðlaun fyrir að eyða minkum, en nú er sýnt, að enginn maður fæst til þess að vinna minkana upp á þessi kjör, heldur verður að semja við þá um einhverja dagpeninga og tímakaup og ferðakostnað.

Ef till. þær, sem fluttar hafa verið, verða samþykktar, mundi kostnaður við minkaveiðar hækka um 300—400 þús. kr., miðað við það, að jöfn tala dýra ynnist eins og meðaltalið 1961 og 1962. En þessi verðlaun eru nú svo lág, eins og ég sagði áðan, að það er, held ég, útilokað, að nokkur maður fáist til að sinna þessari starfsemi upp á þau ein, eins og aðalreglan hefur verið hingað til. En ég tel af allmiklum kunnugleika á þessum málum, að það megi með engu móti minnka sú ástundun, sem hafa verður á að veiða minkinn, vegna þess að allt fuglalíf hér á landi er í stórhættu, ef þessu dýri fjölgar úr því sem er. Nú mun minkurinn vera kominn svo til um allt land.

Brtt. við 8. og 9. gr. laganna eru gerðar mjög í samráði við veiðistjóra, sem er þessum málum allra manna kunnugastur. Og það skal tekið fram, að hækkun sú, sem talað er um vegna verðlaunanna, sem ég ræddi hér um áðan, og allur annar kostnaður verður greiddur að 1/3 af sveitarsjóðum og sýslusjóðum samkv. l., og virðist mér veiðistjóri reikna í sínum útreikningum alls staðar með öllum kostnaði af þessari starfsemi. Kostnaðarhluti ríkissjóðs samkv. þessu ætti þá að hækka um eitthvað líðlega 300 þús., miðað við það, að viðlíka mörg dýr vinnist og hafa unnizt tvö síðustu ár að meðaltali. Hámarksákvæði, sem nefnd eru í sambandi við 8. gr., eru aðeins gerð til þess að stemma stigu fyrir því, að kröfur verði gerðar um að verðlaun fyrir grendýr hækki til samræmis við verðlaunin fyrir hlaupadýr. Og þær tölur, sem þar eru nefndar, eru aðeins hinar sömu tölur og yfirleitt hafa gilt fyrir að vinna þessi dýr í grenjum, svo að þar held ég að sé engin breyting á, að því er snertir útgjöld ríkissjóðs.

Um 11. gr. l. skal ég vera fáorður og þá till. frv. að fresta framkvæmd hennar um 5 ár. Ég gerði nokkra grein fyrir nauðsyn þess við 1. umr., einnig í grg. og nál. Vil ég vísa til þess og taka fram sérstaklega, að í áliti dr. Finns Guðmundssonar kemur fram eindreginn stuðningur við að leggja niður eitrun fyrir refi. Álit veiðistjóra og stjórnar Búnaðarfélags Íslands er einnig jákvætt að því leyti, að þeir menn telja skynsamlegt að gera þar hlé á um 3 ár, en frv. gerir ráð fyrir 5 ára hléi. Það er aðeins það, sem á milli ber, hvort þessi reynslutími eigi að vera 3 ár eða 5. Ég tel, að hann megi ekki vera minni en 5 ár, til þess að séð verði, hvort aðaltilgangi þessarar breytingar á 11. gr. l. verði náð, þ. e. a. s. að koma í veg fyrir, að eitrunin eyði arnarstofninum. Og ég vænti þess, ef þetta 5 ára tímabil verður ákveðið, að aukinn skilningur vaxi á þeim tíma fyrir því, að stryknin-eitrun, sem nú hefur verið framkvæmd meira og minna síðan um það bil 1890, verður að afnema sem allra fyrst.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Að miklu leyti er landbn. sammála um það frv., sem hér liggur fyrir. Þau verðlaun, sem veita skal samkv. lögum, og þær breytingar, sem gerðar eru í þeim till., sem hér liggja fyrir, er enginn ágreiningur um. Við teljum, að það sé nauðsynlegt, ekki síst vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa í kaupgjaldsmálum allt frá 1957, að skotverðlaun séu hækkuð allverulega frá því, sem þá var ákveðið í lögum, og einnig, að það séu tekin upp verðlaun fyrir grendýr, en það hefur ekki verið til þessa. Og það er enginn vafi á því, að þegar þessi háttur verður á hafður, verður mun auðveldara en verið hefur að fá menn til að vinna greni og einnig að vinna hlaupadýr en verið hefur að undanförnu, vegna þess að sum sveitarfélög hafa átt í miklum erfiðleikum með að fá hæfa menn til þessara starfa. En þegar hægt er að benda á, að þessir menn beri meira úr býtum en verið hefur í þessu skyni, efast ég ekki um, að það geri sitt til þess, að hæfir menn fáist til þess að annast grenjavinnslu á vorin.

Hv. frsm. meiri hl. n., hv. 8. landsk., gerði hér nokkra grein fyrir þeim kostnaði, sem ríkið þarf að leggja fram árlega til þess að vinna greni og minka. Að sjálfsögðu er hægt út frá þeim skýrslum, sem fyrir liggja, að reikna út kostnað ríkisins við þessa hluti. En annað mál er svo hitt, hvernig til tekst með að gera sér ljóst, hverjum skaða bændur verða árlega fyrir í þessum efnum. Ég held, að það verði mjög erfitt að reikna út þann skaða, sem þeir kunna að verða árlega fyrir, og hef ég aldrei séð neinar tölur um það, þótt einstaka bændur hafi stundum gizkað á, hve mörg lömb hafi farið á vorin í refinn af þeim lömbum, sem fæðzt hafa. Og þótt kostnaður ríkisins kunni að verða nokkur af þessum sökum, hygg ég þó, að oft hafi verið allmiklu meiri sá kostnaður eða sá skaði, sem einstakir bændur hafa orðið fyrir í þessum efnum.

Spurningin er því sú, hvaða meðul eru tiltæk, til þess að við getum verið bezt á verði gegn því, að bændur biði stórtjón árlega af völdum refa og minka. Og hv. 8. landsk. hefur lýst því greinilega, að það muni verða til mikilla bóta hækkun á þeim verðlaunum, sem veitt verða samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir, og gerði hann það réttilega og erum við honum algerlega sammála í því. En mér er það minnisstætt, að frá því að þau lög, sem nú gilda í þessum efnum, voru lögfest vorið 1957, voru miklar umr. í hv. Alþingi um viss atriði laganna, vegna þess að með þeirri löggjöf var horfið yfir til margs konar nýjunga frá því, sem lög höfðu fyrir mælt áður. M. a. var þá stofnað nýtt embætti til þess að sjá um þessa hluti, þ. e. veiðistjóri, og ég hygg, að þar hafi verið valið vel og hann hafi staðið vel í sinni stöðu. Eitt atriði var það þó, sem mest var um deilt, því að mþn. sú, sem skipuð var samkv. þál. frá 1956, lagði til, að það skyldi skylt að eitra árlega fyrir refi og minka alls staðar á landinu. Þegar frv. var lagt fyrir Alþingi, hljóðaði 11. gr. þess svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum, þar sem

þessara vargdýra hefur orðið vart. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Stýfa skal hægri væng fugla, sem eitraðir eru. Oddvitar eða bæjarstjórar sjá um eitrun hver á sínu svæði. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkv. fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrmrn."

Ég vil vekja athygli á því og sé sérstaklega ástæðu til þess að gera það hér við þessa umr., að það varð gerbreyting á þessari 11. gr. við meðferð málsins í Alþingi 1957. En það skal fram tekið, að einn þeirra nm., sem áttu þátt í að semja upphaflega frv., vildi hafa þetta ákvæði heimildarákvæði, en það var yfirdýralæknir, Páll A. Pálsson, en hinir, sem voru í mþn. og sömdu frv., voru Andrés Eyjólfsson bóndi í Síðumúla og Páll Zóphóníasson, þáv. alþm. Þetta frv. var lagt hér fyrir hv. Ed. og hlaut þar fáar breytingar, en í Nd. urðu þó nokkrar breytingar á frv., og m. a. breyttist þá 11. gr. frv. í það horf, sem hún er nú í lögum, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana:

„Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka samkv. fyrirmælum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og á þeim svæðum, er veiðistjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni. Skal veiðistjóri hafa eftirlit með því, að eitrun sé framkvæmd eins og til er ætlazt. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkv. fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrmrn."

Mér finnst, að þessi grein laganna sé það rúm, að það sé hægt að koma á móts við óskir fjölda manna, bæði þeirra, sem enga eitrun vilja hafa, og einnig hinna, sem telja útilokað annað en eitra fyrir refi og minka á vissum svæðum á landinu. Og samkv. núgildandi reglugerð eru, eins og fram hefur komið í þessum umr. og fram er tekið í grg. hv. flm., nokkrar sýslur, þar sem eitrun hefur algerlega verið bönnuð. Og það hefur ekki komið fram í þessum umr., að lagðar hafi verið fram neinar óskir til stjórnar Búnaðarfélags Íslands eða veiðistjóra um það að undanþiggja fleiri eða stærri svæði á landinu frá eitrun en nú er gert. Og mér er nær að halda út frá þeim ummælum, sem Búnaðarfélag Íslands og veiðistjóri hafa látið frá sér fara, þegar þeir voru aðspurðir um þetta frv., að það hefði verið auðsótt að fá reglugerðinni breytt í það horf, að það væri ekki eitrun viðhöfð nema á sárafáum stöðum í landinu, en slíkt er, að ég held, algerlega til samræmis við gildandi lög.

Ástæðan fyrir því, að við erum í minni hl. landbn., er einungis þetta ákvæði laganna, að við teljum, að hér sé um það þýðingarmikið atriði að ræða við útrýmingu þessara vargdýra, að það sé vart hægt að hugsa sér að útrýma þeim eins og þarf, án þess að eitrun sé viðhöfð. Þess vegna höfum við ekki getað fallizt á að fresta eitrun um næstu 5 ár, heldur viljum við benda á það, að farin sé sú leiðin að fá reglugerðinni breytt í það horf, að það sé hægt við að una fyrir alla aðila, að það séu undanþegin stærri svæði en nú er, jafnframt því sem eitrun er viðhöfð á þeim svæðum á landinu, þar sem kunnugir telja að útilokað mál sé annað en eitrun sé viðhöfð, til þess að hægt sé að útrýma refum og minkum.

Ég efast ekki um, að það sé rétt, sem hv. 8. landsk. þm. sagði, að það væri ekki vitað um á árunum 1961 og 1962 nema eitthvað á milli 120 og 130 dýr, sem hefðu drepizt af völdum eitrunar. Ég efast ekkert um, að það sé rétt. En hitt er svo annað mál, að það er útilokað mál fyrir hvern og einn að fylgjast með því eða finna þau dýr, sem farast af völdum eitrunar árlega, því að það er margsannað mál, að refir geta komizt þó nokkurn spöl, frá því að þeir éta eitrið og þar til það drepur þá algerlega. Og því er það, að þessi aðferð til að útrýma þessum vörgum kann að hafa miklu viðtækari og meiri áhrif í þessari útrýmingarstarfsemi en menn ætla og gera sér ljóst. Og það kemur greinilega fram í þeim umsögnum, sem birtar voru í frv., sem lagt var fyrir Alþingi 1957, að það eru vissir hreppar á landinu og jafnvel sýslur, sem telja útilokað annað en viðhafa eitrun. Og af þeim ástæðum, þar sem ég ætla, að þetta hafi ekki breytzt neitt, frá því að lögin voru sett, á þann veg, að það sé ástæða til, að eitrun sé ekki viðhöfð, sé ég ekki ástæðu til þess, að eitrun sé bönnuð hvar sem er á landinu, heldur vil ég leyfa mér að benda á, að það sé skorað á stjórn Búnaðarfélags Íslands og veiðistjóra að endurskoða núgildandi reglugerð og undanþiggja öll þau svæði, sem tiltækilegt þykir vegna útrýmingar refa og minka, en á öðrum svæðum, þar sem það hefur sýnt sig, að eitrunin hefur borið ríkan árangur og er næstum eina leiðin, sem hægt er að nota til að útrýma þessum dýrum, þar verði áfram eitrað.

Að því er varðar fuglastofninn í landinu, þ. e. a. s. arnarstofninn, sem í raun og veru virðist vera aðalgrundvöllurinn fyrir því, að þetta mál er hér fram komið á Alþingi, þá skal ég ekki á móti því bera, að það kann að hafa haft sín áhrif á árum áður að fækka örnum í landinu. En ég held þó, að þar sem arnarfuglinn er yfirleitt bundinn við viss landssvæði nú, þá ætti þetta að vera mun auðveldara nú en áður var. Og svo er þetta, sem er aðalkjarni þessara laga, að vernda sauðfjárstofninn í landinu fyrir ágangi þessara vargdýra, og þar verður að gera upp á milli þess gildis, sem arnarstofninn kann að hafa fyrir landsmenn, annars vegar og sauðfjárstofninn hins vegar. Og þegar þarf að gera það dæmi upp, er ég ekki í neinum vandræðum, vegna þess að ég tel, að sauðfjárstofninn hafi það miklu meira gildi fyrir landsmenn en arnarstofninn, að mér finnst, að þar verði heldur á hann á halla, ef það er nauðsynlegt, sem ég tel að þurfi ekki að vera, þegar búið er að skoða þetta mál niður í kjölinn.

Ég vænti því þess, að hv. þm. íhugi þetta

mál og sjái sér fært að láta 11. gr. laganna vera óbreytta áfram, en það verði reglugerðin, sem verði breytt, án þess að til þess þurfi að koma að undanþiggja eitrun um næstu 5 ár og með því móti e. t. v. valda einstaka bændum í landinu stórkostlegum fjárskaða.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara í neinar kappræður um þetta mál, því að sannast að segja ber ekki ýkjamikið á milli, þar sem er álit meiri hl. og minni hl. landbn. í þessu máli, og get ég verið mjög ánægður með það.

En viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér um gildi eitrunar fyrir refi, þá vil ég benda á, að samkv. skýrslum veiðistjóra, — ég gat um það raunar áðan, — hafa ekki fundizt nema 45 refir 1962, sem hafa farizt af eitri. Ég get alveg tekið undir það, að þar muni ekki vera alveg allt fram talið, því að öll eiturdauð dýr hafa að líkindum ekki fundizt. En ég held, að það sé miklu færra af dýrum, sem ferst af þessum sökum, heldur en margir þeir, sem mikla trú hafa á þessari starfsemi, halda. Og ég held, að mér sé einnig óhætt að leyfa mér að benda á grein, sem birtist í Morgunblaðinu núna fyrir 2 dögum frá einum allra þekktasta manni, sem fengizt hefur við refaveiðar um 40—50 ára bil. Hann er algerlega á þeirri skoðun, að eitrun sé ekki jákvæð til þess að halda niðri dýrbitum, heldur þvert á móti. Og reynsla þeirra sveitarfélaga, þar sem ég þekki bezt til, er sú, að þar sem engin eitrun hefur verið framkvæmd um mjög langan tíma, þar fjölgar refum ekkert meira en annars staðar, og það merkilega er, að í þeim byggðarlögum kemur það tæplega fyrir, að refur taki lamb.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að það séu mismunandi skoðanir á þessu. En ég tel, að ég hafi allmikla reynslu í þessu og nokkra þekkingu, og mín skoðun er sú, að eitrun hafi svo til ekkert gildi fyrir það að halda refastofninum niðri. Þar fyrir utan er svo það, að þessi eyðingaraðferð er afskaplega óhugnanleg. Látum vera, að það verði kannske að viðhafa óhugnanlegar aðferðir til að halda niðri skaðsömum dýrum. En þetta gengur yfir margt annað en aðeins refi. Ég gæti sagt fjöldamargar sögur af því, hvernig önnur dýr hafa farizt af eitri, sem borið hefur verið út fyrir refi, fyrst og fremst hundar, jafnvel kýr og kindur, og þar að auki örninn, eins og allir vita, að er svo til aleyddur úr landinu, að miklu leyti, að því er ég álít, fyrir útburð á eitrinu, og fálkinn er að fara sömu leið. Því var lengi trúað, að fálkar tækju ekki fugla, nema þeir veiddu þá sjálfa. En ég veit mýmörg dæmi til þess, að þeir hafa tekið fugla, sem bornir hafa verið út eitraðir fyrir refi, og ég gæti nærri trúað því, að fleira af rjúpum, sem borið hefur verið þannig út, fari ofan í aðrar skepnur en refinn.

En ég skal ekki þreyta menn á orðræðu um þetta efni. Ég hef áður talað um þetta við 1. umr. þessa máls og einnig nokkuð hér áðan, auk þess í þáltill. um ráðstafanir til að reyna að vernda arnarstofninn, og skal ekki endurtaka það. En ég vænti þess, að hv. þdm. sjái sér fært að samþykkja einmitt þessa grein, þar sem ekki ber meira á milli en þetta. Það er að vísu rétt hjá hv. frsm. minni hl., það mundi vera möguleiki eftir lögunum að fá reglugerðinni breytt. En ég álít, að það sé eðlilegt, að Alþingi segi sjálft til um það, að það vilji breyta l., ef það á annað borð telur það þarflegt að afnema eitrunina. Og án þess að ég beri minnsta vantraust til veiðistjóra eða Búnaðarfélags Íslands, gæti ég vel hugsað mér, að það yrðu þó einhverjir erfiðleikar á því að fá reglugerðinni breytt, og a. m. k. þyrfti eitthvert framtak, einhverjir að hafa framtak um það og ganga í það, að reglugerðinni verði breytt. Ég sé ekki, að það sé neitt auðveldari leið en einfaldlega að breyta greininni eða leggja hana niður.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég gerðist meðflm. að þessu frv., og er ástæðan sú fyrst og fremst, að ég verð með hverju ári sem líður eindregnari andstæðingur þessarar eitrunar. Strychníneitrun er mjög grimmdarfull aðferð mannsins til þess að ráða niðurlögum óvinar sins í dýrarikinu. Eitrið veldur mjög kvalafullu dauðastríði og oft langvinnu, og af þessum sökum er strychnínið ákaflega óheppilegt efni til eitrunar. Ég er sannfærður um, að það á ekki langt í land, að þessi eitrun verði algerlega bönnuð á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar, að mannúð og menning standi á það háu stigi í landinu, að þetta eigi ekki langt í land úr þessu. Annars vegar stendur maðurinn með sitt vit og sina miklu tækni og hins vegar skynlaus skepnan. Aðstaðan í baráttunni er því alla vega ójöfn, og það er enginn efi á því, að maðurinn getur haft í fullu tré við þennan óvin, refinn, þótt ekki sé gripið til jafnniðurlægjandi aðferðar og strychníneitrun er.

Það er annar ágalli, sem fylgir eitrun, strychníneitrun og annarri eitrun fyrir vargdýr. Sá ágalli er, að þetta er ákaflega ómarkviss veiðiaðferð. Það er eitrað og eitrið er sett út á víðavang, og síðan er það algerlega látið ráðast, hverjir fyrir eitrinu verða. Möguleikar eru á því, að það geti orðið alls konar dýr, þ. á m. meinlaus dýr og nytjadýr, og möguleikar eru einnig á, að menn geti orðið fyrir eitrun. Einnig af þessari ástæðu er hér um að ræða aðferð til útrýmingar ákveðnu villidýri, aðferð, sem er mjög gölluð. Ég tel því fortakslaust, að að því beri að stefna að afnema þessa eitrun með öllu, en nota jafnframt tæknilega þekkingu til þess að taka upp aðrar öruggari og mannúðlegri aðferðir til að vinna á vargdýrum.

Það hefur verið á það bent, að hér væri um að ræða annars vegar tilveru refsins og hins vegar tilveru fjárstofns bændanna. Það er auðvitað firra að mæla á þessa leið. Tilvera fjárstofnsins er ekki í hættu. Hitt er annað mál, að

bændur hafa orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni af völdum vargdýra allt fram á þennan dag og verða það sennilega enn um skeið. En mín skoðun er sú, að þótt strykníneitruninni yrði hætt, væri hægt að halda upp baráttu gegn refnum með öðrum aðferðum, a. m. k. jafnvirkum þessari.

Það eru fleiri ástæður til þess að athuga sinn gang um strykníneitrunina heldur en sú, að hér er um ómannúðlega og grimmdarfulla aðferð að ræða. Þetta er aðferð, sem er harla vafasöm í árangri sínum. Það er mjög umdeilt meðal bænda landsins, að hve miklu gagni þessi eitrun kemur. Og hvers vegna er deilt um það meðal bænda? Það er af því, að árangurinn af eitruninni er mjög vafasamur. Það hefur verið bent á það aftur og aftur af kunnugustu mönnum, m. a. í bændastétt, að refnum lærist að forðast eitrið, í mótsetningu við önnur dýr, m. a. fugla. Það hefur líka verið bent á það, að refir, sem komizt hafa í tæri við strykníneitrun og lifað það af, gerist hálfu verri dýrbitar en áður var og hættulegri búfé landsmanna. Aðferðin er ljót og manninum ósæmandi, og hún er auk þess mjög vafasöm, hvað nytsemi snertir fyrir manninn. Af þessum tveim ástæðum finnst mér, að allir hv. þm. ættu að íhuga vandlega nú, þegar þetta mál er rætt hér og er til afgreiðslu, hvort ekki væri nú tímabært að bæta hér um og hætta þessum gráa leik.

Auðvitað verður baráttunni gegn minki og ref haldið áfram, og þá baráttu þarf að herða og það þarf að finna leiðir, sem eru betri en strykníneitrunin, öruggari til árangurs og því gagnlegri bændum landsins. Þó að ég geti ekki nú bent á nýjar leiðir, er ég viss um, að á þessari tækniöld gefast möguleikar til betri veiðiaðferða.

Það er fyrst og fremst þetta, sem gerði það að verkum, að ég varð meðflm. að þessu frv. Það er vegna þess, að eitrunaraðferðin er ljót og ómannúðleg og ósæmandi okkur á Íslandi, að ég gerðist meðflm. Hitt hafði líka áhrif á mig í þessu efni, að með því að banna eitrun af þessu tagi, eru möguleikar á að bjarga arnarstofninum íslenzka. Ef haldið verður áfram að eitra með strykníni fyrir ref og mink, er það gefið mál, að íslenzki örninn verður aldauða eftir fáein ár. Ef eitrunininni yrði hætt, eru möguleikar, en ekki vissa fyrir því, að unnt verði að komast hjá útrýmingu þessarar dýrategundar, og ég tel það vera okkur Íslendingum til sóma sem þjóð að leggja eitthvað af mörkum til þess að varðveita þennan fallega fugl, til þess að varðveita dýrategund, sem er nærri því komin að verða aldauða. Aðrar menningarþjóðir gera þetta og leggja á sig mikið erfiði og mikinn kostnað til viðhalds merkum dýrategundum, sem nærri eru því að verða útdauðar.

Ég hygg, að hv. minni hl. þeirrar n., sem þetta mál hefur haft til meðferðar, hafi ekki athugað málið á nógu breiðum grundvelli. Þeir hafa valið sér að mínum dómi heldur þröngt sjónarmið. Væri hér um að ræða að bjarga verðmætum bænda með afstöðu þeirra, þá væri það afsökun fyrir þá. En því er ekki að heilsa. Aðferðin er meira eða minna óvirk, kemur að litlu haldi, og það sýnir bezt, hversu mjög hún er umdeild meðal bænda sjálfra.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að þræta um þetta mál, það má sjálfsagt gera það aftur á bak og áfram frá ýmsum hliðum. En hv. 9. þm. Reykv. talaði mikið um ómannúðlega aðferð við útrýmingu á refum og minkum, þegar væri viðhöfð eitrun. Og ég skal ekkert mæla því gegn, að það má vel vera, að það takist þannig til, að þessi aðferð lukkist ekki, eins og menn gjarnan vildu. En á það vil ég benda, að þeir aðilar, sem skapa þær reglur, sem á að eitra eftir, eru landb.- og heilbrmrn., og þar tel ég að þeir leiti fyrst og fremst til læknavísindanna um það, á hvern hátt á að meðhöndla þessi meðul. Og ég er ekki neitt sérstaklega að halda með því eiturlyfi, sem notað er nú, þetta strykninefni eða hvað það heitir. Mér er kunnugt um, að það er um mörg önnur eiturlyf að ræða, og ég geri ráð fyrir því, að heilbrigðisyfirvöldin hér á landi fylgist það vel með í þessum efnum, að þau ráðleggi landsmönnum allajafna það ákjósanlegasta, sem kostur er á og þekking er á í það og það skiptið, án þess að þau bindi sig nokkuð við sérstök efni, nema því aðeins að reynslan hafi sýnt, að þau séu betri en önnur. En það má vel vera, að það takist þannig til, að eitrið verði að bana ýmsum öðrum en þeim, sem eitrað er fyrir. Og það er að sjálfsögðu skaði, þegar svo tekst til. En mér hefur aldrei fundizt, þegar ég hef verið sjónarvottur að því, þegar refur hefur verið að leika sér í lambfé á vorin eða jafnvel í fullorðnu fé, að þar væru neitt sérstaklega mannúðlegar aðferðir á ferðinni. Ég veit ekki annað en það hafi sézt hálfdauðar kindur í haga, bitnar eftir refi og sömuleiðis með unglömb, og þeir hafa tínt kannske hvert unglambið á fætur öðru, ýmist drepið þau alveg eða hálfdrepið, þannig að ég legg að jöfnu eitrunaraðferðirnar við þær aðferðir, sem refurinn viðhefur, þegar hann er að afla sér sinnar fæðu. Á það vil ég benda líka, að þótt svo þurfi kannske ekki til að takast, veit maður, að það hefur oft mistekizt, þegar skotvopn hafa verið notuð, þannig að dýr hafa ekki fallið samstundis. Þar getur líka verið um það að ræða, að dýr hlaupi særð og séu særð langan tíma og eigi í engu minna stríði undir þeim kringumstæðum heldur en þó að eitur sé viðhaft, þannig að ég sé ekki annað en það sé sama, hvaða aðferð er viðhöfð við útrýmingu þessara dýra, að hún geti undir vissum kringumstæðum valdið einhverjum sársauka, þótt undir flestum kringumstæðum, að ég hygg, muni svo ekki vera.

En ég vil leyfa mér, af því að menn virðast vera fljótir að gleyma, að lesa hér upp ummæli úr þingtíðindum frá 1957, sem tveir þáv. merkir þingskörungar viðhöfðu undir umr. um þessi mál. Annar þeirra var þáv. hv. þm. Borgf.,

Pétur Ottesen, og hann sagði þar, með leyfi forseta:

„Það er vitað af öllum, sem fást við refaveiðar, að það er talið vera langöflugasta ráðið til að halda bitvarginum niðri að eitra og gera það mjög rækilega. Það kunna að vera nokkuð mismunandi aðferðir aðrar til þess að eyða refnum í landinu, eins og með skotum og þess háttar, en ég held, að það séu hvergi þær aðstæður hér, að ekki sé alveg fyllsta þörf á því, að samhliða þessum ráðstöfunum sé viðhöfð eitrun. Það er vitað, að sums staðar hagar svo til, að það er alveg árangurslaust gersamlega með öðrum hætti að ætla sér nokkuð að ráða niðurlögum refsins eða halda honum í skefjum, — alveg gersamlega árangurslaust, — þar sem um er að ræða hraun og aðra felustaði fyrir refinn, sem hann getur dulizt í og ekki verður að honum komizt með neinu öðru móti en eitra fyrir hann."

Þá var það annar þingskörungur, hv. 1. þm. N-M., Páll Zóphóníasson, en hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég er ekkert í vafa um það, að þeir menn, sem t. d. fordæma algera eitrun, hafa bara ekki sett sig inn í það, að það eru milli 10 og 20 svæði í landinu, þar sem tófan er ekki nein plága lengur, af því að þar hefur alltaf verið eitrað og alltaf gengið á greni á hverju sumri, þar sem grenjum hefur farið fækkandi á hverju ári og dýrin, sem menn eiga að ráða við; meðan það eru önnur svæði, þar sem ekkert hefur verið um það hugsað og þeim hefur alltaf farið fjölgandi, og það eru þau svæði, sem þeir þekkja, sem framkvæma eitrunina."

Það er bara þetta, sem ég vildi láta koma fram og benda á það, að menn skuli kynna sér grg. Og þetta segir einn af þeim mönnum, sem undirbjuggu löggjöfina, og ég efast ekki um, að hann hefur kynnt sér rækilega þau gögn, sem fyrir lágu, því að það var leitað umsagnar um þetta mál hjá öllum sveitarstjórnum landsins, og ég held, að flestar hafi gefið einhver svör, og þ. á m. voru allmargar sveitarstjórnir, sem voru þeirrar skoðunar, að það væri útilokað að halda refnum niðri eða útrýma honum á annan hátt en þann að viðhafa eitrun, jafnframt því sem aðrar veiðiaðferðir væru notaðar.

Ég bendi á þetta, að þó að liðin séu nú 6 ár síðan lög þessi öðluðust gildi, þá hefur ekkert það skeð í málinu, sem réttlætir það nú, að við hverfum algerlega frá þessari veiðiaðferð til að útrýma þessum vargi, sem er í landinu. Ég vil líka benda á það, að lögin eru rúm í þessum efnum, og ég fyrir mitt leyti treysti fullkomlega stjórn Búnaðarfélags Íslands og veiðistjóra að breyta reglugerðinni á þann veg, að við getum allir vel við unað í þessum efnum.

Ég held, að það hafi ekki verið farin sú leið að ræða þetta mál við stjórn Búnaðarfélags Íslands eða veiðistjóra, og ég hygg, að ef það hefði verið gert, mundi kannske ekki hafa til þess komið hér á hv. Alþingi, að þetta mál væri þar til umræðu. Og ég tel það skynsamlegustu leiðina hjá okkur til þess að geta sinnt báðum þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, þeim, sem halda sérstaklega og mjög mikið á móti eitruninni, og hinum, sem telja hana óhjákvæmilega, þá sé eina leiðin sú að breyta reglugerðinni og eitra hvergi á landinu annars staðar en þar, sem það er talið nauðsynlegt, til þess að refurinn sé ekki eins mikill vargur í búfénaði landsmanna og hann hefur sýnt sig vera á undanförnum árum oft og einatt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Ed., 13. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 249,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 249,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 11:3 atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 278).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 357, 358).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og flutt þar af hv. 8. landsk. þm. og hv. 9. þm. Reykv. Landbn. þessarar deildar hefur haft frv. til meðferðar og skilar um það sameiginlegu nál. á þskj. 357, þar sem mælt er með samþykkt frv. Ágreiningur varð þó í n. um tímatakmarkið í 3. gr., og vildi meiri hl., að eitrunarbannið gilti til 3 ára í stað 5, eins og í frvgr. stendur og samþ. var í hv. Ed., og hafa 3 nefndarmenn flutt brtt. á þskj. 358, þar sem lagt er til, að í stað orðanna „5 ár" komi: 3 ár. Ég og hv. 5. þm. Vesturl. leggjum hins vegar til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom hingað til deildarinnar.

Eins og hv. þm. er kunnugt um, er þetta frv.

flutt í þeim tilgangi, að reynt verði að koma í veg fyrir, að íslenzki arnarstofninn verði aldauða, en svo lítur út fyrir, að verða muni, ef ekkert er að gert. Það mun hafa verið um 1890, sem fyrst var farið að eitra fyrir refi að einhverju ráði hér á landi, og hefur það verið gert æ síðan. Og árið 1957 var með lögum héðan frá Alþ. oddvitum og bæjarstjórum gert skylt að eitra fyrir refi á hverju ári.

Þegar refaeitrunin hófst hér á landi fyrir aldamótin, eða á síðasta áratug s. l. aldar, var allmikið um örn hér á landi, og verpti hann þá víða um land og í öllum landsfjórðungum. En á þeim árum, sem liðið hafa síðan, hefur erninum fækkað mjög, og árið 1959, þegar gerð var skipuleg talning á erninum, þá fundust 10—12 arnarhreiður, öll á vestanverðu landinu, við Breiðafjörð eða á Vestfjörðum. Úr öðrum landshlutum er örninn horfinn fyrir löngu. Og síðan þessi talning fór fram, eða 1959, er alveg víst, að erninum hefur fækkað enn, og við athugun, sem gerð var á s. l. sumri, virtist koma í ljós, að ekki mundu vera eftir lifandi ernir hér á landi nema 10—15 fuglar.

Það eru til þeir menn, sem telja enga eftirsjá í erninum. En ég er á öðru máli. Að vísu er hann enginn nytjafugl og gerir jafnvel nokkurn skaða, einkum í varplöndum. En sama er um. Dýraríki lands okkar er ekki fjölskrúðugt, og ég tel það vansa fyrir okkur, ef við gerum ekkert til þess að sporna gegn því, að örninn verði aldauða. Og mér finnst það nokkurt ásökunarefni, að við skulum ekki fyrr hafa hafizt handa erninum til bjargar, því að vera má, að það sé rétt, sem sumir telja, að nú sé það um seinan, þegar eftir eru í landinu ekki nema þessir fáu fuglar, 10—15 að tölu. En mér finnst sjálfsagt að gera tilraunina, þótt seint sé.

Það er lagt til í frv., að eitrun fyrir refi og minka verði bönnuð í 5 ár hið fyrsta. Þeir eru til, sem telja þetta óráð og álíta, að dýrbítur muni mjög magnast, ef eitrun verði hætt. Um þetta eru þó skiptar skoðanir. Og ég vil t. d. benda á, að sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu samþ. á síðasta fundi sínum ályktun, sem send hefur verið Alþ. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslunefndin lítur svo á, að það sé mjög hæpin aðferð að reyna að útrýma refum með eitri, og þar sem árangur sé mjög vafasamur, en hætta á, að fuglar og hundar drepist af eitrinu, skorar sýslunefndin á hið háa Alþ. að afnema ákvæði íslenzkra laga um eitrun fyrir refi".

Mér finnst það athyglisvert, að þessi áskorun skuli berast úr héraði, þar sem sauðfjárbúskapur er svo mikill sem hann er í Vestur-Húnavatnssýslu. En reynsla þeirra Vestur-Húnvetninga virðist vera sú, að takmarkað gagn sé að eitruninni til útrýmingar refnum. Og fæ ég ekki betur séð en þessi skoðun sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu sé í samræmi við upplýsingar, sem veiðistjóri, Sveinn Einarsson, hefur gefið í skýrslu um refaveiðar. Í þeirri skýrslu segir, að árið 1961 voru felldir 2408 refir, þar af er talið að farizt hafi 81 dýr af eitri eða rúmlega 3%. Árið 1962 voru felldir alls 2065 refir og þar af fundust dauðir af eitri 45 refir eða rúml. 2%. Sjálfsagt eru þessar tölur þó eitthvað of lágar, því að ekki hafa öll dýr fundizt, sem drápust af eitri, svo er aldrei. En þetta bendir þó til þess, að eitrunin sé ekki eins mikilvægur þáttur í útrýmingu refsins og margir telja. Og mér er nær að halda, að sú hækkun á verðlaunum fyrir unnin dýr, sem frv. gerir ráð fyrir, verði fullt eins árangursrík til þess að halda refnum í skefjum eins og eitrun, auk þess sem strychníneitrunin er frámunalega leiðinleg veiðiaðferð og hlýtur ávallt að verða til þess að deyða önnur dýr en þau, sem henni er ætlað að tortíma.

Allt frá því að eitrun hófst, hafa nær árlega fundizt ernir dauðir af eitri, og ýmsir óttast, að eitrunin sé að fara sömu leiðina með íslenzka fálkann, því að augljóst er, að honum fækkar nú mjög.

Okkur í landbn. ber ekki annað á milli um efni og tilgang frv. en hvort banna eigi eitrun í 3 eða 5 ár. Veiðistjóri og Búnaðarfélag Íslands, eða stjórn Búnaðarfélagsins, leggja til, að tímatakmarkið verði 3 ár. Náttúrufræðingar mæla hins vegar með 5 ára markinu. Það má segja, að það skipti ekki neinu höfuðmáli, við hvort tímamarkið er miðað, en ég er sammála hv. flm. frv. og náttúrufræðingunum um það, að þessi reynslutími megi vart verða skemmri en 5 ár, til þess að úr því fáist skorið, hvort aðaltilgangi frv. verði náð, þ. e. að koma í veg fyrir það, að eitrunin gjöreyði erninum. Því verð ég að leggja til, að brtt. hv. meiri hl. landbn. verði felld og frv. samþ. óbreytt eins og það barst okkur frá hv. Ed.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm., þá er ekki ágreiningur í landbn. um meginefni þessa frv., sem er að gera tilraun til að bjarga arnarstofninum, sem enn er til í landinu. Hins vegar er, eins og brtt. okkar 3 nm. ber vott um, ágreiningur um, hversu langt tímatakmark á að hafa, sem eitrun verður bönnuð. Það má segja, að þetta sé eða geti verið mikið álitamál og kannske jafnlétt að rökstyðja bæði tímatakmörkin. Það verður þess vegna að nokkru leyti mat manna á því, hvort þeir telja líklegt, að unnt sé að ná þessu aðalmarki á 3 árum eða það þurfi til þess 5 ár. Við erum þeirrar skoðunar, að það muni a. m. k. nokkuð verða komið í ljós að 3 árum liðnum um árangur af þessari tilraun. Það eru nokkur rök líka í mínum huga, að veiðistjóri, sem er áreiðanlega orðinn allra manna kunnugastur íslenzka refnum og öllu, sem að eyðingu hans lýtur, hann hefur lagt með því, að þessi tími yrði aðeins 3 ár.

Það er ekki því að leyna, að á nokkrum stöðum á landinu er refurinn talsvert mikill skaðvaldur. Hitt er aftur á móti rétt, að hv. frsm. benti á, að það eru allmjög skiptar skoð-

anir um það, að hve miklu liði eitrunin kemur við eyðingu refsins. En margir telja þó, að hún geri nokkurt gagn. Ég ætla ekki að fjölyrða neitt um þetta. Ég get a. m. k. sagt fyrir mig, að ég fylgi frv., jafnvel þó að 5 ára takmarkið verði ofan á. En ég teldi betur farið, að það yrði miðað við aðeins 3 ár, og það er mín skoðun, að þetta 3 ára bil muni geta gefið allmikil svör við því, sem hér er verið að leita eftir. Hitt er að vísu sennilegt, að málið komi til kasta Alþ. eftir 3 ár, jafnvel hvort tímatakmarkið sem verður ofan á. En ég vil sem sagt mæla með því og við þessir þrír, sem að till. stöndum, að hv. Alþ. vildi fallast á, að þessi tími yrði aðeins 3 ár.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngu máli í að ræða þetta frv., en það er eitt atriði í því, sem ég er ekki sammála. Það er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að fresta skuli ákvæði 11. gr. laganna um að eitra fyrir refi og minka á næstu 5 árum. Það er vitað mál, að á stórum heiðarlöndum hefur eitrunin gefizt langbezt til þess að eyða þessum meindýrum, og það mundi verða af því verulegt tjón, ef eitrun yrði lögð niður á þessum svæðum. Samkv. 11. gr. núgildandi laga er heimild fyrir veiðistjóra að banna viss svæði til þess að eitra á og fyrirskipa aftur eitrun á öðrum svæðum, og þess vegna hefur hann það nokkuð á valdi sínu, hvort eitrað verður eða ekki. En með þessu frv., ef að lögum verður, er hins vegar útilokað að eitra fyrir refi og minka á þeim svæðum eða alls staðar á landinu, og tel ég, að af þessu geti orðið mikið tjón. Ég hef sannar sagnir af því frá þeim mönnum, sem bezt eru kunnugir á stórum heiðarlöndum, eins og Arnarvatnsheiði, að það er óhugsandi að koma í veg fyrir það, að refir valdi þar stórtjóni, ef eitrun verði algerlega hætt. Þess vegna tel ég, að það sé tjón að því, ef þetta frv. verður samþ. eins og það liggur fyrir hér. Till. hv. þm. Jónasar Péturssonar er til bóta, að hér sé aðeins um 3 ár að ræða, en bezt af öllu væri að fella þetta niður.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í því frv., sem hér er til umræðu, voru samkv. því, sem fram kemur í grg., þegar það var lagt fyrir hv. Ed., tvö meginatriði. Annað atriðið var að hækka greiðslur fyrir að vinna refi og minka til samræmis við verðlagsbreytingar og hitt atriðið að nema úr lögum eitrunarskylduna og banna eitrun næstu 5 ár.

Það orkar varla tvímælis, að það er nauðsynlegt að breyta tölum í lögunum vegna breytinga, sem orðið hafa á verðlagi, og hækka greiðslur til þeirra, sem vinna refi og minka, til samræmis við þær breytingar. Í meðferð Ed. hefur greiðslan fyrir að vinna refi verið hækkuð nokkuð, og virðist mér það réttmætt. Jafnframt hefur í hv. Ed. verið bætt við ákvæði um verðlaun fyrir að vinna grendýr. Þau eiga samkv. frv., eins og það er nú, að vera 350 kr. fyrir fullorðið dýr og 200 kr. fyrir yrðling. Í nál. frá Ed. segir, að hér sé um hámarksákvæði að ræða, og væri það fróðlegt, ef hv. landbn. þessarar d. gæti gefið nánari upplýsingar um það atriði. Ég hef ekki í höndum upplýsingar um það, hvað nú tíðkast að greiða á þessu sviði, og skal því ekki dæma um það, hvort þetta hámark, sem hér er talað um, er eðlilegt.

Hér hefur borizt í tal í umræðunum lítils háttar það ákvæði frv., sem helst virðist valda ágreiningi, og það eru eitrunarákvæðin. Þetta hefur verið allmjög umdeilt mál. Sumir telja, að eitrun sé nauðsynleg, til þess að hægt sé að halda tófunni í skefjum, en á því eru líka aðrar skoðanir. Vil ég nefna bæði þá skoðun, sem fram hefur komið hér í umræðunum og mun ráða nokkru um það, að þessi breyting er nú fram borin, að eitrun sé hættuleg fyrir aðrar dýrategundir, sérstaklega fuglategundir, sem fer fækkandi hér á landi, og af þeim ástæðum beri að banna hana. Hin skoðunin, sem ég vildi nefna, er sú, að eitrunin hafi alls ekki þau áhrif, sem ætlazt er til. Hv. frsm. landbn. nefndi hér tölur, sem ég hef ekki heyrt fyrr, frá veiðistjóra, en virðast sýna það, að árangurinn af eitruninni, þ. e. a. s. sýnilegur árangur af eitruninni sé í rauninni mjög lítill, það séu ekki nema 2 eða 3% af þeim dýrum, sem unnin eru, sem farast af eitri. En eins og hann sagði, verður auðvitað ekki fyllilega um þetta dæmt. vegna þess að það finnast ekki öll dauð dýr, hvergi nærri. Sjálfsagt drepst eitthvað af dýrum inni í grenjum og holum, sem ekki finnast, eða á öðrum stöðum, þar sem leið manns liggur ekki um. En samt sem áður virðast þessar tölur benda til þess, að árangurinn af eitruninni sé í raun og veru ekki eins mikill og menn hafa álitið, sumir hverjir. En svo er einnig þess að geta í því sambandi, að sumir hafa haldið því fram og þ. á m. sá maður, sem ég ætla einna fróðastan í þessu máli hér á landi, a. m. k. af ólærðum mönnum, sem er Theodór Gunnlaugsson bóndi á Austaralandi í Öxarfirði, en hann hefur ritað bók um þessi mál, að það sé mjög sjaldgæft, að bitvargar drepist af eitri, því að bitvargarnir varist eitrunina, það verði því aðallega hin meinlausu dýr, þ. e. a. s. þau, sem eru ekki bitvargar, sem falla fyrir eitruninni. En eins og kunnugt er, þá eru það ekki nema sumar tófur, sem leggjast á fé. Theódór Gunnlaugsson færir fyrir þessu í bók sinni merkileg rök, sem byggjast á reynslu hans og athugun.

Ég vildi láta þetta koma fram. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að eitrunarákvæði laganna, eins og þau hafa verið, sé rétt að nema úr lögum.

Matthías Ingibergsson: Herra forseti. Ég kem í ræðustólinn aðeins til þess að gera grein fyrir fylgi mínu við þá till., sem hér hefur verið lögð fram af meiri hl. landbn. og gerð hefur verið grein fyrir hér. Í sambandi við orð hv. frsm. n. þarf ég líka að segja fáein orð.

Það mál, sem hér liggur fyrir, er tvíþætt.

Annars vegar er um tilraun að ræða, og ég vil leggja áherzlu á það, að hér er um tilraun að ræða. Það er ekki alls kostar rétt, sem frsm. n. hélt fram, að hér væri um ráðstafanir að ræða til þess að fyrirbyggja eyðingu arnarins. Hér er um tilraun að ræða til þess að reyna að fá úr því skorið, hvort eitrun fyrir ref og mink er völd að því að útrýma erninum og hvort stöðvun hennar eða bann á eitrun mundi verða til þess að fyrirbyggja frekari eyðingu hans. Á þetta vil ég leggja áherzlu, að þetta er tilraun. Það er tilraun, sem menn vilja gera til þess að vernda íslenzka örninn enn frekar en nú er gert, en svo sem alkunna er, þá er hann alfriðaður og hefur verið það lengi. Og þessi tilraun er í því fólgin að banna um tiltekinn tíma alla eitrun fyrir ref og mink, sem er nú lögskipuð. Og það hafa verið mörg rök færð að því, að örninn hafi drepizt af eitruðum hræjum.

Ég get fallizt á, að það væri áfall fyrir náttúrulíf landsins, ef örninn hyrfi með öllu. Hins vegar hafa engin haldbær rök verið færð fram fyrir því, að það sé á valdi okkar að stöðva þá þróun, sem birtist í fækkun íslenzku arnanna, og því síður að snúa þeirri þróun við. Ég hef heldur enga trú á því, að slíkt mætti takast, nema tækist að hemja fuglinn í einhvers konar dýragarði eða fuglagarði, en það mun sennilega vera ógerningur. En ég get tekið undir það, að það væri leitt og jafnvel hneisa fyrir þjóðina að reyna ekki að gera eitthvað frekar en nú hefur verið gert til þess að vernda örninn, t. d. með þeirri tilraun, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., og fá með því úr því skorið, hvort eitrunarbann getur eitthvað hjálpað í þessu efni. En þá ber hins að gæta, að refurinn, sem eitrunarskyldunni er beint gegn fyrst og fremst, er mikill vágestur í sauðfé bænda og veldur árlega stórtjóni. Í sumum héruðum telja bændur eitrun óhjákvæmilega sem vörn gegn þessum vágesti, í öðrum héruðum telja bændur ekki svo vera, og kann að fara hér eitthvað eftir staðháttum og háttalagi dýrsins. Þetta er staðreynd, sem við verðum að hafa í huga, ekki síður en staðreyndina um fækkun arnarins.

Umsögn um frv. hefur m. a. borizt frá veiðistjóra, eins og hér hefur verið getið. Ábendingar hans hafa verið teknar til greina í Ed. að mestu leyti. Eina till. hans, sem ég tel ekki veigaminni en aðrar, hefur landbn. Ed. ekki tekið til greina, en það er till. hans um, að eitrunarfrestun verði ekki höfð lengri en 3 ár. Í umsögn veiðistjóra kemur fram, að 3 ára eitrunarhlé eigi ekki að koma að sök við eyðingu refsins, slíkt hlé gæti jafnvel orðið til bóta, því að refurinn mundi verða auðveldari bráð eitrunar eftir slíkt hlé. Þrjú ár ættu einnig að nægja til að gefa vísbendingu um áhrif eitrunarbannsins á viðgang arnarins. Þar sem hér er um tímabundna tilraun að ræða, en ekki endanlega tilhögun, er eðlilegt, að hún sé höfð það löng, að hún nægi til að gefa þá niðurstöðu, sem er verið að leita að, en hins vegar ekki lengri. Er því í alla staði eðlilegt að fara að till. veiðistjóra, og í þeirri von, að deildin geti fallizt á þessa málamiðlun, er ég meðflm. þessarar till.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. beindi til nefndarinnar fsp. Hann talaði að vísu svo lágt, að ég greindi varla orð hans, en mér skildist, að hann væri að spyrja um hámarksgreiðslur verðlauna, sem eru greidd fyrir unnin grendýr, en það stendur í l. gr. frv., eins og það er komið frá Ed.: „Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera 350 kr. fyrir fullorðið dýr og 200 kr. fyrir hvern yrðling.“ Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, og hef fyrir mér orð veiðistjóra, að yfirleitt mun það vera orðin föst og viðtekin regla, að hámarkið er greitt.

Eins og ég sagði áðan í framsöguræðu minni, er tilgangur þessa frv. fyrst og fremst sá að gera tilraun, — getum við sagt, ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, þó að það skipti ekki miklu máli, hvort við köllum þetta tilraun eða eitthvað annað, — þá er tilgangur þessa frv. fyrst og fremst sá að reyna að koma í veg fyrir, að íslenzki örninn verði aldauða, en allt útlit er á því, að svo verði, og ég er þeirrar skoðunar eins og ýmsir aðrir, að það sé fyrst og fremst eitrunin, sem á sök á því, að svo er að fara. Þess vegna get ég alls ekki fallizt á þá skoðun hv. 3. þm. Vesturl., að það geti komið til mála að leyfa eitrun á einstökum svæðum, meðan á þessari tilraun stendur, því að þá mundi að mínu viti þetta frv. ekki hafa neinn tilgang. Eitrun hefur verið að vísu bönnuð fyrir refi og minka á Vestfjarðakjálkanum á undanförnum árum með það í huga, ef það gæti að einhverju leyti bjargað erninum, og efalaust hefur það komið að nokkru gagni og þó minna en ella, þegar hefur verið leyft að eitra fyrir svartbak. En ég vil taka það fram, að ég álít, að það eigi að banna svartsbakseitrunina, enda þótt það þurfi ekki að vera neitt ákvæði um það í þessu frv., því að það er hægt að ákveða með reglugerð.

Ég sagði áðan, að ernir hefðu fundizt dauðir af eitri svo til á hverju ári, og meira að segja nú í haust fannst dauður örn af eitri á afréttum Árnesinga, — það var í haust fremur en í fyrra. Þetta sýnir það, sem náttúrlega allir vita, að fuglinn fer yfir, og ef hann finnur eitruð hræ á leiðum sínum, þá verður það útkoman, að hann ferst, og það, sem verst er við þetta, er þó það, að það er einkum ungfuglinn, sem verður fyrir þessu. Það er hann, sem fer í þessi ferðalög, þegar hann er orðinn fleygur á haustin, og flýgur yfir landið, ekki aðeins yfir Vestfjarðakjálkann og næstu sveitir þar í grennd, heldur víða um land.

Mér finnst líka, að það, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., stangist á við álit sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, sem ég las hér upp áðan, en þeir leggja til, að eitrun verði bönnuð. Ég veit ekki, hvort þeir eiga afrétt á Arnarvatnsheiði, Vestur-Húnvetningar, en a. m. k. eiga þeir afrétt og heiðarlönd, sem eru viðlend á borð við Arnarvatnsheiði, svo sem

Tvídægra, Aðalbólsheiði o. fl. En þeir telja þó, að þeir þurfi ekki á eitruninni að halda til þess að halda refnum nokkurn veginn í skefjum, eða a. m. k. telja, að eitrunin hjálpi sáralítið til, eins og líka glögglega kom fram í þeim tölum, sem ég las upp áðan.

Ég get því ekki fallist á, að það verði leyft að eitra á vissum svæðum, meðan á þessari tilraun stendur. Eitrunina verður gersamlega að banna. Og væntanlega verður, áður en langt líður, fundin einhver skemmtilegri aðferð til þess að útrýma refnum heldur en þessi viðurstyggilega aðferð, sem strykníneitrunin er.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram um þetta frv., og því, sem ég sagði hér áðan, vil ég bæta þar við nokkrum orðum.

Það, sem eru höfuðrökin fyrir þessu frv., er það, að með eitruninni getum við útrýmt erninum, og það er þá frá sjónarmiði flm. og stuðningsmanna frv. meira virði að viðhalda erninum heldur en það, þó að nokkur skaði verði af völdum refa og minka í fjárhópum bænda. Eins og ég kom að hér áðan og skal undirstrika betur nú, því að ég hafði þá ekki við höndina núgildandi lög, þá hljóðar 11. gr. l. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka samkv. fyrirmælum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og á þeim svæðum, er veiðistjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni. Skal veiðistjóri hafa eftirlit með því, að eitrun sé framkvæmd eins og til er ætlazt. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkv. fyrirmælum landbn.- og heilbrmrn."

Með þessari grein laganna og með því, sem fram kemur í grg. fyrir þessu frv., sýnist mér að ná megi þeim árangri, sem flm. stefna að, með núgildandi lögum. Á bls. 2 í þessu þskj. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það skal höfundum eitrunarákvæða til hróss sagt, að viðleitni var sýnd af stjórnarvaldanna hálfu að draga úr þeirri hættu, sem lögin leiddu yfir örninn."

Í reglugerð þeirri, sem ég nefndi, frá 28. nóv. 1958, er bannað að eitra fyrir refi í þessum sýslum: Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. En í þessum landshluta var það talið og er enn talið, að fáeinir ernir verpi og haldi sig. Mér sýnist, að með þessari lagagrein og þeirri reglugerð, sem gefin er út samkv. henni, sé því takmarki náð að vernda örninn á þeim svæðum, þar sem hann er talinn vera til enn þá, og það sé því alger óþarfi að fara að leggja það til með þessu frv. að banna að eitra á öðrum svæðum, þar sem vitað er og talið er af kunnáttumönnum og þeim, sem bezt vita, að eitrunin hafi haft verulegan árangur.

Ég vitnaði til þess hér áðan um upprekstrarland Borgfirðinga og Mýramanna, að þar væri talin nauðsyn að eitra fyrir refinn á Arnarvatnsheiði, vegna þess að það er sannað, að þar sem refurinn nær ekki að sjó, gengur hann miklu betur í eitrið en þar sem hann nær til sjávarfanga. Þess vegna er lítt hugsanlegt að útrýma þessu meindýri þaðan nema með eitrun. Og ég skal í því sambandi benda á grg., sem fylgdi frv. til l. um eyðingu refa og minka, þegar það var lagt hér fram á Alþingi 1957, og það var ekki ómerkari maður en oddviti Hvítársíðuhrepps, Andrés Eyjólfsson í Síðumúla, fyrrv. alþm., sem vann þar að, og frá honum og þeim, sem bezt máttu þekkja þau heiðarlönd, kom álitsgerð, sem birt er á 12. síðu í því þskj. Og hér er ekki um neina flysjunga að ræða, og þessir menn vita alveg eins, hvaða aðferð er heppilegust til þess að eyða þessari meinvætti, eins og þeir í Vestur-Húnavatnssýslu, þó að ég ætli ekki að gera lítið úr þeirra kunnáttu. En það er sem sé staðreynd, að á stóru heiðarlöndunum verður eitrunin að eiga sér stað, ef refurinn og minkurinn eiga ekki að valda þar stórtjóni, og samkv. 11. gr. núgildandi laga er hægt að ná því takmarki, sem hv. flm. og stuðningsmenn þessa frv. stefna að, sem sé að vernda örninn. Hér er sem sé aðeins verið að fara inn á það að banna þeim að nota eitrunina, sem telja það heppilegustu leiðina til að útrýma þessum meindýrum. Það er röng stefna að gera þetta, þar sem hægt er að ná hinum árangrinum, og þess vegna eigum við að fella 2. gr. þessa frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um eitrunina að þessu sinni, en hv. frsm. landbn. eða meiri hl. hennar kvartaði um það, að hann hefði ekki heyrt glögglega mitt mál, þegar ég ræddi um 1. gr. frv., eins og það liggur hér fyrir, um verðlaun fyrir að vinna grendýr. Skal ég nú reyna að tala svo skýrt, að hv. frsm. megi nema mál mitt.

Í 8. gr. l. um eyðingu refa og minka, sem afgreidd voru frá Alþingi hinn 28. maí 1957, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkv. samningi við aðila þá, er sjá um vinnslu grenja. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin. Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna mink og minkabæli, sbr. 5. gr.."

8. gr. l. gerir sem sé ráð fyrir því, að um verðlaun fyrir að vinna grendýr, fullorðin dýr og yrðlinga, sé samið milli þeirra, sem sjá um grenjavinnsluna, og þeirra, sem að henni vinna. Nú segir í þessu frv.: „Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera 350 kr. fyrir fullorðið dýr og 200 kr. fyrir hvern yrðling." Og það, sem ég var að inna eftir í fyrri ræðu minni, var það í raun og veru, hvort hér gæti verið um það að ræða, að með þessum hámarksákvæðum, sem menn vilja nú setja, sé verið að lækka þau verðlaun, sem grenjaskytturnar fá fyrir að vinna grendýr. — Vænti ég, að þetta sé nú fullljóst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 358 felld með 20:7 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 23:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 378).

---

44. Sala hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi.

Á 37. fundi í Ed., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hluta úr landi Miðhúsa í Egilsstaðahreppi [123. mál] (þmfrv., A. 209).

Á 38. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að beiðni landbrn. og var á einum tíma gert ráð fyrir, að það yrði tengt við annað frv., þ. e. a. s. heimild til sölu á Litla-Gerði, en við nánari athugun var talið, að það væri réttara að flytja sérstakt frv.

Um þetta mál er að sjálfsögðu svo sem ekkert að segja. Það er aðeins beiðni um að fá lagaheimild til að selja hluta úr Miðhúsum í Egilsstaðahreppi, sem eru eign Skógræktarinnar. Þessi beiðni er fram komin eftir ósk frá Skógræktinni, sem vill selja jörðina, en hún á 11/12 jarðarinnar, en 1/12 hafði verið undanskilinn við sölu, þegar jörðin var seld Skógræktinni, og er í eigu fyrrverandi eiganda jarðarinnar, sem mun ætla að byggja sér þar sumarbústað eða eitthvað slíkt.

Ég hef leitað upplýsinga um þessa jörð hjá Landnámi ríkisins, Pálma Einarssyni, og hann telur, að þessi hluti jarðarinnar, sem til talast um að verði seldur, sé talsverð jörð með talsverða búskaparmöguleika, a. m. k. 60 ha. ræktanlegt land, og þar af leiðandi telji hann eðlilegt, að þarna geti verið stofnað sjálfseignarbýli, en Skógræktin ætlar að taka undan það land jarðarinnar, sem skógur vex á eða er fallið til skógræktar.

Ég hef svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, en tel einboðið að leyfa þessa sölu, þar sem hér er ekki um neitt annað en aðeins formsatriði að ræða, þar sem lagaheimild er talin þurfa til að Skógræktin megi gera sér verð úr því, sem ekki er fallið til skógræktar á þessari jörð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 209, n. 390).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 72. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 423).

45. Lóðakaup í Hveragerðishreppi.

Á 16. fundi í Ed., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lóðakaupa í Hveragerðishreppi [75. mál] (þmfrv., A. 82).

Á 18. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., sem ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 82. Hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur skrifað mér og hv. 5. þm. Sunnl., sem einnig á sæti í þessari hv. d., hinir þingmenn Sunnl. eiga, eins og kunnugt er, sæti í hv. Nd., og það er í samráði við 5. þm. Sunnl., sem ég flyt þetta frv. Bréf Hveragerðishrepps er prentað sem fskj. með þessu frv.

Þannig stendur á í Hveragerði, að ríkið á þar flestar lóðir og mestallt landið, sem þorpið er byggt á. En inn á milli eru nokkrar landspildur og lóðir, sem eru í eigu annarra, og eftir að skipulagsuppdráttur hefur verið gerður af þorpinu, valda gömul og óhentug mörk milli þeirra lóða, sem ríkið á, og þeirra lóða, sem eru í annarra eigu, oft erfiðleikum við nýtingu lóðanna og framkvæmd skipulagsins. Það er til þess að leysa þennan vanda, sem þetta frv. er flutt.

Nú kann ýmsum að þykja, að þarna sé farið aðra leið en nú hefur verið stefnan um alllangt skeið, — nefnilega sú, að hreppsfélögin eignist sjálf lóðirnar. En í Hveragerði gegnir nokkuð sérstöku máli um þetta. Ríkið á nú, eins og ég sagði, mestallt land í hreppnum, og það hefur eignazt það og er líklegt að það vilji halda áfram að eiga það vegna jarðhitans, sem þarna er, en þarna er, eins og kunnugt er, eitt mesta jarðhitasvæði landsins, sem gera verður ráð fyrir að verði hagnýtt í náinni framtíð, ekki aðeins í þágu hreppsbúa, heldur einnig í þágu fjöldamargra annarra landsmanna. Þess vegna verður að gera ráð fyrir því, að Hveragerði verði áframhaldandi undantekning frá þeirri reglu, að bæjarfélögin eða hreppsfélögin eignist sjálf lönd sín, en ríkið haldi áfram að eiga það og muni þá smátt og smátt eignast líka þær lóðir, sem það á nú. En þá virðist jafnframt augljóst, að það sé eðlilegt, að ríkið, en ekki hreppsfélagið, taki að sér þau lóðakaup — eða hugsanlega makaskipti, sem fram þyrftu að fara, til þess að skipulag og nýting landsins í hreppnum yrði framkvæmanleg. Af þessum ástæðum hefur hreppsnefndin í Hveragerði óskað eftir því, að ríkissjóði yrði veitt heimild til að kaupa þessar lóðir og landspildur, og mér hefur virzt og okkur þm. Sunnl., sem ég hef rætt þetta mál við, eðlilegt, að orðið sé við þeim óskum, og því er þetta frv. flutt.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 82, n. 330).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af hv. 6. þm. Sunnl. eftir ósk hreppsnefndar Hveragerðis og er efnislega á þá leið að heimila ríkissjóði að kaupa lóðir og landspildur í Hveragerði, þar sem þannig standi á, að óhagstæð landamörk valdi erfiðleikum um framkvæmd skipulags, sótthreinsun og nýtingu lóða. Þessu frv. hefur verið vísað til heilbr.- og félmn.

Í Hveragerði hefur ekki verið hægt að koma við þeirri stefnu, sem öðrum kauptúnum þykir eðlileg og sjálfsögð, þ. e. a. s. að hreppsfélagið eigi lóðir og lendur í kauptúninu. Orsökin er sú, að ríkissjóður á meiri hluta af lóðum í Hveragerðishreppi og telur sig sjálfsagt þurfa að eiga þær til frambúðar vegna hitavatnsréttindanna, sem þar eru. Hveragerði hefur því sérstöðu að þessu leyti.

Nefndin sendi þetta frv. til umsagnar jarðeignadeildar landbrn., og segir í umsögn hennar, að ráðuneytið hafi ekkert við það að athuga, að frv. verði samþ. sem lög. Enn fremur var frv. sent til umsagnar skipulagsstjóra, en hann segir í sinni umsögn, að hann taki fram, að hann sé frv. efnislega samþykkur, en telji rétt, að heimildin nái fyrst og fremst til makaskipta á lóðaskikum, en lóðakaup verði heimiluð, þar sem makaskipti koma ekki til greina.

Nefndinni þótti rétt að verða við ábendingu skipulagsstjóra í þessu efni með því að flytja brtt. við frv., sem er á þskj. 330, þannig að aftan við orðin „lóðir og landspildur í Hveragerði“ komi: meðal annars með makaskiptum á lóðum, — þannig að ríkissjóði væri þá í sjálfsvald sett í hvert skipti sem til stæði að kaupa lóð í Hveragerði, hvort ríkið gerði það með því að kaupa hana á venjulegan hátt, með því að greiða fé fyrir, eða þá með því að skipta á annarri lóð, sem ríkið á á þessu svæði. Heilbr.- og félmn. hefur einróma mælt með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem ég gat um.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu þessa frv. N. hefur mælt með því, að frv. verði samþ. með lítilli breytingu, sem hv. frsm. hefur gert grein fyrir og er í því fólgin að bæta inn orðunum „meðal annars með makaskiptum á lóðum“. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við þessa brtt. að athuga, og ég get samþykkt hana fyrir mitt leyti. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að þegar lóðir eru hornskakkar við götur eða á annan hátt valda erfiðleikum í skipulagi, þá sé fyrst og fremst reynt að leysa það með makaskiptum. Það er orðið aðkallandi að fá nauðsynlegar heimildir til endurbóta í lóðamálum

Hveragerðis, og ég geri ráð fyrir því, að flest af þeim aðkallandi vandamálum, ef ekki öll, sem nú blasa við, verði auðvelt að leysa með makaskiptum.

Hins vegar þykir mér rétt í þessu tilefni að vekja athygli á því, að það er ólíklegt, að hægt sé að gera ráð fyrir, að með makaskiptum sé hægt að fá endanlega lausn á lóðamálum Hveragerðishrepps. Þar eins og annars staðar hlýtur það að vera æskilegt að koma lóðum þorpsins eða kaupstaðarins á eina hönd, ekki sízt vegna þeirra miklu jarðhitaréttinda, sem þarna er um að ræða. Þar sem það af ástæðum, sem hv. frsm. gerði grein fyrir og ég hef gert grein fyrir við fyrri umr. þessa máls, er ólíklegt, að þar verði tekin upp sú stefna, sem annars hefur verið ríkjandi upp á síðkastið, að sveitarfélögin eða hreppsfélögin eignuðust sjálf lóðirnar, þá sýnist mér, að framtíðarlausn þessa máls hljóti að verða sú, að ríkið eignist smátt og smátt allar lóðir kauptúnsins.

Þetta frv., ef að lögum verður, veitir fullnægjandi heimildir fyrir ríkissjóð og ríkisstjórn til þess að leysa þau vandamál, sem koma upp, hvort sem það yrði gert með makaskiptum eða kaupum. Það var aldrei tilgangur minn sem flutningsmanns þessa frv. að kveða á um, að neitt ákveðið skyldi gert í þessum málum, heldur aðeins skapa þær heimildir, sem ríkisstjórn á hverjum tíma er nauðsynlegt að hafa til þess að geta leyst þessi vandamál. — Ég endurtek þakkir mínar til heilbr.- og félmn. fyrir jákvæða afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Brtt. 330 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 345).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 345, n. 398).

Óskar Jónsson: Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar, sem er frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til lóðakaupa í Hveragerðishreppi. Mál þetta er á þskj. 82 og er lagt fram í Ed. N. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 345 eftir afgreiðslu Ed. En sú litla breyting, sem þar var gerð á frv., var aðeins sú, að fellt var inn í frv.: „m. a. með makaskiptum á lóðun," — þ. e. ríkisstj. er heimilt að kaupa lóðir og landspildur í Hveragerði og bætt þar við: „m. a. með makaskiptum á lóðum." Ég sé ekki ástæðu til, þar sem allir hafa verið sammála um þetta og málið hefur gengið í gegnum Ed., að hafa um þetta fleiri orð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 435).

---

46. Sala jarðarinnar Ás í Hafnarfirði.

Á 55. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Ás í Hafnarfirði [196. mál] (þmfrv., A. 396).

Á 72. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 30 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 3 öðrum hv. þm. þessarar d. að flytja frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Ás í Hafnarfirði. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv., er frv. flutt að ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, en jörðin Ás kom inn í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar 1959, við síðustu breytingu, sem gerð var á lögsagnarumdæminu. Á þingi 1935 flutti þáv. þm. Hafn., núv. hæstv. sjútvmrh., frv. um heimild til handa ríkisstj. til þess að selja Hafnarfjarðarkaupstað allt óræktað land þessarar sömu jarðar, sem þegar hefur verið gert. Hér er um að ræða að afla heimildar fyrir ríkisstj. til þess

að selja Hafnarfjarðarkaupstað það, sem eftir er, þ. e. a. s. ræktaða landið, ásamt öðru því tilheyrandi. — Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins aths., sem ég vildi skjóta til hv. n., sem þetta mál fer til. Það er í fyrsta lagi, hvort það mundi ekki vera rétt að setja inn í lögin, að Hafnarfjarðarbær megi ekki selja þær lóðir aftur, sem hann þar með eignast. Þegar sala landsins í Vestmannaeyjum til handa Vestmannaeyjakaupstað var hér til umr., kom þetta einmitt til mála hér í d. og var að vísu ekki samþykkt í sambandi við lögin, en var hins vegar sett inn í afsalið, þannig að þegar ríkið seldi Vestmannaeyjum, eins og eðlilegt var, landareign sína þar, var það sett inn í afsalið, að Vestmannaeyjakaupstaður mætti ekki selja þetta aftur. Nú held ég, að það sé raunverulega viðkunnanlegra, ef slíkt ákvæði er sett inn í afsal, að það sé heimild fyrir því í lögum, þannig að ég vildi skjóta því til þeirrar n., sem þetta mál fer til, að athuga, hvort ekki væri rétt að setja þetta ákvæði inn í lögin, því að við þykjumst allir vissir um, að Hafnarfjarðarbær ætlar sér ekki að kaupa þetta til þess að fara að selja það aftur, en til þess að girða alveg fyrir það væri þetta bezt.

Svo vildi ég aðeins skjóta því til n. líka til athugunar, hvort 2. mgr. er nægilega sterk í þessu, þar sem stendur: „Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum," — hvort það verður ekki að vera eignarnámsákvæði beinlínis, alveg júridískt, hvort þetta ákvæði er nægilega sterkt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 396, n. 547).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar og afgreiðslu frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði. Svo sem venja er um mál þessi, sendi landbn. það til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, og mæla þessir aðilar báðir með því, að frv. verði samþ.

Það kemur fram í fskj., sem fylgir frv., sem er bréf bæjarstjórans í Hafnarfirði, að Hafnarfjarðarkaupstaður sé í þörf fyrir að fá þetta land undir byggingarlóðir og til athafnasvæða. Landbn. fellst á þetta sjónarmið. Það kemur enn fremur fram í umsögn landnámsstjóra, að hér er ekki um neina sérstaka landkostajörð að ræða, en hefur mjög takmarkaða framleiðslumöguleika sem bújörð. Ég vil svo einnig geta þess, sem kemur fram í umsögn hans, sem að vísu þarf ekki að taka fram, að við lítum svo á, að Hafnarfjarðarkaupstaður verði að taka á sig allar skuldbindingar til ábúanda gagnvart þeim réttindum hans, sem honum kunna að hafa verið tryggð í ábúðarsamningum. — Landbn. var, eins og ég sagði, samþykk því, að frv. næði fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 396, n. 542).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd. og var afgreitt þar ágreiningslaust. Landbn. sendi það til umsagnar venjulega boðleið, sem slík frv. fara, þ. e. a. s. til Landnáms ríkisins og jarðeignadeildar ríkisins, og báðar þessar stofnanir mæltu með, að frv. yrði samþ. og ríkinu heimilað að selja Hafnarfjarðarkaupstað jörðina Ás. Þetta mun vera lítil jörð og ekki vænleg til búskapar, og ríkir, held ég, fullt samkomulag milli allra aðila um það, að einboðið sé að heimila þessa sölu. Landbn. Ed. mælir samhljóða með því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 566).

47. Lausaskuldir iðnaðarins.

Á 16. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán [68. mál] (þmfrv., A. 73).

Á 17. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 73 hef ég ásamt formanni iðnn. Nd., hv. 2. þm. Norðurl. e., lagt fram frv. til l. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán. Hliðstæðar aðgerðir hafa verið gerðar til þess að bæta fjárhagsaðstöðu sjávarútvegsins með l. nr. 48 frá 1961 og landbúnaðarins með l. nr. 15 frá 1962. Í grg. með frv. er nokkuð gerð grein fyrir aðstöðu íslenzks iðnaðar nú, og í byrjun segir svo:

„Eitt af erfiðustu viðfangsefnum iðnfyrirtækja undanfarna áratugi hefur verið skortur á lánsfé. Hin þráláta verðbólga, sem ríkt hefur tvo síðustu áratugi, hefur haft í för með sér, að sífellt fleiri krónur hefur þurft til að viðhalda ákveðinni framleiðslustarfsemi."

Þessi orð þurfa ekki skýringa við. Það er þessi draugur, sem allir landsmenn glíma við, hin sífellda verðbólga og kapphlaup um krónuna.

Frv. þetta er flutt samkv. eindregnum óskum landssamtaka iðnaðarins. Á 25. iðnþingi Íslendinga, sem haldið var hér í Reykjavík í síðasta mánuði, var svo hljóðandi till. einróma samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„25. iðnþing Íslendinga beinir þeim tilmælum til ríkisstj., að unnið sé að því að ná samkomulagi við viðskiptabankana um að breyta stuttum skuldum iðnfyrirtækja við bankana í löng lán, eins og gert hefur verið varðandi lausaskuldir landbúnaðar og sjávarútvegs."

Og á ársþingi Félags ísl. iðnrekenda, sem haldið var fyrri hluta ársins í ár, var svo hljóðandi samþykkt, með leyfi hæstv. forseta.

„Ríkisstj. beitir sér fyrir samkomulagi viðskiptabankanna um að breyta stuttum skuldum iðnfyrirtækja við bankana í löng lán, líkt og átt hefur sér stað um lausaskuldir sjávarútvegs og landbúnaðar."

Hér er því um að ræða eindregna ósk frá landssamtökum iðnaðarins.

Eins og fram kemur í 1. gr., er meginatriði þessa frv. að heimila iðnlánasjóði að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu iðnfyrirtækja, sem hafa ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma í þær framkvæmdir, sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1961, að báðum þessum árum meðtöldum. Þetta tímamark er fært fram um eitt ár, miðað við lög um lausaskuldir bænda, enda voru þau lög samþykkt á Alþingi í marz 1962. Hér í frv. er átt við þau iðnfyrirtæki, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald, sbr. ákvæði 5. gr. l. um iðnlánasjóð, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Samkvæmt því er kjöt- og fiskiðnaður svo og mjólkurbú undanskilin, en þessar atvinnugreinar hafa rétt til stofnlána úr sjóðum sjávarútvegs og landbúnaðar. Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar, sem iðnlánasjóður stofnar til í þessu sambandi. Þar sem ekki liggur fyrir, hversu háar fjárhæðir geti orðið hér um að ræða, þótti rétt, að þessi lög tækju ekki til þeirrar lántökuheimildar, sem ákveðin var í 1. mgr. 6. gr. laga um iðnlánasjóð.

Varðandi 2. gr. frv. er þess að geta, að hún er efnislega shlj. 2. gr. l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, að öðru en því, að hámarkslánstími er hér styttri, en hins vegar sá sami og mælt er fyrir um í 12. gr. l. um iðnlánasjóð, þ. e. 15 ára lán með fasteignaveði, en 7 ára lán með veði í vélum. Hámarkstími í lögum um lausaskuldir bænda var hins vegar 20 ár og í l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins 20 ár út á fasteignir, 15 ár út á skip, en 10 ár út á vélar. Þá er gert ráð fyrir því, að vaxtakjör lána þessara skuli ákveðin af stjórn iðnlánasjóðs að höfðu samráði við ráðherra. Útlánsvextir iðnlánasjóðs eru nú 8½% og því eðlilegt, að vextir af þessum lánum verði ákveðnir með hliðsjón af því.

Gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., að lán skuli aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Er hér átt við þær fasteignir eingöngu, sem viðkomandi fyrirtæki nota til eigin þarfa og er eigandi að. Þannig er ekki gert ráð fyrir því, að húsnæði óviðkomandi sjálfum rekstrinum sé veðhæft eða aðili, sem rekur iðnaðarhúsnæði til útleigu, geti orðið þessara lána aðnjótandi.

Ákvæði 3. gr. eru efnislega shlj. upphafi 9. gr. l. um iðnlánasjóð, þ. e. að hámark lánsfjárhæðar megi vera allt að 60% af matsverði veðsins. Í l. um lausaskuldir bænda er þetta hámark hins vegar sett 70% af matsverði.

Í 4. gr. segir, að framkvæmd lánveitinga skuli að öðru leyti fara eftir ákvæðum laga um iðnlánasjóð, en þar sem þau þrýtur, verði nánari ákvæði sett í reglugerð, eins og fyrir er mælt í 5. gr. frv. Til frekari skýringa skal stuttlega rakið, hver háttur var á hafður með framkvæmd hjá veðdeild Búnaðarbankans við breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Gera má ráð fyrir því, að sú framkvæmd eigi frekar við hér en framkvæmd á breytingu lausaskulda sjávarútvegsins, þar sem þau lög voru felld inn í lög um stofnlánadeild sjávar-

útvegsins með brbl. Þegar lánin voru auglýst af veðdeild Búnaðarbankans, var tekið fram, að lánsumsókn skyldi fylgja veðbókarvottorð, síðasta skattframtal, skrá um bústofn, listi yfir bæði veðskuldir og lausaskuldir, svo og virðingargjörð þeirra eigna, sem boðnar voru að veði fyrir lánunum. Af hálfu veðdeildarinnar voru svo kvaddir til tveir trúnaðarmenn til að yfirfara matsgjörðir. Veðdeildin skrifaði síðan lánardrottnum umsækjenda og bað þá um skrá yfir allar skuldir þeirra og hvenær til skuldanna hafi verið stofnað, enn fremur, hvort þeir féllust á að taka veðdeildarbréfin upp í skuldir viðkomandi aðila. Að fengnum þessum upplýsingum var svo tekin ákvörðun um, að hve miklu leyti skyldi orðið við lánsumsóknunum. Heildarupphæð þeirra lausaskulda bænda, sem fram til þessa hefur verið breytt í föst lán, mun nema 66 millj. kr., en heildarupphæð sjávarútvegsins 330 millj. kr.

Varðandi framkvæmd á breytingu lausaskulda iðnaðarins í föst lán verður að hafa í huga, að þessar lausaskuldir eru í flestum tilfellum frá fleiri en einum banka eða lánsaðila. Verður því að telja nauðsynlegt, að komið sé á fót skipulegri samvinnu milli þeirra aðila, sem hér koma aðallega til með að eiga hlut að máli eða hagsmuna hafa að gæta. Er þess að vænta, að stjórn Seðlabankans hafi forgöngu um slíka samvinnu, ef þetta frv. verður að lögum.

Eins og getið er í grg. fyrir þessu frv., skipaði þáv. iðnmrh., núv. hæstv. viðskmrh., nefnd í september 1959 undir forsæti dr. Jóhannesar Nordals til að athuga lánamál íslenzks iðnaðar. Í álitsgerð lánanefndar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Breyting á stuttum skuldum iðnaðarins í lengri lán gæti átt sér stað, annaðhvort með því, að hver viðskiptabankanna um sig semdi við þá viðskiptamenn sína, sem þörf hefðu á slíkri fyrirgreiðslu, eða einn aðili, t. d. iðnlánasjóður, tæki að sér þessar lánveitingar fyrir hönd viðskiptabankanna, sem síðan keyptu verðbréf sjóðsins til greiðslu á lausaskuldum við sig."

Síðar í grg. með frv. er skýrt frá því, á hvern hátt Danir hafa leyst þessi mál hjá sér, þ. e. með sérstakri stofnun, Finansieringsinstitutet for Industri og Håndverk, A/S, sem stofnað var 1958 af peningastofnunum og samtökum iðnaðarins í Danmörku. Að síðustu er svo lauslega í grg. minnzt á till. þá, sem ég fékk samþykkta á hv. Alþingi 1958 um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. Segir í grg. m. a.:

„Enda þótt endurkaup iðnaðarvíxla hafi enn eigi náð fram að ganga, varð samþykkt þessarar till. til þess, að iðnmrh. skipaði nefnd þá, er að framan getur, til athugana á lánamálum iðnaðarins. Skilaði n. m. a. ýtarlegum till. um eflingu iðnlánasjóðs, sem síðan urðu uppistaða í nýjum lögum um sjóðinn, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Að því ber að sjálfsögðu að stefna, að iðnaðurinn hljóti fyllsta jafnrétti við hina höfuðatvinnuvegina og Seðlabankinn setji reglur þar að lútandi."

Eins og fram kemur, hefur það haft sína óbeinu þýðingu, þessi till. um endurkaup frá 1958, skapað grundvöll undir breytingu iðnlánasjóðs, orðið til þess, að lánanefnd iðnaðarins var skipuð 1959, og svo væntanlega til þess nú, að þetta frv. verði á næstunni afgreitt sem lög frá hv. Alþingi.

Hitt er svo annað mál, að enda þótt þessi sjálfsagða og raunhæfa réttarbót um endurkaup iðnaðarvíxla hafi enn ekki náð beint fram að ganga, ber að sjálfsögðu að því að stefna. Í því sambandi vil ég þakka ötulan áhuga hv. 5. þm. Reykv. á málefninu, en hann endurflytur nú till. mína í annað sinn, enda þótt hún hafi verið samþykkt 1958 sem viljayfirlýsing hv. Alþingis. Ég lít á endurflutning þessarar till. frá hv. 5 þm. Reykv. sem ótvíræða stefnubreytingu hjá Framsfl., er óskiptur greiddi atkv. á móti þáltill. 1958, að einum hv. þm. hans undanskildum. Ég fagna þessari stefnubreytingu og vænti, að þeir sýni hana í verki nú, þegar þetta hagsmunamál, lausaskuldir iðnaðarins, verður til afgreiðslu á hv. Alþingi. Ég efast ekki um það, að till. um endurkaup iðnaðarvíxla væri komin til framkvæmda, ef þm. Framsfl., annars stærsta þingflokksins á hv. Alþingi, hefðu haft viðsýni til þess að greiða henni atkv. á sínum tíma.

Ég vil aðeins minna hér á nokkur orð, sem ég viðhafði í framsögu fyrir endurkaupatill. minni 1958 hér í þd., með leyfi hæstv. forseta:

„Með framkvæmd till. mundi skapast hér myndarleg fjöldaframleiðsla á ýmsum hlutum. Framleiðendur mundu selja viðskiptabönkum sínum efnis- og framleiðsluvíxla, en viðskiptabankarnir endurselja þá Seðlabankanum eftir þeim reglum, sem Seðlabankinn mundi setja í samráði við hæstv. ríkisstj. Hvað mundi svo þetta leiða af sér? Framleiðandinn hefði bolmagn til hagkvæmari innkaupa á efnivöru. Í stað þess að framleiða vöru á dýran hátt í smáum stíl mundi hann framleiða slíka vöru í fjöldaframleiðslu og útkoman verða ódýrari vara, meiri framleiðsla, betri afkoma almennings."

Tollamálin hafa verið íslenzkum iðnaði fjötur um fót. Það er ákaflega vinsælt hjá sumum atvinnustéttum að tala um tollvernd íslenzks iðnaðar. En ef þetta er athugað nánar, kemur í ljós, að tollar á iðnaðarvörum til landsins eru fyrst og fremst til þess að skapa íslenzka ríkinu tekjur. Það er táknrænt að blaða í hinni nýju tollskrá og sjá, hversu það er orðið hefðbundið að mismuna höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar. Nauðsynjar sjávarútvegs eru svo til tollfrjálsar, einnig skip og bátar, veiðarfæri svo til tollfrjáls, nauðsynjar landbúnaðar í lægstu tollflokkum og svo mætti lengi telja. En jafnnauðsynleg hjálpartæki til iðnaðar og alls konar verkfæri eru tolluð 50%, boltar, skrúfur og margs konar efnivara með óheyranlega háum tolli. Það er lítils virði að

tala um aukna hagræðingu, starfsmat og ákvæðisvinnu, ef ekki fylgir með hjá löggjafanum aukinn skilningur á réttlæti milli atvinnuveganna. Tollskráin nýja, sem tók gildi 1. maí s. l., mun nú vera í endurskoðun, eins og ráð var fyrir gert. Er þess að vænta, að teknar verði til íhugunar þær ábendingar, sem fram koma hjá samtökum iðnaðarins, til meira réttlætis í þessum efnum. Það er greinilegt, að með hinni nýju tollskrá er stefna ríkisvaldsins sú, að tollar séu lækkaðir, en ég vil benda á nauðsyn þess, að fyrst séu tollar lækkaðir á hráefnum, hráefnatollarnir séu fyrst lækkaðir, þannig að iðnaðinum sé gert kleift að samræma verðlag sitt á fullunnum vörum, áður en erlend vara með lægra tolli er sett á markað hér. Sama gildir að vísu um erlend vörukaupalán, sem nú tíðkast mjög. Það er ekki réttmætt, að verzlun og iðnaði séu sett sömu skilyrði í þessum efnum. Þegar iðnaðurinn flytur inn sitt hráefni, segjum gegn þriggja mánaða víxlum, þá á hann eftir að framleiða fullunna vöru úr þessu erlenda hráefni. Innflytjandi, sem hins vegar flytur inn fullunna vöru, getur komið henni strax á markað. Af þessu má vera ljóst, að setja verður aðrar reglur fyrir framleiðandann, nema honum séu á annan hátt opnaðar leiðir að eðlilegu fjármagni til rekstrar síns.

Þær viðræður, sem nú eru hafnar um kjaramálin milli vinnuveitenda, vinnuþiggjenda og ríkisstj., leiða væntanlega til varanlegrar lausnar á þessu sífellda vandamáli íslenzkra atvinnuvega. Eina ábendingu mundi ég vilja setja fram í því sambandi. Það er, að nákvæmlega verði athugaður möguleiki fyrir skatt- og útsvarsfrelsi af tekjum, sem erfiðisvinnumenn hafa af næturvinnu eftir fullan vinnudag. Hin mikla vinna, sem íslenzkir erfiðisvinnumenn leggja á sig við verðmætasköpun fyrir íslenzku þjóðina, er einstæð og þekkist hvergi, að ég bezt veit. Hvorki íslenzka ríkið, bæjar- né sveitarfélög geta miðað sína tekjuöflun við slíkar aðstæður. Þeir, sem leggja á sig mikið aukastarf, eiga það sannarlega skilið, að skattar og útsvör hirði þar ekki bróðurpartinn. Óheilbrigði í atvinnumálum er orðið slíkt, að það fyrsta, sem spurt er um, þegar menn ráða sig til starfa, er: hvað um næturvinnu, er hún gefin til skatts? Ef svo er, þá er málið leyst með því, að viðkomandi hættir störfum þegar að lokinni dagvinnu og ræður sig þá til frekari starfa, líklega án mikilla tekna fyrir sveitarfélög eða íslenzka ríkið. Þannig leiðast vinnufærir og vinnufúsir menn út úr framleiðslunni í alls konar vinnu, sem hefur ekki sama þjóðhagslegt gildi.

Ég hef lengt mál mitt um of. Að endingu vil ég vænta þess, að hv. alþm. geti fallizt á lagafrv. það, sem hér er fram borið.

Herra forseti. Ég leyfi mér að gera það að till. minni, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og umsagnar fjhn. þessarar hv. þd., en sá háttur var á hafður með lausaskuldir sjávarútvegs og landbúnaðar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu með ánægju á móti þakklæti því, sem hv. flm. þessa frv. var að færa mér fyrir að hafa endurflutt hér till. um endurkaup á hráefnavíxlum iðnaðarins, sem hann flutti upphaflega á þingi 1958 og fékk þá samþykkta, en þrátt fyrir það hefur enn ekki komið til framkvæmda. Ég tel það víst, enda virtist mér það koma fram í ræðu hv. flm., að hann telur það ekki að ástæðulausu, að ég hef flutt þessa till., því að það er komið nokkuð á sjötta ár, síðan hún var samþ. hér í þinginu, án þess að nokkuð hafi verið gert í þá átt að koma henni til framkvæmda. Þó má öllum vera það augljóst, að þörfin fyrir það, að iðnaðurinn fái endurkeypta hráefnavíxla sína, er orðin enn þá meiri nú en var fyrir 5½ ári, því að á þessum tíma hafa t. d. átt sér stað tvær gengisfellingar og verulegar kauphækkanir, sem hafa það í för með sér, að iðnaðurinn hefur enn þá meiri þörf fyrir slík endurkaup heldur en hann hafði fyrir 5½ ári, og þess vegna er enn þá meiri þörf á því, að hann fái jafna aðstöðu við sjávarútveg og landbúnað í þessum efnum. Það er líka kunnara en frá þurfi að segja, að þetta stendur iðnaðinum mjög fyrir þrifum, að hann nýtur ekki sama réttar og sjávarútvegur og landbúnaður í þessum efnum, m. a. stendur ótvírætt framleiðni hans og framleiðsluaukningu mjög fyrir þrifum, vegna þess að eigið fé, sem iðnaðurinn mundi geta notað til þess að auka framleiðni sína og framleiðslugetu, verður hann nú að nota sem rekstrarfé, vegna þess að hann fær ekki eðlilega afgreiðslu hjá bönkunum í þeim efnum, eins og t. d. sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn. Það hefur þess vegna verið fullkomin ástæða til þess, að þessi upprunalega till. hv. flm. væri endurnýjuð hér í þinginu, vegna þess að af hálfu þeirra flokka, sem hafa farið með stjórn á undanförnum árum, hefur ekkert verið gert til að framkvæma þetta mál.

Það, sem hefur valdið því, að framkvæmdir á þessari till. hafa dregizt nú á sjötta ár, er fyrst og fremst það, að þeir flokkar, sem töldu sig vera þessu máli fylgjandi 1958, Sjálfstfl. og Alþfl., hafa farið með völd síðan og hafa bókstaflega ekkert gert til þess að framkvæma þetta mál, sem Alþingi var þó búið að fela ríkisstj. að sjá um framkvæmd á. Og ég skal lofa hv. flm. því, að það skal ekki standa á Framsfl. að standa að því, að þessi viljayfirlýsing verði endurnýjuð á Alþingi og nái fram að ganga, og ég vona þá, að hann sjái jafnframt um, að það standi ekki lengur á stjórnarflokkunum í þessum efnum og þeir reynist nú jafnfúsir til framkvæmda og þeir virtust upphaflega vera 1958 til þess að styðja þetta mál þá. Annars sé ég enga ástæðu til þess að fara út í deilu við hann um þetta atriði. Við erum báðir sammála um það, og við reynum hvor um sig í okkar flokkum að vinna sem bezt að framgangi þessa máls, og ég get lofað honum því, að það skal ekki

standa á stuðningi Framsfl. við þessa till., og þá sér hann vonandi um, að það standi ekki á stuðningi stjórnarflokkanna við að koma henni fram.

Um það mál, sem hér liggur fyrir, vil ég aðeins segja það, að mér virðist það vera mjög eðlilegt og sanngjarnt, að iðnaðurinn fái sömu fyrirgreiðslu í þessum efnum og sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn hafa þegar fengið. En mér fyndist það hins vegar koma mjög til athugunar, að þessi aðstoð, sem iðnaðurinn á að fá samkv. þessu frv. um breyt. á lausaskuldum í föst lán, gildi ekki aðeins fyrir þær lausaskuldir, sem hafa myndazt á árunum 1957—61, heldur komi þar einnig til athugunar, að hið sama gildi um árin 1962—63, því að ég býst við, að það verði líka niðurstaðan, að aðrir atvinnuvegir fái svipaða fyrirgreiðslu hvað þau ár snertir, því að það er ekki neitt sérstakt réttlæti í þessum efnum að taka út úr þessi 4 ár, sem hér er rætt um í frv., heldur er eðlilegt, að það sé látið gilda fyrir lengri tíma, ef ekki á að mismuna iðnaðarfyrirtækjunum.

En ég vil svo segja það að lokum, að þó að þetta frv. nái fram að ganga, sem ég tel sjálfsagt, þá er jafnmikil nauðsyn eftir sem áður fyrir það, að iðnaðurinn njóti jafnréttis við aðra atvinnuvegi hvað snertir endurkaup á vöruvíxlum hans, og þetta mál má ekki á neinn hátt, þótt það gangi fram, sem sjálfsagt er, verða til þess að tefja fyrir því eða því til fyrirstöðu, að iðnaðurinn fái jafnrétti við aðra atvinnuvegi hvað snertir endurkaup á vöruvíxlum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeim ummælum hv. síðasta ræðumanns, að þeir flokkar, sem nú fara með stjórn og greiddu atkv. þeirri till. til þál., sem rætt hefur verið um í þessum umr., um endurkaup á afurðavíxlum iðnaðarins, 1958, þessir flokkar hafi ekkert gert til þess að greiða fyrir lánamálum iðnaðarins, sem ég vildi segja fáein orð.

Hv. frsm. þessa frv., sem í felast till. um athyglisverð nýmæli í lánamálum iðnaðarins, lét þess raunar getið í framsöguræðu sinni, að hv. Framsfl. hafi 1958 með tölu, að einum þm. undanskildum, greitt atkv. gegn þeirri þáltill., sem þá var samþykkt með atkv. sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna. Við þetta vil ég bæta því, sem hv. þm. hafði að sjálfsögðu ekki aðstöðu til þess að greina frá, að þegar þessi till. eða efni hennar kom til umr. í þáv. ríkisstj., ríkisstj. Hermanns Jónassonar, skömmu eftir að hún hafði verið samþykkt hér á Alþingi, þá var algerlega fyrir það tekið bæði af hálfu ráðh. Framsfl. og ráðh. Alþb., að ríkisstj. beindi tilmælum til Seðlabankans um það, að hann skyldi framkvæma efni hennar. M. ö. o.: bæði Framsfl. og Alþb. voru í þáv. ríkisstj. algerlega andvígir því, að sú skipan væri tekin upp, sem gert hafði verið ráð fyrir í till. Þetta taldi ég rétt að láta koma fram hér, þannig að um það þyrfti enginn að vera í vafa, hver afstaða Framsfl. og raunar Alþb. líka var, meðan þessir tveir flokkar voru í ríkisstj., en síðan eru ekki nema 5 ár.

Varðandi þá staðhæfingu hv. 5. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, sem gaf mér tilefni til þess að segja þessi fáu orð, að núv. stjórnarflokkar hafi ekkert gert í málefnum iðnaðarins, vildi ég benda á, að beinlínis í framhaldi af þessari þáltill., eins og hv. frsm. tók fram, skipaði ég, sem fór þá með iðnaðarmál, nefnd til að athuga lánamál iðnaðarins, beinlínis vegna þess að það kom í ljós í ríkisstj., að þar var ekki vilji fyrir því, að framkvæmdavaldið færi þá leið, sem Alþingi hafði þá samþykkt viljayfirlýsingu um, það var ekki vilji fyrir því, að ríkisstj. beindi tilmælum um það efni til Seðlabankans. Þá taldi ég það vera skyldu mína, bæði með hliðsjón til viljayfirlýsingar Alþingis og vegna skoðana minna á málinu, að láta fara fram alveg sérstaka athugun á því, með hverjum hætti bezt verði að greiða fram úr lánsfjárvandamálum iðnaðarins. Í ríkisstj. Hermanns Jónassonar heyrðu bankamálin undir ríkisstj. alla, þ. e. a. s. það var forsrh., sem þá fór með bankamálin, og það var hann og raunar þrír aðrir ráðh. með honum, sem töldu frágangssök að beina tilmælum um þetta efni til Seðlabankans. Ég fór hins vegar með iðnaðarmálin og notaði þann sjálfsagða rétt minn til þess að láta fara fram sérfræðilega athugun á þeim málum, sem undir ráðh. heyra, til þess að skipa sérstaka nefnd til að kanna lánamál iðnaðarins. Sú nefnd vann mjög gott starf og gerði ýmsar ábendingar, sem að verulegu leyti hafa verið framkvæmdar, því að eins og hv. frsm. tók fram, urðu till. þessarar nefndar beinlínis undirstaða að hinni nýju og stórgagnlegu lagasetningu um iðnlánasjóð, sem nýlega hefur verið samþykkt. Ég tel einnig, að það hafi verið fyrir rækilega athugun þessarar nefndar, sem var undir forsæti dr. Jóhannesar Nordals, sem gerð var gangskör að því að tryggja iðnlánasjóði aukið starfsfé, en honum hefur undanfarið verið tryggður nokkur hluti af hinum svonefndu P-480 lánum. 1961 fékk iðnlánasjóður 1.5 millj. af hinu bandaríska lánsfé, sem kennt er við PL-480, löggjöfina bandarísku, auk þess sem hin nýja löggjöf um iðnlánasjóðinn gerir ráð fyrir því með sérstökum ráðstöfunum, að útlánageta hans í framtíðinni verði stórum meiri en hún hefur verið undanfarin ár.

Ég verð því að visa alveg til baka til föðurhúsanna þeim ásökunum hv. 5. þm. Reykv., að núv. stjórnarflokkar hafi sýnt litinn áhuga á því að bæta úr lánsfjárvandamálum iðnaðarins. Þvert á móti, það skynsamlegasta, sem gert hefur verið um langt skeið undanfarið, ef ekki áratuga skeið, hefur einmitt verið gert með setningu laganna um iðnlánasjóð og miklum átökum til að tryggja iðnlánasjóði aukið starfsfé. Það hefur verið gert í stjórnartíð núv. stjórnarflokka og í framhaldi af viljayfirlýsingu Alþingis, sem varð til þess, að ég skipaði nefnd, sem hefur orðið grundvöllur að þeirri lagasetningu og þeim ráðstöfunum, sem síð-

an hafa verið gerðar. Ég vil ekki segja, að Framsfl. hafi verið andvígur nefndarskipuninni á sínum tíma, 1959, en um áhuga af hans hálfu í því máli var ekki að ræða, sem m. a. kom greinilega fram í því, að fyrir það var þvertekið, að ríkisstj. beindi nokkrum tilmælum um aukna fyrirgreiðslu til iðnaðarins af hálfu Seðlabankans og það féll í minn hlut að gera þær rannsóknir, sem síðan hafa orðið undirstaða að þeirri lagasetningu, sem Alþingi hefur sett.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skal taka það fram strax í upphafi míns máls, að ég tel eðlilegt, að það frv., sem hér liggur fyrir, nái fram að ganga í öllum meginatriðum. Ég tel það aðeins eðlilegt og sjálfsagt, að farið verði svipað með ýmis óumsamin lán iðnaðarins eins og gert hefur verið varðandi lán sjávarútvegs og landbúnaðar áður. Að því leyti til er ég í öllum meginatriðum samþykkur þessu frv. En við þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa komið fram nokkrar skoðanir, sem ég er hins vegar mjög ósammála og ég tel eðlilegt að gera hér aths. við.

Það er allmikið um það rætt, að íslenzkur iðnaður njóti ekki jafnréttis á við aðra aðalatvinnuvegi landsmanna, eins og t. d. sjávarútveg og landbúnað. Og menn vilja gjarnan hafa það uppi sem eina aðalröksemd fyrir t. d. þessu máli og öðrum nauðsynlegum fjármálalegum ráðstöfunum til stuðnings íslenzkum iðnaði. En ég álít, að fullyrðingar í þessum efnum fái í ýmsum atriðum ekki staðizt. Það er í fyrsta lagi það, að í rauninni er ekkert vit í því að tala um allan íslenzkan iðnað sem eina heild, sem sömu reglur eigi um að gilda í öllum tilfellum. Í fyrsta lagi verða menn að átta sig á því, að málin horfa þannig við, eins og 1. flm. þessa máls minntist m. a. á í sinni ræðu, að sumar starfsgreinar og sum framleiðsla hefur þjóðhagslegt gildi, hefur undirstöðugildi í efnahagslífi þjóðarinnar, en annað er ekki hægt að flokka undir slíkt, heldur verður að teljast til mjög vafasamrar framleiðslu. Það getur verið iðnaður eigi að síður. Það, sem skiptir því öllu máli, er, að það séu gerðar réttlátar og nauðsynlegar fjármálalegar ráðstafanir í öllum greinum fyrir þær atvinnugreinar, sem hafa undirstöðuþýðingu í efnahagslífi þjóðarinnar. Þannig er vissulega ástatt um ýmsar greinar íslenzks iðnaðar, sem nú býr við mjög kröpp kjör og er hart leikinn, það er mér ljóst. Það á því að gera ráðstafanir þessum greinum iðnaðarins til hagsbóta. En það á engan veginn að þýða, að það eigi að gilda nákvæmlega sömu reglur um hvaða aðrar iðngreinar sem er.

Það hefur stundum verið á það minnzt í þessum efnum, að sjávarútvegur og landbúnaður njóti forréttinda viðvíkjandi sérstökum endurkaupalánum Seðlabankans og að eðlilegt væri, að innlenda iðnaðarframleiðslan nyti þar sömu kjara. Vegna einmitt þess, hvernig ástatt er með íslenzkan iðnað, álít ég, að það sé ekki hægt að setja þetta mál upp á þennan veg. Hið rétta er að mínum dómi, að það þarf á sérstökum lánum að halda, svipuðum og endurkaupalánum Seðlabankans, fyrir útflutningsframleiðsluna, fyrir þá framleiðslu, sem framleiðir fyrir erlendan markað. Hér á landi verður ekki hjá því komizt að hafa slík lán fyrir útflutningsframleiðsluna, og þetta er löngu viðurkennt af öllum þeim, sem með þessi mál hafa haft að gera, enda alveg sambærilegar ráðstafanir gerðar í mörgum löndum annars staðar fyrir útflutningsframleiðslu. Þar gilda alveg sérstakar reglur, allt aðrar reglur en gilda fyrir framleiðslu, sem ætluð er á innanlandsmarkað. Ég stóð því að því m. a. í vinstri stjórninni á sínum tíma að flytja till. þar um það, að öll útflutningsframleiðsla landsmanna, hvort sem hún væri á vegum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, skyldi búa við sömu kjör varðandi þessi sérstöku seðlabankalán. Þar á vitanlega ekki að gera neinn mun á iðnaði og sjávarútvegi eða öðrum greinum, sem starfa á sams konar grundvelli fyrir almenna gjaldeyrisöflun. Hinu verður svo ekki neitað, að um alla framleiðslu, sem byggist einvörðungu eða að yfirgnæfandi meiri hl. á svo að segja daglegri sölu hér innanlands, eiga að gilda allt aðrar reglur. Íslenzkur iðnaður hefur einmitt að mínum dómi búið almennt séð, — vissulega er þar um misjafna aðstöðu að ræða líka, — hann hefur almennt búið við mikil hlunnindi í sinni starfsemi á ýmsum sviðum varðandi tollvernd, og er það vitanlega ekki sambærilegt á neinn hátt við það, sem okkar útflutningsatvinnuvegir eiga við að búa. Ég hygg líka, að það sé enginn vafi á því, að sumar greinar íslenzks iðnaðar eigi tilveru sína hér alveg á því að byggja, að þessar greinar búa við mikla tollvernd. Ég er því þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að skapa slíkri framleiðslu aukin sérréttindi til viðbótar við það, sem þessar framleiðslugreinar búa við nú. Og ég álít, að það standi sízt á þeim, sem tala fyrir hönd þessara framleiðslugreina, að kvarta um misrétti, þar sem hallað sé á íslenzkan iðnað í aðbúðinni frá hinu opinbera, t. d. í samanburði við sjávarútveginn. Hitt er svo alveg rétt, eins og ég hef sagt hér áður, að aðrar greinar iðnaðarins búa við litla tollvernd og eru mjög nauðsynlegar framleiðslugreinar hér, og það væri sannarlega þörf á því að veita þeim meiri fjárhagslega aðstoð en gert er.

Hæstv. viðskmrh. minntist hér nokkuð á meðferð þessara mála í vinstri stjórninni á sínum tíma, og hann hagaði orðum sínum á þá lund, að ég hygg, að flestir hafi skilið hann svo, að hann hafi í vinstri stjórninni barizt fyrir því á sínum tíma, að teknar yrðu upp nýjar reglur um endurkaupalán til handa íslenzkum iðnaði. En ekki er mér kunnugt um þessa till. frá hæstv. ráðh. og sat ég í þessari stjórn. Ég minnist þess ekki, að hann hafi nokkurn tíma gert um það till. Og í tilefni af því, sem hann sagði, vildi ég gjarnan spyrja hann um það nú: Er hann samþykkur því, að það verði tekin upp endurkaup á framleiðsluvixlum iðnaðarins almennt séð á svipuðum

grundvelli og nú á sér stað um sjávarútveg og landbúnað? Er hann á þeirri skoðun? Var hann á þeirri skoðun í vinstri stjórninni? Hefur hann verið á þeirri skoðun síðan, og er hann á þeirri skoðun nú? Og hafi hann verið á þessari skoðun, hvað hefur tafið hæstv. ráðh. að koma þessu í framkvæmd?

Ég þarf í rauninni engin svör frá hæstv. ráðh., ég þekki hans skoðanir í þeim efnum allt of vel. Ég veit, að hann hefur ekki verið á þeirri skoðun, að það væri hægt eða það væri rétt að taka upp þessi endurkaupalán. En hitt hygg ég, að hæstv. viðskmrh. kannist vel við, því að ég man eftir því, að hann hefur vitnað í það hér í ræðum sínum áður, að ég hafi flutt í rikisstj. till. um það, sem ég sagði hér áðan, en það er að láta allar greinar íslenzkrar framleiðslu, hvort sem þær eru á vegum iðnaðar, sjávarútvegs eða landbúnaðar, njóta sömu kjara um endurkaupalán, ef um útflutningsframleiðslu væri að ræða.

En það frv., sem hér liggur fyrir, er um allmikið annað mál en endurkaup á framleiðsluvixlum iðnaðar. Hér er um það að ræða, hvort taka eigi nokkru fastari tökum en hingað til hefur verið gert óumsamin lán iðnaðarins í hinum ýmsu bönkum landsins, hvort það eigi að reyna að sameina þessi lán og breyta þeim í lengri umsamin lán, á svipaðan hátt og gert hefur verið bæði um sjávarútveg og landbúnað. Þetta tel ég sjálfsagt og mjög eðlilegt að gert sé. En auk þess tel ég, að það beri með rannsókn að athuga, hvaða greinar íslenzks iðnaðar eru þannig vaxnar, að þær njóta litillar tollverndar og hafa mikið þjóðhagslegt gildi, og þá ber einnig að gera ráðstafanir til þess, að þær geti búið við eðlilegt rekstrarfjármagn til starfsemi sinnar og búið þar við betri kjör en þessar greinar búa við nú. En hitt tek ég skýrt fram sem mína skoðun, að ég álít, að þarna eigi ekki eitt að gilda um allan íslenzkan iðnað, þar vil ég gera mikinn skilsmun á.

Að endingu vildi ég svo sem sagt endurtaka það, sem ég sagði hér áðan og ég tel aðalatriði þessa máls. Ég er sammála í aðalatriðum efni þessa frv., tel þó, að þar þyrftu að koma frekari skýringar á vissum atriðum, sem væntanlega geta komið fram síðar. Ég er samþykkur efninu í öllum aðalatriðum, og við Alþb.-menn munum styðja framgang þess að þessu leyti, sem ég hef hér gert grein fyrir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður um það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 73. um breyt. á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán. Þess er að vænta, að því verði tekið með skilningi á vandamálum iðnaðarins. En á það má þó benda í þessu sambandi, að ákvæði þessa frv. mundu að sjálfsögðu hrökkva skammt til þess að leysa lausaskuldamál iðnaðarins, ef ekki kæmi annað til, þar sem ekki verður séð, að í frv. sé gert ráð fyrir úrræðum til þess að koma þeim vaxtabréfum í verð, sem þar um ræðir, eða tryggja það, að þeir, sem lánað hafa iðnaðinum, taki þau upp í lausaskuldir. En það er auðvitað atriði, sem ræða má um á síðara stigi málsins.

Það, sem varð til þess, að ég kvaddi mér hljóðs hér, var það, að mig furðaði nokkuð á þeim ummælum, sem hv. fyrri flm. þessa máls hafði um meðferð þingmáls árið 1958. Það er nú nokkuð langt liðið síðan og eðlilegt, að menn muni ekki svo glögglega það, sem fram fór í þann tíð, en þó rámaði mig í það, að sú saga, sem hv. þm. sagði hér áðan um meðferð þessa máls, væri eitthvað brengluð í meðförum hans. Þess vegna fór ég að líta eftir því, hver afgreiðsla þingsins hefði orðið á till. þeirri, sem um er að ræða og hann flutti þá á þskj. 547, 1957, um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. En hv. þm. lét orð falla eitthvað á þá leið, að allir framsóknarmenn að einum undanteknum, held ég, að hann hafi sagt, hefðu verið andvígir þessu máli.

Till. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins var útbýtt á Alþingi 22. maí 1958. Og á 49. fundi í Sþ. var hún tekin til meðferðar. Á þessum fundi var till. vísað til allshn. Sþ., og n. skilaði áliti 3. júní 1958. Undir þetta nál. rita Benedikt Gröndal, Eirikur Þorsteinsson, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Björn Jónsson, Björn Ólafsson og Ásgeir Bjarnason. Og n. er sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt, þannig, að tillgr. orðist svo.

„Alþingi ályktar að skora á rikisstj. að vinna að því, að iðnaðurinn fái aukið rekstrarfé með því, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnfyrirtækja.“

Brtt. n. og þar með tillgr. var samþ. á Alþingi með 30 shlj. atkv. og till. með 29 shlj. atkv. sem ályktun Alþingis.

Ég tel rétt, að þetta komi fram hér, þannig að ekki þurfi að slæðast inn í þingtíðindin svo meinlegar missagnir á staðreyndum eins og sú, sem hv. þm. fór hér með áðan, vafalaust af vangá.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður hefur upplýst, voru þær upplýsingar alrangar, sem hv. flm. þessa máls gaf í framsöguræðu sinni um afgreiðslu þáltill. á þingi 1958, sem snerti endurkaup á hráefnavíxlum iðnaðarins. Hv. flm. sagði þannig frá þessu máli, að allur Framsfl. þá að einum þm. hans undanskildum hefði greitt atkv. á móti þessari till. Það sýnir sig hins vegar, eins og nú hefur verið upplýst, þegar blaðað er í þingtíðindunum, að þá var samkomulag milli allra þingflokka í nefnd um afgreiðslu á þessu máli, sem hneig að mjög verulegu leyti í sömu átt og fólst í hinni upprunalegu till. flm., og till. var síðan afgreidd shlj. héðan frá Alþingi. Það var enginn þm., sem greiddi atkv. gegn henni, og allir flokkar stóðu saman um hana í allshn. og hafa að sjálfsögðu gert það einnig í þinginu. Ég skil það ekki, vegna hvers hv. flm. segir þessa sögu hér, sem er röng, en ég tel víst, að eftir að hann hefur fengið þetta upplýst, eigi hann sinn þátt í því sjálfur að leið-

rétta þessa missögn sína, og sé því ekki ástæðu til að fara fleiri eða harðari orðum um þetta að þessu sinni, vegna þess að ég hygg, að þetta sé frekar af ókunnugleika eða á misminni byggt heldur en hv. flm. hafi ætlað að segja vísvitandi ósatt.

Hæstv. viðskmrh. sá ástæðu til þess að blanda sér í þessar umr., og satt að segja bjó hann til tilefni til þess að blanda sér í þessar umr. Hann hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að hæstv. núv. ríkisstj. hefði ekkert gert fyrir iðnaðinn og engin afskipti haft af lánamálum iðnaðarins. Þetta sagði ég aldrei. Ég minntist aldrei á iðnlánasjóð eða annað, sem hann snerti. Það eina, sem ég sagði, var það, að hæstv. núv. ríkisstj. hefði ekkert gert til þess að framkvæma þáltill. frá 1958, sem fjallaði um endurkaup á hráefnavíxlum iðnaðarins. Hæstv. ráðh. hlýtur að vera það mikið inni í þessum málum, að hann veit, að það er allt annað mál, sú till., sem samþ. var á þingi 1958, og iðnlánasjóður, það eru tvö óskyld mál. Till. frá 1958 snertir eingöngu rekstrarlán iðnaðarins. Iðnlánasjóður snertir hins vegar eingöngu stofnlán iðnaðarins. Þetta eru tvö aðskilin mál, og inn á það málefni fer till. frá 1958 ekki neitt. Hún fjallar eingöngu um rekstrarlán iðnaðarins, en ekki um stofnlán. Og þegar ég átti við það, að hæstv. ríkisstj. hefði ekkert gert til að framkvæma till. frá 1958, þá átti ég að sjálfsögðu við það, að hún hefði ekkert gert til þess að greiða fyrir iðnaðinum hvað snerti rekstrarlán, endurkaup á hráefnavíxlum, svo að hæstv. ráðh. blandar sér inn í þessar umr. til þess að koma að alveg óskyldu máli eða því, að hæstv. ríkisstj. hafi eitthvað gert á sviði stofnlána fyrir iðnaðinn. En það er rétt, með þeim lögum, sem samþykkt voru um iðnlánasjóð hér á þinginu í fyrra, fékk iðnaðurinn nokkra úrbót hvað snertir stofnlánin eða fjárfestingarlánin, en þó allt of litla, eins og var rakið í þeim umr. Enda fluttum við framsóknarmenn till. um það, þegar það mál var til meðferðar hér í þinginu, að fjárráð iðnlánasjóðs yrðu miklu meira aukin en gert var ráð fyrir í þeim lögum, sem þá voru samþykkt, enda sýnir það sig nú þegar, að með þeirri löggjöf, þó að hún væri spor í rétta átt, var allt of stutt gengið til þess að greiða úr stofnlánaþörf iðnaðarins. En hitt stendur líka eftir sem áður, að þó að þetta hafi verið gert hvað snertir stofnlánin, þá hefur ekkert verið gert til þess að bæta úr þeirri rekstrarlánaþörf, sem iðnaðurinn hefur og ætlazt var til að gert yrði á þáltill. frá 1958. Það mál er alveg óleyst enn, og hæstv. ríkisstj. hefur ekkert gert í þeim efnum til að bæta þar úr. En það er þó að vísu rétt að geta þess, að einhver hæstv. ráðh. mun hafa skipað nefnd til þess að rannsaka þetta mál. Ég sé í síðustu ríkisreikningum, fyrir árið 1962, að þá hafa einhverri nefnd verið borgaðar eitthvað milli 60 og 70 þús. kr. fyrir að skila áliti um þetta mál. En það álit hefur hvergi verið birt enn þá opinberlega, og það er ekkert farið að framkvæma enn í þá átt að greiða meira úr rekstrarlánaþörf iðnaðarins en áður var, svo að þessi nefndarskipun virðist hvað það snertir ekki hafa aðrar afleiðingar í för með sér en aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

En hverjir eru það, sem eiga sök á því, að ekkert hefur verið gert til þess að framkvæma þáltill. frá 1958 um úrbætur fyrir iðnaðinn hvað snertir rekstrarlánin? Þeir hafa verið að reyna það hér, hv. flm. og hæstv. viðskmrh., að kenna Framsfl. um þetta og byggja það á algerlega röngum staðhæfingum, byggja það á því, að Framsfl. hafi á sínum tíma verið á móti þessu máli hér í þinginu, þó að þskj. sýni það ótvírætt, að flokkurinn hafi verið með þessu máli, þegar það var hér til meðferðar 1958, og ég er alveg hissa, að þó að hv. flm. yrði það á að segja rangt í þessum efnum, þá skyldi hæstv. viðskmrh. verða til þess að endurtaka þessa skreytni hans og byggja sína röksemdafærslu á því. En hverjum það er að kenna, að ekkert hefur verið gert fyrir iðnaðinn hvað rekstrarlánin snertir, það sést bezt á því, að síðan þessi till. var samþykkt hér í þinginu eru liðin 5½ ár. Og hverjir eru það, sem hafa farið með völd í landinu á þessum tíma? Er það Framsfl.? Er það Alþb.? Jú, fyrstu 4—5 mánuðina á þessum tíma voru þessir flokkar í stjórn. Síðan eru meira en 5 ár. Þá eru það Alþfl. og Sjálfstfl., sem hafa farið með stjórnina og hafa átt að sjá um það, að þingviljinn væri framkvæmdur í þessum málum eins og öðrum. Það eru þess vegna þessir flokkar, sem bera ábyrgð á því, að ekkert hefur verið gert fyrir iðnaðinn í þessum efnum þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþingis, sem fólst í till. frá 1958. Það er þetta, sem er höfuðatriðið í málinu. Og það þýðir ekkert fyrir þessa hv. þm. að koma hér upp, eins og hv. flm. og hæstv. viðskmrh., og vera að slá einhverjar bumbur um það, að þeir séu sérstakir áhugamenn og baráttumenn fyrir iðnaðinum, þegar það sýnir sig svart á hvítu, að eftir 5 ára stjórn þeirra er enn ekki farið að framkvæma þingviljann frá 1958 um það, að iðnaðurinn skuli sitja við sama borð og landbúnaður og sjávarútvegur hvað endurkaup á hráefnavíxlum snertir eða úrbætur í sambandi við rekstarlánaþörf hans. Þeir finna það líka, að þeirra hlutur er ekki góður í þessum efnum, og þess vegna er vafalaust þessi missögn, — ég er að vona, að það sé ekki nema missögn, til orðin hjá hv. flm. og hæstv. ráðh. um, að Framsfl. hafi verið sérstakur andstæðingur þessa máls, — sú saga eða sú missögn er bersýnilega til orðin til þess að draga athyglina frá því, hverjir það eru, sem hafa stöðvað það mál, að iðnaðurinn fengi jafnrétti við aðra atvinnuvegi í þessum efnum.

Í tilefni af því, sem kom hér fram frá hv. 5. þm. Austf., vil ég láta það koma fram, að ég er honum ekki alveg sammála um það efni, sem hann hélt hér fram. Hann hélt því fram, hv. þm., að það ætti að gera greinarmun á því, hvort það væri um útflutningsiðnað að ræða

eða ekki, hvort viðkomandi atvinnufyrirtæki framleiddu útflutningsvörur eða vörur, sem eru seldar á markaði hér innanlands. Ég er því ekki sammála, að það eigi að draga neina sérstaka línu þarna á milli, ef um er að ræða atvinnugrein eða framleiðslu, sem talin er nauðsynleg. Mér finnst það ekki skipta neinu höfuðmáli, hvort þessi atvinnugrein eða atvinnufyrirtæki veldur því eða hefur þau áhrif með framleiðslu sinni að afla erlends gjaldeyris eða spara erlendan gjaldeyri. Ég álít, að það komi að sama gagni, hvort heldur sem er gert. útflutningsiðnaðurinn aflar gjaldeyris, það er alveg rétt. Iðnaðurinn, sem framleiðir fyrir innlendan markað, sparar í flestum tilfellum a. m. k. erlendan gjaldeyri, svo að niðurstaðan er nokkurn veginn hin sama, hvora framleiðsluvöruna sem viðkomandi fyrirtæki framleiðir. Fyrir heildina hefur það sömu þýðingu, hvort starfsemi fyrirtækisins verður til þess að afla gjaldeyris eða til að spara gjaldeyri, og það er út frá því sjónarmiði, sem mér finnst að eigi að líta á þetta mál og þess vegna eigi þær atvinnugreinar, sem framleiða fyrir innlendan markað, að vera alveg jafnréttháar og þær, sem framleiða fyrir útlendan markað, og þar af leiðandi hefur þessi till., sem samþykkt var á Alþ. 1958, átt fullan rétt á sér.

Ég vil svo vænta þess, að það verði niðurstaðan af þessum umr., að talsmenn og forsvarsmenn stjórnarflokkanna reyni ekki lengur að verja aðgerðaleysi sitt í þessum efnum með því að búa til einhverjar sögur eða halda á loft einhverjum missögnum um það, að Framsfl. hafi verið á móti þessu máli, því að það er nú upplýst, að það er rangt, og vænti þess jafnframt, að sá áhugi fyrir þessu máli, að iðnaðurinn búi við sama borð og sjávarútvegur og landbúnaður hvað snertir endurkaup á hráefnavíxlum, ég vil vona, að sá áhugi, sem hefur komið fram í þeim umr., sem hér hafa farið fram, fyrir þessu máli hjá bæði hv. fim. og hæstv. ráðh., verði til þess, að nú verði farið að gera eitthvað í þessu máli, eitthvað meira en að skipa nefnd, sem fær sínar greiðslur úr ríkissjóði, en ekkert er svo meira gert, meðan a. m. k. hennar till. eru ekki látnar sjá dagsins ljós og ekki framkvæmdar, ef þær eru þá einhverjar. Ég vona, að þetta verði til þess, að það verði ekki hægt að svæfa þetta mál með einhverjum missögnum eða með nefndarskipunum, sem ekkert kemur út úr, heldur verði nú farið að framkvæma þingviljann frá 1958, og þess vegna álít ég það líka nauðsynlegt, að vegna þess dráttar og aðgerðaleysis og sinnuleysis, sem hefur ríkt hjá hv. stjórnarflokkum í þessum málum, þá sé líka nauðsynlegt að samþykkja þá till. um þetta efni, sem ég ásamt fleiri þingmönnum hef lagt fyrir Alþ. um það, að iðnaðurinn njóti jafnréttis við sjávarútveg og landbúnað hvað snertir endurkaup á hráefnavíxlum. En það er alveg víst, að ef iðnaðurinn á að þróast með eðlilegum hætti í þessu landi, þarf hann að njóta betri fyrirgreiðslu í þessum efnum en hann gerir nú. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að samkeppni við erlendar iðnaðarvörur kemur til með að harðna á komandi árum. Við getum vel átt von á þeirri þróun, að við þurfum að lækka ýmsa verndartolla, sem íslenzkur iðnaður býr við í dag, og til að bæta honum það upp, verður að tryggja honum sambærileg lánskjör við það, sem erlendir keppinautar búa við nú. En það er alveg tvímælalaust, að íslenzkur iðnaður býr við miklu lakari kjör hvað öll lán snertir heldur en iðnaðurinn gerir a. m. k. í öllum okkar nágrannalöndum, og þess vegna er nauðsynlegt, að úr því verði bætt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ástæða þess, að ég sagði nokkur orð í þessum umr., var sú, að ég misheyrði það áreiðanlega ekki, að hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) vitnaði í ræðu sinni til áhuga síns á efni till. frá 1958 og talaði þannig, að sá áhugi hans og hans flokks hefði ávallt verið fyrir hendi. Ég vitnaði þá til þess, að hv. frsm. hefði sagt, að aðeins einn þm. Framsfl. hefði greitt atkvæði með till. sumarið 1958. Ég hafði ekki skoðað atkvæðatölur um þetta, en sé í Alþt. nú, að með till. hafa greitt 29 þm. atkvæði af 52. Sjálfstæðismenn voru þá 19, sem eflaust hafa allir greitt atkvæði með till. Alþýðuflokksmenn voru 7, svo að einhverjir fleiri hafa greitt atkvæði, en augljóst er, að meginþorri Framsfl., sem var næststærsti þingflokkurinn, og meginþorri Alþb. hafa ekki greitt atkvæði með till., þegar hún var endanlega afgreidd. Annars er þetta algert aukaatriði í málinu og atriði, sem ég hafði ekki gefið tilefni til þess að drægist inn í umr. Það, sem mér þótti ástæða til að bæta við, var, hvernig um efni málsins fór í sjálfri ríkisstjórninni á sínum tíma. Og það er sérstaklega minnisstætt vegna þess, að þessi till. var fyrst send iðnmrh. til fyrirgreiðslu af Alþ. af misgáningi, þannig að hún lenti á mínu borði, en ég benti á það, að till. væri bankamál og ætti heima hjá þeim ráðh., sem færi með bankamál, sem var forsrh., og þess vegna kom hún til meðferðar okkar í milli, og um hana mun einu sinni hafa mjög lítillega verið rætt á ráðherrafundi með þeim hætti, að þáv. hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, sem þá mun líka hafa verið form. Framsfl., lýsti mjög stutt og gagnort þeirri skoðun sinni, að hann teldi ekki koma til mála, að ríkisstj. beindi tilmælum til Seðlabankans um það, að hann framkvæmdi efni till. Þetta var afstaða Framsfl., þegar hann var í ríkisstjórn, til þess máls, sem hv. 5. þm. Reykv. hefur flutt tvívegis nú eftir að Framsfl. er kominn í stjórnarandstöðu. Er þetta aðeins eitt af mýmörgum dæmum þess, að þessi flokkur, Framsfl., hefur ekki aðeins gerólíkar, heldur þveröfugar skoðanir nú í stjórnarandstöðu við það, sem hann hafði meðan hann var sjálfur í ríkisstjórn.

Hv. 5. þm. Austf. lýsti eftir skoðunum mínum efnislega á þessu máli og skal ég gera grein fyrir þeim í mjög stuttu máli. Það er rétt hjá honum, það kom fram í umr. um þetta í þeirri stjórn, sem við áttum sæti saman í,

og raunar hef ég enga dul á það dregið, að ég tel það hvorki vera lausn á lánsfjárvandamálum iðnaðarins né heldur æskilega og heppilega stefnu í peningamálum, að Seðlabankinn taki þetta upp sem almenna reglu, að endurkaupa það, sem hv. 5. þm. Reykv. kallar hráefnavíxla iðnaðarins. Hitt er annað, og það hef ég sagt oftar en einu sinni og á réttum vettvangi hef ég gerzt talsmaður þeirrar stefnu, að Seðlabankinn kaupi útflutningsvíxla iðnaðarins með sama hætti og hann nú kaupir útflutningsvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar. Með því væri iðnaðinum tryggt fullkomið jafnrétti við sjávarútveg, og það er sú eðlilega regla, sem seðlabanki í þessu efni getur takmarkað starfsemi sína við og ber að starfa eftir, að gera öllum útflutningsatvinnuvegum landsmanna jafnhátt undir höfði.

En við skulum minnast þess, hver erfiðleiki hefur verið á því, að Seðlabankinn gæti tekið upp þessa reglu. Seðlabankinn, eins og raunar allir aðrir bankar, hefur takmarkað fé til útlána, ef forðast á óeðlileg útlán, ef forðast á verðbólgumyndandi útlán. Sannleikurinn er sá, ef litið er aftur í tímann til síðustu tveggja, þriggja áratuga, þá hefur það verið einn megingallinn, sá hlekkurinn, sem fyrst og fremst hefur brostið í íslenzku bankakerfi, að Seðlabankinn hefur veitt meiri lán, hefur endurkeypt afurðavíxla fyrir meiri upphæð en Seðlabankinn hafði raunverulega til ráðstöfunar í þessu skyni og þess vegna átt verulegan þátt í verðbólgumyndandi útlánum. Ein frumorsök þeirrar verðbólgu, sem hér hefur verið undanfarna áratugi, við hlið kapphlaupsins á milli verðlags og kaupgjalds, við hlið vísitöluskrúfunnar, hefur einmitt verið reglurnar, sem Seðlabankinn hefur fylgt að fyrirmælum ríkisvalds á hverjum tíma um sjálfkrafa endurkaup, ekki aðeins á útflutningsvíxlum sjávarútvegsins, sem ekkert er við að athuga, heldur á öllum framleiðsluvíxlum íslenzks landbúnaðar. Það er þetta, sem valdið hefur því, að Seðlabankinn hefur haft allt sitt starfsfé bundið í afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar og raunar meira en hann gat bundið með eðlilegum hætti án þess að stofna fjármálalegu jafnvægi í hættu. Höfuðástæða þess, að Seðlabankinn hefur ekki treyst sér til þess að endurkaupa útflutningsvíxla íslenzks iðnaðar, er sú, að hann hefur haft svo að segja hvern eyri sinn og raunar meira bundið í afurðalánum sjávarútvegsins með algerlega eðlilegum hætti og í afurðavíxlum landbúnaðarins að verulegu leyti með óeðlilegum hætti, því að það má mjög deila um þá reglu, sem Seðlabankinn hefur fylgt að opinberum fyrirmælum um það að endurkaupa með sjálfkrafa hætti alla framleiðsluvíxla landbúnaðarins, svo sem átt hefur sér stað um langt skeið undanfarið. Ég segi: Um það má mjög deila. Höfuðástæðan til þess, að Seðlabankinn hefur ekki getað sinnt útflutningsvíxlum iðnaðarins, hefur verið fyrst og fremst hin miklu lán hans til landbúnaðarins. Að óbreyttu starfsfé Seðlabankans er því alveg augljóst mál, að það, sem hv. 5. þm. Reykv. vill kalla jafnrétti í garð iðnaðarins, mundi fyrst og fremst verða á kostnað þess lánsfjár, sem landbúnaðurinn hefur úr Seðlabankanum, fyrst og fremst á kostnað afurðavíxlanna, sem Seðlabankinn kaupir af framleiðendum íslenzkra landbúnaðarafurða, svo að á Seðlabankann í sjálfu sér er ekki hægt að deila fyrir tilhneigingu hans til þess að láta ekki iðnaðinn njóta jafnréttis eða njóta sannmælis, því að Seðlabankinn hefur ákveðið fé, hefur takmarkað fé til umráða með eðlilegum hætti, og það fé og raunar meira hefur verið bundið í víxlum sjávarútvegs og víxlum landbúnaðar. Hitt er annað mál, að nauðsyn ber til, m. a. vegna þess að iðnaðurinn fær ekki sína útflutningsvíxla einu sinni endurselda í Seðlabankanum, að endurskoða nokkuð þær reglur, sem Seðlabankinn fylgir um þetta efni. Að því hefur ríkisstj. einmitt verið að vinna undanfarið. Ég vona, að áður en mjög langt líði verði lagt fyrir hið háa Alþ. stjórnarfrv., sem m. a. fjallar um endurskoðun á þeim reglum, sem Seðlabankinn fylgir við endurkaup afurðavíxla.

Það er algerlega rangt hjá hv. 5. þm. Reykv., að núverandi stjórnarflokkar hafi ekki haft opin augun fyrir því, að þær reglur, sem um þetta gilda, þurfi nokkurrar endurskoðunar við. En höfuðástæðan til þess, að ég blandaði mér í umr., var sú og það vil ég endurtaka, að benda á það ósamræmi, sem er í málflutningi hv. Framsfl. nú í stjórnarandstöðunni, við það, sem afstaða þeirra var fyrir fáeinum árum, þegar þeir voru í ríkisstjórn og töldu efni þeirrar till., sem hv. þm. hefur tvíflutt, vera algera fjarstæðu. Af hálfu þeirra framsóknarmanna, sem þá fóru með bankamál, var engin tilraun gerð í vinstri stjórninni til þess að taka lánamál iðnaðarins upp til nokkurrar endurskoðunar.

Eins og fram hefur komið í umr. áður, féll það í minn hlut haustið 1959, eftir að ríkisstjórn Emils Jónssonar var tekin við völdum, að skipa nefnd til að endurskoða lánamál iðnaðarins. Sú nefnd vann mjög gott starf, og til hennar má a. m. k sumpart rekja þá endurskoðun, sem þegar hefur farið fram á iðnlánasjóðslögunum, og efni þess frv., sem að mörgu leyti er mjög athyglisvert, sem nú er hér til umr. Ásakanir í garð okkar, sem nú stöndum að ríkisstj., um áhugaleysi á lánsfjármálum iðnaðarins, eru því algerlega úr lausu lofti gripnar og vægast sagt mjög ósanngjarnar.

Flm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Ég gleðst yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. viðskmrh., að nú skuli endurkaupamálum þannig komið, að frv. verður lagt fram á Alþ. af ríkisstj. um breyt. almennt á endurkaupum Seðlabankans, og vænti ég, að varðandi málefni iðnaðarins verði þá tekið fullt tillit til þeirra. En ég stóð hér upp vegna ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG).

Ég get ekki farið í neinn orðaleik við þennan hv. alþm., en hann var svo elskulegur að lána mér Alþingistíðindi, sem hann hafði flett þessu seðlabankamáli frá 1958 upp í, og það má

segja, að þetta sé orðaleikur. Ég kom það seint inn í þingið, aðeins síðustu dagana fyrir þingslit, og till. mín er tekin til atkvgr. á síðustu dögum þingsins og er lagt til, að hún sé samþykkt án þess að fara í nefnd, það er lagt til af mér sem flm. Hins vegar var þannig, að það voru framsóknarmennirnir að einum undanskildum, sem lögðu til, að till. færi í nefnd, og þannig átti að svæfa málið. Og þeir höfðu meiri hl., þar sem margir voru fjarstaddir, voru 19 á móti 17. En fyrir atbeina góðra manna var þessu máli flýtt í nefnd, svo að till. fékkst samþykkt, og þá voru framsóknarmenn með henni, en það var eftir að till. hafði verið breytt nokkuð.

Ég ætla ekki að þessu sinni að svara hv. 5. þm. Austf., en ég er ánægður með það, að hann skuli vilja taka undir þetta frv. mitt, sem ég flyt nú. Hins vegar get ég upplýst hann um það, að Einar Olgeirsson, hans flokksmaður, tók næstur til máls, eftir að ég hafði lokið framsöguræðu minni um endurkaup Seðlabankans, og var þeirri till. algerlega fylgjandi 1958. Eitthvað hefur nú breytzt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hv. flm. hefur nú upplýst, að sögusögn hans um, að Framsfl. hafi verið á móti þáltill. 1958 um endurkaup á hráefnavíxlum iðnaðarins, hafi verið byggð á furðulegum misskilningi. Það er rétt hjá hv. þm., að það var nokkur ágreiningur um það, hvort þessa till. ætti að setja í nefnd eða ekki. Flm. fór fram á það, að hún yrði afgreidd nefndarlaust, en eins og hv. þm. vita, er það yfirleitt ekki vani að afgreiða till. frá Alþingi, án þess að þær hafi farið í nefnd, og fara yfirleitt flestir fram á það, að till. fari í nefnd til athugunar. Og þessi atkvgr. fjallaði ekki um neitt annað en það, hvort fylgja ætti þeirri hefðbundnu þingvenju að láta mál fá athugun í nefnd, áður en það er endanlega afgreitt í þinginu, en sú afgreiðsla sagði vitanlega ekki neitt til um það, hvort menn væru með málinu eða á móti, þótt þeir vildu láta það fara í nefnd, enda sýndi það sig, þegar málið kom til nefndar, að þá var það afgreitt þar með meiri hraða en sennilega dæmi eru til um flest mál a. m. k. hér í þinginu og afgreitt þaðan samhljóða og svo samhljóða frá þinginu, svo að um þetta mál var alger samstaða milli allra þingflokka. Þess vegna er algerlega rangt að ætla að halda því fram, að einn flokkurinn hafi verið þar frekar með eða á móti en annar, því að þeir stóðu allir saman að þessari afgreiðslu, eins og hv. flm. viðurkenndi líka að hefði verið við endanlega afgreiðslu málsins.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst harla undarlegur útreikningur hæstv. ráðh., hverjir það muni hafa verið, sem hafi samþykkt till. endanlega héðan frá þinginu. Hann sér það í þingtíðindum, að það eru 30 þm. eða 29, sem hafa greitt atkv. með því endanlega, og síðan reiknar hann út: það eru þetta margir sjálfstæðismenn og þetta margir Alþfl.-menn o. s. frv. Ég hélt nú, að hæstv. ráðh., sem þekkir mikið til afgreiðslu þingmála hér, viti ósköp vel, að þegar slík mál eru afgreidd í þinginu, þá vantar talsvert upp á það, að allir þm. séu viðstaddir, og það er ákaflega erfitt að reikna það út, hvort það hafi frekar verið af þessum flokki eða öðrum flokki, að þm. hafi verið fjarverandi í þetta skipti, og ég býst við, að niðurstaðan hafi líka verið sú eins og í allshn., að það hafi greitt atkv. með henni menn úr öllum flokkum og líka menn úr öllum flokkum verið fjarverandi, eins og venja er hér við atkvgr.

En vegna þess að hæstv. viðskmrh. er alltaf að klifa á andstöðu Framsfl. gegn þessu máli, sem ekki var á sínum tíma, þá finnst mér rétt að upplýsa, að það var aðeins einn þm., sem talaði á móti till. Sveins Guðmundssonar hér á þinginu og það mjög ákveðið. Þessi þm. lét m. a. þannig um mælt um till., með leyfi hæstv. forseta, þ. e. um till. Sveins Guðmundssonar: „Í fyrsta lagi er þetta orðalag svo ákveðið," þ. e. orðalag á till. Sveins, „að það mun ekki standast í lögum, að því er mér er tjáð, að ríkisstj geti beinlínis fyrirskipað Seðlabankanum, hvernig hann skuli haga sínum útlánum. Í öðru lagi er augljóst mál, að það er óraunhæft og ábyrgðarlaust að ætlast til þess, að slík ákvörðun sé tekin með stuttum fyrirvara, vegna þess að hún mundi geta haft gífurlega truflandi áhrif á allt lánakerfi bankans."

Úr hvaða flokki skyldi nú sá þm. hafa verið, sem sagði þetta um till. Sveins Guðmundssonar? Hæstv. viðskmrh. er náttúrlega ekki í neinum vanda að svara því. Náttúrlega hefur hann verið úr Framsfl. — eða kannske úr Alþb.? En hann var nú hvorki úr Framsfl. né Alþb. Þessi þm., sem lét þessi orð falla, var úr Alþfl., eins og hæstv. ráðh. getur kynnt sér með því að lesa þessar umr., og læt ég svo útrætt um það atriði.

En í tilefni af því, sem hæstv. viðskmrh. sagðist aðallega hafa komið hér upp til þess að gera að umtalsefni, því, að Framsfl. hefði aðra stefnu í stjórnarandstöðu en í stjórn, þá vil ég aðeins benda honum á, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa upplýst það alveg fullkomlega, að Framsfl. hefur sömu stefnu í þessum málum nú og hann hafði á þingi 1958. Hann greiddi atkv. með þessari till. einróma á þingi 1958, og hann stendur að henni í dag. Það er ekki hann, sem hefur brugðizt, það eru aðrir, sem hafa brugðizt. Það eru Alþfl. og Sjálfstfl., sem hafa brugðizt. Og þess vegna er ekki farið að framkvæma þessa till. enn í dag, þó að liðið sé á sjötta ár, síðan hún var samþykkt hér á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 401, 402, 416).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. þd. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, 68. mál á þskj. 73. N. hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið um það umsögn Seðlabanka Íslands, sem leggur til, að reynt verði að framkvæma þær umbætur á lánaaðstöðu til iðnaðarins, sem frv. gerir ráð fyrir. En það er þess efnis, að iðnlánasjóði verði heimilað að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þessu skyni og ríkisstj. ábyrgist þær skuldbindingar, sem stofnað er til í þessu skyni.

Frv. þetta er flutt með hliðsjón af l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins frá 1961, sem heimiluðu stofnlánadeild að opna nýja lánaflokka, og lögum um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán frá árinu 1962, en bæði þessi lög miða að því að bæta lánaaðstöðu þessara gömlu höfuðatvinnuvega þjóðarinnar til öflunar lána til langs tíma.

Framleiðni íslenzkra fiskveiða er sem kunnugt er einsdæmi í veröldinni, og afköst landbúnaðarins hafa stóraukizt með aukinni vélvæðingu. En menn mega ekki gleyma því, að íslenzkur iðnaður hefur vaxið mjög myndarlega úr grasi á skömmum tíma síðustu áratugina og hefur æ meiri þýðingu í þjóðarbúskapnum. Samkvæmt manntali 1950 störfuðu 19.9% þjóðarinnar að landbúnaðarframleiðslu, 10.8% að fiskveiðum og 31% að iðju og iðnaði. Nýrri upplýsingar um þetta efni eru ekki fyrir hendi enn. Það er ekki búið að vinna þetta úr manntalinu 1960, og skylt er að geta þess, að hér er fiskiðnaður talinn til iðnaðar og hlutur fiskveiða og fiskiðnaðar þess vegna miklu meiri en fram kemur í þessum tölum. Við þessa flokkun er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, en rétt er að geta þess í þessu sambandi, því að í frv. því, sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir, að það taki til fiskiðnaðarins, enda hlaut hann aðstoð á þessu sviði með l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins á sínum tíma. Eigi að síður má nokkuð af þessum tölum ráða, hversu þýðingarmikið hlutverk iðnaðurinn hafði í þjóðarbúskapnum þegar árið 1950. Nú er varla að efa það, að þessi hlutföll hafa á þeim 14 árum, sem síðan eru liðin, vaxið iðnaðinum í vil. Ég hygg því, að ég geri hinum gömlu atvinnuvegum ekki rangt til, þó að ég bendi á nauðsyn þess að taka vaxandi tillit til þarfa iðnaðarins.

Framleiðni íslenzkra fiskveiða er, eins og ég hef áður sagt, einstæð framleiðni, og sjálfsagt er að hlúa að hinum gömlu atvinnuvegum, eftir því sem nýir tímar og breyttar aðstæður gefa tilefni til, og hefur það líka verið gert. En full ástæða er til þess, að iðnaðurinn sitji við sama borð og að því verði unnið, að hann njóti jafnréttis á sem flestum sviðum. Að vísu munu ýmsir verða til þess að benda á, að íslenzkur iðnaður sé mjög sundurleitur, sumt eigi alls ekki rétt á sér, sumt hafi einhverju hlutverki að gegna á heimamarkaði, en lítið bóli enn á útflutningi á íslenzkum iðnaðarvörum, öðrum en fiskiðnaðarvörum. Ég vil í þessu sambandi benda á, að íslenzki iðnaðurinn er langyngsta atvinnugreinin, hann hefur tekið mjög stórfelldum framförum á ótrúlega skömmum tíma. Hann gegnir miklu og vaxandi hlutverki á heimamarkaðinum, er í ýmsum greinum fyllilega samkeppnisfær, og á því að framleiða útflutningsvöru eða framleiða samkeppnishæfa vöru fyrir innlendan markað er ekki mikill eðlismunur, enda sparar það að sama skapi gjaldeyrisþörf þjóðarinnar, eykur fjölhæfni í framleiðslu og atvinnuöryggi.

Það er að vísu rétt, sem bent hefur verið á, að sumar greinar iðnaðarins hafa notið nokkurrar tollverndar, en það á ekki við um allan iðnaðinn, og ég vil einnig benda á í þessu sambandi, að á ýmsum öðrum sviðum hefur hann ekki notið jafnréttis við aðrar atvinnugreinar. Má í því sambandi t. d. nefna, að á fjárlögum hafa fjárframlög til iðnaðarmála að jafnaði verið miklum mun lægri en til hinna tveggja aðalatvinnuveganna. Rekstrarnauðsynjar sjávarútvegsins eru svo til tollfrjálsar, rekstrarnauðsynjar landbúnaðarins í lægstu tollflokkum, en margar fjárfestingarvörur og efnivörur iðnaðarins búa enn við háa tolla. Athyglisvert er einnig, að fyrst eru afgreidd sérstök lög um aðstoð við sjávarútveg og landbúnað um breytingu á lausaskuldum í föst lán, en frv. um lausaskuldir iðnaðarins rekur lestina.

Það er vissulega þjóðhagslega rétt að vinna að því, að iðnaðurinn fái á sem flestum sviðum jafnréttindaaðstöðu við aðrar atvinnugreinar. Það á jafnt við um að vinna að því að minnka tollverndina hjá þeim greinum iðnaðarins, sem njóta hennar, og ekki síður við það að bæta hag iðnaðarins á þeim sviðum, þar sem hann býr við lakari kjör og ég hef nefnt ýmis dæmi um, svo að hinni ungu, en mikilvægu atvinnugrein verði búin sem bezt vaxtaskilyrði. Hér er mikilvægt að hafa í huga, að nú er svo komið, að fleiri landsmenn vinna að iðnaði en nokkurri annarri starfsgrein, og ég vil minna á, að þegar til lengdar lætur í framtíðinni á þjóðin meira undir framförum, auknum hagvexti og aukinni framleiðni í þessari grein höfuðatvinnuveganna en nokkurri annarri. Það er þessi grein atvinnuveganna, sem fyrst og fremst hefur tekið við fólksfjölguninni á undanförnum árum og hlýtur að gera það í framtíðinni. Þau þjóðfélög, sem búa við bezt lífskjör, byggja þau fyrst og fremst á háþróuðum iðnaði, og varla er að efa, að svo verður einnig hér, ef vel á að fara með aukinni fólksfjölgun.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að bæta lánaaðstöðu iðnaðarins í samræmi við það, sem áður hefur verið gert fyrir fiskveiðar og landbúnað um breytingu lausaskulda í föst lán. Fjhn. hv. þd. var sammála um að mæla með samþykkt frv., þó að einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt. N. leggur því til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr. Jafnframt því sem ég

legg fram þessa niðurstöðu nefndarinnar, sem fram kemur í nál. á þskj. 401, vil ég vekja athygli á brtt. á þskj. 402, sem ég hef gerzt meðflutningsmaður að ásamt hv. 6. landsk. þm. og hv. 3. þm. Reykn. Brtt. er flutt eftir ábendingu Seðlabankans og til samræmis við tilsvarandi ákvæði í lögunum um iðnlánasjóð. Brtt. felur það eitt í sér, að áður en iðnlánasjóður ákveður vextina með samþykki ráðh., þá skuli hann hafa fengið álit Seðlabanka Íslands. Þessi breyting hefur varla mikla þýðingu í framkvæmd. Það er aðeins gert ráð fyrir, að leitað sé álits Seðlabankans, og ef ágreiningur verður, hefur iðnmrh. eftir sem áður í hendi sér að skera úr þeim ágreiningi, þar sem samþykki hans er áskilið. Okkur flm. þótti hins vegar ekki óeðlilegt, að iðnlánasjóðurinn ákvæði þessa vexti á sama hátt og hann ákveður aðra vexti, og brtt. því samin með hliðsjón af og til samræmingar við 13. gr. l. um iðnlánasjóð. Við flm. teljum a. m. k. ekki óeðlilegt, að þetta sjónarmið komi til álita við afgreiðslu málsins í hv. þd.

Ég vil svo að lokum geta þess, að samtök iðnaðarmanna, bæði 25. iðnþing Íslendinga s. l. haust og ársþing Félags ísl. iðnrekenda, hafa lýst eindregnum stuðningi sínum við frv. og gert samþykktir, sem fela í sér áskorun um, að það nái fram að ganga.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. flutt örlitla brtt. við frv. það til l. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, sem hér er til 2. umr., og vil ég leyfa mér að gera grein fyrir þeirri brtt. í örstuttu máli.

Eins og hv. frsm. fjhn. tók fram áðan, hafði n. þetta mál til athugunar á nokkrum fundum fyrr í vetur og varð sammála um það að mæla með samþykkt þess, þó að einstakir nm. áskildu sér rétt til að fylgja brtt. við málið. Ég get alveg sparað mér að fara með rökstuðning fyrir því, að þetta frv. eigi rétt á sér, get vísað til þess, sem hv. frsm. n. sagði hér um nauðsyn þess að efla iðnað, þessa þriðju höfuðatvinnugrein þjóðarinnar við hlið landbúnaðar og sjávarútvegs, sem nú hefur vaxandi fólksfjölda í þjónustu sinni og vaxandi þýðingu fyrir þjóðarbúið. Skal ég ekki endurtaka neitt af því, sem um það hefur verið sagt. En í sambandi við þá brtt., sem hér liggur fyrir frá okkur, vil ég geta þess, að hún er flutt til samræmis við þau ákvæði, sem áður hafa verið lögfest um sams konar ráðstafanir til hagræðingar fyrir sjávarútveg og landbúnað. Augljóst er, að það frv., sem hér liggur fyrir, er samið með hliðsjón af þessum lögum, og mér og hv. 1. þm. Norðurl. v. þykir sjálfsagt, að þessi ákvæði, sem brtt. fjallar um, verði einnig tekin upp að því er iðnaðinn snertir, og teljum, að hann eigi ekkert síður rétt á þeirri fyrirgreiðslu, sem í því felst, heldur en hinir atvinnuvegirnir, en brtt. er á þskj. 416 og fjallar um breytingu á 2. gr. frv., þar sem talað er um lánstímann á þeim skuldabréfum, sem ríkissjóði er samkv. þessum lögum gefin heimild til að veita ríkisábyrgð fyrir, og breytingin er sú, að lán út á fasteignir megi vera í 20 ár í staðinn fyrir 15 ár, eins og gert er ráð fyrir í frv., og lán út á vélar megi vera í 10 ár í stað 7 ára hámarks, eins og ráðgert er í frv. Ég minni á það, að í lögum um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins til að opna nýja lánaflokka segir í 2. gr. um þetta atriði: „Hámarkslánatími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár.“ Og við viljum taka þessi ákvæði upp, að því er snertir skuldabréf iðnaðarins, að því leyti sem þau eiga við.

Fjhn. varð ekki sammála um að standa að þeirri brtt., sem hv. frsm. gerði einnig grein fyrir, en hún er á þá leið, eins og hann lýsti, að breyta ákvæðum 2. gr. eins og segir á þskj. 402. Eins og hv. frsm. gat um, hefur þessi breyting, eins og hann sagði, varla mikla þýðingu í framkvæmd. Við teljum, eða ég tel fyrir mitt leyti a. m. k., að hún hafi enga þýðingu í framkvæmd, og sé enga ástæðu til þess að breyta frv. að þessu leyti, heldur hafa það á sama hátt og gert er í l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins og raunar um stofnlánadeild landbúnaðarins líka.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Eins og ég sagði í upphafi, tel ég ekki ástæðu til þess að undirstrika nauðsyn þess, að iðnaðinum sé rétt hjálparhönd í þeim fjárhagslegu örðugleikum, sem hann á nú í, eins og raunar fleiri atvinnugreinar þjóðarinnar. Þessa fyrirgreiðslu hafa aðrir höfuðatvinnuvegir fengið og ég tel sjálfsagt, að iðnaðurinn fái einnig að njóta hennar. Hér er um tilraun að ræða til þess að létta undir með iðnaðinum, sem ég tel að sjálfsagt sé að gera og eðlilegt, að ríkissjóður veiti þá fyrirgreiðslu, sem í frv. felst, og að Alþingi veiti samþykki sitt til þess.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 416, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Ég vil aðeins út af þessari brtt. á þskj. 416, sem þeir eru flm. að, hv. 11. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v., geta þess, að þeir eru báðir í þeirri nefnd, sem um þetta mál hefur fjallað, og þetta hefur ekki komið til umr. þar. Ég vil sem sagt undirstrika, að n. hefur ekki tekið neina afstöðu til þessa máls, en það er með till. farið fram á það, að lán á fasteignir lengist úr 15 árum í 20 ár, en út á vélar úr 7 árum í 10 ár.

Ég vil hins vegar geta þess, að fyrri flm. frv. er einn af framámönnum iðnaðarins, Sveinn Guðmundsson, sem hér átti sæti á Alþingi sem varamaður, og mér er ekki kunnugt um annað en að þar sé í öllu farið eftir fyllstu óskum iðnaðarins og þessi ákvæði um lánstímann eru tekin beint úr l. um iðnlánasjóð. — Ég vildi bara upplýsa þetta.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Fyrir hönd okkar flm. frv. vil ég leyfa mér að þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu þess og vil taka það fram, að við erum fyrir okkar leyti samþykkir brtt. meiri hl. n. á þskj. 402, sem er sniðin eftir l. um iðnlánasjóð, sem samþykkt voru hér á hv. Alþingi í fyrra.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er eitt mikilvægt atriði í sambandi við þetta frv., sem mér finnst að ekki hafi komið nægilega skýrt fram, eða a. m. k. hefur það farið fram hjá mér í þessum umr., en ég vildi gjarnan fá hér upplýsingar um. Í sambandi við þá útgáfu á vaxtabréfaflokki hjá iðnlánasjóði, sem ráðgerð er samkv. 1. gr. frv., til þess að koma fram lengingu á óumsömdum lánum hjá iðnfyrirtækjum, vantar skýringu á því, hvernig þetta er hugsað í framkvæmd. Nú dugir það auðvitað heldur skammt, þó að iðnlánasjóður gefi út þessi nýju vaxtabréfalán eða þennan nýja flokk vaxtabréfa, þó að á þeim flokki lána sé ríkisábyrgð, ef ekki er nokkurn veginn tryggt, að einhver aðili vilji kaupa þessi vaxtabréf. Þegar hliðstæð ráðstöfun var hér gerð með lögum frá Alþingi varðandi landbúnaðinn, voru gefnar hér yfirlýsingar um það, að frá því hefði verið gengið, að Seðlabankinn mundi sjá um, að lán yrðu veitt í þessu skyni, til þess að sú lenging á lausaskuldum landbúnaðarins, sem þar var ráðgerð, yrði að veruleika. Og svipað stóð á um lengingu á lánum sjávarútvegsins, sem hér var samþykkt á sínum tíma. Þar var beinlínis gengið frá því, að sú skylda hvíldi á stofnlánadeild Seðlabankans að sjá um lánalengingu. Nú vil ég spyrja um það, hvernig er frá þessu gengið í sambandi við þessa ráðstöfun fyrir iðnaðarfyrirtæki. Er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn sjái um að kaupa þau vaxtabréf, sem þarna á að gefa út af iðnlánasjóði, eða einhver önnur fjármálastofnun? Eða á þetta aðeins að verða þannig, að þau iðnfyrirtæki, sem þessar lausaskuldir hafa á sér, fái á þennan hátt ríkisábyrgð fyrir sínum skuldum og verði svo hvert um sig að baksa í því að selja bréfin? Ég vildi gjarnan fá upplýsingar varðandi þetta atriði.

En fyrst ég stóð nú hér upp, langar mig enn einu sinni í sambandi við umr. um þetta mál að taka það fram, sem ég hef gert hér áður, að ég tel, að mjög sé rangt og villandi að tala alltaf um allan íslenzkan iðnað eins og eina samstæða heild, sem ein og sömu lög eða reglur skuli gilda um. Á því er auðvitað enginn vafi, að aðstaða hinna einstöku iðnfyrirtækja er geysilega misjöfn í þessum efnum. Ýmis iðnfyrirtæki eiga á ýmsan hátt við erfiða rekstraraðstöðu að búa. Þau njóta svo að segja engrar tollverndar og verða að keppa við svo til ótollaðar innfluttar vörur, og slík iðnfyrirtæki eiga vitanlega í nokkrum rekstrarörðugleikum í ýmsum tilfellum. En ýmis önnur iðnfyrirtæki eiga við þá aðstöðu að búa að njóta stórkostlegrar tollverndar, þar sem þau geta selt framleiðsluvöru sína í skjóli u. þ. b. 100% tollverndar. Hér er vitanlega gífurlegur munur á, og er engin ástæða til þess að láta sömu reglur gilda um iðnfyrirtæki, sem svo misjafnlega stendur á fyrir.

Ég vil einmitt í þessu sambandi líka segja það, að það er auðvitað mesta villa, sem hér var sögð af hv. 1. landsk. þm., talsmanni meiri hl. fjhn., að iðnaðurinn sem heild njóti miklu lakari kjara en bæði sjávarútvegur og landbúnaður hér í þessum efnum. Þar er auðvitað hrein fjarstæða að halda svona nokkru fram, í rauninni hastarlegt, að þetta skuli vera endurtekið hér á Alþingi æ ofan í æ. Auðvitað er það, að íslenzkur iðnaður býr í þessum efnum við allt önnur og miklu hagstæðari kjör frá því opinbera en t. d. okkar útflutningsframleiðsla yfirleitt gerir. Okkar sjávarútvegur verður t. d. að keppa á hinum víða heimsmarkaði og lúta því verðlagi, sem þar er, og verður meira að segja að bera há útflutningsgjöld þar að auki, sem er alveg einstakt, á sama tíma sem mikill hluti af íslenzkum iðnaði býr við þá aðstöðu, sem virðist ekki vera metin til neins hjá þeim, sem haga oiðum sínum á þessa lund, að fá að selja sína vöru í slíkri tollvernd sem hér á sér stað, upp í 100%. Ég álít, að íslenzkur iðnaður þurfi sannarlega ekki að kvarta í þessum efnum. En þær greinar íslenzks iðnaðar, sem búa við þau kjör, sem ég nefndi hér áðan, að njóta svo að segja engrar tollverndar, þær greinar geta vissulega borið sig saman við bæði sjávarútveg og landbúnað. Það er rétt, að iðngreinar eins og t. d. báta- og skipabyggingar, eins og veiðarfæragerð og hin almenna viðgerðarþjónusta, þessar iðngreinar búa við þannig aðstöðu, að það er eðlilegt, að þær fari fram á nokkra leiðréttingu sinna mála í samanburði við ýmsa aðra. Og ég vil ekki leggja þær að jöfnu við iðnað, sem framleiðir t. d. súkkulaði eða eitthvað annað þess háttar og á hér að meðhöndla á nákvæmlega sama hátt og þessar iðngreinar. Og svo er því haldið fram, að þær séu eitthvað sérstaklega hart leiknar af ríkisvaldinu samanborið við það, sem sjávarútvegur og landbúnaður sé. Slíkt er vitanlega hrein villa.

Ég hef sagt það áður í umr. um þetta mál, að við Alþb.-menn getum stutt það frv., sem hér liggur fyrir, að iðnaðurinn sé nokkuð aðstoðaður til þess að breyta óumsömdum stuttum lánum í lengri lán og hagstæðari lán. En við álítum, að við framkvæmd þess eigi að taka fullt tillit til þess mikla mismunar, sem á sér stað milli ýmissa iðnfyrirtækja í landinu, því að þar er vitanlega stórkostlegur munur á, og það er aðalatriði málsins. En þetta mál er ekki rétt rekið á þeim grundvelli að halda því fram, að á allan íslenzkan iðnað sé hallað í löggjöf frá Alþingi og það sé nauðsynlegt að hlaupa undir bagga með honum, vegna þess að hann búi við lakari kjör en t. d. okkar útflutningsatvinnuvegir. Slíkt er rangt. En aðalatriðið var það, að mig langaði til þess að fá frekari upplýsingar um það atriði, sem ég spurði hér um fyrst í sambandi við framkvæmd þessara væntanlegu laga.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég tel litlu máli skipta og skal ekki blanda mér í þann meting, sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns um það, hvort landbúnaður, sjávarútvegur eða iðnaður búi við betri eða lakari kjör í þessu þjóðfélagi.

Út af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að það væri síður en svo, að iðnaðurinn væri verr settur en aðrar atvinnugreinar, vegna þess m. a., að ýmsar greinar íslenzks iðnaðar nytu gífurlegrar tollverndar, þá vil ég segja það, að það hefur víða komið fram á undanförnum árum þessi sami hugsunarháttur, að iðnaðurinn hafi lifað í skjóli tollverndar og hafta. En ég get ekki varizt því að láta það koma fram, að þegar norskur sérfræðingur var fenginn til þess ekki alls fyrir löngu að gera álitsgerð um iðnaðinn, — aðlögunarhæfileika iðnaðarins í sambandi við breytingar á tollum o. fl., — var það eitt, sem vakti mest undrun hans, og það var hin hæga þróun, sem átt hefði sér stað í iðnaði í ýmsum greinum hér, meðan henni fleytti stórlega fram í öðrum löndum, og hans niðurstaða varð sú, að skýringin á þessu væri höftin og tollarnir, sem hefðu orðið iðnaðinum til bölvunar á þróunarskeiði hans. Menn hafa þannig nokkuð mismunandi skoðanir á þessu, og sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að það mundi á mörgum sviðum vera öðruvísi umhorfs í iðnaði okkar, ef hann hefði notið meira frjálsræðis á undanförnum árum, minni hafta. Þá hefði fyrr verið unnið að því, að hann gæti starfað samkeppnisfær við innfluttar iðnaðarvörur og án tollverndar.

Við vitum, að það hefur mjög mikið verið gert að því í sambandi við breytingar á tollskrá og tollalögum á undanförnum árum að draga úr tollvernd iðnaðarins, og það verður ekki séð, að það hafi orðið iðnaðinum neinn fjötur um fót, þvert á móti.

Það hefur ekki verið haft neitt sérstakt samráð við mig sem iðnmrh. um þetta frv., sem hér er á dagskrá, og ég er því ekki neitt sérstaklega undir það búinn að svara þeirri fsp., sem fram kom hjá hv. 5. þm. Austf., hvernig hugsuð væri framkvæmdin í þessu máli. En samt sem áður vil ég taka það fram, að ýmsar efasemdir ekki svipaðar þeim, sem komu fram hjá hv. þm., mátti heyra hér, þegar frv. til laga um breytingu á lausaskuldum sjávarútvegsins í löng lán var lagt fyrir Alþingi. Ég man eftir því, að það voru þá þm., sem sögðu, að það væri einskis virði og ekkert í frv., sem benti til þess, hvernig ætti að framkvæma lögin, og það mátti heyra margar úrtölur. Þetta frv. er, eins og fram hefur komið, sniðið nokkuð í samræmi við sambærilega löggjöf um sjávarútveginn og landbúnaðinn, sem má í raun og veru skoðast sem nokkurs konar rammalöggjöf. Ég er sammála því hjá hv. 5. þm. Austf., að það veltur auðvitað allt á því, hvernig framkvæmdin verður, og það hefði auðvitað verið æskilegra að tryggja fyrirkomulag framkvæmdarinnar meir í upphafi en mér skilst að gert hafi verið, eins og gert var a. m. k. í sambandi við löggjöfina um lengingu lána til sjávarútvegsins. En hins vegar er á það að líta, að undanfari þessa frv. eru tvenn hliðstæð lög varðandi sjávarútveg og landbúnað, og það er enginn vafi á því, að þar hefur skapazt jarðvegur fyrir framkvæmd þessarar löggjafar, sem ekki var í upphafi, þegar var verið að undirbúa, hvernig mætti koma þessu fyrir með fyrstu lögin, sem snertu sjávarútveginn.

Eg get vel lýst því yfir hér, að að sjálfsögðu mundi ég telja mér skylt sem iðnmrh. að beita mér fyrir framkvæmd á þessari löggjöf í samræmi við framkvæmdina, sem varð á l. varðandi lausaskuldir sjávarútvegsins og landbúnaðarins. Ég þykist alveg viss um það fyrir fram, að viðskiptabankarnir munu telja sig að verulegu leyti umkomna þess að kaupa bréf eins og hér er um að ræða upp í þær lausaskuldir iðnaðarins, sem hjá þeim eru. Ég miða það við þá reynslu, sem ég hef í þeim efnum, að þar er um lausaskuldir að ræða, sem staðið hafa árum saman og frekar bætt á sig heldur en minnkað, og ég tel það nokkurs virði fyrir viðskiptabankana að fá slíkar skuldir greiddar með bréfum, sem eru tryggð með ríkisábyrgð og ákveðin afborgun á, hvort sem það er nú til 7 eða 15 ára eða eitthvert tímabil styttra, eins og vænta má að geti orðið.

Þó að það liggi ekki fyrir og hafi ekki verið skýrt, hvernig þessi framkvæmd sé hugsuð, held ég, að þess megi vænta með þeirri reynslu, sem fengizt hefur af hliðstæðri löggjöf varðandi sjávarútveg og landbúnað, að þetta frv., ef að lögum verður, geti orðið raunverulega veruleg lyftistöng fyrir iðnaðinn. Ég vil lýsa því sem skoðun minni, að ég tel fáa löggjöf á síðari árum hafa orðið sjávarútveginum meira virði en lögin, sem sett voru 1961 um að breyta lausaskuldum sjávarútvegsins í föst lán, og það var m. a. vegna mjög gaumgæfilegrar framkvæmdar á þeim lögum, sem fólst í því, að heildarmat var látið fara fram um allt land og samræmt heildarmat á eignum landbúnaðarins og efnahagsreikningum útvegsfyrirtækjanna stillt öllum í sambærilegt form. Hér var um mikla hreinsun frá reikningslegu sjónarmiði að ræða, og það er enginn vafi á því, að l. urðu sjávarútveginum verulega til styrktar og þóttu einnig mikils virði í þeim peningastofnunum, sem þó þurftu að leggja nokkuð á sig, til þess að framkvæmdin gæti orðið sjávarútveginum til liðsinnis.

Ég skal ekki heldur blanda mér í nokkrar smávegis deilur, sem hér hafa orðið um það, hvað lánstíminn á að vera langur, 7 ár og 15 ár eða 10 ár og 20 ár. En ég hygg nú, að þetta hafi í framkvæmdinni ákaflega litla þýðingu, ef það hefur nokkra þýðingu, því að hér er verið að breyta lausaskuldum, sem fyrir eru og búið er að setja veð fyrir í eignum. Það er að vísu nokkurs virði, hvort lánin eru 15 eða 20 ár, en allur lánstíminn verður að sjálfsögðu að regúlerast miðað við það, hvað eignirnar

eru gamlar eða veðin eru gömul, sem tryggingin er í, og verður lánstíminn þeim mun styttri að sjálfsögðu sem fasteignirnar og vélarnar eru eldri, sem veðsettar eru sem trygging.

Að lokum vildi ég aðeins segja, að ég tel þetta mál mikils virði og mun fylgja því. En það kann að vera, að ég vildi gera smábreytingu á þessu frv., sem ég er þó ekki reiðubúinn til þess að gera grein fyrir á þessu stigi málsins, en vildi láta það koma fram, þennan fyrirvara, svo að það kæmi ekki á óvart á síðara stigi málsins eða við 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. fjhn., 1. landsk. þm., lét þess getið, að þetta atriði, sem við flytjum brtt. um á þskj. 416, hv. 11. þm. Reykv. og ég, hefði ekki verið rætt í fjhn. Þetta er rétt hjá hv. þm., en það stafar af því, að við höfðum ekki athugað þetta atriði sérstaklega, þegar málið var rætt í n., en gerðum það hins vegar eftir að hún hafði skilað áliti. En um þetta er ekkert sérstakt að segja eða ekkert við það að athuga, því að eins og hann líka benti á, segir í nál., að einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja brtt. við frv., og því höfum við borið fram þessa till. Ég vil minna á það, eins og fyrri flm. till., hv. 11. þm. Reykv., gerði áðan, að þegar sett voru hér á þingi lög um svipaða lagfæringu fyrir sjávarútveginn 1961, — það er gert með lögum um breytingu á lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins, eins og menn muna, — þá var ákveðið í þeim lögum, að hámarkslánstími útgerðarfyrirtækjanna skyldi verða 20 ár, þegar um fasteignarveð var að ræða, en 10 ár, ef lánað var út á vélar. En í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er hámarkslánstíminn styttri, 15 ár, þegar lánað er út á fasteignir, og 7 ár, þegar lánað er út á vélar. Nú er það að vísu alveg rétt, sem hæstv. ráðh. gat um áðan, að lánstíminn hlýtur að vera mismunandi og verða það eftir því, hvernig veð er, t. d. þegar um vélar er að ræða. En það breytir því ekki, að okkur þykir rétt að veita heimild til þess, að lánstíminn hjá iðnaðinum verði jafnlangur og hjá sjávarútveginum á sínum tíma og eins og var hjá landbúnaðinum ári síðar, þegar lausaskuldum bænda var breytt í föst lán. Þá var að vísu aðeins lánað út á fasteignir, en þar var hámarkslánstíminn ákveðinn 20 ár, og brtt. okkar er um þetta, að hámarkslánstíminn hjá iðnaðinum verði þessi, 20 ár, þegar lánað er út á fasteignir, og 10 ár, þegar lánað er út á vélar. Ég tel víst, að þetta geti komið sér vel fyrir ýmis iðnaðarfyrirtæki, að hámarkslánstíminn verði settur sá sami og var hjá sjávarútveginum, eins og við gerum till. um. Það er engu slegið föstu um það, að þetta skuli vera í öllum tilfellum. Þarna er bara um hámarkstíma að ræða, og margt af lánunum yrði trúlega til styttri tíma. En óefað gæti þetta komið sér vel fyrir ýmis fyrirtæki, að þau væru möguleikar til að hafa lánstímann þetta rúman.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 402 og 416 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 73, 402, 416).

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr. þessa máls, að mér léki hugur á að flytja e. t. v. brtt., og voru m. a. af því tilefni fyrir mín tilmæli teknar aftur til þessarar umr. brtt., sem höfðu verið fluttar. Ég skal nú leyfa mér að gera grein fyrir þessum brtt. Því miður er ekki búið að prenta þær, svo að þeim hefur ekki verið útbýtt enn, en þær eru í raun og veru einfaldar, svo að ég vona, að það komi ekki að sök, þó að ég leggi þær fram skriflega. Atkvgr. gæti að sjálfsögðu beðið, þangað til væri búið að útbýta till. En málið hefur tafizt nokkuð af þessum sökum, og ég vildi helzt ekki verða til þess að tefja framgang þess lengur en nú er orðið.

1. brtt., sem ég flyt, er við 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að heimilt sé, að þessi löngu lán, sem um getur orðið að ræða, geti komið í staðinn fyrir lausaskuldir, sem menn hafa stofnað til, vegna þess að þeir hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem iðnaðarfyrirtæki hafa ráðizt í á árunum 1957—1961 að báðum árum meðtöldum, — mér finnst eðlilegt, að þetta taki til áranna 1957—1962. Það er ekki farið lengra aftur í tímann en var í sambandi við lögin um sjávarútveginn og landbúnaðinn, en eðlilegra er nú, þar sem þetta hefur dregizt, að einu ári sé bætt þarna við og þá gæti komið til greina það, sem menn hafa ráðizt í á árunum 1957—1962.

Þá geri ég það í öðru lagi að till. minni, að 2. og 3. gr. verði sameinaðar í eina grein, sem hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lán samkv. lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því, að hún varð til. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn iðnlánasjóðs, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnmrh.“

Það, sem í þessu felst, er að taka upp alveg sams konar ákvæði og var í sambandi við stofnlánadeildarlögin eða breytingarnar á lausaskuldum sjávarútvegsins, og felst í þessu, að áður en lánið er veitt, skuli fara fram nýtt mat. Það mundi í framkvæmdinni verða eins og í fyrra tilfellinu, að ein matsnefnd mundi samræma mötin, sem yrðu framkvæmd í sambandi við eignir iðnfyrirtækja, sem sæktu um lán, og þá einnig mundi verða í framkvæmdinni með þessu móti stuðlað að samræmdum efnahagsyfirlitum þessara fyrirtækja, og með því móti tel ég, að það skapist öruggari grundvöllur fyrir jafnrétti og sambærilegar lánveitingar milli fyrirtækjanna, og auk þess muni það stuðla verulega að eða greiða fyrir að mínum dómi, að iðnfyrirtækjunum verði þetta raunhæf stoð og þeim veitist auðveldara í samningum við banka að selja þessi bréf, sem iðnlánasjóður gefur út.

Ákvæðin um vaxtakjörin, sem kæmu þá inn í 2. gr., eru sams konar og brtt., sem flutt var á þskj. 402 af Davíð Ólafssyni o, fl. En að öðru leyti felst í þessu sú breyting, að þá eru tekin út ákvæðin um lánstímann, sem nokkur deila hefur staðið hér um, og einnig tekið út úr frv. ákvæðið um það, sem segir í 3. gr., að lán samkv. lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 60% af matsverði veðsins. Þetta ákvæði fer þá einnig út. Það var 70% í l. um lausaskuldir landbúnaðarins, og það var ekki í l. varðandi lánin til sjávarútvegsins, en varð í framkvæmd samkv. reglugerðarákvæði 70%. Ég hygg, að þetta 60% ákvæði hér sé miðað við tilsvarandi ákvæði í l. um iðnlánasjóð, en það er nokkuð gamalt og stafar frá þeim tíma, sem langmest af lánum iðnlánasjóðs voru smálán og með veðum í lausafjármunum eða vélum. Ég held, að það geti verið mjög eðlilegt, að lánsfjárhæðin eða heildarveðin megi vera allt að 70% af hinu nýja matsverði, a. m. k. ef lánað er út á fasteignir, á sambærilegan hátt við það, sem gilti í framkvæmd varðandi lánin til sjávarútvegsins og landbúnaðarins.

Þá er þriðja breytingin, sem af þessu leiðir. Það er smábreyting á 5. gr., að hún orðist svo:

„Ráðh. setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og skilyrði fyrir lánveitingum, svo sem ákvæði um lánstíma og hámark veðskulda af matsverði veðs að höfðu samráði við bankana.“

Það kom fram í sambandi við umr. hér í d. við 2. umr., að spurt var um, hvernig hugsuð væri framkvæmdin á þessu frv., ef að lögum yrði. Það virtist ekki fært að gefa nánari upplýsingar um það, m. a. vegna þess, að fyrir fram hefur ekki verið í raun og veru unnið að því að gera sér grein fyrir því eða ræða við peningastofnanir um framkvæmd málsins. Það lá hins vegar fyrir í sambandi við lánin til sjávarútvegsins og einnig landbúnaðarins, að ýtarlegar viðræður höfðu farið fram á milli ríkisstj., sem flutti þau frv., og bankanna, sem hægt var að gefa bæði nefndum og þinginu upplýsingar um, og samkv. þeim viðræðum var hægt að gefa upplýsingar um, hvernig framkvæmdin væri hugsuð.

Nú get ég búizt við, að sumum finnist kannske heldur miður að taka ákvæði um lánstímann út úr. En hitt er það, að ég held, að menn þurfi ekki að óttast, að það verði að neinum skaða, en ég tel heldur heppilegra að láta þetta laust, eins og nú standa sakir, og þá á valdi ráðh. í reglugerð að ákveða það, að höfðu samráði við bankana. Það mundi þýða, að ráðh. mundi beita sér fyrir því, þegar þetta frv. hefði verið samþykkt, að hefja viðræður við bankana um framkvæmd málsins og um lánsskilyrði önnur, sem kynni að þurfa að setja, þ. á m. lánstímann, og þó að mönnum þyki kannske sumum miður að taka það út úr l. nú, þá, eins og ég segi, held ég, að það komi ekki að skaða, og á hinn bóginn er til bóta að taka út úr l. hámarkið um 60%, því að ég hygg, að í mörgum tilfellum sé hægt og væri fulltryggt, að hámarkið yrði nokkru hærra, og þar af leiðandi til hagsbóta fyrir aðila eða iðnfyrirtæki, sem hér eiga hlut að máli.

Ég hef nú lýst þessum skriflegu brtt. og leyfi mér hér með að afhenda hæstv. forseta þær með beiðni um, að hann leiti afbrigða fyrir þeim, svo að þær geti komið hér til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 473) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán var til meðferðar í fjhn. þessarar hv. d., og þá urðu nm. allir sammála um að mæla með frv., að því tilskildu, að einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að flytja brtt. við frv.

Ég leyfði mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) að flytja þá brtt. við frv., að hámarkslánstími yrði færður til samræmis við það, sem gildir um hliðstæða fyrirgreiðslu til sjávarútvegsins, enda augljóst, að frv. var að verulegu leyti eða öllu leyti samið eftir þeim lögum.

Hæstv. iðnmrh. fór fram á það, að þessar brtt. yrðu teknar aftur til 3. umr., og var að sjálfsögðu fúslega við þeim tilmælum orðið, þar sem hann gaf fyrirheit um, að athugun mundi látin fara fram á þessum málum milli umr. Sú athugun hefur nú farið fram, og er niðurstaða hennar lögð fram í þeim till., sem nú liggja fyrir til umr.

Þær breyt., sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, tel ég að séu yfirleitt til bóta á frv. og stuðli að því að auðvelda framkvæmd þess, þannig að það komi iðnaðinum að notum, og ber því að taka þeim vel. Hann hefur tekið upp till., sem hv. meiri hl. fjhn. flutti um breyt. á ákvæðunum um vaxtakjör, að þau skuli nú ákveðin af stjórn iðnlánasjóðs, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnmrh. Um þessa till. urðum við ekki sam-

mála í fjhn., og ég sé ekki enn, að hún sé til neinna bóta fyrir frv. Það má vera, að hún hafi ekki gildi, en ég tel ekki, að hún sé til neinna bóta.

En það, sem kom mér til þess að standa hér upp, voru þær breytingar, sem ráðgerðar eru á þeirri gr., sem nú verður 3. gr., þar sem segir, að ráðh. setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og skilyrði fyrir lánveitingu, svo sem ákvæði um lánstíma og hámark veðskulda af matsverði veðs, að höfðu samráði við bankana. Það er auðvitað eðlilegt og hlýtur sjálfsagt að vera þannig, að hámark þessara lána og jafnvel lánstíminn fari nokkuð eftir efnum og ástæðum, þar sem hér er í sumum tilfellum lánað út á eldri vélar og iðnaðartæki. Þess vegna tel ég, að ekki sé óeðlilegt, að ákvæðið sé orðað á þann hátt, sem brtt. hæstv. iðnmrh. gerir ráð fyrir. Engu að síður tel ég sjálfsagt, að í lögunum verði ákvæði, sem kveði á um það, hver sé hámarkslánstími út á vélar og byggingar í iðnaði, eins og gildir um aðrar atvinnugreinar, enda sé ég ekki, að brtt. sú, sem ég flutti við 2. umr. ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v., brjóti á neinn hátt í bága við þá tilhögun, sem hér er ráðgerð. Mér finnst eðlilegt, að í lögunum sé ákvæði um hámarkslánstíma, eins og var í frv., og mér finnst eðlilegt, að sá hámarkslánstími sé fyrir iðnaðinn sá sami og í lögum er fyrir sjávarútveginn. Því vil ég leyfa mér að flytja enn á ný brtt., að þessu sinni við brtt. hæstv. iðnmrh. Það vinnst ekki tími til þess að útbýta till. prentaðri á venjulegan hátt, og leyfi ég mér að leggja brtt. fram skriflega. Hún er frá mér og hv. 1. þm. Norðurl. v. og er þannig:

Við 3. brtt. á væntanlegu þskj., þ. e. brtt., sem hæstv. iðnmrh. hefur lagt fram, að aftan við till. bætist: „Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár."

Till. er skrifleg og of seint fram borin, og leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta hana, til þess að leitað verði afbrigða um það, að hún megi leggjast fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 474) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 73, 402, 416, 473, 474).

ATKVGR.

Brtt. 473,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 402 tekin aftur.
— 416 tekin aftur.
— 473,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 474 felld með 18:18 atkv.
— 473,3 samþ. með 21:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 478).

Á 72. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 478, n. 502).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Um efni þessa frv., er hér liggur fyrir, leyfi ég mér að vísa til grg. fyrir frv.

Þetta frv. hefur gengið ágreiningslaust gegnum hv. Nd., að því er mér bezt er kunnugt, og eins og nál. fjhn. á þskj. 502 ber með sér, hefur fjhn. orðið sammála um að mæla með frv., þó að einstakir nm. áskilji sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt. við frv.

Eins og fram kemur í grg. og öllum hv. dm. mun vera kunnugt, hefur lánamálum annarra höfuðatvinnuvega þjóðarinnar en iðnaðarins, þ. e. landbúnaðarins og sjávarútvegsins, verið komið í fast form, en iðnaðurinn ber enn skarðan hlut frá borði hvað þetta atriði snertir. Samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir, leysir að vísu ekki það vandamál, sem þar er um að ræða, því að með samþykkt þess er ekki útvegað það fjármagn, sem þyrfti til þessa. En hins vegar felst í því nauðsynleg umgjörð um slíkar ráðstafanir, heimildir og annað slíkt, svo að hvað sem öðru líður ætti ekki að vera ágreiningur um, að það er spor í áttina til þess að koma þessum málum í æskilegt horf að samþ. frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en nefndin leggur til, að það verði samþ.

Helgi Bergs: Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hv. frsm. fjhn., var ekki ágreiningur um það í n. að samþ. þetta frv., þó að nm. hafi að sjálfsögðu gert sér ljóst, eins og hv. frsm. orðaði það, að frv. væri fyrst og fremst umgerð og það réðist alveg af framkvæmdinni, að hve miklu gagni þetta kæmi. Í fjhn. tókst okkur ekki að fá upplýsingar um það, hvernig þessi lög, ef þetta frv. verður að lögum, yrðu framkvæmd, og mig langaði þess vegna til þess í örfáum orðum að beina nokkrum fsp. að þessu lútandi til hæstv. iðnmrh.

Það er lítið á þetta frv. sem hliðstæðu við tilsvarandi löggjöf fyrir aðra atvinnuvegi, nefnilega lög um lausaskuldir bænda og lög um opnun nýrra lánaflokka við stofnlánadeild sjávarútvegsins. Ég tók eftir því, að við 2. umr.

þessa máls í hv. Nd. lýsti hæstv. iðnmrh. yfir, að hann mundi líta svo á, að sér væri skylt að beita sér fyrir því, að framkvæmdin yrði í samræmi við það, sem verið hefði í hinum atvinnuvegunum tveimur, sem ég nefndi. Ég veit, að hæstv. iðnmrh. hefur ekki sagt þetta nema af því, að hann hefur þá þegar gert sér nokkra grein fyrir því, með hverjum hætti framkvæmd þessara laga skyldi verða. Málið liggur að vísu dálítið öðruvísi fyrir hv. Alþingi nú en frv. til l. um lausaskuldir bænda og frv. til l. um opnun nýrra lánaflokka við stofnlánadeild sjávarútvegsins gerðu á sínum tíma, vegna þess að þá lágu fyrir hv. Alþingi, a. m. k. á seinni stigum þessara mála, áætlanir frá hæstv. ríkisstj. um það, hverju sú fjárþörf mundi nema, sem gert var ráð fyrir að þarna væri fyrir hendi, og hvernig hugsað var að leysa úr henni. Stofnlánadeild sjávarútvegsins tryggði öllum, sem uppfylltu ákveðin skilyrði, úrlausn í þessum málum með aðstoð Seðlabankans, og Seðlabankinn hafði einnig að vísu nokkuð á seinna stigi þess máls lofað ákveðinni fyrirgreiðslu fyrir bréfakaupum frá veðdeild Búnaðarbankans í sambandi við lausaskuldir bændanna. Það lágu einnig fyrir, þegar þessi mál voru til meðferðar, áætlanir frá hæstv. ríkisstj. um það, hverjar upphæðir þarna mundi verða um að ræða, og ég minnist þess, að í sambandi við lána-konverteringuna fyrir sjávarútveginn var talað um milli 300 og 400 millj., sem mér skilst að hafi látið nærri, og einnig var talað um nokkuð ákveðnar upphæðir í sambandi við Búnaðarbankann, veðdeildarbréf Búnaðarbankans vegna þessarar lána-konverteringar bænda. Hér liggur ekki neitt slíkt fyrir, og mig langaði þess vegna til að nota þetta tækifæri til þess að beina nokkrum spurningum til hæstv. iðnmrh.

Þau atriði, sem mig langaði til að biðja hæstv. iðnmrh. um frekari upplýsingar um, eru þá í fyrsta lagi, hvort gerðir hafi verið nokkrir samningar eða leitað nokkurra samninga við ákveðna aðila um kaup þessara bréfa eða hvort hver einstakur lántaki yrði sjálfur að semja um og sjá fyrir sölu bréfa sinna. Í öðru lagi, hvort gert sé ráð fyrir því, að Seðlabankinn leggi ákveðnar summur til lausnar þessa máls, á sama hátt og í hinum atvinnuvegunum tveimur, sem rætt hefur verið um sem hliðstæður. Í þriðja lagi, hvort nokkur áætlun hafi verið gerð um það, hvað miklu þessar lánveitingar þyrftu að nema til þess að ná tilgangi sínum. Og í fjórða lagi, hvað eru lausaskuldir í þessu sambandi, og hvernig yrðu þær þekktar frá öðrum skuldum iðnaðarins. Ég skal gera svolítið betur grein fyrir þessari spurningu. Mér virðist, að þetta sé kannske eilítið flóknara í sambandi við iðnaðinn heldur en í sambandi við sjávarútveginn og landbúnaðinn, sökum þess að rekstrarlán þessara atvinnuvega eru í tiltölulega föstum skorðum og verða þess vegna strax sorteruð frá tiltölulega auðveldlega. Og í fimmta lagi er ein spurning enn, sem mig langar að beina til hæstv. iðnmrh., en hún er sú, hvað hann mundi hugsa sér eðlilegan lánstíma í sambandi við lánveitingar af þessu tagi. Og ég skal gera svolítið betur grein fyrir þessari spurningu. Þegar þetta frv. var fyrst lagt fyrir hv. Nd., var gert ráð fyrir 7 ára lánum út á vélar og 15 ára lánum út á fasteignir. Þetta ákvæði var fellt burt úr frv. í meðferð Nd. og í staðinn tekið ákvæði um það, að þetta skyldi ákveðið í reglugerð. Fulltrúar Framsfl. í hv. fjhn. Nd. höfðu lagt til, að lánstíminn væri lengdur frá því, sem gert var í frv., en niðurstaðan varð þessi, að þetta var algerlega tekið út úr. En einmitt með tilliti til þess, að hæstv. iðnmrh. hefur vísað til framkvæmda á l. viðvíkjandi hinum atvinnuvegunum tveim, þá vildi ég hafa það seinustu spurninguna í þessu sambandi, hvort hann teldi þá ekki einnig eðlilegt, að lánstíminn yrði sá sami og hjá þeim og þess mætti vænta, að það yrði ákveðið í þeirri reglugerð, sem hæstv. ráðh. eða hans ráðuneyti setur.

Ég skal þá ekki orðlengja meira um þetta frv. Ef það verður að lögum, er það, eins og hæstv. frsm. fjhn. sagði, umgerð um úrlausn á vanda, og það á auðvitað eftir að fylla innan í þá umgerð alveg, og í versta falli getur frv. orðið einskis nýtt, en aldrei verra. Hins vegar getur það orðið til mjög mikilla bóta, og þess vegna er ég samþykkur meðnefndarmönnum mínum í fjhn. að mæla með samþykkt frv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Allt, sem hv. þm. hefur sagt um þetta mál, er að því leyti rétt, að það veltur allt á framkvæmd þessa máls. Þetta er ekki stjórnarfrv., þetta er frv. þm., sem hafa borið það fram, og það er rétt, að það vantar undirbúning málsins fyrir fram. Hins vegar hef ég lýst því yfir í Nd., að ég mundi gera það, sem ég gæti bezt, til þess að málið gæti komizt í framkvæmd á þann hátt, að iðnaðinum yrði að gagni. Og m. a. þess vegna fór ég fram á það í Nd., að það yrðu tekin út ákvæðin um tímalengd lána til þess að það kæmi fyrir bankana þannig, að það væri ekki of bundið. Og ef menn líta á þetta mál eins og það liggur fyrir, þá veltur allt á framkvæmdinni, það er rétt, og ég get ekki sagt neitt um það, hvernig framkvæmdin verður. Hitt vil ég segja, að ég mun gera allt, sem í mínu valdi stendur, til þess að framkvæmdin geti orðið iðnaðinum að gagni.

Hv. þm. spurði mig nokkurra spurninga. Ég held ég hafi svarað þeim næstum því öllum í þessu, sem ég hef sagt um mína fyrirvara um það, að það er erfitt að koma þessu máli í höfn þannig, að það verði verulega að gagni, og enda þótt Alþingi samþ. þetta, þá veltur allt á sjálfri framkvæmdinni, það er rétt. Það er langbezt, að allir viti það. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er mikill munur á þessum lánamálum iðnaðarins og sjávarútvegsins og landbúnaðarins, og hvort þetta verður iðnaðinum að verulegu gagni, skal ég ekki segja um. Ég mundi a. m. k. sjálfur vilja reyna að gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að það gæti orðið honum að gagni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 567).

---

48. Búfjárrækt.

Á 23. fundi í Nd., 3. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt [91. mál] (þmfrv., A. 104).

Á 25. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. að flytja frv. til l. um breyt. á búfjárræktarlögunum, en þau eru l. nr. 54 frá 1957, en frv. er að finna á þskj. 104. Þær breytingar, sem hér er um að ræða við þann kafla búfjárræktarlaganna, sem fjallar um hrossaræktina, eru ekki stórvægilegar. En það er álit okkar flm., að gera þurfi viðtækar breytingar á búfjárræktarlögunum í heild, en okkur er kunnugt um það, að einmitt nú þessa dagana fer fram endurskoðun l. að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands, og það er engan veginn ætlan okkar með flutningi þessa frv. að taka fram fyrir hendur þeirra manna eða þeirrar nefndar, sem þetta starf er að vinna fyrir Búnaðarfélagið og er í samræmi við ályktun, sem gerð var á síðasta búnaðarþingi. En telja má nokkurn veginn víst, að búfjárræktarlög, sem nú eru í endurskoðun og eiga eftir að leggjast fyrir búnaðarþing, verði ekki afgreidd á Alþingi því, sem nú situr. Til þess vinnst tæplega tími, því að væntanlega verða störf Alþingis komin langt áleiðis, þegar búnaðarþing hefur fjallað um þetta mál. En ástæðan til þess, að við flm. höfum áhuga á því, að þær breytingar, sem við leggjum til að gerðar verði á búfjárræktarlögunum, nái fram að ganga á þessu þingi, er einfaldlega sú, að við viljum reyna að koma í veg fyrir, að endurtaki sig leiðindi og jafnvel málaferli, sem orðið hafa í okkar kjördæmi vegna framkvæmda á þeim kafla búfjárræktarlaganna og þó alveg sérstaklega vegna framkvæmda á 36. gr. l., þeim kafla, sem við leggjum til að breyting verði gerð á.

Ég ætla ekki hér að fara að rekja það, sem í blöðum hefur verið nefnt stóðhestastríð Skagfirðinga og Húnvetninga. En ég hygg, að undirrót þess stríðs sé sú, að menn hafa annars vegar ekki gætt þess nógu vel að halda ákvæði l., og hins vegar það, að sá skilningur hefur verið lagður í ákvæði 36. gr., að það væri hverjum framtakssömum manni heimilt að taka sig upp og gera sér ferð inn í heimalönd jarða og í afrétti og handsama stóðhesta, sem þar kunna að ganga lausir ólöglega, og síðan flytja þá til hreppstjóra, jafnvel utan þess lögsagnarumdæmis, þar sem hestarnir hafa fundizt. Ég efast nú alveg stórlega um, að það hafi verið tilgangur löggjafans að veita mönnum svo mikið frjálsræði í þessum efnum. En hvað sem um það er, hafa ákvæði l. verið skilin á þessa lund og sá skilningur l. hefur verið staðfestur með dómi.

En það er ljóst, að ef hver sem er getur tekið sér þessi löggæzlustörf á hendur, veldur það sífelldum árekstrum og leiðindum Því. er það, að við leggjum til, að umráðamönnum jarða, þ. e. ábúendum og hreppsnefndum eða fjallskilastjórum, þegar um afrétt er að ræða, verði gert að sjá um handsömun stóðhesta, sem í óleyfi ganga, og flytja þá til þess hreppstjóra, sem næstur er í því lögsagnarumdæmi, þar sem hesturinn finnst. Að sjálfsögðu geta svo allir sem vilja kært lausagöngu stóðhesta, ef þeir vita um hana eða hafa grun um, að hestar gangi lausir.

Þær breytingar, sem felast svo í 2. gr. frv., eru nær eingöngu til samræmis við ákvæði 1. gr. Svo er t. d. um það ákvæði, að andvirði seldra stóðhesta, sem eigendur eiga ekki rétt á að fá, skuli renna í fjallskilasjóð í stað sjóðs búnaðarfélags, eins og nú er gert ráð fyrir í l., því að eftir að fjallskilastjórum eða stjórnum hefur verið gert að annast handsömun stóðhestanna, má líta á þetta sem fjallskilamál.

Svo leggjum við að lokum til, að rýmkuð verði nokkuð heimildarákvæði búfjárræktarlaganna um lausagöngur stóðhesta. Samkv. 39. gr. l. er Búnaðarfélagi Íslands heimilt að veita hreppsfélögum, einu eða fleiri, undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta, ef það telur, að beitilönd þau, sem um er að ræða, séu svo einangruð, að öruggt megi teljast. Í frv. er lagt til, að í þeim héruðum, þar sem um verulegan hrossabúskap er að ræða, geti sýslunefndir veitt þessar undanþágur og nokkru rýmri en búfjárræktarlögin gera ráð fyrir, en þó því aðeins að sjálfsögðu, að fullnægt hafi verið þeim skilyrðum, sem nefnd eru í frv., svo sem að meiri hl. bænda á viðkomandi svæðum hafi óskað eftir þessum undanþágum og ekki verði notaðir aðrir hestar en þeir, sem hafa verið merktir af hrossaræktarráðunaut eða viðurkenndir sem kynbótahestar.

Eins og ég sagði í upphafi, er hér ekki um neinar stórvægilegar breytingar að ræða á búfjárræktarlögunum. Ég sé því enga ástæðu til þess að vera að fjölyrða um þetta mál frekar, en óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 104, n. 254).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. það til l. um breyt. á búfjárræktarl., sem hér er til 2. umr., og skilar n. samhljóða nál. og leggur til, að frv. verði samþ.

Frv. var sent Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar, og í svari því, sem n. barst frá stjórn Búnaðarfélagsins, fólst í rauninni engin umsögn um málið. Hins vegar var á það bent, að búfjárræktarlögin hafi verið í endurskoðun að tilhlutan Búnaðarfélagsins og frv. til nýrra búfjárræktarlaga mundi verða lagt fyrir búnaðarþing, sem er í þann veginn að koma saman, og tekið þar til meðferðar.

Búfjárræktarl. eru allmikill lagabálkur og þótt svo fari, að búnaðarþing afgreiði þau frá sér núna í vetur, er þess vart að vænta, að þau nái lögfestingu á Alþingi því, sem nú situr. Hins vegar leggjum við flm. þessa frv. áherzlu á það, að þessi breyt. á búfjárræktarl. nái fram að ganga og fái afgreiðslu nú á þessu þingi, og féllust hv. samnm. okkar í landbn. á sjónarmið okkar.

Við 1. umr. frv. hér í hv. d. rakti ég efni þess og skýrði og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það, sem ég sagði þá. Aðalefnið er, að skýrt sé tekið fram í búfjárræktarlögunum, hverjum beri réttur til þess að handsama stóðhesta, sem kunna að ganga lausir ólöglega, og þeir verði færðir til næsta hreppstjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem hestarnir finnast. Þá gerir frv. ráð fyrir því að rýmka nokkuð heimildarákvæði búfjárræktarlaganna um lausagöngu stóðhesta í þeim héruðum, þar sem hrossabúskapur er rekinn að nokkru verulegu ráði, og skuli það lagt í vald sýslunefnda, hvort leyfa skuli slíkar undanþágur.

Ég vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á þá skoðun landbn., að samþykkja beri þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 540 og 548, 549).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.*

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Mál þetta var flutt í Nd. fyrir alllöngu og hlaut þar einróma samþykki hv. Nd. Það fjallar um nokkrar breytingar á búfjárræktarlögum að því er snertir hrossarækt. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. og minni hl. landbn., er lítill eða máske enginn ágreiningur um, að rétt sé að samþ. tvær fyrri gr. frv., en þær lúta að því að gera skýrari ákvæði í lögum um það, hverjir eigi eða hverjir megi taka stóðhesta, sem ganga lausir í óleyfi. Ég held, að það sé óhætt að segja, að landbn. var sammála um það, að þessar brtt. tvær, sem felast í 1. og 2. gr., séu til bóta og jafnvel nauðsynlegar til þess að afstýra átökum og ósamkomulagi, sem orðið hefur um þessa framkvæmd að undanförnu og leitt jafnvel til málaferla. Hins vegar er nokkur ágreiningur í landbn. um það, hvort rétt sé að samþ. 3. gr. frv., sem fjallar um breyt. á 39. gr. búfjárræktarl. og gengur í þá átt, að sýslunefndum verði heimilað að gera samþykktir um undanþágur frá ákvæðum um lausagöngur stóðhesta, en leiti þó álits hrossaræktarráðunautar Íslands um það efni, áður en til framkvæmda kemur. Í búfjárræktarlögunum eru ákvæði um það, að Búnaðarfélag Íslands geti veitt undanþágur í þessu efni eftir till. frá hrossaræktarráðunaut Íslands. Aðalmunurinn í þessu er þá sá, að sýslunefndir geta haft þarna meira vald en verið hefur, ef þær meta það heima fyrir, að nauðsynlegt sé að veita einhverjar undanþágur í þessu efni.

Þetta frv. er sprottið af því, að átök hafa orðið um þessi efni í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu undanfarin sumur, og tilgangur frv. er að leita leiða til þess að komast hjá slíkum átökum eftirleiðis. Og þar heima í héraði virðist vera nokkurn veginn samstaða um það, að þessi 3. gr., þ. e. a. s. breyting á 39. gr. búfjárræktarlaganna, muni geta komið á friði um þetta mál. Það hefur verið bent á það, að búfjárræktarl. væru í endurskoðun hjá Búnaðarfélagi Íslands eða búnaðarþingi og jafnvel fullgerð og þess vegna væri ekki þörf á því að samþ. 3. gr. frv., heldur væri eðlilegt að bíða eftir fullnaðarafgreiðslu í heild á búfjárræktarlögunum. Frv. þetta var lagt fram nokkuð snemma á þinginu, og afgreiðsla þess hefur dregizt, m. a. vegna þess, að lengi vel

var búizt við, að e. t. v. yrðu ný búfjárræktarlög afgreidd á þessu þingi og þar með yrði þá tekin afstaða til þeirra breytinga, sem margir telja að þurfi að gera á 39. gr. búfjárræktarlaganna, eins og þau eru nú. En héraðsbúar á þessu svæði hafa margir mjög óskað eftir því, að frv. væri nú afgreitt á þessu þingi, þó ekki væri nema til þess að leysa úr vanda, sem skapazt hefur á þessu landssvæði, og þeir telja, að erfitt sé að bíða, þangað til ný búfjárræktarlög hafa verið samþ. á þingi. Það má þó geta þess, að tvær fyrri greinarnar leysa að nokkru leyti úr þeim vanda, sem þarna virðist vera við að etja, en ekki að öllu leyti að áliti kunnugra manna.

Ég tel og meiri hl. landbn., að þar sem þessi sérstöku vandamál snerta naumast aðra en hrossaeigendur í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, þá muni það ekki a. m. k. saka, þó að 3. gr. verði samþ. nú, því að ef búfjárræktarlög verða afgreidd endurskoðuð t. d. á næsta þingi, þá mætti breyta þessum ákvæðum, ef þau í reyndinni yrðu ekki til þess að leysa úr þeim óþægilegu hnútum, sem skapazt hafa þar norður frá. Með þetta í huga hefur meiri hl. n. talið rétt að mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Alþingi í þingbyrjun og virtist ekki vera um það ágreiningur í hv. Nd. Alþingis, en hér er nokkur ágreiningur um þetta frv. Sá ágreiningur er ekki að mínu áliti um þau atriði málsins, sem þurfa að leysa úr þeim vanda eða deilum, sem hafa risið á milli Húnvetninga og Skagfirðinga, þar sem 1. og 2. gr. þessa frv. kveða skýrar á um þau ágreiningsatriði heldur en lögin gera nú, og þess vegna tel ég, að þau mál og þeirra vandi, sem verið hefur, muni geta leystst á friðsamlegan hátt með því að samþykkja 1. og 2. gr. þessa frv.

En í 3. gr., þ. e. a. s. breyt. á 39. gr. búfjárræktarl., er um algera stefnubreytingu og efnisbreytingu að ræða frá því, sem hefur gilt til þessa, þar sem lagt er til, að þessi mál skuli ekki lengur heyra undir Búnaðarfélag Íslands, nema því skuli aðeins heimilt að leita álits hrossaræktarráðunautar, en það er engin skylda að taka neitt tillit til þess álits, sem frá honum kemur, og þessi mál eiga að vera í höndum sýslunefndar. Hér er algerlega gengið fram hjá búnaðarfélagsskapnum í landinu, og má það merkilegt heita, að tveir bændur á Alþingi skuli flytja frv. um þessa hluti. Nær hefði mér fundizt, ef þykir ástæða til að taka þessi mál úr höndum Búnaðarfélags Íslands, að fela þau búnaðarsamböndum hlutaðeigandi héraða og hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélögum, vegna þess að það er sá félagsskapur, sem á að fjalla um landbúnaðarmál öðrum fremur, og maður verður að ætla, að þeir hafi betra vit á að fara með þessi mál en þeir, sem kosnir eru í sýslunefnd, þar sem þeir eru venjulega ekki kosnir með sérstöku tilliti til þeirrar þekkingar, sem þeir hafa á landbúnaðarmálum, þó að margir hverjir séu að sjálfsögðu mjög greinargóðir einnig um þau efni.

Það virðist líka fráleitt að hugsa sér það, að sýslumenn, sem eru dómarar hver í sinni sýslu, skuli eiga að semja lög og reglur um, hvernig fara skuli með þessi ágreiningsmál — og það jafnheit ágreiningsmál og þessi málefni hafa verið á milli Húnvetninga og Skagfirðinga.

Mér finnst því, að hvernig sem ég velti þessu máli fyrir mér, sé 3. gr. frv. eða breyt. á 39. gr. l. mjög vafasöm, svo að ekki sé meira sagt, ekki bara litið á þau málefni frá ræktunarsjónarmiði hrossanna í landinu, heldur og einnig frá því að leysa ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma, því að ég tel, að það sé ekki heppilegt, að sömu aðilar fjalli um að semja lög og reglur og þeir hafi einnig dómsvaldið í sínum höndum, eins og sýslumenn hljóta að hafa í þessum málum í undirrétti. Og nokkuð er það víst, að þó að benda megi á, að sýslumenn ráði ekki öllu í sýslunefndum, er þess að geta, að þeir hafa þar atkvæðisrétt eins og hver annar sýslunefndarmaður, og því fráleitt að ætla sýslunefndunum að fjalla um þessi mál. Nær væri, eins og ég sagði áðan, að fela þessi málefni búnaðarsamböndunum, ef fráleitt þykir, að Búnaðarfélag Íslands hafi þessi mál með höndum, eins og verið hefur.

Ég hef spurt um það á nefndarfundum og reynt að afla mér upplýsinga um það, hvort Búnaðarfélag Íslands, sem nú hefur þessi mál í sínum höndum, hafi misbeitt valdi sínu í þessum efnum, og það hef ég ekki fengið upplýst, og þess vegna ætla ég, að það sé ekki hægt að benda á slíkt, að þar hafi verið um neina misbeitingu á rétti eða misbeitingu á valdi að ræða. Og það er ekki heldur gott, að eitt sjónarmiðið ríki í hrossarækt inni í þessari sýslu og annað í hinni, eins og ástæða er til að ætla, ef sýslunefndir, hver í sinni sýslu, eiga að fjalla um þessi málefni án þess að þurfa að taka nokkurt tillit til þeirrar sérfræðilegu þekkingar, sem Búnaðarfélag Íslands hefur jafnan á að skipa í þessum málum eins og öðrum.

Hv. 8. landsk., sem talaði hér fyrir hönd meiri hl., minnti á það, að búfjárræktarl. hefðu verið í endurskoðun og þau mundu e. t. v. koma fram á Alþingi, áður en langir tímar líða. Það er sýnilegt, að þau munu ekki koma fram á þessu þingi, en ástæða er til að ætla, að búfjárræktarfrv. verði lagt fyrir næsta Alþingi, og það er líka ástæða til að ætla, þar sem búnaðarfélögin í landinu leggja mikla áherzlu á, að það frv., sem samþykkt var á búnaðarþingi í vetur, nái fram að ganga, að Alþingi taki tillit til þess á næsta þingi. Og ég vil geta þess í leiðinni, að um þau atriði, sem þetta frv. fjallar um, var samkomulag á búnaðarþingi. Það var samkomulag milli þeirra héraða, sem hafa einkum átt í deilum um þau málefni, sem þetta frv. á að koma í veg fyrir. Og þó nokkuð er 39. gr. þess frv. frábrugðin því, sem hér liggur fyrir. Þess vegna finnst mér, að við eigum, til þess að greiða úr þeim hnútum,

sem verið hafa á milli þessara tveggja miklu hrossahéraða, þ. e. a. s. Húnavatnssýslu og Skagfirðinga, að samþykkja 1. og 2. gr. þessa frv. og láta þar við sitja, vegna þess að þær greinar gera l. ljósari og geta þar af leiðandi bætt úr þeim ágreiningi, sem verið hefur að undanförnu. En ég tel mjög varhugavert, að 39. gr. l. breytist á þann veg, sem hér er lagt til. Þess vegna höfum við lagt til í minni hl. n., að sú grein verði felld, en frv. samþ. að öðru leyti. Ef brtt. okkar verður samþ., þ. e. a. s. að 3. gr. falli niður, þá erum við með frv. og samþykkjum það, en að öðrum kosti getum við ekki verið með frv., verði 3. gr. þess samþykkt. Tel ég, að ég hafi gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, hvers vegna við erum á móti 3. gr. þessa frv., og hv. þingmönnum sé þessi ágreiningur ljós og þeir geti tekið afstöðu til málsins þess vegna. Og ég trúi því ekki fyrr en ég reyni, að hv. þm. sjái það skammt fram í tímann, að þeir vilji nú fara að gerbylta 39. gr. búfjárræktarl., þegar það liggur fyrir, að búfjárræktarl. í heild koma til Alþingis e. t. v. á næsta þingi. Ég vænti því þess, að hv. þm. samþykki það, að 3. gr. þessa frv., þ. e. a. s. 39. gr. búfjárræktarl., verði felld, og þá munum við í minni hl. vera með þessu frv., en að öðrum kosti ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Ed., 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 549 felld með 11:7 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 12:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 104, 575).

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við 3. umr. þessa máls, þar sem þær breytingar, sem minni hl. landbn. lagði til, urðu ekki samþ. við 2. umr. málsins.

Það er nú þannig, að á þeim tímum, sem við lifum, miðum við flest okkar mál við tæknimenntun og sérþekkingu. Og þegar litið er á þetta mál, búfjárræktarlögin, í því ljósi, sem lýsir okkur yfirleitt í þeim málum, sem við fjöllum um hér á hv. Alþingi, þá finnst mér, að það sé farið nokkuð marga áratugi til baka, þegar samþykkja skal þetta frv. eins og það liggur fyrir, þar sem horfið er frá því að fara eftir því, sem vísindin hafa aflað sér, og hverfa til fyrra horfs, þar sem hvorki þekkingu né vísindum var til að dreifa. Og nokkuð er það víst, að Búnaðarfélag Íslands, sem er að verða 65 ára gamalt, hefur frá upphafi haft þessi mál með höndum. En það er vitað mál, að Búnaðarfélag Íslands starfar að margháttuðum fræðilegum og hagnýtum fyrirgreiðslum og leiðbeiningum á sviði landbúnaðar og er einnig ráðgefandi fyrir Alþingi og ríkisstj. Þess vegna finnst mér það koma úr hörðustu átt, þegar Alþingi fer nú að stofna til þess, að það skuli gengið fram hjá þessum félagsskap í ríkara mæli en nokkru sinni hefur áður þekkzt. Hér er því um stefnubreytingu að ræða, þar sem kljúfa skal út úr þeim félagsskap, sem hefur verið treyst bezt til þess að lýsa okkur á sviði landbúnaðarmála að undanförnu. Ég veit ekki heldur, hvar það kann að enda, þegar svo byrjar eins og hér virðist vera, og nokkuð er það hart, að einmitt þessi vísir skuli vera kominn úr því héraði, þar sem fyrsta búnaðarfélag landsins var stofnað fyrir 120—130 árum. Og sannarlega hafa þeir bændur, sem þá bjuggu í Svínavatns- og Bólstaðarhlíðarhreppi, ekki verið trúlausir á mátt samtakanna eða mátt búnaðarfélagsskaparins í landinu, og þetta félag, sem þeir stofnuðu, varð vísirinn að Búnaðarfélagi Íslands. Ég vil því sannprófa það með þeirri till., sem hér liggur fyrir, hvort það er virkilega svo, að hv. alþm. séu þeirrar skoðunar að leita ekki álits og eftir því fara, þegar um er að ræða þau málefni, sem bændastéttina varða og Búnaðarfélag Íslands hefur jafnan fjallað um og að ég ætla bændastéttinni til góðs og gæfu á liðnum árum, og mun einnig verða, ef til félagsskaparins verður leitað á komandi tímum. Þess vegna er það, að ég hef lagt fram þessa brtt. á þskj. 575, og vænti ég, að hv. þm. geti á hana fallizt, þar sem hún er um það, að það skuli leitað þeirrar sérfræðilegu þekkingar, sem við höfum völ á í landinu í þessum efnum, eins og á fjölmörgum öðrum sviðum, og eftir því skuli farið. Það ríkir annað viðhorf hjá okkur þá í landbúnaðarmálum en fjöldamörgum öðrum málum, ef þessi till. verður felld hér á hv. Alþingi.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir því, að landbn. hefði verið sammála um tvær greinar þessa frv., að þær væru nauðsynlegar nú, eins og á stendur, m. a. vegna ágreinings, sem komið hefur upp um meðferð stóðhesta í þeim héruðum, sem þetta frv. á sérstaklega að ná til. Hins vegar var ágreiningur um 3. gr. frv., og þótti minni hl. n., að þar væri verið að draga úr höndum Búnaðarfélags Íslands, eins og heyra mátti á ræðu hv. 1. þm. Vesturl., og stefndi að því að gera minna með vísindin og þekkinguna heldur en rétt væri. Það kom einnig fram í ræðu við 2. umr., að það væri dálítið einkennilegt, að tveir bændur úr þessum héruðum skyldu flytja þetta frv. Verð ég að segja það, að mín skoðun er sú, að það er aðalstyrkurinn fyrir því, að ég get stutt frv., að það voru einmitt tveir bændur, sem þekkja þarna mjög vel til, sem fluttu frv. með það fyrir augum að komast hjá árekstrum, sem

gildandi búfjárræktarlög valda, að því er snertir hrossarækt.

Ég get sagt það, að ég geri ekkert aðalatriði úr því, hvort þessi brtt., sem hér liggur fyrir, verður samþ. eða ekki. Ég get ekki stutt hana fyrir mitt leyti, vegna þess að aðalefni hennar er að stytta undanþágufrest í eitt ár úr 5 árum, sem lagt er til í frv. að sé hámark.

Það kemur fram í frv., hvernig flm. hugsa sér að þessi frestur verði veittur. Það kostar nokkra vafninga að leggja það fyrir sveitarstjórnir, síðan sýslunefndir og í þriðja lagi fyrir hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Og ég geri ráð fyrir því, að í meðferð málsins, ef um undanþágur er beðið, sé því alls ekki slegið föstu, að um 5 ár sé að ræða, en kannske eitthvað styttri tíma, og mundi hrossaræktarráðunautur, úr því að málið á að berast undir hann, geta einnig haft áhrif á það, hversu frestur væri leyfður langur, og jafnvel leggjast á móti því að veita nokkurn frest. Að vísu gerir frv. ekki ráð fyrir því, að hann hafi stöðvunarvald í þessu frv. En þar sem slík ákvæði sem þetta eru í l., er venjulegt að fara eftir þeim till., sem fram koma frá þeim manni, sem skylt er að bera málið undir. Ég hygg persónulega, að það muni vera óeðlilegt, að svona langur frestur sé veittur fyrir fram, en hins vegar held ég, að það sé of stuttur tími að miða við aðeins eitt ár, vegna þess að það er, eins og ég sagði áðan, talsvert miklum vandkvæðum og vafningum og fyrirhöfn bundið að komast að samkomulagi um að biðja um þann frest, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vitnaði einnig í það við 2. umr., að frv. styddist mjög við samkomulag, sem fjallskilastjórar þar norður frá og Hrossaræktarfélag Íslands gerði á fundi, sem haldinn var í Húnaveri 12. júní s. l. Og að öllu þessu máli athuguðu held ég, að það sé ekki neitt hættulegt spor stigið, þó að gerð yrði tilraun með það, að þessi hrossaræktarhéruð, sem eru þarna aðallega málsaðilar að, reyni að koma skipan á þessi mál, betri og eðlilegri og friðsamlegri en verið hefur, því að við þekkjum það öll af blaðaskrifum og jafnvel málaferlum, að þarna hefur verið við talsvert mikið vandamál að etja, og ég held, að þessir bændur, sem báðir eru hrossaræktarmenn eða hrossaeigendur í allstórum stíl, hafi einmitt reynt að finna þar meðalveg, sem hægt er að una við, a. m. k. til reynslu í bráðina.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. talaði hér á móti þeirri brtt., sem ég flyt, og fannst honum, að sá frestur, sem ég vil heimila samkv. þessum l., eitt ár, mundi vera of stuttur. En ég tel það vera aðalkost till. að hafa frestinn stuttan, vegna þess að fimm ára frestur, ef lögin reynast illa í framkvæmdinni, er allt of langur, og mér finnst það vera glannalegt af Alþingi að samþykkja svo langan frest án nokkurs fyrirvara, þar sem við vitum, að ýmiss konar deilur hafa verið í sambandi við þessi mál. Þess vegna held ég, að það sé hyggilegt að fara að ráðum fróðra manna og hafa frestinn aldrei lengri en eitt ár í senn, enda þótt heimamenn verði að hafa nokkuð fyrir því, að slíkur frestur fáist, eins og hv. þm. benti á.

En það, sem hv. 8. landsk. þm. og fleiri hér virðast trúa á, er, að þetta mál komi í veg fyrir þær deilur, sem verið hafa uppi á milli Skagfirðinga og Húnvetninga. En ég hef kynnt mér þetta mál, og ég hef líka hlustað á umr. á búnaðarþingi milli Húnvetninga og Skagfirðinga um þessi mál. Og þar varð samkomulag um breytingar á 39. gr. búfjárræktarl. á allt annan veg en sú breyting, sem hér liggur fyrir á 39. gr. l. Og þess vegna held ég, að það sé skakkt af Alþingi nú að vera að samþykkja 3. gr. þessa frv., þar sem það er sýnilegt, að hún kemur ekki í veg fyrir þær deilur, sem upp kunna að rísa. Það eru 1. og 2. gr. þessa frv., sem kveða skýrar á um þau ágreiningsatriði, sem verið hafa, og geta þar af leiðandi komið í veg fyrir það, að deilur verði út af þeim málum, sem verið hafa. Það eru fyrst og fremst þær greinar, og höfum við verið sammála meiri hl. n. um það, hv. 4. þm. Austf. og ég. En ég get aldrei fallizt á það, að 3. gr. þessa frv. verði samþ., nema því aðeins að sú breyting, sem ég legg hér fram, verði jafnframt samþykkt. Að öðrum kosti er ég alveg á móti þessu frv. Og ég vænti þess, að hv. alþm. geti fallizt á þetta tvennt, sem ég fer fram á í þessari till., þ. e. í fyrsta lagi, að fresturinn verði færður úr 5 árum, eins og hann er nú í frv., niður í eitt ár, eins og ég legg til í minni brtt., og enn fremur það, að skylt verði að taka fullt tillit til álits sérfræðings á þessu sviði, þ. e. a. s. hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, og finnst mér það vera mjög til samræmis við ýmis önnur mál, sem við höfum verið að samykkja á þessu þingi og undanförnum þingum um það að fara að áliti sérfræðinga á mörgum sviðum. Og í einni mjög umdeildri löggjöf hér á landi, sem var til umr. fyrir nokkrum árum, fólum við sérfræðingi geysimikið vald samkv. þeirri löggjöf. Og ég hef ekki orðið var við það síðan, að miklar deilur hafi risið út af þeim málum og alls ekki eins og vænta mátti. Það var veiðilöggjöfin, þar sem veiðimálastjóra voru falin víðtæk völd á sviði veiðimála í landinu. Ég sé ekki, að á þessu tvennu sé sá reginmunur, að sérfræðingar í búfjárrækt séu þeim mun hættulegri búfjárræktinni í landinu heldur en veiðimálastjóri kann að vera lax- og silungsveiði almennt í landinu.

ATKVGR.

Brtt. 575 felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, GilsG, HB, HermJ, KK, PÞ.

nei: BGuðm, EggÞ, GÍG, GTh, JÁ, MJ, ÓB, ÓlJ, ÞK, AuA, SÓÓ.

3 þm. (BJ, JÞ, AG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 613).

49. Almannatryggingar (frv. samgmn. Nd.).

Á 77. fundi í Nd., 14. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [207. mál] (þmfrv., A. 446).

Á 79. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Samgmrn. hefur sent samgmn. frv. þetta með ósk um, að hún flytti það. Hefur n. orðið við þeirri ósk, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., eins og venja er. Svo hljóðandi grg. fylgdi með frv. frá ráðh.:
„Í frv. til l. um breyt. á vegal., nr. 71 1963, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er ráðgert að innheimta þungaskatt af bifreiðum árið 1964 og framvegis fyrir fram. Verður þá vart hjá því komizt að hafa sama hátt á um skoðunargjald bifreiða og iðgjald af ökumönnum bifreiða og innheimta þau einnig fyrir fram. Hitt væri illframkvæmanlegt, að láta gjöld, sem innheimt eru saman, miðast við tvenns konar tímabil."

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 582).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er raunar fylgifrv. við annað frv., sem er á dagskránni, lög um breyt. á vegalögum, og var sent samgmn. Nd. og óskaði samgmrh. eftir því, að n. flytti það. Í því felast aðeins breytingar á gjalddaga á bifreiðaskatti, sem talið er eðlilegt, að innheimta samhliða öðrum bifreiðagjöldum, þungaskatti og tryggingagjöldum af ökumönnum. Ég held, að það sé ekki ágreiningur um það, að nauðsynlegt sé að breyta ákvæðunum um gjalddagann á þessum sköttum, ef frv. um breyt. á vegal., sem hér liggur fyrir, verður samþykkt. En eins og ég sagði, er þetta frv. afleiðing eða fylgifrv. þess, og hefði eðlilegra verið, að það hefði komið fyrr til umr. Samgmn. Ed. hefur fjallað um frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 614).

---

50. Vegalög (frv. samgmn. Nd.).

Á 74. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963 [200. mál] (þmfrv., A. 424).

Á 75. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmrh. hefur óskað þess, að samgmn. d. flytti frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 424 um breyt. á hinum nýju vegalögum, sem samþ. voru fyrir síðustu áramót. N. hefur orðið við þessum tilmælum hæstv. ráðh., en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv.

Með vegal. nr. 71 30. des. 1963 eru ákveðnir þeir föstu tekjustofnar, sem standa eiga undir kostnaði við vegaframkvæmdir í landinu. Meðal þeirra er svokallaður þungaskattur, sem samkv. 37. gr. l. er óbreyttur af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, og af bifhjólum, en allmiklu hærri en áður var af dísilbifreiðum. Nú hefur nokkur vafi þótt leika á því, hvort nægilega skýr heimild væri til þess að innheimta þennan skatt á þessu ári samkv. þeim nýju reglum, sem settar eru um hann í fyrrgreindri löggjöf. Það þykir því rétt og nauðsynlegt, að aflað sé óvefengjanlegrar heimildar til þess að innheimta skattinn samkv. taxta 37. gr. gildandi vegalaga, og er frv. því, sem hér liggur fyrir, ætlað að tryggja það.

Frv. þessu er sem sagt ætlað að tryggja sjóðum vegamálanna það fé, sem telja verður fullvíst að Alþingi hafi gert ráð fyrir að til ráðstöfunar yrði á árinu 1964, er vegalögin voru afgreidd, og auk þess að gera breytingu, sem ég hef minnzt á hér að framan, á skattári og eindaga þungaskattsins. Í þessu frv. felast ekki aðrar efnislegar breytingar en varða þessi tvö atriði, sem ég þegar hef minnzt á.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 424, 509).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. hefur borizt bréf frá hæstv. samgmrh., þar sem hann fer þess á leit, að n. flytji tvær brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. n. samkv. ósk ráðh. Till. þessar eru gerðar samkv. ábendingu tollstjórans í Reykjavík og forstöðumanns bifreiðaeftirlitsins, vegna þess að talið var réttara og nauðsynlegt að gera ákvæði frv. nokkru fyllri og ákveðnari. Till. þessar, sem n. hefur afhent til prentunar og enn þá hefur ekki verið útbýtt, verð ég að leggja fram skriflegar, og bið ég hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeim. En þær eru á þessa leið:

Það er í fyrsta lagi brtt. um það, að aftan við 2. málsl. 1. mgr. (á eftir orðunum „sem skattur er greiddur") komi: og gildir það einnig um árið 1964.

Önnur brtt. er um það, að á eftir 3. mgr. gr. (sem endar á orðunum „færðar hafa verið sönnur á greiðslur fyrrnefndra gjalda") komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Þessar brtt. eru, eins og ég sagði, fluttar til þess að gera orðalag greinarinnar fyllra og ákveðnara. Brtt. skýra sig sjálfar og ég sé ekki þörf á að fara um þær frekari orðum. — Þeim hefur nú verið útbýtt, þannig að hv. þm. hafa þær nú fyrir sér.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 509, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 509,a samþ. með 23 shlj. atkv.

— 509,b samþ. með 25 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 510, 526).

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. á þskj. 526. Þessi brtt. fjallar um endurgreiðslu á sköttum til þeirra jeppabifreiða, sem notaðar eru til landbúnaðarstarfa.

Eins og mönnum er kunnugt, hafa verið endurgreiddir þungaskattar af landbúnaðarjeppum um langa hríð, enda nota þessar bifreiðar þjóðvegina miklu minna en ýmsar aðrar bifreiðar í landinu. Því hefur lengi þótt rétt að láta þær ekki greiða sömu skatta og almennt er um bifreiðar.

Með vegal. frá því í vetur var lagður þungur skattur á allar bifreiðar í landinu. Þessi skattur rennur, eins og kunnugt er, til vegakerfisins. Hann var aðallega í tvenns konar formi. Það var skattur af benzíni annars vegar og þungaskattur á bifreiðar hins vegar, auk þess sem skattur var lagður á bifreiðagúmmí o. fl. En þessi þungaskattur, sem var allhár á allar dísilbifreiðar í landinu, var á lagður til samræmis við þann skatt, sem lagður er á aðrar bifreiðar og kemur fram sem benzínskattur. Aftur á móti er þessi þungaskattur á dísilbíla bændanna ekki lagður á þá, heldur hafður sami háttur á og áður, að þeir skyldu vera án þungaskatts. Skattlagning á bifreiðar til vegagerðar ríkisins með l. frá í vetur nær því ekki til dísilbíla, þ. e. a. s. þeirra dísilbifreiða, sem bændur nota fyrst og fremst við landbúnaðarstörf. Er þetta í fullu samræmi við það, sem áður hefur verið gert um skattlagningu á slíkar bifreiðar. Hins vegar kemur benzínskattur með fullum þunga á landbúnaðarjeppa bændanna eins og aðra bíla í landinu. Þetta kalla ég mikið misrétti, og þetta ættu menn að geta séð bezt með því að hugsa sér tvo bændur, sem búa hlið við hlið, annar á dísiljeppa, en hinn benzínjeppa. Sá, sem á dísiljeppann, hefur engan skatt á sig fengið með hinum nýju vegalögum, en hinn bóndinn, sem á benzínjeppann, verður að borga mörg þús. kr. í skatt á ári til vegakerfisins. Þetta misrétti liggur í því, að það eru engin ákvæði í l. um það að endurgreiða benzínskatt til landbúnaðarjeppa, sem brenna benzíni. Ég tel fyllsta réttlæti að gera þessum tveimur tegundum landbúnaðartækja jafnhátt undir höfði, og því flyt ég þá brtt., sem hér hefur verið útbýtt á þskj. 526. Hún er við niðurlag 88. gr. l. frá í vetur, en

niðurlag þessarar gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr. (þ. e. a. s. um þungaskatt), ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, er fjmrh. setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf."

Ég ætlast til, að svo komi viðbót, svo hljóðandi:

„Sé um jeppabifreið að ræða, sem brennir benzíni, skal endurgreiða innflutningsgjald af því benzíni, er hún notar, þannig að endurgreiðslurnar verði samtals jafnhá upphæð og til jeppabifreiða, er annað eldsneyti nota."

Þarna ætlast ég til, að báðar þessar bifreiðar fái nákvæmlega sömu upphæð endurgreidda af sköttum, og þá fyrst búa þeir við jafnrétti, þessir tveir bændur, sem ég tók til dæmis, annar, sem á jeppabifreið, sem brennir benzíni, en hinn jeppabifreið, sem brennir dísilolíu.

Ég býst varla við, að það þurfi að orðlengja meira um þetta. Ég held, að þetta liggi alveg ljóst fyrir, að það er aðeins farið fram á jafnrétti milli þeirra manna, sem eiga þessa landbúnaðarjeppa, þótt annar noti benzín, en hinn dísilolíu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 526, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að koma hér með litla brtt., skriflega, við frv., 1. gr. þess, þar sem gert er ráð fyrir gjalddaga á skattinum á árinu 1964. Í frv. segir, að gjalddagi skuli vera á árinu 1964 15. apríl. 15. apríl er liðinn, en í brtt., sem hér er lögð fram, er sagt, að í stað „15. apríl" í 1. mgr. 1. gr. komi: 15. maí 1964. — Vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till.

Í sambandi við brtt. á þskj. 526 vil ég aðeins segja það, að undanþágur samkv. nýju vegal. eru nokkru fyllri og á engan hátt minni en voru í vegal. frá 1949, og af sérstöku tilefni hef ég látið rannsaka þetta og bera saman og sannprófa það, að ákvæði um endurgreiðslu á benzíni til jeppa er sízt lakara í nýju l. heldur en í þeim gömlu, þannig að ef heimild hefur verið til þess samkv. gömlu l. að endurgreiða benzínskatt af benzínjeppum, er það einnig samkv. nýju l., og það hefði vissulega verið betra, ef hv. flm. till. á þskj. 526 hefðu gert aths. við þetta, þegar vegal. voru til meðferðar hér í vetur, heldur en nú. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, að þær undanþágur, sem voru í gömlu l., eru allar fyrir hendi í nýju l. og þó nokkuð víðtækari.

Hv. flm. finna helzt að því, að eigendum dísiljeppa sé ívilnað og það sé nokkurt ósamræmi þarna á milli, þeir, sem eiga dísiljeppa, borgi tiltölulega minna í skatt heldur en hinir. Þetta má vel vera. Þetta hef ég ekki borið saman. Ég er hins vegar algerlega á móti því, að það verði farið að auka eða lagfæra samræmið með því t. d. að afnema þá undanþágu, sem veitt er dísiljeppunum. En það er vitanlega á valdi þingsins að ákveða það, hvort nú á að fara að samþykkja brtt. við vegalögin, eins og hér er farið fram á, og auka þannig undanþágurétttinn frá því, sem var í gömlu l. Því var margyfirlýst í vetur, þegar þetta mál var til meðferðar, að það væri á engan hátt gengið skemmra í þessu efni heldur en áður var, og þá virtust allir þm. vera ásáttir um þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 52) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af ræðu hæstv. samgmrh. hér áðan vil ég segja það, að ég hef ekki haldið því fram, að það sé ósamræmi í endurgreiðslunum miðað við lög, sem giltu, þegar vegalögin voru sett, heldur verður ósamræmið, eftir að vegalögin eru komin í gildi og þessi skattur er lagður á benzínbílana, en ekki á dísilbílana. Þetta er að vísu eins og áður var gert, en þá var lágur skattur almennt á dísilbílunum, en nú hefur hann verið þyngdur gífurlega, svo að ósamræmi myndast við það.

Hæstv. ráðh. hafði orð á því, að þetta hefðum við flm. átt að athuga í vetur. Það er því alveg rétt hjá honum, við hefðum átt að athuga þetta í vetur, en það má víst maður manni segja, að það hefði átt að athuga fleira í vegalagafrv. í vetur, því að þá hefði ekki hæstv. ríkisstj. þurft að flytja þetta frv. núna, ef allt hefði verið athugað í vetur. Hann segir, að ef heimild sé í l. til að endurgreiða benzínskatt til jeppabifreiða, þá sé sú heimild í gildi enn þá. Má ég spyrja, hæstv. ráðh., er hún í gildi? Er nokkur heimild í lögum um það að endurgreiða benzínskatt til jappabifreiða? Það þýðir ekki að tala um „ef hún er til," ég spyr: Er hún til? Og ég hef spurt um þetta ráðuneytisstjórann í samgmrn. Er hún til, þessi heimild? Og hann hefur svarað mér alveg afdráttarlaust: Hún er ekki til og hefur aldrei verið til, svo að það er ekkert um það að ræða. Það verður ekki um neinar endurgreiðslur til jeppabifreiða að ræða, af því að hún er ekki til, heimildin. Ráðuneytisstjórinn kvaðst hafa rannsakað þetta í fjmrn., en fengið staðfestingu á því. Slík heimild hefur aldrei verið til, svo að þess vegna er það, sem ég flyt þessa brtt. Ef hún hefði verið til, hefði ég látið mér nægja að fá yfirlýsingu hæstv. ráðh. um, að hún yrði notuð, en af því að hún er ekki til, má ég til með að flytja þessa till.

Hann vék að því, hæstv. ráðh., að hann mundi ekki vilja styðja það að afnema undanþágurnar á þungaskatti til dísiljeppa. Hver er að fara fram á það? Ekki ég. Það er fjarri mér, mér dytti ekki í hug að fara að nefna það

að fara að afnema undanþágur á þungaskatti til dísiljeppa. Nei, öðru nær. Það eina, sem ég geri, er að fara fram á sama réttlæti gagnvart benzínjeppunum og hinum og ekkert annað.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. þm. hefur eitthvað misheyrt eða misskilið mig áðan. Ég sagði, að ef undanþáguheimild til endurgreiðslu á benzíni til jeppa hafi verið í gömlu l., væri hún enn fyrir hendi í nýju l., vegna þess að 7. gr. l. frá 1949 er næstum samhljóða 94. gr. nýju l., og nú hefur það verið sagt, að benzín hafi verið endurgreitt til jeppabifreiða áður. Ég veit ekkert um það, hvort það er rétt eða ekki, en mér hefur verið sagt, að það hafi átt sér stað, og ég hygg, að hv. þm., sem talaði hér áðan, hafi a. m. k. haldið það allt fram að þessu, að svo hafi verið, og ég segi það enn, að ef þessi heimild hefur verið í gömlu l., þá er hún enn fyrir hendi í þeim nýju. Þegar við vorum að afgreiða vegalögin í vetur, virtust allir vera ánægðir með það, ef þær undanþágur, sem voru í vegal., yrðu látnar haldast, og það hefur verið gert og það er vitanlega lögfræðinganna að úrskurða um það, hvort heimild er samkv. l. til endurgreiðslu á benzíninu. En það hefur verið mælt manna á milli, að það hafi verið gert áður að endurgreiða benzín gegn vottorðum frá hreppstjórum um það, að jepparnir væru notaðir til landbúnaðarþarfa.

ATKVGR.
Brtt. 526 felld með 16:8 atkv.
— 532 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 533).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 533, n. 581, 550).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er þannig ráð fyrir gert í þeim l., sem samþykkt voru í vetur, að þeir, sem eiga dísilbifreiðar, eigi, eins og þar stendur í 88. gr. l., rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr. En eins og hv. þm. muna, er 87. gr. l. þannig, með leyfi forseta:

„Árlega skal greiða þungaskatt af bifreiðum, sem hér segir: a. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga og nota benzín að eldsneyti, kr. 72.00 af hverjum fullum 100 kg þunga þeirra. b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín" — og þungaskattur, minnsti þungaskattur, sem er af bifreið, er 8500 kr. samkv. núgildandi l., en var áður 2700 kr., hefur þannig hækkað um 5800 krónur.

Samkv. gildandi l. eiga eigendur jeppabifreiða rétt á endurgreiðslu skatts af þessum dísilbifreiðum og fá þá 8500 kr. endurgreiddar. En í vetur var ekki tekið með í reikninginn, að þarna væri mikið misræmi á milli þeirra, sem eiga dísilbifreiðarnar, og hinna, sem eiga jeppabifreiðarnar, og ofan á skattinn, sem var fyrir, 1.47 kr. á hvern benzínlítra, var bætt 1.30 kr., þannig að hann er 2.77 kr. nú, og því var haldið fram, að þegar sá, sem á benzínbifreið, sé búinn að aka 17 þús. km., sé hann búinn að greiða álíka mikið í skatt til þess opinbera og sá, sem borgar 8500 kr. þungaskatt af sinni bifreið. En samkv. núgildandi lögum á sá, sem á benzínbifreiðina, ekki neinn rétt á því að fá neitt endurgreitt af sínum benzínskatti, þótt hann noti bifreið sína mikið til landbúnaðarstarfa, og þarna finnst mér töluvert upp á milli gert, þar sem bóndi, sem hefur dísilbifreið, fær 8500 kr. endurgreiddar, en hinn, sem notar sína bifreið á sama hátt til landbúnaðarstarfa og greiðir jafnmikið í skatt til ríkisins, á ekki rétt á neinni endurgreiðslu. Till. mín miðar að því, að þarna sé brúað bilið á milli þeirra bænda annars vegar, sem eiga dísilbíla og fá endurgreiðslu samkv. gildandi l., og hinna, sem eiga benzínbifreiðar og eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu annarri en þungaskattinum, sem er sáralítil upphæð eða 72 kr. af hverjum 100 kg, og mundi undir flestum kringumstæðum, þar sem jeppabifreiðar eiga í hlut, ekki nema hærri upphæð en 1000 kr. á móti 8500 kr. hjá þeim, sem dísilbifreiðarnar eiga.

Nú er það svo, að till. er þannig orðuð, að það mundi aldrei koma til endurgreiðslu á meira benzíni en hægt væri að færa sönnur á að notað hefði verið, og víðast hvar hygg ég, að þar sem bændur eiga bifreiðar, sé ekki um mikla keyrslu að ræða yfirleitt, og ég efast um, að hjá mörgum þeirra sé keyrslan yfir 10 þús. km á ári. Þess vegna mundi þessi skattur ekki nema eins hárri upphæð og þungaskattur bifreiða er, en allajafna þó koma verulega við þeirra pyngju, þar sem benzín hefur hækkað gífurlega mikið og fer mjög hækkandi. Þess vegna vil ég mælast til þess, að hv. þm. samþykki þessa till., vegna þess að hér er um réttlætismál að ræða milli aðila, þar sem annar fær endurgreiðslu samkv. l., en hinn á engan rétt á því. Löggjafinn getur varla verið þekktur fyrir það að gera verulega þarna upp á milli, og því vænti ég þess, að hv. alþm. samþykki þessa brtt., sem liggur hér fyrir á þskj. 550 frá hv. 4. þm. Austf. og mér.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, breyt. á vegal., sem samþ. voru í desember í vetur, er einungis um það að kveða skýrt á um, hvenær þungaskattur af bifreiðum falli í gjalddaga. Ég gat þess við 3. umr. vegalaga hér í vetur, að sú nefnd, sem undirbjó vegamálin eða vegal., hefði í öllum útreikningum sínum miðað við það, að þungaskattur sá, sem þar var ákveðinn af bifreiðum, yrði greiddur frá 1. jan. þetta ár. En áður hafði það verið í gildi að greiða skatta af bifreiðum og þar á meðal þungaskatt eftir á. Frá þessu atriði í vegal. er talið, að ekki hafi verið gengið nógu vel, og til þess að taka af allan vafa um það, að þungaskatturinn árið 1964 komi til skila inn á þann reikning, sem kostar vegagerð í landinu nú, var talið nauðsynlegt að flytja brtt. við vegal. Að vísu má geta þess, að lögfræðinga greindi nokkuð á um það, hvort þess væri þörf, en það er vissara það sem vissara er, og er nauðsynlegt, að það sé ekki hægt um það að deila.

Um þetta frv. varð samkomulag í samgmn., og skrifuðu allir viðstaddir nm. undir nál., en einn var fjarverandi, þegar það var afgreitt úr nefnd.

Þá er þess enn fremur að geta, að tveir nm. hafa flutt frekari brtt. við vegal., um það, hvernig skuli hagað þeirri endurgreiðslu eða þeim ívilnunum, sem landbúnaðarjeppar hafa notið hingað til. Um þetta atriði var allmikið rætt, bæði í þeirri nefnd, sem undirbjó vegal., og einnig á sameiginlegum fundum samgmn., sem fjölluðu um vegal. í vetur, og það komu fram margar bendingar um það, að ákvæði um niðurgreiðslur eða eftirgjöf á þessum skatti af jeppabifreiðum væri ákaflega erfitt að framkvæma, svo að öllu réttlæti væri fullnægt. Ég skal játa það, sem flm. þessarar brtt. segja, að þarna virðist ætlað að koma fram samræmi í framkvæmd, sem ég held þó að ekki sé hægt að leysa með þeirri till., sem hér liggur fyrir. En það varð samkomulag um það, áður en vegal. voru afgreidd, að öll vafaatriði í sambandi við eftirgjöf á skatti af jeppabifreiðum til landbúnaðarnota yrðu tekin fyrir sérstaklega og samin um reglugerð, hvernig þeim yrði beitt. Þess vegna álít ég, að til þess að fá samræmd ákvæði um þungaskatt af jeppabifreiðum, sem brenna benzíni og hráolíu, eigi að bíða eftir þeirri reglugerð, sem nú er í undirbúningi og kemur vafalaust á þessu ári, þó að sennilega verði ekki hægt að fara eftir henni við greiðslu eða uppgjör á bifreiðasköttum nú. En hér er um svo mikla efnisbreytingu að ræða við frv., einmitt um þetta umdeilda atriði í vegal., að ég treysti mér ekki til að mæla með till. af þeim ástæðum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þær röksemdir, sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. um það, að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í sambandi við eftirgjöfina á gjöldum af jeppabifreiðum til bænda, er, eins og þau mál horfa nú við eftir þá miklu hækkun, sem gerð var á þungaskatti og benzínskatti í sambandi við vegalögin nýju, orðið algerlega óviðunandi. Og það er þess vegna ekkert að undra, þó að út af fyrir sig komi fram brtt. með það í huga að jafna þessi met, því að það liggur í augum uppi, að svo sem þetta mál blasir við nú, er gert ráð fyrir, að það verði stórum meiri hlunnindi veitt þeim mönnum, sem eiga bifreiðar, sem eru ódýrari í rekstri, heldur en þeim, sem búa við aðrar bifreiðar, sem miklu dýrara eldsneyti nota. Og það liggur því í augum uppi, að hér er um mál að ræða, sem verður að fá einhverja viðhlítandi lausn á. Og ég hef sannast sagna orðið þess var meðal bænda, að þeir eru forviða yfir því og skilja ekki annað en hljóti að vera einhver misskilningur í þessu fyrirkomulagi, að þessar endurgreiðslureglur skuli vera eins og nú er gert ráð fyrir. Með hliðsjón af þessari málsástæðu er ég alveg sammála þeirri meginröksemd, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., að það er nauðsynlegt að kippa þessu í lag.

Ég vil láta þessa skoðun mína koma fram hér með hliðsjón af afstöðu til þeirrar till., sem hv. þm. flytur, vegna þess að ég er engu að síður ekki á þessu stigi reiðubúinn til þess að greiða þessari till. atkv., vegna þess að mér er ekki ljóst, hvort hægt er að fara þessa leið eða þarf að fara einhverja aðra til þess að jafna metin. Ég skal ekkert segja um það, hvaða tekjumissi það leiðir af sér, sú leið, sem hér er gert ráð fyrir að fara, og ekki heldur, hversu auðveld hún er í framkvæmd. Það kann vel að vera, að hún verði síðar ofan á, það veit ég ekkert um. En ég er ekki reiðubúinn til að gera upp skoðun mína í sambandi við, hvort þessi lausn á vandamálinu er rétt eða einhver önnur. En ég vil láta það koma hér fram og jafnframt lýsa ánægju yfir því, sem hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan, en hann átti sæti í vegalagan., að menn hefðu gert sér grein fyrir þessu. Að vísu hefði verið æskilegt, að það hefði verið þá þegar í upphafi reynt að finna eitthvert úrræði til þess að koma í veg fyrir þetta misræmi. En það er þó allra góðra gjalda vert, ef nú verður því máli fylgt fram á þann veg, að það verði tekið til nákvæmrar athugunar, hvernig það megi leysa, og málið verði leyst, því að ég tel, að eins og þetta er nú í dag, sé það nánast mjög fáránleg framkvæmd og geri knýjandi nauðsyn, að þessu verði breytt. Ég treysti því mjög og vil leggja á það ríka áherzlu, að nú á þessu ári verði fundin viðhlítandi leið til þess að leiðrétta þetta. Það kann að vera, að það sé hægt að gera það í reglugerð, ég hef ekki kynnt mér það svo, en sé það ekki hægt með reglugerð, þá verði hlutazt til um, að nauðsynleg breyting verði gerð á lögunum.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka þessum tveimur hv. þm., sem hér hafa talað og eru þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að leysa þetta vandamál. Hins vegar vil ég benda á það, að þetta vandamál verður tæplega leyst með reglugerð, því að reglugerð

hlýtur að verða að byggjast á einhverjum lagabókstaf, og lögfróðir menn hafa tjáð mér, að það sé skylt að endurgreiða þungaskatt af dísilbílum, en hvergi tekið fram í l., að það sé skylt að endurgreiða benzínskatt af þeim bifreiðum, sem brenna benzíni, það sé hvergi tekið fram, að landbúnaðarbifreiðar falli þar undir. Þess vegna held ég, ef það er verulegur áhugi og vilji þeirra manna, sem hér hafa talað í þessu máli, og þeir fylgja fram því, sem þeir hafa sagt, þá á þetta frv. ekki að fara svo nú frá Alþingi, að við breytum því ekki á þann veg, að leiðrétting fáist á þessu ári og sú reglugerð, sem samin verður síðar á árinu, verði í samræmi við vilja manna hér í málinu. Hitt væri hrein og klár vitleysa, ef menn á annað borð vilja breyta um í þessum efnum, að hleypa frv. nú í gegn án þess að breyta því, en ætlast þó jafnframt til, að lagfæring fáist, sem lögfróðir menn hafa þegar upplýst að muni ekki geta fengizt nema með lagabreytingu.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Vegna þeirrar brtt., sem hér er til umr., get ég tekið fram, að ég tel, að það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. tillögumönnum, að þarna sé mismunað eftir því, hvort um bifreið er að ræða, sem brennir benzíni eða hefur dísilvél, og þarna þyrfti sannarlega að komast á meira samræmi. En mín skoðun er sú, að samræmis ætti ekki að leita á þann hátt að fara að endurgreiða innflutningsgjald af benzíni á þessar landbúnaðarbifreiðar, heldur ætti frekar að fella niður þessa eftirgjöf á þungaskattinum. Ég tek fram, að ég tel þessar eftirgjafir ekkert hagsmunamál fyrir bændastéttina og vera heldur til leiðinda fyrir hana að hafa þetta. Í sjálfu sér mundu þeir fá sína leiðréttingu, álít ég, og ættu að geta fengið sína leiðréttingu gegnum búvörugrundvöllinn, þegar kostnaðurinn er reiknaður út við búreksturinn, og það væri miklu heppilegra. Þó að þarna sé misræmi um að ræða, tel ég, að ætti að afnema þetta fyrirkomulag alveg, en ekki láta það ná til benzínbílanna líka.

ATKVGR.
Brtt. 550 felld með 11:7 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 615).

---

51. Búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 42. fundi í Ed., 3. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um búfjárhald í Reykjavík [128. mál] (þmfrv., A. 232).

Á 43. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umræðu og flutt er af okkur tveim þm. Reykv., sem jafnframt erum borgarfulltrúar í Reykjavík, er lagt til, að borgarstjórn Reykjavíkur verði veitt heimild til þess að setja með samþykki ráðh. reglugerð um búfjárhald í Reykjavík.

Sauðfjárhald í borgarlandinu hefur oft borið á góma í borgarstjórn Reykjavíkur. Hafa ýmsir talið, að rétt væri að banna með öllu sauðfjárhald í borgarlandinu, og hefur þá sérstaklega í því sambandi verið á það bent, að sauðfjárhald torveldi ræktunarstörf í borgarlandinu, og það er líka rétt, að sauðfé hefur iðulega valdið spjöllum í görðum og garðlöndum bæjarbúa. Að vísu má segja, að slíkt algert bann er ekki einhlítt að þessu leyti, því að oft finnast hér í borgarlandinu kindur úr öðrum sveitarfélögum, og það er að sjálfsögðu viðbúið, að svo verði, meðan sauðfjárhald tíðkast í nærliggjandi sveitum, nema þá að reistar verði fjárheldar girðingar á löngum köflum, sem má búast við að verði allkostnaðarsamt.

Ég býst við, að það geti allir orðið sammála um það, að fjárbúskapur eigi ekki heima í borgum. Af honum stafa ýmiss konar óþægindi, og hann er á margan hátt hvimleiður og á þar ekki rétt á sér. En þó er rétt að hafa það í huga, að borgarlandið er svo víðlent, að innan marka þess eru ýmsar bújarðir. Má nefna t. d. Korpúlfsstaði, Reynisvatn, Gufunes o. fl., og á einstaka þessara bújarða mun vera eitthvert sauðfjárhald. Það munu sem sé vera til nokkrir Reykvíkingar, en það er óhætt að fullyrða, að þeir munu vera sárafáir, sem hafi fjárbúskap að aðalatvinnu, en aðrir fjáreigendur, og þeir eru allmargir hér í borg, stunda aftur fjárbúskap aðallega sér til skemmtunar, þó að þeir jafnframt kunni að hafa af honum einhvern smávegis ábata.

Árið 1952, um það leyti sem fóru fram fjárskipti hér um slóðir, var það mjög á dagskrá að banna fjárhald í Reykjavík og í sveitarfélögunum hér í nágrenninu, og það mál var komið á allgóðan rekspöl, m. a. samþ. borgarstjórn þá að mæla með frv., sem landbrn. hafði látið semja. Sú samþykkt var gerð í bæjarstjórninni þá með 10 atkv. gegn 3. En það varð ekki úr því, að málið færi lengra í það sinn. Í það skipti var það þó sýnu auðveldara en bæði fyrr og síðar að stöðva fjárhald, því

að þá var fjárlaust hér með öllu vegna fjárskiptanna. Þegar svo ekki varð úr því, að fjárhald yrði bannað, tóku menn að afla sér sauðfjár að nýju, og fjáreignin hefur farið stöðugt vaxandi. Um áramótin 1961 og 1962 er sauðfé Reykvíkinga um það bil 4000, og ég tel vafalaust, að því hafi fjölgað síðan.

Það hefur verið leitazt við af borgaryfirvöldunum að koma sauðfé sem mest út úr þéttbýlum hverfum, og til þess að greiða fyrir því, var Fjáreigendafélagi Reykjavíkur gefinn kostur á nokkru landi í Breiðholti til þess að hafa þar sauðfé, og var gerður leigusamningur um það land, sem gildir til júníloka á þessu ári. Þetta var að vísu ekki sú æskilegasta lausn, en þó sú eina, sem hægt var að gera til að koma sauðfénu út úr íbúðarhverfunum. Það tókst þó ekki með öllu og enn munu vera nokkur brögð að því, að kindur séu hafðar á fóðrum í íbúðarhverfum í borginni, í skúrum, bílskúrum og öðrum vistarverum. Af þessu stafa óþrif og leiðindi fyrir nágranna þeirra, sem að slíku fjárhaldi standa, en þó er hitt kannske enn þá verra, að búfjárhald í borginni, sem ekki er hægt að hafa nokkurn veginn hemil á, leiðir til þess, að kindur ganga lausar og gera usla í görðum fólks, eyðileggja ræktunarstörf og draga jafnvel úr áhuga fólks á þeim, þegar það verður endurtekið fyrir ágangi af sauðfénu.

Ég hef að vísu eingöngu rætt um það, sem á góma hefur borið varðandi sauðfjárhald, og það er ekki óeðlilegt, því að það er það, sem mestum usla hefur valdið. Eins og fram kemur í grg. með frv., er þó talið rétt að takmarka ákvæði frv. ekki við sauðfjárhald, heldur nái það einnig til annarra tegunda búfjár en sauðfjár.

Í grg. með frv. er rakinn nokkur aðdragandi þess, að það er nú hér flutt. Það var að tilhlutan borgarráðsins, sem frv. var samið, og það hlaut einróma stuðning borgarstjórnarinnar. Það var ákveðið að leita álits Sambands íslenzkra sveitarfélaga um málið. Frv. var til umr. á landsþingi sveitarstjórnarsambandsins s. l. sumar, og var þar einróma með því mælt.

Um efni frv. er það að segja í stuttu máli, að það er í heimildarformi, þ. e. fjallar um það að veita borgarstjórn heimild til þess að banna eða takmarka búfjárhald, takmarka fjölda og takmarka það ef til vill við ákveðnar tegundir búfjár, sömuleiðis við ákveðin svæði innan borgarlandsins. Enn fremur er gert ráð fyrir, að sækja þurfi um leyfi til búfjárhalds, og þá einnig, að þætur skuli greiddar úr borgarsjóði, ef takmarkanir eða bann leiða til þess, að menn verða fyrir atvinnutjóni, þannig að bótum varði.

Ég get að sjálfsögðu ekkert um það fullyrt, að hve miklu leyti borgarstjórn Reykjavíkur muni síðar notfæra sér heimildir þessa frv., að hve miklu leyti eða á hvern hátt, ef það verður að lögum. En hitt staðhæfi ég, að með samþykkt þess mundi skapast önnur og langtum betri aðstaða til þess að skipa töluverðu vandamáli á þann veg, sem mætti ætla að menn gætu við unað og samrýmzt getur kröfu þéttbýlisins í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. eða efni þess að svo stöddu, en leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 232, n. 431, 432, 438).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið alllengi til athugunar hjá heilbr.- og félmn. N. hefur rætt það á nokkrum fundum og leitað álits nokkurra aðila á frv., þ. e. a. s. Búnaðarfélags Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar og Fjáreigendafélags Reykjavíkur. Það bárust umsagnir til n. frá þessum aðilum öllum, og umsagnirnar voru í stuttu máli á þá leið, að þrír þeir fyrst nefndu, þ. e. a. s. Búnaðarfélagið, lögreglustjóri og garðyrkjustjóri, leggja til, að frv. verði samþ., en Fjáreigendafélagið leggur gegn samþykkt frv.

Eitt af því, sem valdið hefur nokkrum drætti á því, að málið væri afgr. úr n., var, að það var vitað, að von var á erindum frá nokkrum kaupstöðum, þar sem áhugi var á að afla sér slíkra heimilda sem í frv. felast. N. bárust erindi frá bæjarráðunum á Akureyri og í Kópavogi þess efnis, að frv. væri einnig látið ná til þeirra kaupstaða, og frá bæjarstjórninni í Hafnarfirði, þar sem þess er óskað, að frv. verði látið ná til kaupstaða almennt. N. varð sammála um að verða við þessum erindum, þannig að frv. yrði látið ná til þessara þriggja kaupstaða líka, og í þeim tilgangi flytur n. brtt. við frv. á þskj. 432. Þær brtt. skýra sig algerlega sjálfar, ég sé ekki ástæðu til þess að víkja nánar að þeim.

Það er rétt að láta þess getið, að í þessum erindum, sem ég áðan nefndi og heilbr.- og félmn. hafa borizt, koma fram einróma óskir bæjarráðanna á Akureyri og í Kópavogi og bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, þ. e. a. s. á engum þessara staða hefur orðið neinn ágreiningur um þetta mál, heldur hafa þá væntanlega fulltrúar allra flokka verið sammála um að óska heimildanna, sem í frv. felast, þessum kaupstöðum til handa einnig. Ég vil geta þess, að frá borgarstjórninni í Reykjavík liggur fyrir, — það má rifja það upp, það mun enda hafa komið fram hér við 1. umr. málsins, — einróma ósk um, að frv. yrði flutt hér á hv. Alþ., og það má líka minna á það, að frv. lá fyrir landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga á s. l. sumri og hlaut þar einróma meðmæli. Að vísu var það ekki alveg í því sama formi og það

var lagt fram hér á hv. Alþ., heldur var það enn þá rýmra þá að því leyti, að þá tók það til kaupstaða og kauptúna yfirleitt.

Þrír nm., þeir hv. 1. þm. Norðurl. e., hv. 9. landsk. þm. og hv. 1. þm. Vesturl., lýstu því yfir í n., að þeir mundu flytja brtt. við 2. gr. frv. Er sú brtt. á þskj. 438. Ég og hv. 4. þm. Vestf. vildum ekki standa að þeim tillöguflutningi og erum brtt. andvígir. Ég tel rétt að skýra afstöðu mína til brtt., þegar hv. flm. hafa fylgt henni úr hlaði. Að öðru leyti en ég hef nú rakið leggur heilbr.- og félmn. til, að frv. verði samþykkt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. þdm. hafa máske tekið eftir því, að nál. á þskj. 431 er dálitið einkennilegt og um sumt óvenjulegt. N. er t. d. klofin, án þess að hún segi það beinlínis, og svo er það skrýtilega fyrirbæri og óvenjulega, að frsm. er frá minni hl. í n. Þetta stafar af því, hve mikla virðingu og kurteisi við karlmennirnir í n. viljum sýna þeirri ágætu frú, sem er í n. og er aðalflm. frv. Hins vegar höfum við okkar skoðanir og höldum efnislega okkar strik, meirihlutamennirnir þrír, með því að flytja brtt. á þskj. 438.

Ég fyrir mitt leyti hefði helzt viljað láta þetta frv. daga uppi og talið það sómasamlega kurteisi. Ég tel, að lagasetning um heimild fyrir stjórnendur bæja og borga til þess að banna algerlega skepnuhald sé alls ekki aðkallandi og raunar alls ekki æskileg. Flm. líta hins vegar ekki þannig á málið. Þeir vilja fá afgreiðslu á þessu máli nú þegar.

Í heilbr.- og félmn. kom það greinilega fram, að aðalflm. frv., hv. 2. þm. Reykv. (AuA), taldi nauðsynlegt, að borgarstjórnin hér fengi heimild til að banna algerlega búfjárhald í borgarlandinu, ekki beinlínis til þess að setja slíkt algert bann, heldur til að geta hótað því, geta haft það sem reitt sverð yfir búfjáreigendum, til þess að þeir hlýði settum reglum um gæzlu búpeningsins. Mér er ekki ljóst, að stjórnendum borgarinnar liggi á þessu sverði. Mér hefur ekki verið sýnt fram á það. Mér hafa ekki verið sögð dæmi þess, er ég get tekið gild. Mér virðast ákvæði lögreglusamþykktar hljóta í raun og veru að duga, ef til árekstra kemur milli borgaryfirvalda og einstaklinga í þessum efnum, sem auðvitað getur alltaf orðið. Fyrst og fremst virðist það vera sauðféð, sem talið er vera til óþurftar í höfuðborginni. Víst geta sauðkindur valdið skemmdum, — og það geta nú menn líka, — skemmdum á húsalóðum og garðlöndum. En girðingar eiga að geta komið í veg fyrir það, að sauðkindur valdi skemmdum. Vanalega er það fyrir vanrækslu að hafa girðingar og girðingarhlið í lagi og umgengni um girðingarhlið, þegar kindur valda skemmdum á friðuðum reit eða nytjagróðri. Ég veit að vísu, að til eru kindur, sem löggiltar girðingar halda ekki, en ég þekki ekki, að það hafi valdið ágreiningi, að slíkum kindum ætti að farga, og um þetta á vitanlega lögregla að sjá. Það er ekki alls kostar ósanngjarnt að ætla þeim, sem dýrmætan gróður rækta, að hafa trausta vörzlu um hann.

Vitanlega verður kvikfé að víkja út þéttbýlishverfum kaupstaðanna. Það á þar engan veginn heima, og það nýtur sín þar ekki, lifir þar ekki eðlilegu lífi og er þar til óþrifa og trafala. Búfjárhaldið flyzt til úthverfanna og út fyrir kaupstaðina. Sá hefur verið gangur málanna. Sú þróun hefur átt sér stað hér í Reykjavík, og hana er sjálfsagt að styðja og það með löggjöf, eftir því sem með þarf. Allir hljóta að vera sammála um, að þessi þróun sé sjálfsögð.

Fjáreigendur hér í Reykjavík hafa með sér félag, og þetta auðveldar mjög borgaryfirvöldunum góða skipan á þessum málum. Borgaryfirvöldin geta snúið sér til stjórnar félagsins með fyrirskipanir sínar, en þurfa ekki að láta ræða við hvern einstakling. Í bréfi, sem stjórn Fjáreigendafélagsins skrifaði heilbr.- og félmn. 20. febr. s. l. sem svar við því, þegar n. leitaði álits Fjáreigendafélagsins á málinu, eins og hv. frsm. skýrði frá áðan, má glöggt sjá og heyra, að stjórn Fjáreigendafélagsins vill hafa góða samvinnu við borgaryfirvöldin um sauðfjárhaldið og telur sig reiðubúna í þeim efnum til aðgerða, þó að hún mótmæli algeru banni við sauðfjárhaldi. Ég tel rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp bréf stjórnar Fjáreigendafélagsins og ályktun fundar Fjáreigendafélagsins, er fylgdi. Bréfið er á þessa leið, skrifað, eins og ég sagði áðan, 20. febr. síðastliðinn:

„Heilbr.- og félmn. Ed. Alþingis.

Fjáreigendafélag Reykjavíkur hefur móttekið bréf hv. heilbr.- og félmn., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um frv. til l. um búfjárhald í Reykjavík. Viljum vér láta í ljós þakklæti vort fyrir að eiga þess kost að láta álit vort í ljós um mál, sem skiptir félagsmenn vora svo miklu. Í grg. frv. er þess getið, að það sé flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur, enda flutt af tveimur borgarfulltrúum Reykjavíkur, þeim frú Auði Auðuns og Alfreð Gíslasyni lækni. Einnig er þess getið, að oft hafi komið fram till. í borgarstjórn um bann við sauðfjárhaldi í Reykjavík, en hafi aldrei náð fram að ganga, vegna þess að meiri hluti borgarfulltrúa hafi verið andvígur því, að algert bann yrði sett við sauðfjárhaldi í borgarlandinu. Umrætt frv. virðist eiga að stappa stálinu í borgarfulltrúana, m. a. með því að láta slíkt bann nú ná til miklu stærri hóps borgaranna, þ. e. banna allt búfjárhald í borgarlandinu.

Fjáreigendafélag Reykjavíkur lítur svo á, að borgarstjórn Reykjavíkur hafi viðurkennt tilveru sauðfjáreigenda í Reykjavík og greitt götu þeirra á ýmsan hátt, t. d. með því að afhenda félaginu land undir byggingar félagsmanna við Breiðholtsveg, og einnig hefur borgarstjórn afhent fjáreigendum umráð yfir landi Kolviðarhóls með samningi árið 1956. Margt fleira mætti upp telja, sem við erum þakklátir borgarstjórn fyrir. Með slíkum aðgerðum hefur

tekizt með góðu samkomulagi að fjarlægja flest fjárhús, þar sem þau hafa verið fyrir skipulagi og stækkun borgarinnar.

Oss er ekki kunnugt um, að nein ný vandamál kalli nú á aðstoð slíkra heimildarlaga sem hér um ræðir. Það má geta þess, að slík heimildarlög með reglugerðum o. fl. um algert bann við búfjárhaldi í Reykjavík ná ekki tilgangi sínum nema með stórfelldum hliðarráðstöfunum, þ. e. að girða borgarlandið alveg frá öllum nágrannahreppum og kaupstöðum. Búfé nágrannanna spyr ekki um landamerki og gengur laust á landi Reykjavíkur eftir sem áður. Við nokkra athugun hefur komið í ljós, að undanfarið hefur lausagönguféнaður í landi Reykjavíkurborgar engu síður verið frá nágrenni Reykjavíkur en Reykvíkingum sjálfum.

Fjáreigendafélag Reykjavíkur hefur alltaf viljað hafa góða samvinnu við yfirvöldin um að leysa þau vandamál, sem skapast kynnu af sambúð sauðfjárhaldsins og þéttbýlisins. Rétt er einnig að benda á, að umrætt frv. gerir ráð fyrir, að borgurum Reykjavíkur skuli mismunað eftir því, hvaða atvinnu þeir vilja stunda, og smekk þeirra fyrir tómstundagaman. Slíkar aðgerðir eiga engan rétt á sér, nema einhverja sérstaka nauðsyn beri til, og um slíkt er ekki að ræða hér, það geta allir verið sammála um.

Vér viljum lýsa yfir því sem skoðun vorri og miklu fleiri borgara í Reykjavík, að sauðfjárhald undir sanngjörnu eftirliti skaðar engan, en gleður miklu fleiri en sauðfjáreigendur sjálfa, ekki hvað síst yngstu borgarana. Fjöldi barna í Reykjavík kynnist ekki af eigin sjón öðru lífi en því, sem þau venjast hér í borgarlandinu. Yrði það mikill sjónarsviptir fyrir þessi börn að sjá hvorki kindur né hesta öll sín bernskuár, nema þá í gegnum bílrúður, þegar farið er eftir þjóðvegunum. Mega það heita einkennilegir menn, sem þola ekki sambýli við búfé, en erlendis þykir það víða hið mesta keppikefli, enda algengt að sjá ríðandi menn á götum stórborga erlendis eða í úthverfum borganna. Íslendingar flestir, sem komnir eru til fullorðinsára, hafa alizt upp við búfjárhald og haft af því margar ánægjustundir að umgangast búfé, enda hefur vist borgarbarna í sveit að sumrinu ætíð verið talin hafa verulegt uppeldisgildi. Þeir Íslendingar, sem nú þola ekki sauðfé og hesta nálægt sér, virðast komnir undarlega langt frá uppruna sínum og forfeðrum. Hitt er svo sjálfsagt mál, að fyllsta hreinlætis sé gætt við hirðingu og gæzlu búfjárins og höfð þar góð samvinna við borgarstjórn Reykjavíkur, eins og verið hefur til þessa.

Margt annað mætti tína til í sambandi við það, að slíkt frv. sé ekki nauðsynlegt, en sem mælir á móti því að þrengja athafnafrelsi manna í þessum efnum að nauðsynjalausu. Þess vegna leggur Fjáreigendafélag Reykjavíkur til, að frv. þetta verði ekki samþ. eða því vísað til borgarstjórnar Reykjavíkur til frekari athugunar, enda treystum við því, að borgarstjórnin hafi góða samvinnu við okkur um lausn málsins.

Hjálagt fylgir mótmælasamþykkt, gerð á fundi í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur 16. febr. s. l.:

Reykjavík, 20. febr. 1964.
Virðingarfyllst,
Stjórn Fjáreigendafélags Reykjavíkur,
Hjalti Benediktsson. Ingimundur Gestsson. Bragi Kristjánsson. Ágúst H. Bjarnason. Sigfús Björnsson.“

Og mótmælasamþykktin, sem bréfið getur um, er á þessa leið:

„Fundur, haldinn í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur sunnudaginn 16. febr. 1964 í Skátaheimilinu, Reykjavík, mótmælir eindregið fram komnu frv. um búfjárhald í Reykjavík, er lagt hefur verið fram í Ed. Alþ. af alþm. Auði Auðuns og Alfreð Gíslasyni. Fundurinn telur frv., ef að lögum yrði, stefna í þá átt að skerða athafnafrelsi borgaranna að óþörfu, þar sem samkomulag fjáreigenda og borgaryfirvalda hefur ekki verið með þeim hætti á undanförnum áratugum, að laga um þetta efni sé þörf. Fyrir því skorar fundurinn á hv. Alþ. að vísa frv. frá. — Samhljóða samþykkt.“

Bréf þetta er mjög hófsamlegt og skynsamlegt að mínu áliti, og mér virðist bréfið flytja góð rök fyrir réttmæti þess, að Reykvíkingar verði ekki sviptir með algeru banni rétti til þess að eiga sauðkindur sér til gagns og þó sérstaklega sér til ánægju.

Eins og frsm. gat um, bárust heilbr.- og félmn. óskir um það að taka þrjá kaupstaði upp með höfuðborginni í frv., og n. varð sammála um það, að rétt væri að verða við þeim óskum að gera það og láta eitt yfir þessa bæi, sem óska þess, ganga að því er löggjöfina snertir. En frá Hafnarfirði komu mótmæli, dags. 2. marz 1964, og með leyfi hæstv. forseta eru þau á þessa leið:

„Leyfum oss hér með að senda hinu háa Alþingi eftirfarandi mótmæli:

Almennur fundur hesteigenda og fjáreigenda í Hafnarfirði mótmælir eindregið fram komnu frv., sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi, um heimild til banns við búfjárhaldi í þéttbýli landsins, og leyfir sér að benda á, að verði slíkt gert að lögum, höggvi það svo nærri sjálfræðis- og réttlætiskennd einstaklingsins, að vart verði við unað, enda hættuleg árás á meðfædda hneigð sumra íslenzkra náttúru- og sveitabarna, að vanvirða væri í sögu þjóðarinnar, væru slík lög samþykkt á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Kristinn Hákonarson, fundarstjóri.
Sigurður Arnórsson, fundarritari.“

Þetta bréf eða fundarsamþykkt er mjög samhljóða samþykktinni frá Fjáreigendafélagi Reykjavíkur.

Þá barst n. bréf, dags. 24. febr., frá hestamannafélagi Reykjavíkur, Fáki. Ég vil líka, með leyfi hæstv. forseta, lesa það bréf. Það er á þessa leið:

Reykjavík, 24. febr. 1964.

Stjórn hestamannafélagsins Fákur leyfir sér hér með að koma á framfæri við hv. heilbr.- og félmn. Ed. Alþingis áliti sínu á frv. því til l., sem alþm. Reykv., þau Auður Auðuns og Alfreð Gíslason, hafa lagt fram á Alþingi um búfjárhald í Reykjavík.

1. Stjórn félagsins álítur eðlilegt, að settar séu strangar skorður við lausagöngu hesta í borgarlandinu, enda hefur félagið frá öndverðu boðið félagsmönnum sínum örugga vörzlu fyrir hesta sína að sumrinu og í því skyni haft á leigu lönd til hagabeitar innan lögsagnarumdæmisins og utan og einnig séð fyrir haustgöngu hesta á öruggum og afgirtum beitarlöndum.

2. Hestamannafélagið Fákur telur eðlilegt, að takmörkuð séu þau svæði í borgarlandinu, sem leyfðar eru byggingar hesthúsa á. Stefna félagsins undanfarin ár hefur verið sú að byggja hesthús yfir hesta félagsmanna á sama stað, þ. e. á Skeiðvellinum við Elliðaár, og hefur fengið til þess leyfi viðkomandi borgaryfirvalda. Til skýringar skal tekið fram, að hesthús félagsins á Skeiðvellinum rúma nú alls 223 hesta. Þar er í öllu farið eftir ströngustu heilbrigðis- og þrifnaðarreglum og þannig búið að hestunum, sem bezt verður á kosið.

3. Stjórn hestamannafélagsins Fákur telur, að leyfisgjald fyrir reiðhestaeign komi ekki til greina, enda með öllu óþekkt að skattleggja tómstundaiðkanir borgarbúa. Auk þess skal getið, að þessi grein íþrótta- og útivistar hér í borg hefur ekki þegið neina styrki frá opinberum aðilum, en er að öllu leyti borin uppi af hestamönnum sjálfum.

4. Með hliðsjón af því, er áður greinir, leyfir stjórn hestamannafélagsins Fákur sér að mótmæla því, að sett verði lög á Alþingi, sem heimili, að bannað verði algerlega reiðhestahald í Reykjavík, enda má geta þess, að slíkt er með öllu óþekkt í borgum nágrannalandanna.

Með virðingu,

Í stjórn Hestamannafélagsins Fákur,

Þorlákur Ottesen. Einar G. E. Sæmundsen. Haraldur Sveinsson. Friðrik Jörgensen. Sveinbjörn Dagfinnsson."

Þetta bréf frá Fák er mjög greinargott, og það virðist alls ekki eftir því horfa til vandræða um samkomulag við hestaeigendur, þar sem forráðamenn félagsins leggja einmitt sérstaka áherzlu á það, að þeir álíti eðlilegt, að settar séu strangar skorður við lausagöngu hesta í borgarlandinu.

Loks vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréf, dags. 18. febr., frá yfirdýralækni landsins, herra Páli A. Pálssyni, stílað til formanns heilbr.- og félmn.:

„Mér hefur borizt í hendur frv. til l. um búfjárhald í Reykjavík, er nú liggur fyrir hinu háa Alþingi. Þar sem þér eruð formaður þeirrar n., sem nú fjallar um þetta mál, vil ég leyfa mér að vekja athygli yðar á eftirfarandi:

Í tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum er unnið að ýmiss konar tilraunum varðandi búfjársjúkdóma. Þar eru líka að staðaldri framleidd ýmiss konar búfjárlyf. Til þessarar starfsemi þarf nauðsynlega að nota búfé ýmiss konar. Nú sem stendur eru hér um 30 hross vegna framleiðslu á serum gegn lambablóðsótt, nokkuð á annað hundrað fjár vegna tilrauna varðandi smitsjúkdóma ýmiss konar, og fram að þessu hafa verið hér nokkrir nautgripir. Allmikið er hér einnig af minni tilraunadýrum, t. d. mýs, rottur, kanínur, naggrísir o. s. frv. Jörðin Keldur, þar sem tilraunastöðin hefur starfsemi sína, er innan marka Reykjavíkurborgar. Heimild til handa borgarstjórn um bann gegn búfjárhaldi í borginni getur því að sjálfsögðu náð til búfjár tilraunastöðvarinnar. Slíkt bann mun valda tilraunastöðinni erfiðleikum og raunar lama algerlega starfsemi hennar á vissum sviðum. Ég vil þess vegna mega vænta þess, að þér, herra alþm., beitið yður gegn því, að lögleidd verði heimild, er beita má til þess að banna með öllu búfjárhald í Reykjavík.

Um alllangt skeið hafa vegna ákvæða í lögreglu- og heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur verið miklar hömlur á búfjárhaldi. Þeim hömlum höfum við talið skylt og rétt að hlíta. Má vera, að þörf sé á að auka aðhald í þessum efnum. Hins vegar verður að telja fráleitt að veita misvitrum borgarstjórnum lagaheimild til þess að banna með öllu búfjárhald í landi borgarinnar. Slíkt bann samræmist illa hugmyndum manna nú á tímum um frelsi og eignarrétt í lýðræðisþjóðfélagi, enda engin tilraun gerð í grg. af flm. til að rökstyðja slíkt bann.

Virðingarfyllst,

Páll A. Pálsson."

Ég hef lesið öll þessi mótmælaerindi, sem heilbr.- og félmn. bárust gegn frv., af því að ég tel við eiga, að hv. þd. fái að heyra mótmæli þeirra, sem hlut eiga að máli, áður en málið kemur til atkv.

Í nefndarálitinu er þess getið, að nefndin hafi leitað umsagnar fjögurra aðila: Búnaðarfélags Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, garðyrkjustjóra Reykjavíkur og Fjáreigendafélags Reykjavíkur. Allir hafi þessir aðilar skilað jákvæðum umsögnum nema Fjáreigendafélagið. Þetta er alveg rétt. Mér komu ekki hin jákvæðu svör á óvart frá þeim, sem þau gáfu. Þeirra mátti fyrir fram vænta. Búnaðarfélagið eða stjórn þess hefur það sjónarmið að sjálfsögðu, að landbúnaðarframleiðslan sé nóg, þó að sveitirnar séu einar um hana. Ég er á sömu skoðun. Ég hef engan áhuga fyrir búfjárhaldi í kaupstöðum sem atvinnuvegi, eins og nú er komið atvinnuháttum í landinu. En það er ekki kjarni þessa máls, að um atvinnu sé að ræða yfirleitt, sem mönnum sé efnahagsleg lífsnauðsyn að halda, að því er búfjárhald snertir. En maðurinn lifir ekki á einu saman brauði. Eftir því hefði stjórn Búnaðarfélagsins raunar átt að muna í þessu sambandi.

Lögreglustjórinn hefur það sjónarmið, sem ekki er óeðlilegt að maður í hans stöðu hafi, að vilja létta ómökum af lögreglunni, sem

stundum er hóað í vegna búpenings, sem stundum flækist fyrir og veldur einhverjum óþægindum. En er ekki lögreglan m. a. ráðin til þess að vinna þau verk? Þarf að sjá eftir henni til þess? Og getur ekki verið, að búpeningur komi inn í borgarlandið úr nágrannabyggðunum, sem umrætt bann getur ekki náð til? Fjáreigendafélagið bendir á það í bréfi sínu, að nágrannabúfé geri sér stundum dælt við borgarbúa.

Þá er umsögn garðyrkjustjóra Reykjavíkur. Hann lítur á bann við búfjárhaldi eins og góður umsjónarmaður með garðyrkjumálunum. Vill hafa öryggi fyrir því, að grasbítir fari ekki í garða, þótt girðing komist í ólag eða hlið sé ólokað. Hundrað prósent öryggi verður auðvitað ekki fyrir því, nema búpeningnum sé útrýmt. Er hægt að skapa það öryggi? Mundu ekki skepnur halda áfram að koma í borgarlandið úr nágrannabyggðum þess, þótt enginn heimamaður ætti gangandi pening? Og mundi ekki sá búpeningur leita í garðana?

Svo er sjálfur kjarni málsins. Er það ekki frumskylda í mannlegu samfélagi, að menn þoli hver öðrum nokkurt sjálfstæði, þoli hver öðrum að lifa samkv. sínu upplagi, að vísu ekki takmarkalaust, en þó sem frjálsast? Það er ekki langt síðan borgar- og kaupstaðalíf kom til sögunnar á Íslandi. Flestir Íslendingar stunduðu búfjárhald til skamms tíma. Árlega flyzt fólk úr sveitum frá búfjárrækt til kaupstaðanna, og kaupstaðabúar senda margir börn sín í sveit á sumrin, m. a. til að umgangast þar búpening, af því að það er hollur skóli fyrir þau. Fjöldi kaupstaðabúa hefur enn í blóði sínu, ef svo mætti segja, ríka hneigð til að umgangast skepnur, ekki sízt sauðfé og hesta. Ýmsir þessir menn eiga sér ekkert ánægjulegra tómstundagaman. Gamlir menn hafa sér þetta gjarnan til dundurs og heilsubótar. Börn fylgja þeim eldri iðulega til þessara verka og hafa áreiðanlega gott af því. Að annast búpening af alúð og innri þörf er mannbætandi. Ég spyr: Hafa kaupstaðir landsins efni á því að banna mönnum að verja tómstundum sínum til þess að rækta búféð og njóta umgengni við það? Hafa kaupstaðirnir upp á eitthvert hollara og betra tómstundalíf að bjóða þeim, er þetta aðhyllast og er það til sérstakrar ununar? Nei, þeir hafa það alls ekki, kaupstaðirnir. Ef þeir hefðu það, væri ekki ástæða til þess uggs, sem virðist búa mörgum í brjósti um, að tómstundir notist því verr sem þær verða fleiri, einkum í þéttbýlinu. Það er stefnt að því að stytta vinnudaginn, en um leið þarf að hugsa fyrir því, að fólk geti hagnýtt frístundir sínar sér til hollustu og lífsfyllingar. Hvergi mun það þekkjast í nágrannalöndum, eins og hestamannafélagið bendir á, að bannað sé reiðhestahald í borgum. Íslendingar eru svo lánsamir að eiga fjölhæfasta reiðhestakyn í veröldinni að ganghæfni og yndisleik. Um það að fara út í sólskinið á gæðingi sagði þjóðskáldið: „betra á dauðlegi heimurinn eigi."

Það er furðulegt, að talað skuli vera um heimild til að banna reiðhestahald í kaupstöðum á Íslandi. Það á þvert á móti að fjölga þar góðhestum, og þeim mun fjölga, eftir því sem efnahagur batnar og fleiri geta af þeim ástæðum látið eftir sér að njóta þess yndis og heilsubótar, sem það veitir að fara í tómstundum á bak gæðingi. Hitt er svo óumdeilanlegt, að það á að skipa þessum málum þannig, að sem minnstum árekstrum og sambúðartruflunum valdi í hverri byggð. Stjórnendur borgarinnar og kaupstaðanna eiga að hafa vald til þess og eigendur gripanna eiga að þola, að því valdi sé skynsamlega beitt. Það er eðlilegt, að takmarka megi fjölda tegunda þannig, að ekki verði ofsetið land það, sem er til umráða, og einnig að binda heimildir til skepnuhalds við tiltekin svæði. Mér skilst líka, að engir, alls engir, þeir sem mótmælt hafa frv., hafi við það að athuga, heldur telji það sjálfsagt. En með frv. er of langt gengið með því að ætla að lögleiða heimild handa stjórnarvöldum borgarinnar og kaupstaðanna þriggja til þess að banna algerlega búfjárhald þar og það strax, ef meiri hl. dytti það í hug.

Hv. 1. flm. hefur sagt, eins og ég gat um áðan, að ekki sé meiningin að fara geyst í að banna búfjárhald, heldur fá aðstöðu til að hóta banni, ef eðlilegum fyrirmælum sé ekki hlýtt. Vera má, að það vaki ekki annað fyrir hv. flm., ég tel það raunar sjálfsagt, en ég hef fyrirhitt menn, sem telja algert bann sjálfsagt. Hver veit nema til kunni að vera meiri hl. í einhverri þeirri sveitarstjórn, sem um ræðir í frv., er vilji í skyndi hreinsa allt búfjárhald burt af staðnum, ef heimildin er strax lögð þeim í hendur? Ég vil ekki ábyrgjast, að svo kunni ekki að vera. Blóðnætur eru bráðastar, er sagt. Vilja hv. flm. ábyrgjast, að heimildinni verði ekki í fljótræði beitt? Ég held, að þeir geti það ekki. Ég held, að það sé ekki hægt að ábyrgjast slíkt.

Þó að ég sé á móti því, að lögleidd sé heimild til algers banns á búfjárhaldi, telji, að slíkt bann sé ekki réttmætt, ef framkvæmt væri, og óþarfi til ögrunar að hafa það yfirvofandi í löggjöf, þá hef ég til samkomulags fallizt á að lögleiða heimild til slíks banns með aðdraganda. Við þrír nm. heilbr.- og félmn., en það er meiri hl. n., flytjum á sérstöku þskj. brtt. við 2. gr. frv. Sú brtt. er efnislega um það — og ekkert annað, að heimilt verði ekki fyrr en 1. okt. 1968, eða eftir hálft fimmta ár, að banna algerlega búfjárhald á viðkomandi stað. Tíminn til 1. okt. 1968 verður þá nokkurs konar umþóttunartími. Á þessum tíma gefst stjórnvöldum borgarinnar og bæjanna ágætt ráðrúm til þess að skipa búfjárhaldsmálunum og það sem bezt og fá búfjáreigendur til að hlýða fyrirmælum með skírskotun til þess, að annars verði skellt á algeru banni 1. okt. 1968, og hausttíminn er auðvitað eðlilegastur í því efni. Enn fremur fá þá búfjáreigendur og samtök þeirra ráðrúm til að setja fram sín sjónarmið og semja við stjórnarvöldin, eins og kemur fram að þeir óska eftir. Í mótmælum þeirra kemur það fram. Málin geta að öllu leyti orðið betur athuguð á báðar hliðar, ef

þessi aðdragandi er hafður. Ég leyfi mér að lýsa því yfir fyrir hönd okkar þremenninganna, meiri hl. n., sem brtt. flytjum, að við væntum þess, að hv. þdm. fallist á þá málamiðlun, sem í henni felst, og samþykki hana.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., 13. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Auður Auðuns): Hv. forseti. Þegar þessari umr. var frestað fyrir helgina, hafði hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) gert grein fyrir brtt. á þskj. 438, sem hann ásamt tveim öðrum hv. þm. í heilbr.- og félmn. flytur við 2. gr. frv., en breyt. er í því fólgin, að algert bann við tilteknu búfjárhaldi verði ekki heimilað fyrr en eftir 1. okt. 1968, eða eftir hálft fimmta ár. Ég er andvíg þessari brtt., og ég mun greiða atkv. gegn henni. Ég skal stuttlega gera grein fyrir þeirri afstöðu minni.

Með því að nema burt eða festa heimild til algers banns við búfjárhaldi eða tilteknu búfjárhaldi tel ég, að búið væri að rýra svo gildi frv., að það kæmi ekki að tilætluðum notum þann tíma, þ. e. a. s. í þessu tilfelli 4½ ár, sem bann gæti ekki komið til framkvæmda. Þar með er ég síður en svo að fullyrða neitt um það, að bæjarstjórnir mundu á þessu tímabili notfæra sér heimildir til algers banns, ef fyrir hendi væru. Þvert á móti tel ég líklegt, að reynt yrði að koma búfjárhaldi í skaplegt horf með því að notfæra sér aðrar heimildir frv., svo sem takmörkun á fjölda búfjár eða að binda búfjárhald við tiltekin svæði í bæjarlandinu. En ég tel langtum minni líkur til þess, að slíkt takist á skaplegan hátt, ef ekki er fyrir hendi það aðhald, sem heimild til algers banns veitir.

Í þessu sambandi er fyllsta ástæða til þess að undirstrika það alveg sérstaklega, að skv. frv. yrði hér aðeins um heimildarlög að ræða. Og mundi nú vera ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi bæjarstjórnir færu að beita heimildum frv., þ. á m. algerri bannheimild, af ósanngirni eða óbilgirni? Ég verð að segja, að það kemur mér á óvart, ef hv. 1. þm. Norðurl. e., sem sjálfur er þaulreyndur sveitarstjórnarmaður, telur, að það burfi að óttast slíka framkomu af hálfu hlutaðeigandi borgar- og bæjarstjórna.

Ég vil minna á það, sem ætti þó að vera nokkurt aðhald fyrir bæjarstjórnir um að fara hóflega í sakirnar, að í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að bæta skuli búfjáreigendum atvinnutjón, sem þeir verði fyrir af banni eða af takmörkunum á búfjárhaldi skv. frv. Heldur væri það nú ótrúlegt, að bæjarstjórnir færu að nauðsynjalausu að baka bæjarfélagi bótaskyldu með því að skella á fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið algeru banni eða viðtækum takmörkunum, sem gætu leitt til atvinnutjóns, og þó er hitt kannske enn þyngra á metunum, að það er ekki heldur trúlegt, að bæjarstjórnir færu að baka sér alveg að óþörfu óvinsældir þeirra, sem við búfjárhald fást á hlutaðeigandi stöðum.

Þegar því nú sleppir, að algert bann eða takmarkanir, sem valda atvinnutjóni, á að bæta, þá er á hitt að líta, sem mönnum verður tíðrætt um í þessu sambandi, sem sé það, að fjáreigendum sé það viðkvæmt mál, ég vil segja tilfinningamál, ef þeir verði sviptir möguleika til þessarar tómstundaiðju sinnar. Í því sambandi verð ég að segja það, að brtt. og sú langa, þ. e. a. s. hálfs fimmta árs, frestun á bannheimild, sem hún felur í sér, sýnist mér lítið til þess fallin að milda þessa hlið málsins. Ég sé ekki annað en að það hljóti að verða fjáreigendum alveg jafnviðkvæmt að hætta sauðfjárhaldi eftir fjögur og hálft ár eins og t. d. eftir eitt ár, sem ég hefði talið eðlilegan fyrirvara, og ég var í n. reiðubúin til þess að standa að brtt. í þá átt, að árs fyrirvari skyldi vera ávallt á því, að bann kæmi til framkvæmda. Og þegar þessi tími, 4½ ár, er liðinn, er allsendis óvíst, að á nokkrum þeirra staða, sem frv. eða l. taka til, verði talið tímabært að setja á algert bann, og þá sé ég ekki annað en að fjáreigendur á þeim stöðum stæðu alveg í sömu sporum og í dag.

Ég hef nefnt hér fjáreigendur og aðallega rætt um sauðfé, vegna þess að þótt miðað sé við búfjárhald almennt í frv., er það nú svo, eins og við vitum og eins og til hagar a. m. k. hér í Reykjavík nú í dag, að vandamálið snýst svo að segja eingöngu um sauðfjárhald. Um hestahald, — ég vil nefna það, vegna þess að það hefur verið minnzt á hestahaldið fyrr við þessa umr., — er það að segja hér í bænum, að það veldur að vísu einhverjum óþægindum, en það er ekkert vandamál a. m. k. ekki enn eða eins og nú stendur neitt vandamál á borð við það, sem sauðfjárhaldið er hér í bæjarlandinu.

Ég held nú, að þeir, sem eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. treysta ekki hlutaðeigandi borgar- og bæjarstjórnum til að beita heimildum frv. af sanngirni og varúð, séu í rauninni ekki að gera búfjáreigendum neinn greiða með flutningi þessarar brtt., en að hún sé hins vegar til þess fallin að draga úr gagnsemi frv., ef að lögum verður, gagnsemi til þess að koma búfjárhaldi á viðkomandi stöðum í viðunandi horf, og einmitt það tel ég að sé einnig hagsmunamál fjáreigenda.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. að öðru leyti. Hv. þm. hóf mál sitt með því að segja, að raunverulega hafi n. verið klofin um málið. Svo var vissulega ekki. N. í heild mælir með samþykkt frv. að öðru leyti en því, að þrír nm. lýstu því yfir, að þeir mundu flytja brtt. við 2. gr. frv., að því er varðar algert bann við tilteknu búfjárhaldi, og brtt. þess efnis er nú fram komin á þskj. 438.

Í framsöguræðu fyrir brtt. sagði hins vegar hv. 1. þm. Norðurl. e., að hann hefði helzt kosið, að frv. hefði dagað uppi, en að mér skildist af tillitssemi og kurteisi við mig hefði

hann þó fallizt á að mæla með frv. með fyrirvara varðandi 2. gr. Það sæti auðvitað sízt á mér að vanþakka tillitssemi hv. þm., en ég held nú líka, að hann eigi eftir að sjá, að hún hafi leitt hann til skynsamlegrar niðurstöðu að þessu leyti.

Hv. þm. útlistaði það í alllöngu máli, hvað hann hefði að ýmsum ákvæðum frv. að finna, og það var ekki laust við, að hann brygði því fyrir sig að höfða eilítið til tilfinninga manna. Það er gamalkunn aðferð, sem oft gefst vel, þegar leiða skal athyglina frá bláköldum og stundum ekki alls kostar þægilegum staðreyndum. Hann las upp úr bréfi Fjáreigendafélagsins um fólk, sem virtist ekki þola sambýli við dýrin. Hann talaði um göfgi hestamennskunnar, það, hve þroskandi sambýli við dýrin væri fyrir hina uppvaandi kynslóð. Ég held nú, að Reykvíkingar og kaupstaðarbúar yfirleitt séu dýravinir alveg til jafns við aðra landsmenn og þeir kjósi gjarnan, að börn þeirra umgangist dýrin, en það verður að stofna til þeirra kynna í réttu umhverfi, ekki á götum borga og bæja og ekki í skrúðgörðum eða matjurtagörðum íbúanna í þéttbýlinu. Hv. þm. las upp, að ég held, úr öllum eða a. m. k. flestum þeim erindum, sem borizt hafa til að mótmæla frv. eða einstökum ákvæðum þess. Hann las upp langt mál úr umsögn Fjáreigendafélags Reykjavíkur, sem finnur frv. flest til foráttu. Um afstöðu Fjáreigendafélagsins vil ég aðeins segja, að það er ósköp mannlegt, að menn bregðist til varnar, ef þeir telja, að eitthvað eigi að þrengja að þeim, þar sem þeir hafa áður leikið að meira eða minna leyti lausum hala. Ég vil alveg sérstaklega taka það fram, að í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur eru margir félagsmenn, sem gera sér far um að haga svo sínu sauðfjárhaldi, að ekki hljótist af því tjón eða óþægindi fyrir samborgara þeirra, en það verður bara hreint ekki um alla fjáreigendur sagt.

Í umsögn Fjáreigendafélagsins er því haldið fram, að þetta frv. sé eiginlega óþarft. Það er að því vikið, að félagið hafi ávallt átt vinsamleg samskipti við yfirvöld borgarinnar. Ég verð að segja, að ég sé nú ekki, hvernig félaginu væri sæmandi að neita samvinnu við borgaryfirvöldin. Gallinn er bara sá, að félagið sem slíkt ræður ekki við framferði allra fjáreigenda í Reykjavík, og þó að skynsamari og gætnari menn í þeim félagsskap séu allir af vilja gerðir til þess að kippa í lag því, sem úrskeiðis fer, hafa þeir það hreint ekki á valdi sínu. Hins vegar mundi samþykkt frv. einmitt greiða fyrir því, að Fjáreigendafélagið gæti beitt sér fyrir því, að verulega væri bætt úr þeim ágöllum, sem nú eru á í þessum málum, og ég efast ekkert um það, að Fjáreigendafélagið sé til þess reiðubúið, og vænti þess, að yfirvöld Reykjavíkurborgar geti átt við það hina beztu samvinnu í þessum efnum, samvinnu, sem verður miklu auðveldari, að ég tel, eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum.

Þegar minnzt er á samskipti borgaryfirvaldanna og Fjáreigendafélagsins, er kannske rétt að víkja aðeins að því, sem einnig kemur fram, að ég ætla, í þeirra umsögn, að yfirvöld borgarinnar hafa látið Fjáreigendafélaginu í té landssvæði hér aðeins utan við byggðina, sem hefur verið girt. Það var gert á kostnað Reykjavíkurborgar, og það hefur tekizt að fá allmarga fjáreigendur til þess að flytja þangað fé, byggja þar kofa og geyma þar fé sitt. En það er ekki nema hluti af þeim, því að fjöldi er enn með kindur hingað og þangað í bænum og það inni í íbúðarhverfum til leiðinda og ama fyrir umhverfi sitt.

Það gefur auga leið, að það leiðir í mörgum tilfellum til óþæginda, þegar menn eiga — og þess munu vera dæmi — kannske fram undir 100 kindur og hafa í rauninni ekki ráð yfir lófastórum bletti til þess að láta þetta fé sitt vera á vor og haust. Þetta landssvæði, sem fjárkofarnir eru á og þar sem margir geyma fé sitt, er hins vegar lítil girðing og gefur því ekki neina möguleika til þess að beita á það fé. Nú er það svo, að þegar að þessu ráði var horfið fyrir nokkrum árum, vildu eðlilega sauðfjáreigendur ekki fara mjög langt út úr bænum með fjárhús sín, vegna þess að það gat torveldað þeim að sinna skepnum sínum, það er ofur skiljanlegt. En byggðin þenst það ógnarhratt út í Reykjavík, að nú er svo komið, að þetta land — leigusamningurinn rennur út núna í júnímánuði — þarf að taka til skipulagningar, og þá verður að leita nýrra úrræða um það, hvað verði um sauðféð, sem þarna hefur verið geymt, hvernig geymslu þess verði hagað eða á hvaða stað eftir það.

Það má kannske aðeins minnast á það, að það er allmikill kostnaður, sem Reykjavíkurborg hefur beinlínis af búfjárhaldi. Það er maður að störfum allt árið, fleiri að sumrinu, til þess að annast vörzlu bæjarlandsins, garðlönd, matjurtagarða o. s. frv. Þá má minna á það, að hér hefur verið reist stór girðing, sem settur er í búfénaður, sem flækist í bæjarlandinu. Þessi girðing er allstór að vísu, en þó takmarkað, hvað hægt er að hafa að kroppa þar fyrir skepnurnar, sem í girðinguna eru settar. Það þarf þess vegna stöðugt að vera að flytja þetta búfé, flytja það aftur úr girðingunni og upp á afrétt, og girðingin fyllist svo að segja jafnharðan. Svo er allur girðingarkostnaðurinn, sem er bein afleiðing af búfjárhaldinu, sem skiptir auðvitað milljónum, viðhald þeirra girðinga o. s. frv. En á þetta minnist ég ekki til þess að telja það eftir, ef með þessu væri hægt að halda hlutunum í skaplegu horfi, en ég tel, að með þessu sé það sýnt, að yfirvöld borgarinnar hafi viljað leggja sig fram um að koma til móts bæði við fjáreigendur og eins við ræktendur í bæjarlandinu.

Ég ætla ekki að fara að eltast við allt það, sem hv. þm. las upp úr þessum erindum. En ég vil þó í tilefni af bréfi yfirdýralæknisins varðandi tilraunadýrin á Keldum segja það, að það kemur manni undarlega fyrir, að nokkur maður láti sér yfirleitt detta í hug, að borgaryfirvöldin kynnu að leggja stein í götu þeirrar

vísindastarfsemi, sem þarna fer fram, með því að banna þar nauðsynlegt skepnuhald.

Um afstöðu lögreglustjórans í Reykjavík sagði hv. þm., að það væri ofur eðlilegt, að hann væri frv. meðmæltur, það létti störfum af lögreglunni, en til þess væri lögreglan m. a. að sinna kvörtunum, sem kynnu að berast í sambandi við búfjárhald. Þetta er auðvitað rétt, svo langt sem það nær. En þegar kærur og kvartanir hrúgast svo upp, að það er hætt að bókfæra þær og ekki unnt að sinna þeim öllum, er þessi þáttur í starfi lögreglunnar kominn út fyrir og það langt út fyrir öll þau takmörk, sem telja má eðlileg.

Í ræðu sinni kom hv. þm. sem sé víða við. En honum varð ekki sérlega tíðrætt um þann fjölmenna hóp borgarbúa, sem á hagsmuna að gæta í sambandi við þetta frv., hagsmuna, sem eru að verulegu leyti andstæðir hagsmunum búfjáreigenda. Ég á þar við allan þann fjölda Reykvíkinga, sem fást við ræktunarstörf í matjurtagörðum, á sumarbústaðalöndum og síðast, en ekki síst í skrúðgörðum við íbúðarhúsin hér í borginni. Þúsundir eða réttar sagt tugþúsundir Reykvíkinga og að sjálfsögðu kaupstaðarbúa annars staðar á landinu einnig verja að meira eða minna leyti frístundum sínum við garðyrkjustörf og veita sjálfum sér, umhverfi sínu og vegfarendum öllum ánægju og yndi af fögrum gróðri og snyrtilegri umgengni. Allir þeir, sem slíkt kunna að meta og láta sér annt um þrifnað og hollustuhætti í borginni, og ég ætla, að þar muni vera allur þorri Reykvíkinga, eiga kröfu til þess, að búfjárhaldi sé unnt að halda í skaplegu horfi, eins og ráð er líka fyrir gert í þessu frv. Hv. þm. sagði, að borgarbúum væri það engin ofætlun að girða svo hjá sér garða sína og gróðurlönd, að verjast mætti ágangi búfjár. Það er sem sé ráðið, að búfjárhaldið á að haldast, en íbúarnir í þéttbýlinu eiga bara beinlínis að víggirðast gegn búpeningnum.

Þegar talað er um girðingar, má víkja að því, að það stefnir annars staðar og einnig orðið hér á landi í þá átt í þéttbýli að forðast sem mest girðingar, enda verður svipur bæjanna allur annar og skemmtilegri, þar sem ekki eru girðingar um hvern blett og hvert hús, ef hægt er að koma því við. Og í því sambandi mætti t. d. nefna þá milljónatugi, sem ár hvert fara í girðingar í bæjum, í kaupstöðum og kauptúnum og allir væru ásáttir með að sleppa, ef unnt væri. Nú er það skiljanlegt, að verulegan þátt í því, að ekki er hægt að hafa ógirtar lóðir, verulegan þátt í því á búfjárhald í nágrenninu, í umhverfinu. Og jafnvel þar sem girðingar eru, hafa menn opnar akbrautir, svokallaðar innkeyrslur inn á lóðirnar fyrir bíla, og það sést varla orðið, að fyrir slíkum akbrautum séu hlið, sem séu kirfilega látin aftur, ef bíll hefur farið um hliðið.

Inni í miðjum bæ er ekki hætt við, að garðræktendur verði fyrir ágangi búfjár. Það er í úthverfunum, sem sú hætta vofir yfirleitt yfir. Ég vil benda á t. d. hér í Reykjavík, að nú á að fara að úthluta stórum flæmum undir íbúðarhús innan við Elliðaár, og þar er ágangurinn af búfé þó enn þá meiri en hérna megin við árnar. Ég er hrædd um, að ef búfé ætti að leika lausum hala — og sauðfé vil ég þó segja aðallega, — þá yrði dálítið erfitt um ræktunarframkvæmdir hjá þessu fólki, sem þarna kemur til með að reisa nýtt borgarhverfi, ef það á þá ekki að þurfa að girða rammlega hverja einustu lóð og gróðurblett.

Með umsögn garðyrkjustjórans í Reykjavík um frv. fylgdi skýrsla, sem hann og Skúli Sveinsson lögregluvarðstjóri sömdu í nóvember 1962 um búfjárhald í Reykjavík, og eins og í umsögninni segir, veitir hún upplýsingar um ástand það, sem nú ríkir vegna sauðfjárbúskapar í Reykjavík. Í þessari skýrslu kemur margt fram. Það er byrjað að rekja það, að þegar fjárskiptin fóru hér fram fyrir 10 árum, við niðurskurðinn 1951, mátti heita, að væri orðið fjárlaust í Reykjavík og nærliggjandi sveitum, og þá var reynt að vinna að því, að hér á Reykjanesskaganum yrði tekið fyrir, að fjárbúskapur hæfist aftur. Og því var spáð af flestum ráðamönnum eða mörgum þá, að það yrði óþarft að banna sauðfjárhald í Reykjavík og nágrenni, því að það mundu fáir verða til þess að taka það upp aftur. En reyndin hefur nú orðið önnur, því að eins og fram kemur í skýrslunni, þá var það, þegar skýrslan var samin, að síðustu tölur, sem menn þá vissu um, voru þær, að þá hafði 4000 fjár verið fært til sauðfjárböðunar héðan úr Reykjavík. Það er þess vegna enginn smáhópur af kindum, sem ýmsir fjáreigendur hér í bæjarlandinu eiga, en eins og segir í skýrslunni, er ekki vitað um einn einasta mann, sem hafi fjárbúskap sem aðalatvinnu, utan tvo fullorðna bændur, í lögsagnarumdæminu.

Þá segir í skýrslunni orðrétt, með leyfi forseta:

„Fæstir þessara fjáreigenda hafa hentuga aðstöðu til að halda slíkan búskap. Fáir hafa tún eða heppilegt land til geymslu fjárins haust og vor. Öflun heyja til fóðurs er að langmestu leyti bundin við heykaup af bændum í nærliggjandi sveitum eða með snöpum af húsalóðum og ræktuðum svæðum inni í borginni. Hýsing fjárins yfir vetrarmánuðina er þeim langflestum mikið vandamál, og mikil brögð hafa verið að því, að skúrar hafi verið reistir fyrir kindur inni á milli íbúðarhúsa ellegar bílskúrar hafi verið teknir í notkun sem fjárhús og heygeymslur. Með því að af þessum sökum hafði skapazt alvarlegt ástand í borginni, var horfið að því ráði fyrir þremur árum að fá fjáreigendur til þess að flytjast með gripahús sín á einn stað í útjaðri borgarinnar, og náðist um það samkomulag, að þeir fengju afgirtan reit við Breiðholtsveg vestan Blesugrófarbyggðar. Þar eru nú setztir að 30 af hinum 129 fjáreigendum, og er það strax nokkur bót á ástandinu, sem skapazt hafði inni í sjálfri borginni, en hinir 99 eru eftir sem áður ærið vandamál. Á vorin, þegar grös eru komin, ráða menn illa við fé sitt, og æðir það þá um allt, svo að vart verður við nokkuð

ráðið, og hefur þráfaldlega komið fyrir, að það hefur stórskemmt fyrir fólki, sem er að undirbúa matjurtagarða og skrúðgarða sína. Í maílok eða snemma í júní er fé svo flutt á fjall, eftir að sauðburði er að fullu lokið. Langflest fé er flutt upp fyrir Sandskeið eða Svínahraun. Þar eru rýrir hagar, og leitar fé fljótt til baka og tollir hvergi úr því sumarlangt nema í borgarlandinu."

Ég má hér skjóta því inn í, að í öðrum stað í skýrslunni er talað um afréttarland Reykjavíkur og nágrannasveita. Það er sagt um afréttarland þeirra, að það sé það lélegasta, sem fyrirfinnst á landinu öllu, og vænleiki fjár í fullkomnu samræmi við það. Þetta segir hér fyrr í skýrslunni. Ég held þá áfram lestrinum, þar sem ég hvarf frá áðan.

„Dag hvern allt sumarið er smalað saman stórum fjárhópum, sem komizt hafa niður fyrir Elliðaár, inn á tún og lóðir í Sogamýri og Vogabyggðinni eða hafa staðnæmzt í Ártúnsbrekkunni og í matjurtagörðum og sumarbústaðalöndum í Selásbyggðinni. Fjárhóparnir eru reknir í viðáttumikla girðingu, sem er ofan við Blesugróf og kennd er við Breiðholt. Þar er einnig komið í vörzlu hrossum, sem eru á flækingi í borgarlandinu. Beitin innan girðingar gengur því fljótt til þurrðar. Er þá kostað til flutninga á fénu til fjalla til að létta á beitinni innan girðingarinnar. Þess er þó jafnan stutt að bíða, að þar sé komið jafnmargt fé og flutt var á brott. Kærur vegna ágangs sauðfjár á lönd og garða eru það tíðar, að löngu er hætt að bókfæra þær, heldur reynt, eftir því sem unnt er, að handsama hverja þá kind, sem sleppur gegnum girðingarnar inn á ræktunarlönd borgarbúa."

Þá segir síðar í skýrslunni, eins og ég reyndar áður vék að:

„Fæstir fjáreigendur hafa nokkurt land til að geyma fé sitt á haust og vor, eins og áður er sagt, og geta þar af leiðandi ekki haft það í vörzlu á öruggum stað. Næstum óhugsandi er fyrir fólk, sem hefur matjurtagarða ofan Elliðaáa, að rækta nokkurn gróður annan en kartöflur, með því að sauðfé sér fyrir öllum öðrum gróðri. Auðvelt er að tilfæra margvíslegan skaða, sem fólk hefur orðið fyrir vegna sauðfjár, en í fæstum tilfellum er þó um bókfærðar kærur að ræða, með því að tilgangslaust hefur reynzt hjá fólki að ná lögum yfir sauðfé og eigendur þess. Fólki er aðeins ráðlagt að vera vel á verði gagnvart þessum ófagnaði og girða vandlega ræktunarreiti sína. Af hálfu Reykjavíkurborgar er miklu til kostað til að verjast hinum sívaxandi ágangi sauðfjár inn í sjálfa borgina. Mestallt sumarið eru menn að starfi við endurbætur á girðingum og í smölun og flutningum fjárhópa til fjalla. Að vetrinum fer fram endurnýjun á girðingum, sem hafa gengið úr sér, eða settar upp nýjar vörzlugirðingar, og reynt er að hamla gegn því, að fjárhópar valdi umferðartruflunum eða slysum á þjóðvegum."

Ég sé nú ekki ástæðu til að lesa fleira upp úr þessari skýrslu, en ég ætla, að hún bregði nokkru ljósi yfir það, hvernig þessum málum er komið hér í Reykjavík, og ég ætla, að hún sýni, að það er tímabært, að þetta frv. sé flutt, þó að hins vegar 1. þm. Norðurl. e. telji sig ekki hafa heyrt eiginlega nein dæmi, sem réttlæti það að flytja þetta frv., eða ég tel, að ég hafi tekið rétt eftir, að hann hafi sagt það í sinni framsöguræðu. Og ég dreg það ekki í vafa, að mat forráðamanna þeirra þriggja kaupstaða, sem hafa óskað eftir, að frv. væri látið ná til þeirra, á aðstæðum á viðkomandi stöðum hljóti að vera slíkt, að á því sé byggjandi í því efni, að fyllsta þörf sé á lagasetningu einnig fyrir þá kaupstaði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri og vænti þess, að það, sem hér hefur komið fram, hafi orðið til þess að færa hv. þm. heim sanninn um það, að flutningur þessa frv. er fyllilega tímabær og á fyllsta rétt á sér.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Frv. það til l. um búfjárhald í Reykjavík, sem liggur fyrir þessari hv. d. til umr., gefur mér tilefni til nokkurra aths.

Eins og kunnugt er, hafa á þessari öld orðið stórfelldar breytingar á öllum högum þjóðar okkar. Það er liðinn tími Ingólfs Arnarsonar, þegar kýrnar gengu um Austurvöll og hestarnir um Vatnsmýrina og sauðfé um Þingholtin og hér í nágrenninu og enginn hafði neitt við það að athuga. Þessi búfénaður var hvergi fyrir öðrum.

Nú er svo komið, að ys þéttbýlisins og umferðin vegna þess samrýmist ekki búfé á umferðarleiðum. Við þekkjum öll, að af þeim sökum hafa oftlega orðið slys, og það veitir því ekki af að gjalda varhuga við þeim þætti í umferðarmálunum. Einnig kemur að sjálfsögðu þarna fleira til, eins og t. d. spursmálið um landrými, ágangur á garðlönd o. fl., o. fl. Ég vil því telja, að það sé mjög eðlilegt, að þetta frv. hefur hér komið fram á þingi. Ég vil einnig telja eðlilegar þær brtt., sem hv. heilbr.- og félmn. hefur gert við frv., þar sem brtt. fela það í sér, að l. er ætlað að ná einnig til Akureyrar, Hafnarfjarðar og Kópavogs, en þessi bæjarfélög hafa óskað eftir því, að l. næðu einnig til þeirra.

En það er einn þáttur þessa máls, sem mér sýnist ekki að hér hafi verið nægilega vandlega gætt og ég vil því vekja athygli á, og það er um reiðhestahald. Ég tel, að reiðhestahald geti í raun og veru ekki fallið undir venjulegt búfjárhald. En mér þykir þó það ekki koma nægilega greinilega fram í þessu lagafrv. og hefði því viljað óska eftir því, að það hefði verið betur skilgreint í frv. Ég er ekki í minnsta vafa um, að það er vilji hv. þdm., eins og það er vilji minn, að reiðhestahald verði ekki bannað hér í Reykjavík, svo rík ítök á þessi holla íþrótt í hugum borgarbúa og svo mikil nauðsyn er það fyrir þá menn, sem að mestu vinna innisetuvinnu, að eiga tækifæri til að koma út undir bert loft öðru

hverju og þá við hressilegt erfiði. Hins vegar dettur mér ekki í hug að mæla því í gegn, að reiðhestahald sé einnig háð einhverjum takmörkunum og ákveðnum reglum, enda bendir stjórn hestamannafélagsins Fáks á það í bréfi, sem það félag hefur skrifað hv. heilbr.- og félmn. Ed., að stjórnin telur eðlilegt, að settar séu strangar skorður við lausagöngu hesta í borgarlandinu, og tekur fram jafnframt, að félagið hafi frá öndverðu boðið félagsmönnum sínum örugga vörzlu fyrir hesta sína að sumrinu og í því skyni haft á leigu lönd til hagbeitar bæði á borgarlandinu og utan lögsagnarumdæmisins og séð fyrir haustgöngu fyrir þá í öruggum beitarhólfum, auk þess sem það hefur á síðari árum gert myndarlegt átak í því að byggja hús yfir hestana til vistar að vetrinum, þannig að það virðist vera að mínum dómi í mjög góðu lagi gæzla félagsins á þessum hlutum.

Brtt. frá meiri hl. n., þeim Karli Kristjánssyni, Jóni Þorsteinssyni og Ásgeir Bjarnasyni, sem hér er á þskj. 438, þykir mér ekki ná til þeirra höfuðbreytinga, sem mér þykir vera mikilvægast að gerðar séu á þessu frv. Það er aðeins frestun á því, að algert bann taki gildi. Það er í raun og veru ekki það, sem er aðalatriðið í þessu máli, heldur að bannið taki ekki til þessa hluta af búfjárhaldi í borginni, þessarar búfjártegundar.

Ég hefði því viljað mælast til þess, að hv. heilbr.- og félmn. tæki frv. til yfirvegunar á ný, einmitt með tilliti til þessa atriðis, sem mér er ekki ljóst að hafi verið athugað nægilega í n., því að ég er þeirrar skoðunar, að þótt við treystum borgarstjórn Reykjavíkur fullkomlega til þess að hafa skilning á þessum hlutum nú, þá álít ég, að það sé ekki rétt aðferð á Alþ. að veita heimild til þeirra hluta, sem það vill ekki leyfa, og þess vegna rétt að setja undir þann leka strax. Ef heilbr.- og félmn. telur sig ekki geta orðið við þessum tilmælum, mun ég geyma mér rétt til þess að koma fram með brtt. við 3. umr. þessa máls, sem miðar að því, að algert bann taki ekki til reiðhestahalds á vegum hestamannafélags.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að svo komnu máli.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til þess að ýfast neitt við þeim góðlátlegu aths., sem hv. 2. þm. Reykv. (AuA) gerði við ræðu mína frá síðasta fundi. Og í raun og veru er það svo, að okkur greinir ekki heldur á um það, að skipulag þarf að hafa á búfjárhaldi í bæjum. En okkur greinir á um það, hvort rétt sé að heimila bann, algert bann við búfjárhaldi nú þegar. Í þessum málum standa öndverðir fyrst og fremst búfjáreigendur og garðlandaeigendur, skrúðgarða og annarra garðlanda eigendur. Báðir þessir hópar telja það mannréttindi að mega stunda þá grein starfa, sem þeir gera hér í bænum. Hins vegar er ekki alltaf nægilega litið á það, að í þéttbýlinu reynir á sambúðarhæfileika manna, og verður að gera kröfu til þess, að menn taki tillit hver til annars. Ég hef hitt skrúðgarðaeigendur, sem líta jafnvel á sauðkindur álíka og almennt er litið á mink. Ég hef líka hitt sauðfjáreigendur, sem leggja ekki mikið upp úr skrúðgarðaeign. En almennt mun það nú vera svo samt, að fólk telur nauðsynlegt að hafa frelsi, og það er litið svo á það, að það sé eðlilegt, að frelsi sé til að sinna hugðarefnum hjá báðum þessum aðilum, og þurfi að vera.

Ég lagði áherzlu á það, m. a. í ræðu minni um daginn, að það væri hægt að verjast sauðfé með girðingum, og eitt af því, sem ræktunarmenn verða að leggja á sig vegna sambúðarskyldunnar, samkomulags- og sambúðarskyldunnar, það er að girða. Og girðingalög eru ströng og gera ráð fyrir því, að þær skepnur, sem lögheldar girðingar halda ekki, séu réttdræpar, og ég veit ekki til þess, að á móti því sé haft.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, og það mátti skilja það á ræðu hennar, að í raun og veru lægi það ekki fyrir að setja á algert bann við skepnuhaldi, þó að heimild til þess yrði leidd í lög. Það mundi ekki verða vilji fyrir því. Og hún benti á, að það væri líklegast, að ég væri þessu kunnugur, þar sem ég væri sveitarstjórnarmaður. Ég þekki þann anda hjá sveitarstjórnarmönnum að telja, að það sé algerlega óþarft að hafa nokkurt skepnuhald í bæjum. Þetta er ekki pólitískt mál, þetta er geðþekkni- og lífsskoðunarmál, og þess vegna er ekkert að tala um í þessu sambandi pólitískan meiri hl. eða þvílíkt. En vel getur svo verið, ef skyndilega er að þessum málum undið og litið verður svo á, að Alþ. hafi lýst yfir vilja sínum í þessu efni með því að gefa heimildina, að þá verði hlaupið í það að ganga nokkuð langt í banni, og þess vegna held ég, að það sé mjög svo viðeigandi að hafa fyrirvara um, að heimildin gangi í gildi.

Hv. 2. þm. Reykv. gat réttilega um það, að í heilbr.- og félmn. hefði hún gefið kost á samkomulagi um það, að aldrei megi nota heimild nema með árs fyrirvara. Þetta er alveg rétt. En hér er ekki að ræða um slíkan fyrirvara. Frestun á ákvörðun er annað en frestun á framkvæmd. Það er það, sem verður að koma í veg fyrir og við, sem flytjum till., viljum koma í veg fyrir, að of skyndilega sé ákvarðað að banna skepnuhald. Hitt segir sig svo sjálft, að ef eyða á skepnum, verður það að gerast með einhverjum fyrirvara, aðvörunarfyrirvara, og á sérstakri árstíð. En ég bauð annað fyrir mitt leyti, og ég held, að hinir tillögumennirnir hefðu líka fallizt á það, og það er að stytta ákvörðunarfrestinn ofan í 3 ár. Á það vildi hv. 2. þm. Reykv. ekki fallast, og sýndist mér á því, að það væri undarlega mikil áherzla lögð á það að vinda að þessu bráðan bug að setja bannið.

Hv. þm. sagði, að með því að nema burt heimildina úr frv., þannig að hún mætti ekki koma í gildi fyrr en eftir 4½ ár, væri eyði-

lagt gildi frv. þennan tíma. Ég verð að líta svo á, að þetta sé mikið ofsagt, og ég er algerlega á annarri skoðun. Fyrst og fremst er í frv. heimild til að takmarka skepnuhald og ekkert tekið fram um það, hvað langt eða skammt megi ganga. Sú heimild er mjög rúm í takmörkuninni. Sú heimild gengur vitanlega í gildi þrátt fyrir þá brtt., sem við leggjum til að verði samþ. og ég tel að eigi að samþykkja. En svo er annað, ég álít, að það sé alveg rétt, sem fjáreigendur í Reykjavík segja, að þeir vilji leita samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur, og svo mun sjálfsagt vera um fjáreigendur í hinum þéttbýlisstöðunum, sem l. eiga að ná til, og ég álít nauðsynlegt að gefa ráðrúmstíma til þess að leita þessa samkomulags. Ég lít svo á, að þessi tími verði sáttatími og skipulagningartími í þessum málum, og ég er trúaður á það, að samkomulag náist, eða ég tel þá, að þeir, sem með málið fara sem stjórnendur bæjanna, standi ekki vel í stöðu sinni, ef á þessum tíma tekst ekki að ná sáttum. Og alltaf hafa þeir, eins og til áherzlu til að ná samningum, viðunandi samkomulagi, viðunandi skipulagi í þessum málum, þá hafa þeir alltaf á bak við sig réttinn, sem þeir fá til að banna algerlega skepnuhaldið eftir 4½ ár frá þessu ári að telja. Þeir hafa þess vegna vopnið í hendi sér, en hinir alls ekki.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að sveitarstjórnirnar mundu hika við að fara geyst í þessum efnum, að banna, þar sem l. gerðu ráð fyrir, að bætur yrði að greiða af hálfu bæjarfélaganna vegna atvinnutjóns til þeirra, sem yrðu að fella fénað sinn. Ég álít, að slíkar bætur vegna atvinnutjóns mundu varla verða dæmdar í stórum stíl, því að yfirleitt lít ég ekki á þetta skepnuhald sem atvinnu. Ég lít á það sem tómstundaiðju, holla tómstundaiðju, sem ekki megi taka af því fólki, fyrr en óhjákvæmilegt er vegna sambúðarinnar í þéttbýlinu. — taka af því fólki, sem hefur upplag til að sinna þessu. Og ég álít, eins og ég sagði um daginn, að það sé skerðing fyrir bæjarlífið, fyrir fólkið að nema burt rétt fólks til þess að sinna skepnuhaldi. Gamlir menn fullnægja þar þrá sinni eftir því, sem þeir hafa gjarnan stundað alla ævi, og æskulýður hefur gott af því að ganga með slíkum mönnum að skepnuhirðingu. Umgengni við skepnur er mannbætandi. Ég sé ekki, að bæjarfélögin hafi upp á svo mikið að bjóða, sem er jafnhollt og þessi störf sem tómstundaiðja.

Hv. 2. þm. Reykv. lagði dálitla áherzlu á, að það væri nokkur almennur kostnaður fyrir borgina af skepnuhaldinu, því að eftirlitsmaður væri hafður vegna garðlandanna og til þess að annast það, að sauðfé færi ekki til skemmda. Mér er sagt, að hins vegar taki fjáreigendur á sig kvöð, sem hvert sveitarfélag — og þá borgin sem sveitarfélag — verður að inna af höndum, en það er að annast smalanir og fjallskil í landi byggðarinnar og enn fremur fjárskil til nágrannabyggða.

Þá benti hv. frsm. á það, að girðingarkostnaður væri mikill, bæði hjá sveitarfélaginu og einstaklingum, vegna þess að sumir hefðu skepnur, sem þyrfti að stemma stigu fyrir að skemmdu gróður. En í sauðfjárræktarlandi er ekki hægt að komast hjá girðingum, og þó nú að Reykvíkingum yrði ekki leyft skepnuhald, verða byggðirnar umhverfis Reykjavík alltaf með búfjárhald, og mér skilst á því, sem hér hefur sagt verið, a. m. k. af þeim, sem mikið fara með þessi mál, að allmikil brögð séu að því, að fénaður úr nágrannabyggðunum komi inn í borgarlandið og geri þar usla og eitthvað af því fé, sem kom fram í skýrslu þeirri, sem hv. 2. þm. Reykv. las upp úr áðan, að valdið hefur hér óþægindum og usla, mun hafa verið aðkomufé, svo að þau dæmi, sem þar koma fram, geta ekki eingöngu reiknazt til usla af hálfu búfjár þeirra Reykvíkinga, sem hafa fé.

Hv. 5. þm. Sunnl. gerði hér aths. við frv. og taldi, að till. okkar þremenninganna næði ekki nógu langt til þess að koma í veg fyrir þann ágalla eða bæta úr þeim ágalla, sem hann taldi vera á frv. fyrst og fremst, en það er, að þar væru ekki undanskildir banni reiðhestar. Reiðhestahaldið væri sett á bekk með sauðfjárhaldinu og eftir l. yrði þá gefin heimild til að banna það. Ég er honum alveg samdóma í því, að það er reginfjarstæða að hugsa sér það, að farið verði að banna reiðhestahald í þéttbýlinu. Ég lýsti afstöðu minni til þess á síðasta fundi. Og ég skil varla í því, satt að segja, að þó að mig gruni, að það gæti farið svo, að sauðfjárhald yrði í fljótræði bannað, þá gengi það svo langt, að reiðhestahald yrði bannað. Fyrr mætti nú vera. En ég flutti ekki till. um það að undanþiggja hestahald sérstaklega, því að ég vildi í raun og veru ekki styrkja frv. gegn sauðfjárhaldinu með því að taka hestahaldið út úr, og ég hef hugsað mér það, að fresturinn, sem till. okkar þremenninganna vill að verði á heimildinni til þess að banna búfjárhald, geti orðið til þess, að hestaeigendur geti fullkomlega tryggt sig í samningum við borgar- og bæjarvöldin í þessu efni. Auðvitað hef ég ekkert á móti því fyrir mitt leyti að ræða málið aftur í heilbr.- og félmn., taka þátt í að ræða það aftur þar og hlusta á till. hv. 5. þm. Sunnl. Og alls ekki mundi ég líka vera frá því að ræða um breyt. á minni till. um það að færa frestinn ofan í 3 ár, því að ég álít, að hann mundi hafa ekki ólíkt gildi þannig, ef hv. 2. þm. Reykv. vildi nú fallast á að breyta frv. á þá leið og sættir gætu orðið um það.

Ég tel, að í raun og veru sé n. klofin, eins og ég sagði um daginn. Hún er klofin um þetta meginatriði. En hinir almennu töfrar konunnar gerðu það að verkum, að n. skilaði ekki tveimur álitum. En nál. er þannig orðað, að ég tel mér alls ekki skylt að greiða atkv. með því. Ég tel mig ekki í nál. leggja til, að frv. verði samþ., ef brtt. gengur ekki fram. Svo langt tel ég ekki, að tillitssemi við konu megi ganga, að menn fari ekki að sinni skoðun.

Ég sé varla ástæðu til þess að orðlengja

þetta meira. Ég hygg, að hv. þdm. muni öllum vera það ljóst, að það, sem á milli ber, er ekki, að við þrír, sem flytjum till., viljum ekki, að fullkomin skipun sé á þessu máli. Við viljum, að það sé fullkomin skipun. Við viljum ekki, að troðið sé á mannréttindum, en við viljum, að knúið sé til þess, að samningar séu gerðir og sættir komist á milli þeirra aðila, sem hér eiga gagnstæðra hagsmuna að gæta, sem sveitarstjórnir, borgarstjórn og bæjarstjórnir verða að vinna að því að komist á. Ef formaður heilbr.- og félmn. verður ekki við ósk hv. 5. þm. Sunnl. um að taka málið til umr. á ný í n., sýnist mér þó, að allir þeir, sem eru sömu skoðunar og hann um, að fjarstæða sé að hugsa sér bann á hestahaldi, telji, að frv. sé þó betra gagnvart því atriði með því að hafa þennan umþóttunartíma, sem lagt er til í till. okkar þremenninganna, og ég vona raunar, að allir hv. þdm. geti fallizt á þá miðlunartillögu.

Frsm. (Auður Auðuns): Það voru aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það er þá fyrst það, að hann sagði, að ég teldi, að með því að fresta heimild til algers banns í hálft fimmta ár væri eyðilagt gildi frv. eða l. þann tíma. Ég sagði það nú ekki, enda ætti það ekki stoð í veruleikanum, heldur sagði ég, að það mundi rýra gildi frv. En að segja hitt, að gildi þess væri að engu gert með því, það mundi ég ekki láta mér um munn fara, því að í frv. eru að öðru leyti veittar heimildir til ráðstafana, sem eru vænlegar til mikils árangurs. En ég er þeirrar skoðunar, eins og ég áðan sagði, að ef ekki er fyrir hendi það aðhald, sem heimild til algers banns veitir, minnki líkurnar fyrir því, að frv. nái tilætluðum árangri.

Þá talaði hv. þm. um það, að menn ættu að taka tillit til annarra og það væri nú einu sinni svo, að menn vildu hafa frelsi til þess að iðka það starf í tómstundum sínum, sem hugur þeirra stendur til, og það er rétt, svo langt sem það nær. En þegar tómstundaiðjan fer að verða til ama eða óþæginda fyrir aðra, fer maður að draga í efa, hve mikinn rétt hún á á sér, og getum við hv. þm. talizt bæði jafngóðir frelsisunnendur fyrir því, þó að við hljótum að taka tillit til staðreynda eins og slíkra.

Þá var það út af frestunartímanum, umþóttunartímanum, sem hv. þm. nefnir svo. Það er rétt, sem hann sagði, í n. var talað um það til samkomulags, að þessi frestunartími yrði 3 ár, sem nú hefur verið flutt brtt. um, að hins vegar yrði 4½ ár. En ástæðan til þess, að ég var þessu andvíg, er sú sama og ég áður sagði, að ég held, að frv. nái ekki þeim tilgangi, sem flm. ætla, ef frestað er heimild til algers banns á tilteknu búfjárhaldi, og svo hitt, að mér finnst þessi till., eins og ég áður sagði, vera vanhugsuð. Ég sé ekki annað en að eftir þessi 3 ár stæðu fjáreigendur alveg í sömu sporum og þeir gera í dag. Um að frestunin eigi að notast til þess að ná samningum, sagði hv. þm., ef ég heyrði rétt, að hann teldi, að bæjarstjórnirnar hefðu ekki staðið í stöðu sinni, ef ekki næðust samningar á þessu tímabili. Það er nú nokkuð einhliða fullyrðing. Ég mundi hins vegar líta svo á, að viðsemjendur bæjarstjórnanna, búfjáreigendurnir, yrðu alla vega eða hefðu a. m. k. tilhneigingu til þess að verða erfiðari viðureignar í samningagerð, ef búið er að nema bannheimildina burt um tíma, þ. e. fresta henni í lengri tíma.

Ég held, að það sé ekki fleira í ræðu hv. þm., sem ég sé ástæðu til þess að gera aths. við. Hins vegar vék hann aftur að því almennt, hvaða áhrif konur eða viðurvist kvenna í þinginu hefðu á það, hvernig þm. brygðust við málum, og þá vil ég segja það, að ég álít, að þessi orð gætu gefið þingflokkunum og þ. á m. flokki hv. þm., gefið stjórnmálaflokkunum tilefni til þess að leggja á það áherzlu, að konunum fjölgaði hér á Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Ed., 14. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 432,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 438 felld með 9:7 atkv.
— 432,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13:1 atkv.
Brtt. 432,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 432,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 432,5 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 432,6 samþ. með 17 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 432,7 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

Á 69. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 463, 465, 466).

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hef lagt fram brtt. við frv. til l. um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum. Við 2. umr. um frv. þetta gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þess, og vísa ég til þess nú.

Þá lét ég þess getið, að ég mundi bera fram brtt. við 3. umr., og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um hana nú, heldur skírskota til fyrri ræðu minnar um þessi málefni.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Í tilefni af brtt. á þskj. 465, varðandi undanþágu fyrir reiðhestahaldi, hef ég kannað hug nm. í heilbr.- og félmn. til þeirrar till., og niðurstaðan af þeirri athugun er sú, að n. í heild hafði ekki

áhuga á því að styðja hana, en einstakir nm. hafa áskilið sér frjálsar hendur í því efni. En sem sagt, n. í heild hafði þá afstöðu til málsins að taka ekki undir þessa till.

Þá vil ég fara hér nokkrum orðum um brtt., sem ég hef flutt á þskj. 466 og er þá á leið að bæta við 2. gr. frv. orðunum: „Algert bann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. okt.“ Það er í sjálfu sér hægt að vísa að nokkru leyti til þeirra umr., sem urðu um þessi mál hér við 2. umr., er við 3 nm. úr heilbr.- og félmn. töldum rétt að koma nokkuð til móts við búfjáreigendur og það væri ekki nægilega tekið tillit til þeirra sjónarmiða í þessu frv. Brtt. frá okkur var felld við 2. umr., eins og kunnugt er. Með þessari brtt., sem hér liggur fyrir, er gengið nokkru skemmra, og er sem sagt lagt til, að algeru banni sé ekki hægt að beita fyrirvaralaust, heldur verði að tilkynna það búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara og miðað sé við það, að bannið gangi í gildi 1. okt., en það er álitið heppilegasti árstíminn til þeirra hluta, ef búfjárhald á að banna. Þetta þýddi þá í framkvæmd t. d. héðan af, ef þessi l. yrðu samþ., að þá væri ekki hægt að banna búfjárhald algerlega fyrr en 1. okt. 1965, og ef 1. okt. 1964 liði, án þess að tilkynnt væri um bann, væri ekki hægt að skella á banni fyrr en 1. okt. 1966. Ég tel, að í sjálfu sér sé till. auðskýrð.

Með þessari till. er ég ekki endilega að halda því fram, að það sé ætlan þeirra sveitarfélaga, sem fá heimildina til að banna búfjárhald, að gera það með mjög skömmum fyrirvara eða fyrirvaralaust. En á hitt er þó að líta, að búfjáreigendur hafa engan lögverndaðan rétt í því efni, þar sem á það er ekki minnzt einu orði í frv., eins og það liggur nú fyrir, og þess vegna tel ég einmitt nauðsynlegt, að eitthvert slíkt ákvæði komist inn í frumvarpið.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég vil með fáum orðum lýsa afstöðu minni til brtt., sem fram eru komnar við frv.

Það er þá fyrst á þskj. 466 brtt. frá hv. 9. landsk. þm. (JÞ). Það er skemmst af að segja, að ég fylgi þeirri brtt., og ég vil vitna til þess, sem ég sagði við 2. umr. málsins, að í heilbr.- og félmn. hefði ég lýst því yfir, að ég vildi standa að eða beita mér fyrir flutningi slíkrar brtt., ef samstaða fengist um í n., en um það var ekki að ræða, vegna þess að þá höfðu 3 nm. ákveðið og lýst því yfir, að þeir mundu flytja brtt., sem þeir hafa sjálfsagt talið, að gengi lengra en þetta, og hv. flm. sagði áðan, þegar hann mælti fyrir sinni till., að þessi brtt. gengi skemmra en till. þeirra þremenninganna hefði gert. Það er rétt, svo langt sem það nær. Hún gengur að vissu leyti lengra, því að sú brtt. átti að gilda til bráðabirgða, 4½ ár, en þessi till. mundi án tímamarks þýða það, að algert bann kæmi ekki til framkvæmda, nema boðað hefði verið með ársfresti, og ég er sem sagt fylgjandi þeirri brtt.

Þá er brtt. á þskj. 465 frá Steinþóri Gestssyni um að undanþiggja reiðhestahald með vissum skilyrðum. Ég mun hins vegar ekki telja mig geta fylgt þeirri brtt. Ég held, þótt það sé að vísu svo, eins og ég hef áður sagt í umr. um þetta frv., að þannig hagi hér í Reykjavík t. d., að hestahald skapi engin vandamál, svo að teljandi sé eða að ráði, skulum við segja, þá þykir mér þó, að það sé varla sanngjarnt að gera þarna upp á milli, því að vitanlega er heimild til algers banns, — það dettur engum í hug, að borgar- eða bæjarstjórn mundi notfæra sér þá heimild, nema hið tiltekna búfjárhald væri orðið hreint vandamál í bænum, og þá tel ég, að gilda eigi sömu reglur um reiðhesta og sauðfé. Og ég býst nú við því, að þessar tvær tegundir skepnuhalds, hvor um sig, séu alveg jafnviðkvæmar þeim, sem þetta skepnuhald hafa með höndum, og út frá því, sem ég áður sagði, finnst mér það ekki sanngjarnt að undanþiggja tiltekið skepnuhald ákvæðum frv., þó að það hagi að vísu þannig til, eins og ég sagði áður í dag, að það sé sjálfsagt ekki orðið beint verulegt vandamál í neinum kaupstað.

ATKVGR.
Brtt. 465 samþ. 12:5 atkv.
Brtt. 466 samþ. 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 468).

Á 81. og 82. fundi í Nd., 20. og 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv. er komið til okkar frá Ed. og var þar flutt að tilhlutun borgarstjórnar Reykjavíkur, og ber náttúrlega að meðhöndla það með allri þeirri virðingu, sem þeirri miklu stofnun ber að hafa, og ekki minni virðingu en sú stofnun sýnir Alþingi, þegar hún t. d. ákveður að byggja ráðhús á lóð Alþingis.

Þetta frv. fjallar um búfjárhald, og ég efast ekki um, að það sé ýmislegt af rökum, sem megi mæla fram með því, og vafalaust ýmis óþægindi, sem menn hafa af búfjárhaldi í Reykjavík. En ég vildi samt skjóta því til þeirrar n., sem þetta mál fer til, að athuga þetta dálitið vel. Það er satt að segja það mikil breyting, sem er að gerast í okkar kynslóð á Íslandi, að það er ekki vert að hlaupa svo mikið að því að höggva á öll þau tengsl, sem eru enn þá við sveitirnar hjá þeim helmingi þjóðarinnar, sem nú býr brátt í Reykjavík og næstu bæjum við hana. Það eru ekki það mörg tækifæri, sem t. d. börnin í Reykjavík hafa til þess að alast upp í nokkurn veginn náttúrlegu umhverfi, svipuðu umhverfi og

því, sem kynslóðir Íslendinga hafa alizt upp í fram að þessu, að það sé rétt að fara allt of geyst í það að slíta öll slík bönd, a. m. k. ekki meðan ekki eru því sterkari rök, sem með því mæla. Ég held, að það sé bezt, og það vildi ég mælast til að sú n. athugaði, sem þetta mál fær til umr. og meðferðar, að athugað yrði mjög vel, að það yrði haft nokkurn veginn hlutfall í öllum þeim ákvörðunum, sem teknar eru. Vissulega geta ýmis þau dýr, sem hér eru, kindur og hestar og annað slíkt, verið dálítið erfið stundum, en flest eru þetta þó tamin dýr, og ýmsir hafa af þeim ánægju. En nú virðist eiga að innleiða það, að menn þurfi að sækja um leyfi til bæjarstjórnar Reykjavíkur fyrir hvert af slíkum dýrum, sem menn hafa einhvers staðar nærri sér eða vilja stunda einhvers staðar í því stóra landi, sem Reykjavík hefur til umráða.

Hins vegar virðist ekki sama gegna, þegar um er að ræða þau vélrænu villidýr, sem vaða hér eftir götunum stundum, slasa menn, drepa bæði unga og gamla og jafnvel þannig, að fullhraustir menn verði fyrir þeim líka. Það er svo, að þau vélrænu villidýr, sem þarna er um að ræða, — og ég á við bílana, stundum með vitlausum mönnum í, — æða hér um götumar, og ég sé ekki betur en það sé orðið stundum hættulegra að vera hér á götum Reykjavíkur en að veiða á okkar sollna hafi fyrir sjómenn okkar eða a. m. k. séu slysin álíka mörg, sem íbúar Reykjavíkur verða fyrir af bílunum, eins og af því, að sjómenn okkar í Reykjavík stundi sjóinn. Ég hef ekki orðið var við, að neinum hafi dottið í hug að banna bíla í Reykjavík eða banna þá í bæjarlandinu, né heldur að það þurfi að sækja um leyfi til bæjarstjórnar Reykjavíkur fyrir hverjum bíl, sem menn fá. Ég vil bara biðja menn að meta þessa hluti dálítið í hlutfalli hvorn við annan. Bílarnir eru þannig orðnir eitthvert helzta dráps tæki nútímans á friðsamlegu landi eins og Íslandi, og það er vert að reyna að hafa dálítið hóf í þessum hlutum. Það eru fáir menn nú orðið, sem verða fyrir mannýgum nautum og drepnir af þeim, og ég man varla eftir því, að það hafi komið fyrir í Reykjavík um langt skeið, þannig að það er rétt að athuga alla þessa hluti. Við skulum ekki vera allt of fínir með okkur í öllu þessu og taka ofur lítið tillit til þess lífs, sem er í kringum okkur. Það er ekki nema eðlilegt, að svona hugmyndir komi fram hjá bæjarstjórn Reykjavíkur, en ég held, að menn eigi ekki að flýta sér of mikið að slíku. Það hefur verið oft góður siður um ýmis frv., sem fram hafa komið, jafnvel þótt þau hafi síðar meir átt að fara í gegn, að þau hafa verið athuguð, þegar ekki lá sérstaklega á á því þingi, sem þau komu fram, ekki endilega afgreidd þá, mönnum gefið tækifæri til þess að íhuga sitt mál og fylgjast með þessu, og ég held, að það væri rétt fyrir þá n., sem þetta frv. fær til umr., að athuga þetta mál mjög gaumgæfilega. Það er engin pólitík í þessu máli, skiptir ekki neinum flokkum eða neinu slíku, það er aðeins mannleg afstaða, sem þar kemur fram, og við vitum, að innan Reykjavíkur eru sterkar raddir bæði með og móti þessu máli, án tillits til allrar flokkaskiptingar. Og þegar slík mál eru á döfinni, vitum við hvort sem er, að það er ekkert sérstakt, sem á liggur með þetta, og það má vel gefa bæjarstjórn Reykjavíkur tækifæri til þess að reyna enn þá á grundvelli þeirrar reglugerðar, sem hún getur stuðzt við, að laga þetta vandamál sitt, og ég vildi mjög mælast til þess, að sú n., sem fær þetta til umr., athugi það vel frá öllum hliðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 468, n. 604, 605).

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Frv. til l. um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum hefur undanfarna daga verið til athugunar hjá heilbr.- og félmn. hv. d. Frv. var sent til umsagnar Skógræktarfélagi Íslands og Skógræktarfélagi Reykjavíkur, og leggja báðir þessir aðilar til, að frv. verði samþ. óbreytt. Til n. barst erindi frá Páli A. Pálssyni, forstöðumanni tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum, þar sem athygli n. er vakin á því, að samþykkt frv. óbreytts muni valda verulegum vandræðum í sambandi við þá tilraunastarfsemi, sem þar er rekin. Einnig barst til n. nokkru síðar erindi frá prófessor Davíð Davíðssyni, deildarforseta í læknadeild Háskóla Íslands, sem gekk mjög í sömu stefnu.

Heilbr.- og félmn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n., sem saman stendur af þeim hv. þm., sem undirritað hafa nál. á þskj. 604, telur, að eðlilegt sé, að í l. verði leidd almenn heimildarákvæði, er opni möguleikana fyrir sveitarstjórnir í kaupstöðum og í hreppum af tiltekinni stærð til þess að banna búfjárhald innan endimarka sveitarfélagsins að meira eða minna leyti. Hins vegar taldi þessi sami meiri hl., að óeðlilegt væri að samþ. frv. óbreytt, eins og það kemur frá hv. Ed., þar sem þar er aðeins gert ráð fyrir því, að fjórir tilteknir kaupstaðir, þ. e. a. s. Reykjavík, Akureyri, Hafnarfjörður og Kópavogur, hafi þessa heimild, því að það er nærri því gefið, að í framtíðinni munu berast erindi frá fleiri sveitarfélögum um að koma á svipaðri skipan innan endimarka þeirra, og raunar hefur eitt erindi þegar borizt um þetta, þ. e. a. s. frá Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Af þessari ástæðu hefur meiri hl. lagt til á þskj. 605, að á frv., eins og það var samþ í hv. Ed., verði gerðar tvær breyt. Sú fyrri lýtur að 1. gr. frv. og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta, að í stað 1. mgr. 1. gr.,

eins og hún er á þskj. 468, komi eftirfarandi ný málsgrein:

„Sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni með eitt þúsund íbúa eða fleiri er heimilt með samþykki ráðh. að setja reglugerð um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstæðrar tilraunastöðvar til búfjárhalds."

Og sem eðlilega afleiðingu af þeirri breyt. leggur meiri hl. n. til, að fyrirsögn frv., þ. e. a. s. um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum, breytist þannig, að frv. nefnist: Frv. til laga um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er einungis smáathugasemd, sem skiptir þó ekki miklu máli. Ég vil taka það fram, að ég er sammála fyrri hluta brtt. við 1. gr., en sannast að segja finnst mér síðari hlutinn naumast vera viðeigandi. Er hægt að gera ráð ráð fyrir því, að borgarstjórn Reykjavíkur eða aðrar sveitarstjórnir, þar sem slíkar tilraunastöðvar eru, beiti þessari heimild svo að gera starfsemi þeirra ómögulega? Það væri svipað því eins og ef rottueitrun værir fyrirskipuð, þá þyrfti að taka það fram í lögum, að ekki mætti eitra fyrir tilraunamýs, sem eru hafðar á vísindastofnunum. Mér finnst, að það sé gert ráð fyrir því, að í borgarstjórn Reykjavíkur séu svo ósanngjarnir menn, að það sé naumast hægt að samþykkja þetta, nema maður heyri þá frekari grg. frá forsvarsmönnum á Keldum um, í hvaða hættu þeir telja sig vera. En við verðum að gá að því, að hér er ekki um að ræða fyrirskipun um að banna þetta, heldur einungis heimild til handa sveitarstjórnunum, og þá heimild er ekki hægt að veita, ef menn gera ráð fyrir slíkri ósanngirni, sem hér er verið að fyrirbyggja.

Þetta skiptir auðvitað ekki miklu máli. Efnislega erum við sammála um, að það kemur ekki til mála að stöðva rekstur á þessari vísindastöð á Keldum, en ég mundi kunna betur við að eiga kost á því að greiða atkvæði á móti seinni hlutanum, og vildi ég því skora á n. að láta bera upp þessa till. í tvennu lagi og spyr, hvort hún hafi nokkuð á móti því.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Út af þeim orðum, sem hæstv. forsrh. lét falla út af fram komnum brtt., vil ég aðeins taka fram, að mér er að sjálfsögðu ekki kunnugt um afstöðu borgarstjórnar Reykjavíkur til þess, hvernig hún mundi beita þessum heimildarákvæðum, þó að ég þykist þeirrar trúar, eins og hæstv. forsrh., að hún muni vart beita þeim það hörkulega að banna búfjárhald við tilraunastöðina á Keldum. En ástæðan til þess, að meiri hl. tók þetta upp í frv., er sú, eins og ég lét hér koma fram áðan, að til n. bárust tvö erindi, annað frá læknadeild Háskóla Íslands og hitt frá tilraunastöðinni á Keldum, þar sem þess var sérstaklega farið á leit við n., að hún tæki upp till. um að undanþiggja búfjárhaldið á tilraunastöðinni ákvæðum laganna. Ég hef því miður ekki bréf frá tilraunastöðinni hér undir höndum, en bréf háskólans hef ég hér, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég leyfa mér að lesa það upp:

„Athygli læknadeildar háskólans hefur verið vakin á því, að frv. til l. um búfjárhald í Reykjavík, 128. mál, sem nú liggur fyrir hv. Alþ., kunni að ná til tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum, ef að lögum verður, þar sem land tilraunastöðvarinnar er innan marka höfuðborgarinnar. Tilraunastöðinni er vitanlega óhjákvæmilegt að hafa frjálsar hendur um búfjárhald, eftir því sem viðfangsefni stofnunarinnar krefjast á hverjum tíma. Það eru því eindregin tilmæli læknadeildar, að tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum og aðrar vísindastofnanir verði undanþegnar ákvæðum fyrirhugaðra laga um bann eða takmörkun búfjárhalds."

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er að sjálfsögðu ekki neitt stórmál, en þess vegna skil ég það ekki heldur, af hve miklu ofurkappi það virðist vera sótt hér í þinginu að koma þessu endilega fram að þessu sinni. Mér virðist það koma fram eða sjást á þeirri aths., sem hæstv. forsrh. gerði hér áðan, að þetta mál sé enn þá hvergi nærri nægjanlega athugað, og þess vegna mætti það vel bíða næsta þings, að betri athugun færi fram á því, hvort það væri nokkur nauðsyn á að setja lög eins og þessi.

Því hefur verið haldið fram, að garðeigendur hér í bænum hefðu sérstakan áhuga á þessu máli, en mér er tjáð, að nokkru eftir að það kom til meðferðar hér á þinginu, hafi verið haldinn sérstakur fundur í félagi garðeigenda hér í bænum, en hann verið svo fámennur, að það hafi orðið fundarfall, þannig að áhuginn virðist ekki vera meiri en þetta hjá þessum aðilum fyrir framgangi þessa máls. Hins vegar var haldinn mjög fjölmennur fundur hjá þeim, sem eiga enn þá búfé hér í bænum, og þar voru samþykkt eindregin mótmæli gegn þessu frv.

Ég hef ekki heyrt færð fram veruleg rök fyrir því, að t. d. það búfjárhald, sem hér er í bænum, ylli einhverju tjóni eða usla, þannig að það væri nauðsynlegt að hespa illa undirbúnu frv. í gegnum þingið af þeim ástæðum. En eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., finnst mér, að málið liggi þannig fyrir hér, að það sé a. m. k. þörf nánari athugunar, og ég vildi þess vegna mælast til þess við hæstv. forseta, hvort það væri ekki hægt að fresta málinu að þessu sinni, til þess að þessi brtt., sem hér liggur fyrir, fái nánari athugun.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Í sambandi við þær brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 605 frá meiri hl. heilbr.- og félmn., vil ég taka það fram, að ég var sá eini í n., sem var andvígur þessari brtt., að heimildin næði til allra kaupstaða og allra kauptúna.

Upprunalega var þetta frv. flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur af tveimur þm. í Ed., sem sæti eiga í borgarstjórn. Síðan hefur það gerzt, að Akureyri, Kópavogur og Hafnarfjörður hafa óskað eftir því, að heimildin nái einnig til þeirra, og þegar frv. kom til Nd. og til heilbr.- og félmn., lá hér erindi frá hreppsnefnd Garðahrepps, og þar með hefði það verið samfellt svæði frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. En beiðni frá öðrum kauptúnum eða kaupstöðum lá ekki fyrir. Hins vegar vildi hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., án þess að þess væri neitt óskað, láta þessa beiðni ná til íbúa allra kauptúna með þúsund íbúa eða fleiri og allra annarra kaupstaða, þó að þeir hafi ekki óskað eftir að fá slíka heimild.

Ég tel rétt, að það komi fram, að þótt ég hafi ekki komið fram með neitt nál., var ég andvígur þessari breyt. og mun greiða atkv. gegn brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Þar sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samþ. einróma að óska eftir aðild að þessum lögum og ég á þar sæti, vil ég aðeins skýra afstöðu okkar til þessa máls.

Í Kópavogi mun reyndar ekki vera mikið um sauðfjárhald, tiltölulega lítið um það, að menn hafi það sem atvinnu. Það er hins vegar nokkuð um það, að menn hafi slíkt kannske fyrst og fremst sér til ánægju. Því er ekki að neita, að í þéttbýli, eins og Kópavogur er orðinn, er búfjárhald, af hvaða toga sem það er spunnið, nokkurt vandamál, og verður eðlilega að skipa því þar og annars staðar við hliðstæðar aðstæður, eftir því sem henta þykir, þ. e. a. s. viðkomandi bæjaryfirvöldum verður að vera það heimilt að setja vissar takmarkanir og útiloka a. m. k. á ákveðnum svæðum algerlega búfjárhald.

Það hefur hins vegar verið hafinn mjög harður andróður gegn samþykkt þessa frv., kannske fyrst og fremst vegna þess, að það felur í sér heimild til algers banns. Ég veit það, að innan bæjarstjórnar Kópavogs, svo að ég vitni aftur til þess staðar, er það fyrst og fremst meining bæjarstjórnar að fá heimild til þess að skipa þessum málum þannig, að fyllsta tillit sé tekið til þéttbýlisins, og í öðru lagi að geta einnig á grundvelli þessara laga tryggt þeim áframhaldandi rekstur sinna búa, sem hafa af því einhverja atvinnu, og ég vil segja: taka einnig fullt tillit til þeirra, sérstaklega eldri manna, sem reka smábúskap fyrst og fremst sér til ánægju og til þess að hafa eitthvað að sýsla við. Við viðurkennum fyllilega, að þetta er tilfinningamál, og það verður þar eins og annars staðar, hygg ég, af viðkomandi bæjaryfirvöldum tekið á þessu með sannsýni og lipurð. En ég undirstrika, að það er nauðsyn á því, að bæjar- og sveitarstjórnir hafi heimild til þess að geta skipað þessum málum innan sinna byggðarlaga eftir því, sem aðstæður krefjast.

Því er ekki að neita, að í Kópavogi hefur þetta valdið leiðinlegum árekstrum, og ég hygg, að þannig muni það geta verið um fleiri staði. Bæjarstjórn Kópavogs var því strax einróma um það, þegar þetta frv. kom fram í hv. Ed., að óska eftir aðild að því, hvað Kópavog áhrærði. Síðan hafa Hafnarfjörður og Akureyri bætzt í hópinn og nú síðast Garðahreppur, og Garðahreppur er að nokkru leyti sveitahreppur og að nokkru leyti þéttbýli. Ég vil þó benda á, að sveitarstjórn Garðahrepps samanstendur að meiri hluta af bændum. Þeir skilja samt fyllilega þann vanda, sem því byggðarlagi er á höndum, annars vegar þær jarðir, sem þar eru enn þá setnar sem bújarðir, og hins vegar hið vaxandi þéttbýli, sem er að rísa upp á öðrum stöðum í hreppnum. Og ég hef ekki trú á því, að meiri hl. hreppsnefndar Garðahrepps, bændurnir þar, mundi óska eftir aðild að þessum lögum, ef þeir teldu, að það ætti að beita þeim þannig, að ósæmilegt væri gagnvart þeim, sem skepnuhald hafa, og ég hygg, að þeir beri einnig það traust til annarra sveitarstjórna, að það muni ekki annars staðar heldur vera gert.

Því er ekki að neita, að í áróðri gegn þessu hefur — ég vil segja oft og tíðum legið við, að hægt væri að draga þær ályktanir, að bæjar- og sveitarstjórnir væru þannig skipaðar, að það væri ekki í þessu einstaka máli óhætt að fela þessum ráðamönnum bæjarfélaganna verulegt vald, þótt hins vegar það sé á mörgum öðrum sviðum, sem sveitarstjórnir eðlilega hverju sinni fara með allvíðtækt vald og verða síðan eins og aðrir í næstu kosningum á eftir að hlíta dómi kjósenda um það, hvort þær hafi misnotað vald sitt eða ekki. Og ég verð að segja, að í því atriði, sem hæstv. forsrh. vitnaði í hér í sambandi við brtt., sem liggur fyrir frá heilbr.- og félmn., finnst mér nokkuð vera tekið undir þennan áróður, sem sagt, að það þyki ástæða til þess að slá varnagla við því, að búfjárhald á tilraunastöðvum verði þó alls ekki bannað. Mér finnst vera nokkuð tekið undir þennan öfgafulla áróður, sem ég vil segja, að hefur verið hafður í frammi gegn þessu frv., sem fyrst og fremst er, eins og hefur verið margtekið fram, heimildarlög, og ég trúi ekki öðru en að allar sveitarstjórnir beiti eftir fyllstu sannsýni. En það er rétt að hafa í huga, að það verður oft og tíðum að horfa á fleira en eitt atriði, hafa mörg sjónarmið fyrir augum og vega og meta, hvað er hægt í þessum efnum og hvað ekki.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en legg til, að frv. verði samþ. Ég get fellt mig við þá breyt., að þetta nái til annarra kaupstaða og kauptúna, og þó að fleiri hafi ekki óskað eftir aðild að þessu, þarf enginn að vera hræddur um það, að þeir fari að beita þessum l., og ég vonast til þess, að bæjar- og sveitarstjórnir njóti þó þess álits, að það sé óhætt að fela þeim lausn þessa vanda eins og lausn ýmissa annarra stærri vandamála.

Ég viðurkenni, að þetta er kannske fyrst og fremst tilfinningamál, og ég er sannfærður um það, að viðkomandi sveitarstjórnir muni taka á þessu máli einmitt út frá því sjónarmiði.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en vil í sambandi við þetta mál taka fram, að þetta mál var, eins og kemur fram í grg. frv., til meðferðar á landsþingi sveitarfélaganna í sumar og var þar samþ. einróma. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að hér er um heimildarlög að ræða, og það er ekki hægt að setja þessar reglugerðir, þó að bæjar- eða sveitarstjórnir samþykki þær, nema samþykkt ráðh. komi þar einnig til. Þess vegna held ég, að það sé ekki ástæða til að óttast mikið um aðgerðir í þessu máli, að þær verði of harðsnúnar, eins og mér finnst, að hafi komið fram.

Hins vegar er því ekki að neita, að þetta mál er orðið vandamál í þéttbýli víða og verður það í æ ríkara mæli. Þess vegna er brtt. sú, sem hv. heilbr.- og félmn. gerir, til bóta, þar sem hún gerir þetta mál að almennu máli fyrir kauptún og kaupstaði í landinu, og það þarf það að sjálfsögðu að vera.

Ég verð að segja það sem mína skoðun, að mér finnst, að seinni hl. í 1. gr. frv., samkv. brtt. á þskj. 605, þar sem talað er um tilraunastöðina á Keldum, sé óþarfur, vegna þess að ég er nú sannfærður um það, eins og fram kom hjá hæstv. forsrh., að borgarstjórnin í Reykjavík mundi ekki leggja það til að banna þá starfsemi, sem þar er um að ræða, og í öðru lagi mundi ráðh. alls ekki samþ. þá reglugerð, sem fæli það í sér. Og mér finnst, að þeir, sem fyrir þessum mótmælum hafa staðið, hafi í raun og veru ekki gert sér grein fyrir því, að hér er um heimildarlög að ræða og það er reglugerðin, sem á að fela í sér ákvæðin, er til framkvæmdanna kemur, og það er ráðh., sem verður að samþ. hana auk borgarstjórnarinnar, áður en hún næði fram að ganga.

Þess vegna finnst mér, að þessi hluti tillgr. sé óþarfur, en fagna hinu, að þetta skuli vera gert að almennum lögum, og hefði talið skynsamlegast fyrir afgreiðslu málsins, að n. hefði athugað till. betur.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þetta mál olli nokkrum umr. í hv. Ed., og er það að vonum, að um það séu skiptar skoðanir, þar sem þarna má segja, að sé um tvo hagsmunahópa að ræða, annars vegar þá, sem óska eftir því að hafa búfjárhald í þéttbýlinu, og svo aftur hina, sem telja sér það kannske verða eitthvað til ama.

Ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður benti á, að hér er aðeins um heimild að ræða handa sveitarstjórnum til þess að hafa þá skipan á þessum málum, hver á sínum stað, sem þær telja bezt henta. Ég held, að það sé mjög eðlilegt, að það séu einmitt sveitarstjórnirnar, sem séu þar ráðandi eða hafi þar tillöguréttinn. Ef þær óska eftir því að fá setta um það reglugerð, telja það nauðsynlegt fyrir sig, tel ég mjög eðlilegt og sjálfsagt, að þær hafi til þess heimild.

Í sambandi við það, sem hæstv. forsrh. benti á, skal það viðurkennt, að það má vafalaust telja eðlilegt, að ekki sé ástæða til að setja það sérstaklega í lög, að búfjárhald skuli leyft á tilraunastofnunum. En það, sem réð úrslitum hjá n. í þessu sambandi, var bæði þau erindi, sem frsm. benti á, að n. hefðu borizt, og þó frekast, að menntmrn. sendi n. ákveðin tilmæli um þetta atriði, og vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp síðustu mgr. þess bréfs, en hún hljóðar svo:

„Fer ráðuneytið fram á, að hv. n. hlutist til um, að tilraunastöð háskólans í meinafræði, Keldum, og hliðstæðar rannsóknarstofnanir verði undanþegnar nefndu ákvæði fyrirhugaðra laga."

Það var þetta, sem réð úrslitum, að n. tók þetta ákvæði inn. Hins vegar skal ég viðurkenna, að okkur fannst kannske ástæðulaust að setja þetta inn í till., en urðum þó við þessum tilmælum frá ráðuneytinu.

Forseti (SB): Út af tilmælum, sem orðið hafa verið, um að fresta umr. um málið nú, vil ég aðeins taka það fram, að þar sem svo mjög er liðið á þingtíma, er ég hræddur um, að það gæti teflt afgreiðslu málsins í nokkra tvísýnu, ef umr. um það yrði frestað nú.

ATKVGR.

Brtt. 605,1, fyrri málsl., samþ. með 22:5 atkv.

— 605,1, síðari málsl., samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HermÞ, VH, HV, JSk, LJós, MÁM, RA, SÁ, SI, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, RJ.

nei: EI, EmJ, HS, IngJ, JóhH, JR, AJ, SE, SvJ, BBen, SB.

GuðlG, IG, JP, MB greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOl, EystJ, GíslG, GÞG, PS, JSk, BFB, BP, EðS, EÁ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 23:2 atkv.

2.—8. gr. samþ. með 24:3 atkv.

Brtt. 605,2 (ný fyrirsögn), samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:3 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 96. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 635).

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Í framhaldi af þeirri breyt., sem gerð var hér í þessari hv. d. í gær við 2. umr. á 1. gr. frv., þar sem heimild til handa sveitarstjórnum var gerð almenn við kaupstaði og kauptún af tiltekinni stærð, er einnig nauðsynlegt, að aðrar gr. frv. breytist í samræmi við það. Því miður láðist að taka þetta upp í brtt. heilbr.- og félmn., sem var lögð fram í gær, en ég vil leyfa mér fyrir hönd n. að flytja hér við þessa umr. þær brtt., sem n. telur nauðsynlegt, að gerðar séu á 2., 3., 4., 5. og 6. gr. Þetta eru allt orðalagsbreyt., og leiðir af þeirri breytingu, sem gerð var á 1. gr. frv., eins og ég sagði áður. Brtt. er þannig:

„Við 2. gr. a. Fyrir orðin „kaupstaðnum

(borginni)" komi: kaupstað (borg) eða kauptúni. b. Á eftir orðunum „bæjarlandsins (borgarlandsins)" komi: eða kauptúnsins.

Við 3. gr. a. Á eftir orðunum „kaupstaðarins (borgarinnar)" komi: eða kauptúnsins. b. Á eftir orðunum „bæjarráð (borgarráð)" komi: eða hreppsnefnd.

Við 4. gr. Á eftir orðunum „bæjarráði" (borgarráði)" í 2. mgr. komi: eða hreppsnefnd.

Við 5. gr. Fyrir orðin" bæjarsjóði (borgarsjóði)" komi: sveitarsjóði.

Við 6. gr. Fyrir orðin „bæjarsjóð (borgarsjóð)" komi: sveitarsjóð."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 640) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil beina því til n., hvort ekki er einfaldara og í fullu samræmi við lög, í staðinn fyrir að telja upp: kaupstaður, borg og kauptún, hafa þetta í þrennu lagi, að hafa bara alls staðar sveitarfélag, sveitarsjóður. Og mér virðist auk þess, að í 1. gr. þurfi líka að breyta niðurlagi. Þar er nú talað um hlutaðeigandi bæjarráð, borgarráð varðandi hestamannafélög, það getur einnig átt sér stað í minni sveitarfélögum. Væri ekki rétt fyrir n. að taka aðeins fundarhlé og athuga, hvort ekki má orða þetta allt liðlegar?

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu vafalaust rétt að taka smáfundarhlé til að athuga þetta frekar. En ég held, að það þurfi að standa eins og þarna er tilgreint í till., vegna þess að það getur verið um kauptún að ræða, þar sem hreppamörkin ná út fyrir kauptúnið, en aðeins ætlazt til þess, að sjálf reglugerðin nái til kauptúnsins sjálfs. Sveitarfélagið getur verið stærra en kauptúnið, þó að það séu 1000 íbúar. Ég hygg, að það þurfi að tilgreina sjálft kauptúnið, en ekki sveitarfélagið. Hins vegar er sjálfsagt að athuga till. nánar, því að það er alveg rétt, að í 1. gr. þarf þetta að sjálfsögðu að breytast líka.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þessi aths. hv. 3. þm. Sunnl. virðist ekki taka tillit til þess, að í 2. gr. er berum orðum tekið fram, að í reglugerðinni sé ákveðið, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni), takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins). Það er alveg eins hægt að hafa það innan sveitarfélagsins.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ef þetta mál fer til n. aftur, vildi ég beina því til hennar, hvort hún vildi ekki gera nokkra lagfæringu á 2. gr. frv., og á ég þá við að fella niður úr gr. það, sem snertir heimild til þess að banna algerlega búfé í viðkomandi kaupstað eða kauptúni. Ég mundi sem sagt leggja til, að 2. gr. hljóðaði á þessa leið:

„Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins eða borgarlandsins" — eða hvað menn vilja hafa það, sem kemur svo þarna á eftir. Sem sagt, að bæjarstjórnir eða sveitarstjórnir fái heimild til þess að takmarka búfjárhald innan lögsagnarumdæmisins eða umráðasvæðis sveitarfélagsins og einnig til að banna búfjárhald.

Ég held, að við meðferð málsins hér í þinginu sé búið að gera þær breytingar á þessu máli, að það sé eðlilegt að breyta því í þetta horf. Í fyrsta lagi er búið að gera þá breyt. frá því, sem var upphaflega í frv., að leyfa hestahald, ef það er í umsjón hestamannafélaga, og það er einnig búið að veita hinu opinbera leyfi til þess að hafa búfjárhald eins og því sýnist í sambandi við rannsóknarstöðvar innan viðkomandi lögsagnarumdæma, og ég held, að þegar þannig er komið, að það er bæði búið að veita félögum rétt til skepnuhalds og það er búið að veita ríkinu einnig leyfi til skepnuhalds, sé nokkuð langt gengið í þessu þjóðfélagi, sem við viljum þó telja frjálst þjóðfélag, að einstaklingunum sé algerlega bannaður sams konar réttur innan eðlilegra takmarka. Það getur verið alveg rétt, sem hefur komið fram í umr. um þetta mál, að það sé nauðsynlegt fyrir bæjarfélögin að fá heimild til þess að setja ákveðnar reglur um skepnuhald. En ég held, að það sé alveg óþarfi að veita þeim heimild til þess að banna það með öllu, og þess vegna vil ég fara fram á það við hv. n., þegar hún fær þetta mál til athugunar á ný á annað borð, eins og hæstv. forsrh. hefur lagt til, að hún taki það til athugunar, hvort ekki sé rétt að fella niður úr 2. gr. heimild sveitarfélaga til að setja algert bann á búfjárhald.

Forseti (SB): Ber að skilja það þannig, að hv. formaður heilbr.- og félmn. hafi óskað þess, að gert yrði stutt fundarhlé til að athuga málið nánar? Það verður orðið við þeirri ósk og veitt fundarhlé í 20 mín., til kl. 10 mín. fyrir 3. Fundi er frestað í 20 mín. [Fundarhlé.]

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur tekið til athugunar á ný þær brtt., sem hér voru fluttar áðan, og í samráði við skrifstofustjóra Alþingis hefur hún gert á þeim smávægilegar breytingar og tekið tillit til ábendingar hæstv. forsrh. um að taka orðið sveitarstjórn inn, þar sem það gat átt við. Till. n. eru á þennan veg:

„Við 1. gr. Fyrir orðin „bæjarráð (borgarráð)" í 3. mgr. komi: sveitarstjórn.

Við 2. gr. a. Fyrir orðin „kaupstaðnum (borginni)" komi: kaupstað (borg) eða kauptúni. b. Á eftir orðunum „bæjarlandsins (borgarlandsins)" komi: eða kauptúnsins.

Við 3. gr. a. Á eftir orðunum „kaupstaðarins (borgarinnar)" komi: eða kauptúnsins. b. Fyrir orðin „bæjarráð (borgarráð)" komi: sveitarstjórn.

Við 4. gr. Fyrir orðin „bæjarráði (borgarráði)“ í 2. mgr. komi: sveitarstjórn.

Við 5. gr. Fyrir orðin „bæjarsjóði (borgarsjóði)“ komi: sveitarsjóði.

Við 6. gr. Fyrir orðin „bæjarsjóð (borgarsjóð)“ komi: sveitarsjóð.“

Í sambandi við ábendingu hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) um, að fellt yrði út úr 2. mgr. „algerlega bannað“, getur n. ekki fallizt á þá ábendingu og leggur ekki til, að hún verði tekin upp.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 641) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér þykir það miður, að hv. heilbr.- og félmn. hefur ekki talið sér fært að taka upp þá till., sem ég minntist á hér áðan, og vil þess vegna leyfa mér að leggja hana fram. Eins og hv. þm. er kunnugt, hljóðar 2. gr. frv. nú á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni), takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekið svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins). Algert bann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjáreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.“

Ég legg til í fyrsta lagi, að niður falli orðin „algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni)“, og svo í öðru lagi síðari mgr. Greinin mundi þá hljóða þannig: „Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins“. Og lengri yrði till. ekki.

Eins og komið hefur fram í þessum umr., er hér í raun og veru um tvö mál að ræða. Annað málið er það, að sveitarfélög fái aðstöðu til að setja reglur um fyrirkomulag búfjárhalds í sínu umdæmi, bæði að takmarka búfjáreignina og eins að binda búfjárræktina við tiltekin svæði í sveitarfélaginu. Hitt málið er svo það að veita þessum aðilum leyfi til þess að banna búfjárhald með öllu. Mér finnst fyrra málið vera eðlilegt og sjálfsagt, að veita bæjarfélögum og sveitarstjórnum heimild til þess að setja ákveðnar reglur um þessi mál, en á þessu stigi get ég ekki fallizt á það að veita þeim svo víðtækt vald, að þau megi með öllu banna búfjárhald í sínu umdæmi, og í samræmi við það hef ég flutt þessa till.

Nú er, eins og ég gat um áðan, þannig komið, að það hefur orðið sú breyt. á frv. í meðförum þess í þinginu, að það er búið að veita vissum félögum aðstöðu til að hafa búfé innan kaupstaðanna, þ. e. hestamannafélögum, og það er líka búið að veita ríkinu eða tilraunastöðvum rétt til þess að hafa búfjárhald á sumum svæðum. Og mér finnst það ákaflega óviðeigandi til viðbótar því, sem ég áðan sagði, að veita ríki og félögum slíkan forgangsrétt, en banna einstaklingum það með öllu. Ég er það mikill einstaklingshyggjumaður, að ég get ekki sætt mig við slíka afgreiðslu málsins.

Ég vil svo, ef þessi till. mín nær ekki fram að ganga, leyfa mér að flytja aðra till. til vara við 1. gr. 3. málsgr. 1. gr. hljóðar á þessa leið: „Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi bæjarráð (borgarráð) staðfestir.“ Ég legg til til vara, að ef fyrri till. mín er felld, hljóði þessi mgr. á þessa leið:

„Þó er reiðhestahald og sauðfjárhald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga eða fjáreigendafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi bæjarráð (borgarráð) staðfestir.“

Ég leyfi mér svo að leggja þessar till. fyrir hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 642) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 640 tekin aftur.

— 641 samþ. með 26 shlj. atkv.

— 642,a felld með 18:7 atkv.

— 642,b þar með fallin.

— 642 varatill. felld með 20:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:3 atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 645).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 662).

---

52. Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Á 89. fundi í Nd., 4. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar [223. mál] (þmfrv., A. 551).

Á 90. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 28 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur hv. þm. þessarar d. að flytja frv. til l. um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar á þskj. 551. Eins og fram kemur í grg. þessa frv., er það flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði og

sveitarstjórans í Garðahreppi, en mál þau, sem hér um ræðir, hafa verið á dagskrá þessara tveggja sveitarfélaga undanfarin ár og nú náðst endanlegt samkomulag um það deiluefni, sem hér hefur verið á ferðinni.

Frv. er, eins og hv. þm. hafa séð, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Það er þannig til komið, að lögin um bæjarstjórn Hafnarfjarðar eru frá 1907, en Hafnarfjörður hlaut kaupstaðarréttindi 1908. Þessum l. var breytt á Alþingi 1959, sem þá var aðeins leiðrétting með tilliti til þeirrar byggðar, sem myndazt hafði á mörkum Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps, en með l. nr. 11 1936 voru Hafnarfirði veitt réttindi til nytja lands úr Garðahreppi, en eftir að byggð hefur farið að aukast í Garðahreppi, hefur hvað eftir annað komið fram ósk af hálfu Garðahrepps, að þau réttindi, sem Hafnarfjarðarkaupstaður fékk með þessum lögum, yrðu látin af hendi, og síðan verið undanfarin ár umr. á milli þessara tveggja sveitarfélaga, sem nú hafa endað þannig, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd Garðahrepps hafa gert með sér samkomulag og frv. flutt, eins og ég gat um áðan, samkv. þeirra beiðni.

Í höfuðdráttum inniheldur frv. þá breytingu, eins og fram kemur í bréfi frá sveitarstjórunum og bæjarstjórnum, að Hafnarfjörður gefur eftir þau réttindi, sem hann hafði í Garðahreppi, en sá hluti Garðahrepps, sem hefur verið sunnan Hafnarfjarðar, þ. e. a. s. suður að Vatnsleysustrandahreppi, falli hins vegar undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta hér. Ég vonast til þess, að frv. nái afgreiðslu á því þingi, sem senn fer að ljúka, og vildi því mælast til þess, að því yrði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 551, n. 618).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar hefur haft til athugunar frv. á þskj. 551 um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Með bréfi, dags. 6. maí s. l., hefur sýslumaðurinn í Gullbringusýslu í umboði sýslunefndarinnar lýst yfir meðmælum sýslunefndarinnar með frv. Heilbr- og félmn. hefur því orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 551, n. 644).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og sveitarstjórnar Garðahrepps og fjallar um breytingu á lögsagnarumdæmi þessara sveitarfélaga. Þá hefur sýslunefnd Gullbringusýslu mælt með samþykkt þess. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 673).

---

53. Atvinnuleysistryggingar.

Á 90. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [224. mál] (þmfrv., A. 559).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 85. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 559, n. 636).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Síðan á s. l. sumri hefur starfað n., sem hefur hlotið nafnið kjararannsóknarnefnd. Verkefni hennar hefur verið gagnaöflun og rannsóknir, sem auðveldað gætu gerð kjarasamninga. Í sambandi við lausn vinnudeilnanna í júlí á s. l. sumri varð samkomulag um það milli samtaka launþega og atvinnurekenda að setja á stofn slíka nefnd. Í henni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af launþegum og atvinnuveitendum. Með frv. þessu er lagt til, að kostnaður af nefndarstörfunum verði greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Það hefur verið leitað álits aðila, þ. e. a. s. launþega og vinnuveitenda, um efni frv. Þeir hafa allir tjáð sig því samþykka, að kostnaðurinn verði greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. hefur athugað frv., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 636 leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 674).

---

54. Lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

Á 72. fundi í Ed., 21. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar [217. mál] (þmfrv., A. 484).

Á 73. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um stækkun á lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar hef ég leyft mér að flytja eftir beiðni bæjarstjórnar Akraness. Eins og fram kemur í grg. fyrir málinu, er það talin óhjákvæmileg nauðsyn að stækka lögsagnarumdæmið, þar sem nú stendur yfir skipulagning á því landssvæði, sem næst er kaupstaðnum, og byggingarframkvæmdir fyrirhugaðar þar á næsta ári. Áður en unnt er að leyfa umræddar byggingarframkvæmdir, verður bæjarfélagið að leggja í mikinn kostnað, t. d. í sambandi við gatnagerð, raflögn, vatns- og skolpveitu og annað það, sem óhjákvæmilegt er talið í þessu sambandi.

Mestur hluti þess landssvæðis, sem hér um ræðir og fyrst verður skipulagt, eru jarðirnar Garðar og Kalmansvík. Báðar þessar jarðir eru eign kaupstaðarins, og hefur svo verið um langan tíma. Varðandi mestan hluta jarðarinnar Garða er það að segja, að allt frá 1. des. 1939 hefur verið í gildi samningur, sem gerður var á milli hreppsnefnda Ytri-Akraneshrepps og Innri-Akraneshrepps um það, að allt Garðaland að undanskildum býlunum á Sólmundarhöfða skuli tilheyra Akranesi á sama hátt og um eitt og sama lögsagnarumdæmi væri að

ræða. Var þá samið um þær bætur, sem Ytri-Akraneshreppur skyldi greiða fyrir þá tekjurýrnun, sem Innri-Akraneshreppur var talinn verða fyrir vegna þessa samnings.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um það, að Akraneskaupstaður tekur að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Innri-Akraneshreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar og/eða dvalar á landi því, sem skv. frv. þessu fellur undir lögsagnarumdæmi Akraness.

Þar sem frv. þetta nær yfir stærra landssvæði en áðurnefndur samningur nær til, er að sjálfsögðu í frv. gert ráð fyrir því, að Innri-Akraneshreppur fái bætur fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppsfélagið nú verður fyrir og leiðir af l. þessum. Báðir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, telja eðlilegast, að bæturnar verði ákveðnar af gerðardómi, svo sem 3. gr. frv. felur í sér.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 81 fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 484, n. 556).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þessu til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar hefur verið vísað til heilbr.- og félmn. Í 1. gr. frv. er nánar tiltekið um hin nýju mörk, sem eiga að gilda, ef frv. þetta verður samþ.

Frv. er flutt að beiðni bæjarstjórnar Akraness, og kaupstaðnum er mikil þörf á því að fá lögsagnarumdæmi sitt stækkað, eins og greint er frá í frv. Þetta er vaxandi kaupstaður, og þetta svæði þarf að taka til skipulags og undir byggingar, enda eru þessar jarðir eða landssvæði, sem þarna er um að ræða, í eign Akraneskaupstaðar, þótt þær hafi legið innan marka Innri-Akraneshrepps.

N. hefur kynnt sér það, að ekkert er því til fyrirstöðu af hálfu Innri-Akraneshrepps, að lögsagnarumdæmi hans verði skert og lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar stækkað, annað en að það er ágreiningur um bætur fyrir tekjurýrnun Innri-Akraneshreppi til handa, er mundi leiða af þessari breytingu. Í 3. gr. frv. er sérstakt ákvæði um það, hvernig þessar bætur skuli ákvarðast, en þar segir, að þær skuli ákveðnar af gerðardómi, sem skipaður sé þremur mönnum og tilnefni aðilar sinn mann hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefni oddamann, sem er formaður dómsins. Þetta vandamál er leyst í þessu frv. á mjög svipaðan hátt og í öðrum tilfellum, þegar kaupstaður hefur þurft á stækkun lögsagnarumdæmis að halda, og munu báðir aðilar una vel við, að það verði gert á þennan hátt. — Heilbr.- og félmn. hefur því mælt með því einróma, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., 6. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 484, n. 623).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 484, frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.

N. sendi frv. til umsagnar sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu, og hefur hann mælt með samþykkt þess. N. var sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 677).

55. Lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

Á 87. fundi í Ed., 11. maí. var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa [229. mál] (þmfrv., A. 661).

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og grg. þessa frv., sem hér hefur verið lagt fram, ber með sér, þá flytur fjhn. þetta mál að beiðni fjmrh. Efni þess er það að heimila ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, og er gert ráð fyrir því, að hin nýja flugvél, sem keypt verður, sé notuð á flugleiðum innanlands. En eins og kunnugt er, þá eru allmörg fordæmi fyrir því, að hv. Alþingi hefur orðið við beiðnum flugfélaganna beggja um slíka ábyrgð, og hefur venjulega verið, að því er ég bezt veit, samstaða hér á hv. Alþingi um það að verða við slíkum beiðnum.
Það er enn fremur venja, að þingnefndir verði við slíkum beiðnum frá hæstv. ráðherrum um að flytja slík frv., en ég vil taka það fram, að einstakir nm. hafa þó óbundnar hendur um afstöðu til þessa máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 97. fundi í Nd., 12. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Flugfélag Íslands hefur farið þess á leit, að ríkisstj. veiti ábyrgð allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, sem Flugfélagið hugsar sér að kaupa. Er helzt rætt um gerðina, Fokker Friendship, og gert ráð fyrir, að hún kosti með fylgihlutum allt að 40 millj. kr. 80% af þeirri upphæð eru um 32 millj. kr., og er farið fram á það með frv. þessu, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir þeirri upphæð, en fái l. veðrétt í vélinni og fylgifé og að öðru leyti þær tryggingar, sem ríkisstj. metur gildar.
Forstjóri Flugfélags Íslands telur nauðsynlegt, að þessi ábyrgð verði veitt, áður en þessu þingi slítur, og vil ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann greiði fyrir þessu máli hér í hv. deild, ef það nýtur stuðnings hv. dm.
Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr., og ef það fer í n., þá er það vitanlega hv. fjhn., en ég vildi nú mælast til þess, að það verði látið ganga áfram án þess að fara til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 678).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 76. fundi í Sþ., 11. maí, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver þingfl. fær 50 mín. ræðutíma, sem skiptist í 2 umferðir, hin fyrri 25—30 mín., en hin síðari 20—25 mín. Röð flokkanna í báðum umferðum verður þessi: Alþb., Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Ræðumenn verða: Fyrir Alþb. í fyrri umferð Lúðvík Jósefsson, í síðari umferð Geir Gunnarsson. Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Bjarni Benediktsson og Guðlaugur Gíslason, í síðari umferð Bjartmar Guðmundsson og Pétur Sigurðsson. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Eysteinn Jónsson, í síðari umferð Halldór E. Sigurðsson og Páll Þorsteinsson. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Gylfi Þ. Gíslason, í síðari umferð Benedikt Gröndal.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Senn líður að þinglitum. Alþ. hefur setið að störfum í fulla 7 mánuði. Þingstörfin hafa einkennzt af aðgerðaleysi og óvissu, og ég hygg, að fá eða engin dæmi séu um það, að gangur þingmála hafi orðið með slíkum hætti og á þessum vetri. Þingmál, sem lögð voru fram í byrjun þings, í októbermánuði s. l., eru sum ekki komin til nefndar enn þá. Mörg dæmi eru þess, að mál hafi legið 5—6 mán. í n. án afgreiðslu og að mál hafi ekki komizt til 1. umr. fyrr en 3—4 mán. eftir að þau voru lögð fram á þingi.

Þingstörfin fyrir áramót einkenndust að mestu af ástandinu í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Svo að segja allir kaupgjaldssamningar verkalýðsfélaga gengu úr gildi um miðjan október. Ríkisstj. vissi ekki sitt rjúkandi ráð og bað um frest á frest ofan. Síðan flutti hún sitt frægu þvingunarlagafrv. og ætlaði að binda allt kaup með lögum. Á því máli heyktist stj. að lokum og tók upp samninga við verkalýðsfélögin að nýju. Þingstörfin eftir áramót hafa síðan einkennzt af því, að ríkisstj. hefur verið önnum kafin við þá iðju að koma fram verðhækkunum á öllum mögulegum sviðum til þess að ná til baka þeim kjarabótum, sem samið var um í desembermánuði. Engu hefur verið líkara en ríkisstj. væri í kapphlaupi við tímann um að verða örugglega búin að koma fram svo miklum verðhækkunum, áður en kaupsamningarnir renna út í sumar, að dýrtíðin væri búin að eyða allri kauphækkuninni frá í desember. Þetta hefur ríkisstj. tekizt, eins og allir vita.

Sú var tíðin, að núv. hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, átti ekki nógu stór orð um seinagang og aðgerðaleysi á Alþ. Það var á fyrsta þingi vinstri stj., þegar 3 flokkar allósamstæðir í mörgum málum voru að mynda stefnu sína. En nú, þegar Sjálfstfl. og Alþfl. hafa staðið saman um ríkisstj. í samfleytt 5 ár og Alþ. er þó haldið hálfaðgerðarlausu í 7 mán., en ríkisstj. undir forsæti Bjarna Benediktssonar hrökklast stjórnlaust undan vandamálunum, þá heyrist ekki mikið frá honum um seinagang mála á Alþ. og úrræðaleysi ríkisstj.

Á dögum vinstri stj. hneykslaðist Bjarni Benediktsson mjög á því, að ríkisstj. skyldi leyfa sér að ræða við utanþingsaðila um lausn efnahagsmálanna. En hvað er að gerast nú þessa dagana? Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, skyldi þó ekki vera að ræða við utanþingsaðila um lausn efnahagsmála? Hann, sem lýst hafði því yfir, að viðreisnarstj. mundi ekki skipta sér af kaupgjaldssamningum, slík mál væru úrlausnarefni atvinnurekenda og launafólks, hann skyldi þó ekki vera að tala um kaupgjaldssamninga við verkalýðsfélögin? Og það skyldi þó ekki vera, að sá sami Bjarni Benediktsson, sem lýsti því yfir í upphafi viðreisnarinnar, að vísitölugreiðslur á kaupgjald væru stórhættulegar fyrir efnahagskerfið, sé nú að ræða um samninga við utanþingsaðila um að taka á ný upp vísitölutryggingu á kaupi? Reynslan beygir stundum hinar þrjózkustu sálir og kennir þeim að taka tillit til staðreynda.

Viðreisnarstefna núv. ríkisstj. hefur verið reynd í rúm 4 ár. Fullur reynslutími er því fenginn á þessari efnahagsmálastefnu. Viðreisnin skilur eftir sig glögg spor víða í þjóðlífinu. Litum á nokkur dæmi.

Skattheimta ríkisins hefur tekið stórkostlegum breytingum. Árið 1958 voru heildartekjur ríkissjóðs um 914 millj. kr. Á þessu ári verða heildartekjur ríkissjóðs skv. áætlun um 3000

millj. kr. eða hafa hækkað á þessum tíma um 2000 millj., um 2 milljarða króna. Hér er engin smábreyting á ferðinni. Árið 1958 námu allir tollar og söluskattar ríkisins um 550 millj. kr. Nú verður hliðstæð innheimta um 2100 millj. kr. Þannig hafa tollar og söluskattar á almennum varningi margfaldazt. Á þessum árum hafa tollar á lúxusvörum verið lækkaðir, en hins vegar hafa tollar og söluskattar stóraukizt á daglegum lífsnauðsynjum. Beinn tekjuskattur félaga, sem hafa með höndum verzlun eða atvinnurekstur, hefur verið lækkaður, sömuleiðis skattar á hæstu tekjum. En tekjuskattur á miðlungstekjum hefur hækkað með hækkandi verðlagi.

Vísitala vöru og þjónustu hefur á 4 viðreisnarárum hækkað um 84%, og þó eiga enn eftir að koma inn í vísitöluna 9 vísitölustig vegna verðhækkana og skattahækkana, sem orðnar eru. Þegar sú hækkun vísitölu verður komin fram, hefur meðaltalshækkun á öllum vörum og þjónustu hækkað í tíð viðreisnarstj. um 93%. Það þarf langt að leita til þess að finna hliðstæða dýrtíðarhækkun í nokkru landi. Vísitala matvöru hefur þó hækkað enn þá meira en meðalhækkun vöruverðs, og sýnir það út af fyrir sig, að hverju ríkisstj. hefur stefnt.

Spor viðreisnarinnar í húsnæðismálum sýna ekki síður glögga mynd af stefnu þeirra viðreisnarmanna. Fyrstu ár viðreisnarinnar drógust íbúðabyggingar verulega saman. Húsnæðisvandræði hafa því aukizt og braskarar hækkað íbúðaverðið til viðbótar við sífellt hækkandi byggingarkostnað. Meðalstór íbúð, um 350 m², hefur hækkað í verði, frá því að viðreisnin hófst, um 238 þús. kr., miðað við byggingarvísitölu hagstofunnar. Hækkun byggingarkostnaðarins er því miklu meiri en sem nemur hámarkslánum húsnæðismálastjórnar. Þannig er viðreisnin í húsnæðismálunum.

Viðreisnarstj. boðaði verzlunarfrelsi. Það hefur komið fram í því, að fjöldamargar vörutegundir, sem áður voru háðar verðlagsákvæðum, hafa nú verið undanþegnar slíkum ákvæðum og álagning á þær gefin frjáls. Og álagningin hefur að sjálfsögðu stórhækkað. Áhrif verzlunarfrelsisins birtast svo í verzlunarstórhýsunum, sem sprottið hafa upp við Laugaveginn í Reykjavík og á ýmsum öðrum stöðum.

Í peningamálum hefur viðreisnarstefnan skapað lánsfjárkreppu með innilokun sparifjár í Seðlabankanum og sívaxandi verðbólgu. Hún hefur svelgt fjármagn bankakerfisins í vaxandi mæli til verzlunarinnar, en frá sjávarútvegi og landbúnaði. Skýrslur Seðlabankans sýna, að á s. l. 4 árum hefur útlánaaukning bankakerfisins orðið til sjávarútvegs og landbúnaðar samanlagt um 338.4 millj. kr., en á sama tíma varð útlánaaukningin til verzlunarinnar um 587.9 millj. kr.

Spor viðreisnarinnar segja víða til sín. Þau eru flest í sömu átt. Þau bera vitni um ákveðna stefnu, stefnu, sem miðar að því að auka frjálsræði og gróðamöguleika milliliða og hinna efnameiri í þjóðfélaginu, en færa byrðarnar í auknum mæli yfir á herðar almennings. Og nú eftir 4 ára viðreisn er svo komið, að ríkisstj. stynur undan aðsteðjandi erfiðleikum í efnahagsmálum landsins, eins og það er orðað.

Enn er talað um efnahagsvandamál, um erfiðleika og hættur í efnahagsmálunum, og ríkisstj. verður jafnvel að útvega sér lagaheimild til að fresta nauðsynlegustu framkvæmdum ríkisins vegna hins alvarlega ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hvaða erfiðleikar eru þetta? Hver er þessi mikli vandi eftir alla viðreisnina? Hefur árferðið undanfarin ár ekki verið með ágætum? Hefur þjóðarframleiðslan ekki stóraukizt? Er það ekki staðreynd, að framleiðsla landbúnaðarins hefur farið stórum vaxandi á ári hverju nú um skeið þrátt fyrir fækkun þeirra, sem að landbúnaði starfa? Hefur iðnaðurinn ekki skilað árlegri framleiðsluaukningu? Og hefur sjávaraflinn ekki orðið meiri en nokkru sinni fyrr? Árið 1961 varð metafli við sjóinn. Aflinn óx um 23.6% frá árinu áður. Árið 1962 óx sjávaraflinn enn um 21%. Í dag er lokadagur vetrarvertíðar, 11. maí. Nú er að ljúka einni fengsælustu vertíð, sem menn muna. Öll eldri aflamet hafa verið slegin, og þó má fyllilega búast við, að þessi nýju met standi ekki nema þetta ár. Og það er ekki aðeins framleiðslan, sem hefur aukizt. Markaðir fyrir útfluttar vörur hafa verið góðir, og útflutningsverðið hefur hækkað á hverju ári síðan 1960. Þjóðartekjurnar hafa sem sagt vaxið stórlega. Hvað er eiginlega að í okkar efnahagsmálum? Hvers vegna er ríkisstj. í þessum mikla vanda? Hvers vegna er viðreisnarstefnan komin í mát? Hjá öðrum þjóðum eru efnahagsvandamál tengd við stöðnun í framleiðslu eða minnkandi framleiðslu. Þar veldur illt árferði erfiðleikum, t. d. uppskerubrestur af völdum óhagstæðrar baráttu. Sums staðar hafa markaðir brugðizt eða verðlag á útflutningsvörum fallið. Hér snýr þetta allt þveröfugt við. Hér virðist árferðið vera of gott, markaðir of góðir og þó sérstaklega framleiðslan allt of mikil. Okkar efnahagskerfi virðist blátt áfram ekki þola þetta meðlæti.

En í hverju eru okkar efnahagserfiðleikar þá fólgnir? Þeir eru fólgnir í deilu um skiptingu þjóðarteknanna. Viðreisnarstjórnin hefur í full 4 ár stritazt við að minnka hlut launastéttanna í þjóðartekjunum þrátt fyrir vaxandi framleiðslu. Núv. stjórnarfl. hófu þennan leik strax í ársbyrjun 1959. Þá lækkuðu þeir allt umsamið kaup með lögum. Síðan skelltu þeir á gengislækkuninni miklu í febrúar 1960. Fram á mitt árið 1961 eða í 2½ ár tókst stjórnarflokkunum aðallega með hækkandi verðlagi að lækka kaupmátt launa um 23%. Þegar verkalýðshreyfingin knúði fram 11—12% kauphækkun í júnímánuði 1961 til þess að vega nokkuð upp á móti verðhækkunarstefnu ríkisstj., þá brá viðreisnarstjórnin hart við og lækkaði gengi krónunnar enn á ný og skellti yfir landsmenn nýju dýrtíðarflóði. Síðan hafa launþegasamtökin nokkrum sinum reynt að rétta hlut sinn með kauphækkunum, en ríkisstj.

hefur jafnan verið snör í snúningum í slíkum tilfellum og séð um, að verðlagið hækkaði alltaf nokkru meira en kauphækkunum nam. Þannig hefur viðreisnarstj. tekizt á s. l. 4 árum með tveimur gengislækkunum, með vaxtahækkun, með stórhækkun söluskatts, með álagningarhækkunum og ýmsum nýjum álögum að hækka vöruverð og þjónustu í landinu skv. vísitölu um 93%, á sama tíma sem almennt kaupgjald verkamanna hefur aðeins hækkað um 55%. Það er þetta verðhækkunarstríð ríkisstj., sem skapað hefur þann vanda, sem við er að glíma í dag í efnahagsmálum þjóðarinnar. Sú ríkisstj., sem fyrir 4 árum ætlaði að bjarga efnahagsmálum þjóðarinnar með gengislækkunum, talar nú um, að forða verði þjóðinni framvegis frá slíkum bjargráðum. Sú stjórn, sem fyrir 4 árum neitaði með hroka öllu samstarfi við launþega landsins, verður nú að taka upp samninga við þá. Sú stjórn, sem ætlaði að breyta tekjuskiptingunni í landinu með banni á vísitölugreiðslu á kaup og sífelldum verðhækkunum síðan, stendur nú ráðþrota frammi fyrir sinni eigin dýrtíðar- og verðbólgustefnu. Dýrtíðin á Íslandi er ekkert óskiljanlegt undur. Hún hefur orðið til samkv. ákvörðun ríkisstj. sjálfrar og sérfræðinga hennar í efnahagsmálum. Dýrtíðinni hefur verið beitt af ríkisstj. sem vopni í deilunni um skiptingu þjóðarteknanna. Og nú er þetta vopn að snúast í hendi ríkisstj. og verður líklega hennar banabiti.

Dæmið um það, sem gerðist í þessum málum í vetur, eftir að samið hafði verið um 15% launahækkun verkafólki til handa, sýnir ljóslega, hvernig ríkisstj. hefur beitt dýrtíðarvopninu. Fyrsta verk ríkisstj. eftir áramótin var að leggja á nýjan söluskatt, sem áætlað er að nemi um 360 millj. kr. á ári. Um þennan söluskatt sagði forsrh., Bjarni Benediktsson, að nauðsynlegt væri að leyfa afleiðingum kauphækkunarinnar að koma sem skýrast fram, svo að almenningur lærði af reynslunni, hvað kauphækkanirnar þýddu. Tilgangurinn með skattinum var augljós. Söluskatturinn hlaut að leiða af sér almenna verðlagshækkun, því að hann var lagður jafnt á brýnustu lífsnauðsynjar sem óþarfavarning. Aðeins hluti af þessum söluskatti átti að renna til útflutningsatvinnuveganna, en mikill hluti hans átti að fara í greiðslur, sem ríkissjóður hafði áður borið. Engin þörf var að leggja á þennan skatt, þar sem afkoma ríkissjóðs var mjög hagstæð. Næst á eftir söluskattinum ákvað svo ríkisstj. að leyfa almenna, stórfellda hækkun á verzlunarálagningu. Sú álagningarhækkun nam 4—14% verðlagshækkunum og mun sennilega valda um 600—700 millj. kr. verðhækkun, þegar öll kurl eru komin til grafar. Þetta gerði ríkisstj., eftir að hún hafði gefið öll flutningsgjöld skipafélaga frjáls og þar með heimilað stórfellda hækkun á frögtum. Síðan dundu yfir hvers konar verðhækkanir, á rafmagni, hita, fargjöldum, sjúkrasamlagsgjöldum, o. fl. Afleiðingarnar létu ekki standa á sér. Vísitala vöru og þjónustu var 166 stig í desembermánuði, áður en kaupið er hækkað um 15%. En nú er sama vísitala 184 stig og hefur hækkað um 18 stig, og upplýst er, að 9 stig eigi enn eftir að koma fram, og nemur þá hækkun vísitölunnar, þegar allt er fram komið, 27 stigum. Þannig virðist ríkisstj. munu ná settu marki um það að hafa komið fram meiri hækkun verðlags en sem nemur 15% kauphækkuninni og það áður en næstu samningar verða gerðir. Ríkisstj. og málgögn hennar hafa svo margsinnis tekið það fram, að þegar allar verðhækkanirnar væru komnar fram, þegar, eins og Morgunblaðið og Vísir hafa orðað það, búið væri að fara hringinn, þá væri fyrst kominn tími til að semja um stöðvun á öllum kauphækkunum. Þannig hefur dýrtíðin verið notuð sem vopn gegn launþegum landsins.

Viðreisnarstefnan hefur engan þátt átt í hinu hagstæða framleiðsluárferði. Hún hefur þvert á móti verið andstæð framleiðsluatvinnuvegunum. Höfundar viðreisnarinnar hafa beinlínis sett upp hundshaus gegn vaxandi framleiðslu og talað um, að vaxandi framleiðsla raskaði jafnvæginu í efnahagsmálunum. Höfundar viðreisnarinnar voru ekki sérlega hrifnir, þegar grundvöllurinn var lagður í tíð vinstri stjórnarinnar að stóraukinni framleiðslu sjávarútvegsins. Þá voru fyrstu stálfiskibátarnir keyptir frá Noregi og fiskibátaflotinn færður upp á hærra framleiðslustig. Þá voru gerðar fyrstu umtalsverðu tilraunirnar til þess að veiða Suðurlandssíldina í hringnót með kraftblökk. Hinum nýju og stækkuðu fiskiskipum tóku viðreisnarforkólfarnir þannig, að þeir sáu ekki annað en hækkandi erlendar skuldir, sem stöfuðu af öllum þessum bátakaupum, og þeir töluðu um, að allar þessar skuldir stefndu afkomu þjóðarinnar í beinan voða. Og til þess að kóróna viðsýni sína og trú á íslenzkum sjávarútvegi létu þeir viðreisnarmenn Davíð Ólafsson fiskimálastjóra og nokkra aðra ihaldsþm. flytja till. á Alþingi um það, að hinir nýkeyptu 150—250 rúml. fiskibátar yrðu sendir á tilraunaveiðar suður til Afríkustranda, þar sem fyrirsjáanlegt væri, að þessi dýru skip gætu ekki borið sig á veiðum hér við land, eins og það hét í grg. Þetta er ekki gamansaga. Þetta er heilagur sannleikur. Till. um þetta efni fluttu þessir viðreisnarþm. á Alþingi Íslendinga.

Grundvöllurinn að hinum nýja og stækkaða fiskibátaflota lagði vinstri stjórnin. Hinar miklu veiðar árin 1961 og 1962 brutu síðan niður allar hömlur viðreisnarinnar og ruddu brautina fyrir áframhaldandi stækkun bátaflotans. Og hvernig var með stækkun landhelginnar 1958, hið þýðingarmesta spor, sem stigið hefur verið til aukningar í sjávarútvegi landsins? Hvar stóðu þeir viðreisnarmenn þá? Foringjar Sjálfstfl. voru á móti stækkuninni. Núv. formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh. Bjarni Benediktsson, beitti öllu afli sínu til þess að koma í veg fyrir útfærsluna 1958. Hann lagði til í blaði sínu, Morgunblaðinu, nokkrum dögum

áður en stækkun átti að taka gildi, að horfið yrði frá útfærslunni og samningar teknir upp við NATO um málið, þó að fyrir lægi, að NATO vildi einungis semja um réttindi Vestur-Evrópulanda til áframhaldandi fiskveiða í íslenzkri landhelgi. Og allir muna, að Alþfl.-ráðh. voru nauðugir dregnir með, þegar stækkunin var gerð. Og svo ætla þeir menn, sem nauðugir voru dregnir með eða stóðu eins og staðir hestar, þegar stækkunin fór fram, að telja Íslendingum trú um, að það hafi verið þeir, sem leystu landhelgismálið. Svo langt ganga þessir menn, að þeir ætla sér þá dul að telja landsmönnum trú um, að það hafi verið, þegar þeir gerðu undansláttarsamninginn við Breta og heimiluðu þeim veiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi í 3 ár og sömdu jafnframt um það, að Íslendingar mættu aldrei framar breyta fiskveiðilandhelgi sinni nema með leyfi Breta eða erlends dómstóls, — að það hafi verið þá, sem Íslendingar unnu sigur í landhelgismálinu. Sigur Íslands í landhelgismálinu var fólginn í stækkun landhelginnar, en ekki í undanþágum eða frambúðar réttindaafsali. Það er 12 mílna landhelgin frá 1958, frá vinstristjórnartímabilinu, sem nú í dag er einn megingrundvöllurinn undir vaxandi fiskveiðum og stórvaxandi þjóðarframleiðslu.

Það breytir engu um þessar staðreyndir, þó að Davíð Ólafsson hafi verið sendur í seinustu útvarpsumr. til þess að flytja þann boðskap, að ég hafi í rauninni aldrei kært mig um stækkun landhelginnar, heldur hafi aðeins vakað fyrir mér að ná mér niðri á NATO? Þennan boðskap, sem reyndar er sá sami, sem Bjarni Benediktsson hefur endurtekið nokkrum sinnum í Morgunblaðinu að undanförnu, er svo reynt að gera sennilegri með því að vitna í ameríska blaðasnáp, sem á hafa talað við mig í Genf 1960 og gefið hefur út bók um landhelgismálið. Bók þessa Ameríkumanns er furðuleg á marga vegu. Meginefni bókarinnar á að sýna það, að almenningur á Íslandi hafi ekkert kært sig um stækkun landhelginnar, heldur hafi stækkunin einvörðungu verið sprottin af áhuga pólitíkusa. Fullyrðing þessa Ameríkumanns um viðtalið við mig er álíka mikill sannleikur og þessi kenning um áhugaleysi almennings fyrir stækkun landhelginnar. Svo ómerkileg eru ummæli þessa Ameríkumanns, sem þeir Bjarni Benediktsson og Davíð Ólafsson reyna að nota til árása á mig, að í annarri setningunni, sem hann hefur eftir mér, segir hann, að ég hafi miðað till. mínar um stækkun landhelginnar við það að skaða NATO, en í hinni segir hann, að Alþb. hafi ekki lagt til 12 mílur til þess að skaða NATO, en það hafi glatt Alþb., að stækkunin skyldi leiða slíkt af sér. Þeir Bjarni Benediktsson og Davíð Ólafsson vita vel, að ég átti á sínum tíma viðtöl við tugi erlendra blaðamanna og útvarpsmanna um landhelgismálið. Þeir vita líka vel, m. a. vegna þess að mörg þeirra viðtala birtust einnig í Morgunblaðinu, að ég taldi alltaf fjarstæðu að blanda saman nauðsynlegri stækkun íslenzku fiskveiðilandhelginnar og afstöðunni til NATO. Þetta kemur líka fram í bók þessa Ameríkumanns. Fyrir mér og okkur Alþb.-mönnum var stækkun landhelginnar aðalatriði þessa máls. Við trúðum á framtíðarmöguleika íslenzkra fiskveiða, ef fiskimiðin yrðu okkar einna. Við trúðum á tækni og framfarir og á það, að fiskimiðin við landið væru dýrmætustu efnahagsfjársjóðir þjóðarinnar.

Sjónarmið þeirra viðreisnarmanna hefur verið algerlega andstætt sjónarmiðum okkar. Þeir hafa gefið upp trúna á okkar aðalatvinnuvegi. Ég skal nefna hér dæmi úr ummælum þriggja forustumanna viðreisnarinnar, sem sanna þetta.

Í ræðu, sem Jónas Haralz flutti á ráðstefnu verkfræðinga, komst hann m. a. þannig að orði, orðrétt: „Vegna þeirra aðstæðna, sem ég hef hér nefnt, má ekki gera ráð fyrir, að framleiðsla sjávarútvegsins, fiskveiða og fiskvinnslu, aukist samanlagt meira en 4.5% árlega að meðaltali á næstu árum.“ Um landbúnaðinn sagði Jónas: „Í allra hæsta lagi má gera ráð fyrir, að landbúnaðarframleiðslan aukist á næstu árum um 3% árlega.“ Og ályktunarorð Jónasar Haralz voru síðan þessi orðrétt: „Ég hef reynt að sýna fram á, að þær atvinnugreinar, sem hingað til hafa verið meginstoðir þjóðarbúskaparins, landbúnaður, sjávarútvegur og framleiðsla iðnaðarvöru fyrir innlendan markað, veiti ekki á næstu árum nægilegt svigrúm til þess vaxtar þjóðarframleiðslu, sem æskilegur er. Til þess að sá vöxtur geti átt sér stað, verður að fara nýjar leiðir.“

Jóhannes Nordal bankastjóri sagði í viðtali við blaðið Börsen í Kaupmannahöfn 23. marz 1962 um ráðgerðar stóriðjuframkvæmdir Íslendinga: „Ein aðalástæðan fyrir þessum ráðagerðum er sú, að íslenzkur sjávarútvegur er ekki talinn geta aukið útflutningstekjur sínar nema um 5% í hæsta lagi á ári næstu ár, og slík tekjuaukning hjá aðalatvinnuvegi landsmanna nægir ekki til að tryggja með góðu móti bætt lífskjör og velmegun í landinu. Íslendingar verða því að leita annarra möguleika til að auka útflutningstekjur sínar.“

Og nú á þessu ári sagði Bjarni Benediktsson forsrh. við setningu þings ungra sjálfstæðismanna samkv. frásögn stjórnarblaðsins Vísis, orðrétt tekið upp: „Með stóriðju skapast traust og festa í efnahagslífinu. Ráðh. kvaðst efast um, að nokkurt annað sjálfstætt ríki byggi velgengi sína á jafnótraustum grundvelli og fiski, sem syndir um hafdjúpin.“

Þessi og önnur ummæli viðreisnarmanna sýna vel ótrú þeirra á sjávarútvegi og landbúnaði og uppgjöf þeirra á að fást við efnahagsvandamálin á raunhæfum grundvelli. Þeir vilja flýja á náðir þess, sem þeir þekkja ekki, og helzt af öllu fá útlendingum í hendur atvinnulíf landsins.

Auðvitað þarf ekki að taka það fram, að útreikningar þeirra Jónasar Haralz og Jóhannesar Nordals um framleiðslumöguleika sjávarútvegs og landbúnaðar hafa gersamlega hrunið til

grunna fyrir staðreyndum reynslunnar. Á fyrsta ári, eftir að útreikningarnir voru gerðir um 4.5%—5% hámarksaukningu sjávaraflans, jókst aflinn um 23.6% og á næsta ári á eftir um 21%, og auk þessa hækkaði svo útflutningsverð vörunnar, og enn eykst aflinn og verðmæti hans.

Vandamál íslenzkra efnahagsmála er ekki fólgið í því, að atvinnuvegir okkar séu úreltir eða ófullnægjandi. Þau eru ekki fólgin í því, að þjóðartekjur okkar á mann séu lágar. Þvert á móti munu þjóðartekjur okkar á hvert höfuð vera með þeim hæstu í Evrópu. Vandamál okkar efnahagsmála er að rekja til rangrar efnahagsmálastefnu, til stefnu, sem óhjákvæmilega leiðir af sér innanlandsdýrtíð og síðan verkföll og framleiðslustöðvanir. Ríkisstj. landsins verður að hætta hernaði sínum á hendur vinnandi fólki í landinu. Það þarf að taka upp nýja stefnu í efnahagsmálum. Það, sem nú þarf að gera og mest er aðkallandi, er þetta: 1) Gera þarf samkomulag við launastéttirnar um réttlátar kjarabætur vegna dýrtíðarinnar, kjarabætur, sem fá að standa án nýrra verðhækkana. 2) Semja á um verðtryggingu á kaupi og kauphækkun í áföngum og tryggja þannig kaupgjaldssamninga til lengri tíma, helzt ekki minna en tveggja ára. 3) Reynt sé að ná samkomulagi milli ríkisvalds, atvinnurekenda og launþega um stöðvun verðbólgunnar. 4) Samið verði um framkvæmd á styttingu vinnudagsins með óskertu kaupi. 5) Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum í stað stjórnleysis, sem nú ríkir á fjárfestingu, á innflutningi og á útflutningi. 6) Ráðstafanir séu gerðar til lækkunar vöruverðs og þjónustu, m. a. með lækkun tolla og afnámi söluskatts á nauðsynlegustu vörum. Jafnframt verði tekið upp öflugt verðlagseftirlit í stað þess, sem lagt hefur verið niður að mestu. 7) Gert verði stórátak í húsnæðismálum almennings með lækkun vaxta á íbúðarlánum, lengingu lánstíma, stuðningi við byggingar á félagslegum grundvelli og verulegri fjáröflun til húsnæðismálalána. 8) Gerðar verði ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegunum, til þess m. a. að gera þeim kleift að standa undir óhjákvæmilegum kauphækkunum. Þannig verði vextir lækkaðir, stofnlánakjör bætt, útflutningsgjald lækkað og dregið úr milliliðakostnaði, með því m. a., að ríkið taki í sínar hendur vátryggingarstarfsemi og olíuverzlun. Í landbúnaðarmálum verði gert stórátak af hálfu ríkisins til þess að leysa vandamál smábúanna með óafturkræfu fjárframlagi. Jafnframt verði skipulega unnið að auknum félagsbúskap með hærri stofnlánum og styrkjum til slíks búrekstrar. 9) Lögð verði megináherzla á að treysta sem bezt aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg, landbúnað og iðnað, og þess jafnan gætt, að atvinnutæki landsins séu í eigu landsmanna einna.

Um þessi atriði þarf að skapast víðtæk samstaða, — samstaða, sem grundvölluð er á samstarfi við launastéttirnar, burðarásinn í íslenzku þjóðfélagi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Menn hafa heyrt nokkuð af öfugmælum og köpuryrðum hv. stjórnarandstæðinga. Um þau þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Allur almenningur hefur lært að meta ásakanir stjórnarandstæðinga með varúð og draga því meira frá sem gífuryrðin verða stærri. Um þetta báru úrslit kosninganna á s. l. sumri glöggt vitni. Núv. stjórnarflokkar hlutu þá ótvíræða traustsyfirlýsingu kjósenda til áframhaldandi samstarfs um stjórn landsins. Ríkisstj. fékk aukið fylgi kjósenda, vegna þess að þeir töldu, að ásökunarefnin gegn henni hefðu ekki við rök að styðjast, eða a. m. k. meira væri vert um það, sem vel hefði tekizt, en hitt, er miður hefði farið.

Ári síðar minnast jafnvel sjálfir stjórnarandstæðingar lítt eða ekki á ýmis þau atriði, sem þeir þá þrástöguðust á til áfellis stjórninni. Glumrugangurinn út af Efnahagsbandalaginu er t. d. ólíkt lægri nú en fyrir ári. Allt, sem stjórnin sagði um það mál, hefur reynzt rétt, en getsakir stjórnarandstæðinganna tilhæfulausar. Sama máli gegnir um landhelgissamninginn við Breta. Nú varð hv. þm. Lúðvík Jósefsson að eyða verulegum hluta ræðu sinnar til þess að verja sín eigin afglöp í þessu máli. Eða öll lætin út af brezka togaranum Milwood. Hver heyrir framar á hann minnzt eða man nú, að fullyrt var, að meðferð þess máls mundi leiða til þess, að ágengni erlendra togara mundi stóraukast. Reynslan hefur feykt blekkingunum á burtu og dómgreind kjósenda sannazt að vera heilbrigð.

Fullyrðingar um síversnandi lífskjör almennings urðu og máttlausar, vegna þess að allur fjöldinn vissi allt annað af eigin raun. Ekkert talnamoldviðri megnar að slá menn slíkri blindu, að þeir sjái ekki, að aldrei hafa jafnmargir búið við jafngóð kjör hér á landi eins og nú. Þúsundir ferðalanga, sem nú fara árlega til annarra landa, sjá með eigin augum, að óvíða líður almenningi betur en hér. Auðvitað er hér mörgu ábótavant. Hvarvetna í mannheimi amar eitthvað að. Aðalmeinsemd okkar nú, eins og allan síðasta aldarfjórðung, er verðbólgan. Engin tilraun hefur verið gerð til þess af hálfu ríkisstj. að draga dul á tilveru þeirrar meinsemdar eða á hættuna af henni. Fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, gerði hana einmitt að aðalumræðuefni í ræðu sinni í árslok 1962, og sjálfur ræddi ég þennan vanda á landsfundi Sjálfstfl. í apríl 1963 og sagði þá m. a.:

„Að sjálfsögðu bitnar það jafnt á allra flokka mönnum í hinum miklu almannasamtökum, ef þeim er beitt til að efla verðbólgu, auka dýrtíð og torvelda löglega lýðræðisstjórn í landinu. Verðbólgumeinið verður vafalaust seinlæknað, meðan vald þessara miklu samtaka er notað heilbrigðum stjórnarháttum til hindrunar. Hitt yrði þó enn skaðlegra, ef látið yrði undan ofbeldinu og meiri hl. þjóðarinnar kúgaður til að láta af stefnu sinni. Slíkt má aldrei verða."

Þetta sagði ég fyrir ári.

Í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur meiri hluti kjósenda að ráða stefnunni, en Alþingi og ríkisstj. ber að taka hæfilegt tillit til hinna miklu almenningssamtaka í landinu. Enn hefur okkur Íslendingum ekki tekizt að rata í þessu hið rétta meðalhóf.

Við skulum hreinskilnislega játa, að ein af orsökum þess, hversu erfitt hefur reynzt að ráða við verðbólguna, er, að allt of margir, sem í orði kveðnu eru henni andvígir, óttast hana þó ekki í hjarta sínu og stuðla að henni með gerðum sínum. Jafnvel ýmsir, sem hafa andúð á öllu braski, ímynda sér, að þeir geti komizt yfir eignir, t. d. húsnæði handa sjálfum sér, með þessu móti. Aðrir kjósa verðbólguna fremur en atvinnuleysi, sem sárlega bitnaði á mönnum á árunum 1930—1940 vegna þeirrar stefnu í efnahagsmálum, sem þá var fylgt og þeir umfram allt vilja forðast. En langvinn vaxandi verðbólga, slík og við eigum við að búa, horfir almenningi sízt til góðs. Hún eykur mun á fátækum og ríkum og gefur þeim, sem óprúttnir eru, færi á að afla sér óverðskuldaðra fjármuna. Ef svo fer fram, hlýtur, áður en yfir lýkur, ranglætið, sem af verðbólgunni stafar, að leiða til endurmats á eignum og skuldum, er komi í veg fyrir slíka óheilbrigða gróðamyndun. Eftir standa þá erfiðleikar, sem atvinnurekstur í landinu hefur hlotið af verðbólgunni, erfiðleikar, sem áður en varir geta leitt til atvinnuleysis og örbirgðar, einmitt þess, sem allir vilja umfram allt forðast.

Í sjálfu sér skiptir ekki öllu máli, hvort menn segja, að verðlagshækkanir eða kauphækkanir ráði meira um vöxt verðbólgunnar. Aðalatriðið er, að hér er um víxláhrif að ræða. Ef kauphækkanir fara fram úr raunverulegri greiðslugetu atvinnuvega og eru ekki í samræmi við vöxt þjóðartekna, hljóta þær að leiða til verðlagshækkana, og verðlagshækkanir ýta mjög á eftir kauphækkunum. Þegar kauphækkanir voru umsamdar í desember s. l., var þegar á það bent, að þeim hlytu að fylgja margs konar verðlagshækkanir. Þetta var að mestu hægt að reikna út fyrir fram, þó að stjórnarandstæðingar virtust þá hafa furðulega litinn áhuga á að kynna sér hina fyrirsjáanlegu þróun.

Mönnum blöskra að vonum verðlagshækkanirnar, sem urðu á árinu 1963 og það sem af er þessu ári. Þess vegna er fróðlegt fyrir alla að kynna sér orsakir þessara hækkana. Ég hef með höndum áætlun um skiptingu vísitölu-hækkunar eftir orsökum frá 1. jan. 1963 til 1. apríl 1964, sem samin er af hagstofunni. Þessi áætlun hljóðar svo:

„Hækkun fob.-verðs á kaffi og sykri er 3.1 stig. Niðurfelling niðurgreiðslu á kaffi, fóðurbæti og áburði gerir 0.6 stig. Hækkun söluskatts úr 3% í 5½% gerir 2.3 stig. Hækkun tekjuskatts, útsvars, almannatryggingagjalds og sjúkrasamlagsgjalds og lækkun fjölskyldubóta úr 3077 kr. í 3000 kr. gera 3.9 stig. Hækkun prósentuálagningar vegna launahækkana o. fl. gerir 1 stig. Hækkun fiskverðs gerir 1.1 stig. Hækkun á áfengi og tóbaki gerir 0.8 stig. Stéttarfélagsgjöld gera 0.5 stig. Hækkun landbúnaðarvöruverðs vegna hækkunar á tekjum atvinnustétta gerir 2.3 stig. Almennar launahækkanir gera 14 stig. Ýmislegt (lagfæringar á verðlagsgrundvelli, ýmsar verðlagshækkanir, sem ekki er hægt að rekja beint til launahækkana, hækkun benzínverðs, hækkun á fragt, leiðréttingu á húsnæðislið og ýmsar aðrar hækkanir, frá dregst lækkun á tollum o. fl.) gerir samtals 3.7 stig. Samtals gerir þetta 33.3 stig. — Þetta var áætlun hagstofunnar.

Af öllum þeim orsökum, sem hagstofan telur, ber almennar launahækkanir langhæst eða beinlínis 14 stig af 33. En hækkanir kauptaxta eða tekna eru bein eða óbein orsök hækkana margra annarra liða. Þannig stafar hækkun tekjuskatts og útsvars ekki af hækkuðum skattstigum, heldur af meiri tekjum skattgreiðenda á árinu 1962 en á árinu 1961. En þær vaxandi tekjur eiga á hinn bóginn rót sína að rekja sumpart til góðærisins 1962 og sumpart til kauphækkana á því ári. Hækkun almannatryggingagjalds og sjúkrasamlagsgjalds stafar beinlínis af kauphækkunum. Kauphækkanir á s. l. ári gerðu hækkun söluskatts úr 3% í 5½% óumflýjanlega. Þær eru því óbein orsök þeirrar verðhækkunar, sem hækkun söluskattsins leiddi af sér. Svipuðu máli gegnir um ýmsa aðra liði, svo sem hækkun prósentuálagningar, hækkun fiskverðs, hækkun stéttarfélagsgjalda og hækkun farmgjalda í millilandasiglingum o. fl. Að baki allra þessara hækkana liggja kauphækkanir, ef ekki að öllu, þá að langmestu leyti. Loks hefur sú tekjuhækkun, sem varð á árinu 1962 umfram hækkun kauptaxta, leitt til hækkunar á verði landbúnaðarafurða um 2.3 stig. Hækkanir þeirra liða, sem ég hef nú nefnt, nema samtals um 12 stigum, er koma til viðbótar þeim 14 stigum, sem áður eru nefnd og beinlínis voru almennar launahækkanir. Þá eru eftir um 7 stig af 33 stiga hækkuninni, sem ekki verða rakin beint eða óbeint til hækkunar kauptaxta eða tekna, nema þá að litlu leyti. Hverjar eru orsakir þessarar 7 stiga hækkunar? Þær eru ýmsar og flestar þess eðlis, að stjórnarvöldin hafa ekki getað haft tök á að ráða við þær. Hækkun á fob.-verði kaffis og sykurs hefur t. d. valdið 3 stiga hækkun og lagfæringar á verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða 1—1½ stigs hækkun.

Allt er þetta saman slungið, en víxláhrifin eru greinileg. En óumdeilanlegt er, hvílíka úrslitaþýðingu sjálfar kauphækkanirnar hafa, hvernig þær, áður en varir, eyða þeim ávinningi, sem ætlað var að ná.

Þeir, sem ásaka ríkisstj. fyrir þessar verðlagshækkanir, verða að svara nokkrum spurningum. Telja þeir hlut bænda nú vera of mikinn? Ef svo, hverjar ráðstafanir vilja þeir gera til að rýra hann? Er það rétt, að kaupmenn og kaupfélög, þ. á m. KRON, hafi lagt fram óyggjandi gögn fyrir, að álagning hafi verið orðin of lág? Er það rangt, að fulltrúar Framsfl. hafi nú í vetur í verðlagsnefnd lagt til, að

álagning yrði hækkuð meira en fulltrúar stjórnarflokkanna samþykktu? Hverjir telja það horfa til heilla fyrir sjómenn, verkamenn og íslenzku þjóðina í heild, að alþjóðarfyrirtæki eins og Eimskipafélag Íslands sé látið hanga á horrim vegna ranglátra farmgjaldsákvarðana og þar með hindrað í eðlilegri endurnýjun skipastólsins? Hverjir voru það, sem á s. l. ári töldu tilboð ríkisstj. um launahækkun opinberra starfsmanna allt of lágt? Og hverjir voru það, sem býsnuðust yfir, að þeir skyldu ekki enn fá hækkanir með úrskurði kjaradóms um mánaðamótin marz—apríl? Kemur nokkrum til hugar, að hægt sé að greiða hundruð millj. í auknar kaupgreiðslur opinberra starfsmanna, án þess að opinberir sjóðir fái einhvers staðar að fé til þess?

Þeir, sem halda því fram, að atvinnurekendur og ríkissjóður hefðu getað tekið á sig kauphækkanir, án þess að þær kæmu fram í verðlagi og sköttum, verða að svara þessum spurningum og raunar ýmsum fleiri. Hugleiðum aðeins hækkun söluskattsins. Ef ríkissjóður hefði ekki þurft að taka á sig auknar byrðar vegna launa opinberra starfsmanna og greiðslna úr almannatryggingum, er leiddi af almennum launahækkunum, hefði ekki þurft að hækka hann eins og gert var. Úr því sem komið var, varð það ekki umflúið, ef veita átti sjávarútveginum þá aðstoð, sem var óhjákvæmileg afleiðing kauphækkananna í desember og stjórnarandstæðingar töldu þá of litla, þótt þeir væru andvígir hækkun söluskattsins, af því að þeir sögðu ærna fjármuni fyrir hendi í ríkissjóði. Alveg samtímis voru þeir hins vegar alveg eindregnir fylgismenn þess að leggja á nýjan skatt til aukinna vegaframkvæmda. Þar var um að ræða ópólitískt mál, sem allir töldu sér hag af að styðja. Þá blindaði pólitískt ofstæki stjórnarandstæðinga ekki fyrir þeirri staðreynd, að úr ríkissjóði verður ekki goldið fé, nema þess sé áður í hann aflað.

En látum þetta allt vera. Afleiðingar verðbólgunnar eru hinar sömu, hvort sem menn telja, að hún eigi fremur rætur sínar að rekja til vöruverðshækkana eða kauphækkana. Óvissan og vandræðin, sem af henni stafa, bitna hvort heldur er jafnt á öllum almenningi. Verkamenn dæma sjálfir um það, hvert gagn þeir hafa af kaupdeilum, verkföllum og kauphækkunum, sem áður en varir eyðast að mestu eða öllu. Atvinnurekendur segja til um, hver áhrif hefur á athafnir og framkvæmdir, að aldrei er hægt að gera áætlanir fyrir fram, meðan ný og ný verkföll skella á áður en varir með stórkostlega auknum tilkostnaði. Sjálfur þekki ég, hverjir erfiðleikar eru á stjórnarframkvæmd, meðan svo stendur. Megintími bæði ríkisstj. og margra aðstoðarmanna hennar fer í að reyna að leysa úr daglegum vandamálum, afstýra atvinnustöðvun og yfirvofandi öngþveiti. Allt of lítill tími gefst til að sinna þeim verkefnum, sem varanlega þýðingu hafa og öllum mundu verða til góðs, ef stjórnvöldin, hver sem þau eru á hverjum tíma, gætu gefið sig að þeim.

Tökum t. d. framkvæmdaáætlunina, sem allir hafa bundið miklar vonir við. Á meðan alger óvissa ríkir um framþróun efnahagsmála, er þvílík framkvæmdaáætlun ríkis jafnt sem einstaklinga harla gagnslítil. Á undanförnum mánuðum hefur mikið verk verið unnið til að semja áætlun fyrir þetta og næsta ár innan þess heildarramma, sem í fyrra var birtur. En óvissan hefur verið of mikil til þess, að því verki yrði lokið á viðhlítandi hátt, enda hafa þeir starfsmenn, sem að þessu hafa unnið, einnig haft ærnu öðru að sinna, þ. e. að undirbúa úrræði, sem geri mögulegt að áætla eitthvað fram í tímann.

Um áramótin bjuggust flestir við, að nú í vor yrði ekki komizt hjá róttækum aðgerðum, annaðhvort allsherjar kaupgjalds- og verðlagslækkun eða gengislækkun, sem gerði útflutningsatvinnuvegunum fært að starfa áfram og forðaði frá því, að gjaldeyrissjóðir, sem safnað hafði verið með fyrirhyggju, en ærnum erfiðleikum, gengju til þurrðar. Þá voru það einmitt þessir gjaldeyrissjóðir, er gagnstætt því, sem óhjákvæmilegt var sumarið 1961, gerðu það fært að komast hjá algerum neyðarráðstöfunum þegar í stað. Í bili var unnt að láta sitja við þær ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem samþykktar voru eftir áramótin. Nú hefur skipazt betur en á horfðist. Hvort tveggja er, að þær varúðarráðstafanir, sem þegar voru gerðar á s. l. sumri til að tryggja gjaldeyrisstöðuna, hafa haft heillavænlegri áhrif en menn þorðu að vona, og aflabrögð hafa í heild reynzt óvenjugóð. Þess vegna er nú unnt að komast hjá þeim neyðarráðstöfunum, sem ýmsir óttuðust, að gera þyrfti. Það tekst þó því aðeins, að menn stöðvi sig nú, að þeir hefji ekki nýtt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags öllum til ills.

Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu fylgzt náið með allri þessari þróun og hefur eftir föngum haft samráð við þá aðila, sem mestu geta ráðið um, hver stefna verður nú valin. Stjórnin fagnaði þess vegna, þegar Alþýðusambandið fyrir skömmu ritaði henni og óskaði eftir samvinnu um stöðvun verðbólgunnar. Síðan hafa marghátttaðar undirbúningsviðræður átt sér stað. Um árangur þeirra skal ég ekkert fullyrða á þessu stigi. Ég skal einungis staðfesta það, sem raunar kom fram af hálfu ríkisstj. þegar í vetur, að hún telur fyllilega athugandi, að settar verði reglur um verðtryggingu kaups, en forsenda þess er, að nú verði ekki á ný gerðar grunnkaupshækkanir. Ástæðan til þess, að áður varð að hverfa frá verðtryggingu kaups, þ. e. banna vísitölubindingu þess, var einmitt sú, að ekki var látið sitja við kauphækkanir af þeim sökum og grunnkaupshækkanir í samræmi við greiðslugetu atvinnuvega, heldur voru þær ætíð öðru hvoru knúðar fram, þótt öllum mætti vera augljóst, að vís voði stafaði af. Sú óheillaþróun leiddi til örðugleika, sem vinstri stjórnin vék af hólmi fyrir í árslok 1958, þ. á m. sá ræðumaður, sem áðan talaði digurbarkalega. Ef tekst að semja til langs tíma um vinnufrið, horfir málið allt

öðruvísi við en áður. Jafnframt er eðlilegt, að kannað sé, hvort samkomulag næst um frekari ráðstafanir almenningi til heilla, svo sem aukið fé til húsnæðismála, um raunverulegar aðgerðir til styttingar vinnutíma o. fl. Þar koma einnig til greina þau skattalækkunarfrv., sem ríkisstj. hefur nú fengið samþykkt á Alþingi. Samningar um þetta takast ekki, nema því aðeins að góðvild og skilningur ríki á alla vegu, bæði skilningur á þjóðarhag og hvað hverjum er fyrir beztu. Í sjálfu sér þarf ekki að biðja neinn um að gera neitt sjálfum sér til óhagræðis eða fórna neinu, heldur einungis að íhuga vendilega, hvað honum sjálfum er fyrir beztu.

Við þurfum umfram allt að leita orsaka þess, sem aflaga hefur farið, og láta okkur skiljast, að hin voldugu almannasamtök og ríkisvaldið verða sameiginlega og af gagnkvæmri góðvild að finna þá leið, hvernig árekstraminnst verður framfylgt þeirri stefnu, sem kjósendur marka við kosningar hverju sinni. Ef menn aldrei læra, hvað er framkvæmanlegt, og eyða orku sinni í tilgangslausa togstreitu, er eigi kyn, þótt margt fari miður en skyldi. En ef allir þeir, sem vel vilja, og hver hefur miklu verkefni að gegna á sínum vettvangi, læra, að þeir eru ekki hver um sig einn í heiminum, heldur þurfa þeir hver og einn að vinna með öðrum og virða einnig þeirra verkefni, þá mun vel fara. Þá munu menn hætta að metast um, hver verði eða hafi orðið ofan á í einskisnýtum erjum, en leggja sig fram um að leysa þann vanda, sem þjakað hefur þjóðfélagið nú í aldarfjórðung, en auðleystur er, ef þekking, reynsla og samhugur fá að ráða. — Góða nótt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Í sambandi við gagnrýni stjórnarandstöðunnar og ýmsar fullyrðingar hennar um ástand efnahagsmálanna held ég, að hyggilegt sé að staldra aðeins við og skoða þessi mál öll í ljósi þeirrar þróunar, sem hér hefur átt sér stað að undanförnu.

Ef litið er til baka, getur engum dulizt, að uppbyggingin hér á landi hefur verið miklum mun örari á undanförnum árum en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar og sennilega örari en svo, að hjá verðhækkunum og verðbólgu hefði verið komizt, hvaða hagskipulag sem hér hefði verið, því að allir þekkja afleiðingar þess, þegar það ástand skapast, að meiri eftirspurn er eftir vinnuafli en framboð. Verður að viðurkenna, að verðbólgan hefur náð meiri tökum á þjóðfélaginu en hollt er, og er brýnasta verkefnið, hvað sem ágreiningi manna líður, að snúast gegn henni. Má segja, að eftirtektarvert sé, hvað áunnizt hefur þrátt fyrir verðhækkanirnar.

Á tæpum 20 árum, eða síðan heimsstyrjöldinni lauk, síðan árið 1945, hafa Íslendingar endurbyggt og endurskipulagt atvinnuháttu sína og þjóðfélagið í heild. Fiskifloti landsmanna hefur verið endurnýjaður tvisvar eða jafnvel þrisvar á þessum árum. Fiskiðjuver og fiskvinnslustöðvar hafa risið af grunni allt umhverfis landið. Verzlunarfloti landsmanna hefur verið stóraukinn og endurnýjaður, og sigla nú skip undir íslenzkum fána um öll nálæg og reyndar einnig fjarlæg höf. Þá hafa landsmenn eignazt flugflota, sem fer stækkandi ár frá ári, og fullnægir hann ekki einasta þörfum okkar sjálfra, heldur byggir hann í æ ríkari mæli afkomu sína á flutningi erlendra manna landa og heimsálfa á milli. Er flugfloti Íslendinga ekki síður en verzlunarflotinn góð og ómetanleg landkynning fyrir okkar litlu þjóð. Í landbúnaði okkar hefur einnig orðið gjörbylting. Þar hefur vélvæðingin haldið innreið sína ekki síður en við sjávarsíðuna og árangurinn orðið sá, að framleiðsla landbúnaðarafurða hefur aukizt ár frá ári þrátt fyrir fækkun fólks í sveitum landsins. Í húsnæðismálum hafa Íslendingar gert stórátak ekki síður en á öðrum sviðum, og stöndum við í dag síður en svo að baki nágrannaþjóðum okkar, bæði hvað húsnæði og allan búnað heimila snertir. Margt fleiri mætti benda á í sambandi við framþróunina hér á landi síðustu tvo áratugina, bæði rafvæðingu landsins, byggingu íþróttamannvirkja og skólahúsa. En ég læt hér staðar numið, en vil þó benda á, að þrátt fyrir allt það gífurlega fjármagn, sem til þessarar margþættu uppbyggingar hefur farið, hafa Íslendingar aldrei á þessu tímabili, fyrr en nú hin síðustu ár, átt gildan varasjóð í erlendum gjaldeyri.

Þegar á allt þetta er litið, verða margendurteknar staðhæfingar stjórnarandstöðunnar um, að allt sé að fara forgörðum hér á landi, harla fávísleg og óraunhæf rök. Þjóð, sem býr við góð og fengsæl fiskimið, á nýtízku atvinnutæki meira en hún með góðu móti hefur mannafla til að fullnýta og hefur enn ekki numið nema lítinn hluta af því vel ræktanlega landi, sem hún ræður yfir, þarf að mínum dómi engu að kvíða um framtíð sína. Sama má einnig segja um fullyrðingar stjórnarandstöðunnar um, að allar verðhækkanir séu núverandi ríkisstj. og stjórnarflokkum að kenna. Einnig það eru fávísleg og haldlaus rök, eða muna ekki kommúnistar og Framsókn, hvað varð vinstri stjórninni að falli í árslok 1958? Forsrh. þeirrar stjórnar, hv. 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson, lýsti því yfir hér á Alþingi, eins og kunnugt er, að svo mikil verðbólga, óðaverðbólga, eins og hann orðaði það, væri skollin á, að stjórn hans sæi enga leið út úr þeim ógöngum og því bæðist hún lausnar. Það er því furðulegt, þegar stjórnarandstaðan er nú æ ofan í æ að staðhæfa það, að allar verðhækkanir, sem orðið hafa, séu núv. ríkisstj. að kenna. Má segja, að tal framsóknarmanna um móðuharðindi af manna völdum sé eins raunhæf skopmynd af Framsfl. í stjórnarandstöðu og móðuharðindin voru mikill vágestur á sínum tíma.

Fyrst ég er farinn að tala um gagnrýni stjórnarandstöðunnar, tel ég rétt að ræða afstöðu hennar til eins máls, en það er lausn

landhelgisdeilunnar við Breta, sem hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, var að ræða hér áðan. Kommúnistar og Framsókn hafa mjög haldið því á lofti, að þeir hafi átt hlut að máli, er landhelgin var færð út í 12 mílur sumarið 1958, og dettur að sjálfsögðu engum í hug að vefengja það. En kommúnistum tókst með stuðningi Framsfl. að halda svo á þessu máli, að þegar vinstri stjórnin lét af völdum í árslok 1958, 4 mánuðum eftir útfærslu landhelginnar, þá veiddu Bretar enn við strendur Íslands allt inn að 3 mílunum gömlu og jafnvel allt upp í landsteina, án þess að Íslendingar fengju nokkuð við það ráðið þrátt fyrir vasklega framgöngu landhelgisgæzlunnar. Hefði ekkert verið að gert, hefði án efa stórslys af hlotizt og við stæðum sennilega enn í dag í sömu sporunum og við stóðum í við árslok 1958. En kommúnistar voru kampagleiðir og sigri hrósandi. Þeir höfðu náð tilætluðum árangri. Fyrir þeim vakti fyrst og fremst að halda þannig á málum, að Íslendingar og Bretar lentu í harðvítugri deilu, og þóttust þeir þá þegar sjá hilla undir, að Íslendingar mundu neyðast til að biðja Bandaríkin um hervernd gegn ágangi Breta, og hefði það án efa leitt af sér átök milli þessara tveggja hervelda, sem eru sterkustu aðilarnir í vestrænni samvinnu. Þótt óhugnanlegt sé til þess að vita, þá var þetta draumsýn kommúnista, sem ráðamenn Framsóknar aðhylltust mjög. Kommúnistar vissu þá ekki síður en nú, hvaða málstað þeir áttu að þjóna, og var það örugglega ekki málstaður Íslendinga. En sem betur fer kom núv. ríkisstj. í veg fyrir, að þessi draumur þeirra rættist. Tókst ríkisstj. með festu, en þó einnig með mikilli lagni, að halda svo á málinu, að Bretar hættu allri mótspyrnu, en Íslendingar komust út úr deilunni með fullri sæmd og verulegum ávinningi.

Samþykkt Alþingis á lausn fiskiveiðideilunnar 9. marz 1961 er án efa einhver stærsti sigur, sem Íslendingar hafa unnið í samskiptum sínum við aðrar þjóðir. Ekki einasta fékkst þar með full og óafturkallanleg viðurkenning Breta á 12 mílna fiskveiðitakmörkunum, heldur einnig, sem ekki var síður mikils um vert, stækkaði landhelgi Íslendinga um rúmlega 5000 ferkm á þýðingarmestu veiðisvæðum vélbátaflotans. Eins og kunnugt er, stóðu kommúnistar og Framsókn eins og ein órjúfanleg heild gegn lausn deilunnar. Lýsti einn forustumaður Framsóknar því yfir hér á Alþingi hinn 7. marz 1961, að Framsfl. mundi nota fyrsta tækifæri, sem gæfist, til að segja upp samningnum við Breta og losa þjóðina við ok samningsins, eins og þm. orðaði það.

Nú, þegar kyrrð er aftur komin á málið, er rétt að athuga, hvernig þetta ok, sem Framsfl. var að tala um, hefur reynzt. Það hefur í stuttu máli reynzt þannig: Erlendum fiskiskipum fækkaði mjög við strendur Íslands, þegar eftir að samningurinn hafði tekið gildi, og eru þau nú að mestu horfin á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi utan hinnar nýju, stórauknu landhelgi. Þessa dagana munu vera sárafáir erlendir togarar að veiðum á djúpmiðum kringum landið eða aðeins hverfandi brot af togaraflota Breta og Þjóðverja. Fyrir vélbátaflota Íslendinga er þetta alveg ómetanlegt, enda hefur fiskigengdin hér við suður- og suðvesturströndina aldrei verið meiri en nú í vetur. Ný veiðitækni á að sjálfsögðu sinn þátt í hinu mikla aflamagni, sem veiðzt hefur, en sjómönnum ber öllum saman um, að meiri fiskigengd hafi verið innan hinnar nýju landhelgi á þessu svæði en mörg undanfarin ár. Er það vafalaust að verulegu leyti því að þakka, að erlendir togarar eru að mestu leyti hættir veiðum á þessu svæði utan fiskveiðimarkanna, eftir að samningurinn var gerður.

Ég held, að það hafi verið gæfa þjóðarinnar, að núv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, hopuðu hvergi og létu í engu undan síga í sambandi við lausn deilunnar þrátt fyrir linnulausan áróður kommúnista og Framsóknar fyrir því að halda deilunni við Breta áfram. Og við skulum trúa því og treysta, að samningurinn frá 1961, þar sem Íslendingar fengu 12 mílurnar óafturkallanlega viðurkenndar, eigi eftir að bera enn ríkari ávöxt en þegar er komið í ljós og ég hef hér rakið. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Gott kvöld. Örskammt er síðan utanríkismál voru ýtarlega rædd á Alþingi í útvarp. Ég get því verið fáorðari en ella um þau efni.

Það er ekki ágreiningur af okkar hendi við stjórnarflokkana um að byggja stefnuna á vestrænni samvinnu og þátttöku í NATO. Okkur greinir á hinn bóginn á við þá um, hvernig framkvæma skuli vestræna samvinnu og hvernig vinna skuli að utanríkismálum.

Stjórnarflokkarnir hafa slitið svo rækilega friðnum og samstarfinu um utanríkismál innanlands, að þeir hafa ekki einu sinni um margra ára skeið ætlað Framsfl., næststærsta flokki landsins, fulltrúa á þingi Sameinuðu þjóðanna í liði Íslands þar, og mun slíkt fátítt með öðrum þjóðum.

Varðandi framkvæmd utanríkismálastefnu vestrænnar samvinnu hefur ríkisstj. kirfilega fyrirgirt allt samstarf og vill í því sambandi enga rödd heyra nema sína eigin, ekki á aðra hlusta.

Ávöxt þessara samstarfsslita um utanríkismálin, sem fáar hliðstæður munu eiga sér meðal lýðræðisþjóða í Evrópu, hvað þá á Norðurlöndum, má m. a. sjá í þrennu. Búið er að semja af okkur réttinn til einhliða útfærslu íslenzkrar landhelgi, en hvað það þýðir, má marka af því, að án þess að nota slíkan einhliða rétt, sem við áttum áður, hefðum alls ekki getað búið núna við 12 mílna fiskiveiðalandhelgi. Erlent hermannasjónvarp var látið flæða hér yfir sjónvarpslaust land og með því skapað stórfellt vandamál varðandi framkvæmd vestrænnar samvinnu. En hefði samráð verið haft um þessi mál, stóðu vonir til, að þessu hefði orðið afstýrt. Loks sýnist búið

að leyfa nýjar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði, sem einfalt var að standa gegn sem áður, ekki sízt við batnandi friðarhorfur í heiminum, og er þar enn aukinn vandinn að ófyrirsynju. Því miður geta þessar þrívörður orðið óbrotgjarnar, því að það er hægara að semja svona á sig en losna við það. Hafa nú þeir mestar áhyggjur af framkvæmd íslenzkrar utanríkisstefnu, sem einlægastan hafa áhugann fyrir heilbrigðri framkvæmd vestrænnar samvinnu. Fjölgar þeim daglega, sem taka undir þá kröfu, að breytt sé um framkvæmdina og m. a. teknir upp þeir starfshættir um samstarf í utanríkismálum, sem tíðkast hjá lýðræðisþjóðum, og taka menn nú eftir síðustu atburði ekki lengur sem góða og gilda vöru að æpa: kommúnismi, í hvert sinn, sem skynsamleg ráð eru gefin varðandi þessi mál eða eðlileg gagnrýni flutt. Þeim fjölgar óðum, sem vilja íslenzka utanríkismálastefnu byggða á vestrænni samvinnu.

Ríkisstj. hafnar nú á þessu Alþingi till. Framsfl. um samstarf að athugun stórvirkjunar- og stóriðjumála, en þar er um stærstu og vandamestu mál að tefla, sem varða alla framtíð þjóðarinnar, og alger nýmæli í þjóðarbúskap okkar. Sú afstaða ríkisstj. að hafna samstarfi um þessi mál boðar ekki gott, mælist illa fyrir og er raunar í algeru ósamræmi við óskir meginþorra manna um það, hvernig flokkar og stjórnmálamenn skuli vinna að þjóðmálum, hvað sem stjórn eða stjórnarandstöðu líður.

Nálega nákvæmlega 4 ár eru nú, síðan ríkisstj. tók að framkvæma þá stefnu, sem hún kallaði viðreisn, en enginn nefnir nú lengur því nafni nema í háði. Þá var blaðinu snúið við í íslenzkum þjóðmálum. Allt var grundvallað á því áróðursbragði, að íslenzka þjóðin lifði um efni fram, almenningur hefði of mikla peninga handa á milli, lánsfé væri of dýrt og aðgangur að lánsfé of auðveldur. Á réttan kjöl skyldi komizt með því að minnka kaupgetuna, þ. e. a. s. dýrtíðin yrði að vaxa meira en kaupgjald og tekjur almennings. Lánsfé yrði að gera dýrara en áður með hækkuðum vöxtum, og draga yrði úr framkvæmdum með því að minnka lán, en láta stofnkostnað bygginga og annarra framkvæmda vaxa.

Með þessu var dýrtíðin gerð að hagstjórnartæki, eins og ráðh. kalla nú aðgerðir sínar síðustu vikurnar, og er það skýringin á því, með hvílíkri þrákelkni er haldið dauðahaldi í þá stefnu, að hvert sinn sem almenningur reynir að rétta hlut sinn, séu jafnharðan beinlínis gerðar ráðstafanir til, að dýrtíðin aukist meira en kaupgjaldshækkun nam, sbr. gengislækkunina 1961, í mesta uppgangsári, sem Íslendingar höfðu lifað fram að þeim tíma, og svo söluskattshækkunina í vetur, sem ekki var vegna þess, að ríkissjóð vantaði peninga, því að hann hafði hundruð millj. í afgang, heldur hagstjórnaraðgerð, og sýndi, að ríkisstj. hafði ekkert lært af dýrkeyptri reynslu.

Þetta hefur átt að draga úr verðbólgu og stefna að stöðugu verðlagi eftir fyrstu dýrtíðarbylgjurnar. En niðurstaðan hefur orðið óðaverðbólga og fjórfalt — ég sagði fjórfalt — hraðari dýrtíðarvöxtur en var á árunum 1947—1959.

Áður þóttu þær ríkisstj. fallnar á verkum sínum og tóku afleiðingum þess, sem ekki gátu haldið dýrtíðinni innan hóflegra takmarka, miðað við kaupgjald og aðrar ástæður. En nú stritast ríkisstj. við að sitja, þótt hún hafi aldrei ráðið við neitt í mestu góðærum og dýrtíð hafi á þessum árum, þ. e. a. s. vörur og þjónusta, hækkað um 84%, en tímakaup aðeins um 55%. En árin áður en þessi stjórn tók við hækkaði kaupgjald og tekjur bænda árlega nokkru meira en dýrtíðin, þ. e. á vinstristjórnarárunum.

Öngþveitið, sem orðið er, afleiðingin af þessu, sést e. t. v. bezt á því, að verkamannakaup er 77 þús. kr. á ári fyrir 8 stunda vinnu hvern virkan dag allt árið, en lítil íbúð kostar a. m. k. 600 þús. kr., og viðreisnarvextirnir einir út af fyrir sig af slíkri íbúð eru yfir 50 þús. kr. Samt er talið, að ýmis atvinnurekstur eigi erfitt með að borga þetta kaup, sem rétt nægir þó unga fólkinu ríflega í húsnæðiskostnaðinn einan. Húsaleigan hækkar svo dag frá degi, og húsnæðisskorturinn er orðinn óbærilegur.

Dýrtíðar-, lánasamdráttar- og vaxtaokurstefna ríkisstj., sem enn er ekkert lát á, síður en svo, hefur komið þyngst niður á undirstöðuframleiðslunni til lands og sjávar og unga fólkinu, því að það eru þessir aðilar, sem nota þurfa lánsfé fyrst og fremst, bæði rekstrarfé og gífurlegt stofnfé við uppbyggingu atvinnurekstrar og nýrra heimila. Fjármagnskostnaðurinn hefur vaxið risaskrefum, og nýju vextirnir vefja sig nú inn í efnahagskerfið með ofsahraða, eins og sést á dæminu um unga fólkið og íbúðaverðið. Og hvað halda menn svo, að þetta fólk þurfi að hafa í kaup, um það er lýkur, ef svona á að halda áfram, og fá í kaup, því að tilraunir til að leysa þetta mál eins og í vetur með því að lögfesta þessa fjarstæðu hljóta að mistakast, bera dauðann í sér. Og kaup unga fólksins, sem það neyðist til að skrúfa upp í nauðvörn sinni, verður líka kaup hinna eldri í landinu, þótt okkar aðstaða, hinna eldri, sé betri, sem eignuðumst þó þak yfir höfuðið, áður en þessi endaleysa hófst.

Hvernig halda menn svo, að atvinnurekstrinum gangi að rísa undir því kaupgjaldi, sem viðreisnarástandið krefst, um það er lýkur, að óbreyttri húsnæðis-, verðlags-, vaxta- og lánapólitík, þ. e. a. s. að óbreyttri þjóðmálastefnu.

Sannleikurinn er sá, að með okurvöxtum, gegndarlausum nýjum álögum í ótrúlegustu myndum, sölusköttum, tollum, þjónustugjöldum, útflutningsgjöldum, framleiðslugjöldum, lánasjóðsgjöldum, stórfelldum hækkunum á framkvæmdakostnaði samfara minnkuðum rekstrarlánum og rekstrarfjárskorti, hefur verið þjarmað svo að framleiðslunni sjálfri, að ýmsar greinar eiga beint í vök að verjast þrátt fyrir bætt verzlunarárferði út á við svo að

segja árlega, óhemju uppgrip og tafarlausa sölu afurða með hagstæðara verði en oftast áður. Og eiga ýmsar greinar fullt í fangi með að greiða óbreytt kaupgjald, hvað þá það, sem hver heilvita maður sér að fram undan bíður að óbreyttri efnahagsmálastefnu.

Landbúnaðurinn er þannig settur, að verðlagsbyltingin hefur grafið grunninn undan verðlagningunni, því að nýi stofnkostnaðurinn og vaxtakostnaðurinn fæst ekki inn í verðlagið. En það ástand m. a. dregur kaupgjald bændanna síðan enn lengra niður samanborið við kostnað nokkurra annarra manna. Samfara þessu hefur verið dregið úr beinum stuðningi við landbúnaðinn, en reynt að draga athyglina frá því með því að hækka aðeins stuðning í einstökum liðum. Stofnkostnaðurinn nýi í búskapnum lítur út eins og fjarstæða samanborið við tekjuvonir, jafnvel enn meiri fjarstæða en húsnæðiskostnaðurinn og kaupið við sjávarsíðuna, og er þá langt jafnað.

Allir vita, að þetta eru staðreyndir, sem óhugsandi er að mæla í móti, þótt ófagrar séu. En þá er hitt, framleiðslan fer vaxandi, uppgripin meiri en nokkru sinni, en verzlunarárferðið út á við batnar. Hvað verður þá af þeim óhemjuverðmætum, sem að hafa borizt jafnt og þétt undanfarin ár og berast enn, og hvers vegna er þetta allt svona ódrjúgt?

Ýmsir ná til sín góðum tekjum á flótta undan verðbólgudraugnum með því að leggja nótt með degi og það svo, að helzt minnir á sögur þær, sem aldamótakynslóðinni voru sagðar í bernsku af vinnulagi fyrri kynslóða til þess að hafa í sig og á.

En fjármagnskostnaður í landinu hefur vaxið gífurlega með nýrri vaxtapólitík, og því meira sem fjármagnið fær, því minna fær vinnan. Hefur þetta þó ekki runnið til sparifjáreigenda vegna verðbólgunnar, hún hefur séð um það, verðbólgan, heldur annarra fjármagnseigenda.

Þetta ástand verður fyrst og fremst vatn á myllu þeirra, sem mest hafa haft og hafa peningaráðin. Þeir leggja net sín í verðbólguhaf og dýrtíðarsjó ríkisstj., og fá sumir gæðingar stjórnarinnar veiðarfæri sín í þennan hafsjó að láni. Þótt haldið sé fast í lánin til almennings og framleiðslunnar til lands og sjávar, þá fá gæðingarnir sumir lánin. En fengurinn er nú slíkur á þessum verðbólgumiðum, að allt bliknar, sem áður hefur þekkzt í þeim efnum.

Í þessum ofboðslega verðbólgugróða er fyrst og fremst að finna það, sem á vantar, til þess að hægt sé að koma saman dæminu um atvinnureksturinn, kaupgjaldið og afurðaverðið til bænda, svo að nokkrir liðir séu nefndir, og þessi óhemju verðbólgugróði stendur undir nýrri og nýrri eyðslu og nýjum og nýjum verðbólguframkvæmdum, sem allt fær að leika lausum hala samkv. stjórnarstefnunni, en dregur vinnuaflið og fjármagnið frá undirstöðuframleiðslunni og þeirri fjárfestingu, sem þjóðinni ríður mest á, þ. e. a. s. þeirri fjárfestingu, sem eykur framleiðnina mest, afköstin og bætir úr brýnustu þörfinni, svo sem byggingu ódýrra íbúða af hæfilegri stærð og annarra þess konar framkvæmda.

Stjórnarstefnan er beinlínis byggð á því, að þessar verðbólguframkvæmdir og eyðslu megi ekki hefta. Þetta heitir frelsi, og til þess að þetta frelsi geti haldið áfram, á enn að auka lánsfjárhöftin, sem fyrst og fremst bitna á almenningi og framleiðslunni, draga úr opinberum framkvæmdum eins og skólum og öðrum slíkum byggingum, halda okurvöxtunum og tollunum og jafnvel gera aðra tilraun til þess að lögfesta kaupið.

En handahófið og eyðslan í fjárfestingunni á að halda áfram hér. Við eigum að hafa ráð á því, þótt aðrar þjóðir á Norðurlöndum hafi ekki ráð á slíku handahófi. Ríkisstj. hefur gefizt upp við að bera á móti öngþveitinu, en hyggst með daglegum heilaþvotti dagblaða sinna fá menn til að trúa því, að þetta sé allt því að kenna, að almenna kaupgjaldið hafi verið spennt upp um of og það rekið áfram dýrtíð og orsakað verðbólgu, og forsrh. er oddviti þessarar kenningar og flutti hana hér áðan.

En allt rekst þetta á staðreyndir, því að kaupgjaldshækkanir hafa allan tímann verið langt á eftir verðhækkunum, og hef ég fyrir mér nú síðast vitnisburð og orðsendingu þeirra Guðjóns Sigurðssonar í Iðju og Óskars Hallgrímssonar og félaga þeirra 1. maí, og er það óruggt, að þessir menn halla ekki á húsbændur sína.

Farið er að prédika í Morgunblaðinu, að menn verði að bíta á jaxlinn og duga, þótt syrti í álinn, en ekki útskýrt að sama skapi, hvers vegna syrtir í álinn hjá mönnum í mestu uppgripaárum í sögu þjóðarinnar.

Ekki hef ég trú á því, að sá áróður, að öngþveiti síðustu 4 ára stafi af frekju almennings á þeim tíma í launasamningum og svo af skemmdarverkum stjórnarandstöðunnar, sé mjög árangursríkur, enda sýnist mér, að alveg eins mætti reyna að taka sér fyrir hendur að telja mönnum trú um, að þeir stæðu á höfði, en ekki fótunum. En tvennt er merkilegt við þennan áróður samt: Annars vegar, að tveir stjórnmálaflokkar í landinu skuli telja út í það leggjandi í lýðfrjálsu landi að halda þessu að mönnum, og geta menn getið sér til um afleiðingarnar, ef hægt reynist að gera það sér að skaðlausu pólitískt. Hins vegar, að þessi látlausi áróður gæti bent til þess, að ríkisstj. dytti enn í hug, að hægt væri að leysa vandann með því að lögbinda kaupgjald og afurðaverð til bænda. Það gæti einnig bent í sömu átt, að ríkisstj. hefur ekkert aðhafzt, síðan síðast var samið, annað en að hækka söluskattinn, ekki breytt stefnunni í neinu og ekkert frumkvæði átt að samningum um lausn vandans.

Svo er nú komið á hinn bóginn, að nálega hvert mannsbarn utan ráðherraherbergjanna sér nauðsyn gagngerðrar stefnubreytingar, og þeim fjölgar óðum, sem gera sér jafnframt grein fyrir því, að þessi ríkisstj. hefur ekki skilyrði til þess að framkvæma hana.

Ég tel mér skylt að rifja enn einu sinni upp nokkur meginatriði þeirrar stefnu, sem að okkar dómi verður að taka.

Gera þarf sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að brjóta niður launþega- eða bændasamtökin með lögþvingunaraðferðum. Um það fékkst skýr reynsla í vetur. Það kemur ekki til mála að binda almenning á höndum og fótum, til þess að fjármagnið geti leikið lausum hala, eins og það gerir nú, verðbólgufjármagnið, á kostnað almennings og framleiðslunnar sjálfrar.

Semja ber við almannasamtökin um að taka upp þá stefnu á ný í kjaramálum, sem fylgt var á vinstristjórnarárunum, þ. e. a. s. að kaupgjald til sjós og lands og nettótekjur bænda geti hækkað nokkru meira árlega en dýrtíð almennt hækkar og lífskjör því farið batnandi og endurgjald fyrir venjulegan vinnudag geti, áður en allt of langt líður, veitt mannsæmandi lífskjör. Þetta þýðir að innleiða á ný verðtryggingu á kaupi, en afnám verðtryggingar á kaupi hefur verið misnotað herfilega til þess að gera sjálfa dýrtíðina að hagstjórnartæki.

Menn verða á hinn bóginn að gera sér ljóst, að þetta verður að gerast í áföngum, og því síður er hægt að komast í einu stökki út úr vandanum. Pennastrikskenningin hefur alltaf verið álika haldgóð og fleira þvílíkt úr herbúðum sjálfstæðismanna.

Til þess að gera þessa nýju leið færa, verður að gerbreyta stefnunni einnig að öðru leyti, ráðast á stofnkostnaðinn við byggingar og vélvæðingu og lánsfjárkostnaðinn og lækka hvort tveggja, þveröfugt við þá stefnu, sem hefur verið fylgt og er sú að leita jafnvægis með því að hækka þennan kostnað.

Verði húsnæðismálastefnunni ekki alveg gerbreytt, verða þessi mál áfram óleysanleg með öllu og kaupgjaldið óbærilegt framleiðslunni. Hækka þarf húsnæðislánin, lækka vextina, lækka tolla eða endurgreiða þá að einhverju leyti á hentugum íbúðum, bæta skipulag og vinnuhagræðingu í byggingum, beina fjármagninu og vinnuaflinu að íbúðabyggingum og skapa framboð á ódýrara húsnæði. Verði þetta ekki gert, verður öngþveitið aldrei leyst. Flestar þjóðir nema við reyna að gera þessi mál viðráðanleg, kaupgjaldsmálin og kjaramálin, með lágum vöxtum og ódýru húsnæði, en hér er það beinlínis hafður einn liður í stjórnarstefnunni að skapa jafnvægi með því að láta byggingarkostnaðinn hækka og spenna upp vextina og draga úr lánunum.

Þetta er að vísu ekkert nýtt, sem ég er að segja. Þetta er bara það, sem við framsóknarmenn höfum sagt, síðan ríkisstj. byrjaði á óheillastefnu sinni. En nú hjálpar reynslan okkur til að knýja fram stefnubreytinguna, og hún kemur, þótt þeir streitist enn eitthvað á móti.

Húsnæðismálin eru ekki aðeins málefni einstaklinga, heldur einnig framleiðslunnar og þjóðarinnar allrar.

En í sérmálum framleiðslunnar verður einnig að breyta stefnu, byrja að létta á fargi hinna nýju álaga, auka rekstrarlán og draga úr ógnarbyrði vaxtanna, fjármagnskostnaðinum, sem nú hvílir þyngra á íslenzkri framleiðslu en nokkurs staðar annars staðar þekkist á nálægu, byggðu bóli. Breyta þarf vaxtapólitíkinni, sem ekki hefur notazt sparifjáreigendum til ávinnings vegna óðadýrtíðarinnar, því að engin framleiðsla fær staðizt háu vextina, sem raunar áttu að standa aðeins skamma hríð, að sagt var, en standa enn og fléttast nú alls staðar inn í fjárhagslífið með óbærilegum afleiðingum.

Lækkun vaxtanna verður að fylgja vaxandi verðtryggingu sparifjár. Nágrannaþjóðir okkar ráðgera slíka verðtryggingu í vaxandi mæli til að geta haldið vöxtunum niðri hjá sér, og er þar þó engin verðbólga á okkar mælikvarða séð og vextir þar miklu lægri en hér. Þetta sýnir, hvað þar er lagt upp úr vöxtunum, fjármagnskostnaðinum í framleiðslu og neyzlu, en hérna hafa jafnvel ráðh. gengið svo langt að halda því fram, að vextirnir, fjármagnskostnaðurinn, væru lítið atriði, og lagzt svo lágt að færa sem rök í því máli samanlagða vaxtafúlgu, sem borguð er inn í bankana, þykjast þá ekki fremur en strúturinn sjá, að vaxtakjör þeirra, sem þurfa að byggja á lánsfé í einkalífi og framleiðslu, sem er unga fólkið og framleiðendurnir, þessi vaxtakjör móta kaupgjaldsþörfina í landinu og kröfurnar á hendur framleiðslunni hjá öllum, líka þeim, sem ekki skulda. Þannig margfaldast áhrif vaxtanna í þjóðarbúskapnum.

Ríkisstj. hættir oft til að afsaka sig með því, að það séu ekki peningar fáanlegir til þessa eða hins, og það jafnvel þó að hún safni greiðsluafgöngum og sjóðum í hverju horni og liggi á hundruðum milljóna, eða þá hún segir, þegar á þetta er bent, að allt vinnuafl í landinu sé fullnotað, hvar eigi að taka vinnuafl til að byggja fleiri íbúðir, skóla, sjúkrahús o. s. frv. eða handa framleiðslunni. En það þýðir ekki að segja þeim, sem sjá hallir rísa fyrir augum sér, hvar sem litið er, og alla þá sóun á fjármunum og vinnuafli, sem á sér stað í sambandi við verðbólguhamfarir þeirra manna, sem mest uppáhald hafa á ríkisstj., að fé og vinnuafl skorti til að sjá fyrir frumnauðsynjum manna og vegna framleiðslunnar, ef skynsamlega er að farið.

Það þarf á hinn bóginn að hafa stjórn á fjárfestingunni, þótt ríkisstj. megi ekki heyra það nefnt. Ekki telja Norðurlandamenn sig hafa ráð á því að búa við svona öngþveiti í fjárfestingarmálum, þótt okkur sé þetta ætlað. Og þó tekur alveg steininn úr, þegar þetta öngþveiti í fjárfestingarmálum er kallað áætlunarbúskapur og sagt, að þetta sé gert eftir framkvæmdaáætlun.

Hér sitja verðbólgufram kvæmdir og eyðsla fyrir því, sem mestu skiptir. Hér á að fresta því þýðingarmesta, hér á ekki að vera til fjármagn eða vinnuafl til að koma upp lífsnauðsynlegu íbúðarhúsnæði í bezta árferði, sem þjóðin hefur lifað, né bráðnauðsynlegum tækjum og vélum til framleiðslunnar. Þetta verð-

ur að hætta, og það verður ekki til lengdar þolað, að ætt sé á heilbrigða skynsemi og því svarað til, sem gert hefur verið stundum, að engin önnur stjórnarstefna sé til en sú, sem nú er fylgt, öll gagnrýni sé byggð á illum hvötum, lýðskrumi og jafnvel skemmdarhug.

Ég þykist hafa sýnt fram á sem fyrr, að stefnubreytingar er ekki aðeins þörf, heldur lífsnauðsyn, og bent á nokkur grundvallaratriði, sem snerta sjálfa undirstöðuna. Félagar mínir í þessum umr. munu ræða þessi mál nánar og gera fyllri skil ýmsum veigamestu þáttum, sem ég ýmist hef ekki fjallað um eða aðeins *nefnt vegna tímaskorts*. Má þar nefna stórvirkjunar- og stóriðjumálin, byggðaþróunina í landinu og nauðsynlegar ráðstafanir í því sambandi, landbúnaðarmálin, tolla- og skattamálin og ríkisbúskapinn yfirleitt, svo að dæmi séu nefnd.

Ég hef lýst því nokkuð, hvernig komið er, og þeirri stefnubreytingu, sem Framsfl. berst fyrir. En nú vil ég þessu næst í fáum orðum víkja að starfsháttum ríkisstj. nánar annars vegar og framsóknarmanna í stjórnarandstöðunni hins vegar.

Engum dylst, að ríkisstj. hefur um lengri hríð látið flatreka í úrræðaleysi. Eigi að síður hafnaði ríkisstj. till. framsóknarmanna í vetur um að kjósa þingnefnd úr öllum flokkum til að íhuga efnahagsmálin frá rótum og leita leiða í stað þess að gera það eitt að leggja á 300 millj. í nýjum sölusköttum, sem ofan á annað hafa enn komið öllu í hnút.

Ríkisstj. hafnar nálega öllum frv., sem frá stjórnarandstöðunni koma, án tillits til efnisins, virðist heldur vilja taka upp í sín eigin frv., í vaxandi mæli að vísu, einstök atriði af málefnum stjórnarandstæðinga, heldur en láta standa sig að því beint, að hún geti í nokkru fallizt á þeirra till. eða frv. Stjórnin hafnar samstarfi um þýðingarmestu málefni, einnig um nýmæli, svo sem athuganir á stórvirkjum og stóriðju.

En ég spyr: Er það svona ofstæki, sem þjóðin raunverulega vill, og situr þetta á svo veikum reyr sem ríkisstj. er? Getur þetta leitt til góðs, eins og málefnum landsins er komið?

Framsóknarmenn hafa í stjórnarandstöðunni reynt að hafa annan hátt á, þótt ekki sé þægilegt, þegar þannig er á málum haldið af stjórninni. Við reynum að meta hvert mál eftir efni þess, en ekki eftir því, frá hverjum það er komið. Þannig greiðum við atkv. með og greiðum á allan hátt fyrir mörgum málum frá stjórninni og viðurkennum þau, enda þótt við berjumst fast gegn þeim málum, sem að okkar dómi snerta hina röngu meginstefnu stjórnarinnar.

Við höfum meira að segja samþykkt nýjar álögur í vegalögunum nýju, *enda var samninga* leitað við okkur um það mál. Ekki vantaði þó fé í ríkissjóð, en við vissum, að öðruvísi var ekki hægt að fá meira fé í vegina. Við höfum samþykkt aukinn skyldusparnað vegna íbúðalánanna. Til samanburðar má svo geta þess, að sjálfstæðismenn efndu til benzínverkfalls í stjórnarandstöðu vegna 6 aura hækkunar á benzinskatti, og þeir voru í stjórnarandstöðu fyrir nokkrum árum á móti skyldusparnaðinum.

Við erum að leitast við að móta stjórnarandstöðu með nokkuð öðrum og að okkar dómi heppilegri hætti en oft hefur áður orðið, og þannig mun það nýmæli um nokkurra áratuga skeið, að stjórnarandstaðan hjálpi til að leggja á nýjar álögur, eins og við gerðum í vegal. og einnig með því að auka skyldusparnaðinn. Reynslan á eftir að sýna, hvort þessar starfsaðferðir geta orðið til þess að innleiða meiri samtök en áður á Alþingi um ýmis þýðingarmikil málefni, hvað sem líður stuðningi eða andstöðu við þær ríkisstj., sem sitja þá og þá, og meginstefnu þeirra.

Við teljum, að í þessa átt ætti að vinna, og mundi það vera í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur á Norðurlöndum og gefizt vel. Við teljum líka, að meginþorri manna í landinu líti svo á og mundi vilja, að málin þróuðust einmitt í þessa átt. Ég held, að það hafi ekki styrkt stjórnina eða aukið álit á henni, að hún hafnaði gersamlega í vetur hinum nýstárlegu till. framsóknarmanna um allra flokka þn. til að íhuga efnahagsmálin frá rótum. Og þegar litið er yfir ástandið og vinnuaðferðirnar, held ég, að það verði flestra sanngjarnra manna mál, að ríkisstj. ætti að spara við sig sem mest að tala um ábyrga framkomu sína, en ábyrgðarleysi framsóknarmanna í stjórnarandstöðunni.

Stjórnarstefnan hefur reynzt þannig í framkvæmd, að hvorki framleiðendur né verkalýðssamtökin geta nú hugsað sér að ná saman kjarasamningum, án þess að stjórnarstefnunni sé breytt. Svo gersamlega hefur stjórnin reyrt þessi mál í hnút. Um þetta er enginn ágreiningur í samtökum atvinnurekenda né heldur í samtökum launþega. Allir eru sammála í þessum samtökum um, að þannig sé komið, bæði stjórnarstuðningsmenn og hinir. Við beztu hugsanleg skilyrði hefur ríkisstj. haldið svona á málum þjóðarinnar. Ríkisstj. hefur að vísu á sér öll einkenni þreytu og uppgjafar, og þinghaldið í vetur hefur dregið dám af því. En stjórnin hangir samt við sama heygarðshornið og vill enga grundvallarbreytingu samþykkja, en lætur blöð sín daglega hóta því, að þessa fjarstæðu alla, sem hér hefur verið rakin, verði að fastbinda með valdbeitingu, jafnvel með lögum, jafnvel með brbl., hvað sem hver segi.

Þannig ber ríkisstj. höfðinu við steininn, en ástandið fer dagversnandi. Ríkisstj. verður á hinn bóginn að gera sér grein fyrir því, að hún hefur tapað trausti og hefur ekki skilyrði til að ráða fram úr vandanum og allra síst með *óbreyttri stefnu og starfsaðferðum*. Ríkisstj., sem við hagfelldustu skilyrði mistekst nálega allt, sem hún hefur ætlað sér og lýst yfir, að hún ætlaði að gera, hún hefur ekki traust.

Með stórfelldara skrumi og gyllingum en áður hafa þekkzt og með meiri fjáraustri og ófyrirleitnari loforðum en nokkur dæmi eru til

áður á voru landi tókst ríkisstj. að komast yfir kosningarnar í vor sem leið án þess að tapa meiri hl., og hékk þó allt á bláþræði. En þá var það líka búið. Síðan hefur ríkisstj. nánast verið eins og fluga í flösku. Í sumar og haust hefur komið óðfluga fram og blasir nú við allra augum, hvernig málefnum landsins var og er raunverulega komið, og úrræðaleysi stjórnarinnar. Fleiri og fleiri koma auga á, að núv. ríkisstj. hefur ekki skilyrði til að leysa vandann né vill taka upp þær vinnuaðferðir, sem nokkru fá um þokað til frambúðar í rétta átt.

Það þýðir ekki fyrir ríkisstj. að ætla sér að leysa vandann með valdbeitingu á kostnað almennings, með því að segja almannasamtökunum í landinu enn á ný stríð á hendur, eins og gert var í vetur. Það yrði skammgóður vermir, þótt reynt yrði að leggja út í slíkt á ný. Ekki er heldur hægt að leysa höfuðvandann á kostnað framleiðendanna. Það er ekki hægt að leysa höfuðvandann á kostnað framleiðendanna eða framleiðslunnar, en fjármagnið og þeir, sem gera út á verðbólguhafið, haldi sínum hlut og leiki áfram lausum hala. Það er ekki hægt. Það þarf stefnubreytingu, og verður að taka upp nýjar starfsaðferðir í þá átt, sem framsóknarmenn beita sér fyrir og ég hef reynt eftir mætti á þessum fáu mínútum að lýsa.

Við teljum þingmeirihluta þann, sem nú er og reynir að stjórna, en getur ekki, fenginn á fölskum forsendum. Sá þingmeirihluti hafnar samt því miður öllum skynsamlegum till. um sameiginlega athugun málanna. Þetta ástand er því beinlínis hættulegt, og þjóðin býr sem á glóðum elds, þangað til þeim nauma þingmeirihluta hefur verið hnekkt, sem þannig reynir að halda á málefnum landsins. Því var það krafa aðalfundar miðstjórnar Framsfl. í vetur og er till. framsóknarmanna enn um starfsaðferðir, að Alþingi verði rofið í vor og almennar alþingiskosningar fari fram, til þess að þjóðin eignist þess kost að losa málefni landsins úr þeirri sjálfheldu, sem þau eru nú í komin fyrir allra augum. Það má að okkar dómi ekki minna vera en að þjóðin fái nú að segja til um, hvort hún vill þetta áfram eða hugsar sér að breyta til. Dráttur á úrskurði þjóðarinnar í þessu efni missirum saman getur orðið dýr. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þetta eru fyrstu almennu stjórnmálaumr., sem útvarpað er frá Alþingi, síðan alþingiskosningar fóru fram síðast. Í þeim kosningum fengu stjórnarflokkarnir 56% greiddra atkv. Í kosningunum næst á undan fengu þeir 55% greiddra atkv. Þeir bættu því við sig atkv. frá því, er þeir komu til valda. Þjóðin lýsti tvímælalausu fylgi við stjórnarstefnuna og vottaði stjórnarflokkunum afdráttarlaust traust. Engu að síður er nær allur málflutningur stjórnarandstöðuflokkanna fólginn í því að pexa um það, sem þeir telja ríkisstj. hafa gert rangt á undanförnum árum. En þjóðin er þegar búin að fella dóm sinn um það. Sá dómur var ríkisstj. og stjórnarflokkunum í vil. Þess vegna ákváðu stjórnarflokkarnir að halda áfram samstarfi sínu. Þeir hafa til þess ótvírætt umboð meiri hl. þjóðarinnar.

Nú er það auðvitað framtíðin, sem máli skiptir, en ekki fortíðin. Nýtt kjörtímabil er fram undan. Leggja þarf grundvöll að nýjum framförum, bættum lífskjörum, auknu réttlæti, vaxandi menningu. Með hverjum hætti verður þetta bezt gert? Það á að vera aðalumræðuefni okkar nú í upphafi kjörtímabils, en ekki þrotlaust stagl um þessa eða hina ráðstöfunina á liðnum árum.

Þau orð, sem ég segi hér í kvöld, mun ég því ekki nota til þess að deila við stjórnarandstöðuflokkana um það, hvort stjórnarstefnan hafi verið rétt eða röng undanfarin ár, enda er það þrautrætt mál. Ég mun nota tímann til þess að ræða við ykkur, hlustendur góðir, þau vandamál, sem nú blasa við, og þá stefnu, sem ég tel heillavænlegast að fylgja nú og á næstu árum. Ég vona, að skynsamir og ábyrgir menn, hvar í flokki sem þeir standa, séu mér sammála um, að það sé gagnlegra en rifrildið um fortíðina.

Öll hljótum við að vera sammála um, að æskilegast sé, að framleiðslan aukist sem mest frá ári til árs. Aukning hennar er sumpart komin undir árferði og aflabrögðum, sem við ráðum ekki við, sumpart er hún komin undir því, hversu mikið við vinnum, og sumpart er hún komin undir því, sem kallað hefur verið framleiðni atvinnuveganna, en með því er átt við það, hversu afraksturinn er mikill af notkun tiltekinna framleiðsluafla. Er það t. d. talin aukin framleiðni vinnunnar, ef nýjar vinnuaðferðir, bætt skipulag, nýjar vélar eða nýtt launakerfi veldur því, að kostnaður á vinnustund minnkar, þannig að t. d. færra fólk þarf en áður til þess að flaka eina smálest af þorski, hægt er að sauma fleiri föt á dag en áður í fatnaðarverksmiðju, slá stærra tún en áður á sama tíma, mála hús á skemmri tíma en áður o. s. frv.

Við getum auðvitað ráðið því sjálf, hversu mikið við vinnum. En ef við aukum þjóðarframleiðsluna aðeins með því að vinna meira, erum við ekki á framfaraleið. Markmiðið á að vera að auka þjóðarframleiðsluna án þess að vinna meira og meira að segja helzt samfara því, að við vinnum meira. Það er hægt með aukinni framleiðni í atvinnuvegunum. Til viðbótar þessu er þess að geta, að hjá þjóð, sem er jafnháð utanríkisviðskiptum og Íslendingar, eru lífskjör ekki aðeins komin undir því, hver þjóðarframleiðslan er, heldur einnig undir verðlagi útfluttrar vöru. Ef verðlag útfluttrar vöru lækkar eða verð innfluttrar vöru hækkar, getur hagur þjóðarinnar versnað, þótt þjóðarframleiðslan aukist. Á sama hátt getur þjóðarhagurinn batnað, þótt þjóðarframleiðslan minnki, ef verðlag útflutnings hækkar eða innflutnings lækkar. En slíkum breytingum ráðum við ekki

fremur en árferði eða aflabrögðum. Það, sem er á okkar valdi af því, sem raunverulega ræður afkomu okkar og kjörum, er annars vegar, hversu mikið við vinnum, og hins vegar, hver er framleiðni atvinnuveganna. Og ef við gerum ráð fyrir því, að ekki sé æskilegt, að þjóðin vinni meira en hún gerir nú, heldur þvert á móti, að vinnudagarnir styttist, samfara því að þjóðarframleiðslan aukist, þá er til þess aðeins eitt ráð, sem er á okkar valdi, og það er, að framleiðni atvinnuveganna aukist. Aukin framleiðni er því, þegar öllu er á botninn hvolft, mál málanna í íslenzkum efnahagsmálum. Aukin framleiðni er forsenda þess, að kjör okkar geti batnað, án þess að um utanaðkomandi hópp sé að ræða. Aukin framleiðni er eina örugga leiðin til varanlegra bóta á lífskjörum þjóðarinnar.

En hvernig er hægt að tryggja, að framleiðni í atvinnuvegunum vaxi? Í hagkerfi okkar Íslendinga er framleiðslan í höndum fyrirtækja, sem eru ýmist einkafyrirtæki, samvinnufyrirtæki eða opinber fyrirtæki. Auk þess hafa opinberir aðilar, þ. e. a. s. ríki og sveitarfélög, miklar framkvæmdir með höndum, svo sem byggingu hafna, vega, skóla, sjúkrahúsa o. s. frv. Það er því undir mörgum og margs konar aðilum komið, hvort gerðar eru skynsamlegar ráðstafanir til þess að auka framleiðni við framleiðslustörf í viðskiptum eða við alls konar framkvæmdir. Slíkar ráðstafanir verður yfirleitt alltaf að gera með samstarfi stjórnenda fyrirtækjanna eða framkvæmdanna og þeirra, sem við þau eða þær vinna. Frumskilyrði þess, að gerðar séu ráðstafanir til þess að auka framleiðni, er auðvitað, að báðir aðilar hafi hag af því, eigendur fyrirtækjanna og þeir, sem við þau vinna.

Það, sem fyrst og fremst gerir langvarandi og mikla verðbólguþróun varhugaverða, er, að hún dregur stórlega úr áhuga bæði eigenda fyrirtækja og starfsmanna á því að gera ráðstafanir til aukinnar framleiðni. Þegar verðlag og kaupgjald er alltaf að hækka á víxl, verðgildi peninga smám saman að minnka, en verð fasteigna og vörubirgða að hækka, samtímis því sem skuldabyrði verður léttari, geta atvinnurekendur hagnazt með mörgu öðru móti en því að auka framleiðni í fyrirtækjum sínum. Og áhugi starfsmannanna beinist að því að reyna að hækka laun sín sem mest, í stað þess að athuga skilyrði til bættra starfshátta, sem leitt gætu til raunverulegs tekjuauka.

Verðbólga er því alvarlegur þrándur í götu framleiðniaukningar. Margföld reynsla er fyrir því, að á verðbólgutímum verði framleiðniaukning yfirleitt minni eða hægari en þegar verðlag er stöðugt eða nokkurn veginn stöðugt. Ef við Íslendingar viljum nú leggja megináherzlu á að auka framleiðni í atvinnuvegum okkar, er það frumskilyrði þess, að góður árangur náist, að okkur takist að stöðva verðbólguþróunina. Án þess er vonlítið, að okkur takist að auka framleiðnina í jafnríkum mæli og nauðsynlegt er og unnt ætti að vera. Ég held, að skilningur á þessum atriðum sé mjög að vaxa með þjóðinni.

Með hliðsjón af þessum atriðum eru viðræður þær, sem einmitt nú fara fram milli fulltrúa frá verkalýðshreyfingunni, vinnuveitendum og ríkisstj., mjög mikilvægar. Æ fleiri launþegar gera sér áreiðanlega ljóst, að leiðin til raunverulegra kjarabóta liggur ekki um hækkaða kauptaxta, heldur raunverulegan tekjuauka samfara stöðugu verðlagi og styttri vinnutíma. Allir góðviljaðir menn óska þess áreiðanlega af alhug, að viðræður þær, sem nú eiga sér stað, leiði til víðtæks samkomulags, sem tryggi stöðugt verðlag á næstu árum, jafnframt því sem launþegar fái hlutdeild í vaxandi þjóðarframleiðslu í kjölfar bættra vinnubragða, betri skipulagningar, nýrra launakerfa eða m. ö. o. vegna aukinnar framleiðni. Það er í raun og veru fyrst og fremst hagsmunamál launþeganna sjálfra, að nú takist víðtækt samkomulag milli samtaka þeirra, vinnuveitenda og ríkisvaldsins. Launþegarnir geta sem heild aldrei annað en skaðazt á sífelldum víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds. Atvinnurekendur og eignamenn og þó einkum skuldarar geta hagnazt á slíkri þróun, og gera það margir hverjir. En launþegarnir hljóta alltaf að tapa á henni, bæði vegna þess, að hún rýrir þá eign, sem launþegar fyrst og fremst safna sér, þ. e. a. s. sparifé, en þó einkum vegna hins, að hún dregur úr framleiðniaukningunni og veldur því þannig, að raunveruleg lífskjarabót verður minni en ella hefði orðið.

En hver eru þá raunveruleg skilyrði til framleiðniaukningar í íslenzku atvinnulífi nú í dag, og hvernig getur ríkisvaldið stuðlað að henni? Ríkisvaldið sjálft er auðvitað ekki nema að litlu leyti beinn aðili að atvinnurekstri og framkvæmdum. En ákvarðanir um þær ráðstafanir, sem leiða eiga til framleiðniaukningar, verða fyrst og fremst atvinnurekendur og launþegar að taka. Engu að síður getur ríkisvaldið stuðlað að framleiðniaukningu á margvíslegan hátt. Eins og ég gat um áðan, er það frumskilyrði þess, að um stöðuga framleiðniaukningu sé að ræða, að jafnvægi haldist í efnahagsmálum. Þá er það og mikilvægt, að smám saman sé dregið úr hvers konar óeðlilegri vernd atvinnugreina, því að í fyrirtækjum, sem njóta óeðlilegrar verndar, er framleiðnin venjulega lítil. Mjög mikilvægt er að stuðla að heilbrigðri lánastarfsemi til atvinnuveganna, því að það bætir skilyrði til framleiðniaukningar. Ríkisvaldið getur og látið atvinnuvegunum í té ýmiss konar gagnlega þjónustu, svo sem tækniaðstoð við aukna vinnuhagræðingu. Og það getur með lagasetningu komið í veg fyrir óeðlilegar fyrirtækjasamsteypur og hringamyndun, sem oft dregur beinlínis úr framleiðni í hlutaðeigandi atvinnugreinum. Enginn vafi er á því, að af íslenzkum atvinnuvegum er framleiðni nú mest í sjávarútvegi. Engu að síður er unnt að auka hana enn mjög verulega á ýmsum sviðum hans, einkum og sér í lagi í fiskiðnaði. Þar þarf að

auka vinnuhagræðingu á sjálfum vinnustöðunum, og enn fremur þarf að taka skipulagsmál fiskiðnaðarins til endurskoðunar, fyrst og fremst í því skyni að sameina framleiðsluna í ríkara mæli en nú á sér stað í stór fyrirtæki, sem búin eru fullkomnum tækjum og beita nákvæmri skipulagningu.

Í íslenzkum iðnaði er og um mörg verkefni að ræða á þessu sviði. Of mörg íslenzk iðnfyrirtæki eru enn of lítil og ekki búin nægilega góðum vélakosti, auk þess sem enn má gera mikið til þess að bæta skipulag og taka upp hagkvæm ákvæðislaunakerfi í ýmsum greinum verksmiðjuiðnaðarins.

Um byggingariðnaðinn er það kunnara en frá þurfi að segja, að heildarskipulag hans má án efa bæta verulega frá því, sem nú á sér stað. Bygging húsa og raunar hvers konar mannvirkja tekur nú miklu lengri tíma en æskilegt og hagkvæmt er, ekki aðeins vegna takmarkaðra fjárráða, eins og oft virðist talið, heldur beinlínis vegna þess, að byggingarstarfsemin eða framkvæmdirnar eru ekki nægilega vandlega undirbúnar og sjálf framkvæmd verksins ekki nógu rækilega skipulögð. Með aukinni stöðlun eða „standardiseringu" má og án efa lækka kostnað við byggingar og raunar hvers konar framkvæmdir mjög verulega.

Framleiðni í íslenzkum landbúnaði er eflaust minni en í sjávarútvegi og iðnaði, þótt hún hafi hins vegar aukizt mjög verulega á síðari árum og vafalaust ekki minna en í hinum aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Ég vakti athygli á þessari staðreynd í ræðu hér á Alþingi fyrir nokkrum mánuðum. Þessi ræða hefur orðið tilefni mikilla skrifa og mikilla umr. um málefni landbúnaðarins. Í ýmsum af þessum skrifum hafa skoðanir mínar á málefnum landbúnaðarins verið rangtúlkaðar svo herfilega, að ég tel rétt að gera þessi mál stuttlega að umtalsefni hér, enda snerta þau aðalumræðuefni mitt.

Það hefur verið sagt ótal sinnum, að ég hafi ráðizt á bændastéttina og sýnt landbúnaðinum fjandskap. Sannleikurinn er sá, að í umr. um það, hversu líklegt væri, að árlegur hagvöxtur yrði mikill hér á landi á næstu árum, en hann hefur verið áætlaður 4%, benti ég á, að framleiðni í landbúnaðinum væri minni en í sjávarútvegi og iðnaði og væri það eitt brýnasta verkefni íslenzkra efnahagsmála að auka framleiðni landbúnaðarins sem mest, einmitt til þess að tryggja aukinn hagvöxt þjóðarbúsins í heild. Það er auðvitað ekki árás á íslenzka bændur og enn síður fjandskapur við landbúnað, þótt á það sé bent, að framleiðni íslenzks landbúnaðar sé minni en t. d. íslenzks sjávarútvegs. Í allri Evrópu er framleiðni landbúnaðar minni en t. d. þess iðnaðar, sem er ávöxtur tæknibyltingar nútímans. En vegna þess, að framleiðni í landbúnaði hefur ekki getað orðið eins mikil og í iðnaði, og vegna hins, að neyzla landbúnaðarafurða hefur ekki vaxið í réttu hlutfalli við auknar tekjur, heldur hvarvetna minnkað hlutfallslega, hefur alls staðar í Evrópu þurft að styðja landbúnaðinn með margvíslegum hætti. Þetta hefur líka þurft að gera hér á landi og hefur verið gert. Það er ómótmælanleg staðreynd, að íslenzkur landbúnaður nýtur mjög verulegs stuðnings frá samfélaginu. En slíkt á sér stað í öllum nálægum löndum. Engum hefur komið til hugar að fella þennan stuðning niður, hvorki hér né annars staðar. Í öðrum löndum er hins vegar einmitt nú mjög um það rætt, hvaða form á þessum nauðsynlega stuðningi sé skynsamlegast og hagkvæmast út frá því sjónarmiði, að stuðlað sé að því að lækka framleiðslukostnað afurðanna og auka tekjur bændanna. Flestir virðast vera þeirrar skoðunar, að það, sem fyrst og fremst hái landbúnaðinum í Evrópu, sé, að of mörg býlanna séu of lítil, stuðningurinn við landbúnaðinn eigi því að vera með þeim hætti, að hann stuðli smám saman að stækkun býla og fækkun smábýla. Ég er þeirrar skoðunar, að grundvallarvandamál íslenzks landbúnaðar sé alveg hið sama, þ. e. að hér séu of mörg lítil býli. Býlin verða að stækka, stóru býlunum verður að fjölga, en litlu býlunum að fækka. Stuðningur sá, sem samfélagið veitir íslenzkum landbúnaði, er í of litlum mæli við það miðaður að stuðla að slíkri þróun. En hér er um mikið og vaxandi vandamál að ræða. Munurinn á framleiðslukostnaði íslenzkra landbúnaðarafurða og verðlagi erlendis er vaxandi, og kemur það m. a. fram í nauðsyn á hækkun bóta þeirra, sem samkv. gildandi lögum ber að greiða á útfluttar landbúnaðarafurðir. Í ár er gert ráð fyrir, að þessar bótagreiðslur muni sennilega nema yfir 150 millj. kr. Útflutningsverðið á landbúnaðarafurðunum er áætlað að meðaltali 42% af heildsöluverðinu innanlands. Útflutningsverð á smjöri, sem nú er rætt um að flytja í verulegum mæli á erlendan markað, er t. d. ekki nema um þriðjungur af innanlandsverðinu. Af þessu er ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða og nauðsynlegt, að mörkuð sé sem hagkvæmust og skynsamlegust framtíðarstefna í málefnum landbúnaðarins. Engum er gerður greiði með því að láta eins og þetta vandamál sé ekki til, allra síst bændunum sjálfum, sem áreiðanlega er þetta vandamál ljósara en ýmsum öðrum. Landbúnaður hefur verið og hlýtur ávallt að verða einn af höfuðatvinnuvegum íslenzkrar þjóðar. Iðnþróunin hefur hér á landi eins og annars staðar fært landbúnaðinum vanda að höndum. Samfélagið á hér eins og annars staðar að styðja landbúnaðinn í baráttunni við þennan vanda. En það skiptir miklu máli, með hverjum hætti sá stuðningur er. Það er á því máli, sem ég hef viljað vekja athygli.

Í verzlun og viðskiptum má og án efa auka framleiðni verulega frá því, sem nú á sér stað. Í bæði smásölu og heildsölu er um of mörg smáfyrirtæki að ræða. Nýtízku dreifingaraðferðir í verzlun hafa að vísu verið að ryðja sér hér til rúms. En betur má, ef duga skal, eigi hvort tveggja að geta gerzt samtímis, að dreifingarkostnaðurinn lækki og þjón-

usta við neytendur batni. Og síðast, en ekki sízt, er þörf stóraukinnar framleiðni í opinberum rekstri.

Vinnubrögð á skrifstofum hins opinbera, bæði ríkis, sveitarfélaga og ýmiss konar opinberra stofnana, þurfa mjög að batna og taka þarf nýtízku vinnuaðferðir og vinnuvélar í vaxandi mæli í notkun. Opinber þjónusta er áreiðanlega dýrari hér á landi en vera þyrfti. Það er eðlileg krafa af hálfu skattgreiðenda, að farið sé með fé þeirra af fyllstu ráðdeild.

Í þeim orðum, sem ég hef sagt fram að þessu, hef ég viljað leggja áherzlu á þá skoðun, að það, sem nú og á næstu árum skiptir mestu máli í baráttunni fyrir bættum hag og batnandi lífskjörum, sé skipulögð viðleitni til þess að auka framleiðni á öllum sviðum íslenzks atvinnulífs og framkvæmda. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að vekja athygli á, að það er allt of útbreiddur misskilningur, að aukin fjárfesting sé vísastur vegur til aukinnar framleiðni. Á undanförnum áratugum hefur fjárfesting verið hlutfallslega meiri hér á landi en í flestum nágrannalandanna. Vöxtur framleiðni hefur hins vegar ekki verið meiri hér en þar, heldur minni. Hlutfallslega mikil fjárfesting hér á landi hefur ekki tryggt hlutfallslega mikla framleiðniaukningu. Auðvitað getur aukning hagkvæmrar fjárfestingar orðið undirstaða framleiðniaukningar. En það, sem menn þurfa að gera sér ljóst, er, að hún þarf ekki að vera það. Og þar eð fjárfesting hér á landi hefur verið og er einnig hlutfallslega mjög mikil, er viðhorfið hér án efa það, að fljótfarnasta og öruggasta leiðin til framleiðniaukningar er fólgin í margvíslegum ráðstöfunum til bætts skipulags, bættra vinnubragða, betri hagnýtingar tækja og aðstöðu, betra og réttlátara launakerfis og fleiri slíkra atriða.

En þótt ég hafi í þessum orðum mínum viljað undirstrika, að meginverkefni næstu ára hljóti að verða allsherjarátak til framleiðniaukningar, verður þó jafnframt að hafa í huga, að þótt sem mest aukning þjóðarframleiðslu hljóti ávallt að teljast höfuðverkefni heilbrigðrar stjórnarstefnu, verður einnig að sjá svo um, að þjóðartekjurnar skiptist sem réttlátast milli borgaranna. Það væri ekki góð eða réttlát stjórnarstefna, sem tryggði mikla aukningu þjóðarframleiðslunnar, ef öll aukningin lenti í höndum einhvers tiltekins hóps manna, en aðrir fengju ekki neitt í sinn hlut. Jafnhliða markvissri viðleitni til þess að auka þjóðarframleiðsluna þarf því jafnframt að gera ráðstafanir til þess að tryggja sem réttlátasta skiptingu þjóðarteknanna. Á næstu árum tel ég, að höfuðverkefnin að þessu leyti séu á þrem sviðum. Í fyrsta lagi verður að koma miklu betra skipulagi á innheimtu tekjuskatts og útsvara en hér hefur tíðkazt um margra áratuga skeið, þ. e. gera ráðstafanir til réttara framtals á tekjum en tíðkazt hefur og þar með réttlátari dreifingar á skattbyrðinni. Það hefur verið og er algerlega óviðunandi fyrir allan þann stóra hóp skattgreiðenda, sem telur fram allar tekjur sínar, að það skuli vera opinbert leyndarmál, að nokkur hluti skattgreiðendanna telur ekki fram nema hluta af tekjum sínum og lætur því aðra greiða gjöld sín fyrir sig. Þetta verður að breytast. Mér er ljóst, að það getur ekki orðið í einni svipan, eins og ástand þessara mála hefur verið hér á landi um áratugaskeið. En þessi breyting verður að koma, og hún þarf að grundvallast á algerri hugarfarsbreytingu varðandi samskipti skattborgarans og hins opinbera. Það ástand, sem hefur ríkt í þessum efnum, hefur falið í sér stórkostlegt félagslegt og fjárhagslegt misrétti, líklega mesta misréttið, sem um hefur verið að ræða í íslenzku þjóðfélagi á undanförnum áratugum. Þegar þetta misrétti hverfur og hlutdeild allra í skattbyrðinni verður sem jöfnust, hafa stór spor verið stigin í framfaraátt í íslenzku þjóðfélagi.

Það, sem ég vildi nefna í öðru lagi, að nauðsynlegt sé að gera til þess að auka félagslegt réttlæti og létta mönnum lífsbaráttuna, eru ráðstafanir til aukinnar og bættrar aðstoðar við, að menn geti eignazt eigið húsnæði. Fátt er heilbrigðari undirstaða trausts efnahags manna en það að búa í eigin íbúð. Þess vegna ber hinu opinbera að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum, að sem flestir eigi þess kost. Í því sambandi er auðvitað mikilvægt, að menn eigi völ á hæfilega miklu lánsfé til slíkra framkvæmda með viðráðanlegum kjörum. En það skiptir þó sannarlega ekki minna máli, að byggingarkostnaður sé sem lægstur. Jafnframt því sem ég tel, að það hljóti að verða eitt brýnasta viðfangsefni næstu ára að koma á fót allsherjarveðlánakerfi, sem allir húsbyggjendur geti átt öruggan aðgang að samkv. fyrir fram ákveðnum reglum, er bráðnauðsynlegt að gera af opinberri hálfu ráðstafanir til bætts skipulags í byggingariðnaðinum í því skyni að draga úr byggingarkostnaði.

Þriðja verkefnið, sem ég vildi nefna, að nauðsynlegt sé að vinna að á næstunni í því skyni að auka félagslegt réttlæti í landinu, er að koma á fót lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Almannatryggingakerfi þjóðarinnar hefur að vísu verið aukið mjög verulega undanfarin ár. Á s. l. 6 árum hafa bætur almannatryggingaanna hvorki meira né minna en fjórfaldazt. En í þessum efnum má aldrei láta staðar numið. Í kjölfar batnandi þjóðarhags og batnandi lífskjara verður ávallt að sigla aukinn jöfnuður í tekjuskiptingu. Og réttlátasta leiðin að því marki liggur tvímælalaust um almannatryggingakerfið. Næsta stórverkefni á því sviði á áreiðanlega að vera að tryggja öllum Íslendingum lífeyrisréttindi hliðstæð þeim, sem opinberir starfsmenn og ýmsar aðrar stéttir hafa notið lengi undanfarið. Svíar hafa þegar komið á fót slíku kerfi, Norðmenn eru að undirbúa það, og sama er að segja um fleiri þjóðir. Við Íslendingar höfum verið í hópi þeirra þjóða, sem hafa hvað víðtækastar almannatryggingar. Svo á að vera áfram og um alla framtíð.

Umr. um það, sem ég tel eiga að vera aðalverkefni ríkisstj. á næstu árum, væru þó ekki tæmandi, ef við það væri látið sitja að ræða

um nauðsyn framleiðniaukningar og aukningu félagslegs réttlætis. Jafnvel þótt okkur tækist að auka þjóðarframleiðsluna verulega og bæta skiptingu þjóðarteknanna, væri auðvitað ekki með þessu fengið allt það, sem við eigum að keppa að. Þegar öllu er á botninn hvolft, hljótum við að sækjast eftir betri lífskjörum til þess að geta lifað fegurra menningarlífi. Bætt lífskjör eiga ekki að verða undirstaða aukins hóglífis, heldur fyllri lífsnautnar. Samfara allri baráttu fyrir aukinni þjóðarframleiðslu og auknu félagslegu réttlæti þarf því ávallt að vera barátta fyrir bættri menntun, eflingu vísinda og lista og aukinni hlutdeild alls almennings í þjóðlegum og alþjóðlegum menningarverðmætum. Að því er aukna menntun og eflingu vísinda snertir, er það raunar að segja, að nú á tímum er aukin menntun ekki aðeins leið til aukinnar farsældar og hamingju einstaklingsins, svo sem raunar hefur ávallt verið aðall sannrar menntunar, heldur er aukin menntun og efling vísinda nú beinlínis ein meginforsenda aukinna framfara. Nú á öld tækni og verkmenningar er þess vegna tvöföld ástæða til þess að leggja sérstaka áherzlu á bætta menntun og eflingu hvers konar vísinda. Í öðrum löndum er nú í sívaxandi mæli litið á útgjöld til menntunar og vísinda sem einhverja arðbærustu fjárfestingu, sem völ sé á. Menntun og vísindi hafa nú stórkostlegt hagnýtt og fjárhagslegt gildi. En jafnframt heldur sönn einstaklingsmenntun áfram að vera öruggasta þroskaleiðin og þá um leið æðsta takmark mannlegrar viðleitni.

Af þessum sökum blasa við mikil verkefni og stór í íslenzkum skólamálum. Varðandi hinn hagnýta hluta þeirra tel ég mikilvægast að gera stórátak til þess að bæta tæknimenntun landsmanna, þ. e. með því að koma á fót tækniskóla og endurbæta iðnnám. Hvers konar rannsóknarstörf í þágu atvinnuveganna þarf þó að efla verulega. En skólakerfið yfirleitt þarf og ýmiss konar endurbóta, allt frá barnaskólum og upp í háskóla. Íslenzkir skólar hafa á undanförnum áratugum tekið minni breytingum en þjóðfélagið í heild. Þar bíða því mörg verkefni. Og það er ekki nóg, að skólarnir kenni um staðreyndir. Þeir verða einnig að stuðla að því, að nemendurnir kynnist öllum þáttum íslenzkrar menningar. Íslenzkar listir, hvort sem er á sviði bókmennta, tónlistar, myndlistar eða leiklistar, eiga ekki að vera einkamál þeirra, sem þær stunda, og einhvers fámenns hóps útvalinna, heldur sameign allrar þjóðarinnar. Í því skyni þarf bæði að efla listastarfsemina og auka skilning þjóðarinnar á henni.

Góðir áheyrendur. Ég hef í þessum orðum mínum rætt það, sem ég tel þá ríkisstj., sem vill leitast við að vera góð ríkisstj., eiga að einbeita sér að á næstu árum. Ég hef talið það nytsamlegra og skynsamlegra en að karpa við stjórnarandstæðinga um það, sem liðið er. Ég geri ráð fyrir því, að flestir stuðningsmenn núv. ríkisstj. séu mér sammála um, að öll þau verkefni, sem ég hef nefnt, séu mjög brýn og í raun og veru brýnustu verkefnin, sem vinna þurfi að. Og ekki kæmi mér á óvart, þótt margir þeirra, sem styðja stjórnarandstöðuflokkana, séu í raun og veru einnig sammála mér um, að þessi eigi stefnan að vera. Þess vegna mun ríkisstj. leggja sig alla fram um að ná sem beztum árangri í baráttu sinni fyrir því að auka þjóðarframleiðslu, efla félagslegt réttlæti og bæta menntun og menningu.

Forseti (SÁ): Hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hefur lokið máli sínu. Þar með er fyrri meðferð í þessum útvarpsumræðum lokið. Af þeim 50 mínútum, sem stjórnmálaflokkarnir hver um sig hafa til umráða í þessum útvarpsumræðum, hafa þeir í fyrri umferð notað eftirgreindan tíma: Alþb. 34 mín. og á því ónotaðar 16 mín., Sjálfstfl. 30 mín. og á því eftir 20 mín., Framsfl. 30 mín. og á því ónotaðar 20 mín., Alþfl. 31 mín., á því eftir 19 mín.

Hefst þá síðari umferð með því, að hv. 10. landsk. þm., Geir Gunnarsson, sem talar af hálfu Alþb., tekur til máls og hefur 16 mín. til umráða.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Um það verður ekki deilt, að sú ríkisstj., sem tók við völdum fyrir fjórum og hálfu ári, hefur á valdatíma sínum notið hinna mestu góðæra frá náttúrunnar hendi, sem íslenzka þjóðin hefur lifað. Þessi ríkisstj. hefur því haft til ráðstöfunar meiri þjóðarframleiðslu en nokkur önnur og betri tækifæri en áður hafa gefizt til þess að bæta kjör almennings í landinu. Ef allt væri með felldu, ættu lífskjör alþýðu landsins, þess fólks, sem hefur með störfum sínum á sjó og landi skapað öll þessi verðmæti, að vera betri en nokkru sinni fyrr. Kaupmáttur launanna ætti að vera meiri en hann var, þegar framleiðslumagnið var miklum mun minna, enda er þá til lítils fyrir verkafólk að auka framleiðsluna, ef lífskjörin bötnuðu ekki að sama skapi. En ömurlegasta staðreyndin um stjórnarstefnuna, sú staðreynd, sem staðfestir, að núv. ríkisstj. gætir hagsmuna annarra en hins vinnandi fólks, er sú, að kaupmáttur tímakaupsins hefur ekki aukizt á þessum miklu góðærum sífellt meiri aflafengs, kaupmátturinn hefur ekki einu sinni staðið í stað, hann hefur rýrnað um 20% á þessum árum. Hann hefur rýrnað um sem svarar 4½% á hverju einasta stjórnarári viðreisnarstjórnarinnar. Verkafólk fær nú um 20% minna af lífsnauðsynjum fyrir tímakaupið en það fékk, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum fyrir 4½ ári. Þetta er eina viðmiðunin, sem verkafólk getur tekið gilda. Sú speki stjórnarvaldanna, að hækkun á árslaunum, sem fæst með því móti einu að auka vinnutímann, sé kjarabót, er of auðsæ blekking til þess að hana þurfi að ræða.

Jafnhliða því sem viðreisnarstefnan hefur stórrýrt hlut hinna mörgu, sem grundvallarverðmætin skapa við framleiðslustörfin, hefur hún reynzt fær um að tryggja stóraukinn hlut hinna fáu, sem fá á eindæmi að ráðstafa þeim gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvöruna. Þessir aðilar, innflutningsfyrirtækin í Reykja-

vík og bankarnir, hafa í tíð viðreisnarstjórnarinnar naumast haft undan við að koma stórauknum gróða sínum fyrir í byggingum stórhýsa um alla Reykjavík, en fjármunamyndun í byggingu verzlunar- og skrifstofuhúsa og í veitinga- og gistihúsarekstri hefur að magni til verið um 115% meiri á árunum 1960—62 en á árunum 1957—60, en íbúðarbyggingar voru hins vegar 1961 33% minni en 1959 og 1962 25% minni.

Þessi þróun á valdatíma viðreisnarstjórnarinnar, rýrnandi kaupmáttur launa í góðærinu og stórkostleg gróðasöfnun einkafyrirtækja, er afleiðing stjórnarstefnunnar. Þetta er það, sem henni var frá byrjun ætlað að tryggja.

Það er ekki að ástæðulausu, að íslenzk alþýða hefur um árabil óttazt meirihlutavald íhaldsins. Það meirihlutavald hefur íhaldið á Íslandi nú haft um nokkurra ára skeið með auðsveipri þjónustu þm. Alþfl. Samtímis því sem með viðreisnarstefnunni hefur verið tryggt, að aukin þjóðarframleiðsla renni sem gróði til innflutningsfyrirtækja og til þeirra aðila, sem innangengt eiga í lánastofnanir og geta gert húsnæðisskort almennings að gróðalind fyrir sig, hefur viðreisnarstefnunni ekki síður verið beitt til þess að létta skattabyrðinni af þessum gróðafélögum, svo að gróðinn verði ekki hirtur af þeim aftur með sköttum og ráðstafað í almenningsþarfir. Til þess að skerða lífskjörin í góðærum hefur þannig þurft sérstaka stjórnarstefnu, viðreisnarstefnuna. Þeir, sem að henni hafa staðið, hafa stuðzt við það, sem þeir sjálfir kalla gengislækkunarleik. Með endurteknum gengislækkunum hefur vöruverð verið hækkað stórlega og ofan á það bætt nærri jafnhá tollaálagi í prósentum og fyrir var og þannig sópað stórkostlegu fé til ríkissjóðs. Síðan hefur verið bætt við það stórfelldum söluskatti á allar neyzluvörur. Innheimta tolla og skatta til ríkisins hefur hækkað svo gífurlega í tíð viðreisnarstjórnarinnar, að á þessu ári eru þeir ráðgerðir um 1750 millj. kr. hærri yfir árið á hvert mannsbarn í landinu. Með þessari skattheimtu eru ekki aðeins heimtar af almenningi stórauknar fjárhæðir í ríkissjóð, heldur hefur í grundvallaratriðum verið breytt sjálfri tilhöguninni á tekjuöflun ríkisins, þannig að skipulega og markvisst hefur verið unnið að því, að þeim, sem hafa fengið að rífa til sín síaukinn hlut af þjóðarframleiðslunni, er sem mest hlíft við að greiða af þeim gróða í skatta til ríkisins. Stjórnarstefnan hefur markvisst verið sú að lækka hlutfallslega þá skatta, sem greiddir eru í beinu hlutfalli við tekjur og eignir, en hækka neyzluskatta, sem greiddir eru í beinu hlutfalli við fjölskyldustærð, þannig að stærstu barnafjölskyldurnar borga mest. Þessar álögur, stórhækkuð aðflutningsgjöld og söluskattar, eru lagðar ofan á það vöruverð, sem endurteknar gengislækkanir hafa stórlega hækkað. Þetta eru þær álögur, sem almenningur er að sligast undir.

Á þessu ári eru tekju- og eignarskattar áætlaðir 255 millj. kr., en neyzluskattar, sem greiðast eftir fjölskyldustærð, 2300 millj. kr. Ef athuguð er þróunin í þessum efnum í tíð viðreisnarstjórnarinnar, sést, hvert hefur verið vísvitandi stefnt. Árið 1959 námu neyzluskattar 350 kr. fyrir hverjar 100 kr., sem á sama tíma voru greiddar í tekju- og eignarskatta, en árið 1964 hefur sú breyting orðið á, að fyrir hverjar 100 kr., sem greiddar eru í tekju- og eignarskatta, nema neyzluskattar ekki 350 kr., heldur um 910 kr. Neyzluskattar hafa því ekki aðeins margfaldazt í krónutölu, heldur ekki síst hlutfallslega, miðað við beina skatta. Þetta er beinlínis gert til hagsbóta fyrir hina efnameiri á kostnað þeirra, sem stærstu fjölskyldurnar hafa og verða að greiða hæstu neyzluskatta án nokkurs tillits til efnahags. Þær fjölskyldur hafa orðið að taka á sig hlutfallslega mest af nærri 2000 millj. kr. hækkun á árlegum neyzlusköttum í tíð viðreisnarstjórnarinnar.

Alþýðuflokkurinn á Íslandi þykist stundum eiga eitthvað skylt við þá flokka, sem hafa farið með stjórn annars staðar á Norðurlöndum undanfarin ár. En þangað sækir ríkisstj. ekki fyrirmyndina að því, hvernig ríkistekna skuli aflað. Breytingin er ekki gerð til þess að nálgast þeirra aðferðir, öðru nær. Af hverjum 100 kr., sem Dönum er ætlað að greiða í samanlagða skatta til ríkisins á þessu ári, eru tekju- og eignarskattarnir áætlaðir 41 kr., en hér á Íslandi undir viðreisnarstjórn nema tekju- og eignarskattar kr. 9.90 af hverjum 100 kr., sem greiddir eru í samanlagða ríkisskatta. Rúmlega 90 kr. af hverjum 100 eru teknar með neyzlusköttum hér. Þannig hefur viðreisnarstjórnin skipulega beitt hinum margvíslegustu ráðum til þess að auka álögurnar á almenning, á sama tíma og hún gerir ráðstafanir til þess að hlífa auðfélögum og fyrirtækjum.

Alþfl. hefur stundum afsakað þessa nýju stefnu sína í skattamálum með því, að beinu skattarnir, tekju- og eignarskattarnir, séu að vísu réttlátastir, ef rétt væri talið fram til skatts, og hefur jafnan þótzt hafa mikinn áhuga á auknu skatteftirliti, gerði m. a. um það sérstaka samþykkt á síðasta flokksstjórnarfundi. Það reyndi á heilindi Alþfl. í þessu máli fyrir fáum dögum hér á Alþingi. Alþb. lagði fram till. um það, að til þess að tryggja réttari skattframtöl skyldu skattyfirvöld, auk þess sem þeim ber að athuga grunsamleg framtöl, vera skyld til þess að grandskoða fimm ár aftur í tímann 5% framtala allra fyrirtækja og 2% framtala allra einstaklinga í landinu skv. útdrætti, sem hagstofan sæi um, þannig að hvert fyrirtæki og hver einstaklingur ætti það jafnan yfir höfði sér, að hans framtal yrði tekið til sérstakrar, gagngerðrar rannsóknar og endurskoðunar fimm ár aftur í tímann. Hér reyndi á, hvort Alþfl. meinti nokkuð með tali sínu um aukið skatteftirlit. Þeim, sem fylgzt hafa með ferli Alþfl. og meðferð hans á gömlum stefnumálum, þarf naumast að skýra frá því, að Alþfl. greiddi atkv. gegn till. E. t. v. hefur Alþfl. verið að forða kaupmönnum og öðrum innheimtumönnum söluskatts frá eftirliti með þeirri innheimtu. Hún skiptir ekki svo litlu, þegar hlutur ríkissjóðs, þ. e. a. s. það, sem

skilað er af söluskattinum, er áætlaður um 650 millj. kr. á ári. Ef kaupmenn og aðrir innheimtumenn halda eftir, hirða sjálfir 20%, svona til samræmis við önnur framtöl sín, nemur þeirra hlutur af söluskattinum rúmlega 160 millj. kr. á ári, og þó að þeir skiluðu 90%, þá verður þeirra hlutur rúmlega 70 millj. kr. á einu ári.

Þegar þróun síðustu ára er höfð í huga og minnkandi hlutur almennings á auknum þjóðartekjum er metinn, er naumast að ófyrirsynju, að félagsmenn verkalýðsfélaganna, þeir þjóðfélagsþegnar, sem færa grundvallarverðmætin í þjóðarbúið, séu orðnir úrkula vonar um, að viðreisnarstefnan geti fært þeim annað en áframhaldandi rýrnun lífskjara og aukinn vinnuþrældóm. Barátta verkalýðssamtakanna á stjórnartíma viðreisnarstjórnarinnar, sú barátta, sem málgögn ríkisstj. hafa reynt að stimpla sem þjóðhættulega starfsemi, hefur ekki beinzt að því að heimta, að verkalýðurinn í landinu fái að raka saman gróða, eins og stórfyrirtækin og braskararnir hafa gert á þessu tímabili, heldur hefur hún einungis beinzt að því, að í góðærinu fái verkafólk að þokast nær því að geta unnið fyrir brýnustu lífsnauðsynjum með því að vinna í átta klukkustundir hvern rúmhelgan dag allt árið um kring. Það er því fullkomlega eðlilegt, að verkafólk um allt land spyr í dag: Er ekki eitthvað bogið við þá stjórnarstefnu, sem færir framleiðslustéttunum rýrnandi lífskjör, samtímis því sem þær framleiða meiri verðmæti en þær hafa nokkru sinni áður gert?

Enginn getur heldur efazt um það, að því verkafólki, sem býr við 20% rýrari kaupmátt launa en fyrir 4½ ári, ætla stjórnarvöldin ekki meiri skammt en því er nú skammtaður og þykir hann meira að segja of stór. Morgunblaðið segir í leiðara í fyrradag, að kaupgjald hér hafi verið spennt úr hófi fram, þ. e. að verkamannakaup sé of hátt í dag, og í sama leiðara er haldið áfram hinni sömu föðurlegu umhyggju fyrir verkafólki, sem einkennt hefur íhaldið allt frá því, að það barðist gegn stofnun verkalýðsfélaganna í upphafi af einskærri umhyggju fyrir verkafólki. Í þeim sama leiðara er enn endurtekið: Kjarabætur geta einungis byggzt á framleiðsluaukningu. — Það er ekki í fyrsta sinn, sem þessi föðurlega áminning heyrist: Biðið með kaupkröfurnar, þar til framleiðslan hefur aukizt. — Og vissulega er það rétt, að auk þess sem réttlátari skipting þjóðartekna mundi færa verkafólki kjarabætur, þá á aukin framleiðsla að vera grundvöllur kjarabóta, en s. l. 4½ ár sanna, svo að ekki verður um villzt, að ríkisstj. eins og sú, sem nú situr, getur með stefnu sinni komið í veg fyrir, að jafnvel stórfelld framleiðsluaukning lendi hjá þeim, sem skapa hana. Viðreisnarstjórnin hefur meira að segja getað séð um, að hlutur verkafólks minnkaði á tímum mikillar framleiðsluaukningar.

Hvað er það, sem hefur gerzt s. l. ár í atvinnulífi landsmanna? M. a. það, að þau síldarsumur, sem menn biðu árangurslaust eftir í hálfan annan áratug, hafa komið eitt af öðru, hvert öðru meira. Auk þess hafa bætzt við algerlega nýir framleiðsluþættir, mikil vetrarsíldveiði sunnanlands og þorskveiði með herpinót. Var þá ekki kominn tími til, að verkalýðurinn hlyti nú viðbót við þann hlut, sem hann áður hafði? Eftir þessu hafði honum verið sagt að bíða. Eða höfnuðu þessi auknu verðmæti e. t. v. annars staðar? Staðreyndin er sú, að eftir öll þessi miklu síldarsumur og vetrarsíldveiðina miklu, eftir alla framleiðsluaukninguna á 4½ árs valdatímabili viðreisnarstjórnarinnar, býr verkafólk nú við það, að kaupmáttur launa er ekki hærri en hann var, ekki jafn og hann var, heldur 20% rýrari en hann var eftir 15 ára algert síldarleysi. Hver skyldu kjörin vera í dag, ef síldarleysið hefði haldizt? Og enn fær Morgunblaðið sig til að segja, síðast á laugardaginn var, að verkafólk skuli bíða eftir framleiðsluaukningu, hún sé grundvöllur kjarabóta. Það þarf ekki að bíða eftir henni. Hún hefur komið fram. En það hefur svo sannarlega þurft sérstaka stjórnarstefnu til þess að koma í veg fyrir, að verkafólk héldi sínum hlut af þeim þjóðartekjum, sérstaka stefnu til þess að tryggja, að hlutur þess beinlínis minnkaði, á sama tíma og framleiðslan óx. Þessi stefna er það, sem kallað er viðreisnarstefna. Og stjórnarvöldin hafa beitt margvíslegum aðferðum til að knýja fram þennan árangur. Alveg sérstaklega hefur hún verið lagin við að notfæra sér, að almenningur vill leggja sitt af mörkum til þess að stöðva verðbólguna. Með stöðvun hennar að skálkaskjóli hafa stjórnarflokkarnir með hverri aðgerðinni eftir aðra þrýst kjörum verkafólks neðar og neðar, án þess að þess hafi vitaskuld sézt nokkur merki, að sú verðbólga, sem er gróðalind stórgróðamanna, hafi látið hið minnsta undan síga, heldur hið gagnstæða.

Fyrsti atburðurinn í sögu þeirrar baráttu, sem ríkisstj. hefur háð undir því yfirskini að stöðva dýrtíðina með það að hinu eina raunverulega markmiði að færa til tekjur í þjóðfélaginu á kostnað verkafólks, var sá, að ríkisstj. Alþfl. lækkaði laun verkamanna um 600—800 kr. á mánuði veturinn 1959, og var því haldið fram, að með því ætti að stöðva verðhækkanir í eitt skipti fyrir öll. Þessi fórn almennings varð að sjálfsögðu til einskis annars en að auka gróða atvinnurekenda, því að með gengislækkuninni 1960 hækkaði verðlag meir en dæmi voru til áður. Gróðastéttirnar fengu því hvort tveggja í senn: beina kauplækkun verkafólks og svo verðbólguna sína, sem tryggði þeim stórfellda eignaaukningu. Þá var aftur komið til verkafólks og sagt: Nú þarf enn að gera ráðstafanir til að berjast gegn verðbólgunni, og þó að það hafi mistekizt að stöðva hana með því að lækka kaupið ykkar, þá erum við núna búnir að finna bölvaldinn. Það er vísitöluuppbótin, sem þið fáið á kaupið. Nú tökum við hana af, þá stöðvast verðbólgan sjálfkrafa. — Og enn var vilji almennings til að stöðva verðbólguna misnotaður, og enn bætti gróðastéttin sinn hlut. Nú fékk hún hvort tveggja:

afnám vísitöluuppbótar á laun og þar með frjálsar hendur til verðhækkana og aukna verðbólgu, aukinn gróða.

Það eru því engin undur, þótt verkafólk taki nú með tortryggni tilmælum stjórnarflokkanna um enn frekari fórnir og enn frekari bið eftir framleiðsluaukningu, þegar haft er í huga, að allar fórnir almennings til þess að stöðva verðbólguna hefur ríkisstj. misnotað til þess að auka hlut gróðastéttanna, en látið verðbólguna lönd og leið. Og þrátt fyrir stórfellda framleiðsluaukningu hafa lífskjörin rýrnað. Verkafólk þarf ekki að bíða eftir neinni framleiðsluaukningu til að fá bættan hlut. Það hefur þegar skapað hana í ríkum mæli s. l. ár. Það á aðeins eftir að fá sinn hluta af henni, og þeir samningar, sem verkalýðssamtökin eiga nú í við ríkisstj., hljóta að snúast um það, að hún standi skil á þeim hlut. Og í þeim samningum hlýtur verkalýðsstéttin að gera kröfu til þess, að auk úrbóta í launamálum verða gerðar sérstakar ráðstafanir í húsnæðismálum til þess að bæta úr því neyðarástandi, sem þar er orðið.

Aðstaða almennings til þess að eignast eigið húsnæði hefur stórlega versnað í tíð núv. ríkisstj. Byggingarkostnaður íbúðar af meðalstærð hefur s. l. fjögur ár hækkað um nálega 250 þús. kr. Á sama tíma hafa lán húsnæðismálasjóðs verið hækkuð um 50 þús. kr. í 150 þús. kr., og eftir þeim bíða nú á milli 2000 og 3000 manns. Hækkun á lánum húsnæðismálastjórnar í tíð viðreisnarstjórnarinnar dugir því ekki fyrir 1/5 hluta þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á byggingarkostnaði, og allt lánið aðeins fyrir 3/5 hlutum hækkunarinnar einnar. Þegar á það er litið, að hámarkslán frá húsnæðismálasjóði dugir ekki fyrir meiru en broti af þeirri hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaðinum í tíð viðreisnarstjórnarinnar, og ekkert er lánað upp í 2/5 hluta hækkunarinnar og ekkert til greiðslu á þeim byggingarkostnaði, sem áður var, og þá voru lánaðar 100 þús. kr. til bygginga, þá er auðsætt, að húsnæðismálasjóðslánin, eins og þau voru fyrir tíð viðreisnarstjórnarinnar, hefur hún í rauninni afnumið með öllu, og nú er einungis lánað brot af þeim hækkunum, sem ríkisstj. hefur sjálf valdið með stefnu sinni. Þó er vandi húsbyggjenda enn meiri en þessar tölur um byggingarkostnaðinn sýna, því að svo óheyrilegur sem byggingarkostnaðurinn er, þá eiga húsnæðisleysingjar í Reykjavík a. m. k. og sífellt víðar á landinu engan kost á því að eignast íbúð á kostnaðarverði, heldur verða þeir til viðbótar að borga okurgróða til þeirra, sem fá byggingarlóðir og hafa aðgang að lánsfé. Það er ein ömurlegasta staðreynd húsnæðismálanna í dag, að af því fé, sem húsnæðismálastjórn lánar til Reykjavíkur a. m. k. og jafnvel víðar, fer bróðurparturinn ekki til þess að greiða byggingarkostnað íbúðanna, heldur sem gróði beint í vasa þeirra, sem selja íbúðirnar. Það er því mikið hagsmunamál almennings, að í þessum málum verði tekin upp algerlega ný stefna, sem tryggi, að almenningur geti eignazt íbúðir með viðráðanlegum kjörum og að allur einkagróði hverfi af verði íbúða. Alþb. hefur mótað till. sínar í þessum efnum og mun leggja þær fram á Alþingi þessa dagana.

Alþýða landsins hefur nú um langt skeið séð þjóðfélagskerfið engjast í stjórnleysi sínu og skipulagsleysi, þegar gróðaöflin ganga lausbeizlaðri en nokkru sinni fyrr og skófla upp gróðanum í þeim umsvifum og athöfnum, sem eru minnst þjóðarnauðsyn, á sama tíma og þeir, sem vinna framleiðslustörfin, stynja undir síauknum byrðum og versnandi lífskjörum, jafnhliða því sem þeir stórauka þjóðartekjurnar með sífellt lengri vinnudegi. Endalaus bjargráð, viðreisnir og hvað þær eru nú kallaðar, tilraunirnar til þess að lappa upp á hina kapítalístísku endileysu, koma að engu haldi, en sífellt eykst gróði hinna ríku og skerðast kjör framleiðslustéttanna. Einungis lausn sósíalismans, sameign allrar alþýðu á þeim framleiðslutækjum, sem hún vinnur við, og skipulagning allra framleiðsluþátta og þjónustu, getur tryggt henni réttlátan afrakstur vinnu sinnar, og þá leið fara sífellt fleiri þjóðir í heiminum, þ. á m. margar þeirra, sem eftir langa baráttu hafa nýlega öðlazt frelsi undan áþján nýlenduvelda og eru nú að byggja upp sitt þjóðskipulag. Þessum þjóðum blöskrar stjórnleysi og sóun kapítalismans og það, hvernig því hagkerfi er hvarvetna beitt atvinnurekendavaldinu í hag á kostnað framleiðslustéttanna, og þær velja í æ ríkara mæli leið sósíalismans.

Rýrnandi lífskjör framleiðslustéttanna á Íslandi í mestu góðærum, sem komið hafa í sögu þess, ættu a. m. k. að sýna þeim fram á, að það er meira en lítið bogið við það hagkerfi, sem við nú búum við. Uppgjöf viðreisnarstefnunnar, ráðleysið og skipulagsleysið og kjararýrnun almennings í uppgripaárum ætti að færa fleiri alþýðumönnum heim sannindin um fánýti þess hagkerfis, sem miðast einungis við hagsmuni gróðastéttanna í landinu.

Við vitum það frá fyrri árum, og sums staðar á Íslandi fá menn að reyna það enn í dag, hvert hlutskipti kapítalístískt hagkerfi ætlar verkafólki. Þegar eitthvað bjátar á, aflaleysi eða önnur óáran, þá er hlutskiptið atvinnuleysi og örbirgð. Það er því full ástæða til að spyrja í dag: Hvers virði er alþýðu manna það hagkerfi, sem þannig hefur reynzt, þegar á bjátar, og ræður svo ekki einu sinni við hin mestu góðæri, sem þjóðin hefur lifað frá upphafi byggðar í landinu.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Það er víst siðvenja við hinar svokölluðu eldhúsdagsumræður að binda sig ekki svo mjög við ákveðin mál, og það, sem ég segi hér, er aðeins ofan af því, sem er efst í huga mínum þessa dagana við þessi þingslit, en það verður ekki margt sagt á tíu mínútum og þess vegna ekki hægt að rekja nein mál til róta.

Um nýju vegalögin, sem afgreidd voru end-

anlega fyrir fáum dögum, þ. e. a. s. áætlunina, segir fjvn. þingsins í áliti 5. maí og skrifar öll undir það álit, menn úr öllum flokkum: „Með nýju vegalögunum hafa stórauknar tekjur verið tryggðar til samgöngubóta á landi. Er ástæða til að fagna þeirri þróun."

Framlög til nýbygginga vega og brúa nær tvöfaldazt nú frá því, sem var í fyrra, og nýtt framlag kemur að auki til vega í kaupstöðum. Fjárráð sýsluvega þrefaldast. Og er það nú fyrst, sem löggjafinn viðurkennir rétt allra býla í landinu til að fá akveg.

Á þessu þingi var samþ. styrkur allmyndarlegur til súgþurrkunar í hlöðum og aukajarðræktarstyrkur fyrir jarðir, sem hafa tún frá 15—20 ha. Áður var þess konar styrkur greiddur til býla, sem hafa tún innan við 15 ha. skv. breyt., sem gerð var á l. á næstliðnu þingi. Nær nú þessi aukajarðræktarstyrkur til um 3800 jarða í landinu, og er áætlað, að sú viðbót, sem nú kemur, nemi um 20 millj. alls.

Útlán stofnlánadeildar landbúnaðarins urðu 103 millj. 1963. Til samanburðar má geta þess, að útlán byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs 1959 urðu 42.6 millj. Auk stofnlánadeildarlánanna lánaði veðdeild Búnaðarbankans til jarðakaupa 5.6 millj., eða 100 þús. kr. út á jörð. Var það mikil breyting frá því, sem áður var, en þá var hámark lána úr veðdeild 35 þús. og aðeins örfá lán á ári. Breytingin, sem gerð var á lögunum 1962, gerði þetta mögulegt.

Fleiri og fleiri láta nú í ljós ánægju sína yfir því að hafa nú nokkurn veginn að föstu að ganga um lán út á nytsamlegar framkvæmdir í sveitum. En úr því að ég er kominn að bæjardyrum Búnaðarbankans, er ókurteisi, býst ég við, að minnast ekki á gagnrýni þá, sem tvö atriði í stofnlánadeildarlögunum hafa sætt, vaxtahækkunin og 1% gjaldið.

Auðvitað er engum sérlega ljúft að leggja á skatta. En nauðsyn kallaði á að þessu sinni, og um vaxtahækkunina segir réttilega, að því er ég hygg, í Árbók landbúnaðarins 1962, á bls. 118: „Svo undarlegt sem það sýnist vera, ætti bændastéttin í heild frekar að græða en tapa á vaxtahækkun stofnlánanna." Á ritstjórinn, Arnór Sigurjónsson, þar við, að bændur fái hækkun vaxtanna vel endurgreidda í hækkuðu búvöruverði, og enginn mun bregða Arnóri um óvilja til bænda, greindarleysi, þekkingarskort né hlutdrægni af aðdáun á ríkisstj. né stuðningsmönnum hennar. Og hafi einhverjir bændur staðið í þeirri meiningu 1960, 1961 og 1962, að steiktar gæsir kæmu fljúgandi ofan af himinfjöllum að setjast í hlaðbrekku Búnaðarbankans, sem þá var með öllu bjargarlaus, þá er það mesti miskilningur. Það þurfti mikið átak að gera og mörg öfl að sameina, og 75% gjaldinu á neytendur hefur verið svo vel tekið, að þaðan hefur hvorki heyrzt stuna né hósti. Það er til virðingar þeim, sem kjötið kaupa og mjólkina, sem skilja, að fjáröflun í einn þarflegan sjóð kemur ekki af engu. Flestir beztu bændur skilja þetta auðvitað líka og telja sér jafnvel sóma að því að leggja steina í góða byggingu fyrir sjálfa sig. En það hefur líka heyrzt, að einhver búnaðarsamtök vilji kaupa sér lögfræðinga fyrir 200—300 þús. kr. til að reyna að kippa fjárhagsstoðum undan Búnaðarbankanum, 1% gjaldinu og væntanlega þá um leið framlagi ríkisins, sem lagt er á móti, og þá einnig sjálfsagt framlagi neytenda. Þetta finnst mér álíka ótrúlegt og Njáli heitnum á Bergþórshvoli fannst fregnin um vígaferli Þórðar leysingjasonar, sem hann lét segja sér þrisvar, áður en hann trúði. En líklega er þetta bara eins konar fótboltaleikur.

Verðlagsmál bænda eru í höndum Stéttarsambandsins innan ramma framleiðsluráðslaganna og svo fulltrúa í sex manna nefnd. Tvö s. l. haust hefur mikið þokað fram til leiðréttingar á verðlagsgrundvellinum, frá því að búnaðarþing gaf eftir sín 9.4% 1944, en þar með segi ég þó ekki, að bændur fái nógu hátt verð fyrir sínar vörur. Þar að auki er svo verðtryggingin, sem nam 1963 130 millj. kr.

Í ár fá bændur á samlagssvæði KEA 3 aura yfir grundvallarverð, og allir bændur í landinu munu nú fá sem næst grundvallarverð fyrir vöru sína, síðan verðtryggingin kom til sögunnar, en aldrei áður.

Okkar búnaðarmálastefna hefur um 30 ára skeið miðað að því að skapa einyrkjabúskap á smájörð með um 5 ha. tún og húsakost í hæfi við það. Á þessu verður að verða breyting, og eru það mikil verkefni, sem þar liggja fyrir fram undan. Allir þurfa að skilja, öll landsins börn, ekki vegna bænda sérstaklega, en vegna alþjóðar, vegna heilbrigði, vegna framtíðar, vegna velferðar þjóðfélagsins, að sú þjóð, sem ekki stendur föstum fótum á gróandi jörð og vaxandi grasrót, verður engin þjóð áður en varir. Hana vantar rótina. Að ræktun verður að vinna í vaxandi mæli, raflögnum og vegagerðum og öðrum undirstöðumálum hinna dreifðu byggða. Að þessum málum hefur landbrh. unnið af dugnaði og forsjálni. Auðvitað er enn eftir margt ógert á þessum sviðum. Þau verkefni eru ótæmandi.

Herra forseti. Ég sé, að tíma mínum er að ljúka, og get því ekki drepið á nærri allt, sem ég hefði viljað á drepa, bæti aðeins við að lokum: Það er engin ástæða til að vera svartsýnn á afkomumöguleika íslenzkra sveita. Möguleikar blasa þar við í öllum áttum. Barlómur sá, sem Björn á Löngumýri gerði að umtalsefni í skörulegu erindi um daginn og veginn fyrir skömmu, er stórhættulegur og dregur máske kjark úr fleiri mönnum en flesta grunar. Þess vegna tek ég undir þá þörfu ábendingu og undirstrika hana rækilega. Skal ég svo ekki um það dæma, í hvaða átt Björn hefur beint skeytum sínum einkanlega, en sumum hefur dottið í hug, að það hafi verið blekbytturnar í Edduhúsinu. — Góða nótt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í þessum eldhúsumræðum væri vissulega freistandi að feta troðnar slóðir og fylgja

gömlu reglunni að fordæma orð og gerðir andstæðinga sinna, en hrósa bæði flokki sínum og flokkssystkinum og kannske sjálfum sér um leið, eins og heyra mátti hjá síðasta ræðumanni Alþb. hér í kvöld. En grunur minn er sá, að þeir tiltölulega fáu hlustendur, sem á þessar umr. hlýða, séu fyrir löngu búnir að fá sig fullsadda á slíkum lestri, áður en yfir lýkur, því að þeir eru að mínu mati í stórum meiri hl., sem óska eftir jákvæðum umr. um eitt erfiðasta vandamál íslenzku þjóðarinnar um 20 ára skeið, verðbólguvandamálið.

Auðvitað munu margir, sem nú koma fram fyrir hlustendur, ræða mál þetta, því að öllum þm. er það ljóst, að þorri kjósenda óskar eftir að heyra mat þeirra á þessu máli og þeirri ískyggilegu þróun, sem verðbólgunni fylgir. Gallinn er sá, að hér er um svo margþætt vandamál að ræða, að fáum einstaklingum mundi auðnast að gera því þau skil, sem verðugt væri, allra sízt á þeim stutta tíma, sem hverjum einum er ætlaður í þeim umræðum, sem hér fara fram.

Af gamalli reynslu er ég líka hræddur um, að margir mundu gleyma fyrsta skilyrði þess, að slíkar umr. yrðu jákvæðar, því, að horfast í augu við ríkjandi aðstæður, en láta í þess stað stjórnast af sýndarmennsku, stéttaröfund og pólitísku hatri. Slík framkoma viðkomandi aðila er ekki árangursrík til að finna raunhæfa lausn á margþættu og erfiðu vandamáli. Í meðferð þess eins og annarra vandamála verður að ríkja jarðbundið raunsæi og yfirvegað mat á fyrirliggjandi aðstæðum.

Með þetta í huga fullyrði ég, að þegar hinir pólitísku flokkar koma fram fyrir alþjóð í þinglok, þá mun hinn almenni borgari ekki óska eftir upplýsingum um dugnað einstakra þm. fyrir kjördæmi sín, heldur eftir skoðunum þeirra á ráðum og leiðum til að sigrast á verðbólguvandamálinu.

Ein er sú spurning, sem er á allra vörum, spurningin um það, hvort viðræður ríkisstj. við ráðandi aðila í Alþýðusambandi Íslands geti leitt til samkomulags, sem verði nauðsynlegur grundvöllur til að standa á í baráttunni við verðbólguna. Auðvitað getur enginn svarað þessari spurningu nú. En eru þessir aðilar að sýnast, eða fylgir hugur máli í þessum þýðingarmiklu viðræðum? Það er ekki þýðingarminnst, og á það er vissulega hægt að leggja mat.

Frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum, hefur eitt aðalárásarefni stjórnarandstöðunnar verið fullyrðing um, að allar aðgerðir ríkisstj. beindust að því að gera þá fátæku fátækari og ríku ríkari, samhliða sérstökum árásum á hina skipulögðu verkalýðshreyfingu. Bezta svar, sem hægt var að gefa við slíkri firru, var svar kjósenda í síðustu þingkosningum, enda slíkar fullyrðingar barnalegar, þegar haft er í huga, að allur þorri Íslendinga er á einn eða annan hátt tengdur, beint eða óbeint, skipulögðum launþegasamtökum og því ekki hægt að komast fram hjá þeirri staðreynd, að fylgi stjórnarflokkanna kemur ekki síður úr þessum röðum en fylgi stjórnarandstöðunnar.

Þetta ásamt margháttuðum aðgerðum til styrktar þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu á hverjum tíma, og á ég þá sérstaklega við sjúka og aldraða, auk aðstoðar til styrktar starfi verkalýðshreyfingarinnar, bæði félagslegu starfi inn á við og vinnubrögðum út á við, sýnir og sannar, að ríkisstj. vill eiga gott samstarf við þessi fjölmennu hagsmunasamtök og öll önnur, og því ber ekki að efa, að frá hennar hendi sé fullur vilji til þess, að samkomulag náist í þeim viðræðum, sem yfir standa. Stóra spurningin er þá sú, hvort þeir, sem ferðinni ráða í Alþýðusambandi Íslands, séu sömu skoðunar eða ekki.

Í ríkisútvarpinu mátti heyra fyrir tæpu ári, að forseti Alþýðusambandsins boðaði í nafni þessara samtaka ríkisstjórninni stríð, en ekki frið. Þótt sumir vildu taka þessi orð eins og fleiri úr þeim munni sem marklaust hjal, þá er skaðinn samt skeður, jafnvel þótt um styrjöld sé ekki að ræða. Neikvætt starf í stað jákvæðs og tortryggni við orð og gerðir samtakanna eru eðlilegar afleiðingar slíkrar framsetningar á skoðunum þeirra, sem meta meira pólitíska eiginhagsmuni en hagsmuni þeirra samtaka, sem þeir hafa forustu fyrir. En þær skoðanir, sem menn mynduðu sér vegna þessarar stríðsyfirlýsingar Hannibals Valdimarssonar og fyrri og síðari aðgerða, urðu þó að víkja fyrir þeirri staðreynd, að fyrir nokkrum vikum kom ósk frá Alþýðusambandi Íslands um viðræður við ríkisstj. á grundvelli, sem bæði varð að teljast viðræðuhæfur og að mörgu leyti eðlilegur.

Þær aðferðir, sem ráðamenn Alþýðusambandsins ætluðu að beita við skipan viðræðunefndar, bentu þó sízt til þess, að um hugarfarsbreytingu væri að ræða né skilningur væri fyrir hendi á nauðsyn þess, að verkalýðshreyfingin stæði óklofin að þýðingarmestu tilraun, sem gerð hefur verið um langan tíma til að stöðva verðbólguna. Án þess að rekja þá sögu nánar, virðist svo sem aðrir af ráðamönnum Alþýðusambandsins hafi verið það raunsæir að álykta, að klofin verkalýðshreyfing væri ekki vænleg til jákvæðs árangurs, ef hvor helmingur samtakanna væri að togast á í sínu horni, fullir tortryggni og gagnrýni hvor í annars garð. Þessir aðilar höfðu styrkleika til að bjóða í nafni Alþýðusambandsins þeim formlegu samtökum, sem lýðræðissinnar í verkalýðshreyfingunni ráða yfir, Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík, að taka þátt í þessum viðræðum, og hefur stjórn þess ákveðið að þiggja það boð.

Ég hef verið langorður um þetta mál, því að niðurstaðan verður svar við spurningunni, sem ég varpaði fram í byrjun ræðu minnar.

Núverandi afstaða beggja þessara aðila fær mig til að trúa því, að upp úr þessum viðræðum ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar náist samkomulag, sem verði ekki aðeins til mikilla hagsbóta fyrir þá lægst launuðu strax og á

næstu missirum, heldur einnig án þess að verðlagshækkanir fylgi í kjölfarið, sem eti upp á stuttum tíma megnið af fenginni kjarabót, sem sé að verðbólgan verði stöðvuð.

Með slíku samkomulagi þyrfti um leið að tryggja lengri samninga launþega og vinnuveitenda. Hv. 3. landsk. þm., formaður Dagsbrúnar, sagði hér á Alþingi fyrir skömmu, að forustumenn bæði verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda væru svo önnum kafnir við sífellda kaup- og kjarasamningagerð, að önnur þýðingarmikil störf í þágu samtakanna væru látin víkja. Þetta er alveg rétt, og á þessu þarf að verða breyting. Þessi samtök þurfa að gera hlé á dægurbaráttu sinni í a. m. k. 2 ár, svo að þau geti endurskoðað skipulag sitt, hent frá sér úreltum starfsaðferðum og starfskröftum, en tekið upp vinnubrögð og skipulag, sem heyrir til tæknialdar. Þessir aðilar þurfa að leggja megináherzlu á hin sameiginlegu hagsmunamál, hafa það hugfast, að framleiðslan og framleiðnin ákveður, hvað hver hlýtur í sinn hlut. Þann hlut geta báðir aðilar í sameiningu unnið að því að stækka, eins og samtök þessara aðila hafa beitt sér fyrir í nágrannalöndum okkar um margra ára skeið.

Kannske verða gleðilegustu endurminningar mínar frá þessu þingi þau raunhæfu spor, sem stigin hafa verið áleiðis út úr þeim vítahring, sem við höfum snúizt í síðustu áratugi. Ég nefni tvö önnur dæmi. Annað er frv. ríkisstj. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar. Með þessari breytingu tekur atvinnuleysistryggingasjóður að sér að standa undir kostnaði við hina svokölluðu kjararannsóknarnefnd. Með þessu er stigið fyrsta sporið til grundvöllunar sérstakri hagstofnun vinnumarkaðsins, en á nauðsyn þess hef ég oftlega bent á undanförnum árum. Vissulega tek ég undir þá skoðun, sem fram hefur komið, að kjararannsóknarnefnd, eins og hún er nú skipuð, fullnægir hvergi nærri þeim kröfum, sem gera verði til aðildar hennar. En það breytir ekki því, að með lagasetningu þessari er viðurkenning fengin á þörf samtakanna fyrir slíka stofnun frá þeim sjálfum og Alþingi, og það sporið er ekki þýðingarminnst. Hitt er það ákvæði 17. gr. fjárl. fyrir yfirstandandi ár, er fjallar um 2 millj. og 200 þús. kr. framlag til framkvæmdar áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðsins vegna hagræðingarstarfsemi. Áætlun þessi var samin af Sveini Björnssyni, frkvstj. Iðnaðarmálastofnunar Íslands, að tillögu vinnutímanefndar, og var gert ráð fyrir, er áætlunin var samin, að um 7 ára áætlunartímabil sé að ræða með samtals 15 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði í þessu skyni. Fjárveitingin er bundin stuðningi við samtök vinnumarkaðsins, og er þess að vænta, að undirbúningur hefjist nú þegar, svo að innan skamms tíma eigi helztu samtökin á að skipa sérfræðingum í vinnurannsóknum og hagræðingarmálum, sem veiti síðan forstöðu hagræðingardeildum samtakanna, sem með þessi mál eiga að fara.

Vinnutímanefnd varð fljótlega ljóst í starfi sínu, að þekking viðkomandi aðila hér á landi á framleiðniaukandi aðgerðum væri í slíku lágmarki, að byggja yrði frá rótum þá fræðslu og skilning, sem með þyrfti. Og vegna þess var framangreind till. borin fram við ríkisstj. og áframhaldandi störf n. m. a. mótuð af því.

Launþegum er öðrum frekar ljóst, að þótt flestum þeirra sé nú á einn eða annan hátt framkvæmanlegt að láta peningatekjur sínar fylgja verðlagi, þá hefur verðbólgan þau áhrif að færa þjóðarauðinn á hendur sem fæstra, úr hendi hinna mörgu smáu sparifjáreigenda í skaut stórfyrirtækja og skuldara. Tryggingastarfsemi öll fer úr skorðum, bæði elli- og líftryggingar. Aldrað fólk, sem lifir á sparifé sínu, er stöðugt að tapa, og mætti svo lengi telja.

Segja má því, að verðbólgan hafi ekki aðeins áhrif á eignaskiptinguna, heldur á tekjuskiptinguna líka í þá átt að gera hana ójafnari en hún var fyrir.

Það er því fyrst og fremst hagur launþegans á Íslandi, að verðbólgan verði stöðvuð. Það gerist ekki, nema samtök verkalýðsins taki höndum saman við ríkisstj. um samkomulag, sem leiði ekki til nýrrar kröfugerðar né nýrra verðhækkana, heldur raunhæfra kjarabóta. — Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Meðal þeirra fyrirheita, er stjórnarliðar gáfu þjóðinni, þegar þeir voru að tryggja sér fylgi hennar, svo að þeir næðu að komast í valdastóla, og fyrst eftir að þeir voru þangað komnir, voru fyrirheitin um lækkun fjárlaga, minni álögur og sparnað í ríkisrekstrinum. Um það, hvernig til hefur tekizt um framkvæmd á þessum fyrirheitum, vil ég ræða hér í kvöld, enda þótt það sé ekki að skapi þeirra stjórnarsinna að rifja upp þeirra fyrri fyrirheit.

Mál mitt vil ég hefja með því að færa fram sannanir þess, að fyrirheitin hafi verið gefin, með því að vitna í ummæli tveggja ráðherra, með leyfi hæstv. forseta.

Hinn 20. okt. 1958 komst hæstv. ráðh. Emil Jónsson þannig að orði við 1. umr. fjárl.: „Fjárlög hvers árs hafa sífellt verið hærri en ársins á undan. Þessi þróun er uggvænleg og stefnir greinilega í fullkomið óefni.“ Og hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, komst þannig að orði í fjárlagaræðu sinni 24. okt. 1961: „Undanfarna áratugi hafa útgjöld fjárlaga hækkað ár frá ári, svo að það hafa þótt litlar fréttir, þó að lögð væru fram á þingi hæstu fjárlög í sögu þjóðarinnar. Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1961 var reynt að snúa inn á aðra braut og freista þess að færa útgjöld niður. 14 eru útgjaldagreinar fjárlaga. Þessi viðleitni hefur borið þann ávöxt, að 10 af 14 útgjaldagreinum fjárl. lækka. Þótt ekki sé hér um stóra fúlgu að ræða, miðað við heildarupphæð fjárl., er það stefnubreytingin, sem skiptir máli. Risabygging ríkisins verður ekki endurskoðuð og endurskipulögð á nokkrum

mánuðum, en mestu varðar, að starfið sé hafið með hentugum vinnubrögðum og réttu hugarfari.“

Tveimur mánuðum eftir að formaður Alþfl. flutti ræðu þá, er ég vitnaði hér til, hófst stjórnarsamstarf Alþýðu- og Sjálfstfl. og hefur staðið síðan, eins og kunnugt er. Hæstv. ráðh. Emil Jónsson og flokkur hans hafa því ráðið með samstarfsflokki sínum stefnu þeirri, sem fylgt hefur verið við afgreiðslu fjárl. undanfarin ár, og hæstv. fjmrh. hefur að sjálfsögðu haft forustu um að móta stefnuna. Og nú skulum við virða fyrir okkur, hvernig til hefur tekizt með að snúa af braut hinnar uggvænlegu þróunar hjá mönnunum, sem sögðust beita hentugum vinnubrögðum og réttu hugarfari.

Fjárlagafrv. fyrir 1959, sem skaut formanni Alþfl. skelk í bringu á haustnóttum 1958, var að fjárhæð 900 millj. kr., en nú, þegar viðreisnarmenn hafa setið á valdastólum í 5 ár, hafa fjárl. ekki lækkað, svo sem heitið var, heldur hækkað í að vera 3100 millj. kr., þegar tekjur skv. vegal. og hækkun söluskattsins til nýja uppbótakerfisins eru teknar með.

Stjórnarliðar, sem töluðu fjálglega um, að fjárlagafrv., sem var 900 millj. kr., stefndi málefnum þjóðarinnar í fullkomið óefni vegna þess, hve hátt það væri, — menn, sem boðuðu endurskoðun og endurskipulagningu á ríkiskerfinu, þar sem stefnt yrði að lækkun fjárlaga, og lýstu því jafnframt, að sú lækkun væri hafin, hafa nú meir en þrefaldað fjárl. á 5 árum og tvöfaldað þau á tveimur. Og þeir stjórnarsinnar, sem töluðu með vandlætingu um, að á þjóðina væru lagðar drápsklyfjar af sköttum og tollum, þegar hún greiddi 700 millj. kr., eins og hún gerði 1958, þegar reiknað er með tekjuöflun útflutningssjóðs vegna niðurgreiðslu á vöruverði, þeir hika nú ekki við að innheimta hjá þjóðinni í sköttum og tollum ca. 2700 millj. kr. eða nærri 4 sinnum hærri upphæð en þá var gert. Þrátt fyrir þessa staðreynd, sem er fullkomin andstæða fyrirheitanna, er nú ekki verið að ræða um það af þeirra hendi, að þróunin sé uggvænleg í fjármálum ríkisins, skortur sé á hentugum vinnubrögðum og réttu hugarfari. Fjarri er það þeim, heldur hafa þeir uppi hávært tal um það, að þeir séu að lækka skatta og tolla á þjóðinni, af því að þeir eru að skila aftur nokkrum hluta þeirra beinu skatta, sem dýrtíðin hefur fært þeim frá 1960, svo að þeir verði ekki algerlega óbærilegir, en gera hvort tveggja í leiðinni að lækka persónufrádráttinn frá því, sem hann var þá, þar sem hækkun hans núna er aðeins 30%, á sama tíma sem vísitala framfærslukostnaðar hækkar um 55% og vísitala vöru og þjónustu um 74%, og gera skattstigann á meðaltekjum hærri en hann áður var, en halda honum að sjálfsögðu óbreyttum á hátekjum. Tollalækkun þeirra í fyrra var á þann veg, að vísitöluvogin mældi ekki svo lítinn skammt.

Ekkert sannar þó betur, hvað fjarri þetta skattalækkunartal er raunveruleikanum, en toll- og skattheimtan sjálf, sem er svo, að óbeinir skattar hafa hækkað um allt að 40 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu síðan 1958. Ekki er að undra, þó að þjóðin reynist nokkuð baldin við að meðtaka þennan sannleika.

Enda þótt þær upplýsingar, sem ég hef hér gefið um álögur ríkisstj. á þjóðina skv. fjárl., segi sitt um stefnu hennar, er sagan þó ekki öll sögð. Þar má því við bæta, að ýmsar þjónustustofnanir ríkisins, eins og póstur og sími, ríkisrafveiturnar, ríkisspítalarnir, Skipaútgerð ríkisins, hafa hækkað greiðslu fyrir þjónustu sína um allt að 100%, m. a. vegna þess, að ríkissjóður hefur þrátt fyrir sínar háu tekjur lagt minna fé til þeirra en áður var. Auk þess eru svo álögur eins og bændaskatturinn, útflutningsgjöld af sjávarafurðum, ríkisábyrgðasjóðsgjald o. fl., o. fl., sem komið hafa til á þessu stjórnartímabili.

Það er ljóst af því, sem ég hef nú sagt, að fyrirheitin um lækkun fjárlaga áttu ekki að gera annað en færa stjórnarliðinu aukið fylgi hjá þjóðinni og gleymast svo. Enda þótt fæsta muni hafa dreymt um lækkun fjárl. í þeirra höndum, hefur þó enn færri grunað, að það álöguflóð mundi eiga sér stað, sem síðan hefur verið staðreynd.

Þegar álögur á þjóðina vaxa svo sem raun ber vitni um, skiptir hana mestu, á hvern hátt fénu er varið. Það hefur svo til tekizt hjá ríkisstj., að aukinn rekstrarkostnaður ríkisins og dýrtíðin gleypir þar mest. Hins vegar hefur hlutfallslega minna verið varið til uppbyggingar í landinu og til stuðnings fyrir atvinnuvegina en áður var. T. d. ætti nú að vera varið til nýrra raforkuframkvæmda yfir 70 millj. kr. í staðinn fyrir 42 og til atvinnubótasjóðs 45 millj. kr. í stað 10, miðað við sama hlutfall fjárl. og var 1958.

Vegaframkvæmdir voru að komast í algera sjálfheldu vegna fjárskorts, þó að ríkissjóður hafi haft ca. 200 millj. kr. í hreinar tekjur af umferðinni og innflutningi bifreiða 2 s. l. ár. 100 millj. kr. nýju skattarnir, sem voru lagðir á þjóðina og samþ. voru í vetur af öllum þm., sanna betur en nokkuð annað, að gagnrýni okkar Framsóknarflokksmanna um aðgerðarleysi ríkisstj. í vegamálum var á rökum reist og úrbóta var sannarlega þörf.

Ekkert sýnir þó betur hug hæstv. ríkisstj. til uppbyggingar í landinu en það að láta liðsmenn sína samþ. handa sér heimild til þess að stöðva á árinu 1964 verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins og framkvæmdir þær, sem njóta fjárhagslegs stuðnings ríkisins skv. fjárl. Þetta var gert mánuði eftir að Alþingi hafði samþ. fjárveitingarnar, á öðru ári framkvæmdaáætlunarinnar, sem mest var gumað af fyrir kosningarnar í fyrra, en er nú lítið rætt um, og um leið og 300 millj. kr. nýjum álögum var bætt á þjóðina með hækkun söluskattsins til viðbótar langhæstu fjárl. í sögu hennar.

Hver er tilgangurinn með þessu álöguæði ríkisstj.? Hann er m. a. sá að safna greiðsluafgangi, svo að hundruðum millj. nemur, svo sem átt hefur sér stað 2 s. l. ár, en á þó að vera

í ríkasta mæli á yfirstandandi ári, þegar búið er að stöðva framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga í skólamálum, sjúkrahúsbyggingum, hafnarmálum og e. t. v. vega- og raforkumálum, svo að þeir fjársterku, sem í náðinni eru hjá hæstv. ríkisstj., eigi auðveldari aðgang að vinnuafli og fjármagni til þess að koma sínum fjárfestingum áfram fyrir næstu gengislækkun.

Sparnaður í ríkisrekstri var eftirlætisumræðuefni stjórnarsinna á fyrstu valdaárum þeirra, þótt það tal sé nú af eðlilegum ástæðum fallið niður. Vil ég máli mínu til sönnunar nefna dæmi um sparnaðarfyrirheitin og þá fyrst, með leyfi hæstv. forseta, vitna í ræðu tveggja ráðherra.

Guðmundur Í. Guðmundsson sagði í ræðu 24. apríl 1959: „En af þeirri reynslu og þeim kynnum, sem ég hef haft af þessum hlutum, er það sannfæring mín, að mikið megi spara í ríkisbákninu.“

Og hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, lýsti sparnaðaráhuga sínum í sinni fyrstu fjárlagaræðu m. a. á þessa leið: „Og það ætla ég, að allir góðir Íslendingar séu mér sammála um, að nauðsynlegt sé að hafa sívökult auga á öllu því í rekstri ríkisins, er til sparnaðar má horfa, bættra vinnubragða og aukinnar hagsýni.“

Til viðbótar þessum yfirlýsingum minni ég á, að í tveim fyrstu fjárlagaræðum hæstv. fjmrh. og nál. meiri hl. fjvn. frá fyrstu viðreisnarárunum er að finna 59 tölusett sparnaðarfyrirheit.

Nú spyrja allir góðir Íslendingar hæstv. fjmrh. um árangurinn af bættum vinnubrögðum og aukinni hagsýni, og þeir spyrja hæstv. ráðh. enn fremur, hvað hans sívökula auga hafi fest á, er til sparnaðar hafi orðið og megi verða, og í framhaldi af þessu leyfi ég mér að fletta upp í sparnaðarfyrirheitunum og spyrja um framkvæmdir á örfáum þeirra.

1) Hefur verið fækkað sendiráðum á Norðurlöndum? 2) Hefur verið dregið úr opinberum veizlum? 3) Hefur verið dregið úr tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnum og slíkum ferðum verið fækkað? 4) Hefur verið fækkað bifreiðum ríkisins? Kostnaðurinn hefur hækkað um 4 millj. síðan 1958. 5) Hefur breytingin á framkvæmd skattalaganna leitt til sparnaðar? 6) Hafa verið lagðar niður launaðar nefndir? Kostnaður við þær hefur tvöfaldazt frá 1958 til 1962. 7) Mistókst sparnaðurinn við annan kostnað ráðuneytanna? Hann hækkaði um 4 millj. frá 1958 til 1962.

Um framkvæmd á sparnaðarfyrirheitunum er svipaða sögu að segja og lækkun fjárl. Framkvæmdin hefur farið í öfuga átt við fyrirheitin. Í staðinn fyrir sparnað hefur komið útfærsla á ríkiskerfinu. Skulu hér nefnd örfá dæmi: Efnahagsstofnunin, innheimtustofnunin, almannavarnir, saksóknaraembættið, bankaeftirlit, fjölgun sakadómara, borgardómara og borgarfógeta. Þessi fáu dæmi verða látin nægja að sinni. Aukinn kostnaður þessara stofnana og embætta og útfærsla annarra nemur stórum fjárhæðum. Má geta þess, að á einu slíku embætti, þar sem embættinu hafði verið skipt í 4, hækkar húsaleiga, ljós og hiti á fjárl. 1964 um 2½ millj. frá fyrra ári.

Herra forseti. Í ræðu minni hér að framan hef ég lýst fyrirheitum hæstv. ríkisstj. um lækkun fjárl., minni álögur og sparnað í ríkisrekstri og sýnt fram á, að framkvæmdin er á annan veg. Hún er aukinn rekstrarkostnaður ríkissjóðs, fleiri kr. af þegnunum teknar í skattheimtu, sparnaður fyrirfinnst enginn, hærri fjárl. en nokkru sinni fyrr.

Afleiðing þessarar skattheimtu ríkisstj. er ásamt gengislækkunum og vaxtaokrinu það dýrtíðarflóð, sem nú flæðir yfir og ógnar efnahagskerfi þjóðarinnar.

Ekkert nema alger stefnubreyting getur leyst þann vanda í málefnum þjóðarinnar, sem nú er við að fást. Til þess að það megi verða, verður þjóðin sjálf að taka í taumana og fela öðrum að leysa þau verkefni, sem hæstv. ríkisstj. þóttist geta leyst, en reynslan hefur sannað, að henni hafi gersamlega mistekizt. — Góða nótt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Dreifing fjármagnsins hefur gagnger áhrif í þjóðfélaginu, en þetta hefur ríkisvaldið í sinni hendi. Stjórnarstefnan er því áhrifarík gagnvart atvinnuvegunum og hag hvers heimilis. Þegar meta á aðstöðu atvinnuveganna, er rétt að gera sér grein fyrir þremur atriðum:

1. Hvers leitar vinnuaflið?
2. Hvar á landinu eru verðhækkanir mestar á fasteignum, en það fylgir að jafnaði eftirspurn?
3. Í hvaða atvinnugrein er helzt leitað eftir stofnun nýrra atvinnufyrirtækja?

Þegar litið er á landbúnaðinn í þessu sambandi, þá verða svörin skýr og ótvíræð. Landbúnaðurinn dregur ekki að sér vinnuafl um þessar mundir. Í þess stað fækkar fólki víða í sveitum.

Verðhækkanir fasteigna eru yfirleitt minni úti í sveitum heldur en í þéttbýlinu, og í sumum héruðum eru jarðir lítt seljanlegar, nema hlunnindi séu í boði.

Það er eitt af meginatriðum stjórnarstefnunnar, að opnaðar séu leiðir til þess, að fjármagnið leiti að gróðalindunum og renni þangað, sem það skilar skjótfengnum arði. Augljóst er, að slík stefna verður landbúnaðinum þung í skauti. Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða er miðaður við það, að bóndinn hafi sambærilegar tekjur við aðrar vinnandi stéttir. Afurðaverðið á að miða við það hverju sinni, að það veiti meðalbónda svipaðar tekjur og aðrir hafa fengið, þegar það er ákveðið, og þessu afurðaverði er náð með samningum eða yfirdómi. Bændur eru sú stétt, sem árum saman hefur sætt sig við að leggja á vald gerðardóms að úrskurða tekjur þeirra. Alloft hefur skort á, að bændur fái að fullu greitt það verð, er í verðlagsgrundvellinum segir. Nú hefur t. d. verið frá því skýrt, að á stærsta mjólkursölu-

svæði landsins hafi á s. l. ári vantað 8.5 aura á verð hvers mjólkurlítra, til þess að grundvallarverði yrði náð. Bændur eru ekki ánægðir með þá niðurstöðu. Á s. l. ári undirbjuggu stéttarsamtök bænda lagabreytingar, sem miða að því m. a. að tryggja betur en nú er hlut bóndans að þessu leyti, en ekki hefur reynzt auðið að fá landbrh. eða þingmeirihlutann til að heita fylgi við þetta mál.

Skv. yfirliti, sem hagstofan hefur gert um tekjur einstakra starfsstétta á árinu 1962, hafa meðaltekjur bænda á því ári orðið lægri en annarra atvinnustétta. Athugun á skuldasöfnun bænda gefur og nokkra bendingu um fjárhag þeirra. Í Árbók landbúnaðarins, 1. hefti þessa árs, er birt yfirlit um skuldir bændastéttarinnar í árslok 1962. Niðurstaðan er sú, að á árinu 1962 hafi orðið veruleg aukning á lausaskuldum bænda. Um þessa niðurstöðu segir fyrrv. ritstjóri árbókarinnar orðrétt: „Svona mikil aukning dýrra og óþægilegra skulda á einu ári hefur eigi verið fyrr hjá bændastéttinni, jafnvel þótt þess sé gætt, hversu verðlitlir peningar okkar eru nú. Margt bendir til, að ekki hafi færzt til betra horfs að þessu leyti á s. l. ári."

Samkvæmt þeim verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, er nú gildir, skiptast gjöld meðalbúsins hlutfallslega þannig: áburður, kjarnfóður og kostnaður við vélar 24%, viðhald húsa og girðinga 4%, flutningskostnaður o. fl. 6%, vextir 12%, aðkeypt vinna 6%, kaup bóndans 47%. Meira en helmingur af afurðaverðinu fer til annars en að greiða kaup bóndans og fjölskyldu hans. Þetta er athyglisvert bæði fyrir framleiðandann og neytandann. Hinar hóflausu, almennu verðhækkanir, sem eru fylgifiskar stjórnarstefnunnar, bitna á bændastéttinni ekki síður en öðrum. Sífelldar hækkanir rekstrarkostnaðar á verðlagsárinu valda því m. a., að nettótekjur bóndans minnka og hann verður að skerða þann hlut, sem honum er ætlaður í kaup til að standa straum af hækkun á óhjákvæmilegum kostnaði.

Ein afleiðing stjórnarstefnunnar er sú, að stofnkostnaður við framkvæmdir í sveitum hefur vaxið gífurlega á valdatíma núv. stjórnarflokka, en fjárhagsleg aðstoð af hálfu ríkisvaldsins ekki verið aukin að sama skapi. Á þessu þingi hefur að vísu verið stigið það spor að miða hið hærra jarðræktarframlag við 25 ha. túnstærð og hækka framlag til súgþurrkunar. Það stefnir í rétta átt, en jarðræktarframlag er að öðru leyti látið haldast óbreytt þrátt fyrir stóraukinn ræktunar- og byggingarkostnað.

Lán og framlag til íbúðarhúsa í sveitum hefur og verið hækkað nokkuð að krónutölu. Hlutur þess, sem húsið reisir, er þó sízt betri en áður, þar sem byggingarkostnaður hefur meir en tvöfaldazt síðan 1955, og nú eru bændur sjálfir skattlagðir til tekjuöflunar fyrir stofnlánadeildina.

Á lánin falla og hinir háu viðreisnarvextir. Bóndi, sem 1959 tók 200 þús. kr. lán úr ræktunarsjóði, þurfti þá að greiða í árgjald af því 14716 kr. Árgjald af jafnháu láni til sams konar framkvæmda er nú 18151 kr. Hækkun þessa árgjalds vegna vaxtahækkunar er 23.3%. Þetta bitnar harðast á þeim bændum, sem mest eiga ógert til að koma búskap sínum í fullkomið horf, og það er engin furða, þótt ungu fólki reynist örðugt eða ókleift að stofna bú í sveit, þegar hinar fjárhagslegu byrðar viðreisnarinnar leggjast á herðar þess. Afurðalán landbúnaðarins úr Seðlabankanum námu 67% af verði afurðanna. Nú hafa þau verið lækkuð í 55%, og rekstrarlánin, sem veitt eru fyrir fram ár hvert, eru jafnhá að krónutölu og þau voru 1958, þótt miklu fleiri krónur þurfi nú fyrir hverja vörueiningu, sem kaupa þarf. Þetta m. a. veldur svo tilfinnanlegum rekstrarfjárskorti, að bændur og verzlanir þeirra eiga í miklum örðugleikum við að afla nægilegs áburðar á þessu vori.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda samþykkti með shlj. atkvæðum áskorun um, að afurðalánin verði hækkuð að miklum mun. Í þeirri ályktun segir orðrétt, að fundurinn telji þá stefnu, sem fylgt hefur verið í þessum lánamálum síðustu árin, mjög rangláta og algerlega óviðunandi. Vill fundurinn leggja sérstaka áherzlu á hina brýnu þörf, sem á því er, að leiðrétting þessara mála fáist.

Þessi eindregna áskorun Stéttarsambandsins hefur ekki verið tekin til greina, og nú hefur verið frá því skýrt, að ríkisstj. láti hætta niðurgreiðslum á áburðarverði. Við það hækkar áburðarverðið til bænda um 13—17%. Sennilega verður þessi hækkun tekin til greina í næsta verðlagsgrundvelli. En með þessari stjórnarathöfn er enn stefnt að því að hækka búvöruverðið til neytenda, án þess að bóndinn hagnist af því. — Og bak við allt þetta svífur sá andi í stjórnarsölum, að bændum eigi að fækka, eins og opinberlega hefur verið gefið til kynna.

Framsfl. er andvígur þeirri stjórnarstefnu, sem hefur þessi áhrif. Hann vill, að bændur fái raunverulega réttlátt afurðaverð í samræmi við ákvæði og anda gildandi laga, en flokkurinn leggur jafnframt áherzlu á að draga úr rekstrarkostnaði búanna og auka öryggi þeirra og bæta þannig aðstöðu landbúnaðarins. Við framsóknarmenn höfum á þessu þingi sem fyrr borið fram mörg mál, sem að þessu miða. Enn fremur leggur Framsfl. áherzlu á að bæta aðstöðu landbúnaðarins með því að auka fjárhagslegan stuðning við framkvæmdir. Það léttir ekki sízt fyrir fæti hjá þeim bændum, sem skammt eru á veg komnir með framkvæmdir eða hafa minna en meðalbú. Þetta er og í samræmi við það, sem gert er víða í nágrannalöndum okkar. Við höfum borið fram mörg þingmál, þar sem að þessu er stefnt, en þessi mál hafa ýmist verið felld eða þau fást alls ekki afgreidd.

Um síðustu aldamót hafði meiri hl. þjóðarinnar framfæri af landbúnaði. Síðan hefur því fólki stöðugt fækkað í hlutfalli við íbúafjölda landsins. Talið er, að 1960 hafi um 15% af þjóðinni stundað landbúnað. Þrátt fyrir þessa

þróun hefur framleiðsla landbúnaðarins vaxið hröðum skrefum, svo að á síðustu 15 árum hefur mjólkurframleiðslan um það bil þrefaldazt og framleiðsla sauðfjárafurða nærri tvöfaldazt. Vélvæðing landbúnaðarins eykur þannig afköstin og framleiðslumagnið. 15% landsmanna senda á innanlandsmarkað nægilegt magn af hollri fæðu, sem þjóðina má ekki skorta, og nokkurt vörumagn til útflutnings. Svo er því varpað fram, að þetta fólk dragi með starfi sínu úr hagvexti í þjóðfélaginu.

Hið sanna er, að sveitafólkið þarf engan afsökunar að biðja á verkum sínum eða menningu. Við, sem þetta land byggjum, erum öll Íslendingar, hvort sem við búum í sveit eða við sjó. Milli stétta þjóðfélagsins á að ríkja gagnkvæmur skilningur. Mikil kynni og mörg tengsl milli strjálbýlis og þéttbýlis eiga að geta stuðlað að því. Íslenzka þjóðin kemst ekki af án landbúnaðar. Veðurfarið er blíðara en oft áður og gróðurmold landsins gjöful, en hér er að verki röng stjórnarstefna, og henni þarf að hnekkja.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Meistari Jón segir á einum stað í Postillunni: „Ég vænti, að svo hafi flestir auðgazt, að þeir eða þeirra forfeður hafi tekið nokkuð ranglega frá öðrum.“

Þegar þessi orð voru sögð, voru á Íslandi nokkrar fjölskyldur stórauðugar, en allur þorri landsmanna bjó við fátækt og skort. Nú er þetta stórlega breytt. Hér eru fáir menn, sem mundu kallast ríkir í öðrum löndum, og einnig mjög fáir, sem mundu kallast fátækir úti í þeim stóra heimi, þar sem skortur er enn á öðrum hverjum bæ. Tryggingalöggjöfin á að halda þeim óvætti frá dyrum íslenzkra heimila, hvað sem á dynur.

Samt sem áður er mikill munur á lífskjörum manna í landi okkar. Er athyglisvert, að munur á lífskjörum er miklu meiri en munur á samningsbundnu kaupi, enda kemur margt fleira til greina en kaupgreiðsla fyrir aðalstarf. Má þar nefna aðstöðu til aukastarfa, eftirvinnu, hlunninda ýmissa og skattframtala. Af þessum sökum hafa margir enn tilhneigingu til að vera sammála meistara Jóni.

Þegar svo bættist við 20 ára verðbólga, sem vaxið hefur, hverjir sem stjórnað hafa landinu, verður skiljanlegt, að baráttan fyrir kaupi og kjörum, baráttan um skiptingu þjóðarteknanna, hefur verið og er harðsótt. Verkalýðshreyfing hlýtur að sækja fast á við slíkar aðstæður. Til þess var hún stofnuð og það er hennar hlutverk.

Lífskjör landsfólksins hafa batnað mjög verulega, um það verður ekki deilt, þegar litið er á síðustu 20 ár. Þar er fyrir að þakka gjöfulli náttúru til lands og sjávar, stórbættri tækni og eljusömu fólki, sem leggur á sig langan vinnutíma. Aftur á móti verðum við að viðurkenna, að barátta launþegasamtakanna og þungar fórnir hinna lægst launuðu í verkföllum hafa ekki borið þann árangur, sem búast hefði mátt við. Dæmin blasa við augum: 15% hækkun, sem fékkst í dýru verkfalli fyrir jólin í vetur, er horfin að mestu í dýrtíð, svo að varla standa eftir nema svo sem 3%.

Af hverju hefur barátta verkalýðshreyfingarinnar hér á Íslandi ekki borið meiri ávöxt? Af hverju hefur hún ekki orðið eins farsæl og á hinum Norðurlöndunum? Höfuðorsökin er tvímælalaust sú, að hér á landi er alþýðuhreyfingin klofin. Hún stendur ekki sterk og sameinuð eins og á hinum Norðurlöndunum. Alþfl. var upphaflega stofnaður til að skipuleggja þessa baráttu í anda jafnaðarstefnunnar. Flokkurinn fór myndarlega af stað og steypti trausta hornsteina, sem áttu að bera uppi háa sali. En Trójuhestur kommúnista komst því miður of snemma inn fyrir hliðin. Alþfl. klofnaði, ekki einu sinni, heldur þrisvar sinnum. Alþýðusambandið var skilið frá flokknum og varð fljótlega að pólitísku bitbeini. Í þrjá áratugi hefur mikið af orku og starfskrafti alþýðusamtakanna farið í innbyrðis deilur og valdabaráttu, með þeirri afleiðingu, að samtökin hafa nálega lamazt. Alþýðusambandið er því miður aðeins svipur hjá sjón. Það er skipulagslega marga áratugi á eftir launþegasamtökum nágrannalandanna. Hér eru fjölmörg verkalýðsfélög á hverjum vinnustað, sem semja á mismunandi tíma og eru veikari fyrir bragðið. Fræðslustarfsemi samtakanna hefur verið vanrækt, og nýjar kynslóðir hafa vaxið upp án þess að öðlast skilning á þýðingu verkalýðssamtakanna eða hljóta það öryggi, sem þau eiga að veita. Félögin fá litla sem enga tæknilega aðstoð í baráttu sinni, og er mér minnisstætt dæmi vestan úr Ólafsvík. Þar er verið að reyna ákvæðisvinnu í frystihúsum, en verkalýðsfélagið hefur enga tækniaðstoð getað fengið frá heildarsamtökum alþýðunnar og verður í þessu máli að treysta algjörlega á sérfræðinga atvinnurekenda.

Jón Baldvinsson sá hættuna, er Alþýðufl. klofnaði 1937, og varaði við starfsemi kommúnista. Hann minnti okkur á, að eðli verkalýðshreyfingarinnar er ekki skyndiupphlaup, hávaðafundir og ævintýri, heldur markvisst, sleitulaust strit fyrir málefnunum sjálfum. Ef ráðum Jóns Baldvinssonar og þeirra Alþfl.-manna, sem hann studdu, hefði verið fylgt, væri verkalýðshreyfingin betur á vegi stödd í dag. Undir stjórn kommúnista hefur verið of mikið um skyndiupphlaup, hávaðafundi og ævintýri. Árangurinn sér hvert mannsbarn.

En af hverju beita kommúnistar þessum starfsaðferðum? Ég ætla að lofa manni, sem heitir Eysteinn Jónsson, að svara þeirri spurningu. Hann sagði í eldhúsumræðum fyrir réttum 9 árum, 11. maí 1955, þessi orð hér á Alþ.: „Við vitum af kenningum kommúnista, til hvers verkalýðsfélögin eru að þeirra skilningi. Þau eru til þess að herða stéttabaráttuna, magna átökin. Það verða að eiga sér stað langvinnar deilur og árekstrar. Kjarabarátta án tjóns og átaka er einskis virði að dómi ósvikins komm-

únista, verri en ekkert, því að þeir fyrirlíta umbætur. Verkföll verkfallanna vegna, það eru þeirra áhugamál.“

Mér sýnist Eysteinn Jónsson hafa hitt naglann á höfuðið með þessum orðum. Hitt er einkennilegt, að hann virðist sjálfur hafa gleymt þessari skoðun sinni, jafnskjótt og hann komst í stjórnarandstöðu.

Það er gömul saga, að kommúnistar hatast við jafnaðarmenn meira en við aðra flokka. Þetta er eðlilegt. Ef jafnaðarmönnum tekst að koma fram stefnu sinni með friði og frelsi, þá sér alþýðan, að bylting og valdataka kommúnismans er tilgangslaus. Þess vegna átti að ganga af Alþfl. dauðum við klofninguna 1937 og aftur 1956. En lífsþróttur jafnaðarstefnunnar er ódrepandi með öllu. Alþfl. rétti sig við, nýtt æskufólk gekk til liðs við hann, hann hóf nýja sókn og stendur enn jafnoki kommúnista að fylgi með þjóðinni. Og smám saman sannar reynslan, að leið Jóns Baldvinssonar, sem við höfum fylgt til þessa dags, er farsælli og árangursríkari en skyndiupphlaup og hávaðafundir kommúnista. Það hefur stundum verið erfitt fyrir Alþýðuflokksmenn að berjast með kommúnista á næsta leiti. Þegar Alþfl. hefur sagt: einn, hafa kommúnistar umyrðalaust sagt: tveir. Hafi Alþfl. sagt: tveir, eru kommúnistar þegar búnir að segja: þrír. Þannig hafa taumlaus yfirboð gengið í þrjá áratugi. Það er auðvelt að stunda svo ábyrgðarlausa stefnu. En stundum getur verið erfitt að sitja við sinn keip, þótt maður viti sig hafa betri málstað, sem muni skila fólkinu meiri raunhæfum kjarabótum, áður en lýkur.

Við skulum nefna nokkur dæmi. Verkfallið 1955 var eitt hið mesta, sem hér hefur verið háð, og er mörgum í fersku minni. Emil Jónsson var ekki á meðal þeirra, sem hæst létu í þeim átökum. En þar sem hann sat og tottaði pípuna, kom honum til hugar leið til að leysa verkfallið og koma samtímis fram miklu hagsmunamáli verkalýðsins. Hann lagði fram till. um atvinnuleysistryggingar, sem átti meginþátt í lausn átakanna. Og um leið eignaðist íslenzk alþýða nýtt vopn í lífsbaráttu sinni. Atvinnuleysistryggingasjóðurinn er nú mörg hundruð millj. kr., og hann gæti bjargað þúsundum heimila, ef aftur skylli á atvinnuleysi. Meðan það gerist ekki, góðu heilli, lánar sjóðurinn til atvinnuframkvæmda víðs vegar um land og er orðinn máttug lyftistöng fyrir framleiðsluna. Ég held, að Jóni Baldvinssyni hefði líkað þetta vel.

Annað dæmi er launajafnrétti kvenna. Árum saman var verkalýðshreyfingin búin að berjast fyrir þessu máli og skorti ekki þróttmikla kröfugerð, t. d. af hálfu Hannibals Valdimarssonar, sem þó gat ekki komið málinu áleiðis, meðan hann var sjálfur félmrh. Þá gerðist það, að ungur Alþýðuflokksþingmaður, Jón Þorsteinsson, lagði fram frv. á Alþingi um að leysa málið í 6 áföngum. Alþfl. tók málið upp í ríkisstj. Ólafur Thors þurfti að halda saman ráðuneyti sínu og fékk Sjálfstfl. og atvinnurekendur til að segja já. Frv. var samþ. Konurnar hafa nú fengið kaup sitt hækkað stig af stigi, án tillits til annarra kauphreytinga. Þær geta þakkað Alþfl. fyrir rúmlega 50 millj. kr. kauphækkanir, sem þær hafa nú þegar fengið. Ég held, að Jóni Baldvinssyni hefði líkað þetta vel.

Við skulum taka þriðja dæmið af sviði húsnæðismála, sem eru þýðingarmesta hagsmunamál alls þorra Íslendinga. Ég hygg, að allar ríkisstjórnir, hvaða flokkar sem átt hafa hlut að þeim, hafi reynt eftir megni að útvega sem mest fé til íbúðabygginga. En einhvern veginn atvikaðist það á síðasta áratug, að verkamannabústaðir gleymdust, og lítið fé var veitt beinlínis til að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Jafnvel vinstri stjórnin áorkaði litlu á þessu sviði.

En Alþfl. gleymdi ekki sínum gömlu málum. Í núv. ríkisstj. tók flokkurinn þessi mál upp og krafðist þess, að nýju lífi væri blásið í verkamannabústaðakerfið, en meira fé veitt til að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Hvort tveggja þetta er beinlínis fyrir þá, sem hafa minnstar tekjur og minnsta getu til að bjarga sér. Árangurinn varð sá, að nú er aftur hafin bygging verkamannabústaða um allt land, og ætlunin er að veita lán allt að 300 þús. kr. á íbúð til 100 slíkra bústaða á þessu ári. Ég held, að Jóni Baldvinssyni hefði líkað þetta vel.

Ég gæti lengi talið dæmin til að sýna þann árangur, sem Alþfl. hefur náð í kjaramálum alþýðunnar, mál, sem ekki verða með nokkru máli þökkuð kommúnistum, þrátt fyrir skyndiupphlaup og hávaðafundi þeirra. Stærstar eru raunar almannatryggingarnar, en þær einar hafa verið nægileg réttlæting á því stjórnarsamstarfi, sem Alþfl. nú hefur við Sjálfstfl. Raunar vilja allir flokkar eigna sér stuðning við almannatryggingar nú á dögum. En hver trúir því, að tryggingar hefðu verið auknar, eins og raun ber vitni síðustu ár, ef Alþfl. hefði ekki notið við?

En það sannast einnig í stjórnmálunum, sem Davíð kvað, að „fáir njóta eldanna, sem fyrstir kveikja þá“.

Þrátt fyrir vaxandi velferðarríki skortir enn mikið á, að tekjuskipting sé eins og hún ætti að vera í landi okkar. Verkefni blasa hvarvetna við augum, og verðbólgan er óstöðvuð enn. Þess vegna heldur kjarabaráttan áfram á öllum sviðum, og keyrði raunar um þverbak á s. l. ári, þegar gera þurfti nýja kaupsamninga þrisvar sinnum.

Lausn á vinnudeilum hefur lengi verið eitt erfiðasta vandamál þjóðarinnar. Oft hefur verið talað um að breyta vinnulöggjöfinni til að greiða úr þessu máli, en ekkert orðið úr framkvæmdum. Árið 1957 létu framsóknarmenn þrjá flokksmenn sína semja frv. að nýrri vinnulöggjöf, og þeir voru ekki að tvínóna við hlutina. Lögðu þeir til, að verkföll yrðu hreinlega bönnuð og kaup bundið í tvö ár án frekari aðgerða. Tíminn talar lítið um þetta frv. nú á dögum.

Nokkrar umræður urðu um vinnulöggjöfina milli núverandi stjórnarflokka í byrjun stjórnar-

samstarfsins. En fljótlega kom í ljós, að þar var samkomulag óhugsandi, svo langt bil var á milli skoðana Sjálfstfl. og Alþfl. á þessu sviði. Er þetta eitt af þeim málum, þar sem djúp er staðfest á milli stjórnarflokkanna, en þau hafa verið lögð til hliðar, á meðan samkomulag er um að vinna að öðrum atriðum. Hitt er svo rétt, að stjórnarflokkarnir hafa ekki haldið slíkum ágreiningsmálum á lofti, þó að ýmsir haldi af einfeldni, að þau séu ekki til. Það er ekki vænlegt að fylgja háttum framsóknarmanna og kommúnista og vera með rýtinginn að baki samstarfsflokki í stjórn. Ef það kerfi samsteypustjórna, sem íslenzka þjóðin hefur kosið yfir sig, á að blessast, verða flokkar að vinna heiðarlega saman að þeim verkefnum, sem þeir sameinast um að leysa, þegar þeir mynda ríkisstjórn.

Flokksstjórn Alþfl. kom saman í febrúarmánuði s. l. og fjallaði m. a. um kjara- og verðlagsmálin. Var það till. fundarins, að teknar yrðu upp viðræður á víðtækum grundvelli til að leita samkomulags um nýtt jafnvægi í þessum málum. Ýmsum kunna að þykja slíkar viðræður vafasamar og reynsla fyrir því, að þær leiði ekki alltaf til árangurs. Hins vegar verðum við að minnast þess, að hvernig sem haldið er á þessum málum, verður að finna lausn, sem mikill meiri hl. þjóðarinnar annaðhvort er fylgjandi eða fæst til að eira.

Þjóðskipulag okkar byggist á lýðræði. Alþingi og ríkisstj. hafa að vísu mikið vald og geta skv. hljóðan lagabókstafs gert æðimargt. En í raun réttri er kjarni lýðræðisins samkomulag milli ólíkra aðila og andstæðra hagsmuna. Þess vegna verður aftur og aftur að setjast að samningaborði og grípa ekki til annarra ráða, nema í ýtrustu neyð, þegar þjóðarhagur krefst þess.

Samtöl hafa nú farið fram milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. Virðast báðir aðilar hafa nokkuð lært af reynslu síðasta árs, ef þróun fyrri ára hefur þá ekkert skilið eftir. Forustumenn Alþýðusambandsins segjast vilja friðsamlegt samkomulag, og ríkisstj. vill án efa mikið til vinna, að það takist.

Fyrir nokkrum árum töluðu forustumenn allra flokka, þ. á m. kommúnista, um hin hröðu víxláhrif, sem dýrtíðaruppbót kaups átti þátt í. Þessi uppbót var afnumin af núv. ríkisstj., og átti þar með að draga úr verðbólguhættu. Nú hefur reynslan hins vegar sannað, að verðbólga getur magnazt engu að síður og samið er um kaup allt að 3 sinnum á ári. Virðast menn komnir á þá skoðun, að taka beri upp aftur verðtryggingu kaups í einhverju formi. Þetta atriði eitt ætti að vera mikilvægur grunnur til að byggja samkomulag á, samkomulag, sem helzt væri til eins eða tveggja ára. Mörg fleiri atriði koma til greina, og er of snemmt að ræða þau opinberlega, en allt gefur þetta vonir, og enginn getur efazt um, að þjóðin vilji friðsamlega lausn, sem tryggi launþegum eins hagstæð kjör og þjóðarframleiðslan getur framast staðið undir.

Á þessu vori verður lýðveldið okkar 20 ára gamalt. Þá munu margir renna huganum til vorsins 1944, þegar þjóðin endurheimti fullt frelsi og stofnaði nútíma lýðveldi. Þá ríkti samhugur allra landsmanna um að duga nú vel og vinna að farsæld þessa litla og sérstæða þjóðfélags okkar hér úti á hjara veraldar.

Eigum við ekki að gefa lýðveldinu þá afmælisgjöf að tryggja friðsamlega lausn á kjaramálum til 2 ára og skapa þannig nýjan grundvöll undir þróttmikla lotu í sókn til betra lífs fyrir alla þjóðina? Getum við ekki endurvakið andann frá 1944 og hugsað einu sinni öll um heildina, en ekki um einstaka hagsmunahópa eða stéttir? Ég vona það.

Svo þakka ég þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Sþ., 12. maí, var fram haldið almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Gengið er til dagskrár og tekið fyrir eina málið, sem er á dagskrá, almennar stjórnmálaumr., útvarpsumr., síðara kvöld. Umr. fer þannig fram í kvöld, að hver þingflokkur fær 50 mínútna ræðutíma, sem skiptist í 3 umferðir, 20—25 mín. í 1. umferð, 15—20 mín. í 2. umferð og 10 mín. í 3. umferð. Röð flokkanna í öllum umferðum verður þessi: Framsfl., Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. Ræðumenn verða fyrir Framsfl.: í 1. umferð, Einar Ágústsson og Gísli Guðmundsson, í 2. umferð Jón Skaftason og í 3. umferð Helgi Bergs. Fyrir Sjálfstfl.: í 1. umferð Ingólfur Jónsson og Þorvaldur G. Kristjánsson, í 2. umferð Gunnar Thoroddsen og í 3. umferð Jóhann Hafstein. Fyrir Alþfl.: í 1. umferð Eggert G. Þorsteinsson, í 2. umferð Emil Jónsson og í 3. umferð Sigurður Ingimundarson. Fyrir Alþb.: í 1. umferð Hannibal Valdimarsson, í 2. umferð Ragnar Arnalds og í 3. umferð Lúðvík Jósefsson.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 11. þm. Reykv., Einar Ágústsson, og talar af hálfu Framsfl.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Hvernig er búið að ungu fólki, sem hugsar til þess að stofna heimili eða á annan hátt að búa sig undir lífið og framtíðina? Þetta er eitt af því, sem hvað mestu veldur um þá einkunn, sem gefa verður stjórnarfari þjóðarinnar hverju sinni. Ævinlega og alls staðar hefur þurft mikið átak til að eignast eigið húsnæði. Svo mun löngum verða. En misjafnlega erfitt er þó þetta, m. a. eftir því, hvernig stjórnarvöld haga skipan mála. Ég mun á þeim fáu mínútum, sem mér eru ætlaðar hér í kvöld, leitast við að gera grein fyrir því, hvernig nú er umhorfs í þessum málum hér á landi.

Vegna legu landsins og aldarháttarins, ef svo mætti segja, er það staðreynd, sem erfitt verður að breyta, að fólk hér gerir talsvert miklar kröfur til húsnæðis. Íbúðirnar munu almennt vandaðri en gerist í grannríkjum okkar og einnig nokkru stærri en þar tíðkast, enda

þótt þróunin sé í stækkunarátt, a. m. k. á Norðurlöndum. Þótt viðurkennt sé, að hér þurfi að byggja vandað og rúmgott húsnæði af eðlilegum ástæðum, er samt augljóst, að yfirleitt er byggt of dýrt og mun dýrara en vera þyrfti, ef skipulag væri nægilega gott. Meðalstærð íbúða mun vera um 375 teningsmetrar. Samkv. tölum hagstofunnar um byggingarkostnað kostaði íbúð af þeirri stærð 725 þús. kr. hinn 1. febr s. l. Síðan hefur byggingarkostnaður hækkað, m. a. vegna aukins söluskatts, og mun ekki of hátt að reikna kostnaðinn 2100 kr. á teningsmetra, og er þá verð umræddrar meðalíbúðar komið upp í 787500 kr. Fyrirgreiðsla hins opinbera er lán að upphæð 150 þús. kr., afgreitt, þegar bezt lætur, þegar byggingin er langt á veg komin, og annað ekki. Þær 637 þús. kr., sem þá vantar, verða að fást annars staðar. Árið 1957 var tekinn upp skyldusparnaður ungs fólks. Sú tilhögun hefur hjálpað mörgum til þess að eignast eigin húsnæði og orðið nokkuð vinsæl. Gleggsti vitnisburður þess er, að hæstv. ríkisstj. hefur nú beitt sér fyrir auknum skyldusparnaði, en eins og kunnugt er, voru sjálfstæðismenn þessu fyrirkomulagi mjög andvígir í upphafi. Samkv. hinum nýju ákvæðum er skyldusparnaður nú 15% af launatekjum. Auðvitað er það ákaflega misjafnt, hversu háum upphæðum skyldusparnaður hvers og eins getur numið. Sumir vinna allt tímabilið, en aðrir eru við nám á þessu aldursskeiði, og margt fleira kemur til. Hér er því ekki unnt að nefna nokkra meðaltalsupphæð. En þótt reiknað sé með 150 þús. kr. skyldusparnaði hjónaefna, sem tæplega mun vanreiknað, vantar samt 487 þús. kr. til að koma upp meðalíbúð. Lánastofnanir hafa mjög takmarkaða getu til að liðsinna í þessu efni, eins og nú er að þeim búið, og þótt þar kunni að takast að fá einhverja fyrirgreiðslu, er hún yfirleitt í formi stuttra víxillána, sem hanga eins og hárbeitt sverð yfir höfði lántaka. Fasteignaveðlán til lengri tíma fást yfirleitt ekki, m. a. vegna þess, að forráðamenn lánastofnana óttast að binda fjármagnið til langs tíma í því ótrygga efnahagsástandi, sem hér ríkir. Lífeyrissjóðirnir veita nokkra hjálp, en aðeins þeim, sem þar eru félagar, en það er auðvitað lítið brot af þeim fjölda, sem byggir.

Í þessu sambandi minni ég á, að á Alþingi 1956 fluttu framsóknarmenn till. um athugun á því, hvort tiltækilegt væri að stofna lífeyrissjóð fyrir þá, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Þessi ályktun var samþykkt, og árið 1958 var 5 manna nefnd skipuð í málið. N. skilaði áliti til ríkisstj. í nóv. 1960, þar sem gert var ráð fyrir almennum lífeyrissjóði. Í þessu máli mun ríkisstj. ekkert hafa gert. Hafa því flm. till. frá 1956 séð sig til neydda að flytja till. á ný um sama efni. Áhugi ríkisstj. á málinu hefur ekki verið meiri en svo, að sennilega sofnar þessi till. svefninum langa á þessu þingi. Það kemur því sannarlega úr hörðustu átt, að hæstv. viðskmrh. skyldi í gær tala um almennan lífeyrissjóð sem einhvers konar nýuppfundið bjargráð, sem hæstv. ríkisstj. mundi beita sér fyrir að framkvæma. Annars var ræða þessa hæstv. ráðh. einkennileg fyrir fleiri hluta sakir. Hann mælti ist undan því, að störf stjórnarinnar á liðnum tíma væru gerð að umtalsefni, og hann talaði eins og hann væri byrjandi i stjórnarráðinu og ætti allt ógert enn þá. En hann er þó búinn að sitja í þessari ríkisstj. á fimmta ár.

Eins og ég hef nú lýst, er það mjög undir hælinn lagt, hvernig til tekst um öflun þess gífurlega fjármagns, sem þarf til þess að byggja meðalstóra íbúð, og allt of oft mun gripið til örþrifaráða í þessu sambandi. Afleiðing fjármagnsskortsins er sú m. a., að húsin verða óhæfilega lengi í smíðum og einnig á þann hátt dýrari en vera þyrfti, ef hægt væri að halda eðlilegum byggingarhraða. Með þessu er þó sagan hvergi nærri öll sögð. Þótt tekizt hefði að afla nauðsynlegs lánsfjár til þess að ljúka byggingu meðalíbúðar fyrir umræddar 787500 kr., þá er vandamálið engan veginn fullleyst fyrir því. Eftir er að standa straum af vöxtum og afborgunum lánanna. Hér verður ekki gerð tilraun til að reikna það dæmi á enda, hvað það kostar að búa í nýrri meðalíbúð. Þó má benda á, að vextirnir einir af áðurgreindri fjárhæð eru 70 þús. kr. Með því að reikna lægri vexti af húsnæðisláninu og enga vexti af eigin framlagi lækkar auðvitað þessi upphæð, en eftir sem áður hljóta útlagðir vextir að nema tugum þúsunda hjá svo að segja hverjum einasta manni. Þá eru eftir afborganirnar, auk viðhaldskostnaðar, ljóss og hita.

Ekki eru leigjendur betur settir. Algeng húsaleiga fyrir meðalstórar íbúðir mun vera nálægt 5 þús. kr. á mánuði, en þó munu vera dæmi um enn hærri leigu. Annars er húsnæðisskorturinn, a. m. k. hér í Reykjavík, svo mikill, að hartnær ómögulegt er að fá leiguhúsnæði, þótt háar fjárhæðir séu í boði. Þessi gífurlegi húsnæðiskostnaður leiðir vitanlega til þess, að sífellt verður að gera auknar kaupkröfur, því að lágmarkslaun hljóta ávallt að miðast við það, hvað það kostar að lifa. Fólk getur ekki hætt að búa í húsum og verður þar af leiðandi að krefjast þeirra launa, sem standa undir kostnaðinum. Ein meginorsök verðbólgunnar er því ófremdarástandið í húsnæðismálunum. Laun verkamanna fyrir 8 stunda vinnudag alla virka daga ársins eru nú rúmar 77 þús. kr. samkv. taxta. Með gegndarlausri yfirvinnu og þrældómi langt umfram það, sem annars staðar er talið mannsæmandi, hefur mönnum þó tekizt að auka tekjur sínar, svo að dugi fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum heimilanna, en þar er húsnæðiskostnaðurinn hjá flestum stærsti gjaldaliðurinn.

Þannig er þá sú mynd, sem blasir við augum unga fólksins í dag, þegar það skoðar þessi mál, og það stjórnarfar, sem þetta ástand hefur skapað, getur ekki gert sér vonir um háa einkunn fyrir frammistöðuna. Það er fjarri mér að halda því fram, að hér sé um auðvelt

verkefni að ræða. Ég veit og viðurkenni, að hér þarf stórátak til að koma. En ég fullyrði, að því átaki sé ekki lengur hægt að fresta. Andvaraleysi og röng stefna í þessum málum leiða til óbætanlegs þjóðfélagstjóns. Hér þarf gagnger stefnubreyting til að koma. Þm. Framsfl. hafa borið fram till. þess efnis, að kosin verði sérstök nefnd til að rannsaka þessi mál og gera till. að nýrri heildarlöggjöf, er hafi m. a. að markmiði þetta: 1) Að auka lánveitingar til bygginga nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð 2/3 hluta af byggingarkostnaði. 2) Að jafna aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr. 3) Að greiða fyrir lánveitingum til að endurbæta íbúðir, svo og að kaupa íbúðir til eigin nota. 4) Að lækka byggingarkostnaðinn í landinu.

Hér er ekki tími til að gera frekari grein fyrir þessum atriðum hverju fyrir sig. En ég held, að ekki sé ofsagt, að þau eru öll knýjandi nauðsyn og þeim verður ekki lengur á frest skotið. Þessa till. hafa stjórnarliðar í fjvn. ekki treyst sér til að samþykkja, heldur leggja til, að henni sé vísað til ríkisstj. með þeim rökstuðningi, að málið sé í athugun. Af þessari afgreiðslu hlýtur að verða að draga þá ályktun, að stjórnarliðar séu svo ánægðir með aðgerðirnar í húsnæðismálunum, að þeir telji breytinga ekki þörf. Samkv. þessari afgreiðslu er þá eflaust ætlazt til þess, að Alþingi taki því sem sjálfsögðum hlut, að ástandið í lánamálum húsnæðismálastjórnar sé með þeim hætti, sem fram kom hjá hæstv. félmrh. hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum, en sú lýsing var þannig, að ekki lægju fyrir tölur um það, hve háum fjárhæðum yrði hægt að úthluta úr byggingarsjóði nú, og úthlutun færi væntanlega fram innan skamms. Nú liggur óafgreiddur hjá húsnæðismálastjórn mikill fjöldi umsókna, og þeirri úthlutun, sem hæstv. ráðh. ræddi um, hefur verið lofað fyrir löngu. Vegna þess, hve úthlutun hefur dregizt, hafa margir lent í hreinum ógöngum, svo að við borð liggur, að menn missi húsin. En allt, sem hægt var að segja við þessa menn fyrir nokkrum dögum, var þetta: Úthlutun fer væntanlega fram innan skamms. — Sýnilega heldur áfram að siga á ógæfuhliðina einnig á þessu ári. Óafgreiddar umsóknir hrúgast upp og lánsupphæðin verður minnkandi hluti byggingarkostnaðarins með hverjum mánuðinum sem líður. Samt sem áður telja stjórnarsinnar í fjvn. ekki ástæðu til að samþykkja till. þá, er ég áðan greindi.

Í sambandi við meðferð frv. til l. um breyt. á tollskrá höfum við þm. Framsfl. reynt að koma fram þeirri lagfæringu, að ríkisstj. yrði heimilað að endurgreiða hluta aðflutningsgjalda af byggingarefni í íbúðarhús eftir stærð þeirra, er næmi 110 kr. á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðslan átti þó ekki að ná til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra. Sú lagfæring, sem fengist á þennan hátt, nemur um 35 þús. kr. á hverja íbúð, og þannig hefði verið komið örlítið til móts við húsbyggjendur. Þessa till. nefndi hæstv. fjmrh. yfirboð og virtist hneykslaður á okkur að hreyfa slíku máli. Taldi hann, að ríkissjóður gæti með engu móti án þeirra tolltekna verið, sem innheimtar eru af byggingarefni til meðalstórrar íbúðar og þaðan af minni. Þegar þess er gætt, að skatt- og tollpíningur þessarar hæstv. ríkisstj. tekur öllu fram, sem hér hefur þekkzt, og hafa þó fyrr verið innheimtir háir skattar á Íslandi, og jafnframt haft í huga, að undanfarin ár hefur verið stórfelldur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði og útlit er fyrir, að svo verði einnig nú, þá er augljóst, að þessi ástæða er helber fyrirsláttur. Situr sízt á þeim mönnum, sem bera ábyrgð á ástandinu í húsnæðismálunum í dag, að tala með lítilsvirðingu um þær úrbætur, sem bent er á.

Nú eru fram undan örlagaríkar viðræður um kjaramálin. Sívaxandi dýrtíð ásamt þeirri staðreynd, að á undanförnum árum hefur verðlag alltaf hækkað meira en kaupgjald, gerir það óhjákvæmilegt fyrir launþega að krefjast stöðugt nýrra launahækkana, án þess að þeir hafi þó í rauninni nokkurn tíma við dýrtíðarskrúðunni. Í þessu sambandi ber að hafa það vel í huga, að einn stærsti útgjaldaliður hvers heimilis er húsnæðiskostnaðurinn, og það er undirstaða efnalegs sjálfstæðis að eignast eigið húsnæði, auk þess sem það er heilbrigt metnaðarmál dugmikils æskufólks í landinu. Kaupgjaldsmálunum er því e. t. v. ekki hvað sízt hægt að þoka til réttrar áttar með myndarlegu átaki í húsnæðismálunum og koma á þann hátt fram raunhæfum kjarabótum. Svona stórfellt þjóðfélagsvandamál eru húsnæðismálin, þegar þau eru grandskoðuð, og svona mikið er undir lausn þeirra komið. Þess vegna verður að taka upp nýja stefnu í þessu máli, ekki „væntanlega innan skamms“, heldur strax.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég ætla að byrja á að taka það fram, að ummæli hv. þm. Benedikts Gröndals í gærkvöld varðandi brtt. þriggja framsóknarmanna við vinnulöggjöfina fyrir nokkrum árum eru byggð á misskilningi eða rangtúlkun á því, sem þar var um að ræða. Ekki er tími til að ræða það mál nánar nú.

Um þetta leyti fyrir 5 árum stóð mikið til hér á hinu háa Alþingi. Hv. þm. þriggja flokka voru þá að breyta stjórnarskránni, og til þess þurfti tvennar kosningar. Gömlu kjördæmin öll utan Reykjavíkur urðu þá að láta af hendi það takmarkaða sjálfstæði, sem þeim hafði verið fengið við endurreisn Alþingis. Það verk er fyrir hendi að byggja upp nýja brjóstvörn fyrir landsbyggðina, hvort sem það verður gert á grundvelli fjórðunganna fornu eða á annan hátt.

Liðið er nú langt á fimmta ár, síðan þingmeirihl., sem kjördæmabyltingin skóp, tók við stjórn í landinu. Þegar gengið er á sjónarhól, blasa við augum tvö aðaleinkenni þessa tímabils í þjóðarbúskap Íslendinga: óvenjulegt góð-

æri, a. m. k. lengst af, í miklum hluta landsins og á miðunum, og óvenjulegur vöxtur dýrtíðar. Dýrtíðin er af mannavöldum, um það eru víst allir sammála, þótt deilt sé um sök og sýknu. Um annað eru líka margir sammála um þessar mundir, að ríkisstj. ráði ekkert við þessa dýrtíð og sé ekki líkleg til að ráða við hana. Í lok þessa þings býr þjóðin við veika stjórn og reikula í ráði, en sú stjórn styðst við þingmeirihl. og getur því haldið áfram að fara með ráðherraumboð, þó að stjórnarstefnan sé óljós eða engin, eins og nú er komið.

Það er til marks um dýrtíðina, að vísitalan fyrir vörur og þjónustu hefur hækkað um 84% og sögð fyrirsjáanleg hækkun á næstunni um 9 stig. En húsnæðisvísitala er í rauninni engin til. Umsetning fjárl. hefur meira en þrefaldazt síðan 1958. Skuldir þjóðarinnar við útlönd að frádregnum inneignum voru um síðustu áramót svipuð upphæð, taldar í erlendum gjaldeyri, og þær voru, þegar vinstri stjórnin hætti störfum, en þá voru þessar skuldir taldar aðalröksemdin fyrir nauðsyn hinnar umdeildu og áhættusömu viðreisnar, sem nú er strönduð. Um þessi efni hafa aðrir rætt og munu ræða.

En samtímis því sem dýrtíðin vex og stéttir og einstaklingar takast á um skiptingu þjóðarteknanna, dregur á loft bliku yfir Íslandi, sem getur ráðið úrslitum um örlög þjóðarinnar, ef ekki er ráð í tíma tekið. Ég á hér við hina ískyggilegu þróun landsbyggðar á síðustu áratugum, hina vaxandi röskun jafnvægis í byggð landsins. Þessi jafnvægisröskun er nú komin á það stig, að jafnvel hér í höfuðborginni eru ungir og áhugasamir hagfræðingar farnir að gefa henni gaum og vara beint eða óbeint við ofvexti höfuðborgarinnar á kostnað landsbyggðar. Þær raddir gerast á þessu ári fleiri en fyrr, sem taka undir þá skoðun, að það sé frumskylda þjóðarinnar og lífsnauðsyn að byggja land sitt, og ef henni tekst ekki að halda því áfram, ef byggðarlög hverfa eða heilir landshlutar til sjávar og sveita verða ekki nema svipur hjá sjón, þá mun þessari þjóð ekki heldur takast að varðveita menningu sína og sjálfstæði til frambúðar, — að hér sé um að ræða þjóðarvanda, sem fari vaxandi og gnæfi yfir hin tímabundnu viðfangsefni, — mál málanna á komandi árum. Það eru ekki bara sveitirnar, sem eiga í vök að verjast, heldur heilir landshlutar, bæði dreifbýli og þéttbýli. Því verður mér nú á eldhúsdegi undir þinglok ríkast í huga það tómlæti og sú þverúð, sem hæstv. ríkisstj. og þeir, sem að henni standa, hafa sýnt á þessu þingi í sambandi við hið mikla alvörumál, sem hér er á ferðum.

Á fyrstu dögum þessa þings fluttum við framsóknarmenn frv. til nýrrar löggjafar um skipulagðar ráðstafanir í byggðajafnvægismálinu. Þeir, sem fylgzt hafa með þingfréttum, þekkja efni þessa frv. Þar er mælt fyrir um raunhæfar aðgerðir, framlag fjármuna, sem máli skipta, og grundvöll að skapandi starfi á komandi tímum. Gert er ráð fyrir að leggja fram árlega í þessu skyni tiltekinn hundraðshluta af ríkistekjunum og koma á fót sérstakri þjóðfélagsstofnun, sem fylgist með byggðaþróuninni og láti til sín taka með fjármunum og vaxandi fyrirhyggju þau verkefni, sem brýnust eru á hverjum tíma, til þess að viðhalda og efla byggð um land allt. Hér er m. a. byggt á reynslu og framtaki frænda vorra Norðmanna, sem í meira en áratug hafa á svipaðan hátt unnið að jafnvægi í byggð Noregs og fyrir 3 árum fengu jafnvægissjóði sínum þúsundir milljóna til umráða í þessu skyni. Við höfum flutt þetta mál áður. Við fluttum það einnig í fyrra. Þá var því vísað frá með þeim rökstuðningi, að það væri óþarft. Nú í vetur var það látið liggja 5 mánuði í nefnd, og eftir þessa 5 mánuði lagði stjórnarmeirihl. í n. til, að því yrði enn vísað frá og með sama rökstuðningi og í fyrra, að það væri óþarft. Hinn 15. apríl voru nál. tekin til umr., fundi slitið í miðri ræðu og málið ekki aftur tekið á dagskrá.

Í fyrra vitnuðu hv. stjórnarþm. í svonefndan atvinnubótasjóð. Hann ætti að nægja, sögðu þeir þá. En atvinnubótasjóðurinn er engin nýlunda. Þar er aðeins um að ræða hið svonefnda atvinnuaukningarfé, sem lengi hefur verið veitt á fjárl. ár hvert og var 15 millj. fyrir 7 árum, þegar fjárlagaupphæðin var um 800 millj., en er 10 millj. nú, þegar fjárlagaupphæðin er um 3000 millj. Bróðurparturinn af atvinnubótasjóðnum í fyrra fór í lánveitingar í Reykjavík og öðrum byggðum við Faxaflóa. Hér er því um allt annað mál að ræða, þótt gagnlegt sé á sinn hátt. Einn af þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum hefur líka játað það opinberlega, að svo sé. Hann hefur nú stungið upp á því, að reynt verði að fá fjárhagsaðstoð hjá flóttamannasjóði Vestur-Evrópu til að gera það, sem atvinnubótasjóður átti að vera einfær um í fyrra. Ekki er sú hugmynd stór í sniðum, en þó athugunarverð og hefur gildi sem vitnisburður. En bezt er að gera sér það strax ljóst, að aðrar þjóðir eða alþjóðastofnanir munu ekki telja það sitt hlutverk fyrst og fremst að hafa forgöngu um að tryggja það, að Íslendingar byggi land sitt og glati því ekki í hendur framandi fólki, sem býr við landþrengsli og komið hefur auga á framtíðarmöguleikana í okkar ágæta landi, sbr. erlend blaðaskrif nýlega um þau mál.

Landsbyggðin er landvörn okkar Íslendinga. Af því að forfeður okkar byggðu landið allt, eigum við það nú. Af því að sjómenn okkar veiddu fisk við strendur þess, eigum við landhelgina. Jafnvel smáþjóðir verja 20% af ríkistekjum sínum til þess að vera við því búnar að verja land sitt með vopnum, ef til kæmi. Við Íslendingar erum lausir við slík útgjöld. Með tilliti til þess ætti okkur ekki að vaxa í augum, þótt við þyrftum að verja einhverjum hundraðshluta, jafnvel þótt hann væri hærri en við framsóknarmenn höfum nefnt, til þess að efla hér hina friðsamlegu landvörn byggðarinnar og skapa verðmæti.

Framkvæmd þjóðmála er nú á tímum skipt í sérgreinar, og ráðuneytum eða ríkisstofnun-

um falin yfirumsjón þeirra og ábyrgð. Meðal sérgreina þjóðfélagsstarfseminnar er t. d. dómgæzla og réttarfar, fræðslumál, póst- og símaþjónusta, útvarp, vega- og hafnargerð, málefni atvinnuveganna, félagsmál o. s. frv. Þegar ný viðfangsefni eða aðkallandi krefjast þess, bætist við ný sérgrein, ný aflstöð í ríkiskerfinu. Og nú vantar einmitt slíka aflstöð, sérstaka þjóðfélagsstofnun, sem hafi þá sérgrein til umsjónar og til að bera ábyrgð á, að landið okkar haldist í byggð og að landsbyggðin eflist. Að þessu á slík stofnun að vinna með aðstoð fjármuna og í samstarfi við hlutaðeigandi byggðarlög, þannig að frumkvæðisgeta þeirra njóti sín í því samstarfi. Hún á einnig að stuðla að dreifingu opinberrar starfsemi um landið og hafa með höndum leiðbeiningar- og hvatningarstarfsemi.

Með ýmiss konar löggjöf hefur á þessari öld verið stuðlað að framkvæmdum í landinu. Þá löggjöf þarf að efla, t. d. þarf að auka ríkisframlag til hafna og vega víðs vegar um land, jarðræktarframlög og margs konar lánastarfsemi til almennrar uppbyggingar. Og ljúka þarf rafvæðingu dreifbýlisins sem fyrst. En þar sem almenn löggjöf eða almenn lánastarfsemi nægir ekki, þar sem herzlumuninn vantar, t. d. til þess að koma upp atvinnufyrirtæki eða framkvæmd, sem brýn þörf er á til að styðja æskilega byggðaþróun, eða til að koma í veg fyrir skyndihrun byggðarlagsins eða til að mynda nauðsynlegan þéttbýliskjarna, — þar sem þennan herzlumun vantar, þar þarf landsbyggðarstofnunin eða jafnvægissjóðurinn að koma til skjalanna. Það er mergur þessa máls hér, eins og í Noregi og víðar. Stórvirkjun vatnsafls og stóriðja byggð á innflutningi fjármagns er því aðeins tímabær nú, að með henni sé stuðlað að auknu jafnvægi milli landshlutanna.

Náttúran hefur gert allt þetta land byggilegt milli fjalls og fjöru. Lífsskilyrðin eru víða til sjós og lands, sjávaraflinn er nú lagður á land í rúmlega 60 fiskihöfnum fyrir norðan, austan, sunnan og vestan. Svo að segja í hverri sveit er gnægð ræktunarlands, vatnsorka og jarðhiti í öllum landshlutum. Svipað er að segja um byggingarefni og fleira, sem byggð krefst. En blind lögmál fjármagns og viðskipta, sem hafa nútímatæknina á valdi sínu, stefna landsbyggðinni í voða. Þessi lögmál eru ekki alltaf í samræmi við þjóðleg og félagsleg markmið. En manninum ber að vera herra fjármagnsins og herra tækninnar. Hann er það, ef hann vill, og að því ber nú að stefna, að hin þjóðlegu og félagslegu markmið ráði.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í umr. í gærkvöld kom það greinilega fram eins og oft áður, að stjórnarandstaðan er algerlega málefnalaus og hefur ekkert jákvætt fram að bera. Stjórnarandstæðingar eru með svipað nöldur og áður og telja svo þrengt að almenningi, að lífskjörin hafi aldrei verið lakari en nú. Það er vitanlega neikvætt að halda slíku fram, þar sem allir, sem á hlýða, vita, að áróður af þessu tagi stangast á við staðreyndirnar. Enda þótt dýrtíð hafi vaxið, hafa tekjur alls almennings og atvinnumöguleikar aukizt það mikið, að lífskjör þjóðarinnar hafa aldrei verið betri en nú.

Málflutningur stjórnarandstöðunnar miðar að því að telja öllum almenningi og ekki sízt unga fólkinu trú um, að lífsbaráttan hér á landi sé svo erfið, að lítil von sé til að sigra í þeirri baráttu. Þetta er þjóðhættuleg kenning og háskaleg, ef einhver legði trúnað á hana. Framsóknarmenn tala oft um erfiðleika bænda og að þeir séu tekjulægsta stéttin. Sannleikurinn er sá, að margir bændur hafa allt of lítil bú og af þeim ástæðum ekki lífvænlegar tekjur. Það er þess vegna, að meðaltekjur bændastéttarinnar eru mjög lágar. Það þarf að stækka litlu búin og vinna að auknum framförum í landbúnaðinum, svo að fólksflutningar utan úr sveitunum hætti.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum seint á árinu 1959, var það fyrsta verkefni hennar að leysa verðlagsmál landbúnaðarins og rétta hlut bændastéttarinnar. Lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins var breytt, eins og kunnugt er, og með því gefin trygging fyrir fullu verði á landbúnaðarframleiðslunni. Framsóknarmenn reyndu ekki að bæta bændum tugmilljónatap, sem þeir árlega tóku á sig vegna útflutnings landbúnaðarvara. Á þessu ári mun útflutningstryggingin nema allt að 25 þús. kr. á hvern bónda að meðaltali. Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins hefur verið leiðréttur mikið síðustu árin. Er hann nú miklu nær því að vera réttur heldur en hann var 1958, síðasta árið sem framsóknarmenn voru í ríkisstj. 1958 var kaup bóndans í grundvellinum 67257 kr., en 1963 119121 kr. Hækkunin nemur 78%. Við þetta bætist, að bændur fá nú fullt grundvallarverð, sem þeir fengu ekki áður. Að vísu hefur það skeð nú, sem fáir skilja og verður að fá skýringu á síðar, að Mjólkurbú Flóamanna vantar að þessu sinni 8½ eyri á lítra, þegar Mjólkursamlag KEA skilar 3 aurum yfir grundvallarverði og mörg önnur mjólkurbú ná grundvallarverðinu að fullu. Verðgrundvöllurinn er auk þess eftir þær leiðréttingar, sem á honum hafa verið gerðar, raunhæfari en áður, þar sem gjöld búsins eru tekin mun betur til greina en áður var. Þannig má telja, að viðhald fasteigna hefur verið hækkað síðan 1958 um 158%. Viðgerðarkostnaður véla hefur verið hækkaður í grundvellinum um 175%. Fyrning á vélum hefur verið hækkuð í grundvellinum um 246%. Vextir hafa verið hækkaðir í grundvellinum um 281%, enda fengu bændur 1958 enga vexti af eigin fé, sem bundið er í búi, húsum, jörð og tækjum, en 1963 eru bændum reiknaðar 23880 krí í vexti af eigin fé. Erlent kjarnfóður hefur hækkað í grundvellinum um 88%, tilbúinn áburður um 83%. Þegar þetta er athugað, verður ljóst, að miklar lagfæringar hafa verið gerðar á útgjaldahlið grundvallarins, þótt enn megi benda

á ýmislegt, sem þörf er á að breyta. Mjólk hefur hækkað síðan 1958 um 67%. Afurðir af sauðfé hafa hækkað um 90%.

Það er ekki tími til að hafa fleiri orð um verðlagsmál landbúnaðarafurða að þessu sinni, enda er öllum ljóst, sem um málin hugsa og kynna sér þau, að hlutur landbúnaðarins hefur ekki verið fyrir borð borinn á valdatíma núv. ríkisstj.

Framsóknarmenn ræða oft um lánamál landbúnaðarins. Þeir minnast ekki á, að þegar þeir yfirgáfu valdastólana, voru búnaðarsjóðirnir gjaldþrota. Í stað þess að viðurkenna það uppbyggingarstarf, sem unnið hefur verið með endurreisn stofnlánadeildar landbúnaðarins, hafa framsóknarmenn reynt að torvelda það með því að vekja tortryggni og stofna til æsinga í sambandi við þetta mikilsverða hagsmunamál bændastéttarinnar. Komandi tímar og reynslan mun tala máli stofnlánadeildarinnar, og því fjölyrði ég ekki meira um það mál. Framsóknarmenn ræða oft um veðdeild Búnaðarbankans og nauðsyn þess að útvega fé til hennar. En þeir nefna ekki, að 1958 lánaði veðdeild aðeins 646 þús. kr. til bænda. Deildin hafði ekkert fé þá frekar en áður. Framsóknarmenn gerðu sig ánægða með það, en nú vantar ekki kröfurnar á hendur ríkisstj. um að leysa allan vanda á örstuttum tíma. Lánað var til landbúnaðarins árið 1963 úr búnaðarsjóðunum um 109 millj. kr. Ef framsóknarmenn væru við völd, mundu þeir vissulega miklast af því, en flestir munu telja, að svo mikil lán hefðu ekki fengizt, ef þeir hefðu átt að útvega fé til sjóðanna.

Framsóknarmenn tala nú oft um afurðalánin og segja, að rekstrarlán landbúnaðarins, eins og afurðalánin eru oftast nefnd, hafi staðið óbreytt í krónutölu síðan 1958. Þetta er vitanlega ekki rétt. Afurðalán landbúnaðarins urðu hæst haustið 1958 263 millj. kr., en haustið 1963 380 millj. kr. Hækkunin nemur 117 millj. kr. eða 44.5%. Afurðalán til sjávarútvegs urðu hæst 1958 411 millj. kr., en 1963 590 millj. kr. Hækkunin nemur 179 millj. eða 43.5%. Hækkun afurðalána til landbúnaðarins og sjávarútvegsins er mjög lík, en þó 1% hærri til landbúnaðar. Framleiðsla landbúnaðar- og sjávarafurða hefur aukizt mikið síðan 1958 og því eðlilegt, að afurðalánin hafi hækkað. Rekstrarlán hafa auðvitað aukizt miklu meira en það, sem hækkun afurðalánanna nemur. Viðskiptabankarnir hafa aukið og bætt við rekstrarlán þessara höfuðatvinnuvega þjóðarinnar, eins og sjálfsagt og nauðsynlegt er að gera.

Framleiðsla landbúnaðarins hefur vaxið mikið síðustu árin og aldrei meira en í tíð núv. ríkisstj. Framleiðslan vex talsvert meira en neyzluþörf þjóðarinnar vegna fólksfjölgunarinnar. Það, sem ýtt hefur undir framleiðsluaukninguna, er batnandi verðlag afurðanna og sölutryggingin, sem landbúnaðurinn býr við. Ræktunin vex árlega um nærri 4 þús. ha., og bithagar hafa verið bættir með því að dreifa áburði yfir þá úr flugvél. Unnið er að uppgræðslu lands, eins og vera ber, og er ástæða til þess að auka þá starfsemi.

Framsóknarmenn tala oft eins og sveitirnar séu að fara í auðn. Jarðir fara í eyði, segja framsóknarmenn, og bændunum fækkar. Þeir minnast þess ekki, að fólksflótti úr sveitunum hefur verið mestur þau árin, sem þeir voru í ríkisstj. Framsóknarmenn viðurkenna ekki þá staðreynd, að fólksflótti úr sveitunum og fækkun bænda hefur verið minni síðustu 4 árin en oft áður. Tala byggðra jarða 1958 var 6089, en 1963 5929. Þetta er nokkur breyting, en þegar þess er gætt, að litlar jarðir hafa verið sameinaðar og gert eitt býli byggilegt úr 2—3 litlum jörðum, verður sú þróun að teljast eðlileg og hagkvæm. Landið er notað, þótt ein jörð sé lögð undir aðra.

Lítils háttar hefur verið rætt um vegalögin og vegáætlunina, sem samþykkt var á Alþingi fyrir fáum dögum. Er það fagnaðarefni, að grundvöllur er lagður að auknum vegaframkvæmdum og bættum samgöngum víðs vegar um landið. Það eru hjáróma raddir og marklausar, sem halda því fram, að framkvæmdir í vegamálum aukist lítið með tilkomu nýju vegal. Rafvæðing landsins er vel á veg komin. Tíu ára áætlun er að ljúka. Framhaldsáætlun til 5 ára er nærri lokið að semja, og miðast hún við, að landsmenn allir hafi fengið rafmagn að þeim tíma loknum. Er það í samræmi við þjóðfélagshætti Íslendinga, að samfélagið taki á sig verulegan hluta af þeim kostnaði, sem af því leiðir að veita þeim, sem erfiðasta aðstöðu hafa, möguleika til að njóta þeirra þæginda, sem raforkan veitir. Það er nú einn þáttur í því að gera fólk ánægt með hlutskipti í strjálbýlinu.

En það er ekki nóg að leggja rafmagnslínur til bæja og kauptúna. Það verður einnig og ekki síður að tryggja nægilega raforku með því að virkja eitthvað af því mikla vatnsafli, sem fyrir hendi er. Undanfarið hafa farið fram viðtækar virkjunarrannsóknir, og hefur aldrei verið varið jafnmiklu fé til slíkra athugana og s. l. 3 ár. Virkjunarrannsóknir hafa verið gerðar í Jökulsá, Þjórsá við Búrfell, Hveragerði, Hvítá, Laxá í Þingeyjarsýslu, Lagarfossi, Svartá í Skagafirði, á Vestfjörðum og víðar. Orkuskortur verður víða um land eftir fá ár. Því verður að hefjast handa um virkjunarframkvæmdir strax næsta ár. Rannsóknirnar miða að því að gera sér grein fyrir, hvar ódýrast og heppilegast er að virkja, og ekki síður, á hvern hátt mætti tryggja öllum landsmönnum sem öruggast og ódýrast rafmagn. Vitað er, að stórvirkjanir eru á margan hátt hagkvæmari og tiltölulega ódýrari en smærri virkjanir. Því er það í athugun, hvort heppilegt er að gera stórvirkjun, landsvirkjun, t. d. við Búrfell, og leggja línur frá þeirri virkjun víðs vegar um landið, í stað þess að gera margar smærri virkjanir. Rannsóknum í þessum málum er enn ekki að fullu lokið, þótt sérfræðingar hafi unnið að þeim undanfarið, en lokastig rannsóknanna nálgast, og mun grg. af hendi sér-

fræðinga verða lögð fram fyrir haustið. Verður því frv. um virkjunarframkvæmdir lagt fram á haustþinginu og þarf að fást lögfest fyrir n. k. áramót. Til að annast lokarannsókn þessara mála hefur ríkisstj. óskað eftir því, að Sogsvirkjunarstjórn og Laxárvirkjunarstjórn skipi einn mann hvor í þriggja manna tækninefnd, og verður Eirikur Briem rafmagnsveitustjóri formaður nefndarinnar. N. þessi mun yfirfara þær rannsóknarskýrslur, sem fyrir liggja, og gera samanburð á hinum ýmsu möguleikum, sem fyrir hendi eru. Að lokum mun n. gera till. til ríkisstj. um, með hverjum hætti raforkumál þjóðarinnar verði bezt leyst til frambúðar. Þá er einnig fyrirhugað að skipa n. til þess að gera athugun á því, hvort heppilegt þyki að stofna til samvinnu milli ríkisins, Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar um virkjunarframkvæmdir, og ef svo sýnist vera, semja þá um eignarhlutföll og stjórn þeirrar stofnunar.

Það er mikill misskilningur, sem Eysteinn Jónsson sagði í gærkvöld, að ríkisstj. vilji ekki hafa samvinnu við stjórnarandstöðuna um virkjunarmál. Eins og áður er getið, hefur rannsókn og undirbúningur málsins verið í höndum sérfræðinga. Þegar rannsóknum er lokið, er fyrst tími til þess kominn að leggja niðurstöðurnar fyrir og taka ákvarðanir um framhaldið.

Það er ekki aðeins í virkjunarmálum, sem stórverkefni liggja fyrir. Möguleikar þjóðarinnar til uppbyggingar nýrra atvinnugreina eru hvarvetna fyrir hendi. Mikið er ógert í hafnarmálum víðs vegar um landið. Verksmiðju þarf að byggja til þess að vinna úr afurðum landbúnaðarins og sjávarútvegsins í ríkari mæli en verið hefur. Vinna þarf að fiskirækt og auka þannig tekjur þjóðarbúsins og fjölbreytni í atvinnulífinu. Vinna þarf að því að fá nýja og betri markaði fyrir íslenzkar vörur. Með vaxandi framleiðslu og mikilli vinnu, sem almenningur leggur fram, skapast ótæmandi möguleikar til þess að tryggja þjóðinni efnahagslegt öryggi og bætta lífsafkomu.

Síðari árin hefur tekjuskipting þjóðarinnar orðið jafnari en áður. Auknar almannatryggingar eiga að tryggja alla landsmenn gegn skorti. Þótt kjör manna séu eðlilega enn nokkuð misjöfn, má þó fullyrða, að engir líða skort hér, eins og oft á sér stað meðal annarra þjóða. Við sjáum ekki svöng eða illa klædd börn, en við sjáum stundum gamalt fólk með bogið bak og krepptar hendur, sem engan varasjóð á til að grípa til og hefur ekki annað til að lifa af en ellilaunin frá tryggingunum. Það er því rétt, sem á hefur verið minnzt, að lífeyrissjóð fyrir alla ber að stofna.

Aldrei hafa tryggingarnar, þ. á m. sjúkratryggingar og fjölskyldubætur, verið eins mikið auknar og á valdatímum núv. ríkisstj. 1958 voru ellilaun hjóna 11053 kr., en eru nú 43420 kr. eða 293% hærri. Þetta er mikil hækkun. En eigi að síður þarf að gera betur í þessu efni, til þess að gamla fólkið þurfi ekki að hafa áhyggjur fyrir morgundeginum. Fjölskyldubætur hjóna með 5 börn voru 1958 4287 kr., en nú 15 þús. kr., hækkun 295%. Þannig hefur ríkisstj. beitt sér fyrir tekjujöfnun og bættum hag þeirra, sem mesta þörf hafa fyrir stuðning frá samfélaginu.

Það er nauðsynlegt, að haldið verði áfram á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið. Það verður því aðeins mögulegt, ef fjárhagslegt öryggi og jákvæð stjórnarstefna verða ráðandi í landinu eins og undanfarið. Því ber að vara alla við kenningum stjórnarandstöðunnar, sem leiða til hruns og almennrar fátæktar. Stjórnarandstaðan hefur viðurkennt, að þegar vinstri stjórnin gafst upp í árslok 1958, hafi flestir sjóðir verið tómir og gjaldeyrisskuldir það miklar, að sjálfstæði þjóðarinnar var í hættu. Stjórnarandstæðingar segja, að þá hafi ekki verið mögulegt að veita hærri lán en gert var, vegna þess að fé hafi ekki verið fyrir hendi. Nú segja þeir, að viðhorfið sé allt annað, þar sem flestir sjóðir og bankar hafi mikil fjárráð vegna mikillar sparifjáraukningar undanfarin ár. Þeir tala um bundið fé í Seðlabankanum, sem beri að taka þaðan og nota til útlána. Það er þó vitað, að bundna féð er tryggingafé gjaldeyrisvarasjóðsins og með því að losa um það væri stefnt í sama öngþveitið í gjaldeyrismálunum og ráðandi var á dögum vinstri stjórnarinnar.

Stjórnarandstaðan, sem hefur ekkert lært síðan 1958 og enga stefnu hefur, sem til gagns má verða í íslenzku þjóðlífi, reynir nú að ginna allan almenning með fölskum loforðum. Loforðin eru þau að ausa út til aukinna lána þeim varasjóðum, sem safnazt hafa síðustu árin, og stefna þannig út í ófæruna, sem kommúnistar og framsóknarmenn höfðu áður leitt þjóðina út í. Ef stjórnarandstaðan fengi að ráða atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar í eitt ár eða svo, má öruggt telja, að allir þeir sjóðir, sem myndazt hafa í tíð núv. stjórnar, væru eyddir, gjaldeyrisforðinn væri genginn til þurrðar og skuldasöfnun erlendis kæmi að nýju. Öruggt má telja, að almenningur gerir sér grein fyrir því, sem hér er um að ræða.

Reynslan hefur sýnt, hvers má vænta af Framsfl. og kommúnistum, þegar þeir eru í stjórn. Því mun þjóðin styðja núv. ríkisstj. í viðleitni hennar til þess að skapa efnahagslegt jafnvægi, efnahagslegt öryggi og batnandi hag alþjóðar. — Góða nótt.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 11. þm. Reykv., Einar Ágústsson, vék hér í ræðu sinni áðan að húsnæðismálunum, en láðist samt að geta þess, að á undanförnum árum hafa útlán húsnæðismálastjórnar verið helmingi meiri en í tíð vinstri stjórnarinnar.

Hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, sem talaði hér áðan, þótti lítið koma til þáltill., sem ég hef borið fram og gerir ráð fyrir, að athugað sé, hvort aðstoð fáist frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Við öðru var ekki að búast. Þeim framsóknarmönnum lízt bezt á sýndartill. þær, sem þeir sjálfir hafa verið að flytja hér á Alþingi um árabil.

En í öllu því moldviðri, sem stjórnarandstaðan þyrlar upp í þessum umr., skulum við ekki missa sjónar af þeirri staðreynd, að þegar efnahagsmálastefna núv. ríkisstj. var mótuð árið 1960, var horfið frá því skipulagi hafta og uppbóta, sem hér hafði ríkt um áratugaskeið. Það var miðað að því að taka upp nýtt skipulag, sem skapaði þegnunum aukið frelsi til athafna og dáða í stað hafta og banna af hálfu ríkisvaldsins. Síðan hafa íslenzk stjórnmál fyrst og fremst snúizt um það, hvort takast mætti að framkvæma hina nýju stefnu. Höfum þetta í huga þeim mun fremur, þar sem þeir, sem berjast gegn hinni nýju skipan, hafa forðazt frá fyrstu tíð í öllum málflutningi sínum og áróðri að segja hug sinn allan í þessu efni. Í hug sínum og hjarta vill stjórnarandstaðan ekkert frekar en þessi stefna ríkisstj. mistakist í framkvæmd, vegna þess að þeir vilja og þeir þrá hið gamla skipulag, en þeir hvorki þora né geta sagt það, vegna þess að enn er í of fersku minni, að hið gamla hafta- og uppbótakerfi hafði gengið sér til húðar, þegar vinstri stjórnin gafst upp, og reynsla almennings af hinni nýju skipan er þess eðlis, að fólk fýsir ekki að snúa aftur til gamla tímans.

Þegar frv. um efnahagsmál kom fram árið 1960, sagði þáv. formaður Framsfl., 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson, af mikilli dulúð, að ekki mætti beita þjóðarskútunni upp í skilningsstraum fólksins. Annar þm. og orðhagur mjög, hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, sagði, að till. frv. byggðust á lögmálum vetrarins, frostsins, sem takmarkar gróðurinn, og þær væru fyrir gróður félagshyggjunnar eins og ís legðist að landi á vordögum. Menn verða ekki margs vísari af slíkum ummælum sem þessum. Stjórnarandstaðan hefur heldur aldrei kært sig um að ræða sjálft grundvallaratriðið, hefur eðlilega fundið sig standa höllum fæti í slíkum umr. En verkin tala. Stjórnarandstaðan hefur staðið gegn viðreisnarstefnunni í heild og hverjum einstökum veigamiklum þætti hennar.

Framsfl. vill ekki hverfa frá gamla skipulaginu, því að við það hefur hann miðað tilveru sína, skipulag og starfshætti alla. Framsfl. hefur alltaf lagt megináherzlu á það að hafa aðstöðu gegnum ríkisvaldið til að deila út gæðum, skammta leyfi og beita bönnum gagnvart þegnum þjóðfélagsins og talið jafnan, að hann ætti meira undir misnotkun slíkrar aðstöðu en beinni málefnabaráttu. Kommúnistar aftur á móti, í hvaða reyfi sem þeir kunna að ganga á hverjum tíma, kjósa heldur hið gamla skipulag hafta og banna, því að þeir meta það rétt, að slíkt fyrirkomulag ber í brjósti sér dauða þeirrar þjóðfélagsskipunar, sem þeir vilja feiga. En hvað þykist Framsfl. vilja? Þeir kalla stefnu sína framfara- og uppbyggingarstefnu. Þeir segjast vilja vinna að framförum og uppbyggingu atvinnuveganna um allt land, kjör fólks þurfi að bæta og framleiðsluaukning þurfi að verða til hagsældar fyrir alla þjóðina. Þessu hampa þeir, og þetta kalla þeir þjóðmálastefnu. En ég spyr: Hvaða stjórnmálaflokkur fyrirfinnst, sem telur sig ekki geta tekið undir, að vinna beri að þjóðarhag? Um það er ekki ágreiningur á milli flokka, heldur hitt, með hverjum hætti verði bezt unnið að þjóðarhag. Það er um það, sem deilurnar standa. Undan þessum staðreyndum víkja framsóknarmenn sér, þeir vilja ekkert af slíku vita. Þeir segja, að deilan standi milli Framsfl., sem vinni að þjóðarhag, og ríkisstj., sem vinni gegn þjóðarhagsmunum að yfirlögðu ráði. Þeir halda fram, að ríkisstj. vilji kreppuástand í landinu. Þeir halda fram, að ríkisstj. vilji magna dýrtíð í landinu. Þeir halda fram, að ríkisstj. vilji atvinnuleysi í landinu. Þeir halda fram, að ríkisstj. vilji ekki framfarir í landinu. Með slíkum áróðri og fullyrðingum hafa framsóknarmenn látið sér sæma að misbjóða dómgreind almennings ár eftir ár. Slík ósvinna er þeim mun vítaverðari, þar sem svo sannarlega vita þeir, hvað þeir gera. Þetta er gert undir forustu hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, sem sagði fyrr á árum í umr. á Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held, að þeir menn, sem láta sér til hugar koma, að nokkur ríkisstj. skapi að yfirlögðu ráði kreppu til þess að geta rýrt afkomu almennings, meðan hún situr að völdum, sé í því ástandi andlega, að þeir þurfi annarrar hjúkrunar við en þeirrar, sem hægt er að veita í svona umr."

Ég hygg, að þessi ummæli Eysteins Jónssonar séu enn í fullu gildi. En til slíks andlegs ástands má rekja þá forheimskun, sem einkennt hefur allan málflutning Framsfl. á undanförnum árum. Í þessu andlega ástandi geta menn haldið fram, að tollalækkanir séu tollahækkanir, vegna þess að lækkun tolla dregur úr smygli, þannig að heildartolltekjur ríkissjóðs aukast þrátt fyrir tollalækkunina. Í þessu andlega ástandi geta menn sagt, að skattalækkanir séu skattahækkanir, vegna þess að þróttmeira athafnalíf eykur gjaldstofnana og gefur meiri heildarskatttekjur í ríkissjóð þrátt fyrir skattalækkunina. Í þessu andlega ástandi geta menn sagzt vera með því að auka gjaldeyrissjóði landsins, en barizt gegn bindingu sparifjár í Seðlabankanum, sem er óhjákvæmilegt skilyrði þess, að gjaldeyrissjóðurinn geti aukizt. Í þessu andlega ástandi geta menn heimtað aukin útlán frá lánastofnunum, en barizt fyrir þeim ráðstöfunum, sem draga úr því trausti almennings á gjaldmiðlinum og fjárhagskerfinu, sem fær menn til þess að leggja fram sparifé, sem er grundvöllur útlánanna. Í þessu andlega ástandi geta menn sagzt vera með auknum almannatryggingum, en gert að árásarefni lækkun fjárl., sem stafar af auknum framlögum til tryggginganna. Í þessu andlega ástandi gátu menn stöðugt stagazt á því á fyrstu árum viðreisnarstjórnarinnar, að stórkostlegt atvinnuleysi væri yfirvofandi, en á einni nóttu fyllzt vandlætingu yfir vinnuþrælkun, sem þjóðin væri þjökuð af. Allt þetta verður skiljanlegra, þegar höfð eru í huga ummæli Eysteins Jónssonar, sem ég viðhafði hér

áðan, þótt framferðið sé hins vegar ekki afsakanlegt. En hitt er vafalaust rétt, sem Eysteinn sagði, að þeir, sem eru í þessu ástandi, þurfa annarrar hjúkrunar við en þeirrar, sem hægt er að veita í svona umr.

Í umr. þessum hafa talsmenn stjórnarandstöðunnar kyrjað þann söng, að viðreisnin hafi farið út um þúfur og jafnvægi efnahagslífsins sé rokið út í veður og vind. Víst eru miklar blikur á lofti og vandi á höndum, sem bregðast þarf við af raunsæi og taka þarf föstum tökum. En viðreisnarstefnan var annað og meira en viðhald stöðugs verðlags, þótt það sé mjög veigamikið grundvallaratriði. Stefnt var að sterkari stöðu út á við og miklum og vaxandi framleiðsluafköstum, heilbrigðu verðmyndunarkerfi, fjárhagskerfi með vel uppbyggðum lánastofnunum. Stefnt var að lækkun tolla og skatta og hvers konar umbótum í ríkisrekstri. Stefnt var að frjálsri verzlun og frjálsu vöruvali neytenda, og svo mætti áfram telja. Að þessum verkefnum hefur verið unnið af slíkri kostgæfni, að árangurinn er öllum augljós. Viðreisnin hefur þannig reynzt þróttmeiri og lífvænlegri en stjórnarandstaðan gerði ráð fyrir og vill nú vera láta.

Þjóðin er vissulega á farsælli framfarabraut á grundvelli viðreisnarinnar. En óleystur er sá vandi að tryggja viðunandi verðfestu, og vil ég á engan hátt lítið úr þeim vanda gera. En þegar við metum árangurinn af störfum ríkisstj., er nauðsynlegt að hafa í huga það, sem ég vék að í upphafi máls míns. Ríkisstj. markaði þá stefnu að afnema hafta- og uppbótakerfi og koma á frjálsu efnahagskerfi. Slíkt hafta- og uppbótakerfi, sem við bjuggum við, hefur á síðari tímum ekki viðgengizt í lýðfrjálsum löndum nema á hallæris- eða stríðstímum. Haftaskipulagið skapar sínar venjur og starfshætti á hinum ýmsu sviðum athafna- og þjóðlífsins. Menn vinna undir öðrum skilyrðum en í frjálsu efnahagskerfi. Þegar hið frjálsa efnahagskerfi er innleitt á ný, þurfa menn að aðlaga sig nýjum háttum. Menn þurfa að læra að nota frelsið og ekki misnota það. Þetta gengur ekki alltaf snurðulaust, eins og dæmin sanna frá stríðslöndunum eftir síðari heimsstyrjöldina, þótt haftakerfið hefði ekki staðið nema meðan á styrjöldinni stóð. Hvað halda menn þá hér á landi, þar sem við höfum búið við meira og minna haftakerfi, svo að áratugum skiptir, og meira að segja lengst af undir handarjaðri Framsfl., og haftakerfið útfært af framsóknarréttlæti er sennilega nokkurn veginn það versta skipulag, sem hugsazt getur. En þrátt fyrir þetta verður ekki sagt annað en íslenzkt athafnalíf hafi aðlagað sig hinu nýja efnahagskerfi, bæði vel og fljótt, þótt að sjálfsögðu séu ýmsir misbrestir á, sem enn á eftir að ráða bót á.

En það hefur orðið hlutskipti stjórnarandstöðunnar að einbeita áróðri sínum og undirróðri til þess að auka á alla erfiðleika, sem eðlilega hljóta alltaf að skapast, meðan verið er að koma á svo róttækum breytingum í efnahagskerfinu sem hér hefur verið gert á undanförnum árum. Þetta hefur þeim tekizt misjafnlega vel, og hefur það farið eftir aðstöðu þeirri, sem þeir hafa haft til þessarar iðju sinnar á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. En mestum árangri hafa þeir náð í starfsemi sinni á sviði kjarabaráttunnar, með þeim afleiðingum, að verðbólga og dýrtíð hefur vaxið stórlega, svo sem kunnugt er.

Það er ekkert nýtt, að kommúnistar séu ábyrgðarlausir í kjaramálunum. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefur sagt í því tilefni í almennum útvarpsumr. hér á Alþingi á fyrri árum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég ákæri stjórnarandstæðinga fyrir að hafa fallið fyrir freistingu þeirri, sem háskalegust er, að vera ábyrgðarlausir á háskastund og vinna það fyrir von í fylgi þeirra skammsýnustu að vinna skemmdarverk á þeim framkvæmdum, sem þeir sjálfir vita, að voru óumflýjanleg nauðsyn.“

Þetta er þung ákæra, en hún er sönn. Þessi ummæli Eysteins Jónssonar þarfnast ekki annarra skýringa en þeirra, að þau voru viðhöfð, þegar Eysteinn var í stjórn með Ólafi Thors, en Ólafur kom öllum til nokkurs þroska, eins og sagt var forðum um annan merkan mann. En ólán Eysteins er það að hafa ekki ávaxtað sitt pund betur en svo, að slík ummæli hitta í dag fyrst og fremst Eystein sjálfan, sem beitir nú öllu atfylgi Framsfl. að því að styðja skemmdarverk kommúnista.

Herra forseti. Þó að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir ávirðingum stjórnarandstöðunnar, þá er hitt nauðsynlegra, að allir skynsamir og góðir menn bindist nú samtökum um að leysa þann mikla vanda, sem við er að glíma í kjaramálunum. Og það er einmitt í þessu efni, sem höfuðvandinn stendur í dag. Undir lausn kjaramálanna er það komið, að takast megi að framkvæma það veigamikla grundvallaratriði í viðreisnarstefnunni að koma á og viðhalda stöðugu verðlagi. Að þessu verða allir þeir að vinna, sem tryggja vilja það, að hafnað verði endanlega hafta- og uppbótakerfinu, að þessu verða allir þeir að vinna, sem tryggja vilja það, að fram nái að ganga þjóðarviljinn, sem fram kom í síðustu alþingiskosningum. Það er hlutverk sjálfstæðismanna um land allt að vinna af alefli að því, að hið frjálsa efnahagskerfi, sem viðreisnarstjórnin hefur komið á fót, fái staðizt og borið þann árangur til heilla landi og lýð, sem vonir okkar og hugsjónir standa til. Við munum hlýða kalli hins nýja tíma, um leið og við segjum við niðurrifsmennina: Hingað og ekki lengra.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Kjarabaráttan verður eilíf. Hún mun eiga sér stað í síbreytilegum myndum, svo lengi sem jörðin er byggð. Þannig hafa framsýnum mönnum farizt orð, og er þá beint og óbeint svarað þeim spurningum, þeim sífelldu spurningum, sem ávallt bryddar á, þegar undirbúningur að framgangi nýrra kjarabóta

er hafinn, spurningum eins og þessum: Hvernig enda þessar víxlhækkanir, og er ekki mögulegt að finna þann sanna grundvöll, sem forðar okkur sem einstaklingum og í heild sem þjóðfélagi frá fórnfrekum átökum við hið eilífa deiluatriði um það, hvað hverjum okkar ber af því, sem til skiptanna á að koma?

Þessar og þvílíkar hugsanir munu nú sem svo oft áður vera ofarlega í hugum manna, sem hugann leiða að þjóðmálum og þeim vanda, sem þar er við að etja. Því er of oft haldið fram, að forustumenn verkalýðsfélaganna einir geti með pólitiskan hefndarhug einan að leiðarljósi att vinnandi fólki til kjarabaráttu. Slíkur þankagangur er hættuleg blekking. Almennt líta hinar vinnandi stéttir kjarabaráttu sína alvarlegum augum, og til hennar þurfa að liggja ákveðnar og skýrar forsendur. Undirstaða allra slíkra átaka hlýtur ávallt að verða sú, að einhvers staðar herðir svo að fólkinu, að það finnur sig knúið til baráttu til leiðréttingar og linunar þeirra þrenginga. Ýmsir forustumenn verkalýðssamtakanna geta svo hins vegar haft lag á því að nota sér slíkt ástand til að koma höggi á pólitískan andstæðing, en það er önnur saga. Reynsla undanfarandi áratuga hefur þó orðið sú, að þar hefur hönd skamma stund orðið höggi fegin og harðast hefur þunginn af því komið á þá, sem sízt skyldi og erfiðast áttu með að bera höggið af sér. Ljósast dæmi þessu til sönnunar er margendurtekin barátta verkalýðssamtakanna fyrir fleiri krónum fyrir hverja unna klukkustund, sem nú er viðurkennt að engan árangur hafi borið til raunhæfra kjarabóta. Þeim kjarabótum, sem birzt hafa í aukinni ytri velmegun fólks almennt er því miður fyrst og fremst náð með lengdum vinnutíma, sem kostur hefur verið á vegna mikillar eftirspurnar vinnuafls. Þetta ástand hefur átt sér stað s. l. tvo áratugi þrátt fyrir ríkisstjórnarþátttöku allra stjórnmálaflokka í landinu og meiri og minni áhrif þeirra á gang þjóðmála.

Með þessar staðreyndir í huga hefur nú verið lögð höfuðáherzla á kröfuna um verðtryggingu launanna, þ. e. vísitöluuppbót á launin. Krafan er eðlilega byggð á þeirri staðreynd, að launahækkanir í krónutölu hafi ekki borið árangur þrátt fyrir óeigingjarna og mjög fórnfreka baráttu. Önnur aðalkrafan, sem ekki er síður mikilvæg, er meiri og betri úrbætur í húsnæðismálum. Þessi krafa er rökstudd með þeim staðreyndum, að þar er nú með örfáum undantekningum um langstærsta útgjaldaliðinn í framfærslukostnaði almennings að ræða. Úrbætur í þessum efnum eru því tvímælalaust raunhæfasta leiðin til kjarabóta, sem hægt væri að þreifa á. Skal nú gerð nánari grein fyrir ástandi þessara mála nú.

Þrátt fyrir þá staðreynd, að húsnæðismálastofnunin hefur á 8 ára starfsferli sínum lánað til hátt á sjöunda þúsund íbúða og árleg lánsfjárgeta stofnunarinnar hefur vaxið úr 40—50 millj. kr. á ári í 110 millj. kr. á s. l. ári, hefur biðröð lánsumsækjenda lengzt vegna stóraukinna byggingarframkvæmda, þannig að hinn 1. apríl s. l. biðu nálega 3000 lánsumsækjendur úrlausnar sinna mála. Með víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags hefur byggingarkostnaður sífellt verið að aukast svo mjög, að þrátt fyrir 50% hækkun hámarkslána í árslok 1961 eða úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr., er þessi opinbera aðstoð ekki orðin nema 25—30% byggingarkostnaðar. Svipaða sögu geta sjálfsagt aðrir aðilar, svo sem lífeyrissjóðir og betur stæðari sparisjóðir, einnig sagt um þróun eftirspurnar og útlánagetu sinnar. Þær nálega 3000 lánsumsóknir, sem úrlausnar bíða, má hiklaust margfalda með tölunni 5 til þess að fá út þá tölu fjölskyldumeðlima, sem hér á beina aðild að. Er þá ótalinn sá fjöldi ættingja og vina hverrar fjölskyldu, sem hefur rúið allt sitt sparifé til hjálpar ungu hjónunum, sem eru að hefja búskap, eða hjónunum, sem eiga of mörg börn, til þess að nokkurt leiguhúsnæði fáist. Í þeim efnum virðist svo sem börn megi ekki nefna.

Hér hefur einvörðungu verið minnzt á erfiðleika þeirra húsbyggjenda, sem enn þá bíða úrlausnar síns lánsfjárvanda, og þeim sleppt, sem ófullnægjandi úrlausn hafa fengið, en eiga þrátt fyrir mikla yfirvinnu í vök að verjast um að halda þeim íbúðum, sem þeir hafa komizt yfir. Er nokkur landsmaður, sem um þessi mál vill hugsa, svo fjarri raunveruleikanum, að hann sjálfur eða einhver nákominn honum hafi ekki kynnzt þeim erfiðleikum, sem við er að etja í þessum efnum? Ég hygg, að þeir séu fáir. En finnist þeir samt sem áður, er brýn nauðsyn til, að sá hinn sami kynni sér þessi vandamál, því að þau eru engum Íslendingi óviðkomandi og þangað má tvímælalaust rekja stóran hluta þess vanda, sem við er að etja í uppeldismálum yngri kynslóðarinnar, og þar af leiðandi skortinn á heilbrigðu fjölskyldulífi, sem til þessa hefur verið talið undirstaðan og alger forsenda fyrir því, að upp vaxi heilbrigðir þjóðfélagsþegnar, — fólk, sem ekki verði af fyrrgreindum ástæðum öfgastefnum eða niðurlægingu hins óreglusama að bráð með tilheyrandi andúð á allri sinni samtíð, — fólk, sem ekki þarf að bugast undan fjármálaáhyggjum vegna íbúðar sinnar eða hlaupast af heimili sínu í sveit og við sjó vegna þrengsla og ófullnægjandi heimilisaðstæðna. Persónulega þekki ég vegna starfs míns svo mikið af hörmungum þeim, sem í kjölfar þessa vanda sigla, að ég teldi mig ganga á snið við staðreyndir, ef ég segði ekki frá þeim við slíkar aðstæður og nú eru, þó að of langt mál yrði að rekja einstök atriði þeirrar harmasögu.

En það verður ekki unnið að lausn húsnæðisskortsins á þann hátt að auglýsa með skrumfyrirsögnum, að allir, sem vilji, geti fengið lán, eins og of mikið bar á um og eftir setningu l. um húsnæðismálastjórn frá 1955. Enn þá stynur húsnæðismálastofnunin undan þeim biðröðum, sem þá urðu til, þótt stundum hafi tekizt að vinna verulega á í þessum efnum, eins og á s. l. ári. Það eru einnig blekkingar og skrum að tala um stórhækkun hámarks íbúðalána, án þess að minnsta tilraun eða till.

sé gerð um úrlausn þeirra, sem enn þá hafa ekkert lán fengið þrátt fyrir langan biðtíma. Nefndarskipun bætir heldur ekki vandann. Slíkar skrum- og blekkingartill. hafa því miður einnig nú borið of hátt í störfum Alþingis og bera vott um lítinn skilning á þessum vanda, á sama tíma sem ófullnægðar lánsumsóknir eru fyrirliggjandi upp á 270—290 millj. kr. Þessi óraunhæfa tillögugerð bætir ekki eða leysir vandamál þessa fólks. Þar þarf annað og meira til. Lýðskrumstill. í þessum efnum geta aðeins leitt til enn meiri erfiðleika og verða að leggjast að jöfnu við tilraunir þeirra einstaklinga, sem vilja nota sér þessa erfiðleika fólksins í auðgunarskyni.

Eðlilegt er, að menn spyrji, hvaða ráð séu til úrbóta í þessum málum. Það er einnig eðlilegt, að verkalýðssamtökin knýi nú á um þær úrbætur, því að meðlimir samtakanna eiga hér mest undir, að vel takist til. Á s. l. hausti fól hæstv. félmrh., Emil Jónsson, sem samkv. starfsskiptingu ríkisstj. er yfirmaður þessara mála, húsnæðismálastjórn að ræða skýrslu hins norska húsbankastjóra, Johanns Hoffmanns, og vandamálið í heild og gera síðan úrbótatill. sínar til ríkisstj. Í byrjun aprílmánaðar s. l. skilaði húsnæðismálastjórn till. sínum um þetta efni eftir ýtarlegar umræður um málið á mörgum fundum. Tillögur þessar hefur ríkisstj. til meðferðar nú, og munu einstakir liðir þeirra eðlilega koma til umræðu í þeim samningaviðræðum, sem nú eiga sér stað við verkalýðsfélögin. Af þeim ástæðum er ekki eðlilegt að ræða einstakar till. efnislega nú. Einstakir liðir þesara till. hafa þó verið opinberaðir með beinum frv.-flutningi ríkisstj., eins og um hækkun skyldusparnaðarins og um ráðstöfunarfé tryggingafélaganna. En eftirfarandi atriði eru þó öllum augljós:

1) Frumverkefnið er aukin fjáröflun og þá fyrst og fremst auknar fastar tekjur stofnunarinnar til þess að fullnægja þeim lánabeiðnum, sem fyrir liggja.

2) Þegar fyrir því fé hefur verið séð, þarf að hækka hámarkslánin og gera um leið strangari kröfur til hóflegrar stærðar á íbúðunum, sem þeirrar aðstoðar njóta.

3) Koma verður á betri verkaskiptingu þeirra aðila, sem í dag lána fé til íbúðabygginga, þ. e. fyrst og fremst húsnæðismálastjórnar og lífeyrissjóðanna, byggingarsjóðs verkamanna og ráðstafana til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, þannig að meira jafnræði íbúðabyggjenda skapist til lántöku.

4) Vegna sérstaks skorts á minni íbúðum, 2 og 3 herbergja, kæmi til greina að verðlauna byggingu þeirra með hærri lánum eða skemmri biðtíma. En þessi stærð íbúða er í dag tiltölulega langdýrust á hinum svonefnda frjálsa markaði, eða 20—30% hærri hver rúmmetri vegna gífurlegs skorts á þeim og þar af leiðandi eftirspurnar. Þetta ástand bitnar því miður fyrst og fremst á unga fólkinu, sem er að hefja búskap og stofna heimili.

5) Í stað þess langa biðtíma og nagandi óvissu um, hvenær að lánveitingu komi, þarf í kjölfar aukinna fastatekna stofnunarinnar að skapa möguleika til útgáfu lánsloforða fyrir fram, sem tryggja útborgun lánsins, þegar viðkomandi hefur komið íbúð sinni eða íbúðarhúsi í tiltekið ástand. Slík fyrirframloforð þyrfti að gefa út í upphafi hvers árs, til þess að byggingartíminn nýtist betur og verði skemmri. En langur byggingartími er í dag veigamikill liður byggingarkostnaðarins.

6) Til þess að stuðla að lækkuðum byggingarkostnaði þyrfti húsnæðismálastofnunin að geta haft til umráða árlega nokkurt fé, sem varið yrði til fyrir fram skipulagðra heildarframkvæmda á stórum byggingarsvæðum.

Þetta eru þau meginatriði, sem ég tel, að þyrftu að koma fram í breyttri tilhögun þessara mála. Þrátt fyrir flokkslega og persónulega aðild mína að þessum málum undanfarin ár, þá hika ég ekki við að viðurkenna það, sem ekki hefur tekizt, því að án þess er lítilla úrbóta að vænta. Hér yrðu fjárútveganirnar að sjálfsögðu afl þeirra hluta, sem gera skal. Óeðlilegt er að ræða nú einstakar leiðir, sem fara þarf til fjáröflunar, meðan þær hugmyndir eru á umræðustigi, jafnvel þótt þær hafi í dag komið hér fram á hv. Alþingi í frv. þeirra Alþb.-manna.

Þess hefur orðið vart, að ummæli hæstv. félmrh. hér á Alþingi á dögunum um lán til lífeyrissjóðsaðila hafi verið mistúlkuð og jafnvel rangtúlkuð. Í útlánareglugerð húsnæðismálastjórnar frá 1957 eða frá stjórnartíð vinstri stjórnarinnar hefur það ákvæði verið óbreytt, að þeir, sem góða lánsmöguleika hafa annars staðar, skuli mæta afgangi við lánveitingarnar. Á þessu ákvæði hefur stundum verið linað og þá helzt, þegar vel hefur gengið með fjárútveganir. Sé miðað við betri verkaskiptingu þeirra aðila, sem lána veðlán til langs tíma, og nánari samvinnu þessara aðila, má auðveldlega gera áætlun um það, hve mörg íbúðalán hver aðili um sig þarf að sjá fyrir af þeim 1500 íbúðum, sem nauðsynlegt er talið að fullgera á ári hverju til ársins 1970, en þá mun þörf þessi enn aukast, mest vegna nýrra heimilisstofnana. Augljóst er, að árleg bein fjárþörf hinna opinberu lánaaðila, þ. e. húsnæðismálastofnunarinnar, byggingarsjóðs verkamanna og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, verður vart undir 300 millj. kr., en fastatekjur þessara aðila eru í dag á milli 60 og 70 millj. kr. Mismunarins á þessum upphæðum er því þörf að afla árlega, eftir að séð hefur verið fyrir þörfum þeirra, sem í dag bíða úrlausnar um löglegar lánsumsóknir. Það væri blekking að halda því fram, að þessa fjár verði aflað í einhverri námu, sem menn hefðu til þessa ekki komið auga á.

Fjáröflun til almannatrygginganna mætti á sínum tíma andstöðu og var jafnvel af einstökum aðilum talin óþörf og skaðvænleg. Í dag telur meginþorri fólks hana sjálfsagða og eðlilega. Þar gildir það félagslega sjónarmið, að þeir, sem starfsorku hafa og eru heilbrigðir, styrki og styðji þá, sem vegna örorku, sjúkdóma eða elli geta ekki séð sér farborða.

Eða hvaða stjórnmálaflokkur vildi í dag gera afnám þeirrar mannréttindalöggjafar, sem almannatryggingarnar eru, að stefnuskráratriði sínu?

Húsnæðisvandamálin eru ekkert einkamál þeirra aðila, sem í dag berjast við að eignast húsnæði eða fá leiguhúsnæði, jafnvel þótt við sjálf höfum með einhverjum ráðum komizt yfir íbúð. Þau eru vandamál þjóðarinnar allrar, og í ljósi þeirrar staðreyndar ber að vinna að lausn vandans.

Þegar um húsnæðismál er rætt, er oft vitnað til þess, hvernig þeim málum sé fyrir komið á Norðurlöndum undir áratuga stjórnarforustu jafnaðarmanna þar. Það er minnt á möguleika fólks til þess að fá opinber lán til íbúðabygginga fyrir allt að 60—90% byggingarkostnaðarins og að lánstíminn sé frá 50—80 ár. Allt eru þetta staðreyndir, sem bera þess ríkan vott, hverjum augum þar er litið á þennan vanda, enda er húsnæðiskostnaður þar aðeins hlutfallslegt brot af því, sem hann er hjá okkur, og kemur þó að sjálfsögðu margt til.

Í krafti hinna hagstæðu lána er á Norðurlöndunum kleift að setja ströng skilyrði fyrir stærð, íburði og byggingarkostnaði íbúðanna. Þar er meðalíbúðin frá 50—75 m², en hjá okkur 100—120 m² og stækkar enn. Og húsnæðismálastjórn sætir jafnvel aðkasti, þegar hún neitar lánum út á íbúðir að stærð 160—200 m². Þar er byggingarkostnaðurinn og ágóði þess, sem byggir og selur, opinbert plagg. Með hlutfallslega lágum opinberum lánum, sem hér eiga sér stað, þegar frá eru dregnir verkamannabústaðir, er erfiðara um vik að setja ströng skilyrði fyrir lánunum, sem þó eru nauðsynleg. Með hækkuðum hámarkslánum batnar að sama skapi aðstaðan til áhrifa á allan gang þessara mála. Norðurlönd eru í þessum efnum sem og mörgum fleiri til fyrirmyndar, enda er þar enginn ágreiningur um, að líta beri á húsnæðismálin sem félagslegt vandamál, sem beri að leysa sem slíkt. Það er alls ekki skoðun mín, að banna eigi með opinberum aðgerðum byggingu stærri íbúða en reglur húsnæðismálastjórnar segja til um. Þeir, sem það geta og vilja, eiga þá að gera það. En opinber lán, sem aflað er með almannafé, á ekki að lána til slíkra íbúða.

Alþfl. hefur allt frá stofnun haft húsnæðismál og úrbætur í þeim á stefnuskrá sinni. Fyrsti árangur flokksins á þeim vettvangi var setning laganna um verkamannabústaði árið 1929. Ástæðan til þess, að flokkurinn hefur lagt áherzlu á þessi mál, er einfaldlega sú, að hann hefur talið og telur enn, að húsnæðismálin séu svo samofin þeirri öryggiskennd, sem mannsæmandi lífskjör eiga að tryggja, að þar verði ekki í sundur skilið. Það álit flokksins og verkalýðshreyfingarinnar stendur óhaggað. Í beinu framhaldi þeirrar staðreyndar hlýtur hár húsnæðiskostnaður að knýja á um hækkuð laun til að mæta kostnaðinum. Lækkun þessa stærsta útgjaldaliðar hverrar fjölskyldu í formi hærri og hagkvæmari lána hlýtur á sama hátt að stuðla að hinni margumtöluðu ró og festu á vinnumarkaðinum, sem allir virðast sammála um, að nauðsynlegt sé að ná, og aldrei er ljósara en nú, að þar yrði vegið að einni verstu og erfiðustu torfæru almennings í baráttunni við að láta laun sín endast fyrir mannsæmandi lífskjörum. Alþfl. mun hér eftir sem hingað til ljá lið hverri raunhæfri og blekkingalausri leið, sem gefst til lausnar þessu erfiða vandamáli.

Ég gat þess í upphafi, að kjarabarátta hljóti á öllum tímum að eiga sér stað. Hvernig þessi barátta er háð hverju sinni, fer hins vegar eftir aðstæðum. Verkalýðshreyfingin á nú sem svo oft áður valið. Verður nú komizt lengra með raunhæfar og áþreifanlegar kjarabætur eftir samningaleiðinni, eða er líklegra til árangurs að fara troðnar slóðir liðinna ára? Þannig spyr maður mann. Reynslan í þessum efnum er ólygnust, og hún blasir hvarvetna við. Er þess vegna ekki rétt og einmitt nú staður og stund til að þrautreyna aðrar leiðir, nýjar leiðir í hagsmunabaráttunni. Alþfl. telur reynslu undanfarinna áratuga sanna, svo að ekki verður um villzt, að leið félagslegra umbóta hefur reynzt íslenzkri alþýðu haldbezt, á sama hátt og skyndiupphlaup, hávaði og ævintýri hafa horfið sem dögg fyrir sólu og ekkert skilið eftir. Alþfl. leggur því hiklaust til, að mannsæmandi lífskjör íslenzkrar alþýðu verði byggð á þeim undirstöðum, sem henni hafa reynzt traustastar, félagslegri samhjálp. Frelsi einstaklingsins ber að virða, en frelsi eins má aldrei og verður ekki þolað til heftingar á frelsi annars og þá helzt lítilmagnans. Barátta fyrir þessari stefnu krefst víðtæks samstarfs allra þeirra afla, sem ekki eru blinduð eiginhagsmunum eða gömlum fordómum og flokksofstæki. Fyrir auknum mannréttindum öllum til handa, en gegn öllum öfgum, munu jafnaðarmenn og íslenzki Alþfl. berjast. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Að réttu lagi samkv. þingsköpum Alþingis eiga eldhúsdagsumræður að fara fram við framhald 1. umr. fjárlaga. Nú er þeim að beiðni stjórnarinnar frestað til síðustu stundar, allt fram að þinglausnum, sem áformað er að fari fram á morgun. Mundi þetta nú svo, ef stjórnarliðinu þætti það fagnaðar- og tilhlökkunarefni að túlka ágæti stefnu sinnar frammi fyrir alþjóð? Ég held tæpast. Enda hafa menn heyrt í þessum umræðum, að það er eins og ráðh. vilji helzt um allt annað tala en pólitík, og sízt af öllu vilja þeir minnast á stjórnarstefnuna, hún er orðin eins og snara í hengds manns húsi. Þetta held ég, að þjóðin muni nú virða við þá. Það er játning, sem fullvel skilst. Það skýrir líka seinkun eldhúsumræðnanna, því að með þessu segir ríkisstj. raunar: „frestur er á illu beztur". Það er ljóst, að við höfum stjórn, sem kvíðir því sjálf, að stefna hennar sé rædd við þjóðina. Þess vegna er ríkisútvarpinu nú lokað fyrir forustumönnum launþegasamtakanna á alþjóðabaráttudegi

verkalýðsins 1. maí. Orð þeirra mega ekki heyrast. Þetta er mikill aumingjaskapur. Venjur eru brotnar, andi stjórnarskrár um óheft skoðanafrelsi er sniðgenginn. Auk þess er þetta óhyggilegt, heimskulegt. Um þetta hitti Skúli bóndi á Ljótunnarstöðum naglann á höfuðið eins og oftar, þegar hann sagði: „Víst mundu orð Hannibals Valdimarssonar og Kristjáns Thorlacius hafa haft mikið áróðursgildi, en vitneskjan um það, að valdamenn þjóðarinnar skuli vera svo ofstækisfullir, skammsýnir, hræddir og heimskir, að þeir þora ekki að gefa pólitískum andstæðingum sínum orðið í útvarpinu í nokkrar mínútur, það hefur þó mörgum sinnum meira áróðursgildi.“

Sama hræðslan og heimskan hefur nú komið í ljós í því, að prófessor Þórhalli Vilmundarsyni var neitað um flutning á snjöllu erindi, þar sem hann túlkaði málstað þjóðar sinnar gagnvart þeirri menningarlegu forsmán, sem dátasjónvarpið á Keflavíkurflugvelli er. Það væri gustukaverk, að þjóðin leysti þessa hræddu og huglausu valdhafa frá ótta sínum.

Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, varði mestum tíma ræðu sinnar til að játa, að ríkisstj. réði ekkert við verðbólguna. Sú játning var nú næsta óþörf, því að þjóðin öll veitt þetta, og slík stjórn á auðvitað að segja af sér.

Hæstv. menntmrh. valdi sér hið góða hlutskipti í gærkvöld. Hann lýsti yfir stuðningi við öll góð mál. Hann kvaðst meira að segja vera hlynntur bændum og vilja þeim vel. Göfugar hugsjónir væru takmarkið æðsta. Framleiðni væri mál málanna, en hækkað kaup væri algert aukaatriði. En ráðherralaun munu þó hafa hækkað um 100% á s. l. ári. En af hverju svona ópólitískur ráðh. á uppgjörs- og eldhúsdegi? Sleppum því, við skulum heldur tala um eitthvað annað.

Hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, kom með skemmtilega sögu um Emil og það, hvernig atvinnuleysistryggingarnar urðu til. Emil sat og tottaði pípu sína og þá kom andinn yfir hann, eins og fjandinn sjálfur: atvinnuleysistryggingar, já, það var lausnin á verkfallinu 1955. En sannleikurinn er sá, að krafan um atvinnuleysistryggingar var margsinnis fram borin og nokkrum sinnum felld og var þess vegna ekki nein uppgötvun herra Emils Jónssonar.

Hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, gerðist annars leiðsögumaður verkalýðshreyfingarinnar og fann þar að mörgu, sumu réttilega. En þeir tala stundum mest um Ólaf konung, sem hvorki hafa heyrt hann né séð. Og ekki er mér kunnugt um margt úr baráttusögu þessa unga manns í íslenzkri verkalýðshreyfingu. Hann fordæmdi verkföll og undraðist það, að ekki hefði orðið hér á landi sami árangur af baráttu verkalýðshreyfingarinnar eins og á Norðurlöndum. Er honum þetta ráðgáta? Veit hann ekki, að á Norðurlöndum styðja flokkar jafnaðarmanna verkalýðsfélögin með ráðum og dáð í baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum, en hér stendur Alþfl. að stjórnarstefnu, sem í öllum aðalatriðum er stríð við almenning og stríð við framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar? Viðreisnin var óframkvæmanleg nema með stuðningi Alþfl., og þegar hann hættir að vera hækja íhaldsins, er hún búin að vera. Og alþýða landsins spyr: Hvenær hættir Alþfl. að leika það hlutverk?

Hv. þm. hafði nafn Jóns Baldvinssonar mjög á vörunum og sagði Alþfl. hafa fylgt hans leið fram á þennan dag. Það hefur flokkurinn því miður ekki gert. Jón Baldvinsson sagði í þingræðu einu sinni: „Ég held, að stefnan eigi ekki að vera sú að ganga lengra í áttina til íhaldsins“, sjá bók Vilhjálms Þ. Gíslasonar, „Mannfundir“, bls. 406. En það er þó einmitt það, sem flokkurinn hefur vissulega gert og þar með yfirgefið leið Jóns Baldvinssonar. Hans nafn eigið þið Alþfl.-leiðtogar því ekki að bera ykkur í munn, meðan þið þjónið undir íhaldið. Einnig mætti Alþýðuflokksfólk vel fá að heyra aðvörunarorð annars sinna gömlu foringja, Haralds Guðmundssonar, er hann mælti 9. jan. s. l., en þau voru á þessa leið: „Þó að þið vinnið með íhaldinu, verðið þið þó vandlega að gæta þess að verða ekki íhaldsmenn sjálfir.“ Já, gætið þess, Alþfl.-leiðtogar, að verða ekki íhaldsmenn sjálfir.

Hv. 7. þm. Reykv. virtist eiga það erindi helzt í útvarpið að tortryggja heilindi verkalýðshreyfingarinnar í samningum við ríkisstj. og hrakyrða mig persónulega í leiðinni. Þetta er sá íhaldsprins, sem hirða á Sjómannafélag Reykjavíkur af Alþfl. og Jóni Sigurðssyni, eins og íhaldsmaður hefur nú hirt Múrarafélag Reykjavíkur af Alþfl.-manninum Eggert G. Þorsteinssyni. Þannig geldur Alþfl. torfalögin fyrir íhaldsþjónustu sína samkv. afborgunarkerfi. Ég held, að ég standi jafnréttur í verkalýðshreyfingunni, þó að þessi hv. þm. sendi mér tóninn, og því tel ég bezta svarið til hans vera það að svara honum engu.

Ég mun nú helga aðalkafla ræðu minnar verðbólguófreskjunni, sem tekið hefur alla stjórnartauma úr greipum hæstv. ríkisstj. Ríkisstjórnin, áróðursmenn hennar og málgögn halda því sífellt fram, að hin óhugnanlega dýrtíðar- og verðbólguþróun hér á landi sé alls ekki stjórnarstefnunni að kenna, heldur verkalýðshreyfingunni. Ef þetta væri nú rétt, væri það raunar viðurkenning þess, að stjórnin hefði alls ekki ráðið við þessi þýðingarmiklu mál, heldur misst þau úr böndunum. Þannig væri hlutur stjórnarinnar þá alls ekki of góður, þó að þessi kenning væri rétt. En þessi kenning er röng með öllu.

Hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, sýndi ljóslega fram á það í gærkvöld, hvernig dýrtíðin er búin til og til hvers það er gert. Stefna stjórnarinnar er gengislækkunarstefna og dýrtíðarstefna. Getur nokkur maður nefnt nokkra ráðstöfun, sem þessi stjórn hafi frá upphafi sinna vega gert til þess að sporna við dýrtíð eða draga úr verðbólgu? Það getur auðvitað enginn. Dýrtíðin óx um 4—5% á ári í tíð vinstri stjórnarinnar, og þótti flestum meira en nóg,

og töluðu þá sumir um hengiflug. En undir viðreisn hefur dýrtíðin ætt áfram um 15% á ári og herðir nú skriðinn allt hvað af tekur, enda spyr nú maður mann, jafnt úr stjórnarherbúðunum sem stjórnarandstæðingar: Hvar endar þetta? Síðan í ársbyrjun 1960 hefur kaup hækkað um 55%. Verðlag vöru og þjónustu hefur á sama tíma hækkað um 84%, og vitað, að það mun hækka enn um 3% í þessum mánuði, en um 8—10 stig fyrir lok þessa árs, þó að engin kauphækkun yrði. Þetta síðasta er niðurstaða stjórnarhagfræðinga, og tökum nú eftir: Í árslok 1963 höfðu þjóðartekjurnar samt vaxið um 107%, miðað við ársbyrjun 1959. Það er tvöfalt meira en kaupið hafði hækkað. Hver getur nú, þegar svona tölur blasa við, haldið því fram, að kaupgjald verkafólks sé ógæfuvaldurinn í dýrtíðarmálunum, að ofstæki verkalýðsforustunnar og kröfufrekja sé að steypa þjóðinni í glötun, að of hátt kaup sé skemmda tönnin í þjóðfélaginu, eins og hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, komst að orði í áramótaboðskap sínum?

Í des. s. l. stóðu sakir þannig, að þá hafði kaup verkamanna aðeins hækkað um 28.2% síðan í okt. 1958, en þjóðartekjurnar hins vegar á sama tíma um 88% á mann. Og þá var það, eins og menn muna, sem ríkisstj. Íslands ætlaði að binda kaup verkafólks með lögum. Ja, þvílík réttlætistilfinning. En þá fór nú líka sem fór. Þeir spiluðu nefnilega rassinn úr buxunum sínum, sprengdu sig á afli einhuga verkalýðshreyfingar og fordæmingu heilbrigðs almenningsálits og létu undan síga í bili. Samkv. gildandi kaupgjaldssamningum frá í desember fær verkamaður, sem vinnur alla virka daga allan ársins hring 8 stundir á dag, 77 þús. kr. í árstekjur. Þetta er kaupið, sem á að vera að steypa fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í glötun. Finnst þér það trúleg saga, hlustandi góður? Og hver kann nú þá list, spyr ég, að framfleyta meðalfjölskyldu á slíkum tekjum? Kannt þú það, hlustandi? Ætli höfundar stjórnarstefnunnar kunni það? Ég hygg ekki. Og svo mikið er víst, að ekki kann ég það. Þetta kaup, sem hér er um samið, er fullum fjórðungi lægra en verkamannakaup í næstu nágrannalöndum okkar. Það er því víst, að þess vegna stöndum við ekki verr að vígi í samkeppni framleiðslu og viðskipta við neina þeirra þjóða. Og ef svo er, þá liggja til þess allt aðrar orsakir. En samt er fullyrt: Of hátt kaup verkafólks er undirrót óðaverðbólgu og dýrtíðar, kaupið verður að lækka, verkalýðshreyfingin hefur knúið fram allt of hátt kaup. — Og þá spyr ég, og ég á heimtingu á svari: Hve mikið er kaupið of hátt? Hvað þarf það að lækka mikið? Hvað teljið þið mátulegt verkamannakaup, miðað við dýrtíðarástandið í dag? Og ég vona, að málsvörum stjórnarstefnunnar verði ekki svarafátt við svo sjálfsögðum spurningum.

Mjög er nú látið í það skína, að ef kaupið hækki ekki, þá skuli verðbólgan verða stöðvuð. Þetta er þó loforð upp í ermina sína, ef ekkert er annað gert. Fullvíst er, að verðbólgan stöðvast ekki, þó að kaup standi óbreytt, þar þarf miklu fleira til að koma. Spyrjum reynsluna, hún er ólygnust. Á tímabilinu frá jan. 1959 til júní 1961 urðu alls engar kauphækkanir hér á landi. En hver var þróunin samt í verðlagsmálunum? Kaupmáttur launa lækkaði fyrst um 5.4% og síðan um 18% eða samtals um rúm 23%. Útilokað er með öllu að kenna hækkun kaupgjalds um þá þróun verðlagsmála, sem varð á þessu tímabili, enda munu engir reyna það. Og því er spurningin: Eigum við að gera slíka tilraun aftur? Þurfum við þess?

Sannleikurinn er sá, að það er hið innihaldslausasta tal, að kaup hinna lægst launuðu valdi allri verðbólgu. Hið réttara er, að í slíku eindæma góðæri til lands og sjávar, sem hér hefur ríkt frá náttúrunnar hendi, er ekki hægt að halda niðri kaupi, nema gróðamyndunin í landinu sé tekin undir fasta stjórn ásamt öllum meiri háttar fjárfestingarframkvæmdum í landinu. Þetta hefur núv. ríkisstj. hlíðrað sér hjá að gera. Á þessu sviði hefur ríkt stjórnleysi og glundroði, eins og á mörgum fleiri sviðum. Gróðamyndunin hefur fengið að flæða óhindrað um alla farvegi efnahagslífsins með auðsöfnun eina að leiðarljósi, án alls tillits til þess, hvað nauðsynlegt væri eða skynsamlegt til frambúðar fyrir þjóðina. Íbúðarhúsabyggingar hafa t. d. algerlega setið á hakanum, sem hefði þó verið heldur skynsamlegra að láta sitja í fyrirrúmi. Peningamönnunum, brjóstabörnum stjórnarinnar, hefur legið mikið á að koma gróða sínum í fasteignir. Verðbólgan hefur rekið á eftir þeim. Þannig urðu þær til, iðnaðar- og kaupsýsluhallirnar, sem þotið hafa upp í Reykjavík seinustu árin. Þannig skapaðist hin margnefnda spenna í efnahagslífinu, og ef það gekk ekki nógu fljótt að koma milljónahöllunum upp, þá var það hégómi einber fyrir þá að yfirborga verkamenn og iðnaðarmenn til þess að koma kaupsýslustórhýsunum sem fyrst í gagnið. Þannig fór vinnuaflið á uppboð í mörgum tilfellum. Nákvæmlega það sama gerðist hjá öðrum gróðamönnum, síldarsaltendum, síldarverksmiðjubyggjendum í Vestmannaeyjum og annars staðar o. s. frv., o. s. frv. Þetta hefur gengið stjórnlaust fyrir sig. Hvers vegna? Af því að ríkisstj. hefur ekki viljað hefta frelsi iðjuhölda, heildsala eða annarra peningafursta. Það eru hennar menn. En hrópað hefur verið: Stöðvum verðbólguna, höldum kaupi verkafólksins í skefjum. — En þar er ekki gripið á kýlinu.

Skilur þú nú, hlustandi góður, af hverju þessi ríkisstjórn stöðvar ekki verðbólguna? Hún vill ekki skerða frelsi gróðamannanna. Hún vanrækir að stjórna gróðamyndununni. Hún forðast að stjórna fjárfestingunni. Hún er verðbólgustjórn og vill vera það. Hún mun aldrei temja verðbólgu- og dýrtíðarófreskjuna ótilneydd.

Það fer ekki á milli mála, að á fyrri hluta þessa árs hefur orðið gífurleg aukning framleiðslutekna og þjóðartekna. Mestu uppgripavertíð í allri þjóðarsögunni lauk í gær. Hér er lagður grunnur að mikilli gróðamyndun. Og hvernig á sá gróði að skiptast? Á verkafólk

engan hlut í þessari aukningu þjóðartekna að fá? Jú, vissulega. Til þess á það fyllsta rétt. En víst er um það, að þessi mikla gróðamyndun mun leiða til verðbólgu, ef engar ráðstafanir eru gerðar til þess að afstýra því. Hvert fer þessi gróði? Hann fer til einstakra atvinnurekenda, hann síast fljótlega út í verzlunina, hann kemur við í bönkum og öðrum peningastofnunum, hann verður verðbólguvaldur. En er nú ekki öllum voða afstýrt, bara ef kaupið er lækkað eða kauphækkanir stöðvaðar? Því fer auðvitað víðs fjarri, að svo sé, því að þá mundi það eitt ske, að enn meiri gróði léki lausum hala. Lækkun eða stöðvun kaupgjalds er því fjarri því að vera allsherjarlækning á vexti verðbólgu og dýrtíðar ein út af fyrir sig.

Ég hef hér sýnt fram á það, að núv. ríkisstj. er sannkölluð verðbólgustjórn. En í vitund þjóðarinnar er hún fyrst og fremst gengislækkunarstjórn. Hún hefur, sem kunnugt er, lækkað gengið tvisvar. En hefur hún þá ekki horfið frá þeirri stefnu? Jú, seinustu mánuðina hefur mjög kveðið við í herbúðum stjórnarinnar, að gengislækkun leysi engan vanda og endurteknar gengislækkanir spilli áliti og virðingu þjóðarinnar út á við, hvað rétt er. Mun ýmsum minnisstætt hróp hæstv. forsrh., Bjarna Benediktssonar, þegar hann sagði: „Gengislækkunarleiknum verður að linna.“ En þrátt fyrir þetta getur enginn annað séð en að gengislækkunarstefnunni sé haldið áfram fyrir fullum seglum. Öll ytri merki viðskiptalífsins benda því miður í sömu átt. T. d. keppast bankar og heildsalar enn ákaft við að borga niður erlendar skuldir. Þá er síður en svo minnkunarmót á byggingaræði stórlaxanna: kaupsýslumannanna, stórútgerðarmannanna, iðjuhöldanna og sjálfra bankanna. Allt bendir þetta til þess, að enn ein gengislækkun sé ekki langt undan. Með tilliti til þess, sem áður hefur verið gert, gæti vel svo farið, að einhvern góðan veðurdag í sumar eða haust yrði tilkynnt í formi brbl.: Gengið er fallið. Seðlabankanum þykir ekki hlýða annað en viðurkenna orðinn hlut. — En vafalaust verður kauphækkun eða einhver slík algerlega fölsk forsenda notuð sem skálkaskjól og talin valda gengisfallinu.

Alþýðusamband Íslands hefur nú átt frumkvæði að því að bjóða ríkisstj. samstarf um að stöðva verðbólguþróunina. Þetta tilboð hefur vakið þjóðarathygli og margir á það minnzt í þessum umr. Niðurlag orðsendingar Alþýðusambands Íslands til ríkisstj. var á þessa leið:

„Verkalýðssamtökin hafa verið í varnarbaráttu síðustu árin og reynt að verja meðlimi sína fyrir áföllum dýrtíðarstefnunnar. Um þessar mundir standa málin þannig, að dagkaup verkamanna hefur hækkað frá febrúarmánuði 1960 að telja um 55%, en á sama tíma hefur vöruverð og þjónusta hækkað um 84%. Verkalýðssamtökin verða því enn að krefjast leiðréttingar á kaupmætti tímakaupsins.

Verkalýðssamtökin eru andvíg dýrtíðarstefnunni. Þau telja, að sívaxandi þjóðartekjur og hækkandi útflutningsverð á afurðum landsins geri mögulegt, að hægt sé að tryggja raunhæfar kjarabætur og stöðva hina óheilbrigðu verðbólguþróun.

Reynslan hefur sýnt, að vandamál efnahagsmálanna verða ekki leyst í stríði við verkafólk í landinu og með sífelldum kauplækkunum. Sú leið hefur verið reynd til þrautar. Hún er ófær. Miðstjórn Alþýðusambandsins á erfitt með að trúa því, að ríkisstj. landsins telji enn óhjákvæmilegt að halda niðri launakjörum verkafólks með slíkri dýrtíðarstefnu, sem hér hefur ríkt. Þess vegna vill hún með grg. þessari snúa sér til ríkisstj. með áskorun um eftirfarandi:

1) Þegar í stað verði teknar upp viðræður milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar um tilraun til stöðvunar verðbólgunnar og um réttlátar og óhjákvæmilegar launa- og kjarabætur.

2) Lögð verði áherzla á að verðtryggja kaupið og ná samkomulagi um örugga og jafna hækkun á kaupmætti launa, svo að unnt verði að gera varanlega samninga, sem tryggi vinnufrið.

3) Reynt verði að ná samkomulagi um framkvæmd á raunverulegri styttingu vinnudagsins án skerðingar heildartekna.

4) Samkomulag verði gert um ýmis réttinda- og hagsmunamál alþýðufólks, vinnuverndarmál og orlofsréttindi, svo og nauðsynlegar ráðstafanir í húsnæðismálum almennings.

Alþýðusambandið býður samstarf um lausn á þeim miklu vandamálum, sem við er að glíma í þessum efnum. Það samstarf verður að byggjast á réttlátri afstöðu til brýnustu hagsmunamála verkalýðsins, er varða launa- og kjaramál, og að frjáls samningsréttur sé virtur. Verkalýðssamtökin vilja vissulega friðsamlega lausn á vandamálunum, en þau hljóta að beita sínu mikla samtakavaldi, ef réttlátir samningar geta ekki fengizt um kjaramálin.“

Þetta var niðurlagið á tilboði Alþýðusambands Íslands til ríkisstj.

Hæstv. ríkisstj. tók þessu tilboði A. S. Í. og samkomulag hefur orðið um tilhögun viðræðna, hver svo sem árangurinn verður. En það vil ég segja á þessari stundu, að við þessar viðræður bind ég miklar vonir. Verkalýðshreyfingin í Reykjavík sameinaðist 1. maí um fram settar kröfur í tilboði A. S. Í. Um þær sagði Jón Sigurðsson í 1. maí-ræðu sinni m. a. þetta: „Þrátt fyrir 15% hækkun launa í des. s. l. er nú svo komið, að kjarabarátta er óumflýjanleg að nýju. Verzlunin hefur nú nýlega fengið það rausnarlega álagningarhækkun, að hún getur vel tekið á sig án bóta, þó að verkafólk fengi nokkra kauphækkun. Sama er að segja um flestan iðnað. Verkalýðssamtökin ætlast til þess, að rætt verði um þetta í fullri alvöru og einlægni með það í huga, að árangur náist til stöðvunar þeirrar óheillaþróunar, sem verið hefur og er í launa- og verðlagsmálum, og að orðið verði við þeim meginkröfum, er verkalýðssamtökin hafa sett fram, þ. e. kauphækkun eða verðlækkanir, aukinn kaupmáttur, verðtrygging launa, stytt-

ing vinnudags, aukið orlof, umbætur í húsnæðismálum.“ Þannig stendur verkalýðshreyfingin sameinuð og samstillt um viðræðurnar við ríkisstj. og kröfur samtakanna. Leiði viðræðurnar við ríkisstj. til myndarlegrar úrlausnar um verðtryggingu kaupsins og hækkun þess í áföngum, um styttingu vinnudagsins, um lagasetningu um lengt orlof, um vinnuvernd og síðast, en ekki síst, um myndarlegt stórátak í húsnæðismálunum, þá mun slíkt að verulegu leyti auðvelda samningana um aðild vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. sjálf launamálin.

En stöðvun verðbólgu og dýrtíðar útheimtir stefnubreytingu og fasta stjórn á fjárfestingu og gróðamyndun í landinu. Stjórnarstefnan verður að miðast við framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar, en ekki við milliliðastarfsemi, það skiptir líka meginmáli sem grundvallaratriði. Það er svo vissulega von verkalýðssamtakanna, að giftusamlega takist um þessar þýðingarmiklu viðræður og samninga og að friður góður verði í landi á 20 ára afmæli hins íslenzka lýðveldis. — Góða nótt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Gylfi Þ. Gíslason sneri sér undan í umr. í gærkvöld að ræða um hina misheppnuðu fortíð stjórnarinnar, hjalaði rómantískt um óorðna hluti og bað bændastéttina í leiðinni afsökunar á sjálfum sér frá í vetur. Hann hefði átt hreinskilnislega að biðja þjóðina fyrirgefningar á verkum stjórnarinnar í heild. Öll var ræða hans með einkennum vondrar samvizku.

Hæstv. landbrh. varaði áðan við fölskum loforðum stjórnarandstæðinga. Til upplýsingar fyrir þá, sem ekki þekkja til, vil ég upplýsa, að þetta er sami ráðh., sem hafði í frammi þau einstöku strákapör á kosningafundi norður á Siglufirði á s. l. ári að lofa, að Strákaveginum yrði lokið í ágústmánuði 1965 í síðasta lagi. Nú játar þessi sami ráðh., að sérfræðilegum undirbúningi fyrir verkið sé hvergi nærri lokið og vonlaust sé, að vegagerðinni verði lokið á tilsettum tíma.

Þorvaldur Garðar ræddi um haftakerfið undir stjórn Framsóknar. Veit þm. virkilega ekki, að alla tíð frá 1939 hefur Sjálfstfl. verið aðili að einhvers konar haftakerfi? Á dögum fjárhagsráðs, þegar höftin og skömmtunin var hvað hörðust, fór ráðh. úr Sjálfstfl. með þau mál innan ríkisstj. og einn af þm. Sjálfstfl. var formaður ráðsins. Yfirleitt má segja, að höft undanfarandi 20 ára hafi meira verið á vegum Sjálfstfl. en Framsfl. Þorvaldur gerðist kátlega valdsmannslegur í niðurlagi ræðu sinnar. Hingað og ekki lengra, niðurrifsmenn í stjórnarandstöðunni, sagði kappinn. Mér finnst það jaðra við drottinssvik hjá Þorvaldi að láta niðurrifsmennina leika svo lengi lausum hala, úr því að hann situr inni með pottþétt úrræði til að stöðva þá.

Fyrir skömmu ræddi ég við einn af þm. brezka Verkamannaflokksins um kosningahorfur í komandi þingkosningum á Bretlandi. Þm. spáði stjórnarflokknum, Íhaldsflokkum, miklum ósigri. Er ég innti eftir ástæðum, nefndi hann m. a. hiklaust, að stjórnin væri búin að missa allt frumkvæði úr höndum sér og stjórnarskútan hrektist stjórnlaust fyrir veðrum og vindi. Mér varð hugsað heim til hæstv. ríkisstj., er orð þessi voru sögð. Mikið hittu þau vel í mark. Þeir, sem fylgjast af áhuga með íslenzkum stjórnmálum, hafa veitt sérstaka athygli þeirri miklu breytingu, sem orðin er á afstöðu stjórnarinnar á valdatímabilinu. Er viðreisnartill. voru lagðar fram í febr. 1960, voru ráðh. fullir sjálfstrausts og boðuðu stefnu sína skýrt og ákveðið. Ríkisstj. ber að stjórna málefnum þjóðarinnar, sögðu þeir. Til þess er hún kjörin af þjóðinni og henni ber að falla eða standa með stefnu sinni. En hæstv. ríkisstj. var stefnu þessari ekki lengi trú. Eftir tæp tvö ár byrjaði undanhaldið, sem ágerzt hefur því meir sem lengra hefur liðið á stjórnartímabilið, og má nú heita, að vandfundið sé það stefnuskráratriði í hinni upphaflegu, miklu viðreisnaráætlun, eins og Morgunblaðið nefndi hana, sem reynt er að standa á. Mig langar til þess að sýna fram á þetta með nokkrum dæmum, því að ég hygg, að margir séu mér sammála um, að ríkisstj. án stefnu sé allsendis ófær um að veita þjóðinni forustu, svo að vel sé.

Í Morgunblaðinu 4. febr. 1960 er meginefni viðreisnartill. rakið, og fylgi ég þeirri uppsetningu hér á eftir. Þar segir í fyrsta lagi:

„Uppbótakerfið átti að afnema og breyta skráningu krónunnar þannig, að útflutningsframleiðslan yrði rekin hallalaust án bóta og styrkja.“

Er þáv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, fylgdi till. þessum úr hlaði, hafði hann m. a. þetta að segja um uppbótakerfið, með leyfi hæstv. forseta: „Uppbótakerfið hlýtur fyrr en varir að færa yfir þjóðina geigvænlegt atvinnuleysi.“ Og í Morgunblaðinu sama dag birtist heilsíðugrein undir yfirskriftinni: „Öngþveiti uppbótakerfisins“, þar sem göllum þess er lýst með sterkustu orðum tungunnar. Og hverjum stóð nær en einmitt þessum aðilum að gera þessa úttekt, því að það var einmitt nýsköpunarstjórnin undir forsæti Ólafs Thors, sem innleiddi þetta fyrirbæri í íslenzku efnahagslífi, er hún samþykkti ríkisábyrgð á öllu fiskverði í landinu? Nú er sú hæstv. ríkisstj., sem hvað harðast hefur fordæmt uppbótakerfið, búin að taka það upp á ný. Þann 30. jan. s. l. fékk hún samþ. frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. Samkv. þeim l. er gert ráð fyrir að veita allt að 200 millj. kr. til stuðnings sjávarútveginum. Þannig var þá hag þess undirstöðuatvinnuvegar komið eftir nær 5 ára þrotlausa viðreisn, metaflabrögð og hækkandi verðlag á sjávarafurðum erlendis.

Í öðru lagi: Tekjuskatt átti að fella niður af almennum launatekjum með því að hækka persónufrádrátt verulega. Nýverið voru samþykktar breytingar á l. um tekju- og eignarskatt og persónufrádráttur aukinn um 30% frá því, sem hann var ákveðinn árið 1960, til að vega upp á móti vaxandi dýrtíð. Á sama

tíma hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 55%. Þegar á þetta er litið, svo og breytingu þá, sem gerð var samtímis á gildandi skattstiga, sést, að hæstv. ríkisstj. er horfin frá því að undanþiggja almennar launatekjur tekjuskatti.

Í þriðja lagi: Gagngera endurskoðun átti að framkvæma á fjármálum ríkisins með það fyrir augum að gera rekstur þess hagkvæmari og ódýrari. Engin slík allsherjar endurskoðun hefur verið framkvæmd, og enginn stjórnarliði heyrist nú lengur tala um, að sparnaður hafi verið framkvæmdur í ríkisrekstrinum. Fjárl., sem hafa meira en þrefaldazt síðan 1958, sýna þetta mætavel.

Í fjórða lagi: Gera átti víðtækar breytingar á skipan innflutnings- og gjaldeyrismála og gefa innflutninginn frjálsan. Breyting sú, sem framkvæmd hefur verið á skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, er nánast formbreyting. Í stað þess, að innflutningsskrifstofan úthlutaði áður innflutningsleyfum, hafa gjaldeyrisbankarnir nú komið á fót sameiginlegri skrifstofu að Laugavegi 77 með fjölmennu starfsliði, sem úthlutar gjaldeyrisleyfum. Nær takmarkalaus heimild til notkunar erlendra vörukaupalána hefur rýmkað um innflutning í bili. Hins vegar er nú aftur með margs kyns peningahöftum verið að þrengja um á þessu sviði.

Í fimmta lagi: Gera átti ráðstafanir til að koma á jafnvægi í peningamálunum innanlands. Það hefur tekizt þannig, að meiri lánsfjárskortur ríkir í landinu en oftast áður og bankarnir eru fjær því nú en nokkru sinni að geta fullnægt eftirspurn eftir lánsfé. Samkv. upplýsingum Fjármálatíðinda uxu spariinnlán og veltiinnlán samtals um 15.8% árið 1958, komust hæst í 26.5% aukningu árið 1961, en hrapaði aftur niður í 13.5% aukningu á s. l. ári. Útlán banka og sparisjóða jukust á árinu 1958 um 19.5%, á árinu 1959 um 18.9%, á árinu 1960 um 7.6%, á árinu 1961 um 8.9%, á árinu 1962 um 12.9% og á árinu 1963 um 14.7%.

Í sjötta lagi: Bannað var að vísitölutryggja laun, svo sem verið hafði, og átti það að fyrirbyggja áframhaldandi kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags. Hins vegar skyldi samtökum launþega og atvinnurekenda frjálst að semja um hækkun grunnkaups án allra afskipta af hálfu ríkisvaldsins. Reynslan hefur sýnt haldleysi þessa banns. Víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds hafa aldrei verið stórfelldari en nú, og nú er svo komið, að fulltrúar hæstv. ríkisstj. eru setztir að samningaborðinu með fulltrúum A. S. Í. til þess m. a. að semja um nýja vísitölutryggingu á kaup. Loforðið um að láta afskiptalausa samninga um kaup og kjör var þannig efnt, að nær strax eftir fyrstu samningsgerðina, frá því að viðreisnarstefnan var birt, þ. e. a. s. í júní 1961, var gengislækkunarvopninu beitt purkunarlaust af hæstv. ríkisstj. og samningurinn þannig að engu gerður.

Í sjöunda lagi: Fullyrt var, að viðreisnarráðstafanir mundu ekki skerða kjör þeirra, sem mestra bóta nytu úr almannatryggingunum, þ. e. aldraðs fólks, öryrkja og fjölskyldna með þrjú börn eða fleiri. Reynslan sýndi þó nálægt 5% hækkun á framfærsluvísitölunni hjá vísitölufjölskyldunni, frá því er ráðstafanirnar voru gerðar og þar til í júní, og var þá búið að taka tillit til hækkaðra bóta frá almannatryggingunum og lækkunar beinna skatta, auk þess sem á það ber að líta, að margir útgjaldaliðir framfærsluvísitölunnar eru vanreiknaðir, svo sem húsaleiga o. fl.

Af þeirri upptalningu, sem ég nú hef rakið, sést, að í sumum veigamestu atriðum er hæstv. ríkisstj. farin að breyta þveröfugt við upphaflega stefnu og að reynslan hefur sýnt fram á haldleysi annarra stefnuskráratriða. Ég hlýt því að spyrja: Hver er stefna hæstv. ríkisstj.? Við hvað heldur hún enn þá af viðreisnartill., og hvaða ný stefnuskráratriði hefur hún tekið upp í stað þeirra, sem hún er fallin frá? Þetta vill þjóðin gjarnan fá að vita. Störf þessa þings eru e. t. v. bezta dæmið um fálmið og stefnuleysið, sem heltekið hefur hæstv. ríkisstj. Ef undan er skilið uppbótafrv. fræga, minnist ég ekki nokkurs stjórnarfrv., sem telja má stefnumarkandi eða snerta þau vandamál, sem nú ber hæst. Nú er svo komið, að hæstv. ríkisstj. virðist hafa gefizt upp við landsstjórnina, ef fylgja á hennar fyrri skilgreiningu á því, hvað sé að stjórna, því að hún hefur neyðzt til þess að setjast að samningaborðinu með Hannibal til þess að semja um vandamálin. Þung hljóta sporin að hafa verið að því borði og óskemmtileg, sjálfstæðismönnunum a. m. k., því að þau voru ekki fá köpuryrðin þeirra, sem féllu í garð ráðh. vinstri stjórnarinnar sálugu forðum fyrir þá óhæfu að ætla að stjórna landinu í samráði og í samstarfi við stéttasamtökin.

En staðreyndir lífsins eru stundum óskemmtilegar. Hrakfarir hæstv. ríkisstj. hljóta að vera öllum sæmilegum mönnum áhyggjuefni, og ekki spáir það góðu um framhaldið, þegar reynt er að koma mistökum eigin gerða yfir á herðar annarra. Eða halda talsmenn stjórnarinnar, að nokkur skyni borinn maður fáist til að trúa því, að stjórnarandstæðingar eigi alla sök á því, hvernig komið er? Er ekki með slíku hjali verið að gera minna úr hæstv. ríkisstj. heldur en jafnvel efni standa til? Sannleikurinn er líka sá, að Framsfl. hefur æ ofan í æ boðizt í stjórnarandstöðu til að ganga til samstarfs við stjórnarflokkana um lausn aðsteðjandi vandamála. Þetta var gert þegar á árinu 1960. Þá gerðum við það að till. okkar, að kosin yrði samstarfsnefnd allra þingflokkanna til þess að gera till. um skipan efnahagsmálanna. Því tilboði var hafnað með hroka. Hið sama gerðum við einnig snemma á þessu þingi, er kaupgjaldsbindingarfrv. var lagt fram. Stjórnarflokkarnir neituðu einnig því tilboði og kusu yfir sig einn smánarlegasta ósigur, er þingsaga síðari ára kann frá að greina, er þeir gáfust upp á málinu við síðustu umr. í síðari deild.

Við framsóknarmenn höfum sett þessi tilboð fram, af því að við vitum, að þjóðin er í vanda,

og af því að við vitum, að þjóðfélag okkar er orðið svo stéttarlega uppbyggt og greinist í svo sterkar samtakafylkingar, að flókin mál eins og efnahagsmálin, sem alla snerta, verða ekki leyst nema með viðtæku og vel undirbúnu samstarfi.

Þær viðræður, sem nú eru byrjaðar á milli fulltrúa launþega og ríkisvaldsins, marka tímamót á valdaferli hæstv. ríkisstj. Allt fram til þessa dags hafa talsmenn hennar nánast hæðzt að öllu sliku. Ég vona, að viðræður þessar leiði til jákvæðrar niðurstöðu og að fulltrúum launþega og atvinnurekenda takist að sannfæra ráðh. um, að sjálfsagt og eðlilegt sé, að samstarf verði tekið upp milli þessara aðila í framtíðinni. En hræddur er ég um, að það reynist ærið verkefni, miðað við fyrri orð og gerðir talsmanna stjórnarliðsins.

Hæstv. ríkisstj. þarf nú á elleftu stundu að *láta sér loks skiljast, að hún er ekki í aðstöðu* til að setja neinum úrslitakosti. Hún þarf að brjóta odd af oflæti sínu og ganga til heilhuga samstarfa, bæði við stjórnarandstöðuna, sem nálega er eins sterk í þinginu og stjórnarliðið sjálft, svo og við samtök launþega og atvinnuveganna. Annað leiðir til ófarnaðar.

Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi orti kvæði um það, sem hann kallaði „vífilengjur, afturhald, ættarhroka og auðvaldstrú hvíta mannsins í sambandi við kynþáttadeilur". Kvæðið nefndi hann „Hversu lengi", og lauk hann því með þessum orðum:

„Hversu lengi lærzt þú hafa
lyklavöld í Paradís?"

Ástæða er einmitt nú við þessar eldhúsdagsumr. að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hversu lengi ætlarðu að látast hafa lyklavöldin, látast hafa lykla, sem þú ýmist aldrei hefur haft eða ert búin að brjóta og týna. — Góða nótt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í orðræðum þeirra alþm., sem ákafast deila á ríkisstj. og störf hennar, hafa fallið orð í þá átt, að létta þurfi ógnarfarg álagnanna. Því er lýst í sterkum litum, hversu ofboðslegar séu álögur hins opinbera, þær taki öllu fram, sem áður er þekkt, þær eigi meginþáttinn í dýrtíð og verðbólgu, séu svo þungbærar, að vart eigi sinn líka í öðrum löndum. Og þegar ríkisstj. leggur fram frv. um það, sem hún kallar skatta- og tollalækkun, þá heitir það á máli stjórnarandstæðinga hækkun á hækkun ofan.

Það er nú sérstakt vandamál, sem þyrfti að taka til gaumgæfilegrar meðferðar, hvort ekki sé unnt að ná samkomulagi milli stjórnmálaflokkanna um skilgreiningu og túlkun á vissum hugtökum. Ég geri ráð fyrir því, að með nokkurri vinnu og velvilja mætti ná samstöðu Sjálfstæðis-, Framsóknar- og Alþýðufl. um hugtakið lýðræði og þau meginatriði, sem í því felast. Við fjórða flokkinn yrði væntanlega erfiðara að ná samstöðu um túlkun á lýðræðinu, því að Marxistar, Leninistar og Stalínistar hafa töluvert aðrar hugmyndir um það en við hinir. En ósköp væri það æskilegt t. d., ef stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar gætu komið sér saman um það, hvað felst í hugtakinu að hækka tolla eða skatta og hvað felst í hugtakinu að lækka tolla og skatta.

Kerlingarnar körpuðu um það fram í rauðan dauðann, hvort grasið á þúfunni væri klippt eða skorið, og fólkið í landinu verður að hlusta á karp íslenzkra stjórnmálamanna um það, hvort tiltekin ráðstöfun í skatta- eða tollamálum þýði hækkun eða lækkun. Til skamms tíma hefur það að vísu verið viðurkennt, að þótt óbreyttir eða lækkaðir skattstigar skiluðu ríkissjóði eða sveitarsjóðum hærri heildarupphæð vegna aukinna tekna manna, héti það ekki skatta- eða útsvarshækkun. Á sama hátt hefur það verið kölluð tollalækkun, þegar hundraðshluti tolla hefur verið lækkaður af vörueiningu, þó að heildarupphæð tollsins í ríkissjóð verði hærri, vegna þess að innflutningur vex. Og það hefur ekki verið talin hækkun á söluskatti, þó að aukin velta í þjóðfélaginu skili með óbreyttri hundraðstölu söluskattsins fleiri krónum í ríkissjóð og sveitarsjóði. Á þessum skilningi byggi ég að sjálfsögðu það, sem ég segi um skatta- og tollamál.

Með flestum þjóðum eru gerð yfirlit um það, hve álögur hins opinbera eru stór hundraðshluti af þjóðarframleiðslunni. Þegar rætt er um álögur hins opinbera í þessu sambandi, þá eru taldir allir beinir og óbeinir skattar til ríkissjóðs og sveitarsjóða, hagnaður af ríkisfyrirtækjum og öll iðgjöld til almannatrygginga. Álögur eða tekjur hins opinbera eru þannig teknar í viðtækari merkingu en við notum að jafnaði til þess að fá réttan samanburð við önnur lönd. Árið 1962 voru tekjur hins opinbera á Íslandi í þessum skilningi tæplega 27% af þjóðarframleiðslunni. Sé borið saman við önnur lönd 5 í grennd við okkur, eru tilsvarandi tölur fyrir sama ár þessar: Danmörk tæp 29%, Bretland 33%, Noregur 36%, Vestur-Þýzkaland rúm 37%, Svíþjóð tæp 40%. Bráðabirgðatölur fyrir Ísland 1963 sýna sama hundraðshluta og 1962, eða tæp 27%. Hundraðshluti Íslands varð þannig árið 1962 lægstur af þessum 7 löndum. Samanburður við aðrar þjóðir talar vissulega sínu máli. Hann sýnir, að álögur hins opinbera á Íslandi eru ekki þyngri en í þessum *nágrannalöndum okk*ar, heldur eru álögurnar hér nokkru lægri hundraðshluti af þjóðarframleiðslunni. Hér ber þó að hafa í huga kostnað þessara þjóða af landvörnum.

Ef athuguð er þróun þessara mála hér heima, lítur myndin þannig út: Tekjur hins opinbera, í öllum tilfellum að frádregnum útflutningsbótum, voru í hundraðshluta af þjóðarframleiðslunni árið 1958 28%, árið 1959 rúm 28%, árið 1960 rúm 31%, árið 1961 tæp 28%, 1962 tæp 27%, 1963 tæp 27%. Af þessu yfirliti sést, að miðað við þennan mælikvarða á opinberar álögur, sem mjög er notaður með mörgum þjóðum, eru álögur hér á landi í heild sinni ekki meiri en fyrir 4—5 árum, heldur minni.

Í tekjuöflun ríkissjóðs vega aðflutningsgjöldin eða tollarnir þyngst. Á 3 árum hafa miklar

endurbætur orðið í tollamálum okkar. Aðflutningsgjöld Íslendinga voru orðin óhafandi af mörgum ástæðum. Gjöldin voru svo margvísleg, prósenturnar svo mismunandi, grunnarnir, sem af var reiknað, svo ólíkir, að ekki var á færi nema fárra sérfræðinga að segja til um, hvaða tollar væru í gildi á Íslandi. Tollarnir voru samanlagt óhóflega háir. Þetta ástand leiddi af sér ólöglegan innflutning á ýmsum vörum, án þess að tollayfirvöld megnuðu að stemma þar stigu við. Nú hafa tollarnir verið gerðir einfaldir, tollskráin samræmd þeirri tollskrá, sem gildir í öllum vestrænum löndum. Hæstu aðflutningsgjöld áður voru á fjórða hundrað prósent af sumum vörum, nú er hámarkið 125%.

Það hefur verið gert yfirlit um áhrif þeirra tollalækkana, sem gerðar voru haustið 1961 og með nýju tollskránni í fyrravor. Niðurstaðan er þessi: Miðað við innflutningsverðmæti 1962 hefðu eldri tollalögin skilað um 206 millj. meira í ríkissjóð en hin nýju tollalög, eða m. ö. o. tollabreytingarnar þýða rúmlega 200 millj. kr. lækkun miðað við árið 1962, en sú upphæð yrði talsvert hærri miðað við árið 1963. Þessi tollalækkun er auðvitað kjarabót fyrir landsmenn, sem nemur þessari sömu upphæð.

En stjórnarandstæðingar eru ekki á því að viðurkenna slíkt, þvert á móti. Þeir segja, að þessar tollabreytingar skipti engu máli fyrir kjör fólksins, og rökin eru þessi: Breytingin verkar ekki á vísitöluna. Þar er komið að þessum þrönga hugsunarhætti, sem menn voru farnir að vona að væri úreltur orðinn, þeim hugsunarhætti, að það eitt skipti máli um lífskjörin, sem hefur áhrif á framfærsluvísitöluna. Þessi skaðlega skoðun hafði þau áhrif árum saman, að efnahagsaðgerðir og fjármálapólitík beindust um of að því, hvernig hægt væri að hagræða vísitölunni. Þeim vörum, sem gengu inn í vísitöluna, var hlíft við álögum, en þeim mun ríflegar smurt á aðrar. Þessu til viðbótar voru svo auknar jafnt og þétt niðurgreiðslur af almannafé á vísitöluvörur. Við þessar aðgerðir rammskekktist verðlagið í landinu, smyglið færðist í aukana, vísitalan varð æ lakari mælikvarði á lífskjörin í landinu.

Vísitala er nauðsynleg í ýmsum samböndum. Hún gefur nokkra, en engan veginn fullkomna mynd af þeim breytingum, sem lífskjör fólksins taka. Nú er talað um að taka upp að nýju svokallaða verðtryggingu kaupgjalds, þ. e. vísitöluviðmiðun kaupsins í einu eða öðru formi. Ef af því verður, er nauðsynlegt að reyna að forðast ýmsa þá annmarka, sem hafa áður loðað við vísitölukerfið. Hið nýja skipulag má t. d. ekki freista um of til að auka niðurgreiðslur, en draga úr möguleikum til tollalækkana á næstu árum. Núv. ríkisstj. hefur ekki hagað störfum sínum eftir hinum þröngu vísitölusjónarmiðum. Hún hefur t. d. óhikað framkvæmt stórfellda tollalækkun, af því að hún taldi það rétt og nauðsynlegt, án tillits til þess, hvort framfærsluvísitalan lækkaði við það eða ekki. Og vissulega eru þetta kjarabætur. Það hefur áhrif á hag fólksins, þegar lækkaður er tollur á tilbúnum fatnaði, skófatnaði, búsáhöldum, landbúnaðartækjum, svo sem dráttarvélum, lömpum, ljósmyndavélum, hljóðfærum, svo að fáein dæmi séu nefnd, sem hreyfa ekki vísitölumælinn, svo að notað sé uppáhaldsorðalag formanns Framsfl. Úr og klukkur koma ekki inn í vísitöluna, en það snertir kjör hverrar einustu fjölskyldu í þessu landi, að tollur af úrum og klukkum var lækkaður úr 207% niður í 57%.

Annar tekjustofn ríkissjóðs er tekjuskatturinn. Á honum varð gerbreyting 1960, breyting, sem svo oft hefur verið rakin, að þess gerist ekki þörf nú. Á þessu þingi var skattalögunum aftur breytt í þá átt, að skattfrjálsar tekjur voru hækkaðar verulega. Sú breyting leiðir til þess, að tekjuskattur skilar væntanlega ríkissjóði í ár um 80 millj. minna en ef skattalögin frá 1960 hefðu gilt óbreytt, m. ö. o. léttir tekjuskattsbyrði landsmanna um 80 millj. í ár. Þegar stjórnarandstæðingar gagnrýna þessa tekjuskattsbreytingu, miða þeir alltaf við skattal. frá 1960 og telja þetta frv., sem nú var samþykkt, ekki eins hagstætt og skattal. frá 1960. En mér er spurn: Hvers vegna miða þeir alltaf við skattal. frá 1960 sem hina einu sönnu fyrirmynd, þótt þeir greiddu flestir atkv. á móti þeim? Hvers vegna bera þeir sig ekki saman við sína sæludaga frá 1958? En fyrst þeir eru svona tregir til að gera þennan samanburð, hef ég gjarnan viljað rétta þeim hjálparhönd. Ef skattalög vinstri stjórnarinnar giltu í dag óbreytt, m. a. með umreikningi sínum samkv. kaupgjaldsvísitölu, og reikna ætti nú út skatt af þeim tekjum, sem menn höfðu á síðasta ári, þá fáum við út þessi dæmi: Einhleypt fólk þyrfti að borga skatt strax af 20 þús. kr. tekjum, í stað þess að byrja nú fyrst þegar komið er yfir 65 þús., og hjón af 30 þús., í staðinn fyrir 91 þús. nú. 5 manna fjölskylda, þ. e. hjón með 3 börn, sem höfðu 130 þús. kr. tekjur í fyrra, mundu í ár greiða í tekjuskatt 7877 kr. samkv. 1. frá 1958, en ekkert eftir nýju tekjuskattsl. Þessir útreikningar og þessi dæmi eru óhrekjandi staðreyndir. En þar sem stjórnarandstæðingar neita staðreyndum og hamra á því, að stjórnin sé að hækka beinu skattana, hef ég gert þeim tilboð á Alþingi. Ég stakk upp á því, að sett yrði í tekjuskattsfrv. ákvæði á þessa leið:

„Nú óskar skattþegn, að tekjuskattur hans sé á lagður samkv. þeim skattal., sem giltu 1958, og skal skattstjóri þá verða við þeim tilmælum."

En af einhverjum ástæðum hafa stjórnarandstæðingar ekki þekkzt þetta góða boð.

Þriðji tekjustofn hins opinbera er söluskattur, sem í smásölu hefur verið 3% frá 1960 til 1. febr. í ár. Þá var bætt við 2½% söluskatti til þess að mæta í bili afleiðingum kauphækkananna í des., en tilheyrir ekki hinni almennu tekju- eða fjáröflun ríkissjóðs. Þessi 3% söluskattur hefur í 4 ár verið stjórnarandstæðingum kærkomið yrkisefni til skáldskapar um það,

hvernig ríkisstj. helli neyzlusköttum yfir fólkið, skapi dýrtíð og magni hana. Við skulum aðeins staldra við og virða fyrir okkur þetta mál. Þessi 3% söluskattur vegur í vísitölunni 3.30 stig. En um leið og þessi söluskattur var á lagður, var afnuminn annar söluskattur frá tíð vinstri stjórnarinnar, sem var 9% skattur á iðnaðarvörum og þjónustu. Væri hann í gildi í dag, næmi hann í vísitölunni 3.58 stigum eða nokkru hærri upphæð en 3% söluskatturinn.

Eitt af mikilvægustu verkefnum í skatta- og fjármálum okkar nú er að bæta siðferðið í skattamálum, tryggja sem réttust framtöl og koma í veg fyrir undandrátt tekna og eigna undan skatti. Til þess að þetta megi takast, tel ég, að þrennt þurfi að fara saman. Í fyrsta lagi sanngjörn skattalög, sem eru í samræmi við réttarvitund fólksins. Í öðru lagi jafnvægi í efnahagsmálum, því að ofþensla og verðbólga eykur jafnan undandrátt og skattsvik. Og í þriðja lagi skattaeftirlit, sem framkvæmt er með festu og réttvísi án öfga og ofsókna. Að því miða nýmæli, sem lögfest voru á Alþingi fyrir fáum dögum.

Þegar stjórnarandstæðingar stagast á því, að fjárl. hafi í krónutölu þrefaldazt síðan 1958, eru slíkar staðhæfingar gersamlega út í bláinn og skortir allan rökrænan grundvöll. 1958 höfðu fjárl. verið klofin í tvennt, og var útflutningssjóður sér á báti með ekki minni fjárfúlgur en ríkissjóðurinn sjálfur. Og þjóðarframleiðslan hefur rúmlega tvöfaldazt á þessu tímabili, aukizt úr 5400 millj. kr. 1958 og í 13700 millj. árið 1963.

Að lokum þessar staðreyndir, sem fyrir liggja: 1) Tekjur hins opinbera á Íslandi eru lægri hundraðshluti af þjóðarframleiðslu en í nálægum löndum. 2) Allar opinberar álögur nú eru lægri hundraðshluti af þjóðarframleiðslu en árið 1958. 3) Tollstigar hafa lækkað í mörgum greinum verulega. 4) Tekjuskatturinn hefur stórlækkað. 5) Útsvarsstigar hafa lækkað, m. a. vegna þess, að sveitarfélögin hafa fengið nýja tekjustofna. 6) 3% söluskatturinn er lægri en annar eldri skattur, sem um leið var felldur úr gildi. 7) Aukin framleiðsla, aukinn útflutningur og innflutningur, aukin velta, auknar þjóðartekjur, bætt lífskjör hafa skilað miklu hærri fjárhæðum til opinberra þarfa en áður var.

Þökk þeim, er hlýddu. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Hannibal Valdimarsson sagði áðan, að ég hefði ekki átt þátt í lausn vinnudeilunnar 1955 með till. um atvinnuleysistryggingasjóðinn, till. um atvinnuleysistryggingar hefði verið borin fram áður og þess vegna ekki ný 1955. Mig skiptir þetta að vísu ekki miklu máli, en bezt er þó að hafa það, sem rétt er. Þegar ég bar fram till. um atvinnuleysistryggingarnar í sáttanefnd og við deiluaðila 1955, hafði enginn orðað þessa till. þar og ekkert verið um hana rætt, en niðurstaðan varð þó sú, að þessi till. réð úrslitum og leysti deiluna.

Umr. í gærkvöld voru að ýmsu leyti athyglisverðar og lærdómsríkar. Ádeiluefni stjórnarandstöðunnar var raunar aðallega eitt: Stjórninni hefur ekki tekizt að stöðva verðbólguna. Og fyrir það var hún dæmd óalandi og óferjandi og raunar óráðandi öllum bjargráðum. Í sama streng tók Hannibal Valdimarsson áðan á sinn venjulega hátt. Það er þó á allra vitorði, að þetta hefur engri íslenzkri ríkisstj. tekizt síðustu áratugina tvo a. m. k. og jafnvel sízt þeim, sem nú gagnrýna þessa þróun mest. Af þessu átti svo að leiða áframhaldandi rýrnun lífskjara og aukna vinnuþrælkun, eins og Geir Gunnarsson komst að orði hér í gærkvöld. Þessum og öðrum álíka öfugmælum verður ekki jafnað til neins betur en móðuharðindatals Framsfl., sem öll þjóðin brosti að góðlátlega. Hvort tveggja skýtur svo langt yfir markið.

Ekki mátti þó leysa verðbólguvandann að dómi Eysteins Jónssonar á kostnað launþeganna og ekki heldur á kostnað framleiðenda. En á hvers kostnað? verður manni þá að spyrja. Sjálfsagt eftir þeirri leið, sem Framsfl. vildi fara við lausn vinnudeilu einnar fyrir rúmu ári. Hún var þannig, að launþeginn fengi það kaup, sem hann krafðist, en atvinnurekandinn greiddi aðeins það, sem hann taldi að atvinnureksturinn gæti borið, en mismunurinn yrði greiddur úr ríkissjóði. Svo einfalt var dæmið í þeirra augum þá og kannske er það enn.

Málflutninginn að öðru leyti má einna gleggst marka af þeirri fullyrðingu Halldórs E. Sigurðssonar, að helmingurinn af tekjum verkamanns, sem vinnur 8 stundir á dag, eða 40 þús. kr., gangi til greiðslu á óbeinum sköttum og tollum í ríkissjóð. Þetta er svo fjarri öllu lagi, að hvert mannsbarn sér, að það fær ekki staðizt.

Það hefur þó ekki verið vefengt, hvorki af stjórnarandstöðuflokkunum né neinum öðrum, að þessari ríkisstj. hafi ýmislegt vel tekizt. Ég skal nefna nokkur dæmi. Henni hefur tekizt að stofna gjaldeyrisvarasjóð, svo gildan, að það nægir til að tryggja viðskipti okkar út á við um nokkurt tímabil, þó að eitthvað óþægilegt beri að höndum, útflutningur okkar dragist saman eða innflutningur vaxi meira en talizt geti eðlilegt. Sparifé landsmanna hefur vaxið meira en nokkru sinni áður. Það var í árslok 1958 1578 millj. kr., en er nú yfir 4300 millj. eða rétt um það bil þrefaldað á röskum 5 árum, og er það vissulega nokkur ábending um afkomu almennings. Verzlunin er að langsamlega mestu leyti frjáls orðin og vöruúrval mikið, skömmtun afnumin og uppbótakerfi einnig að mestu leyti horfið. Jón Skaftason vildi telja, að uppbótakerfið væri enn við lýði, en hann veit þó vel, að hér er aðeins um brot að ræða af því, sem áður var.

En þó að þetta allt sé viðurkennt, er viðkvæðið jafnan hið sama: Það hefur ekki tekizt að stöðva verðbólguna. Hún hefur vaxið þessi stjórnarár meira en nokkru sinni áður og er nú orðin sannkölluð óðaverðbólga. Það þarf að leita langt til þess að finna tilsvarandi hækk-

un framfærslukostnaðar í nokkru landi, sagði Lúðvík Jósefsson í gærkvöld. En hann þarf ekki að fara út fyrir landssteinana til þess að finna hliðstæðu. Það er að vísu rétt, að verðbólgan hefur ískyggilega færzt í aukana. En er þá sú fullyrðing rétt, að þar sé um meiri verðbólguaukningu að ræða en nokkru sinni áður, eins og haldið hefur verið á lofti af stjórnarandstöðinni? Vísitala framleiðslukostnaðar hefur hækkað frá apríl 1959, þegar hún var 100, í 161 stig nú í aprílmánuði s. l., réttum 5 árum síðar. Hefur þetta aldrei komið fyrir áður, eins og haldið hefur verið fram? Í marz 1950 var framfærsluvísitalan einnig 100, eftir að Framsfl. hafði tekið við stjórnartaumunum með Sjálfstfl. upp á sömu stjórnarstefnu og hann hafði nokkrum vikum áður fengið samþykkt vantraust á. 5 árum síðar, í marzmánuði 1955, hafði vísitala framfærslukostnaðar hækkað í 161 stig, nákvæmlega jafnmikið og hún hefur nú hækkað, á nákvæmlega jafnlöngu tímabili. Framsfl. hefur því ekki af miklu að státa í þessu efni. Þeim tókst að hækka framfærslukostnaðinn nákvæmlega jafnmikið og hann hefur hækkað í tíð núv. ríkisstj. og á sama tíma, en án þess að svipaður árangur næðist þá á öðrum sviðum og núv. ríkisstj. hefur náð.

Með þessu er ég engan veginn að halda því fram, að dýrtíðin í landinu hafi ekki vaxið of mikið og allt of mikið síðustu missirin, heldur hinu, að þetta er ekkert nýtt. Nákvæmlega hið sama hefur endurtekið sig á undanförnum árum, hvaða ríkisstj. sem setið hefur að völdum. Enn kom það fyrir á síðasta missiri vinstri stjórnarinnar, að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 27 stig á síðasta hálfa árinu, sem hún sat að völdum, seinni hluta árs 1958, og komu þó ekki öll kurl til grafar, því að um áramótin 1958 og 1959 voru teknar upp stórfelldar niðurgreiðslur, sem gerðu það að verkum, að raunveruleg hækkun vísitölunnar kom þó ekki fram, þannig að Alþb. hefur ekki af neinu að státa í þessu efni frekar en Framsfl.

Hin öra verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað síðustu tvo áratugina, er meinsemd í íslenzku efnahagslífi, sem ekki er hægt að saka einn um frekar en annan. Ef hægt verður að spyrna þar við fótum, sem flestir virðast nú vilja, verður þar að koma til sameiginlegt átak allra flokka og allra aðila, sem hlut eiga að máli. Þess vegna ber að fagna því, að Alþýðusamband Íslands hefur nú boðið ríkisstj. samvinnu um að freista þess að leysa þennan vanda. Einmitt það, Alþýðusambandið, í samvinnu við ríkisstj. hefur möguleika til að ná árangri, sem engan veginn er hægt að ná öðruvísi, og er vonandi, að það takist.

Nokkuð svipað er að segja um byggingarkostnað íbúðarhúsa. Því hefur verið haldið fram, að byggingarkostnaður íbúðarhúsa hafi vaxið hóflaust upp á síðkastið og miklu meira en nokkru sinni áður. Sannleikurinn er hins vegar sá, að vísitala byggingarkostnaðar var í árslok 1958 134 stig, miðað við 100 1. okt. 1955. Þessi byggingarkostnaðarvísitala er í dag eða 1. marz s. l. 209. Hún hefur því hækkað um 75 stig á 5 árum rúmum, eða 56%, sem svarar til rúml. 11% á ári. Hins vegar hækkaði hún um 34% á tímabilinu frá 1. okt. 1955 til 1. okt. 1958, eða á 3 árum, nokkurn veginn um sömu upphæð og þó aðeins hærri á ári. Einnig má segja um þessa hækkun svipað og ég sagði áðan um hækkun framfærsluvísitölunnar. Hækkunin er allt of mikil. En hún er ekkert sérstakt fyrirbrigði í tíð núv. ríkisstj. Hún hefur verið álíka mikil og síður en svo lægri í tíð fyrrv. ríkisstj., vinstri stjórnarinnar. En viðbrögð þessara tveggja ríkisstj. við þessari hækkun byggingarkostnaðar hafa verið mjög mismunandi. Í tíð vinstri stjórnarinnar var með hækkandi byggingarkostnaði lánveiting á íbúð lækkuð úr 100 þús. og niður í 70 þús. kr., en í tíð núv. ríkisstj. hafa lánin verið hækkuð um sama hundraðshluta og byggingarkostnaðurinn hefur vaxið. Ríkisstj. er þó ljóst, að betur má, ef duga skal, og enn þarf að hækka hvort tveggja, bæði hin einstöku lán og heildarlánveitingarnar til íbúðabygginganna, og hafa nú þegar á þessu þingi verið flutt frv. um tekjuöflun í því skyni og fleiri eru í undirbúningi. Á hitt ber aftur að líta, alveg eins og með framfærslukostnaðinn, að stefna ber að lækkun byggingarkostnaðarins, því að hann er orðinn í ýmsum atriðum hóflaus eða hóflítill.

Einn mesti óvinur og bölvaldur íslenzkrar alþýðu undanfarna marga áratugi hefur verið atvinnuleysi, stundum og sums staðar tímabundið, annars staðar varanlegt. Síðustu árin hefur mjög úr atvinnuleysinu dregið, þannig að segja má, að það sé víðast hvar horfið og atvinna meira að segja svo mikil víða og eftirspurn eftir vinnuafli, að þessari eftirspurn hefur ekki verið hægt að fullnægja, jafnvel ekki með löngum vinnudegi. Ég tel engan vafa á, að þessi ánægjulega þróun á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til hinnar gífurlegu aukningar skipastólsins og fiskvinnslustöðvanna í landi, sem átt hefur sér stað hin síðustu ár. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið um þetta frá skipaskoðunarstjóra, hafa verið smíðuð 90 ný fiskiskip fyrir íslenzka veiðiflotann s. l. 5 ár, stærri en 100 smál. Til samanburðar má geta þess, að næstu 3 árin á undan, á tímabili vinstri stjórnarinnar, bættust flotanum 13 skip samtals af þessari stærð, og var því þá á lofti haldið, hversu aukningin þá væri mikil. Til þess að öllu réttlæti sé fullnægt, skal þá tekið fram, að nokkrir af austur-þýzku togurunum eru taldir með síðara tímabilinu, því að þeir voru smíðaðir þá, þó að kaupin væru ákveðin af vinstri stjórninni. En það breytir ekki þeirri staðreynd, að fjölgun stóru veiðiskipanna hefur orðið miklu meiri síðustu 5 árin heldur en í tíð vinstri stjórnarinnar, sem mest hefur þó verið gumað af. M. a. reyndi Lúðvík Jósefsson í gær að eigna vinstri stjórninni þessa aukningu skipastólsins, helzt alla. Brúttórúmlestatala þessara nýju skipa, sem komið hafa til landsins eða verið smíðuð hér síðustu 5 árin, var 18500 lestir samtals, en 4284 lestir

næstu árin á undan. Þessir stóru bátar mynda nú kjarnann í íslenzka veiðiflotanum og hafa dregið að landi gífurlegt magn bæði af síld og öðrum fiski. Minni skipum, undir 100 brúttósmálestum, hefur að vísu fjölgað enn meira að tölunni til, en rúmlestafjöldi þeirra er miklu minni. Allt þetta hefur vissulega orðið til að skapa mikla atvinnu í landi, þar sem aflinn hefur verið lagður upp. Þessi skipakaup öll hafa verið möguleg fyrst og fremst vegna þess, að lánastofnanir sjávarútvegsins hafa verið efldar, bæði með beinum fjárframlögum og stórfelldum lántökum, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. En fleira þarf til. Þegar skipum fjölgar svo ört eins og ég hef nú getið um og þau stækka, þarf að gera mikið átak í hafnarmálunum til þess að skapa öryggi og afgreiðslumöguleika fyrir þau. Enn er þar að vísu mikið ógert, en þó hafa þessar framkvæmdir aukizt stórlega hin síðustu ár. Á árunum 1956—58 var unnið að hafnargerðum fyrir um 30 millj. kr. á ári og þótti gott þá. Síðan hefur þessi upphæð farið stöðugt vaxandi og var árið 1963 100 millj., og svipaða upphæð verður væntanlega unnið fyrir í ár, enda nú ýmsar stórframkvæmdir í smíðum.

Ég hef dregið hér fram þessar staðreyndir til að sýna, hvaða átak hér hefur verið gert til eflingar sjávarútveginum og hvaða árangur það hefur borið í viðleitninni til að útrýma atvinnuleysinu. En árangurinn er vissulega miklu meiri. Með þessari aukningu skipastólsins og hagnýtingu nýrrar veiðitækni, sem útgerðarmenn og sjómenn hafa verið framúrskarandi fljótir og duglegir að tileinka sér, hefur aflamagnið og þ. á m. gjaldeyristekjur þjóðarinnar vaxið svo, að þær hafa aldrei meiri verið, en það er önnur saga, sem ekki skal rakin hér.

Þegar þannig hefur tekizt til um bættar afkomuhorfur hins vinnandi manns vegna aukinnar atvinnu og að því leyti til a. m. k. betri hag, beinist hugurinn eðlilega að hinum, sem vegna slysa, sjúkdóms eða elli geta ekki unnið eða hafa skert vinnuþrek. Hvernig hefur verið séð fyrir þeim? Hvernig hafa þróazt mál almannatrygginganna í tíð núv. ríkisstj., en undir bótagreiðslum almannatrygginganna er afkoma þessa fólks að mjög miklu leyti komin. Það dæmi lítur þannig út: Heildarbótagreiðslur almannatrygginganna árið 1958 voru 243 millj. kr. Bótagreiðslurnar í ár, 1964, munu verða 1045 millj. kr. eða hafa m. ö. o. meira en ferfaldazt á 6 árum. Á sama tíma og vísitala framfærslukostnaðar hefur hækkað um 61%, hafa bótagreiðslur almannatrygginganna hækkað um 329%. Ellilífeyrir hjóna var á fyrsta verðlagssvæði í ársbyrjun 1958 13700 kr. Hann verður í ár 43400 kr., hefur rúmlega þrefaldazt. Öryrki með tvö börn hafði á sama tíma 17300 kr., hann hefur nú 52300 kr. Einnig þar er um þreföldun á bótagreiðslunni að ræða. Einstæð móðir með tvö börn hafði á sama tíma 11600 kr. á ári, en hefur nú 40300 kr., en það nálgast að vera fjórum sinnum hærri upphæð en greidd var 1958. Þessar upphæðir voru greiddar allar á fyrsta verðlagssvæði, en á öðru verðlagssvæði hefur hækkunin orðið enn meiri. Þar var ellilífeyrir hjóna 1958 10300 kr. á ári, en er nú 43400 kr., eins og á fyrsta verðlagssvæði. Bæturnar hafa meira en fjórfaldazt. Öryrki með tvö börn hafði 1958 á öðru verðlagssvæði 13 þús. kr., en hefur nú 52300 kr. Einnig þær bætur hafa fjórfaldazt. Einstæð móðir með tvö börn hafði á öðru verðlagssvæði 1958 8700 kr. á ári, en hefur nú 40300 kr. Bótagreiðslurnar þar hafa nærri fimmfaldazt.

Þessa sögu er óþarft að rekja lengra. Hér hefur orðið gerbreyting á til hins betra í tíð núv. ríkissstj. Þó að segja megi, að æskilegt væri, að þessar bætur gætu verið enn nokkru hærri, hefur þó miðað svo í rétta átt, að bótagreiðslur þessa fólks eru nú alls ósambærilegar við það, sem var fyrir 5—6 árum.

Jón Skaftason spurði um stefnu ríkisstj. Ríkisstj. mun, ef hún fær að ráða, hiklaust fylgja fram sömu stefnu og hingað til, en hún er í meginatriðum þessi: Í fyrsta lagi að tryggja almenningi atvinnuöryggi, í öðru lagi að forða hinum óvinnufæru frá skorti, í þriðja lagi að auka og efla menntun ungmennanna í landinu og í fjórða lagi að veita aukin lán til íbúðarhúsabygginga. Verðbólguþróunin, sem er uggvænleg eins og oft áður, verður ekki skrifuð á reikning ríkisstj. Þar eru mörg samverkandi öfl að verki. Hvort hana tekst að stöðva, er ekki síður undir stjórnarandstöðunni komið heldur en ríkisstj. — Góða nótt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Skammt er síðan útvarpsumr. fóru fram á Alþingi um utanríkismál, og mun ég því vera fáorður um þau mikilvægu mál. Þó er rétt að minna á, að í umr. á dögunum var ríkisstj. beðin um að svara því, hvað gerzt hefði í samningunum við NATO um flotastöð í Hvalfirði. Þessari spurningu var ekki svarað, og engar upplýsingar fengust gefnar. Á þriðja degi þingsins á s. l. hausti lögðum við Alþb.-menn fram till. þess efnis, að enga samninga mætti gera um hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði án samþykkis Alþingis. Þessi till. var raunar undirstrikun á skýrum fyrirmælum stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að enga samninga megi gera um kvaðir á landi, nema samþykki Alþingis komi til. Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir studdu þessa till. eindregið. Það er hins vegar til marks um lýðræðisleg vinnubrögð stjórnarflokkanna, að núna við þingslit, 7 mánuðum síðar, hefur þessi till. ekki einu sinni verið afgreidd til nefndar.

Það er alkunna úr sögu hernámsins á Íslandi, að við nýja landvinninga Bandaríkjamanna hafa leikreglur lýðræðisins verið fótum troðnar, Alþingi hefur verið hunzað og stjórnarskrá lýðveldisins þverbrotin hvað eftir annað. Leynimakk ríkisstj. og furðuleg framkoma gagnvart Alþingi gefur þjóðinni fyllstu ástæðu til þess að vera vel á verði nú á næstunni, ekki sízt eftir að þrír hershöfðingjar NATO

ásamt flotamálaráðh. Bandaríkjanna hafa verið hér í heimsókn með stuttu millibili á aðeins einum mánuði.

Síðan umr. um utanríkismál fóru fram, hefur sjónvarpsáskorun 60-menninganna verið borin upp í tillöguformi á Alþingi. En það er eins um þessa till. Stjórnarflokkarnir misbeita valdi sínu til að klæða málið þögninni. 60 oddvitar þjóðarinnar í félags- og menningarmálum, studdir af hundruðum annarra, sem áður hafa látið skoðun sína í ljós, skora á Alþingi að íhuga, hvílík einokunaráhrif bandarískra sjónvarpið hefur í íslenzkri menningarhelgi. Svar ríkisstj. er hvorki fugl né fiskur. Hún snýr sér undan og neitar að láta ræða málið á Alþingi. Meiri forherðingu og dólgshátt gagnvart menntamönnum þjóðarinnar var varla unnt að sýna.

Lifi frjálst framtak, er boðskapur ríkisstj. Lifi verzlunarfrelsið. Efnahagsstefna ríkisstj. er mótuð af þeirri kenningu, að straumur fjármagnsins eigi að ráða sér sjálfur, gróðavon einstaklinga á að vísa veginn og lögmál peninganna að ráða því, í hvaða atvinnuvegi fjármagnið leitar, hvað er byggt upp og hvað fær að blómstra í þjóðfélaginu. Nú um árabil hefur tilraun verið gerð með þessa stefnu hins óhefta peningavalds í íslenzku efnahagslífi. En þessi stefna hefur beðið skipbrot. Stjórnleysi er ríkjandi og óðaverðbólga meiri en dæmi eru til áður. Lífskjör almennings hafa staðið í stað og rýrnað þó heldur þrátt fyrir einstakt góðæri til lands og sjávar og sjaldgæf aflabrögð. Ef ekki væri almennt mjög langur vinnutími hjá verkafólki, væri neyðarástand ríkjandi á fjölmörgum heimilum.

Stjórnarstefna peningagróðans getur aldrei blessazt á Íslandi. Það er fyrst og fremst samvinna, en ekki innbyrðis átök og samkeppni, sem hér á heima. Íslenzka þjóðfélagið er dvergvaxið í samanburði við önnur ríki, og hér gilda því ekki sömu lögmál. Allir verkamenn á Íslandi eru jafnmargir og hjá stærsta rafmagnsveri Svíþjóðar, ASEA, eða um 40 þús. Fyrirtæki stórþjóðanna steypa sér saman og mynda voldugar peningablakkir. Þess vegna er óhugsandi að berjast á heimsmörkuðum við máttuga auðhringi, nema við stöndum sameinaðir, svo fáir sem við erum, undir skipulagðri heildarstjórn þjóðarbúsins. Áætlunargerð og skipulega uppbyggingu atvinnuveganna er auðvelt að framkvæma, þó að haldið sé sama fyrirkomulagi og áður, með því að blanda saman einkarekstri, samvinnurekstri og ríkisrekstri. En þjóðfélagið verður að starfa eins og lifræn heild, en ekki eins og 10 þús. gerlar, sem éta hver annan í stjórnleysi græðginnar.

Helztu lærimeistarar og kennimenn stjórnarstefnunnar hafa hvað eftir annað á undanförnum árum boðað okkur Íslendingum þann nýja sannleik, að það borgi sig tæpast að halda uppi sjálfstæðu þjóðríki. Þeir segja, að stóru skipin sigli niður litlu kænurnar. Þess vegna vilja þeir, að íslenzkir auðmenn fái tækifæri til að tengjast erlendu fjármagni, og vænta þess jafnframt, að fyrr eða síðar verði Ísland innlimað í stærri heild, Efnahagsbandalag Evrópu. Slíkar kenningar eru í fyllsta samræmi við þá trú, að gróðinn sé eina hreyfiafl þjóðlífsins. Þessir kennimenn ríkisstj. gera sér það ljóst, að í svo örsmáu þjóðfélagi er það fásinna, að hver troði annan niður í innbyrðis efnahagssamkeppni. Þeir vilja því fórna sjálfstæði þjóðarinnar til þess að víkka út markaði og stækka verulega leikvöll fjármagnsins, svo að kostir skipulagsins, hagsýni, verkaskipting og fjöldaframleiðsla, fái notið sín til fulls. Þeir vita sem er, að Ísland er allt of lítill leikvangur fyrir fjármálaspil auðvaldsstefnunnar.

Andspænis þessum mönnum standa þeir Íslendingar, sem hafa ekki látið glepja sig af sjónarmiðum gróðahyggjunnar og vita því, að Ísland þarf engu að fórna af sjálfstæði sínu, ef við aðeins höfum vit og skynsemi til að starfa saman. Reynslan kennir okkur, að allt, sem við höfum bezt gert á þessari öld, hefur verið unnið með sameiginlegu átaki, hvort sem um var að ræða stórframkvæmdir eða félagslegar umbætur.

Um árabil hafa Alþb. og Sósfl. hamrað á nauðsyn þess, að gerð yrði áætlun um heildarstjórn þjóðarbúsins og skipulega eflingu atvinnuveganna. Þessi sjálfsagða krafa hefur mætt skilningi meðal almennings, en algeru skilningsleysi ráðamanna. Svo gerðist það allt í einu fyrir seinustu alþingiskosningar, að hæstv. ríkisstj. tók snöggan fjörkipp og tilkynnti, að nú hefði verið samin þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir næstu 3 árin. Bumbur voru barðar og hin nýju tíðindi boðuð með áfergju þess manns, sem skyndilega er skírður til nýrra trúarbragða. Nú skyldi upp tekin áætlunargerð, alhliða skipulagning. Þegar svo þessi mikla áætlun birtist í 76 síðna bók, kom í ljós, að þar voru aðeins örfáar framkvæmdir nefndar á nafn. Að vísu skorti ekki á hagfræðilegar vangaveltur, skýrslur og talnarunur í löngum bunum, og auðvitað var mikið rætt um hinn stórkostlega framkvæmdahug ríkisstj. En þegar að því kom að nefna, hvað gera skyldi, var spekin uppurin. En hér var þó kominn vísir að áætlun, þótt mjór væri, og margir urðu til þess að fagna þessum boðskap. Meðal þeirra voru Siglfirðingar og Austur-Skagfirðingar, því að í þessari nýju áætlun ríkisstj. var eitt hið fáa, sem nefnt var, að byggður skyldi traustur vetrarvegur og grafin jarðgöng um Stráka til Siglufjarðar. Framkvæmdir skyldu hefjast fljótlega og vegurinn vera fullbúinn til umferðar í ágústmánuði 1965.

Síðan þetta var, er eitt ár liðið. Hvað er nú að frétta af hinni merku framkvæmdaáætlun? Er hún ekki grundvöllur helztu framkvæmda í landinu? Er hún ekki beinagrindin í stjórnarstefnunni? Fáir munu kannast við það. Þessi áætlun virðist týnd með öllu og tröllum gefin. En hvað er þá um Strákaveg, óskadraum Siglfirðinga? Jú, það er af honum að frétta, að ríkisstj. hefur nú viðurkennt, að engin

jarðgöng verði grafin um Stráka í bráð og enginn muni aka veginn til Siglufjarðar í ágústmánuði á næsta ári. Tæknilegur undirbúningur mun alls ekki vera fyrir hendi, og því miður veit enginn, hvar á að grafa gatið gegnum fjallið.

Í meira en áratug hafa Siglfirðingar beðið eftir veginum um Stráka. Á þessum 10 árum hefur aðeins einu sinni verið unnið af einhverjum krafti við þessa vegagerð. Þá var hamazt í nokkra mánuði og grafnir 30 m af 900 m löngum jarðgöngum. Og hvenær skyldi þetta hafa verið? Jú, það var um sumarið 1959, mánuðina fyrir haustkosningar það ár. Og þá var líka slíkur gangur í málunum, að enginn Siglfirðingur, sem gekk að kjörborðinu, gat leyft sér að efast um, að vegurinn yrði fullgerður á næsta kjörtímabili. En þegar búið var að kjósa, var einnig hætt að grafa og framkvæmdir lögðust niður.

Í 4 ár var ekki snert við jarðgöngunum og engar áætlanir uppi. Tíminn líður og loksins kemur aftur að kosningum. Þá er aftur rokið upp til handa og fóta, loforð eru gefin til hægri og vinstri, og þau eru meira að segja prentuð í sjálfa framkvæmdaáætlun ríkisstj. Og enn einu sinni er kosið. Svo er draumurinn búinn. Núna, tæpu ári eftir kosningar kemur loksins í ljós, að tæknilegur undirbúningur hefur verið byggður á sandi. Framkvæmdum er slegið á frest um óákveðinn tíma. Nú er Strákavegsmálið að því leyti skemmra á veg komið en var fyrir 4 árum, að þá vissu allir, hvar grafa skyldi gatið, en nú virðist enginn vita það lengur.

Það dæmi, sem ég hef nefnt, dæmið um Strákaveg, segir söguna alla. Framkvæmdaáætlun ríkisstj. gegndi mikilvægu hlutverki í þeim mikla sjónleik sýndarmennskunnar, sem leikinn var fyrir kosningar á s. l. vori. En um leið og tjaldið var dregið fyrir, var áætlunargerðin fokin út í veður og vind. Flóðbylgja verðbólgunnar skall yfir þjóðina, og síðan hefur stjórnleysið verið það eina varanlega í íslenzkum efnahagsmálum.

En hvað sem segja má um gerviáætlun ríkisstj. frá fyrra ári, stendur hitt þó eftir óhaggað, að íslenzka þjóðin hefur enn þá knýjandi þörf fyrir skipulega eflingu atvinnuvega, framtíðaráætlun og fastmótaða heildarstjórn. Nú er atvinnuleysi og neyðarástand ríkjandi á vestanverðu Norðurlandi. Á öllu svæðinu vestan af Ströndum og norður í Siglufjörð er atvinnulíf lamað að meira eða minna leyti. Fólkið streymir unnvörpum á brott alfarið, og yfir vetrartímann verða menn í stórum hópum að leita sér vinnu fjarri heimilum sínum. Á stöðum eins og Skagaströnd og Hofsósi er meira en annar hver vinnufær heimilisfaðir mánuðum saman í öðrum landshlutum í atvinnuleit, og þeir, sem heima sitja og komast ekki á brott af ýmsum ástæðum, verða að þrauka við litla sem enga atvinnu. Einmitt þannig getur það verið, þegar engin heildarstjórn er á þjóðarbúskapnum. Á sama tíma og atvinnulíf stendur með blóma víðast hvar á landinu og einstakt góðæri ríkir með metafla ár frá ári, er heill landshluti að grotna niður í atvinnuleysi og eymd. Fólkið flýr burt frá verðmætum byggingum og atvinnutækjum, sem kostað hefur milljónir að reisa. Orsök þessa hörmulega ástands er auðvitað sú, að atvinnulíf í þessum landshluta hefur lengi mótazt af síldarvinnslu, enda var það til skamms tíma helzta síldveiðisvæði landsins. En nú hefur síldin brugðizt um árabil. Þar á ofan bætist hin almenna aflatregða fyrir Norðurlandi að undanförnu. Sveitarfélög og einstaklingar hafa ekki haft bolmagn til að standa gegn slíkum andbyr eða laga sig að nýjum aðstæðum, og atvinnulíf hefur lamazt.

Stjórnarstefna, sem einungis miðar gerðir sínar við frelsi fjármagnsins og gróðavon einstaklinga, er miskunnarlaus gagnvart vandamáli sem þessu. Engar sérstakar ráðstafanir eru gerðar, þótt heill landshluti sé að dragast aftur úr í atvinnumálum. Skipulagsleysi í fjárfestingarmálum er allsráðandi, og hér sunnanlands er hrúgað niður ýmsum iðngreinum, sem alveg eins mætti staðsetja á Norðurlandi. Eða hvers vegna er verið að setja hér upp sokkaframleiðslu, súkkulaði- og sælgætisverksmiðjur og alls kyns smáiðnað í landshluta, þar sem alls staðar skortir vinnuafl og útflutningsframleiðslan, fiskiðnaður og útvegur, hrópar á meiri vinnukraft? Það er auðvitað vegna þess, að engum áætlunum er fylgt og skipulagsleysið er aðalsmerki stjórnarstefnunnar.

Þegar gróðavon einstaklinga ræður allri fjárfestingu, er einungis hugsað um líðandi stund og aldrei horft fram í tímann. Það er vissulega óliklegt, að núverandi kreppuástand á Norðurlandi vestra muni vara að eilífu. Síldarleysið er millibilsástand, sem varir ekki í allmörg ár. Síldin kemur og fer og kemur aftur, og eins er um annan fisk. Hið eina, sem enginn veit, er það, hve lengi menn þurfa að bíða. Eitthvert sumarið fyllist Skagafjörðurinn af síld og hin fræga Húnaflóasíld kemur aftur á miðin. Þá er spurningin sú: Verða þessi héruð enn í blóma, eða verður þá kannske allt í rúst, byggðin tæmd og byggingar grotnaðar niður? Verður þessi landshluti þá orðinn fórnarlamb skipulagsleysisins? Ástandið á Norðurlandi vestra er dæmigert sýnishorn um stjórnleysið í fjárfestingarmálum. Aðeins með áætlunargerð og heildarstjórn fjárfestingar má gerbreyta til batnaðar þessu ástandi. Það þyrfti ekki fleiri en 10 lítil iðnfyrirtæki til að draga verulega úr atvinnuleysi á þessum stöðum og tryggja atvinnuástandið til frambúðar. Á hinn bóginn mættu Reykvíkingar gjarnan missa nokkur iðnfyrirtæki, svo að eitthvað losnaði um vinnuafl, sem fiskiðnaðurinn hrópar nú á.

En það er ekki aðeins vinnuafl, sem útgerðin hrópar á. Landbúnaður og útvegur stynja undan háum vöxtum og lánsfjárskorti, meðan því virðast engin takmörk sett, hvað verzlunarstéttin fær að sópa til sín af útlánum bankanna. Það er einn liðurinn í núverandi stjórnleysi, að verzlunin í landinu fær að útna út og blómstra á kostnað framleiðslunnar og út-

flutningsatvinnuveganna. Á sama tíma er mest um það rætt í herbúðum stjórnarflokkanna, að nú þurfi að fækka bændum, og þessi mikla hugsjón er ekki aðeins í nösunum á þeim, heldur má nú hver maður sjá, að verið er að svæla hundruð smábænda af jörðum sínum. Bændur á Íslandi eru nokkuð yfir 5 þús. að tölu. Hins vegar eru kaupsýslumenn í landinu um 4500 og þar af eru 2500 í Reykjavík. Hvarflar það aldrei að hinum sprenglærðu hagfræðingum ríkisstj., að þessi furðulegi ofvöxtur í kaupsýslustéttinni sé nokkur hemill á hagvöxt þjóðarbúsins, eins og það er orðað um bændur? Ekki þarf mikla framsýni til að sjá, að einhvern tíma muni það þykja frumstæð vinnubrögð, að þúsundir manna sitja hver í sínu horni og dunda við að panta inn vörur frá útlöndum óskipulagt og án samráðs hver við annan.

Þjóðfélag, sem þolir ekki búskap smábænda, hefur það frekar efni á að eyða orku og hugviti nokkur þúsund manna í jafneinfaldan hlut og innflutning varnings frá útlöndum? Svari því hver sem vill. Eða hefur þjóðfélagið efni á að halda uppi þreföldu dreifingarkerfi á olíu og benzíni og greiða þremur auðfélögum milliliðagróða, þegar öll félögin þrjú selja sama benzínið á sama staðnum við sama verði?

Tími minn er á þrotum. Ég vil leggja á það áherzlu, að eitt brýnasta verkefnið í íslenzkum stjórnmálum í dag er að breyta stjórnarstefnunni og taka upp markvissa heildarstjórn þjóðarbúsins. Verkalýðshreyfingin hefur áður haft vit fyrir auðmannastétt landsins, þegar hún hafði forustu um tæknilega umbyltingu atvinnulífsins á nýsköpunarárunum. Nú er þörfin mest á skipulagningu atvinnulífsins. Alúmíniumverksmiðja í höndum erlendra auðhringa mun aldrei verða íslenzku atvinnulífi til gæfu. Við þurfum iðnbyltingu í íslenzkum matvælaiðnaði og stórbætta markaðsleit, svo að annað eins hneyksli og með niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði endurtaki sig ekki. Við þurfum skipulagða eflingu atvinnuveganna, gerða að óskum skynseminnar, en ekki að óskum blindrar gróðavonar. — Góða nótt.

Helgi Bergs: Herra forseti. Góðir hlustendur. Landbrh. var að vanda drjúgur hér áðan af frammistöðu sinni, enda er hann fyrsti landbrh., sem stendur í málaferlum við mikinn hluta bændastéttarinnar. Á ferli hans sem raforkuráðh. hefur engin meiri háttar rafvirkjun verið framkvæmd og rafmagnsmálin nú komin í hnút, en í kvöld tilkynnti hann, að hann hefði skipað nefnd í málið, — hann hefði kannske mátt gera það fyrir.

Fjmrh. vildi, að við framsóknarmenn bærum saman skattheimtuna 1958 og nú. Það er sjálfsagt. Þá voru skattar og tollar 15 þús. kr. að meðaltali á 5 manna fjölskyldu og eru 53 þús. kr. nú. Von var, að honum entist illa kortérið til að sýna fram á, að álögur hafi lækkað, og ekki minntist hann á eitt af sparnaðarloforðunum frægu, sem voru þó 59 talsins.

Þau miklu aflabrögð og hagstæðu viðskiptakjör, sem hér hafa verið undanfarin ár og telja má einstæð í íslenzkri atvinnusögu, sköpuðu okkur kjörin tækifæri til þess að bæta hag alls almennings í landinu og efla stórlega atvinnuvegina. En þau tækifæri hafa að mestu verið látin fara hjá garði. Ekki mun okkur áður hafa orðið jafnlítið úr jafnmiklu aflafé. Er þar engu um að kenna nema dæmalausri óstjórn efnahagsmála í tíð núv. ríkisstj.

Það, sem hefur einkennt íslenzkt efnahagslíf undanfarin ár, er dýrtíðarflóðið, sem hefur verið stórfelldara en dæmi eru til áður hér á landi, ef undan er skilið árið 1942, en þá fór Sjálfstfl. einn með stjórn landsins. Þetta kemur raunar ekki á óvart þeim, sem reynt hafa að kryfja til mergjar eðli og tilgang þeirrar stjórnarstefnu, sem upp var tekin árið 1960. Mörgum ríkisstj. hefur áður tekizt illa að ráða við dýrtíðina, en engin önnur en sú, sem nú situr, hefur beinlínis tekið hana í þjónustu stefnu sinnar. Viðreisnin og verðbólgan hafa verið eins og samvaxnir tvíburar, sem nærzt hafa hvor á öðrum. Þó að það í orði kveðnu væri eitt af stefnumálunum, sem viðreisnarstjórnin boðaði af mestu yfirlæti, að nú ætti að stöðva dýrtíðina, þá var það tal í hrópandi mótsögn við það fagnaðarerindi dýrtíðarinnar, sem öll stefna stjórnarinnar byggðist þó á. Grundvallaratriði boðskaparins var sú fullyrðing, að þjóðin lifði um efni fram, að almenningur eyddi meiru en hann aflaði. Þess vegna var það yfirlýstur tilgangur viðreisnarinnar að rýra kaupgetuna. Það skyldi gert með því að tryggja það, að verðlagið hækkaði meir en kaupgjaldið. Í því augnamiði var gengið stórlega lækkað 1960 og miklir söluskattar á lagðir, en samband kaupgjalds og verðlags var rofið. Sumarið 1961 reyndu launþegar að bæta sér brot af þessari kjaraskerðingu með því að semja um hóflega kauphækkun. Sú hækkun varð þó mun minni en verðlagshækkunin hafði verið og stefndi því ekki eftirlætismálefni stjórnarinnar í neinn voða. Eigi að síður lækkaði stjórnin gengið á ný þá um sumarið. Dýrtíðin skyldi hafa verulega vinninginn yfir kaupgjaldshækkanirnar. Þessari stefnu sinni hefur ríkisstj. verið trú frá upphafi til þessa dags, og ef það er þetta, sem stjórnarliðar eiga við, þegar þeir hrópa upp um það, að viðreisnin hafi tekizt, þá hafa þeir oft farið með meira fleipur, því að nú er það komið glögglega í ljós, að eftir 4 ára viðreisn hefur verðlag vöru og þjónustu hækkað um 84%, en almennt kaupgjald um 55%. Þannig hefur stjórnarstefnan alið dýrtíðina.

En dýrtíðin hefur launað stjórninni eldið. Hún hefur tekið að sér fyrir hana óvinsælt hlutverk skattstjórans. Vorið 1960, þegar ríkisstj. hafði lagt á þjóðina mörg hundruð millj. í óbeinum sköttum, lækkaði hún beinu skattana um nokkra milljónatugi. Nú skyldu svokallaðar þurftartekjur vera tekjuskattsfrjálsar. En um leið voru afnumdar þær umreikningsreglur, sem áður höfðu tengt persónufrádrátt

og skattstiga verðlaginu. Þá gat dýrtíðin hafið sitt skattstjórastarf. Áður en við var litið, hafði hún skrúfað venjulegar þurftartekjur upp í háan skattstiga. Svo liðu nokkur ár. Þá gekk fram fjmrh. og sagðist skyldu laga það, sem dýrtíðin hefði úr lagi fært, og svo voru samþykkt á Alþingi lög, sem leiðréttu svolítið brot af þessu, en till. okkar framsóknarmanna um að verðtryggja persónufrádráttinn og leiðrétta skattstigann í réttlátari átt voru felldar. Dýrtíðin á að halda áfram að vera skattstjóri. Vísitala beinna skatta hefur sífellt farið hækkandi undanfarin ár og er nú hærri en nokkru sinni fyrr. En fjmrh. hefur unnið það afrek að afnema fyrst tekjuskatt á þurftartekjum með öllu, lækkað hann síðan tvisvar eftir það með þeim árangri, sem menn munu kynnast, þegar skattar verða á lagðir í sumar.

Það má ekki á milli sjá, hvort hefur verið öðru þarfara, stjórnin dýrtíðinni eða dýrtíðin stjórninni. En víst er um það, að sambúð þeirra hefur verið sannkallað kærleiksheimili.

Ég minnti á það áðan, að verðlag vöru og þjónustu hefur hækkað um 84%, meðan almennt kaupgjald hefur hækkað um 55%. Þetta á sér stað í svo eindæma hagstæðu árferði, að aflafé þjóðarinnar er miklu meira en nokkru sinni fyrr. Það liggur þannig ljóst fyrir, að hlutur launþega og um leið bænda, sem fá kaupgjald sitt í hlutfalli við þá, hefur minnkað stórum í skiptingu aflafjárins.

Sá útgjaldaliður, sem nú hvílir með mestum þunga á þjóðinni og atvinnuvegum hennar, er fjármagnskostnaðurinn, og hann hefur verið ríkisstj. drjúgur til þess að spenna upp dýrtíðina og halda þannig niðri kaupgetu almennings. Ríkisstj. hefur stórhækkað allan stofnkostnað og vexti. Þetta kemur niður á pyngju hvers einasta manns í landinu. Húsnæðiskostnaðurinn hefur stórhækkað, ekki bara í nýbyggingum, heldur lagar öll húsaleiga sig eftir þessum skilyrðum, og kemur þetta að sjálfsögðu harðast niður á unga fólkinu og hefur auk þess stórfelld áhrif á allan framfærslukostnað í landinu. Öll tæki og vélar til framleiðslunnar eru einnig óhæfilega dýr, m. a. vegna þess, að á þau er lagður svo mikill tollur, að ekki nær neinni átt. Í grg. með frv. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn upplýstist, að tollar nemi 41% af innkaupsverði véla, 11% af öllum kostnaði við byggingar og 20% af öllum kostnaði við kísilgúrverksmiðjuna. Þetta var talið einstakt fyrir Ísland og geta ráðið úrslitum um það, hvort slíkt iðjuver verði samkeppnisfært hér á landi. Vissulega væri tímabært fyrir ríkisstj. að gera sér það ljóst, að þessi sjónarmið eiga víðar við en um kísilgúrframleiðslu. Þetta á auðvitað við um alla framleiðslu þjóðarinnar. Af kostnaði við byggingar nema tollar samkv. þessu 11%. Af lítilli meðalíbúð, sem kostar 700 þús. kr. nema tollarnir þá 77 þús. eða rúmlega helmingi alls húsnæðismálastjórnarlánsins, eins og það getur orðið hæst. 41% af innkaupsverði framleiðsluvéla fer í tolla í ríkissjóð. Á þennan feiknalega stofnkostnað leggjast svo háu vextirnir með nær öllum sínum þunga. Afleiðingin verður sú, að síhækkandi hluti afrakstursins af framleiðslunni fer til þess að standa undir fjármagnskostnaðinum og atvinnuvegirnir standa verr að vígi en nokkru sinni fyrr til þess að greiða sómasamleg vinnulaun. En jafnframt nægja tekjur launþeganna sífellt verr til þess að mæta stórauknum framleiðslukostnaði.

Háu vextirnir eru réttlættir með því, að þeir séu nauðsynlegir til þess að fá menn til þess að leggja fé sitt fyrir. En sparifjáreigendur hafa ekki áhuga á háum vöxtum, ef þeir verða til þess eins að spenna upp dýrtíðina. Það, sem þeir vilja, þurfa og eiga rétt á, er öryggi um það, að þeir fái a. m. k. sömu verðmæti út úr sparisjóðsbókunum og þeir lögðu inn á þær. En undanfarin ár hefur dýrtíðin ekki aðeins eytt vöxtunum öllum, heldur einnig drjúgum hluta höfuðstólsins líka. Þetta er ekki hagstætt sparifjáreigendum, enda er nú komið óvefengjanlega í ljós, að þótt sparifé hafi aukizt nokkuð í krónum talið, nægir sparifjárforðinn verr en nokkru sinni fyrr til þess að fullnægja þörfum þjóðarinnar og atvinnuvega hennar. Sú tilkostnaðaraukning, sem leitt hefur af dýrtíðarstefnu ríkisstj.. er svo ferleg, að þrátt fyrir talsverða sparifjáraukningu í krónum á undanförnum árum stendur bankakerfið verr að vígi en nokkru sinni fyrr til þess að gegna hlutverki sínu, og það eina, sem hæstv. ríkisstj. dettur í hug til úrlausnar þessum vanda, eru tilfærslur á peningum innan bankakerfisins, sem lagðar eru til með frv. um Seðlabanka, sem nú liggur fyrir Alþingi. Slíkt er auðvitað engin lausn. Aukin sparifjármyndun ein getur leyst þennan vanda, en til þess þarf nýja stjórnarstefnu, sem endurvekur traust á krónunni og tryggir sparifjáreigendum vörn gegn áföllum áframhaldandi dýrtíðar.

Herra forseti. Það er margt orðið breytt í málflutningi stjórnarliða síðan viðreisnin hóf göngu sína. Þá var fundið upp slagorðið: rétt gengi. Gengi krónunnar átti ávallt að færast til samræmis innlendum tilkostnaði. Illu heilli var haldið við þessa stefnu fram yfir árið 1961 a. m. k., en í haust sem leið höfðu þeir lært nóg til þess, að forsrh. lýsti því yfir, að gengislækkunarleiknum yrði nú að hætta. Það er ekki langt síðan þeir hæddust að því, að útflutningsatvinnuvegunum höfðu um meira en áratugsskeið verið greiddar útflutningsuppbætur, enda töldu þeir þetta fráleita efnahagsráðstöfun, þótt þeir hefðu á sínum tíma átt mestan þátt í að koma henni á sjálfir. En það tal er hljóðnað. 4 árum eftir að viðreisnin var framin, tóku þeir upp útflutningsuppbætur sjálfir að nýju. Vísitölutengsl milli kaupgjalds og verðlags voru eitt af því, sem viðreisnarmenn fordæmdu af hvað mestum hroka, en nú tala þeir allir um vísitölutryggingu kaups sem sjálfsagðan lið í viðleitni til þess að ráða bót á því öngþveiti, sem viðreisnin hefur skapað á vinnumarkaðinum. Af mestri fyrirlitningu töluðu þeir þó um þá yfirlýstu stefnu stjórnar

Hermanns Jónassonar á sínum tíma að hafa samstarf við launþegasamtökin um stjórn efnahagsmála. Það eru hljóðir og hógværir menn, sem um þessar mundir eru setztir á rökstóla með verkalýðssamtökunum til þess að reyna að finna einhvern botn í viðreisnarvitleysuna, þannig að dýrtíðarófreskjan verði nú hamin og launþegar geti notið bættra kjara, og er það vitið meira. Menn gera sér nú vonir um, að atvinnurekendum og verkalýð hafi tekizt að sveigja ríkisstj. til skynsamlegri vinnubragða en áður. Nú vona allir menn, að hér sé ekki bara á ferðinni sú sýndarmennska, sem einkennt hefur öll störf ríkisstj. um skeið, heldur raunveruleg hugarfarsbreyting, sem nægi til þess að firra þjóðina vandræðum af nýjum og stórfelldum kjaradeilum. Stjórnin á vissulega ýmissa kosta völ í því skyni. Þó er það einkum með tvennum hætti, sem hún getur tryggt verkafólki kjarabætur. Hún getur létt af atvinnuvegunum þeim stórkostlega fjármagnskostnaði og öðrum álögum, sem taka til sín allt of stóran hlut af afrakstri framleiðsluatvinnuveganna, svo að meira geti farið til kaupgreiðslna, og hún getur líka aukið kaupgetu launþeganna með því að lækka þá óhóflegu neyzluskatta og aðrar álögur, sem spenna upp framfærslukostnaðinn í landinu. Og að báðum þessum leiðum getur hún einnig stuðlað að hagstæðari verðlagsþróun.

Æ fleiri gera sér það nú ljóst, að það verður að taka upp nýja stefnu í efnahagsmálum, sem stöðvi dýrtíðarflóðið, og sú stefna hlýtur að koma. Hver dagur sem það dregst er þjóðinni dýr. Sú nýja stefna hlýtur að byggjast á þeim grundvallaratriðum, sem framsóknarmenn hafa barizt ósleitilega fyrir undanfarin ár: lækkuðum fjármagnskostnaði og álögum, verðtryggingu sparifjár og kaupgjalds. Með slíkum aðferðum einum er kleift, eins og nú standa sakir, að skapa á ný eðlilegt ástand í efnahagsmálum landsins og skapa grundvöll fyrir traustari og varanlegri uppbyggingu atvinnuveganna og bættum hag allra. Það er auðséð, að ríkisstj. hefur eitthvað lært á óförum sínum undanfarin ár. Námið hefur að vísu sótzt seint og verið þjóðinni dýrt, og hótanir þær, sem uppi hafa verið um ný þvingunarlög, bera þess ekki vott, að hún hafi lært nóg, en nú gengur hún til síns prófs. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eitt er víst, að ekki eru það vígglaðir menn, eins og það hét að fornu, sem beitt hafa stjórnarliðið spjótalögum í þessari orrahríð þinglokanna. Það er eins og einhver leiði, allt að því þreyta, hvíli yfir allri sókninni á hendur stjórnarliðinu. Það er þessi sami neikvæði nöldurtónn, sem suðað hefur í þingsölunum allt frá því í haust. Hann hefur reyndar verið eins og dauft og dvínandi bergmál af slagorðum og stóryrðum kosningabaráttunnar í fyrra.

Sagt er, að í ríkisstj. séu vondir menn, sem beinlínis vinni að því af ásettu ráði að auka dýrtíðina í landinu, svo að alþýða manna eigi erfiðara með að framfleyta lífinu, en braskararnir fái að græða meir, atvinnuvegunum sé gert sífellt örðugra um vik, herfjötrar séu lagðir á framfaraþrá unga fólksins og bændur allt að því kúgaðir. Loks er sagt, að alltaf sé verið að leita bragða til þess að ofurselja erlendum auðkýfingum auðlindir landsins, landhelgina og fiskimiðin. Ég veit, að hlustendum hefur ekki komið þessi sónn stjórnarandstöðunnar á óvart, en eggjar slíkra vopna eru löngu bitlausar, enda deigar frá upphafi. Ég hygg, að langmesta alvöruefni flestra nú sé hin hættulega þróun verðbólgu og jafnvægisleysis, sem verið hefur að búa um sig í þjóðlífinu frá miðju s. l. ári. Menn skilja, að slík þróun stefnir viðreisn undanfarinna ára í voða. Og er það ekki rétt skilið, að allur þorri manna, hvar í stétt sem þeir standa, segi nú: Hingað og ekki lengra?

Um þetta alvörumál vildi ég aðeins mega viðhafa eftirfarandi orð: „Það liggur nú nokkuð ljóst fyrir, hvaða áhrif kauphækkanir í haust hafa haft á innanlandsverðlagið og þar með á verðvísitöluna. Var hlutaðeigandi þetta öllum fullljóst þá þegar. Það er því næsta kátlegt, þegar þeir aðilar, sem þá öldu reistu, þykjast nú reka upp stór augu og undrast verðhækkanir innanlands, sem þó voru hverju mannsbarni fyrirsjáanlegar strax í haust og rækilega sagðar fyrir, svo rækilega, að tæpast mun hafa farið fram hjá nokkrum þeim, sem kominn er til vits og ára. Afleiðingar þess, sem skeði á s. l. hausti, speglast alls staðar í efnahagslífinu."

Nú vil ég segja hv. þm., að þessi stutta lýsing á ástandinu er ekki mín orð, heldur eru þetta orð hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, formanns Framsfl. Þau voru viðhöfð í fjárlagaræðu hans, meðan hann var fjmrh., 17. okt. 1955, og eiga að lýsa hliðstæðri þróun eftir hinar miklu kauphækkanir og vinnufriðinn vorið 1955. Ég hef aðeins breytt einu orði, þ. e. vor í haust, annars engin efnisbreyting. Og Eysteinn Jónsson sagði meira af þessu tagi, meðan hann var fjmrh. Ég vitna aftur í ræðu hans haustið 1955. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar efnahags- og atvinnulífið einkennist af miklum athöfnum, fullri atvinnu fyrir alla og jafnvel skorti á vinnuafli, þá er víst vonlítið, að jafnvægi eða frelsi haldist eða mögulegt sé að komast hjá stórfelldum höftum í mörgum greinum, ef ekki eru beinlínis gerðar ráðstafanir til þess að vega á móti ofþenslunni með því að draga úr útlánum að tiltölu við innlán eða með öðrum hliðstæðum ráðstöfunum af hendi bankanna, eða með því að hafa stórfelldan greiðsluafgang hjá ríkinu með nýjum álögum, ef með þyrfti, — greiðsluafgang, sem lagður væri til hliðar sem aukinn sparnaður, en ekki notaður fyrr en aftur vottaði fyrir samdrætti í efnahags- og atvinnulífinu." — Það kvað við annan tón hjá Eysteini í gærkvöld. Og enn segir þar: „Það eru grundvallarskilyrði frelsis í viðskiptum og framkvæmdum, að

ríkisvaldið telji sér jafnskylt að koma í veg fyrir ofþenslu í efnahagskerfinu og hitt, að fyrirbyggja kyrrstöðu og atvinnuleysi.“

Já, allt þetta sagði Eysteinn þá og allt í fullkominni andstöðu við það, sem nú er sagt.

Ég verð í hreinskilni að játa, þegar við hugleiðum svona pólitíska hlaupabólu eða rauða hunda, sem væri kannske réttara að kalla þetta pólitíska hughvarf, að það er eiginlega mesta synd, að þessi sami maður, formaður Framsfl., skuli ekki hafa fengið að vera ráðh. áfram. Það er sorglegt að sjá, hversu snögglega hefur haustað hjá honum í stjórnarandstöðunni.

Ég hef heyrt sagt, að mönnum finnist ríkisstj. of lin. Er þá við það átt, að menn óski fastari og harðari taka í kaupgjalds- og kjaramálum. Rétt er að minnast þess, að á þeim viðkvæma vettvangi í okkar litla þjóðfélagi er hægara að beita stórum orðum en standa við þau. Ég get fallizt á, að stjórnarfarið einkennist ekki af hörku. En því vík ég að þessu, að sumir blanda því saman við athafna- og aðgerðaleysi. En um það verður ríkisstj. tæpast sökuð, að því er ég hygg. Hún hefur staðið og stendur í margháttuðum stórræðum, eins og ljóst hefur fram komið í ræðum einstakra ráðh. og þm. stjórnarliðsins, og mjög stór verkefni og margháttuð bíða fram undan. Löggjöf þessa þings vitnar um þetta. Samþykktir hafa verið margþættir lagabálkar, sem móta munu framþróun næstu ára. Með setningu nýrra vegalaga og stórauknu fé til vegaframkvæmda í landinu hafa verið mörkuð þáttaskil á þessu sviði. Samþykktir voru miklir lagabálkar um ferðamál, skipulagsmál og loftferðir. Sett hafa verið lög um að breyta lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, en áður samþykkt hliðstæð lög varðandi landbúnað og sjávarútveg og stofnlánalöggjöf atvinnuveganna margvíslega endurbætt eða til endurskoðunar. Þannig er nú samþykkt þáltill. flutt af Sverri Júlíussyni um, að skipuð skuli fimm manna nefnd til þess að vinna að athugun á sem hagkvæmastri skipan á og aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins. Er hér brýnt verkefni til úrlausnar. Við þann merka sigur, sem unnizt hefur í landhelgismálinu, hefur verið haft vakandi auga með nauðsyn þess að efla íslenzku landhelgisgæzluna. Það hafa undanfarið verið rannsökuð og undirbúin kaup á nýju, fullkomnu varðskipi á borð við Óðin, sem kostaði um 65 millj. kr., þegar hann var keyptur 1960. Hin eldri skip hafa gengið úr sér eða fullnægja ekki þeim kröfum, sem gera þarf. Keypt var gæzluflugvélin Sif fyrir 2 árum, Skymastervél, sem fékkst með kostakjörum í Portúgal, kostaði aðeins 5½ millj. kr., en hefur gefið mjög góða raun. Áfengisvandamálið hefur verið til meðferðar, sett ný lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, afgreidd verður frá þessu þingi þáltill. frá Magnúsi Jónssyni um kosningu fimm manna þm.-nefndar til þess að vinna frekar að lausn þessa vandamáls fyrir næsta þing. Frv. um vandamál æskunnar í þessu sambandi hefur verið til meðferðar, en ekki afgreitt nú vegna nokkuð mismunandi viðhorfa, sem rétt þótti að hugleiða nánar fyrir næsta þing. Dómsmrn. hefur haft samvinnu við Landssambandið gegn áfengisbölinu í landinu um ráðstefnu, sem haldin var til umr. og athugana á vandanum, og verður þeirri samvinnu af hálfu rn. haldið áfram. Á sviði heilbrigðismála hefur verið samþykkt ný sjúkrahúsalöggjöf, sem felur í sér mjög miklar umbætur á sviði þeirra mála, og ég hygg, að ekki hafi áður á Alþingi verið veitt viðlika mikið fé til þessara mála og nú. Fram undan bíða gífurlega erfið viðfangsefni á þessu sviði, sem ég hef áður gert hinu háa Alþingi grein fyrir. Samþykkt voru ný og fullkomnari lög um Ljósmæðraskóla Íslands. Samþykkt hafa verið lög um að reisa kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Verður nú hafizt handa um framkvæmd þess máls. Þótt ægir sé stórgjöfull, þegar bezt lætur, þekkjum við líka aflabrestinn. Um þetta vitnar nú síðast því miður ráðstefna Norðlendinga, sem haldin var um síðustu helgi til að ræða þann vanda, sem skapazt hefur vegna aflabrests undanfarinna ára í verstöðvunum norðanlands. Ég hef í dag ákveðið nefndarskipun samkv. nýlega samþykktri þál., sem flutt var af þeim Birni Pálssyni, séra Gunnari Gíslasyni og Benedikt Gröndal, til þess að athuga, hvað hægt sé að gera til þess að auka iðnað í þeim kauptúnum og kaupstöðum, þar sem ónóg er atvinna.

Jafnframt því sem leggja ber kapp á að gernýta hina gömlu undirstöðuatvinnuvegi, sjávarútveg og landbúnað, er skylt að huga að nýjum leiðum til öryggis komandi kynslóða ört vaxandi þjóðar, sem verður orðin nær 400 þús. manna um næstu aldamót. Margt kemur til álita: Að efla og stækka iðnaðinn í landinu almennt. Að koma upp nýjum iðngreinum, að koma t. d. upp stórvirkum veiðarfæragerðum þessarar fiskimannaþjóðar, ekki aðeins fyrir okkur sjálfa, heldur líka til útflutnings. Að hefja í stórum stíl stálskipasmíði, kaupa ekki alltaf af öðrum, þegar vitað og sannað er, að við getum sjálfir bjargað okkur. Þetta þing hefur samþykkt till. um aukna innlenda bátasmíði og viðgerðarþjónustu frá Matthíasi Bjarnasyni. Uppi eru ráðagerðir um að reisa hér olíuhreinsunarstöð, stórfyrirtæki í formi almenningshlutafélags, sem jafnframt gæti orðið grundvöllur aukins efnaiðnaðar á fleiri sviðum. Þá hefur, eins og kunnugt er, verið rætt um stóriðju á grundvelli stórvirkjana í fallvötnum landsins, og hafa þau mál verið rannsökuð og undirbúin á undanförnum árum og þinginu gerð nokkur grein fyrir því.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Það eru því ærin verkefni fram undan. Mörg þeirra eru svo stórvaxin, að þar verður að koma til alhliða samstarf Alþingis, ríkisstj. og sveitarfélaga. Á öðrum sviðum verður einkaframtakið, áræði og bjartsýni athafnamanna og uppvaxandi kynslóðar brautryðjandinn. Um framvindu alls þessa veltur mest á því, að við kunnum sjálfir fótum okkar forráð, en kippum ekki stoðum undan glæstri framtíð, sem við blasir, í hjaðningavígum skammsýnnar, pólitískrar baráttu og

sundurlyndis. Á það reynir nú e. t. v. í ríkari mæli en áður um langan aldur. Við getum, ef við viljum, „reist í verki viljans merki, vilji er allt sem þarf". — Góða nótt.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er staðreynd, að vinstri stjórnin skildi við atvinnu- og efnahagslífið í kaldakoli. Enginn fiskibátur hefði komizt á flot í vertíðarbyrjun 1959, ef vinstri stjórnin hefði ekki farið frá. Íslenzka krónan var fallin og hvergi skráð í bönkum erlendis. Verulegur hluti gjaldeyristeknanna var seldur á svörtum markaði.

Viðreisnarstjórnin setti sér í upphafi tvö meginmarkmið: Annars vegar að stöðva skuldasöfnun út á við og hefja gjaldmiðil þjóðarinnar úr niðurlægingunni. Um það getur varla verið deilt, að þetta hefur tekizt. Nú er íslenzka krónan skráð og seljanleg í bönkum erlendis, og gjaldeyrisvarasjóðurinn er kominn í 1400 millj. kr. Niðurlægingu gjaldmiðils þjóðarinnar út á við er lokið. Hitt höfuðmarkmiðið var að koma á efnahagsjafnvægi inn á við, svo að unnt yrði á nýjan leik að hefja heilbrigða uppbyggingu atvinnulífsins, auka framleiðni og treysta grundvöllinn undir raunhæfar kjarabætur. Um þennan þátt viðreisnarinnar hafa stjórnmálaátökin á yfirborðinu fyrst og fremst staðið.

Stefna stjórnarandstöðunnar hefur verið mjög ísmeygileg verðbólgustefna, byggð á ábyrgðarlausum yfirboðum, en stefna ríkisstj. að hamla við verðbólguþróun, og hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar í því efni, sem sumar hverjar hafa að vonum ekki verið vinsælar, ef ekki er horft lengra fram en til líðandi stundar. Stjórnarandstöðunni var það mikill þyrnir í augum, að viðreisnin skyldi takast svo vel þegar í upphafi. Hrakspárnar um samdrátt og atvinnuleysi reyndust hugarórar eða áróður einn. Gjaldeyrisjafnvægið við útlönd náðist á skömmum tíma. Verðlag var á tímabili orðið stöðugt. Uppbygging atvinnuveganna var í fullum gangi, bátaflotinn aukinn og efldur, unninn sigur í landhelgisdeilunni, fiskiðjuver voru aukin og endurbætt, nýjar síldarverksmiðjur byggðar víða um land, stórátök í hafnabyggingum. Stálskipasmíði var hafin innanlands. Viðhald togara og stærri skipa færðist meira og meira inn í landið, og iðnaður efldist. Stofnlánasjóðir allra þriggja höfuðatvinnuveganna voru auknir og efldir, sumpart reistir úr rúst eftir viðskilnað stjórnarandstöðunnar. Grundvöllur var lagður að aukinni framleiðni og bættum lífskjörum, ef aðeins tækist að halda verðbólgunni í skefjum.

Það var þessi framvinda, sem var stjórnarandstöðunni þyrnir í augum. Stjórnmálaframi þeirra var í veði, ef ekki tækist að koma í veg fyrir aukinn kaupmátt launa og bætt lífskjör. Þeir þekktu það af eigin raun frá vinstristjórnarárunum, að verðbólgan var vænlegasta ráðið. Of miklar og of tíðar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags mundu koma í veg fyrir raunhæfar kjarabætur og að lokum ógna gjaldeyrisjafnvæginu út á við, stöðva útflutningsframleiðsluna og koma öllu í sama farið og þá er þeir skildu við 1958. Þó að enn hafi ekki tekizt að leika þennan leik til enda, er augljóst, að markmiðið var að jafna ójafnan leik við núverandi stjórnarflokka. Allt er þetta mannlegt og skiljanlegt, en varla getur það talizt heiðarlegt af þessum flokkum að nota kjörfylgi bænda og láglaunastétta til þess að blása lofti að glæðum verðbólgunnar, þeirrar vofu, sem um 20 ára skeið hefur hamlað almennum kjarabótum, en í þess stað hefur malað skuldakóngum og spekúlöntum gull.

Stefna stjórnarandstöðunnar hefur verið rakin verðbólgustefna. Þeir hafa stutt allar kröfur um kauphækkanir, hversu háar sem þær voru og hvaðan sem þær komu. Þeir hafa yfirleitt stutt alla kröfugerð, hvaðan sem hún hefur komið, jafnt frá atvinnurekendum sem öðrum, þ. á m. kröfugerð um hækkun álagningar. Það væri í sjálfu sér ekkert athugavert við það, *þótt núverandi stjórnarflokkar og* stjórnarandstöðuflokkar hefðu mismunandi skoðanir á því, hvaða efnahagsráðstafanir eru verðbólguaukandi og hverjar ekki, ef þeir bara héldu þeim skoðunum, meðan þeir eru sannfærðir um, að þær séu réttar, og héldu því sama fram, hvort heldur þeir eru í ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu. Þjóðin gæti þá óblekkt valið á milli þeirra skoðana og reynslunnar af þeim. En þeim skoðanamismun var ekki til að dreifa. Allir stjórnmálamenn þekkja í meginatriðum þau orsakasambönd, sem valda verðbólgu, en kjarni málsins er sá, að núverandi stjórnarandstaða leyfir sér í augsýn og áheyrn allrar þjóðarinnar að gerbreyta ekki aðeins allri sinni baráttu, heldur einnig allri sinni túlkun á efnahagsmálum, við það eitt að lenda í stjórnarandstöðu. Það veit t. d. hver einasti stjórnmálamaður, og þarf ekki stjórnmálamann til, að 30% kauphækkun og meira á einu ári til allra stétta launþega og að sjálfsögðu tilsvarandi verðhækkun á landbúnaðarvörum er ekki raunhæf kjarabót. Verðlagið hlýtur að fylgja fast á eftir. Með þessu er ég ekki að áfellast stjórnir einstakra launþegafélaga. Þær hljóta að verða að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna, þannig að þeir dragist ekki aftur úr, þegar skriðan er komin af stað. Það er beinlínis hlutverk þeirra. En ég áfellist þá stjórnmálamenn, sem vitandi vits vinna að því öllum árum að koma slíkri skriðu af stað.

Í þessu sambandi er rétt að benda á nokkur atriði um tviskinnunginn eftir því, hvort þessir herrar eru í stjórn eða í stjórnarandstöðu, og þá í fyrsta lagi, hverra erinda Hermann Jónasson gekk í samráði við sjálfan forseta Alþýðusambandsins, Hannibal Valdimarsson, inn á Alþýðusambandsþing haustið 1958. Var það til þess að bjóða verkafólki 30% kauphækkun? Nei, það var til þess að biðja um kauplækkun. Og hvers vegna? Jú, það var af því, að þeir vissu mætavel báðir, Hermann og Hannibal, að með 17 stiga vísitöluhækkun var risin sú verðbólgualda, sem skola mundi þeim báðum úr ráðherrastólunum. Með þessu vil ég ekki halda

því fram, að þeir Hermann og Hannibal hafi sérstaklega verið að reka erindi atvinnurekenda. Ástandið var svo alvarlegt, að það var vissulega ástæða til þess að staldra við, og einmitt verkafólkið átti mest í húfi um, að verðbólgan yrði stöðvuð. Þá mætti einnig spyrja: Hvert var innihald greinar þeirrar, sem Hannibal skrifaði í málgagn Alþýðusambandsins, Vinnuna, um þetta leyti í samráði við Hermann Jónasson? Var það að bjóða bændum verðhækkun á búvöru, sem svaraði til 30% kauphækkunar? Nei, það var áskorun til bænda um lækkun á afurðaverði og jafnframt áskorun forseta Alþýðusambandsins til verkafólks um lækkun á kaupi. Man nokkur eftir því, að þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hafi boðið opinberum starfsmönnum 30% kauphækkun? Ég var þá formaður bandalagsins og minnist þess ekki. Hins vegar kostaði það nokkurra vikna baráttu, að þeir fengju svipaðar hækkanir og aðrir höfðu þegar fengið og þó nokkru lægri. Greiðslur almannatryggginganna hafa verið ferfaldaðar í tíð núv. ríkisstj. Framsóknarmenn með Þórarin Þórarinsson í broddi fylkingar hafa haft í frammi sífelld yfirboð í því sambandi. Man nokkur eftir baráttu Þórarins og framsóknarmanna fyrir auknum almannatryggingum fyrir það herrans ár, 1958? Núv. ríkisstj. hefur framkvæmt nokkra lagfæringu á aðflutningsgjöldum og tvívegis lækkað tekjuskatt og útsvar. Nú á íslenzka þjóðin öruggan talsmann, Eystein Jónsson og Framsfl., í yfirboðum um tolla- og skattalækkanir. Man nokkur eftir Eysteini Jónssyni í því hlutverki fyrir 1958? Á sama hátt er stefna þeirra í lánamálum eintóm yfirboðspólitík. Seðlabankinn á að auka kaup á afurðavíxlum, en má hvergi afla fjár til þess. Það á yfirleitt að veita öllum hærri lán í lengri tíma og með lægri vöxtum en sparifjárframboðið leyfir. Man nokkur til þess, að það hafi beinlínis verið stefna Framsfl. að leysa alla lánsþörf með prentun peningaseðla á verðbólgutímum, þegar þeir báru sjálfir ábyrgð á stjórn landsins?

Það er auðvelt að hvísla því í hvers manns eyra, sem þægilegast er að hlusta á á líðandi stundu, í algeru ábyrgðarleysi. En þjóðin ætti vissulega að leysa þá menn frá ábyrgð í stjórnmálum, sem þá iðju stunda, því að ekkert er lýðræðinu hættulegra. Það er hinn gamalkunni áróðursskóli kommúnista í lýðfrjálsum löndum.

Þjóðinni er það fyrir beztu og láglaunafólki alger nauðsyn, að verðbólgan verði stöðvuð. Í samræmi við þá nauðsyn lagði ríkisstj. til í kjarasamningum í des. s. l., að beinum kauphækkunum yrði stillt í hóf, takmarkaðar við 4—8%, en auk þess veitt útsvarslækkun, sem svaraði til 4—5% kauphækkunar, áherzla lögð á, að samið yrði til lengri tíma, og mætti í því sambandi hugsa sér verðtryggingu kaups með vísitölu. Með þessu var að því stefnt, að kjarabæturnar hefðu sem minnst áhrif á verðlagið og yrðu þannig raunhæfar kjarabætur. Þessum grundvallaratriðum var hafnað, og því fór sem farið hefur með verðlagið undanfarna mánuði.

Almenningsálitið er nú mjög á verði fyrir því, að sami leikur verði ekki endurtekinn. Þjóðin krefst aðgerða gegn verðbólgunni og raunhæfari vinnubragða í kjaramálum. Væri í því sambandi fyllilega tímabært, að atvinnurekendur og Alþýðusambandið tækju höndum saman um að koma á vinnuhagræðingu í atvinnurekstrinum og ákvæðisvinnu á þeim grundvelli og með þeim hætti, sem reynsla er af fengin í nágrannalöndum okkar að er til stórfelldra hagsbóta fyrir báða aðila. Má telja líklegt, að með tilliti til þeirrar reynslu og raunar einnig með nokkurri reynslu, sem fengin er hjá íslenzkum fyrirtækjum, mætti takast að stytta daglegan vinnutíma um 2 klst. á dag með óbreyttu kaupi á tiltölulega stuttum tíma. Ríkisstj. hefur þegar gengið á undan og veitt fé á fjárl. til stuðnings því, að vinnuhagræðing verði tekin upp, og er þess að vænta, að samningsaðilar nýti þá möguleika, sem í þessu eru fólgnir. Í samræmi við það almenningsálit, sem nú er ríkjandi, og almenna kröfu um raunhæfari vinnubrögð, hefur stjórn Alþýðusambandsins nú lagt til umræðugrundvöll um kjaramál, sem er mjög í anda þess umræðugrundvallar, sem ríkisstj. lagði til í des. s. l., en var þá hafnað. Ber að sjálfsögðu að fagna þessari stefnubreytingu, þótt ýmsir óttist, að um málatilbúnað einn sé að ræða. Ég vil samt ekki trúa því, fyrr en á reynir, og ég vænti þess, að nógu sterkt almenningsálit og nógu almenn krafa um raunhæf vinnubrögð verði aðilum það aðhald, sem dugir. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hv. alþm. Sigurður Ingimundarson taldi það vera staðreynd, að vinstri stjórnin hefði skilið þannig við efnahagsmál landsins, að allt hefði verið í rúst. Staðreyndir þessa hv. þm. eru alleinkennilegar. Árið 1958, árið, sem vinstri stjórnin lét af völdum, var mesta framleiðsluár í sögu þjóðarinnar til þess tíma. Þá urðu þjóðartekjurnar meiri en nokkru sinni áður. Í tíð vinstri stjórnarinnar var unnið að mikilli almennri uppbyggingu í landinu. Þá voru framkvæmdar stórvirkjanir, sementsverksmiðjan var byggð, mörg ný fiskiskip voru keypt, og það ár var almennt meiri þátttaka framleiðslutækja í framleiðslustörfum en áður hafði þekkzt. Vinstri stjórnin fór ekki frá völdum vegna þess, að framleiðslan gengi laklega. Hún fór vegna þess, að ekki tókst samstaða um ráðstafanir í efnahagsmálum. Við Alþb.-menn vildum ekki fallast á kröfu um kauplækkun.

Hæstv. félmrh., Emil Jónsson, fór alleinkennilega með staðreyndir um þróun verðlagsmálanna í tíð vinstri stjórnarinnar. Hann vildi jafnvel láta orð liggja að því, að á þeim tíma hefði verðlag hækkað eins mikið og í tíð núv. ríkisstj. Hvað er hið rétta í þessu? Í ágústmánuði 1956, þegar vinstri stjórnin tók við, var vísitalan 186 stig. Í októbermánuði 1958, þegar hún lét af völdum, var vísitalan 217

stig. Hækkunin nam 31 stigi, sem jafngildir 15½ stigi nú. En verðhækkunin í tíð viðreisnarstjórnarinnar hefur numið 84%. Þessi útreikningur hæstv. ráðh. var á svipaðan hátt og þegar hann skýrði frá því, hvernig miðað hefði hjá vinstri stjórninni að því að auka fiskiskipaflotann í landinu. Jú, þá reiknaði hann þannig, að hann taldi saman þau fiskiskip, sem komið höfðu til landsins á árum vinstri stjórnarinnar, en auðvitað voru skip, sem höfðu verið keypt eða samið um smíði á í tíð fyrrv. ríkisstj., því að það tekur yfirleitt 2—3 ár að fá fiskiskip byggð. En svo taldi hann auðvitað viðreisnarstjórninni til ágætis þau fiskiskip, sem vinstri stjórnin samdi um kaup á.

Hæstv. félmrh. virtist vera ánægður með þróunina í íbúðarhúsamálunum. Hann sagði, að lánin hjá húsnæðismálastjórn hefðu verið hækkuð álíka mikið og verðhækkun hefði orðið á byggingarkostnaði. Veit hæstv. ráðh. ekki, að meðalíbúð hefur hækkað í verði í tíð viðreisnarstjórnarinnar um 250 þús. kr., en lánveitingarnar hafa aðeins hækkað um 50 þús. kr. á íbúð? Í tíð vinstri stjórnarinnar var byggt meira af íbúðum en nokkurn tíma áður og nokkurn tíma síðar. Árið 1957 var lokið að fullu við byggingu 935 íbúða í Reykjavík, en árið 1961 var lokið við aðeins 541 íbúð í Reykjavík og árið 1962 598, og þá voru helmingi færri íbúðir í byggingu heldur en árið 1957.

Hv. 4. þm. Vestf., Þorvaldur G. Kristjánsson, reyndi að telja mönnum trú um það, að horfið hefði verið í tíð viðreisnarstjórnarinnar algerlega frá styrkja- og uppbótakerfinu. Þetta er mikill misskilningur. Enn eru styrkir og uppbætur í fullum gangi í okkar hagkerfi. Útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir nema nokkuð á 2. hundrað millj. kr. Niðurgreiðslur á vörum í landinu nema yfir 300 millj. kr. á ári. Styrkir eru greiddir yfir 100 millj. kr. á ári til togaraútgerðarinnar, og vátrygging allra fiskiskipa er greidd með sérstökum hætti af ríkinu. Og á síðasta þingi voru samþykktar sérstakar bætur bæði til almennra fiskverkunarstöðva, frystihúsa og fiskibáta.

Það er mesti misskilningur, að það hafi verið horfið frá styrkja- og uppbótakerfinu. Dýrðin í stefnu viðreisnarstjórnarinnar liggur í allt öðru að dómi Þorvalds G. Kristjánssonar og annarra viðreisnarmanna. Dýrðin liggur í því, að það hefur vænkazt nokkuð hagur milliliða og gróðaaðila í landinu.

Hæstv. fjmrh. gerði hér alleinkennilega grein fyrir skattalækkunum sínum. Nú er hann farinn að miða skattalækkanir við þjóðarframleiðsluna á hverjum tíma. Nú á þessu ári verður sennilega mikil þjóðarframleiðsla. Samkv. því lækka skattar. Þessi viðmiðun er auðvitað alveg út í hött hjá hæstv. ráðh. Enginn maður lítur á skatta sína í þessu ljósi. Það, sem gildir fyrir menn, er, hvort tilsvarandi háar tekjur nú við þær tekjur, sem menn höfðu fyrir nokkrum árum, bera nú hærri eða lægri skatta. 100 þús. kr. tekjur 1958 samsvara 184 þús. kr. tekjum nú. Skattur af slíkum tekjum nú er miklum mun hærri en skattur af 100 þús. kr. tekjum 1958. Það er verðgildi peninganna, sem hér verður að leggjast til grundvallar.

Þessum umr. er nú að ljúka. Þær hafa af skiljanlegum ástæðum borið svip af því ástandi, sem nú ríkir í dýrtíðar- og kaupgjaldsmálum landsins. Um það verður ekki deilt, að dýrtíðin hefur ætt áfram síðustu mánuðina, og ekki heldur verður deilt um hitt, að innan nokkurra vikna falla allir kaupgjaldssamningar verkalýðsfélaga í landinu úr gildi. Það er staðreynd, að nú við þinglok standa málin þannig, að alger óvissa er ríkjandi um, hvort vinnufriður helzt í sumar eða á skella verkföll og framleiðslustöðvanir. Ríkisstj. þykist vera alsaklaus af því ástandi, sem ríkir í dýrtíðar- og kaupgjaldsmálum. Forsrh. eyðir svo að segja öllum ræðutíma sínum í þessum umr. til þess að reyna að sanna það, að hækkun kaupgjalds á s. l. ári hafi átt mestan þátt í aukningu dýrtíðarinnar. Hann játar þó, að margt annað hafi þar komið til. En forsrh. láðist aðeins að geta þess, að þessar kauphækkanir á s. l. ári væru aðeins hluti af þeirri dýrtíð, sem áður var á skollin og ríkisstj. hans hafði séð um að koma fram.

Ríkisstj. reynir að koma sökinni af dýrtíðarþróuninni yfir á samtök launafólks í landinu. Frá samtökum launamanna á öll bölvunin að stafa. Þannig á að halda því fram, að öll verkalýðsfélög í landinu, öll félög iðnaðarmanna og samtök opinberra starfsmanna beri ábyrgðina á óheillaþróun dýrtíðarinnar. Þannig skipar ríkisstj. þessum fjölmennustu samtökum þjóðarinnar í andstöðufylkingu við sig og efnir síðan til linnulausrar styrjaldar við þau. Slík ríkisstj. á engan rétt til áframhaldandi valda í landinu. Stjórn hennar hlýtur að leiða til öngþveitis.

Glöggt dæmi um afstöðu ríkisstj. til samtaka launþeganna í landinu hefur verið að gerast hér á Alþingi síðustu daga. Ríkisstj. er að berja gegnum þingið staðfestingu á brbl. um gerðardóm í launamálum verkfræðinga. Margir tugir verkfræðinga hafa fyllt þinghúsið þessa dagana og jafnvel heilar nætur til þess að fá að heyra rök stjórnarþm. fyrir því, að nauðsynlegt sé að svipta verkfræðinga eina allra launþega í landinu samningsrétti um kjör sín og kaup. Sömu ráðh., sem tala sem sléttast og fallegast um réttsýni, sanngirni, lýðræði og félagsleg réttindi, já, og jafnvel um komandi tíma tæknimenningar, verkfræði og framleiðni, telja óhjákvæmilegt að neita félagssamtökum íslenzkra verkfræðinga um sama rétt og öll önnur stéttarsamtök hafa samkv. l. um stéttarfélög og vinnudeilur. Þeir sömu ráðh., sem ekkert finna athugavert við það að gera álagningu kaupmanna frjálsa og leyfa þeim að verðleggja sína vinnu eftir vild og græða allmyndarlega í sumum tilfellum, segja, að ekki komi til mála að leyfa verkfræðingum einu sinni að semja um sína vinnu. Þannig lendir ríkisstj. í styrjöld við þessa starfsstétt, með stórkost-

legum erfiðleikum fyrir ýmsa opinbera aðila og einstaklinga. Þetta dæmi sýnir þann mikla mun, sem ríkisstj. gerir í afstöðu sinni gagnvart launafólki annars vegar og milliliðum og gróðamönnum hins vegar.

Þessar umr. hafa borið þess vott, að hæstv. ráðh. eru að verða uggandi um sinn hag. Þeir þykjast vera sakleysið sjálft og reyna að vera ósköp blíðir og elskulegir í málflutningi. Menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sagðist ekki vilja taka þátt í rifrildi flokkanna um ágreiningsmál þeirra. Hann talaði aðeins um, hvernig góð ríkisstj. ætti að vera. Góð stjórn ætti t. d., sagði hann, að koma í veg fyrir skattsvik og leiðrétta það mesta misrétti, sem til væri í þjóðfélaginu. Þessi sami Gylfi gat þess auðvitað ekki, að hann og allt ríkisstjórnarliðið á Alþingi, og þar með talinn fjmrh. sjálfur, sem hér var að prédika um bætt skattasiðferði, — hann gat þess ekki, að þessir aðilar væru nýbúnir að fella till. frá okkur Alþb.-mönnum hér á Alþingi um sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja rétt framtöl.

Þá sagði menntmrh. í sinni blíðu og háttprúðu ræðu, að góð stjórn hlyti að tryggja öllum fjölskyldum í landinu eigið íbúðarhúsnæði. En hann minntist ekki á það, að nú gerist það erfiðara og erfiðara, að ekki sé sagt með öllu ókleift fyrir venjulegan launamann að eignast eigin íbúð. Hinn landsföðurlegi ræðutónn ráðh. kann að láta vel í eyrum sumra manna, en sá tónn gerir litla stoð á móti bláköldum veruleikanum og sjálfum stjórnarverkum ráðh.

Þessar umr. hafa leitt í ljós, að viðreisnarstefna ríkisstj. hefur gersamlega brugðizt, hún hefur leitt til óðaverðbólgu í landinu, að engu verður bjargað með gengislækkunaraðferðum, heldur ber að forðast slík bjargráð, að stjórnleysið í málefnum þjóðarbúskaparins leiðir til rangrar fjárfestingar og óhóflegrar eyðslu, að vaxtahækkunin er röng og leiðir aðeins af sér hækkandi verðlag, að hin gífurlega skatt- og tollheimta ríkisins stórmagnar dýrtíðina, að kenningin um það, að sjónarmið gróðans, sjónarmið gróðahyggjunnar eigi að ráða í framkvæmdum og rekstri, er stórháskaleg. Þessar umr. hafa undirstrikað þau sannindi, að þrátt fyrir einstakt góðæri til lands og sjávar, mikla framleiðslu, góða markaði og hækkandi útflutningsverð, þá hefur kaupmáttur tímakaups verkamanna og kaupmáttur launa yfirleitt farið minnkandi vegna verðbólgustefnu ríkisstj.

Enginn vafi er á því, að möguleikar þjóðarinnar til batnandi lífskjara eru stórkostlegir. Auðlindir landsins eru miklar, möguleikar til stóraukinnar framleiðslu blasa við, fiskimiðin við landið eru einstakt nægtabúr og landið er gott. Fullkominn útflutningsiðnaður, sem byggir á hráefnum sjávarútvegs og landbúnaðar, gæti á skömmum tíma margfaldað útflutningstekjur þjóðarinnar. Engin erlend stóriðja á Íslandi getur keppt við okkar eigin atvinnuvegi. Arðsemi þeirra er miklu meiri. En skilyrði þess, að hinir miklu möguleikar þjóðarinnar verði notaðir, eru, að íslenzkir hagsmunir og réttsýni ráði okkar gerðum. Þjóðin þarf aftur að búa ein í landi sínu og ráða ein málum sínum. Hinn erlendi her verður að víkja úr landinu og útlendingadekrinu verður að ljúka. Ríkisstj. landsins verður að láta íslenzka hagsmuni og þjóðarheiður sitja í fyrirrúmi. Ísland þarf að verða hlutlaust land aftur, og samstarf verður að takast með stjórnarvöldum landsins og vinnustéttunum í landinu. Verði slík stefna ofan á, eru bjartir tímar fram undan. — Góða nótt.

II. Verkföll.

Á 27. fundi í Sþ., 14. des., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að vekja athygli á því alvarlega ástandi, sem nú er að skapast í landinu vegna verkfallanna. Verkföll þau, sem þegar eru á skollin, eru víðtækari og ná til fleiri staða á landinu en dæmi eru til um áður hér á landi. Segja má, að svo til öll framleiðslustörf í kaupstöðum og þorpum landsins hafi stöðvazt. Sjávarútvegsstörf liggja svo að segja alveg niðri, iðnaður hefur stöðvazt, flutningar eru nær engir í landinu, og samgöngur liggja að mestu niðri. Á því er enginn vafi, að þjóðarbúið sem heild hefur þegar tapað tugum milljóna króna á því ástandi, sem hér hefur skapazt, og standi verkföllin lengi, þá er enginn vafi á því, að það tjón, sem þjóðarbúið sem heild hlýtur af þessum deilum, hlýtur að skipta hundruðum milljóna króna.

Aðdragandi þeirra kaupdeilna, sem nú standa yfir, hefur orðið með nokkuð sérstökum hætti. Eins og kunnugt er, voru gerðir bráðabirgða kaupgjaldssamningar um miðjan júní í sumar á milli vinnuveitenda og fjölmargra verkalýðsfélaga í landinu. Þeir samningar áttu að standa í aðeins fjóra mánuði, en að þeim tíma loknum var gert ráð fyrir, að til nýrra samninga kæmi og til frekari launabreytinga en gerðar voru um miðjan júní.

Það, sem síðan gerðist á næstu fjórum mánuðum, frá miðjum júní og fram til miðs október, var með þeim hætti, að engum manni í landinu gat blandazt hugur um, að það hlaut að koma til, að verulegar kaupbreytingar þyrftu að verða í landinu við almenna verkamannavinnu, með tilliti til þeirrar gífurlegu dýrtíðar, sem á hafði skollið einmitt nú á s. l. sumri, og einnig þeirra miklu og almennu launabreytinga, sem urðu á þessum sama tíma hjá ýmsum starfshópum í landinu.

Það var því fyllilega ljóst öllum atvinnurekendum í landinu og einnig ríkisstj., hvað að fór í þessum efnum. Staðreyndirnar eru þær, síðan kaupgjaldssamningarnir voru gerðir í

miðjum júní og þar til nú, að hin almenna framfærsluvísitala hefur hækkað um 15 stig, og nú er vitað um 6 viðbótarvísitölustig vegna verðhækkana, sem þegar hafa verið ákveðnar eða er nokkurn veginn vitað um að munu á detta á næstunni, þannig að heildarhækkun framfærsluvísitölunnar er um 21 stig, sem nú er gengið út frá, en það samsvarar um 16% hækkun á verðlagi. Slíkar staðreyndir gera það vitanlega alveg ljóst, að til verulegra kaupbreytinga hlýtur að þurfa að koma, eins og þessi mál öll liggja fyrir nú.

Hæstv. ríkisstj. hefur þegar lagt fram till., sem áttu að verða til þess að auðvelda lausn þessarar deilu. En till. ríkisstj. náðu allt of skammt, eins og þegar kom í ljós, því að þær gerðu hvergi nærri að jafna þann mun, sem liggur í þessari fyrirsjáanlegu 16% verðlagshækkun, sem orðin er eða alveg sýnilega verður nú næstu daga.

Vegna þess, hve þetta ástand allt saman er alvarlegt og vandinn fer sýnilega vaxandi, því lengra sem líður, þá vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort hún hafi ekki hugsað sér að leggja fram nýjar till., sem greitt gætu fyrir lausn vinnudeilnanna, eða er málinu kannske þannig komið, að hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til frekari afskipta af málinu og þykist hafa gert allt það, sem hún geti gert? Ef málið er þannig, þá tel ég alveg óhjákvæmilegt, að það komi skýrt fram hér á Alþingi og það fyrr en síðar, vegna þess að að öllum líkindum fer nú mjög að styttast sá tími, sem þm. eru hér að störfum fyrir jólafrí, en ég tel, telji ríkisstj. sig ekki hafa möguleika til frekari aðgerða, þá hljóti Alþingi sjálft að athuga, hvað það getur gert til þess að greiða fyrir samkomulagi á milli deiluaðila. Það vakir ekki fyrir mér, að Alþingi setji löggjöf um lausn deilunnar, heldur hitt, að á því leikur enginn vafi, að Alþingi hefur í sínum höndum aðstöðu til þess að gera ráðstafanir, bæði til hagsbóta fyrir launþega og einnig ráðstafanir til hags fyrir framleiðendur í landinu, sem gætu orðið til þess, að þessir aðilar, sem semja þurfa um kaup sín á milli, geti náð eðlilegu samkomulagi í þessari deilu.

Á því leikur enginn vafi, að margt og mikið er í hættu í landinu, ef verkföllin halda áfram að breiðast út, eins og allar líkur benda til. Þó að svo hafi nú til tekizt, að verzlunarmenn hafi gert bráðabirgðasamning um sín kjör og séu ekki lengur í verkfalli, þá breytir það í raun inni mjög litlu um alvöruna í þessu máli. Þjóðarbúið lifir ekki lengi á því, að seldar verði upp þær vörur, sem nú liggja í verzlunum landsins. Það er hitt, sem skiptir mestu máli, hvort hægt verður að hefja framleiðslustörf á ný, þau störf, sem öll undirstaðan í þjóðfélaginu hvílir á. Ég minni á í þessu sambandi, að nú er einmitt sá tími, sem nauðsynlegur er til þess að undirbúa vetrarvertíðina hjá fiskibátaflotanum, og verði hin almennu verkföll lengi enn, þá hlýtur að falla framan af vetrarvertíð hjá mörgum, og auðvitað er skammt til þess tíma, að vetrarvertíð á að byrja, og þá er líka einnig fyrirsjáanlegt, að hún getur ekki hafizt víðast hvar á landinu, ef verkföllin standa þá enn yfir. Slíkt mundi auðvitað valda mjög tilfinnanlegu tjóni fyrir þjóðarheildina. Mér sýnist furðulegt, ef málin verða látin ganga þannig af hálfu atvinnurekenda og ríkisvaldinu sjálfu, að það þyki fært að eyða tugum eða jafnvel hundruðum milljóna króna í herkostnað í slíkri deilu eins og þessari, í staðinn fyrir að nota þá fjármuni, sem þannig fara, til þess að leiðrétta það, sem flestir menn í landinu nú viðurkenna að sé óhjákvæmilegt að leiðrétta, en það er að hækka laun hinna lægra launuðu í landinu.

Ég vil vænta þess, að hæstv. forsrh. svari spurningu minni um þetta mál, hvað ríkisstj. hefur hugsað sér í þessum efnum, hvort hún telur ekki nauðsyn á því og hún geti gert nýjar till., sem mættu verða til þess, að þessi mál leystust, eða hvort hún hefur nú dregið þannig að sér höndina, að hún telji sig ekki geta gert frekar að í málinu.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, slitnaði upp úr samningaumleitunum milli atvinnurekenda og verkamanna eða þeirra samtaka aðfaranótt s. l. þriðjudags. Þá bar mjög mikið á milli, og hefur síðan ekki verið haldinn fundur milli aðila almennt, þó að verzlunarmenn og þeirra vinnuveitendur hafi hins vegar náð samkomulagi sín á milli. En verzlunarmenn lýstu þegar á þessum tíma yfir sérstöðu sinni, óskuðu eftir samningaumleitunum við sína vinnuveitendur, og hafa þeir nú komizt á fyrir milligöngu sáttasemjara.

Skömmu áður en upp úr þessum almennu samningum slitnaði, beindi ríkisstj. þeirri eindregnu ósk til aðila, vegna þess að kanna þurfi til hlítar allar leiðir, sem kunna að horfa til friðsamlegrar lausnar, svo mikið sem í húfi er, tækju þeir sér hæfilegan viðbótarfrest, svo að einskis verði látið ófreistað til að ná sáttum. Við þessari ósk ríkisstj. treystu launþegar sér þá ekki til þess að verða né hafa þeir síðan snúið sér til sáttasemjara og óskað eftir fundi undir hans forustu. Hvorugur aðila hefur heldur leitað til ríkisstj. um hennar atbeina eða fyrirgreiðslu, og hefur þeim þó verið margtjáð af hálfu ríkisstj., að hún væri hvenær sem er fús til viðræðna við aðila í því skyni að reyna að ná sáttum, ef kostur væri.

Þannig standa málefni nú. Eftir lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur má segja, að það sé ætlazt til þess fyrst og fremst af aðilum að óska eftir því við sáttasemjara, að efnt sé til sáttafundar, eftir að upp úr hefur slitnað, þegar þeir telja, að það megi að gagni verða. Eins er það á mati sáttasemjara, hvenær hann telur heppilegt að efna til slíks fundar. En nú horfir svo, að mjög mikið ber á milli, svo mikið, að vonlaust virðist vera í bili um raunhæfar viðræður aðila á milli. Það er því frekar ástæða til þess að vekja athygli á því, að það er auðvitað fyrst og fremst aðilanna sjálfra að gera sáttasemjara aðvart um, hvenær þeir telja, að

mál hafi skipazt svo, að þýðingu geti haft að hefja að nýju sáttaumleitanir. Að öðru leyti hlýtur það að vera á mati sáttasemjara, hvenær hann telur það þjóna gagnsamlegum tilgangi. Eins er það, eins og ég áðan sagði, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu, hvenær sem aðilar óska, ræða við þá og athuga allar þeirra till. um lausn á þessum mikla vanda. En engin slík málaleitun hefur borizt frá aðilum, eftir að upp úr slitnaði aðfaranótt s. l. þriðjudags.

Það er auðvitað engu að síður svo, að ríkisstj. hefur hugleitt, hvort hún á þessu stigi málsins gæti gert till., sem líklegar væru til sátta, og það verður að segja eins og er, að meðan jafnmikið ber á milli og eftir að annar aðili hafði gersamlega hafnað þeim samningsgrundvelli, sem ríkisstj. gerði till. um, er ekki líklegt, að till. ríkisstj. geti að miklu gagni orðið, né auðvelt að átta sig á, hvers eðlis þær ættu að vera, þannig að raunverulega mundi horfa til sátta.

Um þessi mál hefur fyrr á þessu þingi verið ýtarlega rætt, og þó að ummæli hv. þm., er síðast talaði, gæfu nokkurt tilefni til þess, þá skal ég ekki hefja þær umr. nú að nýju. Ég vil einungis leiðrétta það, sem mér skildist hann halda fram, að það væri enn von á 6 vísitölustiga hækkun verðlags vegna þeirra almennu hækkana, sem orðið hefðu fyrr á þessu ári, án tillits til lausnar þessarar deilu. Ég hygg, að verulegur hluti þeirrar upphæðar spretti af líklegri hækkun útsvars og tekjuskatts á næsta ári, sem ekki eingöngu stafar af almennum verðlagshækkunum, heldur af raunverulegum launatekjum, sem orðið hafa, og þar með auðvitað einnig og ekki síst af þeim launahækkunum, sem þegar hafa átt sér stað á þessu ári og eru, eins og kunnugt er, 13%.

Hv. þm. talaði um það, sem rétt er, að viðurkennt væri af öllum, að hækka þyrfti kaup í almennri verkamannavinnu. Ég hygg, að þetta sé rétt og sízt ofmælt, og einmitt þær till. um samningsgrundvöll, sem ríkisstj. bar fram, byggðu á þeirri meginhugsun. En verkalýðshreyfingin taldi sér ekki fært að gera þarna upp á milli almennrar verkamannavinnu og þeirra, sem hærra kaup fá. Það er ljóst, að málið hlýtur að verða leyst með mjög mismunandi hætti eftir því, hvað fyrir mönnum vakir einmitt í þessu efni. Er hér því stefnt að almennri launahækkun í landinu, eða er eingöngu stefnt að hækkun á kaupi þeirra lægst launuðu, þ. e. a. s. hjá verkamönnum eiginlegum og þeim, sem tilsvarandi kauptaxta hafa? Fram hjá þessu meginatriði málsins verður ekki með nokkru móti komizt, og tjáir engin tæpitunga í því efni. Það verður alveg að vera ljóst, hvort markmiðið menn hafa valið sér.

Nú má segja, að eitt af því fáa, sem verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur hafa komið sér saman um í þessu efni enn, er að breyta til frá þeim grundvelli, sem ríkisstj. lagði að þessu leyti. Það er vissulega mjög mikilvæg staðreynd, er gerir það að verkum, að málið verður allt mun erfiðara viðureignar og hlýtur að hafa miklu afdrifaríkari áhrif fyrir allt efnahagslíf þjóðarinnar.

Hv. þm. vakti með réttu athygli á þeim miklu verðhækkunum, sem orðið hafi hér á þessu ári. Ég skal ekki fara almennt í að rekja orsakir þeirra, en þar kemur enn fram sú sama þróun, sem við höfum átt við að búa undanfarin ár og segja má áratugi og leitt hefur til þess, að hinir lægst launuðu hafa þrátt fyrir stöðugar kauphækkanir orðið hlutfallslega verr úti en skyldi og áður var. Ef menn vilja hverfa frá þessari óheillaþróun, verða þeir að vera við því búnir hver og einn, sem því heldur fram, að vilja leggja nokkuð í sölurnar til þess. Því miður hefur, þegar á reyndi, ekki virzt vera fyrir hendi skilningur á þessu atriði.

Till. ríkisstj. byggðust á ákveðnum forsendum, fyrst og fremst þessari, sem ég nú talaði um, og enn fremur þeirri, að draga úr muninum á dagkaupi og eftirvinnu- og næturvinnukaupi annars vegar, í því skyni að gera lífvænlegra af dagkaupinu einu og létta undir með þeim, sem ekki geta stundað verulega eftir- og næturvinnu. Mér skilst, að þessi till. hafi einnig hlotið daufar undirtektir, þó að allir viðurkenni hins vegar, að eitt okkar meginvandamál sé það, hvernig horfið verði frá hinum langa vinnutíma, og er ekki um að villast, að till. ríkisstj. að þessu leyti var liður í þeirri viðleitni.

Við fyrri umr. á þessu þingi um þetta mál var mikið um það rætt, hvort Alþingi ætti að hafa afskipti af þessum málum, og var því þá af hv. þm. og hans skoðanabræðrum harðlega mótmælt, að slíkt ætti að gera með þeim hætti, sem þá var lagt til, þ. e. a. s. að reyna að skapa nokkurt hlé í því skyni, að aðilar fengju færi á því að athuga allar hliðar málsins og reyna að ná friðsamlegu samkomulagi. Þetta átti að gera með lagaboði, og hv. þm. vitnar vafalaust til þess, að það hafi einmitt verið lögþvingunin, sem í þessu lýsti sér, sem hann var svo mjög andvígur. En við meðferð þess máls bar hv. þm. og hans skoðanabræður ekki fram neinar brtt. um það, hvers eðlis hann teldi, að afskipti ríkisstj. og Alþingis af málinu ættu að vera, þó að hann segi nú, að Alþingi verði að láta málið til sín taka. En þá var mjög til þess vitnað, að frjáls samningsréttur aðila hlyti að vera undirstaða og forsenda þess, að heillavænleg lausn fengist. Nú náðist að vísu það, að menn tóku sér mánaðarfrest, og segja má, að ríkisstj. og meiri hl. Alþingis hefði verið í lófa lagið að framlengja þann frest til áramóta með samþykkt launamálafrv. Það þótti þó ekki rétt að gera slíkt, þar sem vitað var, að verkalýðshreyfingunni var slík lögþvingun mjög á móti skapi, og einmitt eðlilegt, að prófað væri til hlítar, hvort friðsamleg lausn fengist. Nú er það að vísu staðreynd, að þessi frestur var ekki nema að litlu leyti notaður til raunhæfra samninga, eins og nánar var lýst í því bréfi til aðila, sem ríkisstj. skrifaði þeim hinn 9. des. s. l. En engu að síður voru þá þó samningar reyndir, sem

ekki hafði verið áður, og aðilar ræddust við sín á milli, en með þessum sorglega litla árangri, að svo mjög bar á milli, þegar að verkfallstíma kom, að mjög erfitt sýnist að brúa það bil, á meðan aðilar nálgast ekki meira. Ríkisstj. varð fyrir ámæli annars vegar af þeim sökum, að hún hefði dregið of lengi að leggja fram sínar tillögur, og var þó, þegar þær komu fram, viðurkennt af hv. Framsfl., að þær voru spor í rétta átt, þó að það fylgdi með, að það væri of seint stigið. Af hálfu hv. Alþb.-manna og einkum forseta Alþýðusambandsins var því hins vegar haldið fram, að hér væri rasað um ráð fram og ríkisstj. ætti ekki að skipta sér af málinu fyrr en á seinna stigi þess, þegar betur væri komið í ljós, hvað raunverulega bæri á milli, og þegar eitthvað lægi fyrir, sem líklegt væri að ríkisstj. gæti með sínum till. liðkað, og bilið orðið svo lítið, að hægt væri að brúa það með ráðstöfunum af hálfu ríkisvaldsins. Þessi skoðanamunur hlýtur auðvitað ætíð að vera fyrir hendi. Sumum finnst of hratt farið, öðrum of hægt, og engum líkar það, sem gert er. En ríkisstj. lagði fram sínar till., þegar ekkert gekk með samninga, og þær urðu þó upphaf hinna einu raunverulegu umr., sem áttu sér stað á milli atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar um málið á þessu tímabili. Grundvelli ríkisstj. var hafnað, og þá er á það að líta, hvenær tímabært sé, að ríkisstj. hefjist handa að nýju. Eins og ég segi, hefur hvorugur aðili, frá því að upp úr slitnaði, til hennar leitað eða óskað hennar atbeina. Og eins og nú stendur, ber svo mikið á milli, að ekki er sýnt, að það sé á valdi eða færi ríkisstj. að brúa það bil. Það er því eðlilegt, að aðilar reyni enn betur sín á milli, hvort þeir geti nálgazt hvor annan, og ef þar er orðið um viðráðanlegan mismun að ræða, þá er sjálfsagt, að ríkisstj. komi til og kanni til ýtrustu hlítar, hvað hún geti gert til fyrirgreiðslu og lausnar málinu. En eins og horfir, meðan svona mikið ber á milli, er ekki sýnt, hver afskipti ríkisstj. gæti haft af málinu önnur en lögþvingun gagnvart báðum aðilum eða öðrum hvorum, og það er einmitt það, sem hv. stjórnarandstæðingar töldu með öllu óráðlegt við fyrri umr. um þessi mál hér á Alþingi nú í vetur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan fá leyfi til að segja nokkur orð um þessi efni, sem hér hefur borið á góma, en ég skal reyna að haga orðum mínum þannig, að þeirra vegna þurfi ekki að þreyta hér langar umr. almennt um efnahagsmálin eða ástandið.

Það er enginn vafi, að mjög alvarlegt ástand er að skapast í landinu. Um það hljóta allir að vera sammála. Í þessu sambandi vil ég leggja alveg sérstaka áherzlu á, að mér finnst, að ríkisstj. beri skylda til að greiða fyrir því, að samningar geti tekizt, og eiga frumkvæði að samningaleiðinni. Allir vita, að almenna kaupgjaldið í landinu er óbærilega lágt, samanborið við önnur laun og einnig samanborið við hækkanir, sem orðið hafa á öðrum launum, enn fremur samanborið við það, sem raunverulega þarf minnst að hafa til þess að geta dregið fram lífið, eins og dýrtíðin er orðin. Og einnig vita menn, að samningsbundna, almenna kaupið er einnig lægra en það, sem borgað er í æðimörgum starfsgreinum, sem telja sig hafa ráð á því. En ýmsar nauðsynlegustu framleiðslugreinarnar telja sig ekki geta borgað hærra en samningar segja til um og þar með allt of lágt kaup, lægra en menn geta komizt af með. Þeir, sem búa við þetta samningsbundna kaup, þeir búa við óbærileg kjör.

Það, sem mér sýnist því fyrst og fremst þurfa að gera, þegar ástandið er svo alvarlegt, og ég skal ekki ræða hér, hvers vegna ástandið er svona, þó að ég hafi mínar skoðanir á því, sem hafa ekkert farið dult og hafa í engu breytzt, heldur staðfestst, ef nokkuð er, — það, sem fyrst og fremst þarf að gera að mínu viti, er, að ríkisstj. standi fyrir því að greiða götu þeirra framleiðslugreina, sem höllustum fæti standa, svo að þessar framleiðslugreinar sjái sér fært að semja um lífsnauðsynlega kauphækkun strax. Ég tel, að ríkisstj. verði að gera þetta strax, því að ég get ekki séð, að málið leysist á viðunandi hátt öðruvísi en ríkisstj. eigi þannig frumkvæði að því að ganga í þessa hlið á málinu.

Ég hef þá skoðun, en skal ekki fara að útfæra það hér nú eða vekja um það kappræður, að ef það hefði verið snúið að því að semja í október í stað þess, sem gert var, þá væri fyrir löngu búið að gera viðunandi samninga.

Ég álít einnig, að tillögur ríkisstj., sem hún gerði 3. des. eða eitthvað þar í kring, hafi verið þess alls ómegnugar að leysa þennan vanda og það hljóti öllum að vera ljóst. Þetta hlýtur að hafa átt að vera eins og fyrsta útspil af hendi hæstv. ríkisstj. Ég held, að ríkisstj. hljóti að hafa verið það alveg ljóst, að till. megnuðu alls ekki að leysa málið, og ég hef ævinlega leyft mér að líta svo á, að þær hlytu að vera fyrsta útspil ríkisstj. í málinu. Og ég álít það lífsnauðsyn, að hæstv. ríkisstj. dragi ekki stundinni lengur að spila út sínum spilum áfram, til þess að einhver von verði til, að hnúturinn leysist.

Þessar till. gengu að sumu leyti í rétta átt, en að öðru leyti voru gallar á þeim. Þær gengu að sumu leyti í rétta átt, en allt of skammt, til að þær gætu leyst vandann. Og ég held því, að hæstv. ríkisstj. hljóti að hafa verið ljóst, að þarna þurfi að bæta mikið um og gera stórfelldari ráðstafanir til hagsbóta fyrir framleiðsluna en hæstv. ríkisstj. ráðgerði í þeim till.

Ég vil benda á, að það hefur verið eytt miklum tíma til að fá sem flesta til að koma að samningaborðinu í einu. Mjög miklum tíma og mikilli fyrirhöfn hefur verið eytt í þetta, og þá álít ég, að það eitt sé sæmandi fyrir hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því, að mál allra þessara aðila verði leyst í einu, sem hafa þarna, sumpart fyrir hennar tilmæli, skipað sér saman til samninga. Fram að þessu hefur

það mest verið fundið að, að það kæmi einn og einn í einu og þess vegna væri ekki hægt að koma neinni heildarlausn við. Þess vegna vil ég leggja áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. vinni þannig að þessum samningum og beiti áhrifum sínum í þá átt, að þannig verði að þeim unnið, að það verði leitað að heildarlausn fyrir þá, sem hafa skipað sér saman, nánast eftir tilmælum hæstv. ríkisstj., til þess að fremur væri hægt að ná tökum á þessum málum, en ekki verði farið út á þá braut að reyna að slíta þessi samtök í sundur og láta stórdeilu þessa standa óleysta, á meðan er verið að reyna við slíkt, — að gengið sé í þetta með heilindum og reynt að leysa málið sem mest í heild, þar sem nú loksins því hefur fengizt framgengt, að svo margir hafa komið í senn til að reyna að afgreiða kjaramál sín í einu lagi.

Hv. 5. þm. Austf., sem hóf þetta mál, spurði hæstv. ríkisstj. um, hvað hún ætlaðist fyrir og hvað væri hennar næsta skref í málinu, og hæstv. forsrh. kom nokkuð inn á það, og ég varð fyrir vonbrigðum að ýmsu leyti af því, sem hann sagði. Ég skal greina strax, í hverju það lá sérstaklega. Það lá í því, að hæstv. ráðh. talaði í þeim anda, að það væri ekki ríkisstjórnarinnar að eiga frumkvæði til að komast út úr þessum erfiðleikum. Þar er ég á allt öðru máli. Hann sagði líka, að launþegasamtökin hefðu ekki snúið sér til sáttasemjara og beðið um fund. Launþegasamtökin eiga sannarlega ekki að þurfa að snúa sér til sáttasemjara til að biðja um fund. Það á öllum, sem hér eiga hlut að máli, að vera skylt að halda uppi látlausum, linnulausum tilraunum til að leysa deiluna, kynna sér viðhorfin og gera þá uppástungur til lausnar henni.

Enn fremur sagði hæstv. ráðh., — og ég varð líka fyrir vonbrigðum með það, — að ríkisstj. mundi hvenær sem er ræða við aðila og athuga þeirra till. Þetta finnst mér ekki heldur rétt viðhorf. Ég álít, að hæstv. ríkisstj. verði að eiga frumkvæði í þessu máli og það muni seint leysast ella, vegna þess að lausn þess veltur svo mjög á því, hvaða ráðstafanir verða gerðar í málunum almennt, því að án slíkra ráðstafana verður ekki auðið að leysa þetta. Lögþvingunarleiðin er útilokuð. Hún er úr leik, sem betur fer, og það verður að leysa þetta mál með samningum, og þá verður ríkisstj. að eiga þar mikið frumkvæði og gera myndarlegar ráðstafanir, ef vel á að fara, og ekki bíða eftir því, að einn eða annar aðili geri þetta eða hitt, heldur hafa forustu í málinu.

Þetta er mitt svar við þeirri spurningu, sem hæstv. forsrh. varpaði í raun og veru fram, þar sem hann sagði, að spurningin væri, hvenær væri tímabært fyrir ríkisstj. að hefjast handa að nýju.

Ég vænti, að það, sem hæstv. forsrh. sagði svo um afskipti Alþingis og þá deilu, sem hér varð um lögbindingu kaups og annað þvílíkt, beri ekki að skoða þannig, að hann beri ekki gott skynbragð á, að það er allt annað og sitt hvað og eins óskylt og austur og vestur eða suður og norður, að lögfesta kaupgjald á Alþ., og hitt, að ríkisstj. landsins geri allar hugsanlegar ráðstafanir með tilstyrk löggjafarvaldsins til þess að greiða fyrir því að leysa málið eftir samningaleiðinni og hafi frumkvæði um það, og það er það, sem ég fyrir mitt leyti vil leggja höfuðáherzluna á.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði, að ríkisstj. hafi hugleitt að gera nýjar till., en mér skildist á því, sem hann sagði, að hann efaðist enn um, að tími væri kominn til þess, að ríkisstj. legði fram nýjar tillögur, sem mættu miða að sáttum á milli aðila. Og í þessu sambandi sagði hæstv. forsrh., að deiluaðilar hefðu ekki snúið sér til ríkisstj. eða beðið um frekari afskipti hennar af málinu nú um sinn. Ég hélt, að það hefði komið skýrt fram, að atvinnurekendur, sérstaklega fulltrúar útflutningsatvinnuveganna, hefðu talið, að tilboð ríkisstj. þeim til hagsbóta hafi gengið allt of skammt, og það væri meginástæðan til þess, að þeir teldu sér ekki fært að ganga lengra til móts við launakröfur sinna viðsemjenda en þeir hefðu þegar gert, því að illa trúi ég því, að fulltrúar útflutningsatvinnuveganna viðurkenni ekki opinberlega, að það sé á því ríkt nauðsyn, að þeir geti borgað hærra kaup en þeir hafa gert til þessa, til þess að þeir geti verið samkeppnisfærir um vinnuaflið. Ég hygg, að í till. þeim, sem ríkisstj. gerði, hafi hún miðað við það að létta nokkrum útgjöldum af útflutningsatvinnurekstrinum frá því, sem í gildi er nú, en hins vegar hafi ríkisstj. séð ástæðu til þess, um leið og hún létti nokkrum útgjöldum af útflutningsatvinnuvegunum, að gera till. um að leggja nýjan skatt á landsmenn almennt til hreinnar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, óháð þessum deilum, sem nemur margfaldri þeirri upphæð, sem ríkisstj. sá sér fært að bjóða útflutningsatvinnuvegunum til stuðnings því, að þeir geti risið undir hærra kaupgjaldi. Ég hygg, að þetta hafi komið mörgum á óvart, að ríkisstj. skyldi einmitt á þessum tíma, þegar var verið að leysa þessi vandamál, koma fram með till. um það, að leggja þyrfti á almennan skatt í landinu til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, sem nam miklu hærri fjárhæð en hún taldi sér fært að aðstoða útflutningsatvinnuvegina með. Ég held því, að það sé enginn vafi á því, að fulltrúar útflutningsatvinnuveganna beinlínis ætlist til þess, eins og þeir hafa gert opinberlega till. til ríkisstj. um áður, að ríkisstj. gangi lengra til móts við þá, og á því standi hvað þá áhrærir í þessum samningum. Hitt er svo min skoðun, að á því leiki enginn vafi, að ýmsar greinar atvinnulífsins geta borgað það kaup, sem fram á er farið í þessum samningum, og reynslan hefur þegar sýnt það, að þær greinar hafa borgað nokkuð svipað kaup og farið er fram á í samningunum af fulltrúum verkalýðsfélaganna og það þurfi því ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins til þess að aðstoða þær atvinnugreinar.

Ég tek alveg undir með hæstv. forsrh., að það

er vitanlega æskilegast, að aðilarnir í deilunni, vinnuveitendur og fulltrúar verkalýðssamtakanna, eigist sem mest einir við um þessi mál og reyni að fikra sig áfram til samkomulags. En þegar málin eru þannig, að bein afskipti ríkisvaldsins hafa leitt til þess, að aðilarnir telja sig ekki hafa bolmagn til þess að verða við þeim kröfum, sem fram eru settar, er vitanlega eðlilegt, að ríkisstj. komi þar til og ræði við aðila um það atriði og teygi sig til hins ýtrasta til þess að fá þau atriði úr veginum, sem þar hafa verið til fyrirstöðu.

Hæstv. forsrh. minntist á það, að við fulltrúar Alþb. hefðum mjög verið á móti beinum ríkisafskiptum af þessum málum, og átti þar m. a. við frv. ríkisstj. um launamál o. fl., sem stöðvað var hér fyrr á þinginu, og hann sagði í þeim efnum, að það hefðu ekki komið fram hjá okkur nema þá óljóst, hvers eðlis við vildum hafa þau afskipti, sem um væri nú talað að gætu komið til greina af hálfu ríkisvaldsins í sambandi við lausn þessara deilna. Í umr. um þessi mál hefur þetta nú komið fram mjög greinilega. Það er t. d. mín skoðun, að ríkisstj. eigi mjög auðvelt með það að gera hag útflutningsatvinnuveganna betri en hann er nú, m. a. með því að lækka vexti, einkum og sérstaklega á hinum svonefndu afurðalánum. Og í öðru lagi getur ríkisstj. einnig gert ráðstöfun til þess að bæta hag útflutningsatvinnuveganna með því að lækka hin gífurlega háu útflutningsgjöld og gera um leið nauðsynlegar breytingar, sem ég hef gert hér grein fyrir áður, á fyrirkomulagi vátryggingakerfisins og spara þar með mikið fé, en það er auðvelt að mínum dómi.

Þetta held ég, að ríkisstj. geti auðveldlega gert til hagsbóta fyrir útflutningsframleiðsluna. Ég held líka, að ríkisstj. gæti gert þýðingarmiklar ráðstafanir fyrir launþega í landinu, sem gætu orðið til þess, að þeir breyttu nokkuð kröfum sínum, t. d. með því að fallast á að taka aftur upp eldri lagaákvæði um vísitölutryggingu á kaupi, þ. e. undanbragðalausa vísitölutryggingu á kaupi. Það er auðvitað enginn vafi á því, að launþegasamtökin í landinu hljóta, eins og þróunin hefur verið í verðlagsmálunum, að miða sínar launakröfur nokkuð með tilliti til þess, að engin vísitölutrygging er nú á kaupinu.

Ég álít líka, að ríkisstj. gæti staðið fyrir því, að ákveðnar yrðu nokkrar verðlagslækkanir á ýmsum þýðingarmiklum vörum, vegna þess að reynslan hefur sýnt það, að afkoma ríkissjóðs er með þeim hætti, að ríkissjóður þarf ekki að innheimta alla þá tolla, sem hann gerir nú af brýnustu lífsnauðsynjum. Þar væri hægt að draga nokkuð úr og bæta þannig aðstöðuna. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það, hvað hægt er að gera í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. vék nokkuð að því, hvað væri raunverulega markmið manna í sambandi við kaupgjaldsbreytingar, hvort markmiðið væri það að stefna að almennum kauphækkunum, sem gengju yfir alla í landinu og þá mundu verða hinum kauplægri að litlu gagni, eða hvort menn vildu miða baráttu sína við það að hækka kaup hinna lægst launuðu, og mér fannst hann haga orðum sínum þannig, að fulltrúar Alþýðusambandsins væru á fyrri skoðuninni, sem miðaðist við það að koma fram miklum kauphækkunum til allra í landinu, jafnt þeirra, sem taka hærra kaupið, og hinna, sem taka hið lægra. Ég held, að þessi uppsetning hjá hæstv. forsrh. sé mjög röng. Þeir aðilar, sem nú er deilt um kaupið hjá í landinu, almennt talað, eru þeir, sem vinna fyrir lægst kaup samkv. gildandi kaupgjaldssamningum. Yfirgnæfandi meiri hl. þeirra, sem eru í verkföllum nú, eru hin almennu verkalýðsfélög og félög þeirra, sem vinna í iðnaði. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. geri allt of mikið úr því, að uppi séu nú einhverjar sérstakar kröfur um það að hækka óeðlilega laun þeirra, sem hafi há laun fyrir. Ég tel, að um það sé ekki að ræða í hópi þeirra aðila, sem í verkföllum standa nú. En hinu verður hins vegar ekki neitað, að ýmsir þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem hafa lengst af búið við hæstu launakjör, hafa þegar fyrr á árinu fengið tiltölulega mesta launahækkunina.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, en mér sýnist á því, sem hér hefur fram komið hjá hæstv. forsrh., að ljóst sé, að ríkisstj. ætlar sér að endurskoða sínar fyrri till. og hugsar sér að leggja fram nýjar till. til þess að reyna að greiða fyrir sáttum í deilunni. Það þykir mér út af fyrir sig góðs viti. En ég vil í þessum efnum undirstrika það, að ég álít, að það sé kominn tími til þess, að ríkisstj. geri það, hún dragi þetta ekki frekar en orðið er, því að hver dagur er fyrir þjóðarbúið í heild dýr, ef svo skal til ganga eins og gengið hefur til nú að undanförnu. Ég held, að ríkisstj. hafi í þessum efnum möguleika til að gera það, sem gæti orðið til þess, að samningar tækjust, en þá má hún ekki láta standa á sér og þá verður hún að gera það, sem greinilegt er að t. d. atvinnurekendur ætlast til í þessu og kann að vera að sé þörf þeirra vegna, sumra þeirra, en draga hins vegar til baka till. sínar, sem fara í þveröfuga átt varðandi lausn deilunnar, eins og till. um það að ætla að fara að leggja á nýjan almennan söluskatt, sem mundi hækka verðlagið í landinu og raunverulega kalla eftir meiri kaupgjaldskröfum og auðvitað íþyngja atvinnurekstrinum líka. Frá slíkum till. held ég, að ríkisstj. þyrfti að hverfa, en snúa sér beint að hinu verkefninu, sem er að gera ráðstafanir þeim atvinnugreinum til stuðnings, sem nauðsynlegt er, svo að samningar geti tekizt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Úr því að þessi mál eru komin hér til umr. á Alþingi, um þau hefur verið nokkuð rætt, þá tel ég, að ég geti varla látið þeim ljúka svo, að ekki verði sögð um þau einhver orð frá hendi Alþýðusambandsins og verkalýðssamtakanna.

Það hefur verið rakið hér, að á þessu sumri hefur það markvert gerzt í kjaramálum, að endurskoðun hefur farið fram á launum opin-

berra starfsmanna, og talið, að sú launahækkun nemi að meðaltali um 40—45%. Einnig er það kunnugt, að dýrtíð hefur aukizt svo gífurlega á liðnu sumri, að þar er um að ræða a. m. k. 15 vísitölustig. Og rétt er það, sem hér var áðan sagt, að sérfræðingar ríkisstj. nú reikna með, að rétt innan stundar komi fram 6 vísitölustig í viðbót, þegar litið sé á alveg fyrir fram vitaðar verðhækkanir og áhrif af þeim litilvægu afskiptum, sem hæstv. ríkisstj. lagði til að hafa af málinu til lausnar deilunni, og dýrtíð kynni að aukast af tilefni þeirra aðgerða og þar með byrðum ríkissjóðs, sem af því kynni að leiða. Þarna er því um að ræða, alveg um þær mundir, sem staðið er að samningum við verkalýðshreyfinguna, að horfast í augu við um 20 vísitölustiga hækkun á verðlagi, almennu verðlagi í landinu, sem á engum bitnar auðvitað harðar en hinum lægst launuðu. Þegar svo standa sakir, tjóar lítt að sýna sinn góða vilja til að leysa mikinn vanda með því að bera fram till., sem þýða kannske 2—3% hjá þeim, sem það helzt kæmi að verulegu gagni. Þegar málin stóðu svona og horfzt var í augu við þessa feiknadýrtíð og þá lagfæringu annars vegar, sem margar stéttir höfðu fengið, því að það urðu ekki einasta opinberir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana, heldur starfsfólk allra bankanna og starfsfólk Reykjavíkurborgar og starfsfólk allra bæjarfélaga í landinu, yfirleitt allt fólk með hvitan flibba um hálsinn, þá sáu allir, og ég held, að það verði allir að viðurkenna, að þá var ekki stætt á því að ætla verkafólkinu einu að vera eftir.

En samt sem áður gerðist það nú þá, þegar þetta allt hafði gerzt í launamálum og dýrtíðarmálum, þá lagði hæstv. ríkisstj. fram á Alþingi lagafrv. um, að verkafólkið skyldi samkv. lögum búa við óbreytt kaupgjald, missa rétt til þess að semja við sína löglegu viðsemjendur og missa sinn verkfallsrétt fram til næstu áramóta. Þetta var of harkalegt, þetta var svo ranglátt, að meginhluti þjóðarinnar reis upp gegn þessu. Þess vegna var góðu heilli horfið frá því að lögfesta þetta frv., eftir að þjóðin hafði talað svo skýru máli, að það varð ekki misskilið. Og þá vonuðu allir, að nú yrði vel nýttur sá mánaðarfrestur, sem þá skapaðist í viðbót við 4½ mánuð, sem liðnir voru frá vordögum, þegar verkföllum var þá frestað að tilmælum ríkisstj. og bráðabirgðasamkomulag gert fram til 15. okt., með því að kaup hækkaði í vor um 7½%, en það var öllum ljóst, að allir kjarasamningar áttu að falla úr gildi fyrirvaralaust þann 15. okt.

En hvað var hafzt að eftir 9. nóv., þegar sáttagerðin var gerð hér á Alþingi? Jú, það var gert þetta, að verkalýðssamtökin urðu við þeim tilmælum hæstv. ríkisstj. að reyna að þjappa öllum greinum samtakanna saman í sem mesta skipulagslega samstæða heild. Og það tók ekki ýkjalangan tíma. Það tók skamman tíma, enda var vel að þessu unnið. Það tók ekki nema um 4—5 daga. Þann 14. nóv. voru öll deilumálin komin í hendur sáttasemjara ríkisins, og frá þeim degi hafa sáttasemjarar ríkisins eða sáttasemjari og hans aðstoðarmenn, sem nú eru orðnir þrír, sem ég líka fagna, að ríkisstj. lét þá ágætu menn honum til aðstoðar, — frá þeim tíma hafa þeir haft þessi mál öll í sínum höndum og hafa haft verkstjórnina, eins og vera ber, yfir samtökum atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, að því er snertir samningamálin síðan.

Ríkisstj. lét frá sér tilboð þann 3. des. Það fól í sér, að hún lagði til, þó að maður hefði nú haldið, að það heyrði fremur undir atvinnurekendurna sjálfa, að kaup yrði hækkað á lægstu töxtum almennra verkamanna um 8% og hjá iðnaðarmönnum, sem ynnu eftir tímakaups- og vikukaupstöxtum, um 4%. En þessar prósentutölur voru ekki miðaðar við útgreitt kaup, heldur áttu þessar prósentutölur eingöngu að miðast við hækkun á dagvinnukaupi, sem er nú sízt meira en 2/3 hlutar af tekjum verkamanna. Þriðji parturinn af tekjum verkamanna er fenginn með yfirvinnu og næturog helgidagavinnu, en hún átti ekki að hækka samkv. tilboði ríkisstj. Þess vegna er það nákvæmlega sagt, ef menn vilja ekki ljúga með tölum, og það eiga menn ekki að gera í þessu alvarlega máli, — þetta tilboð var að því er snertir þá, sem áttu að fá 8% kauphækkun á dagvinnuna, tilboð um 5.6% hækkun á kaupi fólks, kaup þeirra, sem taka lægstu taxtana. Tilboðið var um 5.6% því fólki til handa og helmingi minna handa iðnaðarmönnunum, sem vinna á tíma- og dagvinnukaupi.

Í annan stað átti svo að gera tilhliðrun á útsvarsstigum, þannig að hinir lægst launuðu fengju þar nokkra ívilnun, — flestir, þó ekki allir. En hins vegar átti þessi byrði aðeins að færast til, þannig að hún átti að færast yfir á herðar hinna tekjuhærri, því að útsvarsstiginn átti að hækka í efri endann við visst tekjumark. Við höfum aldrei neitað því í verkalýðshreyfingunni, að þetta væri tillitssemi til hinna lægst launuðu, og tekið það sem góða og gilda vöru, þó að einhleypingar eigi t. d. strax sennilega að bera þyngri byrði en að óbreyttri útsvarslöggjöf eða a. m. k. við visst tekjumark þeirra, það er gefið. En þetta tilboð um útsvarsbreytinguna höfum við þó vikum saman ekki fengið nákvæmlega útfært, þannig að á því sé hægt að taka, hversu mikil kjarabót þetta sé hinum allra lægst launuðu, því að við höfum ekki enn þá fengið frá hæstv. ríkisstj. hina nýju útsvarsstiga, sem hún kveðst ætla að leggja til grundvallar fyrir breyttri löggjöf, og á meðan vitum við ekki nákvæmlega um, hvað í þessu felst. Við viðurkennum, að þetta stefnir að svolitilli lagfæringu hjá þeim allra lægst launuðu, en færir aftur gjaldabyrðina yfir á herðar hinna hærra launuðu. Þetta metum við nokkurs, teljum þetta í réttlætisátt. Að vísu skal það sagt af mér, að til skamms tíma hefur það verið talin sjálfsögð skylda stjórnarvalda að haga sáttalöggjöf á réttlátan hátt, án þess að því fylgi þá sú orðsending til verkafólks: Þá verðið þið líka að lækka ykkar kaup. — Það er alveg ný kenning. En samt, ef þetta er gert, jafnframt því sem verið er að semja

um kaup, þá metur verkafólk þetta sem jákvætt tilboð til sín, og því hefur alls ekki verið hafnað, þó að svarað hafi verið, að í heild sé tilboð ríkisstj. metið sem ófullnægjandi samningsgrundvöllur.

Í þessu tilboði var svo imprað á því, að ríkisstj. mundi e. t. v. gera einhverja breytingu á lögum til þess að auka kaupgetu útflutningsatvinnuveganna, og það tilboð sneri meira að þeim en okkur. En við fengum þó þarna um það að vita.

Þessu næst var svo í tilboði ríkisstj. gerð grein fyrir því, samkv. útreikningum hennar sérfræðinga, hvað þeir teldu, að dýrtíð mundi hækka alveg á næstunni vegna verðlagsbreytinga, sem þegar hefðu átt sér stað eða væru að verða, en ekki væru komnar inn í verðlagið, og vegna þeirra aðgerða, sem ríkisstj. ætlaði að gera deilunni til lausnar. Þar var m. a. gert ráð fyrir því, að til þess að standast byrðar, sem ríkisstj. kynni að taka að sér vegna framleiðsluatvinnuveganna, mundi verða aflað nýrra tekna með söluskatti og hann mundi nema um 220 millj. kr. og af honum ættu að fara sérstaklega til að hjálpa framleiðsluatvinnuvegunum um 45 millj. kr. Þetta var a. m. k. látið fylgja til okkar með útskýringum sérfræðinga frá ríkisstj., sem við áttum tal við.

Þá var vikið að lokum að einu atriði, sem hefur verið og er kannske þungamiðjan í öllum kröfum verkalýðssamtakanna. Það er krafan um það, að um það kaup, sem semjist, skuli teknar upp verðtryggingar, þannig að það kaup, sem um semst, missi ekki gildi frá degi til dags, frá því að samningar voru undirritaðir og þangað til það er orðið að engu á skömmum tíma, eins og raunar gerzt hefur, með vísitölutryggingu eða einhverjum öðrum aðferðum, sem ríkisstj. eða hennar ráðunautar gætu lagt fram till. um. Við erum ekkert bundnir þar við eitt eða neitt fast form. Á þessu tók hæstv. ríkisstj. í sínu tilboði jákvætt að minni hyggju. Hún gaf þar í skyn, að hún mundi vera fáanleg til að beita sér fyrir afnámi þeirra ákvæða í lögum, sem banna nú hvers konar launabætur á kaup með vísitölukerfi, en tók það fram, að þessi vísitala ætti ekki að byrja að verka, fyrr en inn væru komnar þær verðhækkanir, sem nú væru fyrirsjáanlegar og næmu 6 stigum. Það þýðir, að þær bætur ættu að eyðast, áður en vísitalan færi að verka. Þetta var fyrsta skilyrðið. Þetta þýðir auðvitað það, að inn í kaupgjaldssamninga teldum við okkur nú þurfa að taka þær verðhækkanir, sem þarna er gert ráð fyrir, því að annars yrðu þær bara að nafninu til, væru farnar út í veður og vind undireins við næstu skráningu dýrtíðarinnar, undireins og þær eru komnar út í verðlagið, og það er sagt, að þær séu rétt í þann veginn að koma það. Í annan stað um þessar lauslegu vísitöluhugmyndir, sem þarna voru bornar fram, var sagt: Fob.-verð erlendrar vöru á ekki að mælast í þessari vísitölu. — Þarna var strax tekið fram, að það ætti að vera mjög mikil takmörkun á henni, og þeir kölluðu þetta vísitölutilboð. tilboð um takmarkaða vísitölu á laun. Nánar höfum við ekki fengið þessar hugmyndir skýrðar. En það verður að segjast, að þarna er op í báða enda, bæði að því er snertir þær fyrirsjáanlegu verðhækkanir, sem menn geta reiknað út í vísitölustigum nú, eru á næstu grösum, þær eiga ekki að mælast í henni, og fob.-verð erlendrar vöru á líka að vera utan við hana og á ekki að mælast í henni. Þá ætti hún eingöngu eftir það að mæla verðhækkanir af innlendum toga spunnar.

Ég held, að ég hafi ekki afflutt tilboð hæstv. ríkisstj. með þessu, sem ég nú hef sagt. En þegar verkamenn litu á þetta tilboð í heild og sáu fram á það eftir upplýsingum ríkisstj. sjálfrar og hennar sérfræðinga, að 6 vísitölustig ættu að hverfa í verðbólguhítina strax, þegar upp væri staðið frá samningum, og ekki fá verðtryggingu í vísitölu, þá sögðum við: Kauphækkunin, 8%, sem eru ekki nema 5.6% á tekjur verkamanna eftir lægstu töxtum og þeim mun minni hjá iðnaðarmönnum, er þegar farin vegna þess frádráttar, sem þarna kemur alveg á næstu dögum og upplýst er að liggi fyrir. Og eftir eru í mesta lagi 1.6—2%, því að þessi 6 vísitölustig eru 4%. — Kauphækkunin hjá 8% mönnunum er 5.6, og við gátum því ekki séð annað, og því hefur ekki verið hnekkt í viðræðum við sérfræðinga ríkisstj., að nettó fólst ekki í þessu nema 2% kjarabót, þegar plúsar og mínusar voru teknir með í dæmið til þeirra, sem áttu að fá svoköllu 8%, en kjaraskerðing átti að bitna á tímakaupsmönnum iðnaðarins þrátt fyrir þetta tilboð ríkisstj. Ég kalla þess vegna hæstv. ríkisstj. bjartsýna um lausn þessara deilumála, ef hún hefur nokkurt augnablik gert sér vonir um, að þetta hennar tilboð væri lausn á vandanum. Þá er hún ekki raunsæ. En það hefur engri forsmán verið slegið á þetta tilboð, við höfum metið það jákvæða við það og það, sem er neikvætt við það, og gefið út okkar skoðun um það, hvað í því felist nettó, og við höfum lýst því yfir í heild, að við teldum það ófullnægjandi umræðugrundvöll til lausnar deilunni, og um það hefur ekki verið ágreiningur í okkar röðum.

Ríkisstj. hefur nú gert eitt enn, sem ég hef ekki vikið að. Seint um kvöldið þann 9. des., þegar verkföllin áttu að hefjast kl. 12 á miðnætti, fengum við, — það hefur líklega verið á 10. tímanum, sem viðræðunefnd við sáttasemjarana var fengið í hendur bréf frá hæstv. ríkisstj. Þá var matarhlé hjá viðræðunefndunum, og það var ekki tekið fyrir fyrr en kl. 10 eða að ganga 11, en þá var það líka rætt af samstarfsnefnd verkalýðsfélaganna. Þar sem þá voru mættar allar samninganefndir allra þeirra sjö samningahópa, sem verkalýðshreyfingunni hefur verið þjappað saman í, í einu húsi, þá var þetta bréf ríkisstj., sem var um það, að enn þá yrði veittur viðbótarfrestur á verkföllunum, sem áttu að hefjast þá kl. 12 á miðnætti, þetta bréf var lagt fyrir samstarfsnefndina og allar samninganefndirnar, hverja fyrir sig, og spurzt fyrir um það, þegar bréfið

hafði verið kynnt, hvort nokkrar tillögur væru um það að taka þessu. Ekki einn einasti maður í einni einustu samninganefnd og enginn maður í samstarfsnefndinni taldi fært að verða við þessu bréfi hæstv. ríkisstj. Enda getur hæstv. ríkistj. ekki verið svo ófróð um þessi mál, að hún viti ekki, að það er á einskis einstaklings færi, einskis manns færi, að aflýsa löglega boðuðum verkföllum. Þá fyrr um daginn höfðu verið haldnir félagsfundir í allmörgum stéttarfélögum, en þetta bréf barst ekki, áður en þeir fundir voru haldnir, það var ekki hægt að leggja bréfið fyrir einn einasta félagsfund. Það var aðeins hægt að ræða um þetta í þessum nefndum þarna um kvöldið og taka þar um það ákvörðun. Og allir voru á einu máli um, að það væri ekki hægt að verða við þessari beiðni hæstv. ríkisstj. um enn þá einn framhaldsfrest. Það var um óákveðinn tíma, sem beðið var um að fresta verkföllunum, og það var ekki jafnframt neinn boðskapur, sem vakti vonir um lausn.

Ég held, að við megum ekki gera mikið að því, hvorki úr röðum verkalýðshreyfingarinnar né frá ríkisstj. hendi eða atvinnurekenda, að vera að leggja fram sýndarplögg, sem bera vott um, að okkur langi til þess að þvo okkur um hendurnar, eins og vissan mann, sem getur um í heilagri ritningu.

Síðan hófust verkföllin, þau viðtækustu, sem hafa brotizt út hér á landi. Yfir 60 stéttarfélög með um 20 þús. manns hófu verkföll 10., 11. og 12., og ýmis félög eru enn að boða verkföll, jafnvel nú í dag eru boðuð verkföll innan stundar í Vestfirðingafjórðungi, og deilan er þess vegna sífellt að verða alvarlegri og alvarlegri. Samgöngurnar eru lamaðar, verzlunin var lömuð, þangað til í gær er gengið til samninga þar á þann hátt, að fulltrúar verzlunarmannasamtakanna vanræktu allt samstarf við samstarfsnefndina, sem þeir voru meðlimir í, og voru í látlausum samningum við — ja, sennilega sína viðsemjendur og sáttasemjara dag eftir dag, nótt eftir nótt, þangað til búið var að fá það út úr heildinni. En ef einhverjir í röðum atvinnurekenda eða hæstv. ríkisstj. hafa haldið, að þeir væru að leysa verkfallið með þessu, þá hafa þeir misskilið allt málið, því að þetta hefur orðið til þess að hleypa miklu, miklu meiri hörku í deiluna. Og fólk segir og brosir í kampinn: Það hafa fyrr verið háð verkföll á Íslandi, þó að kaupmenn og kaupsýslan í Reykjavík hafi ekki verið með í þeim átökum, og það verður gert enn. — Það fellur engum ketill í eld fyrir það, þó að það hafi tekizt að buga forustumenn verzlunarmannasamtakanna. Sú lausn er, eins og allir vita, gerðardómur, sem á að hafa lokið störfum fyrir 1. febr. Þá fyrst má vitnast, hvaða launabætur verzlunarmennirnir fá. Það lá á borðinu, að þeir áttu rétt á miklum kjarabótum vegna þeirra kjarabóta, sem opinberir starfsmenn höfðu fengið, og um starfsmenn við skrifstofustörf í þjónustu kaupsýslunnar lá það á borðinu, að þeir áttu þann rétt að fá sömu kauphækkanir. En þessar kauphækkanir máttu ekki vitnast, meðan verkafólkið var einnig í samningum, því að það var fyrirhugað, að það ætti að fá miklu, miklu minna. Og ef málin voru leyst nú fyrir opnum tjöldum, þá gat það orðið verkafólkinu til liðs, eftir að það var búið að standa við bakið á verzlunarmönnunum, og þess vegna varð að flokka þetta í sundur. En vitanlega lyppaðist ekki verkafólkið niður við þetta, það þarf enginn að halda.

Ég hafði af þeirri reynslu, sem ég hef haft hér af vinnuveitendasamtökunum og vinnubrögðum atvinnurekenda, þá hafði ég alveg reiknað með því, að fyrir 12 á miðnætti þann 9. des. mundi koma tilboð frá atvinnurekendunum gegnum sáttasemjara, en það kom ekki. Þá hugsaði ég með mér: Nóttin líður ekki svo, að það komi ekki tilboð frá þessum aðilum, tilboð, sem sé við það miðað, að sumir í okkar röðum telji það viðunandi og vilji ganga að því og aðrir telji það ófullnægjandi og mundu vilja hafna því. Slíkt tilboð hlýtur að koma þessa nótt til þess að reyna að rugla okkar raðir. — En það kom ekki heldur. Og af hverju kom það ekki? Það kom ekki, af því að sáttasemjararnir höfðu svo mikið að gera við að reyna að ná verzlunarfólkinu og prenturunum út úr okkar röðum. Og það dugði ekki sú nótt til þess. Síðan hefur allur tíminn verið upptekinn við þetta, þangað til þessi árangur hefur náðst, að verzlunarfólkinu var náð út úr heildarsamtökunum, sem hafði verið beðið um að stofna sérstaklega til.

Ég víti þessi vinnubrögð, hvort sem þau eru runnin undan rifjum hæstv. ríkisstj. eða sáttasemjaranna sjálfa. Höfuðvandinn, sem þeir áttu að minni hyggju að taka á, var fyrst og fremst að reyna að leysa vandamál frumatvinnuveganna og þá kaupsýslunnar jafnframt. En nú hefur allur tíminn frá 9. des. þangað til fram á þessa stund farið í það að reyna að leysa mál verzlunarinnar í Reykjavík. Það er kannske nokkuð mikils virði, ég játa það. Jólakauptíðin er dýrmæt þessu fólki. En það eru mörg fleiri verðmæti í húfi, sem ekki er síður vert að hafa í huga og byggja á.

Þetta verkfall er ekki rekið af hörku fram til þessa, það getur enginn sagt. Þegar leið að miðnætti 10. des., vissi enginn um það, hvort nokkur fengi mjólk í Reykjavík næsta dag. Mjólkurfræðingar eða þeirra stéttarfélag hafði ákveðið að hefja verkfall þá um miðnættið, og það var ekkert auðgert mál að fá þá til þess að hætta við að nota sinn verkfallsrétt og taka til starfa til þess að tryggja Reykvíkingum mjólk. Það var reynt með milligöngu sáttasemjara um nóttina að leysa þessi mál, og það tókst ekki, og það var slegið föstu um fund til að leysa þennan vanda kl. 10 þann 10. des. árdegis, og hann stóð til kl. 2, og þá fyrst hafði tekizt að fá mjólkurfræðingana til þess að veita undanþágu um verkfallsaðgerðir á neyzlumjólk til Reykjavíkur. Og þið haldið kannske, að það sé ekki nema auðveldur hlutur fyrir verkalýðssamtökin að veita svona undanþágu og tryggja þessa neyzluvöru. En það kostaði meira. Það kostaði það,

að verkalýðsfélagið á Selfossi, sem einnig stóð í verkfalli, varð að veita 30 aðstoðarmönnum í mjólkurbúinu undanþágu til þess að vinna þar með mjólkurfræðingunum, ef þetta átti að geta gerzt. Og þá varð enn fremur verkalýðsfélagið að opna þvottahúsið á Selfossi, til þess að hægt væri að tryggja, að þetta fólk, sem nú átti að vinna í mjólkurbúinu, faglærðir og ófaglærðir, fengi hrein föt, þá varð að veita þar undanþágu. En ekki nóg með það, bifvélavirkjafélagið, sem er landsfélag og var einnig í verkfalli, það varð einnig að veita undanþágu, til þess að nauðsynleg viðgerðarþjónusta handa 50 þungavörubifreiðum yrði tryggð, svo að hægt væri að annast flutningana. M. ö. o.: það var þarna búið í raun og veru, til þess að tryggja Reykvíkingum neyzlumjólk, með hörðu og með friðsamlegum tilmælum að fá hvert stéttarfélagið á fætur öðru til að hverfa frá sinni ákvörðun meira og minna um að framkvæma verkfallið. Og sögðu þó þessi félög: Við ætluðum ekki að vera á herðunum á hinum félögunum, við ætluðum að berjast fyrir okkar kauphækkun sjálfir. — Núna í dag er svo komið, að það er í raun og veru búið að veita undanþágu á Selfossi um alla vinnu, eftir að verzlunarfólkið fékk sína lausn í gær, nema 20—30 manns, sem stendur nú í verkföllum og má ekki vinna, en allt hitt fólkið er að vinna í undanþáguþjónustu, til þess að við getum fengið mjólk. Við hefðum þó, held ég, getað lifað á þurrmjólk og drukkið kókakóla og ávaxtadrykki.

Verkfallsstjórnin hefur líka reynt að tryggja það, að fólk fengi neyzlufisk. En það verður líka að gerast með undanþágum, bæði til þeirra báta, sem afla fisksins, og til fiskbúðanna. Og með mjólkurvandamálinu var leyst líka, að Reykvíkingar fengu brauð. Það vantaði svo sem ekki fyrstu dagana, að það var rokið í búðina af þessu venjulega fólki, sem alltaf vill birgja sig upp í verkföllum, hamstra, og það keypti tugi kílóa af brauði og varð marga daga, eftir að glænýtt, volgt brauðið kom til þeirra, sem höfðu ekki keypt, að gófla sitt harða verkfallsbrauð, og var maklegt og ekkert nema maklegt. Það hefur kastað því kannske, það hefur nú líklega gert það.

Seinustu dagana hefur ekki linnt á neyðarópunum austan af landi. Ég hefði haldið, að vandi síldarsaltendanna á Austfjörðum væri leystur með því að fresta verkföllunum frá 10. nóv. til 10. des., því að þá átti öll síld af Austurlandi að vera farin úr landi samkvæmt samningum. Nei, en 10. des. kom og þeir höfðu ekki allir einu sinni fyrirhyggju að ápækla sína síld seinasta dag, áður en verkföllin hófust, ekki allir, og urðu svo að biðja verkafólkið að leggja nú fram vinnu, eftir að verkföllin voru hafin, að ápækla síldina, til þess að hún eyðilegðist ekki. Ég sagði þessum mönnum fyrst: Þið eigið sjálfir að bjarga ykkar síld með því að semja skynsamlega við verkafólkið. Ef þið viljið það ekki, hvernig getið þið þá beðið verkafólkið að bjarga henni með því að leggja fram vinnu í verkfalli? Ykkur er það sjálfum næst. — En það er búið núna að gefa þá undanþágu yfir alla Austfjarðalínuna, að fram skuli lögð nauðsynleg vinna til þess að firra þessa síld eyðileggingu. En ef um allt hefði verið synjað og hver maður staðið á sínum verkfallsrétti og sagt: Hér verður engin vinna lögð fram, — þá hefðum við ekki verið að þamba mjólk í dag að minnsta kosti og þá væru mörg verðmæti í hættu, meiri en hér hjá kaupmannastéttinni í Reykjavík, þó að meira sé hugsað um það. Öllum dögunum síðan 10. des. hafði verið varið til þess að leysa vanda kaupsýslunnar, en vandi atvinnulífsins látinn bíða, eins og hann væri enginn. Ég kalla þetta öfugt að farið. Það er alveg eins öfugt og sú utanríkispólitík að vera alltaf fyrst og fremst að ráðstafa innkaupum, hvar sem er, ráðstafa væntanlegum gjaldeyri, sem framleiðslan skapi, en hugsa seinast um það að afla markaða fyrir söluvöruna.

Nei, þetta verkfall hefur, það sem af er, ekki verið rekið með hörku. En verkalýðshreyfingin er þess ekki umkomin að veita undanþágu frá öllum vanda. Það er t. d. blóðugt að verða, vegna þess að samningar fást ekki, að stöðva síldveiðarnar hérna við Faxaflóa, sem hafa gengið illa, gengið treglega fram að þessu, ef góð tíð kæmi nú og síldin fiskaðist. En við getum ekkert annað. Verkafólkið á Akranesi er í verkfalli. Það hefur því orðið að biðja um það, að bátarnir þaðan, bátarnir héðan úr Reykjavík, verkafólkið hér, bátarnir úr Hafnarfirði, — verkafólkið hér hefur orðið að biðja um það, að sú vinna, sem átti að fara fram á Akranesi, í Reykjavík og í Hafnarfirði af fólkinu, sem nú er í verkfalli, hún verði ekki frá því tekin af fólki, sem ekki er í verkfalli, í Keflavík, Ólafsvík, Sandi, Patreksfirði eða á Vestfjörðum. Og verkafólkið segir sem svo: Eins og það er sjálfskrifuð siðferðisregla hjá okkur, að við tökum ekki vinnu þá, sem verkamaður í verkfalli hefur lagt niður á sama stað, eins gerum við það ekki heldur, þó að vík eða fjörður eða haf sé á milli, og þetta verður þannig í framkvæmdinni milli staða. — Og ég álít þarna meira í húfi, stöðvun síldarflotans núna við Faxaflóa, — það er ekki hægt að veita undanþágur frá þessu, — heldur en þó að verzlunin hefði verið stöðvuð nokkra daga. En a. m. k. stöðvun verzlunar og fiskvinnslu hefði hvort tveggja stuðlað að því, að verkfallið yrði styttra. Allar undanþágur stuðla að því, við vitum það ósköp vel, að þyngja verkfallsbyrðarnar á þeim, sem eru í verkfalli, og gera verkföllin lengri. Það, sem er því verið að biðja um með undanþágu, það er verið að biðja um að létta á óþægindum, bjarga verðmætum fyrir einn eða annan, en leggja meiri verkfallsbyrðar á fólkið, sem stendur í verkfallinu.

Hæstv. ríkisstj. og atvinnurekendurnir hafa óspart haft það á vörunum, að þeirra kappsmál sé að hækka svolítið kaup þeirra lægst launuðu. Þetta hljómar ágætlega. En samt

gekk það nú einna tregast að fá nokkrar tillögur frá atvinnurekendum um hækkun kaups hinna lægst launuðu. Hins vegar skal játað, að ríkisstj. nefndi það, 8% til þeirra á dagvinnuna, þegar nefnd voru 4% til iðnaðarmannanna, og vildi þannig láta drýgst koma í hlut hinna lægst launuðu.

Hér er, eins og í öllum öðrum löndum, sem ég þekki til, nokkru hærra kaup hjá iðnlærðum mönnum heldur en hjá ófaglærðu fólki, og ég hygg, að enginn neiti því, að þannig verður það að vera, annars fæst enginn til að leggja á sig iðnnám í fjögur ár og oft framhaldsnám í viðbót. Það verður að vera svolítið hærra kaup hjá hinum iðnlærðu heldur en hinum ófaglærðu. Þetta viðurkennir verkafólkið sjálft og allir þess trúnaðarmenn. Nú er því spurningin: Er þessi mismunur á kaupi iðnaðarmanna á Íslandi ósanngjarnlega mikill? Er iðnaðarmannakaupið of hátt miðað við kaup verkafólksins? Þetta höfum við rætt í sameiginlegum n. okkar, og allir hafa fallizt á það, að hlutfallið milli þeirra iðnaðarmanna, sem taka kaup í tímavinnu og vikukaupi, það skuli barizt fyrir því, að það hlutfall verði óbreytt.

Ég spurði Björgvin Sigurðsson, framkvstj. Vinnuveitendasambandsins, að því við samningaborð hér einu sinni á dögunum og hygg, að hann misvirði það ekki við mig, þó að ég segi það hér í þessu sambandi: „Telur þú hlutfallið hér hærra milli iðnaðarmanna á tíma- og vikukaupi heldur en á Norðurlöndum?“ „Nei, en sannast sagt held ég, að það sé mjög svipað,“ sagði hann. Þetta er rétt eftir honum haft.

Hvaða kröfur hefur nú verkalýðshreyfingin tekið upp í þessu efni? Hún hefur tekið upp þá sameiginlegu kröfu, að kaup faglærðra iðnaðarmanna og verkafólks skuli hækka um sama hundraðshluta, hlutfallið á milli þeirra skuli haldast óbreytt. Það verða gerðar kröfur um það, að þessu hlutfalli verði ekki raskað.

Ef það væri nú svo, að það væri mikið framboð á járniðnaðarmönnum, yfirdrifið framboð á prenturum, yfirdrifið framboð á rafvirkjum, yfirdrifið framboð á mönnum í iðngreinunum, þá mætti ályktа, að þarna væri kaupið óþarflega hátt, það væri ekki ástæða til þess að lokka svona marga menn til þessara starfa. En hvernig er það? Það er þannig, að prentsmiðjurnar eru reknar með hálfum mannskap og yfirborguðum. Það er þannig, að það er skortur á mönnum í flestöllum iðngreinum, af því að ungt fólk fæst ekki vegna þess kaupsmismunar, sem nú er, til þess að taka fremur á sig iðnnám til þess að tryggja sér þau lífskjör, sem þá bjóðast. Það er því vafasamt, að það sé þjóðfélagslega réttmæt ráðstöfun að ætla sér að draga saman muninn á þessu kaupi milli ófaglærðra og faglærðra. Ég efast um, að við hljótum nokkra þjóðfélagsblessun af því. Það er þannig, að við erum alveg sérstaklega í mannahraki í iðngreinunum flestum.

Eftir að ríkisstj. lagði fram sínar till., kom tilboð frá atvinnurekendum. Fyrst héldu þeir sér náttúrlega við tilboð ríkisstj., og ég hélt sannast að segja, að tilboð ríkisstj. mundi jafnvel verða til þess að stöðva öll frekari tilboð af hendi atvinnurekenda, því að þeir sögðu sem svo: Ríkisstj. hefur þarna talað fyrir okkur, það er ekki rétt af okkur gagnvart henni að bjóða hærra eða meira, — og hélt því, að þeir sætu fastir við sinn keip með það og að þetta yrði kannske til að stöðva allt saman, úr því að ríkisstj. fór inn á kaupgjaldsmálahliðina, sem ég taldi horfa fyrst og fremst að atvinnurekendunum. Nei, það fór samt svo, að þeir buðu fyrst 8% hækkun yfir alla línuna, þ. e. a. s. féllust á, að iðnaðarmennirnir fengju það líka, en eingöngu bundið við dagvinnu eins og hjá ríkisstj. Þetta var tilslökun, og nú tókum við það til umr., hvort við ættum ekki að gera gagntilboð eða hvort þetta væri ekki þess virði. Við ákváðum að gera gagntilboð og það riflegt gagntilboð. Við ákváðum, að í staðinn fyrir að við höfðum staðið á kröfunni um 40 kr. á tímann, skyldum við fara niður í 38. Hvað er það? Það er 8% lækkun frá okkar kröfum, krónan er 4%. Svo var strögglað áfram, og það leið sjálfsagt til næsta fundar, að þá mega atvinnurekendur eiga það, þeir buðu aftur, að nú skyldi þeirra boð verða 10%. Við svöruðum því aftur án verulegs dráttar með því að slá einni krónu af enn, og þannig standa sakirnar. Þannig hefur verið skipzt á tilboðum, þannig að atvinnurekendur hafa boðið 10% hækkun á dagvinnukaup, við höfum hins vegar slegið af. Það er ekki þannig í prósentutölu á allt kaupið, en við höfum slegið af fyrst 8% og svo 4%, við höfum slegið af 12% af okkar kröfum. Þannig standa málin nú og hafa staðið frá því áður en verkfallið hófst, og síðan hefur ekki verið hreyft við þeim málum. Seinasta tilboðið er frá okkur, og þess vegna er það á misskilningi byggt, ef hæstv. forsrh. sakar okkur um að hafa ekki beðið um fund á ný, því að ef við gerðum það, þá segði sáttasemjari undireins við okkur: Um hvað biðjið þið um fund? Eruð þið með nýtt tilboð? Og hvað er það? — Okkar tilboð er það seinasta tilboð, sem gefið hefur verið. Það var tilslökun um eina krónu og erum þá komnir niður um 37% úr 43, sem okkar krafa var upphaflega.

Það hefur verið alveg fast skilyrði frá hendi ríkisstj. og sjálfsagt atvinnurekenda líka, að ekki yrði að þessu sinni tekið í mál að semja um hækkun á ákvæðisvinnutöxtum og uppmælingatöxtum. Nú verð ég að segja það, að þarna eru hugtökin ekki nógu skýr. Það er ekkert vit í því að beita sér fyrir almennt, eins og við gerum úr röðum verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekendur gera og ríkisvaldið styður allt, að það sé aukin ákvæðisvinna í framkvæmd í atvinnulífinu, en svo í fyrstu kaupdeilu á að setja fast allt ákvæðisvinnukaup, það skal enginn kauphækkun fá, sem vinnur á ákvæðisvinnutöxtum. Og sumt af verkafólkinu í verksmiðjuiðnaðinum hér, meðlimir í Iðju, er á svo lágu ákvæðisvinnu-

kaupi, sem hefur verið ákveðið af atvinnurekendunum einum, einhliða, að það er algerlega ranglátt að ætla að neita því um alla kauphækkun, — algerlega ranglátt. En hins vegar skýrir það málið, sem ég nú skal upplýsa, að af því að við höfðum ekki heldur tekið í mál að hækka uppmælingataxta þeirra stéttarfélaga, sem aðallega vinna samkv. þeim kaupgreiðsluhætti, hlutfallslega eins og kaup verkafólks og iðnaðarmanna á tíma- og vikukaupi, þá skrifuðu tvö af þeim félögum, sem vinna aðallega samkv. uppmælingatöxtum, okkur bréf og sögðu sig úr samstarfinu. Og þetta var auðvitað birt í blöðum þá þegar. Það er því ekki verið að slást fyrir kaupgjaldi annarra manna nú heldur en verkafólksins, iðnverkafólksins og almenna verkafólksins, faglærðra iðnaðarmanna, sem vinna á tíma- og vikukaupstöxtum. Ákvæðisvinnufélögin, af því að þau fengu ekki fullnægjandi undirtektir við sínum kröfum og fengu greinilega alveg þvert nei við því, að þau fengju hliðstæðar hækkanir, þá hafa þau dregið sig í hlé. Að þessu sinni verður ekki samið um þeirra mál. Múrarafélagið og Félag pípulagningamanna drógu sig þarna alveg til baka. Þau hafa vafalaust hugsað sem svo: Það, að við séum þarna með, skal sannarlega ekki standa í vegi fyrir því, að hinir lægst launuðu geti fengið einhverja kauphækkun.

Eins og málin standa nú, er enginn vafi á því, þegar sáttasemjarar ríkisins hafa ekki borið fram eina einustu tillögu, frá því að verkfallið hófst aðfaranótt hins 10. des., að þá spyr almenningur í landinu nú: Af hverju stafar þetta aðgerðarleysi, þetta sinnuleysi gagnvart atvinnulífinu? Það hefur verið lagt mikið kapp á að leysa mál verzlunarinnar, en hitt hefur verið látið eiga sig, engin tillaga komið fram, frá því að verkalýðsfélögin slógu seinast af einni krónu af sínum kröfum í viðbót við tvær áður. Og það er því enginn vafi á því, að það er réttmætt að spyrja ríkisstj. nú: hvað hyggst hún fyrir? Ætlar hún að láta þessi mál vera afskiptalaus og láta það ráðast, hvort verkfallið verður langt eða skammt? Ég veit, að það er höfuðskylda aðilanna, atvinnurekendanna og verkalýðssamtaka, að leggja sig fram við lausn svona deilu. En ef ríkisstj. gæti eitthvað gott til málanna lagt, þá hefur það verið frá öndverðu afstaða mín, að gegn því skyldi ekki slegið hendi, þó að ég álíti alltaf, að ríkisvaldið eigi sem allra minnst að blanda sér í slík deilumál. Frumskyldan hvílir á herðum aðilanna á vinnumarkaðnum. En það er svo mikið í húfi fyrir þjóðfélagið, að hafi ríkisstj. einhverjar till. fram að leggja, þá á hún að leggja þær fram og á að hafa hönd í bagga um þetta vandasama, viðtæka mál, sem á þeirri stundu, sem verkalýðshreyfingin neitaði um allar undanþágur, væri orðið mjög alvarlegt mál í þjóðfélaginu, svo að það blandaðist þá engum hugur um það áreiðanlega.

En eins og nú horfir, þá er áreiðanlega langt í land með það, að sá draumur rætist, að við getum fengið heildarsamninga. Það er búið að sjá fyrir því. Það var talað um heildarsamninga, þegar við byrjuðum núna, en það er búið að sýna það og sanna, að þar fylgdi ekki hugur máli hjá öllum, að það skyldu vera heildarsamningar, svo að sá draumur er víst ekkert nálægt því að rætast á næstunni.

Núna snýst vandamálið eingöngu um það að rétta hlut þeirra, sem eru lágt launaðir, ófaglærðs verkafólks, iðnverkafólksins, iðnaðarmanna á tímakaupi og vikukaupi. En þetta er allt saman láglaunafólk, þetta er allt saman fólk, sem ekki verður komizt hjá að laga launin hjá, bæði með tilliti til dýrtíðaraukningarinnar í sumar og þeirrar launakjarabreytingar, sem orðið hefur hjá hálaunafólkinu í landinu. Og úr því að sagt er, endurtekið daglega: Við viljum bæta kjör hinna lægst launuðu, — þá má það ekki bara vera á vörunum, það verður bráðum að fara að sjást, að menn meini eitthvað með því.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er frumskylda aðila að reyna að leysa þessa deilu og leggja sig fram um það, jafnframt því sem ríkisvaldið að sjálfsögðu á að gera það, sem í þess valdi er, til þess að greiða fyrir happasælli lausn. Ég skal spara mér allar deilur og tel, að stóryrði og ásakanir verði engum til góðs. Ég verð þó að mótmæla því, sem hv. síðasti ræðumaður bar fram sem ásakanir á sáttasemjara um afskiptaleysi þeirra af málinu, frá því að upp úr slitnaði aðfaranótt s. l. þriðjudags. Ég minni á af því tilefni og raunar einnig því, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, það, sem ótvíræðum stöfum stendur í 36. gr. l. um stéttarfélög og vinnudeilur, sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hafa sáttaumleitanir sáttasemjara hætt án árangurs, og ber honum þá að hefja þær á ný, ef annar hvor aðili óskar þess eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðilum innan tveggja vikna, frá því að hann hætti seinustu samningatilraunum sínum.“ Þarna kemur berlega fram, að til þess er ætlazt, að frumkvæðið sé fyrst og fremst hjá aðilunum, þeir láti til sín heyra um það, hvort þeir telji nú vænlegra til sátta en var, þegar upp úr slitnaði. Jafnframt er það svo á mati sáttasemjara, hvenær hann telur heppilegt að kveðja aðila til fundar, en það má aldrei dragast lengur en tvær vikur.

Nú er þessi mikli vandi fyrir höndum, að svo mikið ber á milli sem hv. síðasti ræðumaður lýsti. Hann gat þess, að annars vegar eru kröfur verkalýðs um 37% almenna og allsherjarkauphækkun, en hins vegar boð um 10% kauphækkun og þó eingöngu á dagvinnu. Þarna er gífurlegur munur á milli, og sáttasemjara er vissulega mikill vandi á höndum, meðan munurinn er jafnmikill og þessi. Ég vil minna á það, að ég efast um, að nokkurn tíma hafi verið staðið á jafnmikilli kauphækkunarkröfu í einu eins og þessum 37%, sem þarna eru fram bornar kröfur um. **(Gripið fram í:** Víst ekki

37%, ráðh.) Nú, hv. þm. sagði það. (**Gripið fram í:** 37 krónur.) Hv. þm. sagði úr 43 niður í 37%. Það voru hans tölur. (Gripið fram í.) Ja, ég vitna í hans tölur, og hver er þá sú raunverulega tala, ég spyr? (**Gripið fram í:** Það er úr 40 kr., komið niður í 37 kr.) Já, en hver er prósentutalan? (**Gripið fram í:** 32.2). Já, 32.2. Ég hafði nú ætlað það, en ég hélt, að hv. þm. vissi þetta manna bezt, en það reyndist nú ekki svo vel, og bið ég hann afsökunar á því. En látum það vera. Engu að síður er þarna um gífurlega mikinn mun að ræða, rúm 32% á öllu kaupi og 10% á nokkrum hluta kaups, eins og hv. þm. segir. En til viðbótar þessari miklu hækkun, sem krafizt er allt í einu, þá er orðin á þessu ári 13% allsherjar kauphækkun. Og kemur nú nokkrum manni til hugar, að þjóðfélagið standist svo mikla breytingu í einu vetfangi? Kemur nokkrum manni til hugar, að svo mikil og almenn kauphækkun geti orðið án áhrifa á kaup opinberra starfsmanna samkv. lögunum í fyrra um samningsrétt og kjör? Getur nokkrum komið til hugar, að þetta verði án áhrifa á landbúnaðarvöruverð? Kemur nokkrum til hugar, að þetta geti orðið án áhrifa á kaup farmanna, togarasjómanna og hlutarsjómanna? Ég hygg, að það sé öllum ljóst, að ef samið yrði um eitthvað svipaðar kröfur, mundi það valda allsherjar umskiptum í okkar landi. Við getum deilt um það, hvort þau yrðu til góðs eða ills, en við getum ekki deilt um hitt, að hér er um svo gífurlega breytingu á einu ári að ræða, að það þarf vissulega mikla umhugsun og margfaldar ráðstafanir, til þess að þjóðarskútan haldist á réttum kili eftir alla þá breytingu.

Og ég spyr: Hvernig á sáttasemjari, þegar menn ætlast til sáttatill. af honum, að bera fram raunhæfa sáttatill., meðan munurinn er jafnmikill á milli aðila og hann er samkv. þessum upplýsingum hv. þm.? Það verður ekki með neinu móti umflúið, það er sú staðreynd, sem allir verða að gera sér ljóst, að meðan munurinn á milli aðila er jafnmikill og nú hefur fram komið, er málið óleysanlegt.

Hv. 5. þm. Austf. sagði, að vandinn væri ekki annar en sá, að við ættum í ríkisstj. að gera nógu vel við útflutningsframleiðendur, til þess að þeir gætu boðið meira fram af sinni hálfu, og raunar var hv. samþm. hans, 1. þm. Austf., nokkuð svipaðrar skoðunar. En dettur nú nokkrum þm. eða yfirleitt nokkrum Íslendingi það í hug, að ríkisstj. geti látið það í hendur atvinnurekenda, að þeir geti frjálst og upp á reikning ríkissjóðs eða ráðstafana, sem Alþingi ætli að gera, farið jafnhátt og þarf til þess að ná þeim kröfum, sem hv. 5. þm. Vestf. lýsti? Ef aðilar semja um þetta sín á milli, fær ríkisstj. ekki við því gert, Alþingi ekki við því gert, nema með lögum, sem beinlínis hefti eða ómerki slíka samningsgerð. Hitt má segja, að ef aðilar gera slíkan samning sín á milli eða eitthvað svipaðan, sé það augljóst, að ríkisvaldið, ríkisstj. og Alþingi, verði að grípa til ráðstafana til þess að forða algerri neyð og upplausn í þjóðfélaginu.

Þetta mál verður ekki nálgazt — og það skulum við hafa hugfast án allra ásakana eða gífuryrða í hvors annars garð — með öðrum hætti en þeim, að aðilar komi sér saman um einhvern samningsgrundvöll, að þeir færi svo saman hugi sína og hugmyndir, að það sé einhver möguleiki, raunhæfur möguleiki, til þess að brúa það bil, sem þar stendur á milli.

Ég hygg, að það hafi verið hv. 5. þm. Austf., sem sagði, að atvinnurekendur — og átti þar einkanlega við útflutningsframleiðendur — hefðu af því ríka hagsmuni að hækka kaup til þess að verða samkeppnisfærir. Þetta mál stendur þannig, að atvinnurekendur annars vegar og verkamenn hins vegar verða að knýjast til raunhæfra umr. Látum vera, að tilboð atvinnurekenda sé nú of lágt, alveg eins og tekið var fram af ríkisstj., þegar hún bar fram sitt tilboð, að þar var ekki um neina úrslitakosti að ræða af hennar hálfu, endanlegar tölur, heldur einungis samningsgrundvöll, eins og ég veit að hv. þm. staðfestir. Alveg á sama hátt og eðlilegt er, að atvinnurekendur meti það, hvað þeir í raun og veru telji, miðað við ástand þjóðfélagsins í heild, möguleika til frambúðarrekstrar og samkeppni við aðrar atvinnugreinar og hvað þeir telji sig þurfa að fara hátt, til þess að líklegt sé, að samningum verði náð, eins verða verkalýðsfélögin að komast niður á eitthvað, sem menn í alvöru fást til þess að tala um, eitthvað, sem er framkvæmanlegt, eitthvað, sem er líklegt að geti orðið, án þess að alger upplausn komi í þetta þjóðfélag.

Hv. 5. þm. Vestf. segir: Verkalýðurinn getur ekki óskað eftir framhaldsviðræðum, vegna þess að þá verður hann spurður að því, hvað hann hafi nýtt fram að færa. — Verkalýðurinn hefur vissulega hagsmuni af því að leysa þessa deilu og að einskis sé látið ófreistað til, að hún verði leyst, alveg á sama veg og atvinnurekendur hafa það af sinni hálfu. Og þess vegna er það, eins og hv. 5. þm. Vestf. sagði, frumskylda þessara aðila fyrst og fremst að koma sér niður á raunhæfan umræðugrundvöll, og fyrr en það verður gert, eru allar frekari till. ríkisstj. sannast sagt gersamlega út í bláinn, það verður að segja alveg eins og er, alveg eins og sáttasemjari hefur, meðan munurinn er jafnmikill og hann er nú, ákaflega óhæga aðstöðu um að bera fram sáttatill. En það er ekki á mínu valdi eða ríkisstj. að meta, hvenær hann gerir það, það er vitanlega hans sjálfs. En hitt sjá allir, að meðan munurinn er jafngífurlegur og hann er, og aðilar jafnfjarri því að fást til þess að tala um eitthvað, sem raunverulega geti leyst þennan vanda, talað er í austur og vestur, þá eiga sér ekki stað alvarlegar samningsviðræður, og það er engum aðila til skammar, hvorki verkalýðshreyfingunni né atvinnurekendum, að eiga þátt í því, að komizt sé úr þeirri sjálfheldu.

Ríkisstj. bar fram sínar till. Við skulum láta vera, hvort þær þykja ófullnægjandi eða ekki. En þær voru byggðar á ákveðinni ráðagerð,

ef svo má segja, um það, hvernig hlutur hinna verst settu yrði í raun og veru bættur.

Ég skal ekki heldur fara út í það nú að deila um einstakar prósenttölur í þeim útreikningi, sem hv. 5. þm. Vestf. var með hér áðan, og hef ég þó um það nokkuð aðrar hugmyndir en hann. Á hitt verður að líta, að nú væri í fyrsta skipti samkv. þessum till. tryggt, að hinir verst launuðu yrðu ekki verr settir eftir hringferðina heldur en áður. Það væri tryggt, að jafnvel þó að tekið sé tillit til þeirra verðhækkana, sem menn nú sjá fyrir, og þar með hækkunar vísitölu vegna hækkaðra skatta, sem leiðir aftur af hækkuðum tekjum á þessu ári, halda hinir verst launuðu raunverulega nokkru eftir í sinn hlut. Látum vera, hvort það er mikið eða lítið. Látum vera, hvort hægt er að bæta það eitthvað frá því, sem verið hefur. En það er þó a. m. k. gerbreyting frá hinu, sem verið hefur undanfarin ár, að eftir hringferðina, eftir gífurlegar hækkanir verða hinir lægst launuðu ekki aðeins hlutfallslega verr settir en aðrir, heldur raunverulega verr settir en þeir voru áður. Á þessum grundvelli verður að byggja að mínu viti, ef á að ná þessu markmiði. Þess vegna verða menn að gera það upp við sig: Vilja menn á framkvæmanlegan hátt taka þátt í tilraun um það að bæta kjör hinna verst settu, gera stefnubreytingu frá hringavitleysu undanfarinna áratuga og gera nú raunhæfa ráðstöfun, til þess að hinir verst settu fái ekki aðeins uppbættar allar hækkanir, sem verða, heldur einnig nokkra raunhæfa kjarabót? Það hlýtur svo að verða til nánari umr., ef menn fást inn á þessa hugsun, hversu mikil sú kjarabót geti orðið. Og vissulega vildi ég leggja mitt af mörkum til þess, að hún gæti orðið ríflegri en eftir till. ríkisstj., án þess að ég þar með játi réttmæti þess útreiknings, sem hv. 5. þm. Vestf. hér gerði. Og ég vil minna á það, að auðvitað tjáir ekki í öðru orðinu að tala um kjör hinna verst settu og miða þá annaðhvort við 67 þús. kr. tekjur eða 80 þús. kr. tekjur og fussa og sveia á till., sem miða að því að bæta kjör a. m. k. fjölskyldufólks, sem við þetta á að búa, og segja: Nei, það eru alls ekki þessar tölur, sem um er að ræða, heldur eru hinar raunverulegu tekjur fólksins kringum 100 þús. kr. — Þá yfirgefa menn sjálfir sínar eigin forsendur, þá hverfa þeir frá þeim vettvangi, sem þeir sjálfir hafa markað sér í umr. og kröfugerð. Hitt er svo allt annað mál, sem ég skal játa fúslega, ég hef játað í umr. hér áður og raunar fyrr tekið undir og sett fram, að kjör þessara manna, sem hafa kringum 100 þús. kr., — og vissulega væri gott að geta bætt þau, ég játa það, — en sú mesta kjarabót, sem það fólk getur fengið, er, að það fái þessar tekjur fyrir skaplegan vinnutíma. Það er mesta kjarabótin handa því, og það er annað verkefni, sem því miður verður ekki leyst að þessu sinni með bindandi ákvörðunum eða sundurliðuðum samningum. Til þess er það mál enn, því miður, of lítið athugað. En sannarlega er það eitt af hinum viðurhluta- og þýðingarmestu verkefnum á næstu árum. Og ef tekizt hefði nú að ná allsherjarsamningum og samkomulagi um vinnufrið í tvö ár, hefði það verið tími, sem umfram allt átti að nota, og ég segi ekki, að það hefði þurft að nota allan þann tíma til þess, en umfram allt átti að nota hann til þess að koma þessu mikla kjarabótamáli áleiðis. En ég veit, að hv. 5. þm. Vestf. játar það með mér, að enn er það mál komið of skammt í undirbúningi, til þess að það verði leyst í einu vetfangi, enda aðstaða hinna ýmsu atvinnugreina í þeim efnum harla ólík og þess vegna engin ein allsherjarregla, sem þar á við. Einnig er nauðsynlegt, áður en slíkar reglur yrðu upp teknar, að fyrir hendi sé meiri raunhæf þekking hjá fleiri aðilum á vinnuhagræðingu og skynsamlegum vinnubrögðum, eins og annars staðar tíðkast, heldur en við búum yfir hér.

Það tjáir ekki, eins og hv. þm. of oft gera og of oft er haft á orði í umr. um þessi mál, að tala um hverja einstaka kauphækkun, hvort heldur hjá hinum lægst launuðu eða almennt, sem grundvöll, er miða eigi við og þeir geti búizt við að halda algerlega óskertri án þess að taka tillit til hins raunverulega ástands í þjóðfélaginu. Við vitum það öll, og það nægir að nefna bara eitt dæmi, að landbúnaðarvöruverðið er háð hinu almenna kaupgjaldi og hin almenna kaupgjaldshækkun hlýtur þess vegna að leiða til hækkunar á landbúnaðarvöruverði. Við vitum einnig, að verulegur hluti hinnar innlendu framleiðslu mundi ekki geta staðizt, nema því aðeins, hvað sem álagningunni líður, að a. m. k. sjálft hið hækkaða kaupgjald sé tekið inn í útsöluverðið. Þessir og aðrir fleiri liðir eru því þess eðlis, að áður en menn gera kröfu um hækkað kaupgjald, verða þeir að gera sér grein fyrir, hverjar eru hinar óhjákvæmilegu afleiðingar þessarar kaupgjaldskröfu. Ef það er ekki gert, fást þeir ekki til þess að líta raunsætt á og meta réttilega, hvað þeir í raun og sannleika hafa fengið.

Það er rétt, að fyrri kaupgjaldshækkanir á þessu ári eru nú að verulegu leyti eða öllu uppétnar. En vilja menn halda áfram þeirri sömu aðferð, eða fást menn til að komast inn á einhvern þann grundvöll, sem tryggi, að þannig verði ekki farið að? Þar stoðar ekki verðtrygging ein, eins og hv. 5. þm. Vestf. talar um, vegna þess að við vitum það öll, — þekkjum það frá vísitölukerfinu áður fyrr, — að ef vísitalan hækkar umfram visst magn, leiðir það til allsherjar ráðstafana, sem bitna á öllum landslýð, einnig hinum lægst launuðu. Það stendur alveg á sama, hvaða menn hafa verið hér við stjórn og eftir hvaða stjórnarstefnu hefur verið farið á hverjum tíma, þetta hefur ætíð verið reynslan, allt frá því að launamálin urðu jafnþýðingarmikið atriði í okkar þjóðarbúskap og þau hafa verið, þ. e. a. s. eftir að þjóðfélagið komst í nútímahorf. Þessi saga hefur endurtekið sig æ ofan í æ. Fram hjá þessu getum við ekki komizt.

Ríkisstjórnin leitaði leiðar til þess að veita hinum lægst launuðu raunhæfa kjarabót, fyrst

og fremst að tryggja það, að þeir yrðu ekki verr settir eftir þær hækkanir, sem nú eru fyrirsjáanlegar og mundi leiða af þeim hækkunum, sem nú yrðu á kaupgjaldi, og áður en menn fordæma þessar tillögur og gera lítið úr þeim, er rétt fyrir þá að reikna sjálfir út dæmið, hvernig færi og fer, ef önnur aðferð er höfð, ef menn vilja ekki í raun og veru taka hina lægst launuðu út úr og tryggja sérstaklega þeirra kjör. Og þá vil ég skjóta því inn í, að tölusamanburður hv. 5 þm. Vestf. var einnig rangur, vegna þess að ýmsir hinna lægst launuðu mundu ekki einungis hafa notið þeirrar hækkunar og þeirra hlunninda, sem till. ríkisstj. gerðu ráð fyrir, heldur einnig hlunninda launajafnaðarlaganna, sem um næstu áramót hefðu fært samkv. þessari ráðagerð öllum þorra vinnandi kvenfólks í landinu, sem vinnur utan heimilis síns, a. m. k. kringum 5% hækkun til viðbótar þeirri hækkun, sem felst í till. ríkisstj. Og það fólk hefði eftir þessari ráðagerð haldið þeirri hækkun, fengið tryggingu fyrir henni, og það er vissulega verulegur hluti allra launþega í landinu, sem af þessu hefði notið góðs.

Ef menn hins vegar vilja ekki fallast á þann greinarmun, sem ríkisstj. gerði á hinum raunverulega lægst launuðu og öðrum, eru menn komnir inn á almennar kauphækkanir, og ef þær almennu kauphækkanir verða verulegar, er það óumdeilanlegt, að þær hafa ekki einungis áhrif á landbúnaðarvöruverðið, þær hafa einnig áhrif á kaupgjald opinberra starfsmanna. Og hver trúir því þá, að sjómennirnir mundu vilja láta sig vera afskipta? Hv. 5. þm. Reykv. taldi, að ekki hefði mátt gera mun á almennum verkamönnum og iðnaðarmönnum. Við viðurkenndum það, að eðlilegt væri, að iðnaðarmenn fengju nokkra hækkun, en við töldum eðlilegt, að hún yrði minni en til annarra, m. a. vegna þess, að á síðustu árum hefur yfirleitt, þrátt fyrir nokkrar undantekningar, minnkað munur hér á landi á launum iðnlærðra manna og almennra verkamanna. Það er rétt, að áður fyrr var á þessu meiri munur, en þróun síðustu ára og jafnvel meira en áratugs hefur gengið í þá átt að draga úr þessum mun. Hann var svo aukinn aftur með samningum ekki alls fyrir löngu. En það er vissulega, eftir að menn sjá, hver afleiðing hringferðarinnar verður, að hinir verst launuðu verða ætíð hlutfallslega verst úti og fá ekki raunverulega bætur á sínum kjörum, þá verður að leita leiða til þess að leiðrétta þennan mun. Það kann að vera, að dregið hafi úr þessum mun á milli þessara manna á undanförnum árum, vegna þess að þá var fyrir ýmsar opinberar aðgerðir verið að reyna að jafna metin. Nú var búið að ójafna þau aftur. En hitt er alger sjálfsblekking, ef menn halda, að það sé raunverulega hægt að bæta kjör hinna verr settu, án þess að það kosti einhverja eitthvað. Það verður að koma niður á öðrum. Og vegna þess að við viðurkennum, að það sé nauðsynlegt að bæta kjör hinna verr stæðu, höfum við verið þeirrar skoðunar, að eðlilegt og óhjákvæmilegt væri að greiða nokkuð fyrir, a. m. k. hraðfrystiiðnaðinum. Hitt getur ekki komið til greina, að honum sé af hálfu ríkisvaldsins selt sjálfdæmi í þessum efnum. Úr því að sú till., sem ríkisstj. bar fram, nægir ekki, er eðlilegt, að ríkisstj. ætlist til þess af aðilum, að nú reyni þeir raunverulega og í alvöru að koma sér saman og komi síðan í sameiningu til ríkisstj. og segi: Nú ber okkur þetta á milli. Vilt þú hjálpa okkur til að brúa bilið? Hvaða ráðstafanir getur þú gert til þess að firra okkur vandræðum af áframhaldandi verkfalli? — Ég hygg, að þessi hugsun mín sé alls ekki fjarri hv. 5. þm. Vestf., og byggi það nokkuð bæði á því, sem hann sagði hér áðan, og eins samtölum, sem ég hef átt við hann.

En áður en menn semja um svo og svo miklar hækkanir á almennu kaupi í landinu, hvílir á þeim skylda, báðum aðilum, að gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra samninga. Hverjar eru hinar óhjákvæmilegu hækkanir, sem hljóta að fylgja í kjölfar þeirra kauphækkana, sem gerðar eru? Hvað þarf m. a. aðstoðin til hraðfrystihúsanna að verða mikil? Hvaða áhrif hefur hækkunin á hugsanlega verðtryggingu, þannig að hún leiði ekki til sjálfkrafa skrúfugangs, sem leiði okkur, áður en varir, út í hreinar neyðarráðstafanir? Hvaða áhrif hafa almennar hækkanir á ráðagerðirnar um að hjálpa hinum verst launuðu með breytingum á útsvarslögunum? Það er alveg ljóst, að ráðagerðir slíkar sem breyting á útsvarslögum hljóta að verða mjög háðar þeirri lausn, sem fæst á þessari deilu, þegar af því, að kaupgjald almennt í landinu breytist, skattstigarnir hljóta að miðast við þær tölur, sem menn verða að reikna með, og kröfur sveitarfélaganna verða allar aðrar og hærri vegna hins hækkaða kaupgjalds. Þess vegna getur verið unnt að bjóða fram breytingu á útsvarsstigum miðað við ákveðnar forsendur, en hana sé ekki hægt að gera, ef forsendurnar verða allar aðrar.

Hv. 5. þm. Vestf. sagðist vilja skilja orð mín svo, að það væri að vænta nýrra till. ríkisstj., og brýndi okkur á nauðsyn frumkvæðis í málinu. Vissulega mun ekki standa á frumkvæði okkar og aðgerðum, ef sýnt er, að aðilar eru komnir að samningaborði til þess að semja, en enn er eina hreyfingin, sem á þetta mál hefur komizt, fyrir frumkvæði ríkisstj. Hennar till. hefur verið hafnað, og það er eðlilegt og óhjákvæmilegt, að nú komi þeir aðilar, sem ekki telja sér fært að vinna á þessum grundvelli, með till. sínar um það, hvernig þeir raunverulega vilji leysa málið, því að auðvitað vitum við það öll og þurfum ekki að eyða orðum að því, að meðan jafnmikið ber á milli og enn er, er aðilum ekki alvara um það að reyna að leita samninga. Fyrst verða þeir að gegna sinni frumskyldu.

Forseti (BF): Þessar umr. utan dagskrár hafa nú staðið í 2½ tíma, og raunverulegur fundartími er liðinn. Umr. voru leyfðar í trausti

þess, að þær leiddu ekki til almennra umr., en það hefur nú farið á annan veg, og enn eru tveir hv. þm. á mælendaskrá. Það er boðaður fundur í hv. Nd. þegar að loknum þessum fundi, og það er lítill möguleiki á að halda fundinum áfram lengur en til kl. 5 í mesta lagi, þannig að þann tíma, sem eftir er þangað til, mætti nota og leyfa mönnum 5 mínútna ræður, en alls ekki meira.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég held, að það sé nú um mál að ræða hér, sem Alþingi geri ekkert þarfara í dag heldur en að ræða þessi mál, og ég vil mælast til þess alvarlega, að það verði haldið umr. áfram um þetta, og ég býst við, að þjóðin mundi verða undrandi yfir því, hvað Alþingi hefði annað nauðsynlegra að ræða heldur en þetta. Og ég geri það að mínum tilmælum, bæði til hæstv. forseta og annarra, að það sé haldið áfram umr. um þetta og reynt að komast að einhverri niðurstöðu í því.

Það er aðeins tvennt, sem ég vildi segja hér. Í fyrsta lagi viðvíkjandi siðferðilegri skyldu ríkisstj. til þess að skipta sér af vinnudeilum. Ég held, að flestar ríkisstj., sem ég hef haft nokkur kynni af, hafi álitið það siðferðilega skyldu sína að hafa eitthvað með vinnudeilur að gera og hjálpa til með að reyna að leysa þær. Ég man eftir því t. d. fyrir 20 árum, í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, um leið og ein vinnudeila hófst, voru þrír af ráðh., Pétur Magnússon, Brynjólfur Bjarnason og Emil Jónsson, settir í það allan tímann að vinna eins og sáttasemjarar að því að koma sáttum á, og þannig hafa flestar ábyrgar ríkisstj. litið á þessi mál, hvaða flokkar sem hafa skipað þær.

Þessari hæstv. ríkisstj., sem nú situr, ber alveg sérstök skylda til þess að reyna að sætta í svona efnum. Af hverju? Af því að það er einvörðungu núv. hæstv. ríkisstj., að vísu ekki sú, sem hæstv. núv. forsrh. er í forsæti fyrir, heldur sú, sem hann tók við af, sem ber sökina á því, að atvinnurekendur og verkamenn koma sér ekki saman, vegna þess að sú hæstv. ríkisstj. sletti sér fram í þá samninga, sem verkamenn og atvinnurekendur höfðu gert af frjálsum vilja, og nam með lögum burt það ákvæði úr þeim, að kaupgjald skyldi hækka í hlutfalli við vísitölu, og með þessum afskiptum hefur núv. ríkisstj. og sú fyrrv., þar sem var annar forsrh., valdið öllum þeim vinnudeilum, sem hafa verið tvö síðustu ár. Öll þau verkföll, sem staðið hafa tvö síðustu ár, og þetta verkfall líka, eru eingöngu og einvörðungu af því, að þessi afskipti ríkisvaldsins fóru fram, og allt, sem verkamenn hafa getað áorkað með öllum þeim verkföllum, sem háð hafa verið tvö ár, hefur eingöngu náð til þess að bæta upp helminginn af því, sem ríkisstj. hefur gengið á verkamenn, þannig að það er siðferðileg skylda ríkisstj., sem sjálf hefur rænt verkamenn með lögum og hefur þeirra kaup nú 20% lægra en það var fyrir 3 árum, að sjá um að hjálpa þarna til að bæta. Aðilarnir hafa komið sér saman, en það eru lög ríkisstj., sem hindra það. Þeir vilja framkvæma þann frjálsa samning, sem þeir hafa áður gert, og þessa ábyrgð verður hæstv. ríkisstj. að muna.

Svo er hitt: Dettur nokkrum manni í hug, að það sé hægt að hækka um 40% kaupið hjá opinberum starfsmönnum, án þess að það hafi sín áhrif annars staðar? Hér er talað um 32%, það þykir ekki stórt, þegar hálaunamenn eiga í hlut. Við skulum yfirfæra þetta á hraðfrystihúsin. Það er talað um 30% kauphækkun. Hvað borga hraðfrystihúsin í kaup? 200 millj. kr. Hvað eru 30% af því? Það eru 60 millj. Hvað er það fyrir þetta þjóðfélag að snara út 60 millj., þjóðfélag, sem hefur tugi þús. millj. í árstekjur? Eins og það þurfi að bera það á borð fyrir nokkurn lifandi mann, að það þurfi að stoppa einn einasta dag til þess að breyta slíku smáræði til. Þjóðfélagið fer sannarlega ekki úr skorðum, þó að þjóðfélagið snaraði þessum 60 millj. út Hún hefur það í kassanum. Það er þess vegna ekki til neins að koma hér og segja, að ríkisstj. fái ekkert við þessu gert. Hún getur lagað það á einni sekúndu.

Atvinnurekendur, það er talað um, að þeir vilji ekki semja. Hvenær hafa atvinnurekendur hér í 20 ár viljað semja um annað en að tryggja sér verðbólgu? Aldrei, aldrei nokkurn tíma, enda hafa þeir alltaf fengið hana.

Hæstv. forsrh. segir, að verkalýðsfélögin verði að koma sér niður á eitthvað raunhæft. 30% kauphækkun þýðir sömu kaupgetu og verkamenn höfðu 1947, þegar hæstv. núv. forsrh. var í fyrsta skipti ráðh. Það þýðir sömu kaupgetu og er 1959. Er það farið fram á mikið? Það er eðlilegt og raunverulegt, að kaup verkamanna hefði tvöfaldazt á síðustu 20 árum, ef það væri nokkur mynd á stjórnarlagi á Íslandi.

Svo er hitt atriðið, ég skal reyna að vera stuttorður: Hæstv. forsrh. spurði: Hvað er markmiðið? Það er alveg greinilegt, hvað hefur verið markmiðið allan tímann hjá íslenzkum verkamönnum í þeirra baráttu. Þeir hafa verið að reyna að tryggja verðgildi síns kaupgjalds. Markmið atvinnurekendanna hefur verið allan tímann verðbólga. Það er það „prinsip", sem atvinnurekendastéttin á Íslandi hefur haft, og það eru örfáir atvinnurekendur, sem eru á móti þeirri þróun. Það hefur verið „prinsip" atvinnurekendastéttarinnar á Íslandi í 20 ár, og það er hárrétt hjá hæstv. forsrh., að hver einasta ríkisstj., sem hér hefur setið, mun hafa látið undan atvinnurekendum með þetta, og það er eingöngu af þeirri ástæðu, að verðbólgan hefur verið aðalgróðalind íslenzkrar atvinnurekendastéttar. Hún hafði ekki manndáð í sér til þess að græða með því að skipuleggja af viti sitt atvinnulíf, aldrei, hún hefur alltaf orðið að græða á verðbólgu. Og þeir örfáu atvinnurekendur, sem hafa sýnt það, að þeir geta skipulagt sín fyrirtæki af viti, hafa raunverulega tapað á þessari verðbólgu.

Þetta er það, sem við verðum að gera okkur

ljóst. Verkamenn og verkamannastéttin hefur alltaf verið og er reiðubúin til að tryggja verðgildi kaups, af því að hún hefur aldrei haft pólitísku völdin, aldrei haft ríkisvöldin til þess. Atvinnurekendurnir hafa öll þessi 20 ár haft sín pólitísku völd, haft ríkisvaldið, hvaða flokkar sem það eru annars, sem hafa skipað ríkisstj. hverju sinni. Þess vegna vil ég taka það fram að lokum, að atvinnurekendastéttin íslenzka er ein um þessa þróun af öllum atvinnurekendastéttum Evrópu. Hún er sú eina, og hún gerir þetta vegna þess, að hún gengur hér í ríkisbankana og sparifé almennings, tekur peningana þaðan og heimtar svo, að verðgildi þeirra sé lækkað, þegar á að fara að borga þá til baka. Þess vegna er það, sem þarf að gera, og það, sem hver heiðarleg ríkisstj. ætti að skoða sína skyldu, það er að skapa aðhald við atvinnurekendur, hækka kaup verkamanna, sem er nú 20% lægra hvað verðgildi snertir heldur en það var fyrir 4 árum, og skapa aðhald að atvinnurekendunum. Þess vegna er ekki til neins að afsaka sig svo með því. Það stendur ekki á verkamönnum í þessu. Þeir eru með 20% lægra kaup en raunverulegt kaupgjald var fyrir 3 árum og 20% lægra en það var fyrir 18 árum. Svona hefur ríkisvald atvinnurekendanna farið með þá.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð, því að tíminn er mjög takmarkaður.

Mér þóttu það fréttir, sem komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf., sem ég hafði ekki heyrt áður, að á bak við till. ríkisstj. hefðu legið áætlanir um að leggja á 220 millj. kr. nýjar álögur, og ég heyrði ekki, hvort hann sagði 45 eða 75 millj. af því til framleiðslunnar aftur. En séu þessar upplýsingar réttar, þá er náttúrlega ekki von, að þessar till. hafi reynzt þess megnugar að koma áleiðis lausn á málinu.

Ríkissjóður hefur núna stórkostlegan greiðsluafgang, og svona lagaðar álögur geta varla verið hugsaðar til annars en að halda áfram stórkostlegum greiðsluafgangsbúskap eða raunverulega til þess að taka eitthvað af kauphækkun, sem yrði, aftur til baka, draga úr kaupgetunni með álögum á móti. En ég held, að slíkar till. verði að leggja til hliðar, ef á að takast að leysa málið.

Við vitum, í hvaða hnút þessi efni eru komin, þegar við athugum, að verkamaður hefur 67 þús. kr. fyrir 8 stunda vinnu og 32% kauphækkun mundi koma kaupinu fyrir 8 stunda vinnu upp í 89 þús. kr., en hæstv. forsrh. segir, að um slíkt geti maður ekki í alvöru talað. En nú er vaxtakostnaður, beinn kostnaður við litla íbúð orðinn 50 þús. kr. á ári eða svo. Á þessu sjáum við, hvað geigvænlegan vanda er við að fást og hvað þessu er öllu illa komið, en út í það ætla ég ekki að fara að ræða ástæðurnar fyrir því. En forsrh. segir, að hér beri svo mikið á milli, að allt sé óviðráðanlegt, eins og þetta horfi að sinni. En ég vil benda á, að nú þegar greiðir mikið af atvinnurekstrinum kaup yfir taxta, þannig að vandamálið er ekki eins stórfellt að því leyti til og hæstv. forsrh. vildi vera láta, að því er mér fannst. Það er ekki eins geigvænlegt vandamálið eða það bil, sem þarf að brúa, vegna þess að atvinnureksturinn eða mikið af honum greiðir nú mjög mikið yfir taxta.

Ég vil líka láta í ljós þá skoðun, að þetta mál, eins og nú er komið, sé gersamlega óleysanlegt, á meðan t. d. hraðfrystihúsunum, sem lakast standa nú víst að vígi, er ætlað að borga nær því jafnmikið samanlagt í vexti og útflutningsgjöld og þau borga í vinnulaun. Meðan þannig standa málin, virðist þetta ekki vera með nokkru móti leysanlegt. Og ég legg áherzlu á, að mér sýnast ekki vera neinar líkur til þess, að raunhæfir samningar geti tekizt, nema ríkisstj. breyti afstöðu sinni og geri nú sem allra fyrst og helzt strax frekari boð af sinni hendi til að greiða fyrir a. m. k. þeim hluta framleiðslunnar, sem erfiðast á með að greiða lífsnauðsynlegt kaup.

En það sjáum við öll, að þetta kaupgjald, sem nú er, getur ekki staðizt stundinni lengur, það er alveg óhugsandi, miðað við þann kostnað, sem orðinn er við að lifa, og það ósamræmi allt, sem orðið er í þjóðarbúskapnum. Ég vil því enn undirstrika áskoranir mínar á hæstv. forsrh. að taka frumkvæði í þessum málum og bíða ekki eftir öðrum, því að aðrir munu bíða eftir honum, og það fer ekki vel um slíkt mál sem þetta, ef þannig verður til lengdar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil aðeins skjóta því hér fram út frá því, sem sagt var um hugsanlega hækkun söluskatts, að auðvitað fer það algerlega eftir lausn málsins, hversu mikils fjár þurfi að afla. Það mun nú koma í ljós við afgreiðslu fjárlaga á næstu dögum, hver fjárþörf ríkisins verður vegna fjárlaganna sjálfra, en rétt er, að komi fram, að það var meira en þessar 40 eða 50 millj., sem talið var að nú þegar þyrfti að bæta, því að ráðgert var, að teknar yrðu upp aftur fjárveitingar til niðurgreiðslna um það, sem nú er áætlað í fjárlagafrv. Það kom fram í viðræðum við viðræðunefnd verkalýðsfélaganna, að ætlunin væri að minnka þær ekki frá því, sem nú er, og þá þarf einnig að afla fjár til þess. Um fjáröflun ríkisins skal ég svo ekki að öðru leyti tala. Það er mál fyrir sig, sem verður athugað í öðru sambandi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ekki skal ég álasa hæstv. forsrh. fyrir það, þó að hann vilji gæta þess hófs í þessum málum sem öðrum, að þjóðarskútan haldist á réttum kili. Það er vitanlega hans frumskylda sem forsrh., sem kapteins í brúnni. En er ekki þjóðarskútan nú á réttum kili, eigum við ekki að ganga út frá því, eða er hún farin að hallast eitthvað talsvert? Það kann nú að vera, að hún sé farin að hallast, en þó mun hún vera á réttum kili. Segjum það, að hún þoli ekki að taka á sig fyllstu kröfur verkalýðshreyf-

ingarinnar. Hún hafi ekki burðarþol til þess. Þó voru þær kröfur lægri en búið var átakalaust að úthluta öðrum stéttum á liðnu sumri. Þá hafði hún slíka kjölfestu. Nú hefur enn þokazt í áttina milli aðila. Verkamenn hafa gefið eftir af sínum kröfum um 12%. Atvinnurekendur hafa komið til móts við þá, um 10%, skulum við segja. Það eru ekki 10% á allt kaup, en á dagvinnukaup. Það hefur minnkað bilið. Ég álít, að þarna þurfi að halda áfram og eyða ekki ógnartíma í það. Það liðu ekki aðeins dagar, heldur vikur, þangað til atvinnurekendur fengust til að gera sitt fyrsta boð, sögðust ekkert geta boðið. Það var illa farið með tíma. Við gerðum okkar boð á sömu kvöldstund. Þegar atvinnurekendur höfðu gert sín boð, þá sendum við boð til baka í bæði skiptin. Og ég álít það dýrast af öllu fyrir þjóðarbúið að draga þetta mjög á langinn að óþörfu. Ég hef sagt það áður, og ég segi það enn, að það er skylda atvinnurekenda að gera það upp við sig sem allra fyrst, hvað þeir geti ýtrast teygt sig. Þá eiga verkalýðsfélögin að svara, og þá á ríkisstj. að taka a. m. k. til óspilltra málanna að finna öll ráð, sem hún geti, til að brúa bilið.

Það er ekki rétt hjá hæstv. forsrh., ef hann hefur meint það í sambandi við tilboð hans um hagræðingu á útsvarsstiganum, að því hafi verið tekið með því að fussa og sveia. Það er ekki rétt. Við höfum metið þetta sem kjarabót til hinna lægst launuðu eða a. m. k. sem þátt í verðtryggingu þess kaups, sem þeir nú fái. Hins vegar vitum við það vel, að teknaþörf bæjarfélaganna kann að hafa aukizt svo síðan í fyrra, síðan á síðasta skattári, að útsvörin verði nú hærri og að menn þrátt fyrir það, að þeir væru með lágtekjur og fengju ívilnun, þá yrðu þeir kannske með eins há útsvör á þessu ári. Við höfum ekki fussað og sveiað við þessu, við höfum virt það, eins og við getum virt það. Það er til léttis sumum launastéttanna og er til að íþyngja öðrum.

Rétt er það hjá hæstv. forsrh., að við eigum að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvaða afleiðingar kauphækkanir hafi, hvaða aðrar hækkanir þær hafa í för með sér. Það kemur ekkert á mig að óvöru, að afurðir bænda eiga að hækka eftir vissum reglum, ef kaup verkafólks hækkar, og ég horfi ekki á þetta með neinum hryllingi. Ég tel þetta alveg sjálfsagðan hlut, að bændastéttin og launamenn, sem vinna að landbúnaðarstörfum, fái hækkað kaup, þegar verkafólk og allar aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið hækkað kaup. Og undir því verður þjóðarskútan að rísa.

Það var einn boðskapurinn í gerðardómnum, sem boðaður var í gær og samið hafði verið um í gær, að það eigi að koma til móts við kröfur verzlunarfólks. Framsögumaður Landssambands verzlunarmanna mun hafa sagt á þeim fundi, að hann hefði fyrir því fullar sannanir, að meðaltalshækkun verzlunarmanna yrði ekki undir 45%. Hann mun hafa sagt þetta á 600 manna fundi í gærkvöld í Sjálfstæðishúsinu. Þetta eigum við nú, sem sitjum við samningaborðið, líka að taka með í reikninginn. Þarna eru verulegar hækkanir, sem munu leiða af sér aðrar hækkanir, ef þetta er sannleikur. En af hverju er svona þungt og erfitt fyrir verkafólkið að fá svolitla hækkun á sínu kaupi, verkafólkið, sem allir vilja nú gera allt fyrir? — Ég er alveg að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. — Það er af því, að það er búið að tengja allt við þetta. Það stendur nú í samningsréttarlögum opinberra starfsmanna, að verði almennar kauphækkanir, þá eigi þeir endurskoðunarrétt á öllum sínum launakjörum. Það stendur í gerðardómssamkomulaginu frá í gær eða fyrradag, að verði almennar kauphækkanir, þá á gerðardómurinn, sem kveða skal upp fyrir 1. febr., að taka tillit til þess, þá eiga þeir rétt á hækkunum umfram gerðardóminn. Það er allt saman búið að binda í kippu við launamál hinna lægst launuðu, og svo segja allir ósköp angurblíðir í tóni: Við viljum gera allt fyrir hina lægst launuðu. — En það er búið að binda allt við þetta, og svo þykist enginn geta hreyft þetta neitt. Þá er talað um, að hætta sé á, að þjóðarskútan missi kjölfestuna. Ég fullyrði, að það er vilji, fullur vilji innan verkalýðssamtakanna fyrir hendi til samninga, til samninga á sem allra skemmstum tíma. Ég tel, að góður vilji frá ríkisstj. í verki mundi nú geta mjög stuðlað að því, að samningar tækjust á skömmum tíma.

III. Alþingishús og ráðhús.

Á 34. fundi í Sþ., 16. jan., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að kveðja mér hljóðs hér utan dagskrár í tilefni af máli, sem varðar Alþingi sem stofnun og ég álít að Alþingi sem slíkt og allir einstakir þm. þurfi að láta til sín taka, og jafnframt minna á, að það er nefnd starfandi af hálfu Alþingis, sem á að gera till. um alþingishús í framtíðinni og hversu komið skuli fyrir byggingarmálum Alþingis. Það, sem veldur því, að ég kveð mér hljóðs, er, að það hefur verið stillt út nú líkani af ráðhúsi, sem Reykjavíkurborg eða hennar borgarstjórn virðist vera að hugsa um, og það hafa verið samþykktar þar áður till. um staðsetningu þess húss. Ég hef skoðað þetta líkan og athugað þess staðsetningu, og ég álít, að Alþingi sem slíkt geti ekki hjá því komizt að láta heyra sína rödd og taka sínar ákvarðanir, þegar verið er að ræða þessi mál.

Ég álít í fyrsta lagi, að það væri að sýna alveg sérstakan þjösnaskap gagnvart Alþingi að hugsa og gera till. um og móta og jafnvel reyna að samþykkja till. um ráðhús Reykja-

víkur miðað við það að eyðileggja eða reyna að eyðileggja þá framtíðaráðstöðu, sem Alþingi kynni að taka ákvarðanir um viðvíkjandi byggingu þinghúss. Þeir menn, sem hugsuðu fyrir nokkrum áratugum nokkuð fram í tímann fyrir þessa stofnun, tryggðu sér lóðir hringinn í kringum Alþingisgarðinn. Þ. á m. á Alþingi lóðina undir Góðtemplarahúsinu og lóðina undir Listamannaskálanum og auðséð, að þeir menn hafa hugsað, að hér yrði Alþingi látið standa áfram á þeim stað, þar sem þetta hús var reist 1881. Og sú teikning um uppástungur að skipulagi miðbæjarins, sem hlaut 1. verðlaun hér fyrir nokkrum árum, gerði líka ráð fyrir Alþingi þar. Með þeirri skipun ráðhúss að setja það út í Tjörnina og hinum megin við Vonarstrætið mundi raunverulega vera eyðilagt og gert ómögulegt, að Alþingi yrði á þessum stað áfram, að það yrði byggt hér í námunda við það og það stæði þannig, og þær lóðir, sem af forsjálum forsvarsmönnum Alþingis hafa verið fyrirhugaðar fyrir Alþingi, yrðu þar með eyðilagðar sem byggingarlóðir, enda sé ég það nú þegar, að ýmsir menn eru farnir að skrifa hér í blöð um að ráðstafa þessu húsi til þess að vera fyrir einhverjar aðrar stofnanir úti í bæ.

Jafnframt mundi með byggingu stórhýsa hér í kring, jafnt ráðhúss hér úti í Tjörninni sem stórhýsa fjármálavaldsins hér í Kirkjustrætinu, Alþingi og dómkirkjan verða gerð að smákofum, sem stæðu í skugga þeirra stóru veizluhalla og fjármálabraskhúsa, sem mundu eiga að rísa upp á þeim dýru lóðum, sem hér mundu vera í kring. Og ég hélt, að svo mikla rækt ættum við þó a. m. k. að reyna að sýna við þá þjóðarerfð, sem þegar er bundin við þetta hús, að við ættum ekki að láta aðra kasta því burt, áður en Alþingi tæki ákvarðanir sjálft í þessum efnum, og ráðstafa þessu húsi og lóðunum í kringum það óðruvísi. Ef þær ákvarðanir verða teknar og samþykktar af þeim yfirvöldum, sem þar um hafa að fjalla, sem að vísu er ekki bæjarstjórn Reykjavíkur, þá er það augljóst, að það er verið að taka ákvarðanir af aðilum úti í bæ um að reka Alþingi burt úr þessu húsi, án þess að spyrja Alþingi að því, því að öllum mönnum er vitanlegt, að þetta hús er Alþingi ekki nóg og það er nauðsynlegt að geta byggt hér í námunda við það og tengt það við þetta hús.

Ég held, að það sé ófært fyrir Alþingi að þola svona meðferð á sínum málum án þess að gera eitthvað eða taka ákvarðanir sjálft. Það er að vísu slæmt í þessum efnum, að þeir menn, sem eru forsvarsmenn Alþingis fyrst og fremst í þessum hlutum, hæstv. forsetar, skipta um ár frá ári, þannig að það er ekki það samhengi í ákvörðunum, till. og áhuga um þessi mál, sem hefði þurft að vera og er í ýmsum öðrum stofnunum, eins og t. d. bæjarstjórn Reykjavíkur. Ég vildi því alveg sérstaklega í tilefni af þeim ákvörðunum, sem að sumu leyti hafa verið teknar, eða þeim till., sem þegar hafa verið gerðar af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur, og af þeim till., sem nú liggja þar fyrir, leyfa mér að mælast til þess við hv. alþm., að þeir láti þessi mál til sín taka og sérstaklega sú nefnd, sem um þetta mál hefur átt að fjalla, láti hendur standa fram úr ermum um sínar ákvarðanir í þessum efnum. Ég vil jafnframt taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að ég álít það ekki vera á valdi bæjarstjórnar Reykjavíkur að taka endanlegar ákvarðanir í þessum málum. Samkv. lögum um skipulag, þótt þau séu úrelt og vissulega hefði þurft fyrir löngu að vera búið að endurbæta þau, þá er það skipulagsnefnd ríkisins og stjórnarráðið endanlega, sem tekur þær ákvarðanir, og ég trúi því vart, að nokkurt stjórnarráð eða nokkur ríkisstj. taki ákvarðanir endanlega í þessum efnum eða stuðli að því, að skipulagsnefnd ríkisins taki þær, án þess að Alþingi sé spurt, segi sitt orð í þessu áður og hafi haft tíma til þess að taka sínar ákvarðanir. Og ég vil alveg sérstaklega lýsa því yfir, að ég álít það algerlega óhæf og fordæmanleg vinnubrögð að taka ákvarðanir um að staðsetja eitt hús án þess að taka ákvarðanir um heildarskipulagið. Hér t. d. er verið að leggja til að ákveða, að ráðhús Reykjavíkur skuli byggt hér úti í Tjörninni, sem ég fyrir mitt leyti álít óhæfu, en það er lagt til að gera þetta, án þess að endanleg ákvörðun sé tekin um, hvernig a. m. k. allur miðbærinn í Reykjavík skuli vera skipulagður, allt frá höfninni og út að Skerjafirðinum, út yfir flugvöllinn, og án þess að taka ákvarðanir um, hvernig bæði Fríkirkjuvegurinn, Tjarnargatan og allur miðbærinn skuli vera. Þetta er alger óhæfa og mundi ekki tíðkast í neinni, sízt af öllu nokkurri höfuðborg, að það sé verið að taka ákvarðanir um eina og eina lóð í einu. Og það er búið að gera slík hneyksli í þessum málum hér í Reykjavík nú þegar, búið að meira og minna leyti að eyðileggja allar þær sjö hæðir, sem Reykjavík kemur til með að byggjast á, með því að taka ákvarðanir um eitt og eitt hús í einu, þannig að það er verið að spilla allri þeirri fegurð, sem hefði risið upp og einkennt Reykjavík og verið í samræmi við hennar umhverfi. Og hér er búið, bara hér í námunda við Austurvöll, þegar fyrir mörgum árum að eyðileggja þá hugmynd, sem þeir, sem sáu eitthvað fram í tímann, höfðu um t. d., að þetta hús hér og Landsbankinn skyldu standast á, og byggja nokkur verzlunarhús þar í millibilinu, sem aldrei áttu að verða til, og þannig er búið að taka ákvarðanir um að staðsetja einstök hús í Reykjavík, sem síðan eru það stór og voldug og það hér í miðbænum, að allt skipulag er látið síðan ráðast af þeim húsum. Þetta eru hættir, sem geta ekki gengið í nokkru siðuðu þjóðfélagi, og ef við höfum einhverja tilfinningu fyrir fegurð og samræmi í þessum hlutum, þá eigum við ekki að láta það viðgangast lengur að eyðileggja svona það umhverfi, sem á að skapa hér fyrir framtíðina.

Ég vil þess vegna alveg sérstaklega leyfa mér að mælast til þess við alla hv. þm., að þeir íhugi af alvöru þessi mál, og hæstv. ríkis-

stj. láti ekki taka neinar endanlegar ákvarðanir í þessum málum, og það er á valdi stjórnarráðsins að lokum að taka allar slíkar ákvarðanir samkv. l. frá 1921, og sú nefnd, sem Alþingi hefur þegar skipað í þessi mál, láti til sín taka í þessum efnum og það verði engar endanlegar ákvarðanir gerðar í sambandi við ráðhús í Reykjavík, fyrr en Alþingi hefur tekið ákvarðanir um sína framtíðarbyggingu og ákvarðanir hafa verið teknar um heildarskipulag á miðbænum a. m. k.

Ég skal taka það fram, eins og öllum er kunnugt, að þessi mál eru mál, sem ekki snerta neitt flokka. Það eru skiptar skoðanir, eins og eðlilegt er, um þessi mál í flokkum Alþingis, og hér er um mál að ræða, sem á að vera sameiginlegt áhugamál okkar allra sem þm., að þessi mál séu leyst sem bezt og leyst frá sjónarmiði fegurðar og hagkvæmni, en hvorki frá sjónarmiði einhvers metnaðar né fésýsluhagsmuna, og hér sé tekið fyrst og fremst tillit til þess, hvernig okkar höfuðborg og hennar miðdepill megi verða sem fegurstur, og alveg sérstaklega frá okkar sjónarmiði, hvernig Alþingi megi verða, sem hefur verið hugsað, frá því að það var sett hér í Reykjavík, sem miðdepill í þessari borg og á að vera það, — að því sé ekki úthýst frá þeim stöðum, sem því frá upphafi hafa verið helgaðir. Ég vil vonast til þess, að sú nefnd, sem sett hefur verið í þessum efnum, verði látin koma saman sem fyrst, og ég hef líka þá hugmynd frá hæstv. forseta, að það muni hans ætlun, og á meðan sé beðið með allar endanlegar ákvarðanir í þessum efnum, því að hver maður hlýtur að sjá, að um þetta verður að taka ákvarðanir í samræmi við hvað annað, en ekki allt í skerandi mótsetningu hvað við annað.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér, hvort þeir, sem málum ráða í Reykjavíkurborg, gera rétt eða ekki í því að ákveða ráðhúsi borgarinnar þann stað, sem till. eru uppi um nú og væntanlega verður tekin ákvörðun um í borgarstjórninni í dag, eftir því sem mér hefur skilizt. En málið horfir þannig við, eins og sakir standa, að horfur eru á því, að yfirvöld höfuðborgarinnar ákveði að reisa á þessum stað, við norðurenda Tjarnarinnar, það hús, sem verða mun, ef svo mætti segja, miðdepill þessarar borgar. Það mun, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, setja svip sinn á hinn gamla miðbæ ásamt þeim byggingum, sem væntanlega verða síðar reistar í samræmi við þetta mikla hús.

Það er að sjálfsögðu rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ef slíkt hús verður reist á þessum stað og með þeim svip, sem á því er ráðgerður, þá mun mega telja, að alþingishúsið eigi ekki heima á þeim stað, sem það nú er, a. m. k. ekki til langrar frambúðar. Því vil ég nú vekja athygli á því og beina því til þeirrar hv. n., sem að þinghúsmálum er starfandi hér á Alþingi, hvort nú sé ekki tímabært í sambandi við alþingishús að taka upp á ný hina gömlu hugmynd Fjölnismanna, sem við öll þekkjum, en þeir lögðu til og ýmsir menn aðrir ágætir í landi um það leyti, sem Alþingi var endurreist, á öndverðri 19. öld, að því yrði fenginn hinn forni þingstaður á Þingvöllum við Öxará. Ég vil beina því til þessarar hv. n., að hún taki til athugunar, hvort af hálfu Alþingis og þjóðarinnar eigi ekki að stefna að því, þó að það verði e. t. v. ekki í bráð, að alþingishús verði reist á Þingvöllum við Öxará, því að það er svo, að þó að það kynni að verða ekki alveg á næstunni, sem ráðizt yrði í slíka framkvæmd, þá ber nauðsyn til þess að hafa það í huga, hvort stefnan er sú eða ekki, að Alþingi verði á Þingvöllum í framtíðinni.

Ég vil leyfa mér að minna á það, að fyrir 30—40 árum voru uppi hér á hinu háa Alþingi í sambandi við Alþingishátíðina, sem þá stóð fyrir dyrum, till. í þessa átt. Þá voru uppi till. um það, ef ég man rétt, að láta fara fram þjóðaratkvgr. um þingstaðinn, að þjóðinni yrði gefinn kostur á því að láta í ljós vilja sinn um það, hvort hún vildi ákveða Alþingi stað á Þingvöllum. Það kom fram í umr. um það mál á þeim tíma, að menn töldu, að í rauninni hefði þjóðin aldrei fengið aðstöðu til þess að segja álit sitt um þetta mál, en málið væri þess eðlis, að það væri eðlilegt, að um það kæmi fram þjóðarvilji sérstaklega. Ég ætla, að till. þess efnis hafi komið fram þrisvar sinnum á Alþingi fyrir og um 1930, og á þeim tíma, þegar atkvgr. fór fram um það mál, var að vísu ekki meiri hl., en þó mikill hluti þm. því fylgjandi, að slík þjóðaratkvgr. yrði látin fara fram, og í hópi þeirra ýmsir hinna mætustu manna, sem sumir eru nú fallnir frá, en aðrir enn vel uppistandandi og sumir í hinum þýðingarmestu störfum hér í þessu þjóðfélagi. Eftir Alþingishátíðina féll þetta mál niður, en vel má vera, að ef því hefði verið haldið áfram, hefði meiri hl. fengizt fyrir þessari atkvgr. Ég held, að það væri þess vert fyrir hv. þm. að kynna sér þær umr., sem fram fóru á sínum tíma um þessar till., því að þær eru sannarlega mjög svo athyglisverðar. En það var þetta, sem var erindi mitt hér upp í ræðustólinn í framhaldi af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér, að beina því til n., að hún athugi þinghúsið frá þessu sjónarmiði einnig.

Þegar Jón Sigurðsson á sínum tíma gerðist því fylgjandi, að aðsetur Alþingis yrði í Reykjavík, var það sérstaklega ein röksemd, sem hann færði fram fyrir því máli. Aðalrök hans voru þau, að Íslendingum væri, eins og þá stóð á, — sjálfstæðisbaráttan var þá að hefjast, — þess mikil þörf að eignast höfuðstað. Reykjavík taldi hann fyrir margra hluta sakir auðveldast að efla til slíks höfuðstaðar, þótt hún væri fámenn þá. Íbúar hennar munu þá hafa verið innan við 1000. En hann hélt því fram jafnframt, að eitt af því, sem mest áhrif mundi hafa í þá átt að efla Reykjavík sem höfuðstað, væri að setja þingstaðinn þar og koma þar upp fleiri þjóðarstofnunum. Jón Sigurðsson hef-

ur reynzt sannspár í þessu sem mörgu öðru. Það, að Alþingi var ákveðinn staður í Reykjavík og mörgum öðrum þjóðarstofnunum, sem þar hefur verið komið upp einnig, hefur átt sinn mikla þátt í vexti höfuðborgarinnar.

Nú er Reykjavík orðin borg, og má segja, að henni sé ekki lengur sama þörf á því að hafa Alþingi hér eins og í þann tíð, er Jón Sigurðson lagði til, að hún yrði efld á þennan hátt, og styður það enn þá athugun þessa máls, sem ég er hér að minnast á.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er eðlilegt, að þm. taki nú enn á ný til athugunar um stöðu og aðbúnað þessa húss og þingsins í heild af því tilefni, sem hér hefur verið hreyft. Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að frambúðarmeðferð þinghússins hlýtur mjög að verða háð þeim ákvörðunum, sem teknar verða um stöðu ráðhúss í norðurenda Tjarnarinnar. Um leið og ég viðurkenni þetta, vil ég hins vegar lýsa ósamþykki minu á því, þegar hann beindi nokkrum hnífilyrðum að borgarstjórn Reykjavíkur af því tilefni, að hún ætlaði nú að taka um þetta ákvörðun án samþykkis þingsins. Það er eðlilegt, að borgarstjórnin af sinni hálfu taki ákvörðun um það, hvar hún telur eðlilegt, að ráðhús verði sett. Í því felst engin ögrun, enn þá síður fjandskapur í garð Alþingis, heldur það eitt, sem borgarstjórnin metur, svo sem réttilegt er, að tími sé til þess kominn, að ráðhúsinu sé endanlega ákveðinn staður. En annað mál er svo það, að sú staðarákvörðun hlýtur að lúta venjulegum reglum um meiri háttar skipulagsákvarðanir og hlýtur að lúta endanlegu samþykki þeirra aðila, sem til þess eru settir að fjalla um það, og þá að sjálfsögðu þess ráðherra, sem staðfesta á skipulagsuppdrátt. Ég efast ekki um, að slíkur háttur sé ráðgerður, og því er ekki ástæða til þess að setja út á meðferð borgarstjórnar á málinu. Það breytir ekki því, að af hálfu ríkisins kunna að verða aðrar skoðanir ofan á. Um það er ekki tímabært að segja að svo stöddu. Ég er því þess vegna samþykkur, þegar hv. 3. þm. Reykv. beinir því til hv. þm., að þeir íhugi þetta mál nú enn og að sú nefnd, sem kosin hefur verið til þess að fjalla um málið, taki upp störf, þar sem fyrr var frá horfið.

Þar sem málið er því enn þá í raun og veru á undirbúnings- og athugunarstigi, veit ég ekki, hvort tímabært er að ræða um það almennt fyrir utan það, sem við erum sammála um, að málið þurfi rækilegri athugunar af hálfu ríkisins, áður en það tekur málið til endanlegrar ákvörðunar. En ég vil þó láta uppi, að það er vissulega engin tilviljun eða nýjung, að ráðgert skuli vera, að ráðhúsi sé fenginn staður á þessum slóðum. Ef ég man rétt, hefur það verið ráðgert áratugum saman, bæði af hálfu skiplagsnefndar ríkisins, hvert hennar formlega heiti er, man ég nú ekki, og fyrir liggja ítrekaðar samþykktir af hálfu þeirra manna, sem kosnir hafa verið af borgarstjórn eða bæjarstjórn áður til þess að fjalla um þetta. Og mér er nær að ætla, að bæjarstjórn hafi einnig, a. m. k. einu sinni, ef ekki oftar, sjálf lýst samþykki sínu á þessum ráðagerðum, þannig að allir þeir aðilar, sem af hálfu borgarinnar og raunar af hálfu ríkisins embætti sínu samkvæmt hafa um þetta fjallað, hafa ætíð, stundum eftir nokkuð misjafnar skoðanir í upphafi og allrækilega leit, komizt að þeirri niðurstöðu, að æskilegasti staður fyrir ráðhús væri við norðurenda Tjarnarinnar. Og ég skal játa, að það hefur einnig lengi verið mín skoðun. Ég fjallaði nokkuð um þetta mál á þeim tíma, þegar ég var borgarstjóri, og sannfærðist þá um, að þessi staður væri hinn æskilegasti, ekki einungis vegna margfaldra hagkvæmniástæðna, heldur einnig vegna þarfar á því að fá glæsilega byggingu til þess, ef svo má segja, að loka norðurenda Tjarnarinnar. En öll vitum við það, sem þarna höfum um gengið og skoðað, að núv. húsaskipan er sízt ánægjuleg til að sjá og þarf breytingar.

Auðvitað gætu menn hugsað sér, að í stað ráðhúss væri vegleg þinghúsbygging að norðanverðu við Vonarstræti. En það hefur verið skoðun mín, og ég hef styrkzt í þeirri trú við að virða fyrir mér þær hugmyndir, sem í því efni hafa verið settar fram, að með slíkri byggingu væri þessu húsi, sem við nú erum í, mjög misþyrmt og það gæti ekki með nokkru móti samrýmzt að halda þessari byggingu eins og hún nú er og ætla að byggja einhvers konar viðbyggingu við hana við norðurhlið Vonarstrætis. Eina ráðið til þess, að þessi bygging fái notið sín, og hún mun einnig njóta sín vel, væri algerlega opið svæði frá henni til þeirrar byggingar, sem sunnar kemur og þarf að koma. Til þess að sá fagri húsgrunnur verði notaður eins og æskilegt er, verður að hafa hæfilegt rými á milli alþingishúss og dómkirkju og byggja síðan veglega stórbyggingu fyrir sunnan Vonarstræti. Það mætti hugsa sér, að menn vildu hafa þar nýtt þinghús í staðinn fyrir ráðhús, en ég sé ekki, að það væri á neinn hátt æskilegra en ætla ráðhúsinu stað þarna og reyna að leysa vandamál þingsins á annan veg.

Hv. síðasti ræðumaður vildi forða þinginu sem allra lengst og byggja yfir það á Þingvöllum. Ég tel ekki ástæðu að fara að ræða þá hugmynd á þessu stigi. Það er miklu meira mál en svo. Ég vil einungis láta uppi, að ég tel, að það samrýmist ekki nútíma þjóðfélagseða stjórnarháttum, að þinginu sé ætlaður staður annars staðar en í sjálfum höfuðstað landsins. Það væri mjög erfitt fyrir þm. landsins að gegna sínum skyldustörfum, ef þeir væru teknir úr daglegu sambandi við þau störf, sem unnin eru í sjálfri höfuðborginni, þannig að þá er spurningin um, hvort menn vilja flytja stjórnarsetur allt til Þingvalla, og hygg ég, að fáir telji það framkvæmanlegt. Við skulum ekki fara að ræða um hugmyndir Jóns Sigurðssonar í þessu efni eða túlka þær. Það var ekki hjá honum eingöngu um að ræða veg

Reykjavíkur eða nauðsyn, sem hann sá á því að koma upp einni höfuðborg, heldur einnig að haga stjórnarstörfum á Íslandi, þar með þingstörfum, þannig, að samrýmdist nútíma þjóðfélagsháttum. Hann sá það rétt fyrir á sínum tíma, og þau atvik eru öll fyrir hendi og raunar í enn ríkara mæli í dag heldur en er hann kvað upp úr með sína skoðun. En þetta er auðvitað enn annað mál, hvort menn telja ástæðu til að flytja þingið og þá helzt höfuðborgina með burt úr Reykjavík, eins og hv. síðasti ræðumaður í raun og veru stefnir að og raunar einnig hefur verið hreyft ekki alls fyrir löngu í umr. á Alþingi og ég er auðvitað algerlega andvígur.

Það verkefni, sem fyrir okkur liggur, er miklu takmarkaðra að mínu viti. Hægt er að samræma veglega byggingu við norðurenda Tjarnarinnar því, að þetta hús standi eins og það nú er. Og ef menn vilja ekki láta skemma það með auðsæjum viðbyggingum, en vilja þó halda þinginu hér, er þá hægt að finna lausn á því vandamáli. Og ég tel, að hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, hafi í n., sem hefur til íhugunar húsnæðismál Alþingis, bent á leið, sem vissulega hlýtur mjög að koma til álita, og hún er sú, að húsalengjan hér fyrir vestan þinghúsið hverfi og Alþingi eignist þær lóðir og þar verði komið upp veglegri byggingu, sem geti hýst mikinn hluta af starfsemi þingsins. Jafnframt verði þessi bygging látin standa óhögguð eins og hún er, e. t. v. með einhverri léttri millibyggingu, sem þó þarf ekki að vera. Það væri eins hægt að hugsa sér jarðgöng á milli, þannig að innangengt væri. Ef menn óska þess að nota þetta hús áfram fyrir störf Alþingis, er þarna að mínu viti bent á raunhæfa lausn, sem auk þess hefur rík söguleg rök við að styðjast, af því að það er ljóst, að hinar fornu húsatóftir Ingólfs Arnarsonar eru þarna í næsta nágrenni. Slík bygging mundi vita út að hinum gamla kirkjustað og túni. Samtímis yrði auðvitað að hafa í hyggju, hvort menn vildu láta rýma burt landssímahúsinu og öðrum þeim byggingum, sem hér eru andspænis. Allt hlýtur þetta að koma til athugunar. En ég hygg, að frambúðarnotkun þinghússins, þess sem við erum í, fyrir Alþingi sé algerlega háð einhverri slíkri lausn, ef menn telja hana ekki færa, verði að leita að öðrum stað fyrir þinghúsið. Það mætti hugsa sér að segja við Reykjavíkurbæ: Þinghúsið vill fá norðurenda Tjarnarinnar, en nær en það má bygging ekki verða núverandi húsi, til þess að hún yfirþyrmi ekki alþingishúsið, eins og það er. Eins er hægt að hugsa sér og hefur komið fram till. um það að fá Ísbjarnarlóðina gömlu suðaustur af ráðherrabústaðnum fyrir þinghús. Sumir tala um, að ráðhús eða stórhýsi ætti að vera við suðurenda Tjarnarinnar. Allt þetta hlýtur að koma til álita. En skoðun mín er sú, að hið versta af öllu væri, ef farið væri að klambra við þetta hús og reyna að breyta því að ytri ásýndum með byggingu hér fyrir sunnan, yfir á Templaralóðinni gömlu. Það hafa verið gerðir uppdrættir að þessu. Ég veit, að sumir telja þetta líklega lausn, t. d. 3. þm. Reykv., en um það efni er ég honum algerlega andstæður. En hitt var eðlilegt, að nú væri vakin athygli á því, að þetta mál yrði tekið upp til athugunar á ný, og þar sem að því hlýtur að vera komið, að fullnaðarákvörðun verði tekin um skipulag miðbæjarins, er það vissulega rétt, að það má ekki öllu lengur dragast, að tekin verði ákvörðun um frambúðarlausn húsnæðismála þingsins.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér finnst ekki vera hægt að segja, að þetta mál sé í æskilegu horfi, því að bæjaryfirvöld Reykjavíkur eru mjög langt komin að ákveða fyrir sitt leyti, að þau vilji hafa ráðhúsið í norðurenda Tjarnarinnar, en Alþingi hefur ekki gert það upp við sig, hvað það vill gera í þinghúsmálinu. En í raun og veru þarf, eins og hér hefur verið tekið fram, að ákveða þetta hvort tveggja í senn, því að þetta getur rekið sig hvað á annað, eins og hér hefur greinilega verið undirstrikað.

Ég skal ekki dæma um, hverjum þetta er að kenna, en ég hygg, að það megi engu síður segja, að hér sé um að kenna tómlæti þeirra, sem ráðið hafa þessum málum á Alþingi, en bæjarstjórninni, nema hvorum tveggja sé hér nokkuð um að kenna, því að hér hefði þurft að hafa meira samráð á fyrri stigum málanna.

Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er víst æðilangt síðan menn vissu það hér í þessu húsi, að það kom mjög til greina að hafa ráðhúsið í norðurenda Tjarnarinnar, og forusta Alþingis, sem í þessu falli eru forsetarnir, hefur náttúrlega ekki knúið nóg málið og ekki gengið nógu djarflega fram í því, að gert yrði upp, hvað yrði um framtíðarlausn á húsnæðismálum Alþingis.

Öll hljótum við að vita, að þetta getur varla staðið stundinni lengur hérna, eins og það er. Það má segja, að hér sé ekki hægt að tala við mann í einrúmi í þessu húsi, hér er orðið svo þröngt. Hér eru engin sérstök vinnuherbergi til fyrir þm. af neinu tagi og ekkert athvarf þeim til handa, nema gangarnir og eitt herbergi fyrir hvern flokk. Hér þarf að ráða til lykta mörgum stórlega merkum málum. Hér þarf að veita móttöku fjölda manna, sem hér koma til að ræða við þm. um áhugamál sín, og slíkar viðræður verða oftast að fara fram úti við vegg einhvers staðar, þar sem mannfjöldi er nærstaddur, eða í gluggakistum eða í öðrum skotum, sem menn flýja í. Þessi vinnuskilyrði eru lengi búin að vera alveg ófullnægjandi, og þetta getur ekki staðizt. Þess vegna hefur verið sýnt of mikið tómlæti í þessu máli. Menn hafa haft við nóg annað að glíma o. s. frv., og þetta hefur setið á hakanum.

Nú vil ég taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að endanleg ákvörðun í þessu efni, varðandi ráðhús Reykjavíkur, getur náttúrlega

ekki orðið tekin nema yfirvöld landsins samþykki, hvað gera á, til viðbótar því, sem yfirvöld bæjarins gera. Ég þori ekki að segja um, hvort það getur farið saman, að ráðhúsið sé byggt í norðurenda Tjarnarinnar, og hitt, að Alþingi verði áfram á þessum stað. Ég þori ekki að dæma um slíkt eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Það þarf ýtarlegrar athugunar við. En þetta þarf að athuga gaumgæfilega, m. a. vegna þess að frá mínu sjónarmiði væri langæskilegast á allan hátt, að Alþingi gæti verið áfram, þar sem það hefur verið síðan alþingishús var byggt á Íslandi. En hvort það getur farið saman, að ráðhúsið verði í norðurenda Tjarnarinnar og Alþingi verði áfram hér á þessum stað og með þeim viðbótarráðstöfunum, sem hægt er að gera, þori ég ekki að dæma um. En þetta sýnist mér þurfa að athuga gaumgæfilega, áður en ráðhúsmálinu verður ráðið endanlega til lykta. Yfirvöld bæjarins taka ákvarðanir fyrir sitt leyti og segja, hvað þau vilja láta gera, en eins og hér hefur m. a. verið undirstrikað af hæstv. forsrh., er það ekki endanlegt, því að það verður að sækja þessi mál undir ríkisstj., og ég dreg það ekki í efa, að ríkisstj. muni hafa samráð við Alþingi varðandi þetta efni.

Ég vil því taka undir, að það verði farið að starfa að þessum málum af meira afli en áður, því að hér verður sjálfsagt að taka ákvörðun, áður en mjög langt um líður.

En þá kemur spurningin, ef það kæmi til greina, að Alþingi flytti sig um set, hvað þá ætti að gera. Og ég skal ekki fara langt út í það. Ég vil þó að gefnu tilefni hér núna segja það sem mína skoðun, og það er í framhaldi af því, að ég hef oft hugleitt þau efni, að ég álít það með öllu óframkvæmanlegt að flytja Alþingi úr höfuðstaðnum. Það liggur blátt áfram í því, að ef Alþingi á að verða áfram, eins og við sjálfsagt öll viljum, æðsta stofnun landsins og sú valdamesta, þá verður Alþingi að eiga æðilanga setu á hverju ári. Alþingi getur ekki komið sér við, ef svo mætti segja, ekki beitt áhrifum sínum nema með því að sitja æðilengi árlega, og þróunin verður auðvitað sú, að það situr lengur og lengur árlega, eins og þjóðþing í öðrum löndum og eins og á að verða og hlýtur að verða, ef Alþingi á ekki að verða málamyndastofnun. Og þá gefur auga leið, að stofnun, sem þarf að sitja til að ráða fram úr jafnflóknum viðfangsefnum og Alþingi eru nú ætluð og þar sem þm. er þar að auki ætlaður fjöldi starfa fyrir almenning í ýmsum stofnunum, stjórnarstofnunum, slík stofnun verður að vera á sama stað og ríkisstj. og aðrar aðalstöðvar ríkisins. Ef svo verður ekki, verður niðurstaðan sú, að valdið dregst úr höndum Alþingis og færist yfir til stjórnarskrifstofanna og ríkisstj., ef þetta er ekki haft á sama stað. Enn fremur mundi þm. ekki verða kleift að annast þingstörfin og það, sem stendur í sambandi við þau, eins og nú er komið málum, nema vera innan um hinar stærstu stofnanir, sem þarf að hafa samband við.

Það væri á ýmsan hátt mjög æskilegt af sögulegum og þjóðernislegum ástæðum t. d., eins og hér var skotið fram áðan, að flytja Alþingi til Þingvalla. En min skoðun er sú, að eftir því sem menn velta þessu meira fyrir sér, eftir því muni menn komast nær þeirri skoðun, sem Jón Sigurðsson hélt fram um þetta, að Alþingi verður að vera í höfuðborginni. Og ekki sízt er þetta nauðsynlegt einmitt með okkar Alþingi, því að ég hygg, að það muni verða niðurstaðan, þegar farið verður að rekja þessa þræði, að Alþingi heldur ekki þeim sessi að vera raunverulega valdamesta stofnun landsins og sú, sem tekur hinar raunverulegu ákvarðanir um þýðingarmestu málin, nema því aðeins að það sitji æðilengi árlega og sitji í höfuðborginni, þar sem ríkisstj. er og þar sem aðrar stjórnarstofnanir landsins eru. Það er óhugsandi, að hægt sé að halda saman þeim þráðum, sem þarna þurfa að vera fast tengdir saman, með öðru móti. Ég veit, að það eru sjálfsagt æðimargir nú, eins og oft hefur verið áður, eins og var getið um áðan og kom fram kringum 1930, sem mundu gjarnan vilja, að hægt væri að færa Alþingi á Þingvöll við Öxará. En mér sýnist það óframkvæmanlegt, og hef ég talsvert íhugað þessi mál undanfarið. Það hefur gefizt tilefni fyrir mig til að hugleiða þetta, vegna þess að ég á að heita að vera í þessari nefnd, sem fjallar um þinghúsmálið, en hefur verið svona ódugleg, eins og réttilega hefur verið bent á. En forsetar Alþingis hafa átt að hafa forustuna í nefndinni.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en að lokum aðeins endurtaka, að ég mæli sterklega með því, að það verði tekið til óspilltra málanna varðandi þetta þýðingarmikla málefni. Ég vil leggja aðaláherzlu á það, að hvað sem ofan á verður, þá verður eitthvað að aðhafast í þessum málum sem fyrst, því að það er alveg ómögulegt, að Alþingi geti notið sín í þeim húsakynnum, sem það nú hefur yfir að ráða. Þau eru gersamlega ófullnægjandi til þess.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hóf máls hér utan dagskrár um þinghúsmálið, og það var ekki að ófyrirsynju, og lagði mikla áherzlu á það, að þm. létu þetta mál nú til sín taka og þá með meiri röggsemi en verið hefur fram að þessu, og um þetta er ég honum algerlega sammála. Um ýmislegt annað, sem fram kom í ræðu hans, hef ég hins vegar töluvert aðrar skoðanir.

Það, sem ég held að sé alveg óhætt að slá föstu, er, að það verður að taka þetta mál nú, þegar það verður tekið á ný til meðferðar af hálfu þingsins, að ég hygg, með öðrum hætti en verið hefur. Það hefur verið á það bent, að eðli málsins samkvæmt hljóti forsetar að hafa nokkuð mikið um slíkt mál að fjalla eins og þetta, og hefur þó verið nefnd í þessu, sem skipuð hefur verið fulltrúum úr öllum flokkum. En það er alveg rétt, sem bent hefur verið

á, að forsetarnir koma og fara, og aðstaða min hefur t. d. verið sú, að ég hef verið hér forseti, en þó þannig, að það hefur slitnað á milli, og þess vegna hafa verið á þeim tíma að minum dómi kannske minni tengsl í sambandi við sjálft þinghúsmálið en maður hefði kosið sem forseti. En á sama tíma hef ég verið í ráðhúsnefnd Reykjavíkurborgar, sem skilað hefur til borgarstjórnar þeim tilmælum um ráðhúsbygginguna, sem nú er kunnugt um.

Það fær með engu móti staðizt, að sýndur hafi verið af hálfu borgaryfirvalda nokkur þjösnaskapur í garð Alþingis. Eins og tekið hefur verið fram, hefur verið mjög vel vitað um ráðagerðir Reykjavíkurborgar, og það hefur verið á rökstólum þessi nefnd, sem fjallað hefur um þinghúsmálið. Borgarstjóri hefur mætt á fundum þessarar nefndar, þegar hefur verið rætt um þessi mál, og finnist mönnum, að bæjarstjórnin eða borgarstjórnin hafi fengið eitthvert forskot, ef svo mætti segja, þá er það hvorki vegna þjösnaskapar né neinu að kenna af hennar hálfu, og ef nokkrum yrði þar um kennt, þá held ég, að við yrðum að kenna okkur sjálfum um það, þm., að svo miklu leyti sem til þinghússmálsins tekur.

Ég veit, að við komumst ekki að niðurstöðu um staðsetningu þinghúss og framtíðarráðagerðir um það á skammri stundu hér í þingsölunum nú. Þó er ekkert úr vegi, að fram komi hugmyndir manna um þessi mál, ekki sízt ef þeir hafa nokkuð mótaðar hugmyndir. Og fyrir mitt leyti vil ég segja það, að ég hef verið að því leyti, að mér hefur fundizt, nokkuð hamingjusamur með það að hafa verulega ákveðnar skoðanir í þessu máli. Hvort þær eru réttar eða rangar, má auðvitað endalaust um deila, og geri ég engar kröfur til þess, að aðrir fallist á þær hugmyndir. En þegar rætt er um það hér, að þar sem við erum nú, hafi verið sett niður þinghús af hinum visu landsfeðrum með mikilli framsýni og tryggðar lóðir í kringum það, þá held ég, að það mál allt þyrfti töluvert betri athugun, áður en við skrifum undir víðsýnina, sem þar var á ferðinni. Ekki veit ég betur en það væri klippt neðan af teikningu þessa húss á sínum tíma, og við sjáum, að það vantar undirstöðuna, sem önnur hús sambærileg þessu hafa í kóngsins Kaupmannahöfn, þar sem þessar ráðagerðir fóru fram, þegar þinghúsið var hér sett og teiknað og byggt.

En eins og nú er komið, er ég alveg sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að þetta hús hefur unnið sér sögulega hefð og sögulega merka þýðingu í hugskoti þjóðarinnar. Fyrir mér er hins vegar sú hugsun mjög rík, að þar sem við nú erum komnir í þröng með húsnæði fyrir þinghúsið, sé það sjálfgert og styðjist í raun og veru einmitt við sögulega þróun, að það verði byggt alveg nýtt þinghús og þurfi engum skugga að varpa á þetta gamla þinghús og þá merku, sögulegu þýðingu, sem það hefur. Mér finnst, að hið nýja Ísland eigi að eignast sitt nýja þinghús, — Ísland eftir heimastjórnina, Ísland eftir fullveldisviðurkenninguna 1918 og Ísland eftir lýðveldisstofnunina 1944, — þetta nýja Ísland eigi að eignast sitt nýja alþingishús og umfram allt enga viðbyggingu við þetta hús, sem hér er, allra sízt þær, sem ég hef séð uppkast að um stærri byggingu með einhverjum tengslum hér norðan við Vonarstræti. Ég hef einnig séð till. um að tengja alþingishúsið og starfsemi þess, sem nú er, við nýjar byggingar hér vestan við, sem forsrh. vék að og sagði, að Benedikt Gröndal hefði verið með till. um í n., sem um þetta mál hefur fjallað. Þær till. leizt mér afar illa á frá minu sjónarmiði séð. En það er að vissu leyti ekkert ólíkt og að ætla að byggja viðbyggingu hér fyrir sunnan húsið, og það er að vissu leyti ekkert ólíkt þeirri ómynd, sem nú er verið að gera við menntaskólann í Reykjavík, þegar er verið að byggja byggingu við byggingu og endalausa ganga og ranghala til þess að komast á milli þessa, og hvort það verður nokkru meiri reisn að komast inn í húsið neðanjarðar heldur en verið hefur, það læt ég líka alveg ósagt um. Mér finnst hins vegar, að við þurfum að vera praktískir í þessu efni, og ég hygg, að það muni taka langan tíma enn að komast að endanlegri niðurstöðu í málinu, og það, sem mér finnst líklegast, og það, sem ég vil taka fram hér, að rætt var á fundum forseta strax í byrjun þessa þings, var þessi bráða nauðsyn, sem kallar að um að fá meira húsnæði, og til þess ætti að leita hér vestur fyrir, hvort það fyndust möguleikar til þess, en þar mætti byggja byggingu, sem ekki þyrfti að standa neinar deilur um, heldur væri bara praktískt hús, skrifstofuhús eða annað slíkt, sem að meira eða minna leyti félli síðan inn í aðrar ráðagerðir um byggingar þar. Það rekst á ýmsa aðila, sem eiga lóðir og annað hér fyrir vestan, og mætti kannske semja um, en slík ákvörðun að hefjast nú handa um að byggja til þess að leysa úr bráðasta húsnæðisskorti þm. og þingnefnda og þingflokka er alls ekki þannig vaxin, að hún ætti að þurfa að valda miklum deilum eða taka langan tíma, og mundi geta leitt til þess, að innan skamms væri hægt að stórbæta öll vinnuskilyrði hér í þinginu. En á meðan ynnist tími til þess að taka endanlegar ákvarðanir um staðsetningu og byggingu og teikningu hins nýja alþingishúss.

Þegar ég sem meðlimur í ráðhúsnefndinni, fyrst sem bæjarfulltrúi Reykjavíkur, samþykkti staðsetningu ráðhúss í norðurenda Tjarnarinnar og vann svo ásamt með ráðhúsnefndinni og arkitektum að þeim teikningum, sem nú liggja fyrir, var mér alltaf í huga hið nýja þinghús, þar sem áður var Ísbjörninn, eins og forsrh. vék að og ég tel að mundi fara ákaflega vel, að annars vegar er ráðhúsið við norðurenda Tjarnarinnar og hins vegar yrði bæði hið nýja þinghús á mjög fallegri lóð, sem er opin á móti norðri og útsýn gegnum Lækjargötu til Esjunnar, og stjórnarráðsbygging, sem ráðgert er að verði byggð fyrir austan Lækjargötuna, og einnig stórbygging, sem að einhverju leyti mundi verða annaðhvort í þjón-

ustu borgarstjórnar eða opinbers aðila, þar sem nú er barnaskólinn, og allt þetta mundi mynda mjög myndarlegan kjarna í miðbænum og fagran að mínum dómi. Það mundi þýða það, að húsin við Tjarnargötu, sem standa austan við hana nú, fyrir neðan ráðherrabústaðinn, mundu hverfa, enda er það engum vandkvæðum bundið, og það er mikið rúm, þar sem bjarkalundurinn er nú fyrir sunnan Skothúsveg, og auk þess ráðgert, að Skothúsvegurinn sem umferðargata falli niður. Sumir hafa nefnt aðra staði, eins og fyrir sunnan aðaltjörnina, sem einnig gæti komið til greina. Þar yrði meira rúm, en minni tengsl að mínum dómi milli þessara stórbygginga, sem settu svip á bæinn og væru veigamestu byggingarnar í borginni.

Það, sem mér finnst að liggi fyrir okkur eins og sakir standa, og þar er ég sammála þeim röddum, sem fram hafa komið, það er að taka ákvarðanir og umfram allt nógu skjótlega í sambandi við þetta mál, og fyrsta skrefið er að leysa úr þessum brýnu húsnæðisvandræðum þingsins og þm., sem eru algerlega óviðunandi, og mér finnst, að það gæti verið millibilsástand, meðan málið að öðru leyti er tekið til ýtarlegri athugunar. En þá verðum við þm. að hafa hraðari handtök og athuga, hvort við getum ekki komið á verklegri vinnubrögðum við athugun þessa máls heldur en við höfum haft fram að þessu. Í þessu felst engin ásökun til neins flokks, neins einstaklings að sjálfsögðu eða neins þm. af minni hálfu. Ég hef, eins og ég sagði, sjálfur verið á undanförnum árum forseti Nd., sem hefði þá haft þunga ábyrgð á því, að svona mál lenti ekki í handaskolum. En ég held, að reynslan, sem við höfum af okkar eigin starfsaðferðum í þessu, hljóti að sannfæra okkur um það, að við þurfum að taka upp aðrar vinnuaðferðir og leggja mikla áherzlu á hraðann í þessu máli af hálfu þingsins. Við græðum ekkert á því að ásaka borgarstjórnina fyrir þjösnaskap og annað. Af hennar hálfu hefur enginn þjösnaskapur verið í garð þingsins, og ég er sannfærður um, að borgarstjórnin er reiðubúin til allrar góðrar samvinnu við Alþingi í þessu máli. Ég veit ekki betur en það liggi fyrir borgarstjórn fyrirheit til þingsins um lóðina, sem Ísbjörninn stóð á við Tjörnina, á einhverju stigi málsins. En aðalatriðið er, að það hefur aldrei mér vitanlega verið neinn vilji úr þeirri átt til þess að setja horn í síðu Alþingis. En mál eins og þetta, staðsetning alþingishússins í sambandi við byggingu ráðhúss, verður að sjálfsögðu, ef vel á að vera, að leysast í góðri samvinnu borgaryfirvalda og Alþingis sjálfs og stjórnvalda þeirra, sem að öðru leyti eiga með þessi mál að fara.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki hér á þessum stað eða stundu að fara að blanda mér inn í skipulagsmál Reykjavíkurborgar eða hvar hún velur ráðhúsi sínu stað.

Varðandi húsnæðismál þingsins sýnist mér ekki ósennilegt, að niðurstaðan verði sú í bili, að farið verði að ráðum hæstv. dómsmrh., þar sem hann stingur upp á því, að þingið komi upp eða tryggi sér eitthvert húsnæði hér í nágrenninu til bráðabirgða til að bæta úr brýnustu þörf og að ákvörðun um byggingu framtíðarþinghúss verði látin bíða. Það finnst mér, að væru eðlileg vinnubrögð í þessu máli að svo stöddu. En hitt er það, að að því kemur trúlega fyrr eða síðar og m. a. vegna þessarar fyrirhuguðu ráðhúsbyggingar við Tjörnina, ef úr henni verður, að byggja verður nýtt þinghús á öðrum stað en það er nú.

Þegar ég tók til máls áðan, leyfði ég mér að vekja athygli þinghúsnefndarinnar á till. í þessum efnum, sem uppi hafa verið fyrr og síðar, og m. a. um þjóðaratkvgr. um þingstaðinn, og ég leit á það sem ábendingu fyrir n. í því skyni, að hún tæki það mál til athugunar. Hins vegar ræddi ég ekki að neinu ráði efni þess máls og hafði ekki ætlað mér það, en rakti aðeins lauslega ýmislegt, sem gerzt hefur í málinu, og þó fátt eitt. Þessi ábending mín, sem gerð var án þess að ræða efni málsins, varð hæstv. forsrh. tilefni til nokkurra umþenkinga og reyndar hv. 1. þm. Austf. einnig, sem ég get ekki látið með öllu ósvarað, úr því að hafin er viðræða um það efni.

Ég held, að hæstv. forsrh. ætti að kynna sér nánar ritgerðir þær, sem Jón Sigurðsson skrifaði í Ný félagsrit um þingstaðarmálið. Og ég held, að hann og hv. þm. fleiri ættu einnig að kynna sér þau skjöl, sem geymzt hafa prentuð frá embættisnefndinni um 1840, um þessi mál. Þar áttu hlut að menn, sem við a. m. k. teljum það merka, að þeirra er getið í hverri kennslubók í Íslandssögu. Hitt veit ég ekki, hve margra okkar, sem nú ræðum hér þetta mál, verður getið á sama hátt.

Hæstv. forsrh. sagði tvennt, sem mér finnst ástæða til þess að minnast á hér sérstaklega. Hann sagði, að ég stefndi að því að svipta Reykjavík höfuðborgarnafninu, að mér skildist. Ég veit ekki, hvaðan hæstv. forsrh. hefur þetta, og ég kannast ekki við það, að ég hafi sagt neitt í þá átt, að það ætti að svipta Reykjavík sínum höfuðborgarrétti, hvorki nú né endranær. Ég held, að þegar þeir Sveinn Ólafsson í Firði, Benedikt Sveinsson og Ásgeir Ásgeirsson, núv. forseti Íslands, lögðu til fyrir 35 árum ásamt fleiri þm., að atkvgr. yrði látin fara fram í landinu um það, hvort flytja skyldi Alþingi til Þingvalla, þá hafi ekki vakað fyrir þeim, að Reykjavík hætti að vera höfuðborg. Ég hef ekki orðið þess var í umr. um þetta mál. Þegar aðsetur forseta lýðveldisins var ákveðið á Bessastöðum, mun það ekki hafa vakað fyrir þeim mönnum, sem það gerðu, að Reykjavík hætti að vera höfuðborg, eða að rýra gildi hennar sem höfuðborgar. Höfuðborg býst ég við, að eftir sem áður verði talin, ef höfuðborgarheitið hefur í rauninni efnislega þýðingu, sá staður, þar sem ríkisstj. hefur aðsetur. En þar með er ekki sagt, að í þessari

sömu höfuðborg þurfi að safna saman öllum helztu þjóðstofnunum. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. sé það kunnugt, svo fróðum manni, og ýmsum öðrum t. d., að á þeim tímum, þegar Berlin var höfuðborg Þýzkalands á dögum Weimar-lýðveldisins og áður, var æðsti dómstóll þýzka ríkisins ekki í höfuðborginni, heldur var hann í annarri borg. Hann var í Leipzig. Og það er ekki neitt lögmál eða nein stjórnarskrá, sem býður það, að allar helztu þjóðstofnanir skulu vera í höfuðborginni. Að láta þau orð falla, að ég hafi lagt til eða vildi leggja það til, að Reykjavík hætti að vera höfuðborg, þó að ég benti á það, að rétt væri að láta fara fram þjóðaratkvgr. um þingstaðinn, á sér ekki stoð.

Þá sagði hæstv. forsrh., að það að heyja Alþingi á Þingvöllum eða utan höfuðborgarinnar, en það, sem hér var rætt um, voru Þingvellir, samrýmdist ekki nútíma þjóðfélagsháttum, og hv. 1. þm. Austf. sagði, að hin langa seta Alþingis krefðist þess, að það sæti í höfuðborginni, og ef það sæti ekki í höfuðborginni, mundi valdið dragast úr höndum þess. Ef það samrýmdist að dómi margra hinna mætustu manna hér á Alþingi þjóðfélagsháttum fyrir 30—40 árum, að Alþingi sæti á Þingvöllum, þá ætti það ekki síður að gera það nú, svo mjög sem samgöngur hafa breytzt. Nú mundi það geta samrýmzt þjóðfélagsháttum framtíðarinnar með tilliti til þeirra samgöngubreytinga, sem áreiðanlega verða á komandi tímum í þessu landi eins og annars staðar í veröldinni. Ég verð e. t. v. að biðjast afsökunar á því orðalagi, en mér finnst það vera barnaskapur að láta sér koma það í hug, að það verði nokkur hindrun fyrir þm. í starfi á 21. eða 22. öld, þó að Alþingi sitji á Þingvöllum.

Ég læt þessi orð falla efnislega um þetta mál að gefnu tilefni. Að öðru leyti benti ég á það eitt til athugunar fyrir nefndina, að hún íhugaði, hvort ekki væri rétt að taka upp hina gömlu till. frá því fyrir 30—40 árum um að gefa þjóðinni kost á að segja álit sitt um þetta mál.

Þegar deilt var um alþingisstaðinn laust eftir 1840, voru skoðanir mjög skiptar um þetta mál. Stjórnin úti í Kaupmannahöfn fór að till. meiri hluta embættismannanefndarinnar um það, og átti þó í rauninni ekki að vera fullnaðarákvörðun, heldur til bráðabirgða, meðan hún væri að hugsa sig betur um. Reyndin varð sú, að Alþingi sat í Reykjavík, og var það e. t. v. eftir atvikum, eins og þá stóð á, ekki óheppilegt. En ég hef séð í bókum sagnfróðra manna, að á því sé enginn efi, að ef málið hefði þá verið borið undir atkv. kjósenda í landinu, hefði verið samþykkt að hafa Alþingi á Þingvöllum, og eins og hæstv. forsrh., svo sögufróður maður sem hann er, veit sjálfsagt engu síður en ég, var Jóni Sigurðssyni það fyllilega ljóst og varð var við það í bréfum og á annan hátt, að afstaða hans í þessu máli mæltist mjög misjafnlega fyrir í landinu, þegar hún varð kunn.

Nú var því haldið fram á sínum tíma hér á Alþingi og raunar víðar, að þjóðin ætti það inni þá, og það á hún inni enn, að hún fengi einhvern tíma að segja álit sitt um þetta mál. Og úr því að það verður nú sennilega niðurstaðan að taka upp hið skynsamlega ráð hæstv. dómsmrh. að bæta úr húsnæðisvandræðum Alþingis til bráðabirgða, þá finnst mér, að hin hv. nefnd, sem hefur þetta mál til meðferðar, og hv. þm. ættu að leyfa þetta. Sé svo, að yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar sé þess sinnis, sem hæstv. forsrh. og fleiri virðast vera og telja ástæðu til að láta koma fram strax í dag, — ég veit ekki hvers vegna, — þá er samt enginn skaði skeður, þó að ein þjóðaratkvgr. fari fram. Það kemur þá aðeins fram, að þeir, sem nú eru að ræða um, að Alþingi verði háð á Þingvöllum, eru annarrar skoðunar eða hafa ekki fylgi við sína hugmynd. En ef þjóðin væri sama sinnis og hún var 1940, að vilja hafa Alþingi á Þingvöllum, þá væri skaði skeður, ef hún fengi ekki að segja það, því að þetta mál er eitt af þeim málum, sem snerta nokkuð djúpt tilveru þessarar þjóðar.

Ég skal svo ekki hafa um þetta efni fleiri orð.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. E. t. v. hafa menn fengið þá mynd af því máli, sem hér hefur verið rætt, að Alþingi og Reykjavíkurborg standi sem andstæðingar hvort andspænis öðru. A. m. k. hefur mátt skilja ummæli sumra hv. þm. svo, sem hér væri verið að tefla saman þessum tveimur aðilum. Þetta tel ég fullkominn misskilning og vil leiðrétta, því að bæði er það svo og á að vera svo, að Alþingi og stjórn höfuðborgarinnar séu samherjar í þessum vandamálum, sem hér er um rætt, og eigi að vinna saman og leggja hvort öðru lið. Það hefur verið gefið í skyn hér og raunar annars staðar einnig, að Reykjavíkurborg hafi gengið á rétt Alþingis með því að velja ráðhúsinu stað við norðurenda Tjarnarinnar. Hér hefur saga þess máls að nokkru verið rakin, en ég vil þó aðeins bæta þar örlitlu við.

Það hefur verið rætt í bæjarstjórn Reykjavíkur öðru hverju áratugum saman, hvar velja skyldi ráðhúsi Reykjavíkur stað, og eftir að leitað hafði verið álits margra aðila og m. a. fulltrúa ríkisvaldsins í skipulagsmálum, skipulagsnefndar ríkisins, varð það að lokum einróma ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur í árslok 1955, að ráðhúsið skyldi byggt við Vonarstræti sunnanvert. Ég vil taka það skýrt fram, að áður en sú ákvörðun var gerð, lá fyrir einnig einróma álit skipulagsnefndar ríkisins um, að þetta væri heppilegasti staðurinn, og meðmæli með honum. Hér var því ekki eingöngu um að ræða einhliða ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur, heldur einnig einróma meðmæli þess fulltrúa ríkisvaldsins, sem til þess er settur að ákveða um skipulag í Reykjavík eins og í öðrum kaupstöðum og kauptúnum.

Um leið og þessi ákvörðun var tekin fyrir rúmum 8 árum, ræddi bæjarstjórn Reykja-

víkur og skipulagsnefndin einnig um það, hvernig væri hentugast að leysa framtíðarhúsnæðismál Alþingis og hvaða staðir kæmu þar helzt til greina. Þegar málið var rætt í bæjarráði Reykjavíkur, var það einnig einróma afstaða þar að bjóða Alþingi Íslendinga lóðina, sem kölluð er venjulega Ísbjarnarlóðin, þ. e. a. s. þríhyrninginn, sem markast af Tjarnargötu, Skothúsvegi og Tjörninni sjálfri. Ég held, að það sé flestra dómur, að það sé eitt hið fegursta byggingarstæði hér. Á sínum tíma var það einn af þeim stöðum, sem mjög komu til greina, að ráðhús yrði reist á. Og ástæðurnar til þess, að ráðhúsinu var fremur valinn staður við Vonarstræti heldur en á Ísbjarnarlóðinni, voru ýmsar, en einkum var það sú ástæða, að ráðhús dregur óhjákvæmilega að sér mikla umferð, bæði bifreiða og gangandi fólks, og m. a. vegna þess þótti ráðhúsinu af umferðar- og skipulagsástæðum miklu betur komið hér við Vonarstræti heldur en suður á Ísbjarnarlóðinni. Reykjavíkurborg hefur aldrei orðið þess vör, að það væri að óvilja Alþingis Íslendinga, að ráðhúsið yrði byggt við Vonarstræti. Á sínum tíma fóru fram viðræður milli fulltrúa borgarinnar og nefndar, sem fjallaði um byggingarmál Alþingis og þingmannabústaðar af þingsins hálfu. Á árunum 1955—1956 fóru fram slíkar viðræður, og minnist ég þess, að ég átti nokkra fundi með þeirri nefnd, en formaður hennar var þá Gísli Jónsson, fyrrv. alþm. Frá þeirri nefnd komu aldrei nein andmæli gegn því, að ráðhúsinu yrði valinn þessi staður, og var það mál rætt ýtarlega. 8 ár rúm eru liðin síðan þessi ákvörðun var tekin í borgarstjórn, og Alþingi og alþingismönnum hefur verið það kunnugt síðan. Alþingi hefur enga ályktun gert, engin nefnd frá Alþingi, ekki forsetar Alþingis, um það, að Alþingi teldi á nokkurn hátt á sinn rétt eða hagsmuni gengið með þessari fyrirætlun. Og mér er ekki kunnugt um, að nokkurn tíma hafi komið einu sinni fram á Alþingi till. til þál. eða lagafrv. um að koma í veg fyrir þessar fyrirætlanir. Ég held, að því sé óhætt að slá föstu, að hér hefur ekki verið um að ræða neins konar ágreining milli Alþingis og bæjarstjórnar eða borgarstjórnar Reykjavíkur. Og þegar bæjarstjórnin gerði sína ályktun og hefur síðan látið vinna teikningar og allan undirbúning að ráðhúsinu, hefur bæjarstjórnin verið fullkomlega í góðri trú um, að þessar ráðstafanir og fyrirætlanir væru á engan hátt gegn vilja Alþingis.

Þegar rætt er um stað fyrir frambúðarhúsnæði Alþingis, kemur auðvitað margt til greina, og ég vil fyrst undirstrika það mjög eindregið, að þess er orðin brýn nauðsyn að búa Alþingi betri húsnæðisskilyrði en nú eru, og þarf ég þar litlu við að bæta það, sem hér hefur fram komið. Starfsskilyrði Alþingis í núverandi húsakynnum eru gersamlega óviðunandi. Og það er í rauninni næsta furðulegt, hversu lengi Alþingi og alþm. hafa getað við þetta unað án þess að taka ákvarðanir um umbætur. Það er auðvitað erfitt að gera sér ljósa grein fyrir því, hvernig á þessu stendur. E. t. v. er ein ástæðan sú, að um nokkurra ára skeið beindist hugur alþm. eða margra þeirra fyrst og fremst að því að byggja þingmannahús. Menn töldu það meira aðkallandi að búa þm. utan af landi sæmileg skilyrði, þegar þeir þurfa að vera hér um þingtímann í Reykjavík, þannig að þingmannahús væri meir aðkallandi en alþingishús. Þetta kom greinilega fram hér í umr. á þingi ár eftir ár um tíma. Ég mundi ætla, að hér hafi orðið nokkur breyting á, m. a. vegna þess, að nú hafa alþm. úti á landi að sumu leyti betri og meiri tækifæri til að fá sæmilegar íbúðir og vistarverur hér í Reykjavík en áður var. En hvað sem því líður, byggingu þingmannahúss, þá vil ég leggja áherzlu á það og undirstrika það, sem fram hefur komið hér, að þetta er orðin hin brýnasta nauðsyn og má ekki öllu lengur svo til ganga.

Þegar nú á að velja frambúðar alþingishúsi stað, þá er fyrst á það að líta, að Alþingi Íslendinga hefur hingað til um þessi rúm 1000 ár aðallega verið á þrem stöðum. Það hefur langsamlega lengst verið á Þingvöllum, síðan var það um alllangt skeið í latínuskólanum, þ. e. a. s. menntaskólanum nú, og síðan 1881 verið hér í þessu húsi. Það er að vísu till. uppi um það að byggja yfir Alþingi á Þingvöllum og flytja Alþingi og starfsemi þess þangað. Formenn tveggja stærstu þingflokka, hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Austf., hafa báðir fært fram sínar röksemdir gegn þeirri till. Ég ætla, að bæði þær röksemdir, sem þeir hafa fram flutt, og afstaða mikils meiri hluta manna almennt, bæði á þingi og utan þings, muni nú með þeim hætti, að þessi leið komi ekki til greina. Ég veit ekki, hvort einhverjum kynni að detta í hug að reisa nýtt alþingishús þar, sem menntaskólahúsið er nú. Með því mæla ýmis rök, m. a. þau, að Jón Sigurðsson starfaði þar allan sinn þingmennskuferil. Hann starfaði í því þinghúsi, því að Alþingi var jafnan háð þar, meðan hans naut við, og það var ekki fyrr en eftir lát hans, sem það hús, sem við nú erum í, var tekið í notkun. Ég hef þó í rauninni engan í alvöru heyrt varpa því fram, enda veit ég, að í augum margra eru svo dýrmætar minningar tengdar við menntaskólann og latínuskólann og það hús, að menn vilja ekki láta það hverfa fyrir nýju Alþingishúsi. Ég tel, að sú leið komi ekki heldur til greina.

Þriðja leiðin er sú að byggja í einu eða öðru formi við þetta hús, annaðhvort allstóra byggingu fyrir sunnan það, við Vonarstræti norðanvert, þar sem Alþingi á lóðir, eða vestanvert við alþingishúsið og tengja þetta á einhvern hátt saman. Ég hélt, að hugmyndin um það að byggja nægilega stórt hús hér sunnan við alþingishúsið og tengja það við þetta hús, væri nú að mestu úr sögunni. Það hafa verið gerðir bráðabirgðauppdrættir að slíku og virðast ekki sérlega eftirsóknarverðir. Ég ætla, að flestir þeir, sem um þetta fjalla, óski þess, að þessar gömlu, virðulegu byggingar, bæði alþingishúsið og dómkirkjan, geti haldizt í sinni

núv. mynd. Það mun verða til spillis fyrir allan svipinn hér á þessum slóðum, ef farið er að byggja stórt hús fyrir sunnan alþingishúsið, tengja það við með einhverjum göngum eða viðbyggingum, þannig að alþingishúsið yrði nokkurs konar bíslag við eitthvert nýtízku hús hér fyrir sunnan.

Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að leiðin sé sú og eigi að vera sú að byggja nýtt alþingishús, sem sé ekki tengt því húsi, sem við nú erum í, og að flestu leyti fari bezt á því. Hvar sú bygging á að vera, þar koma auðvitað ýmsir staðir til greina. Það er nefndur einn staður, það er sunnanvert við Tjörnina, í Vatnsmýrinni, sem er auðvitað ákaflega fagur og góður staður. Ég tel, að þó að slíkt væri að ýmsu leyti ákjósanlegt, sé slíkt staðarval útilokað, nema flugvöllurinn sé lagður niður. Ég býst ekki við, að menn séu reiðubúnir að taka nú ákvörðun um það.

Sá staður, sem hæstv. forsrh. nefndi og töluvert hefur verið ræddur í þeirri n., sem fjallar um þetta, hefur marga ágæta kosti, og það er að byggja alþingishús á ferhyrningnum, sem markast af annars vegar Kirkjustræti og Vonarstræti og hins vegar af Tjarnargötu og Thorvaldsensstræti eða hér rétt fyrir vestan þetta hús. Það mælir margt með því, eins og hæstv. forsrh. tók fram, m. a. sögulegar minjar og nálægð við bæ Ingólfs. Hins vegar er að sjálfsögðu á það að líta einnig, að bygging þar yrði ákaflega dýr vegna þeirra miklu kaupa á lóðum og húsum, sem yrðu nauðsynleg, ef þar ætti að byggja þinghús, og mikið eða jafnvel meiri hluta af þessu yrði að kaupa og rífa, áður en hægt væri að hefjast handa um byggingu þinghúss þar.

Ég hef ekki farið neitt dult með það, að sá staður, sem ég tel heppilegastan, æskilegastan og fegurstan fyrir nýtt alþingishús, er Ísbjarnarlóðin, þríhyrningurinn milli Tjarnarinnar, Skothúsvegar og Tjarnargötu, og sá staður var fyrir 8 árum boðinn Alþingi, og ég veit, að það tilboð stendur í fullu gildi enn í dag.

Hvað á þá að gera við þetta hús? spyrja menn. Í umr. á sínum tíma í sambandi við staðarval fyrir ráðhús lét ég í ljós mína skoðun bæði um það, sem ég gat um áðan, um framtíðarstað fyrir alþingishús, en um leið, að þessu húsi, sem við erum í, ætti að sjálfsögðu að halda við, og mér virtist það vel til þess fallið að verða dómhöll, aðsetur hæstaréttar og ef til vill fleiri dómstóla. Mundi húsinu með þeim hætti að sjálfsögðu sýnd full virðing og hæstarétti á hinn bóginn ekki síður.

Ég held, að varðandi þau mál, sem hér er verið að ræða, væri það æskilegast, ef þessir aðilar: Alþingi, borgarstjórn Reykjavíkur og fleiri aðilar, sem þarna ættu hlut að máli, gætu sameinazt um lausn eitthvað eftir þessum línum. Hitt held ég að sé engum til framdráttar, að vera að gefa í skyn, að Alþingi og höfuðborgin standi hér sem andstæðingar, að höfuðborgin hafi gengið á rétt Alþingis, því að það er ekki rétt.

Hér hefur það komið fram, að borgarstjórn Reykjavíkur muni væntanlega í dag taka endanlega ákvörðun um byggingu ráðhússins við Vonarstræti sunnanvert, og tel ég allar líkur til þess, að svo verði, m. a. þegar þess er gætt, að í borgarráði hefur orðið alger samstaða um till. þess efnis til borgarstjórnar. Hér hefur á það verið minnzt, að þetta væri ekki síðasta sporið í málinu, því að það ætti eftir að koma til fulltrúa ríkisvaldsins, þ. e. a. s. skipulagsnefndar ríkisins og ráðh., og er það að sjálfsögðu rétt. En á hitt vil ég benda, að áður en borgarstjórnin valdi ráðhúsinu stað, var haft fullkomið samráð við skipulagsnefndina. Hún mælti einróma með þessum stað, og veit ég ekki til, að hafi orðið nein breyting á hennar afstöðu. Þess vegna held ég, að ekki sé rétt að gera á nokkurn hátt ráð fyrir því, að breyting verði á þessari ákvörðun um staðarval fyrir ráðhúsið. Ég geng út frá því, að eftir að borgarstjórnin hefur gert sína samþykkt, muni þeir aðilar, sem eiga að leggja síðustu hönd á það, fallast á það, vegna þess, hver afstaða þeirra hefur verið hingað til í málinu.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en undirstrika enn, að það er hin brýnasta nauðsyn að taka ákvarðanir um það nú sem fyrst að bæta úr skilyrðum þeim, sem Alþingi og alþingismenn eiga nú við að búa. Vitanlega tekur sá undirbúningur allur nokkurn tíma. Fyrst og fremst þurfa hæstv. forsetar ásamt þeim fulltrúum þingflokkanna, sem eiga sæti með þeim í nefnd, að koma sér niður á ákveðna till., bæði um staðarval og um fyrirkomulag í stórum dráttum, og bera það að sjálfsögðu undir Alþingi, síðan tekur það auðvitað nokkurn tíma að undirbúa slíkt. En ef einhver skriður væri á þessu máli og horfur á því, að samkomulag gæti orðið og samstaða um staðarval og framkvæmdir á næstu árum, þá þyrfti að sjálfsögðu að taka ríflega fjárveitingu til byggingarframkvæmda, helzt upp í fjárlög fyrir næsta ár.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega lýsa yfir ánægju minni og samþykki við þá yfirlýsingu hæstv. forsrh., að í þessu máli verði ekkert gert endanlega, fyrr en ríkisstjórn hefur staðfest uppdrætti að miðbænum og ráðhúsmálinu og þinghúsmálinu og öðrum málum, sem snerta byggingu miðbæjarins, sé þar með ráðið til lykta. Og ég vil alveg sérstaklega segja það við hæstv. formann ráðhúsnefndar Reykjavíkur, hæstv. fjmrh., að hvaða ákvörðun sem borgarstjórn Reykjavíkur kann að taka í dag, þá er það ekki endanleg ákvörðun í þessu máli, enda væri ósæmandi fyrir borgarstjórn Reykjavíkur að ætla sér að reyna að gefa hugmynd um það, að endanleg ákvörðun verði tekin í þessu máli, áður en búið væri að staðsetja og ákveða aðrar stórbyggingar hér í miðbænum. Það er búið að gera nóg af því að staðsetja hér byggingar og það með dýrustu byggingum bæjarins og ríkisins, sem menn tala um í dag að

rífa burt, eins og landssímahúsið jafnvel, og við skulum ekki ganga út frá því, að menn geti aldrei lært neitt á þeim flumbruhætti, sem gilt hefur og skipulagsnefnd ríkisins oft hefur gert sig seka um á undanförnum áratugum, því að það er svo enn, að raunverulega meginið af öllum byggingum, sem staðsettar hafa verið hér í Reykjavík, hafa verið staðsettar ólöglega, vegna þess að heildarskipulag hefur ekki verið skapað af Reykjavík, lagt fyrir á þann máta, sem lögin frá 1921 gera ráð fyrir, og síðan byggt samkvæmt því, heldur hefur verið hafður sá háttur á að samþykkja svo að segja hvert götuhorn út af fyrir sig og samt götuhornin þannig, að þau standist ekki á, eins og menn geta bezt séð, ef þeir athuga Smiðjustíginn frá Hverfisgötu upp á Laugaveg, eftir því, hvaða fjárhagshagsmunir á hverjum tíma koma þar inn í og hvað þeir eru frekir, þeir aðilar, eða hve mikla áherzlu þeir leggja á að láta breyta teikningum eftir því, hvaða hagsmuna er þar að gæta.

Hæstv. fjmrh. sagði, að Alþingi og Reykjavikurborg væru ekki neinir andstæðingar í þessu máli. Ég vil vona, að hann mæli það af fullum heilindum, þannig að borgarstjórn Reykjavíkur sýni, að hún bíði með allar ákvarðanir í þessu máli, þangað til Alþingi er búið að ræða við hana um þessi mál, og þetta eiga aðilar sameiginlega að koma sér niður á, hvað sé fegurst og bezt upp á framtíðina í þessum efnum. Mér finnst satt að segja, að vissir aðilar í borgarstjórn Reykjavíkur hafi stundum viljað haga sér í þessum efnum eins og það væru þeir, sem væru herrann, og eins og það væru þeir, sem hefðu valdið, og jafnvel orðin, sem hæstv. fjmrh. klykkti út með, bentu til þess, að með þeirri ákvörðun, sem ætti að taka í dag, væri búið að taka þá endanlegu ákvörðun og henni yrði ekki raskað, það væri búið að fá skipulagsnefndina inn á þetta áður, og gleymdi þá, að sú ríkisstjórn, sem hann sjálfur á sæti í, er æðsta valdið í þessum efnum. Mér virðist hafa verið talað þannig og meira að segja nú af hæstv. fjmrh. sem formanni ráðhúsnefndar, talað þannig um þetta mál, eins og spursmálið stæði um það, hvað borgarstjórn Reykjavíkur ákveður, hvar hún setur ráðhúsið, og er nú lagzt svo lágt að tala um það í ráðhúsnefndinni, hvar ætti að hola Alþingi niður. Enn sem komið er er það þó svo, að það er Alþingi, sem ákveður þessi mál. Það er Alþingi, sem setur lögin um skipulagsmál ríkisins. Það er Alþingi, sem ákveður, með hvaða hætti skipulag allra bæja og kaupstaða skuli ákveðið. Og hefði Alþingi verið álíka — við skulum segja röggsamt eins og bæjarstjórn Reykjavíkur hefur verið, og ég skal ekki draga af henni hól fyrir hennar röggsemi og kraft, þá mundi Alþingi fyrir löngu vera búið að ákveða að friðhelga allt þetta svæði hér í kringum það, frá Lækjargötu til Tjarnargötu, frá Tjörninni og að Austurstræti, og á þessu svæði yrði ekkert byggt nema með sérstöku leyfi Alþingis. Ef Alþingi hefði fulla meðvitund um sitt vald og um það, hvað til þess friðar heyrir, þá væri Alþingi búið fyrir löngu að ákveða slíkt. Og það hefði betur farið, að slíkt hefði verið gert.

Ég skoðaði það líkan, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur látið gera af ráðhúsinu, og af því, hvernig hún eða kannske skipulagsnefnd eða ég veit ekki hvaða aðilar hafa hugsað sér byggingarnar þarna í kring. Og það var ekki verið að gera mikið rúm fyrir Alþingi þar. Það var auðsjáanlega gengið út frá því, að alþingishúsið og dómkirkjan ættu að verða eins og hverjir aðrir litlir kofar. Þar var myndin þannig, að hér út frá Oddfellowhúsinu að Kirkjustræti átti að reisa stórar byggingar og síðan alla leið að Tjarnargötu átti að koma einn ferhyrningur, þar sem auðsjáanlega áttu að vera stór verzlunarhús, skrifstofur og annað slíkt, enda vita menn, að mikið af þeim lóðum hefur þegar verið keypt upp af aðilum, sem hafa mikinn áhuga á að byggja þar stórbyggingar, og dálítið svipað var hinum megin með Lækjargötunni. Það var auðséð, að dómkirkjan og alþingishúsið, sem hafa verið eins og eins konar helgur punktur í Reykjavík og Reykvikingum og meginþorra landsbúa, held ég, þykir vænt um og vilja ekki láta gera að neinum smákofum, það var auðséð, að alþingishúsið og dómkirkjan áttu að verða eins og smákot hjá þeim höllum, sem þar átti að reisa. Það var hugmyndin, sem þetta líkan einkenndist af.

Ég held þess vegna, að bæjarstjórn Reykjavíkur ætti strax að sýna það, að hún vilji hafa einhverja samvinnu við Alþingi í þessum efnum, og byrja á því að bíða með sínar ákvarðanir og ræða þessi mál við þá nefnd, sem á að sjá um þinghúsið, en ekki láta sér detta í hug að ætla að stilla Alþingi upp frammi fyrir gerðum staðreyndum og tala svo um það af mikilli náð, hvar mætti hola Alþingi niður. Það er Alþingi, sem á lóðirnar hérna út að Vonarstrætinu og hérna út að sundinu við Oddfellowhúsið, og það mundi þykja kannske stundum dálítið hart að gera ráðstafanir gagnvart þó ekki smærri stofnun en Alþingi er um það að eyðileggja þær lóðir án þess að tala við það. Mér þótti að vísu vænt um að heyra, að hæstv. fjmrh. var á sömu skoðun og ég, að það væri vitlaust, að Alþingi færi að byggja hér vestur eftir Kirkjustrætinu og kaupa þar upp dýrar lóðir, því að bæði SÍS og aðrir, sem þar eiga lóðir, mundu vafalaust vilja fá sitt fyrir, eins og eðlilegt er, og mér þótti mjög vænt um að heyra, hve mikinn áhuga hæstv. fjmrh. hafði fyrir fjármálum ríkisins í því sambandi að vilja ekki fara að leggja út peninga af hálfu ríkisins í að kaupa upp dýrar lóðir þar, og mér sýndist, að hann ætti þá að hafa við þá forsjálni af hálfu fjmrh. og ríkisins að hugsa um, að ríkið eigi sjálft lóðir, sem hægt sé að byggja á. Hins vegar býst ég við, að þó að það sé nauðsynlegt fyrir hið íslenzka ríki og fyrir Alþingi og fyrir fjmrn. að taka tillit til peninga, þá sé engin nauðsyn á slíku fyrir Reykja-

víkurborg. Reykjavíkurborg getur náttúrlega leyft sér að kaupa upp hvaða lóðir sem vera skal, að búa til undirstöður, þar sem engar eru, til þess að byggja á. Fyrir Reykjavíkurborg er náttúrlega ekkert spursmál að henda út nokkur hundruð millj. kr. í slíku sambandi, hún er náttúrlega nógu rík til þess, en Alþingi náttúrlega og ríkið þarf að spara. Ég held þess vegna, að báðir þessir aðilar mættu nú fara að því ráði hæstv. fjmrh. að hugsa ofur lítið um það fyrir fram, hvað hlutirnir kosta. Ég er sammála hæstv. fjmrh. í hans eiginleika sem fjmrh. um þetta, og ég vildi, að hann hugsaði á sama hátt, þegar hann hugsar sem formaður ráðhúsnefndar Reykjavíkurborgar.

Það hefur verið minnzt á það hér, hvað ætti að gera, svo framarlega sem ráðhúsið væri byggt þarna í Tjörninni, og það hefur verið minnzt á að byggja hérna áfram vestur eftir. Ég er sammála þeim, sem um það hafa talað, að ég álít það ekki rétt. Hæstv. forsrh. kom inn á það í því sambandi, að það yrðu strax vandræði í sambandi við landssímahúsið og hvort yrði jafnvel að fara að taka það burt. Og það sýnir bezt, einmitt sú rétta hugmynd, sem þar kemur upp, hvað við verðum að gæta okkar að vera ekki að ákveða þessa hluti, fyrr en við ákveðum þá í heild. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun og hvað eftir annað á síðasta áratug lýst henni hér á Alþingi, að ég álít, að það eigi ekki að byggja á þessum lóðum hér úti á Kirkjustrætinu og það eigi ekki að byggja á lóðunum, sem eru hérna hinum megin við dómkirkjuna. Ég hef orðað það hálfdramatískt stundum, á þann hátt, að það ætti að leggja miðbæinn í eyði hérna í kring, ég mundi vilja fá áframhald af Austurvelli og öðrum slíkum völlum hérna hringinn í kringum dómkirkjuna og alþingishúsið, en ekki neinar stórbyggingar til þess að gera það að smákofum. Þess vegna verð ég að segja það, að mér leizt ekki heldur á þennan ferhyrning, sem þeir, sem bjuggu til líkanið af ráðhúsinu, höfðu hugsað sér hér út frá Oddfellowhúsinu, stórbyggingar hérna alveg við hliðina á okkur, stórbyggingar fram með Kirkjustræti, stórbyggingar fram með Tjarnargötu, og þegar menn geta hugsað svona, þeir sem eru að hugsa um skipulagsmál miðbæjarins, hvar er þá fyrirhyggja hjá þessu fólki? Hvers konar sérþekking er eiginlega þarna að verki, að ætla að hrúga þessu öllu á miðbæinn, sem er yfirfullur nú þegar? Það nær bókstaflega ekki nokkurri átt að láta sér detta það í hug að hrúga öllum þessum byggingum hérna báðum megin við, ekki aðeins vegna þess, að það er í ósamræmi við alla fegurð og í ósamræmi við alla þjóðarerfð, heldur líka vegna þess, að það er óhagkvæmt gagnvart miðbænum að yfirhlaða hann þannig, og það nær ekki nokkurri átt.

Ég held þess vegna, að ef við getum ekki fundið einhverja sæmilega lausn á því, að Alþingi noti sínar eigin lóðir, lendum við í miklum vandræðum með þetta efni. Ég er ekki að segja, að það sé eina lausnin, að við byggjum hús á Góðtemplarahúslóðinni og kannske á næstu öld þar sem listamannaskálinn er. En það vil ég taka fram, að ef inn á þá lausn yrði farið, þá álít ég, að hús, sem yrði byggt t. d. á lóðinni, þar sem Góðtemplarahúsið stendur, ætti ekki að vera hærra en núv. alþingishús er, það ætti að tryggja algert samræmi milli þessara þriggja húsa, sem smám saman ættu að koma upp, og ég hef þá trú á arktitektum, að slíkt eigi að vera hægt, og ég styrktist í þeirri trú, þegar við vorum saman t. d. í Stórþingshúsinu í Osló, þar sem byggð hefur verið við húsið stór nýbygging af mikilli prýði og fellur ágætlega inn í þann stíl, sem fyrir var, þó að það sé hins vegar mjög nýtízkulegt. En mér sýnist, að ef ekki er farið inn á eitthvað í þessa átt, muni það sem sé liggja næst, að farið verði að hrekja Alþingi sem slíkt burt úr þessu alþingishúsi. Og ég heyrði það alveg á hæstv. fjmrh., að það var raunverulega það, sem hann gekk út frá að væri verið að gera með því að slá því föstu, að ráðhúsið skyldi byggt í Tjörninni. Hann var eins og ég á móti því, að það yrði byggt hér í áframhaldi af Kirkjustræti, og fann þá ekki aðra leið en þetta hús yrði t. d. gert að dómhöll eða einhverju öðru slíku. Og ég vil segja, að það er einmitt þetta, sem ég er mest á móti af öllu. Mér var fyllilega ljóst, í hvers konar andlegri kreppu við Íslendingar erum núna, að öll okkar þjóðarerfð er svo að segja að slitna í sundur, öll tengsl við það þúsund ára Ísland, sem verið hefur. Og ef við gerum hverja ráðstöfunina á fætur annarri til þess að slíta þessi tengsl, bilar samhengið í okkar sögu. Þetta hús, það er alveg rétt, var hugsað of lágt af þeim, sem byggðu það, og arkitektinn danski, sem teiknaði þetta hús, þegar hann hann sá, hvernig tekin hafði verið neðsta hæðin undan því, var svo reiður, að hann fór burt héðan og var ekki við, þegar það var vígt. Þeir hugsuðu smátt í byggingum, þessir forfeður okkar, en þeir hugsuðu hærra í lóðum, enda voru lóðirnar ódýrari þá en byggingarnar.

Ég held, að við verðum þess vegna að miða við það að reyna fyrst af öllu að hafa Alþingi hér áfram og að byggja án þess að skemma þetta hús og án þess að hafa það í beinum tengslum við það, byggja hér svo nærri, að það geti komið að sama gagni og sama hús væri, og það mundi vera hægt, svo framarlega sem byggt væri á lóð Góðtemplarahússins. Við eigum ekki að flytja Alþingi úr þessu húsi, ekki vegna þess, að húsið sjálft og þessi bygging sé svo ákaflega merkileg, heldur vegna þeirra erfða, sem þegar eru við það tengdar. Það er í þessu húsi, sem ákveðið var og unnið að því að koma á heimastjórn á Íslandi á sínum tíma. Það er hér, sem var undirbúið að koma á fullveldi. Það er hér, sem var undirbúið að koma upp lýðveldi. Það er hér, sem allur síðari hluti okkar sjálfstæðisbaráttu hefur verið háður. Það er hér, sem það Ísland, sem nú er að

skapast, hefur verið mótað, og þetta hús, þrátt fyrir alla þá vankanta, sem það hefur, það helgast nú þegar af þeirri baráttu, sem í því hefur verið háð, og við eigum ekki að kasta því burtu, við eigum ekki að kasta því, hvorki í hæstarétt né neinn annan. Og ég veit ekki af einni einustu þjóð í nágrenni við okkur, sem gerir slíkt. Ég veit ekki betur en bæði Danir, Norðmenn og Svíar setji sitt stolt í að varðveita þær gömlu byggingar, sem þeir hafa fyrir sín þinghús, og að tengja við þær byggingar.

Þetta nýjabrum, sem stundum er að eyðileggja fyrir okkur og er búið að fá okkur til þess að eyðileggja hverja gömlu bygginguna á fætur annarri, verður að hætta. Við verðum að sýna einhverja virðingu fyrir þeirri þjóðarerfð, sem hér hefur verið sköpuð. Menn eru til allrar hamingju farnir að deila í dag um þá menn, sem hér voru uppi í byrjun þessarar aldar, og ég býst við, að þegar meira verður um þá deilt, þá fari menn líka að líta það, sem barizt hefur verið um í þessu húsi, öðrum augum. Og ég held, að það sé ekki ofverk, ef ekki íslenzkra arkitekta, þá arkitekta Norðurlanda, að finna ráð til þess að tryggja Alþingi góðar vistarverur í framtíðinni án þess að reka Alþingi burt úr þessu húsi.

En það sé ég og m. a. af því, sem hæstv. fjmrh. segir, sem er formaður ráðhúsnefndar, að meiningin með því að samþykkja ráðhúsið í Tjörninni er að reka Alþingi burt úr þessu húsi. Þess vegna álít ég, og það vil ég taka undir og vonast til, að hægt verði að gera, — ég álít, að í þessum efnum þurfi að taka upp samstarf á milli þessara aðila. Það má álasa okkur, sem á Alþingi sitjum, fyrir það, að við skulum ekki hafa verið athafnasamari í þessum efnum. Ég hef oft kynnt þær skoðanir, sem ég í þessum efnum hef, hér á Alþingi. Ég hef ekki álitið það og ekki kunnað við það að fara að flytja einn till. um þessi efni. Ég hef álitið, að slíkt ætti að koma frá mörgum aðilum og fyrst og fremst forsetum Alþingis. En ég álít, að það sé ákaflega þýðingarmikið, að nú sé ekki rasað um ráð fram í neinu í þessum efnum. Og þess vegna er ég ákaflega ánægður yfir því að mega treysta því, að hæstv. ríkisstj. staðfesti ekkert í þessum efnum og taki enga endanlega ákvörðun, fyrr en Alþingi hefur að sínu leyti sagt sitt orð um þinghús og hvernig þeim málum skuli skipað til frambúðar, og þar með verði þá líka komið á samvinnu við yfirvöld Reykjavíkur í þessum efnum, og ég vildi mega bæta því við, að skipulagsmál ríkisins yrðu þá kannske sett í eitthvað betra horf. Eg verð að segja það, að ég hef raun af því að sjá hér í Reykjavík, hvernig ekki sízt hver hæðin á fætur annarri er að verða ljótari og ljótari. Landakotshæðin var lengi falleg vegna Landakotskirkjunnar, sem gnæfði þar yfir og setti sitt mark á hana. Eftir að þessi spítali er kominn með höggpalli ofan á honum, er eins og þarna séu tveir hanar að rífast, þar sem Landakotskirkjan er annars vegar og spítalinn hins vegar. Það er eins og þeir arkitektar, sem ákveða, hvernig hlutirnir skuli gerðir, hugsi aldrei um nema eina byggingu í einu, en aldrei um, hvernig heildin kemur til með að líta út. Sama hefur orðið um þann stað, sem sjómannaskólinn var settur á. Sú hæð var ljómandi falleg, meðan sjómannaskólinn var þarna einn og setti svip á þessa hæð. Svo eftir að ein kirkjan er komin þarna rétt við, er stillinn farinn. Skólavörðuhæðin, sem hefði átt að vera eins konar Akrópólis Reykjavíkur og menn, sem hugsuðu um þessi mál í gamla daga, vildu gera að eins konar háborg íslenzkrar menningar, hún hefur auðsjáanlega verið byggð án þess að skapa nokkurn tíma heildarmynd af húsunum, sem þar er um að ræða. Að mínu áliti hefði á þeim stað, þar sem Hallgrímskirkjan virðist eiga að rísa núna, verið fegursti staðurinn fyrir ráðhús Reykjavíkur, borið hæst, verið fegurst og orðið í eins konar miðdepli. Það er náttúrlega enn þá hægt að rífa þá kirkju, ef menn féllust á, að það væri sá staður, sem ráðhús Reykjavíkur sómdi sér bezt á. En ég vil bara nefna þessa hluti til þess að sýna fram á, hvernig mönnum hefur hætt við að ákveða einn stað í einu, eins og landssímahúsið hérna eða Jóns Þorlákssonar húsið, sem kallað er, hérna hinum megin. Ég veit, að í framtíðinni verður þessi röð, sem skilur okkur hérna, rifin. Það verða einhvern tíma menn, sem gera það mikið fyrir fegurðina, að þeir vilja láta Austurvöll halda þar áfram og Landsbankann í sinni núverandi mynd og Alþingi standast á sem byggingar, sem einhver stíll og fegurð er í. En það verður ekki endalaust sá barbarismi, að menn fari að eins og búið er að gera við Útvegsbankann núna og eyðileggi þann litla stíl, sem einu sinni var á Lækjartorgi. En hvað um það, allt, sem gert hefur verið í þessum efnum, ætti a. m. k. að kenna okkur það, að hvað framtíðina snertir og m. a. hvað sjálft skipulag miðbæjarins snertir og þar með hvað ákvörðunina um þinghús og ráðhús Reykjavíkur snertir, þá eigum við ekki að rasa um ráð fram. Og vil ég mega vona, að við megum treysta á, að hæstv. ríkisstj. sjái um, að ekki verði það gert.

IV. Olíugeymar í Hvalfirði.

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan leyfa mér að bera fram fsp. hér utan dagskrár til hæstv. utanrrh., og ég sagði honum frá því í gær, að ég mundi gera það í dag, svo að hann gæti athugað málið.

Þann 7. ágúst s. l. birtist í ríkisútvarpinu í kvöldfréttum fréttatilkynning frá utanrrn. Hún var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarið hafa farið fram umr. um, að Atlantshafsbandalagið endurnýjaði og fjölgaði olíugeymum í Hvalfirði og bætti afgreiðsluskilyrði þar. Athuganir eru nú að hefjast um staðsetningu nýrra geyma, ef til framkvæmda kemur.“

Þessi frétt þótti þannig vaxin, að ástæða væri til að athuga þetta mál nánar, og þótti framsóknarmönnum rétt að fá upplýsingar um þetta málefni strax hjá hæstv. ríkisstj., eftir því sem hægt væri. Var fyrst borin fram ósk um, að utanrmn. Alþingis yrði kölluð saman út af þessu málefni, en til vara óskað eftir því, að fulltrúar frá flokknum fengju að ræða við hæstv. utanrrh. Ríkistj. hafnaði því að kalla saman utanrmn. og kvaðst líta svo á, að umboð n. hefði fallið niður með þingrofinu, en hins vegar lýsti hæstv. utanrrh. sig fúsan til að ræða við fulltrúa frá Framsfl. um málið, og ræddu þeir við ráðh., varaformaður flokksins, Ólafur Jóhannesson, og Þórarinn Þórarinsson ritstjóri þann 8. ágúst í sumar. Upplýsingar þær, sem utanrrh. veitti fulltrúum flokksins, voru m. a. þessar:

Viðræður hafa staðið yfir milli íslenzku ríkisstj. og Atlantshafsbandalagsins eða NATO, sem við köllum, um að NATO byggi og eigi eftirgreind mannvirki í Hvalfirði: 1) Stóra olíubirgðastöð, og hefur verið ráðgert, að byggðir verði hið fyrsta 25—28 geymar. 2) Hafskipabryggju eða bryggjur, þar sem stór skip geti bæði landað olíu og tekið olíu. 3) Legufæri, sem verði steypt í botn fjarðarins, en NATO mundi ekki fá að nota nema með sérstöku leyfi ríkisstj. hverju sinni.

Ráðh. skýrði frá því, að gerðir yrðu sérstakir samningar við NATO um þessar framkvæmdir, ef úr þessu yrði. Ríkisstj. mundi ekki telja nauðsynlegt að leggja þá samninga fyrir Alþingi, en í þeim yrðu svipuð uppsagnarákvæði og í varnarsamningnum milli Íslands og Bandaríkjanna, ef til samninganna kæmi.

Þessar upplýsingar hæstv. ráðh. sýndu glöggt, að ríkisstj. taldi mjög koma til greina og var jafnvel að semja um nýjar stórframkvæmdir í Hvalfirði, sem sýnilega voru ætlaðar sem upphaf að flotastöð í firðinum að okkar dómi. Af þessu tilefni hélt framkvæmdastjórn Framsfl. því fund þegar í stað, að þessar upplýsingar lágu fyrir, og tók afstöðu til málsins á þann hátt, sem ég vil nú greina, með leyfi hæstv. forseta.

„Samkv. tilkynningu frá utanrrn., sem lesin var í útvarpsfréttum 7. þ. m., og viðtali, sem fulltrúar Framsfl. hafa átt við utanrrh., fara nú fram viðræður milli Atlantshafsbandalagsins og ríkisstj. um, að bandalagið byggi stóra olíubirgðastöð í Hvalfirði, hafskipabryggju eða bryggjur og legufæri, sem ætluð eru herskipum. Af hálfu bandalagsins hafa áður verið bornar fram óskir um svipaðar framkvæmdir í Hvalfirði, en þeim þá verið hafnað. Í tilefni af framangreindum viðræðum Atlantshafsbandalagsins og ríkisstj. lýsir Framsfl. sig andvígan því, að aukinn verði herbúnaður í Hvalfirði með byggingu nýrra flotamannvirkja eða á annan hátt, og skorar á ríkisstj. að ljá ekki máls á samningum um slíkt.“

Ályktun þessa sendi stjórn Framsfl. utanrrh. 10. ágúst og einnig ríkisútvarpinu. En það furðulega skeði, að ríkisútvarpið neitaði að birta þessa ályktun, enda þótt það hefði birt fréttatilkynningu ríkisstj. um þetta sama mál. Er sú framkoma ríkisútvarpsins tvímælalaust algert brot á hlutleysisstefnu útvarpsins. Er illa komið hér í landinu, ef stjórn stjórnarandstöðuflokks getur ekki komið á framfæri beinni frásögn, áróðurslausri með öllu, af afstöðu sinni til stærstu mála, en ríkisstj. einni ætlað að geta komið sliku á framfæri. Mun ég ekki ræða það atriði nánar að sinni í sambandi við þessa fsp., sem hæstv. forseti hefur leyft mér, en nú er það erindi mitt með þessum formála, sem ég hef greint, að gera fsp. til hæstv. utanrrh., og geri ég hana utan dagskrár vegna þess, hve það tekur langan tíma að fá teknar fyrir til umr. fsp., sem gerðar eru á annan hátt, en fsp. er á þessa lund og vona ég, að hæstv. ráðh. svari henni:

„Hefur ríkisstj. í huga að gera eða hefur hún gert samninga við Atlantshafsbandalagið um mannvirkjagerð í Hvalfirði, og ef svo er, hvernig eru þeir samningar?“

Þetta sýnist mér lífsnauðsyn, að hv. þm. og allir fái að vita nú þegar í upphafi þings, til þess að menn geti skoðað málið í ljósi þess, sem kann að hafa gerzt eða ætlunin er að gera, sem ég vona að hæstv. ráðh. segi okkur frá, ef ríkisstj. hefur ákveðið í hyggju.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. hefur spurzt fyrir um það, hvort ríkisstj. hafi í hyggju að gera samninga um mannvirkjagerð í Hvalfirði eða hvort slíkur samningur hafi verið gerður. Ég mun að sjálfsögðu svara þessari spurningu, en um leið og ég geri það, þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir málinu í heild, sérstaklega í tilefni af þeim orðum, sem hv. 1. þm. Austf. lét falla hér áðan.

Samkv. varnarsamningnum frá 5. maí 1951 taka Bandaríkin að sér að annast varnir Íslands í umboði NATO. Bandaríkin greiða allan kostnað við veru varnarliðsins á Íslandi og mannvirkjagerð þess hér. Íslandi ber þó að láta varnarliðinu í té nauðsynlegt land án endurgjalds, eftir því sem um verður samið.

Síðan varnarliðið kom til Íslands, hefur það ráðizt í framkvæmdir fyrir þúsundir milljóna ísl. kr. Allar hafa þessar framkvæmdir verið bornar fyrir fram undir ríkisstj. Íslands. Hún hefur samþ. þær og látið í té nauðsynlegt land. Þessar framkvæmdir hafa aldrei verið bornar undir Alþingi.

Fyrir mörgum árum komu NATO-ríkin sér saman um að stofna sérstakan sjóð, sem skyldi greiða vissar varnarframkvæmdir. Fé í þennan sjóð hafa öll aðildarríki NATO greitt nema Ísland. Bandaríkin greiða yfir 40% af framlagi til sjóðsins. Sjóður þessi hefur verið nefndur infrastructure-sjóður, og þær framkvæmdir, sem aðallega hafa fallið undir sjóðinn, eru

flugvallagerðir, olíuleiðslur, eldsneytis- og sprengiefnageymslur, fjarskiptastöðvar og annað slíkt.

Á árinu 1953 fór NATO fram á það við ríkisstj. Íslands, að leyft væri að taka byggingu lóranstöðvar á Snæfellsnesi inn á infrastructure áætlun NATO og að byggja stöðina á kostnað infrastructure-sjóðsins. Utanrrh., dr. Kristinn Guðmundsson, veitti þetta leyfi. Málið var ekki borið undir Alþingi, enda ekki um þingmál að ræða.

Snemma á árinu 1955 komu fram till. frá NATO um, að komið skyldi á fjarskiptasambandi milli Bretlands og Íslands á vegum NATO og á kostnað infrastructure-sjóðsins. Einnig komu fram á sama tíma till. um, að gerðar skyldu í Hvalfirði geymslur fyrir olíu og sprengiefni ásamt aðstöðu fyrir skipalægi samkv. infrastructure-áætlun NATO. Á árinu 1955 verður utanrrh. Íslands, dr. Kristinn Guðmundsson, forseti NATO. Tilmælin um infrastructure-framkvæmdir í Hvalfirði eru þá ræddar hér heima og við NATO. Niðurstaðan verður sú, að fjárveiting til þessara framkvæmda er tekin upp í áætlanir um fjárveitingar úr infrastructure-sjóði, og eru áætlanir þessar gerðar 1. marz 1956. Utanrrh., dr. Kristinn Guðmundsson, er þá enn í forsæti Atlantshafsbandalagsins.

Það er ekki venja og ég þekki þess engin dæmi að taka fjárveitingar upp í fjárhagsáætlun infrastructure-sjóðsins, nema áður sé gengið úr skugga um, að viðkomandi land sé samþykkt framkvæmd þeirri, sem fé er veitt til. Við ályktun Alþingis frá 28. marz um endurskoðun varnarsamningsins féllu niður að mestu verklegar framkvæmdir varnarliðsins á Íslandi. M. a. stöðvuðust infrastructure-framkvæmdir þær, sem fé hafði verið ráðgert til.

Að álíðnu ári 1956 var það kannað af hálfu NATO, hver afstaða ríkisstj. Íslands væri til ráðagerða þeirra um infrastructure-framkvæmdir á Íslandi, sem uppi höfðu verið, áður en vinstri stjórnin var mynduð. Utanrrn. þurfti því að taka til athugunar, hvort þessar framkvæmdir skyldu leyfðar eða ekki. Það kann að orka tvímælis, hversu bindandi aðgerðir fyrirrennara vinstri stjórnarinnar voru í þessum efnum. Ég ætla ekki að fara út í það, en hv. þm. Hannibal Valdimarsson, þáv. félmrh., lýsti því yfir í ræðu á Alþingi 6. des. 1956, að ekki væri hægt að ógilda loforð fyrrv. ríkistj. um varnarframkvæmdir á Íslandi.

Að athuguðu máli tók utanrrh. þá ákvörðun að standa við leyfið um byggingu lóranstöðvar á Snæfellsnesi, enda hefur rekstur þeirrar stöðvar mikla þýðingu fyrir þjóðina langt út yfir varnargildi hennar. Fyrirhugaðar framkvæmdir í Hvalfirði vildi utanrrn. hins vegar ekki leyfa. Af hálfu NATO hefur á undanförnum árum hvað eftir annað verið leitað eftir leyfi til að byggja olíutanka í Hvalfirði og nauðsynleg löndunartæki í því sambandi. Tankar þessir eru einvörðungu ætlaðir til birgðageymslu á friðartímum og engar skipaferðir um Hvalfjörð í sambandi við þá nema til að fylla þá með eldsneyti og endurnýja það, er það hefur verið geymt þar vissan tíma. Ríkisstj. hefur nú fallizt á, að fé sé veitt úr infrastructure-sjóði til að gera mælingar og athuganir á byggingu olíutanka í Hvalfirði og mælingar og nauðsynlegar athuganir um afgreiðsluútbúnað í því sambandi. Þessar athuganir standa yfir. Olíutankarnir í Hvalfirði eru orðnir mjög gamlir. Flestir voru þeir byggðir á árunum 1942 og 1943. Eins og títt er um mannvirki gerð á stríðstímum, var lítt til þeirra vandað í upphafi, enda eru margir þeirra nú í slæmu ástandi. Einhver endurnýjun hefur farið fram, en öldungis ófullnægjandi. Ljóst er, að miklu frekari endurnýjunar er þörf. Er þar um að ræða fjárfrekari framkvæmdir en svo, að slíkt verði gert fyrir innlent fé. Eldsneytismagn það, sem hægt hefur verið að geyma í Hvalfirði, hefur og í mörg ár verið talið öldungis ófullnægjandi. Þessi staðreynd var viðurkennd af Íslands hálfu þegar fyrir daga vinstri stjórnarinnar. Loks hafa Íslendingar tvöfaldra hagsmuna að gæta í sambandi við tankana í Hvalfirði. Annars vegar er þýðing þeirra fyrir varnir landsins og hins vegar þýðing þeirra fyrir íslenzkan sjávarútveg. Það hefur komið fyrir, að olíuforði landsmanna hefur þrotið á vetrarvertíð. Fram undan var stöðvun bátanna. Málinu var bjargað með olíu frá tönkunum í Hvalfirði. Ég minnist a. m. k. tveggja slíkra tilfella. Annað var á dögum vinstri stjórnarinnar, hitt tilfellið var í fyrra.

Að öllum þessum ástæðum athuguðum, hefur ríkisstj. áformað að leyfa nokkra endurnýjun og aukningu á tönkunum í Hvalfirði, byggingu afgreiðsluaðstöðu í því sambandi. Verklegum athugunum í Hvalfirði er ekki lokið enn þá. Fyrirsjáanlegt er þó, að þarna verður um miklu minni framkvæmdir að ræða en áformað var 1955, þegar beiðnin kom upphaflega fram. Þá var talað um 25—28 tanka, nú eru ráðgerðir 8 með tilheyrandi löndunaraðstöðu og tvennum legufærum. Þegar verklegum athugunum er lokið í Hvalfirði, verður málið athugað nánar og ef ríkisstj. sýnist svo, verður sérstakt samkomulag gert um framkvæmdirnar. Grundvöllur þess samkomulags verður sá, að tankarnir verði eingöngu notaðir fyrir varabirgðir á friðartímum, sem grípa megi til, ef til ófriðar kemur. Skipaferðir í Hvalfirði breytast ekkert þrátt fyrir þessa mannvirkjagerð frá því, sem verið hefur.

Varnarliðið hefur verið hér í full 10 ár og haft hér stórkostlegar verklegar framkvæmdir. Allar hafa þessar framkvæmdir, eins og ég sagði í upphafi, verið bornar undir ríkisstj. og leyfðar án samráðs við Alþingi, enda ekki þingmál. Þó að fé til tankbygginga í Hvalfirði komi úr infrastructure-sjóði, en ekki ríkissjóði Bandaríkjanna beint, þá breytir það engu í málinu. Í samkomulaginu, sem gert verður, ef til kemur, um framkvæmdir í Hvalfirði, verður samið um þær sem hluta varnarliðsframkvæmda samkv. varnarsamningnum. Þess-

ar framkvæmdir fara fram á vegum Bandaríkjanna, og gagnvart Íslandi virðist það ekki breyta máli, hvaðan féð kemur.

Ég hygg, að með þessum upplýsingum sé ekki aðeins svarað þeirri fsp., sem hv. 1. þm. Austf. lagði hér fyrir, heldur einnig gefin nokkru gleggri mynd af málinu en áður hefur verið. Fréttatilkynning um þetta var gefin út í sumar, þegar ráðið var að láta athuganir fara fram upp frá, en þá var málið enn á því byrjunarstigi, að fyllri upplýsingar var ekki hægt að gefa.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. 4 þm. Alþb. hafa á þskj. 22 borið fram till. til þál. um það, að Alþingi skuli að gefnu tilefni lýsa yfir því, að óheimilt sé að gera nokkra samninga við Atlantshafsbandalagið um framkvæmdir i Hvalfirði, nema samþykki Alþingis komi til. Nú hefur hv. 1. þm. Austf. innleitt þetta mál hér til umr. þrátt fyrir það, þó að það sé orðið skjalfest þingmál, og fengið það tekið hér fyrir utan dagskrár. Hygg ég allóvenjulegt, að þingmál sæti fyrir fram umr. sem þessum innan Alþingis. En látum það vera. Ég vil hér aðeins segja frá því að gefnu tilefni, að þegar hin fáorða og fyrirferðarlitla frétt um mannvirkjagerð á vegum NATO í Hvalfirði birtist s. l. sumar, þá óskaði ég eftir því fyrir hönd Alþb. að fá að ræða það mál nánar við hæstv. utanrrh., og varð hann fúslega við þeim tilmælum og svaraði greiðlega þeim spurningum, sem ég og Eðvarð Sigurðsson, sem gekk með mér á hans fund, öllum þeim spurningum, sem við lögðum fyrir hann um þetta mál. Hann staðfesti það, að þarna stæði til að gera samning við NATO um byggingu alldýrra og umfangsmikilla mannvirkja í Hvalfirði og þ. á m. byggingu hafnarmannvirkja í stórum stíl og múrninga á botni Hvalfjarðar, en legufæri skyldu vera geymd í landi, þar til ríkisstj. tæki ákvörðun um, að þessar múrningar og þessi legufæri yrðu sjósett. Við spurðum um það, hvort þessi legufæri yrðu þannig, að þarna væri e. t. v. verið að búa út bækistöðvar fyrir kafbáta, sem e. t. v. hefðu meðferðis atómvopn, og minnir mig, að ráðh. segði, að vitanlega gætu öll skip, hverrar tegundar sem væru, notfært sér slík legufæri, þegar þau væru þar komin í nothæft ástand, og fannst mér í þessu felast engin synjun, engin neitun á þeirri fsp., sem við sérstaklega bárum fram um þetta atriði. Að öðru leyti hefur málið verið rakið opinberlega, fsp. okkar og svör ráðh. við henni, og hirði ég ekki að endurtaka það. En það var niðurstaða okkar máls á þessum fundi okkar með ráðh., að við mótmæltum því, að leyfilegt væri að gera á vegum ríkisstj. samninga við NATO eða önnur ríki, sem legðu kvaðir á íslenzkt land, eins og þarna væri tvímælalaust um að ræða, og kröfðumst þess, að Alþingi yrði kallað saman til ákvörðunar um slíkt mál. Ráðh. sagðist skyldu leggja þá kröfu eða ósk okkar Alþb.-manna fyrir ríkisstj., og hefur hann sjálfsagt gert það, en eins og kunnugt er, var málið ekki lagt fyrir Alþingi og hefur ekki komið til umr. hér fyrr en nú í fyrirspurnarformi, þangað til það verður þá að réttum þingsköpum tekið til umr. viðvíkjandi því þingmáli, sem nú liggur fyrir.

Það er afstaða Alþb. til þessa máls, að ríkisstj. sé ekki heimilt að ganga frá slíkum samningum, enda er ekkert um það að villast, að í sjálfri stjórnarskránni er forseta ríkisins, sem skal gera samninga við önnur ríki, ekki heimilað að gera neina þá samninga, sem feli í sér kvaðir á íslenzku landi, nema samþykki Alþingis komi til. Nú tók ég svo eftir, þegar hæstv. utanrrh. talaði hér áðan, að þetta mál væri ekki orðið samningsbundið enn, það væri á athugunarstigi, og tel ég því, þegar ekki hefur orðið af samningsgerð hjá hæstv. ríkisstj., áður en Alþingi kom saman, einsætt, að halda beri ákvæði stjórnarskrárinnar um það, að ekki verði neitt í þessu máli gert, án þess að þær ákvarðanir byggist á þinglegri ákvörðun Alþingis. Það er krafa Alþb. samkv. þáltill. á þskj. 22.

Ég held, að ekki sé ástæða til þess að ræða þetta mál frekar. Af hendi Alþb. verða málinu gerð skil í umr. um þingmálið, þáltill. um framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal fyrst taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að ástæðan til, að ég spyr um þetta utan dagskrár, er sú að fá að vita, hvernig málið stendur núna, ef hægt væri, áður en ákvörðun er tekin um það, hvernig um það verður fjallað af hv. Alþingi. Það er eingöngu að fá að vita, hvernig málið stendur nú.

Hæstv. ráðh. hefur gefið hér nokkur svör, og vil ég af því tilefni segja aðeins fáein orð. Fyrst vil ég segja, að í hvert skipti sem það hefur komið til orða að koma upp nýjum hernaðarmannvirkjum í Hvalfirði, hefur Framsfl. á undanförnum árum verið á móti því. Þetta er alveg ljóst og hefur ævinlega verið svona. Þegar það kom til orða hér á árunum, hvort hægt væri að fá leyfi til þess að setja þarna upp nýjar stöðvar og jafnvel setja upp sprengiefnageymslur í firðinum, þá tókum við alveg hreina afstöðu á móti því. Að okkar dómi hefur slíkt aldrei komið til mála. Hvað hefur verið sett í áætlanir um þessi efni úti í París eða einhvers staðar úti í löndum, kemur okkur ekki við, þetta er hreint og klárt. Og við víkjum einmitt að því í okkar áætlun um þessi efni af þessu gefna tilefni, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem við beitum okkur á móti þessu, heldur höfum við gert það áður, og hefur hér verið minnzt á, að nokkrum sinnum hafi komið til greina áður að fá að gera þarna viðbótarframkvæmdir af hernaðartagi.

Þá er það auðheyrt á svari hæstv. ráðh., að ríkisstj. getur vel hugsað sér eða hefur í hyggju að leyfa að koma þarna upp nýrri olíustöð og því, sem hann kallar afgreiðsluaðstöðu. Það eru vafalaust nýjar bryggjur og hafnarmannvirki í sambandi við það og legufæri. Hann nefnir að vísu færri tanka núna en kom fram

í samtölunum í sumar, en eftir öðru gætum við hugsað okkur, að það væri sem svaraði því, að litli fingurinn væri nefndur núna, en þá hafi fleira verið nefnt, þ. e. fleiri fingur verið nefndir. Ríkisstj. hefur og fallizt á, að fé verði veitt til að gera mælingar og athuganir í Hvalfirði á aðstöðu fyrir olíutanka og bryggjur.

Ég vil af þessu tilefni endurtaka það, sem fólst í ályktun Framsfl., að við erum algerlega mótfallnir því að leyfa þannig nýjar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði og finnst það vera hrein fjarstæða, eins og ástandið er nú í alþjóðamálum, að fara að ljá máls á auknum herbúnaði af þessari tegund í nýjum stöðvum í landinu.

Hæstv. ráðh. minntist á, að áður hefðu verið samþykktar ýmsar ráðstafanir af hendi varnarliðsins án þess að bera þær undir Alþingi, og það er alveg rétt. En mín skoðun er sú, og það er skoðun okkar í Framsfl., að engin sú framkvæmd sé neitt hliðstæð þeirri, sem nú stendur til að gera, því að nú stöndum við á vegamótum um, hvort á að byggja Hvalfjörðinn upp sem flotastöð eða ekki, — annaðhvort eða ekki.

Og það er ekki hægt að gera þetta að neinu leyti sambærilegt í huga nokkurs, sem nokkurt vit hefur á þessum málum, við það, hvort komið er upp einni lóranstöð einhvers staðar eða öðrum einstökum framkvæmdum, sem byggðar eru utan á aðrar, t. d. suður á Keflavíkurflugvelli.

Hér er um stórkostlegt stefnumál að ræða. Ætla Íslendingar að láta verða flotastöð í Hvalfirði, eða ætla þeir það ekki? Ef þeir ætla ekki að láta koma upp flotastöð í Hvalfirði, þá á ekki að samþykkja þar neinar nýjar hernaðarframkvæmdir í firðinum. En ef menn ætla að samþykkja, að þar komi flotastöð, þá verður vitanlega sá háttur hafður á, að ein framkvæmd verður samþykkt í dag og önnur á morgun o. s. frv.

Nú ætla ég ekki að ræða mikið þetta mál, þó að hæstv. forseti hafi leyft mér að gera þessa fsp. og þessar upplýsingar hafi komið fram, og finnst mér ég í raun og veru þurfa ekki miklu fleira að segja út af því, sem hæstv. ráðh. tók fram. En þó vil ég segja þetta til viðbótar:

Okkur sýnist augljóst, að með því að byggja nýja olíustöð, nýjar bryggjur og önnur hafnarmannvirki og ekki sízt með því að fara að koma upp nýjum legufærum í firðinum, sé tvímælalaust verið að byrja á því að byggja Hvalfjörðinn upp sem flotastöð, en við erum því algerlega mótfallnir og höfum ævinlega verið, enda höfum við áður staðið á móti því, að leyfðar yrðu nýjar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði, eins og ég hef áður lýst yfir. Við teljum, að horfur séu þannig í heiminum nú, að sízt sé ástæða til þess að leyfa hér aukinn herbúnað frá því, sem hefur verið.

Það var skýrt og greinilega tekið fram af þeim aðilum, sem ræddu við Íslendinga um þátttöku þeirra í Atlantshafsbandalaginu, að þátttaka þeirra í bandalaginu væri mikilsverð fyrir bandalagsþjóðirnar, enda þótt hér yrðu ekki leyfðar neinar herstöðvar á friðartímum né neinn erlendur her. Það var fullkomlega gerð grein fyrir því af Íslands hendi, að ekki mætti gera ráð fyrir því, að hér yrðu varanlegar varnarherstöðvar. Íslendingum ber þess vegna engin skylda til þess, hvorki samkv. Atlantshafssáttmálanum sjálfum né því, sem hefur farið á milli um þessi efni, að leyfa hér aukinn vígbúnað eða auknar hernaðarframkvæmdir. Okkur ber engin skylda til þess, hvorki samningslega né móralskt, — alls engin.

Það er augljóst mál, að eitt þýðingarmesta atriðið í utanríkismálum er auðvitað, að Íslendingar haldi hjá sér sjálfum og einum ákvörðunarréttinum í þessum málum. Og þetta sjónarmið, sem ég er að flytja hérna, var flutt fyrir félagsþjóðum okkar í Atlantshafsbandalaginu, þegar við fórum í bandalagið, og hefur verið flutt síðan af þeim, sem ekki hafa breytt um skoðun, og þetta sjónarmið var fullkomlega viðurkennt af þeim, og ég fullyrði, að það er viðurkennt af þeim enn, ef á þessu sjónarmiði er haldið gagnvart þeim.

Það ætti að vera hverjum manni ljóst, að ef leyft er að hefja byggingu flotastöðvar í Hvalfirði, þá verður haldið áfram og gengið á lagið að auka þann búnað, og síðan kemur að sjálfsögðu upp krafan um að hafa varnarlið eða herlið í þessum stöðvum. Gæti þá auðveldlega svo farið, að áður en langt um liði, væri þar komin önnur stöð ámóta og Keflavík og orðin álíka vandamál í landinu eins og Keflavíkurstöðin er. Og hugsum okkur bara, að slík stöð kæmi á aðalþjóðleiðinni umhverfis landið, sem liggur um Hvalfjörð.

Það verður að leggja hina ríkustu áherzlu á, að ekkert verði gert í slíkum stórmálum eins og þessu, þó að áður hafi verið samþykktar ýmsar framkvæmdir, án samþykkis Alþingis, ekkert sé samþykkt nema það, sem áður hefur verið ýtarlega rætt og samþykkt á Alþingi. Og ég vil fara fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún geri enga samninga, fyrr en þessi mál hafa fengið alveg fulla meðferð á Alþingi, og hún hætti við þær fyrirætlanir, sem hún hefur nú á prjónunum í þessum efnum, því að það var að heyra á hæstv. utanrrh., að hér væri engu slegið föstu enn og þess vegna hægt að endurtaka í góðu samstarfi, ef í það færi, það, sem til mála hefði komið.

Þakka ég svo hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar og hæstv. forseta fyrir þolinmæðina.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en vildi aðeins leiðrétta tvö eða þrjú atriði, sem fram hafa komið.

Hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, vildi halda því fram, að óheimilt væri að gera samninginn um byggingu tankanna í Hvalfirði án þess að bera það undir Alþingi áður, slíkt væri stjórnarskrárbrot, og virtist þm. vera

þeirrar skoðunar, að hér væri um algerlega nýjan samning að ræða og samning við aðila, sem við hefðum ekki varnarsamning við fyrir. Hér er á ferðinni alger misskilningur. Ríkisstj. Íslands samdi á sínum tíma við Bandaríkin í umboði NATO um varnir landsins og um varnarframkvæmdir á Íslandi. Á grundvelli þess samnings hafa Bandaríkin framkvæmt og kostað allar þær mannvirkjagerðir, sem hér hafa átt sér stað á varnarsvæðinu. Það, sem um er að ræða hér, er ekki annað en það, að ríkisstj. Íslands semji við eða heimili Bandaríkjunum innan ramma varnarsamningsins að framkvæma umræddar mannvirkjagerðir í Hvalfirði með þeirri breytingu einni frá því, sem verið hefur, að kostnaðurinn sé nú ekki borgaður úr ríkissjóði Bandaríkjanna, af bandarískum þegnum, heldur fái Bandaríkjastjórn peningana til þess að greiða kostnaðinn að langsamlega mestu leyti frá NATO. Hér er spurning um það eitt, hvernig Bandaríkjastjórn útvegar sér fé til framkvæmdanna. Að öðru leyti er hér um að ræða framkvæmdir, sem eru nákvæmlega sama eðlis og allar þær aðrar, sem gerðar hafa verið hér á þessu svæði s. l. 10 ár og allir hafa verið sammála um, að ekki væru þingmál.

Hv. 1. þm. Austf. sagði, að svo væri að sjá sem eitthvað væri verið að draga í land með fyrirhugaðar framkvæmdir í Hvalfirði, vegna þess að í sumar hafi verið nefndir 25—28 tankar, mörg legufæri og miklar bryggjuframkvæmdir. Þegar fulltrúar Framsfl. og Alþb. töluðu við mig í sumar og spurðust fyrir um málið, gaf ég þeim þær upplýsingar, sem fyrir lágu, að því er upprunalegar áætlanir Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins í þessum efnum varðaði. Og þegar málið var upphaflega á ferðinni fyrir nokkrum árum, voru nefndar þær tölur, sem ég skýrði þeim frá, en jafnframt sagði ég þeim, að athuganir væru að byrja og ekki væri hægt að vita um það fyrir fram, hvernig málin horfðu við að þeim loknum. Þær tölur, sem ég nefndi því nú áðan, eru árangurinn af þeim athugunum, sem fram hafa farið til þessa, og á því stigi, sem þær eru núna.

Þá sagði hv. 1. þm. Austf., að Framsfl. hefði ætíð verið á móti hernaðarframkvæmdum í Hvalfirði, það hefði aldrei komið til mála, að Framsfl. léði máls á slíku, og áætlanir, sem gerðar væru úti í París, skiptu hér engu máli. Ég get ekki verið alveg sammála þessum hv. þm. um þetta. Árið 1955 koma tilmæli til utanrrh. Framsfl. um stórfelldar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. Þessi tilmæli eru tekin til athugunar af utanrrn. hér í Reykjavík. Um þessar mundir verður utanrrh. Íslands forseti Atlantshafsbandalagsins. Undir hans forsæti eru áætlanir samdar um þær framkvæmdir í Hvalfirði, sem farið hafði verið fram á, og það er staðreynd, að það er ekki venja að taka upp í neinar slíkar áætlanir fjárveitingar til framkvæmda, nema fyrir liggi heimild viðkomandi lands eða viðkomandi ráðh. Menn geta svo bara getið sér til og sagt sér sjálfir: Er það líklegt, að utanrrh. Íslands hafi setið úti í París, þar sem áætlanir eins og þessar eru lagðar fram, þáttur Íslands á að vera þessi í framkvæmdunum, ef þessi sami utanrrh. og þeir, sem að honum standa, hann, sem situr í forsæti bandalagsins, vill ekkert hafa með þetta að gera og ekkert við þetta kannast?

Ég held, að við þurfum ekki að deila um það, að á sínum tíma, um áramótin 1955—1956, stóð ekki á Íslendingum að taka þessar framkvæmdir upp í áætlanirnar. Þá vildi hv. 1. þm. Austf. halda því fram, að málið snerist í raun og veru um það, hvort við ættum að gera Hvalfjörð að herbækistöð, hvort við ættum að gera hann að flotastöð. Hann telur, að ef leyft verði að byggja þarna nokkra tanka til viðbótar og endurnýjunar á þeim, sem fyrir eru, leyft verði að koma fyrir bryggju, til þess að sé hægt að afgreiða skip við tankana, og koma fyrir svo sem tveimur legufærum, þá sé Hvalfjörður þar með gerður að flotastöð. Hvernig hefur þetta verið s. l. 20 ár? Það hafa verið í Hvalfirði hvorki meira né minna en 30—40 olíutankar. Þar hefur verið bryggja til þess að afgreiða skip við þessa tanka, og þar hafa verið legufæri til þess að festa þessi skip með. Það, sem rætt er um nú, er ekkert annað en það að endurbæta og e. t. v. auka tankana um 8—9 og nauðsynlega aðstöðu til þess að afgreiða skip við þessa tanka. Þessi breyting á allt í einu að gera Hvalfjörð, sem hefur haft 4—5 sinnum fleiri tanka en verið er að tala um í 20 ár, það á allt í einu að fara að gera Hvalfjörð að flotastöð.

Ég hef tekið það fram áður, og ég skal endurtaka það enn, að í öllum mínum viðræðum við NATO og við Bandaríkin um þetta mál hefur það verið grundvallaratriði, að þeir tankar og þau mannvirki, sem kæmu þarna, yrðu á engan hátt notuð annan en þann, sem verið hefur s. l. ár um tankana, sem fyrir eru, m. a. að um Hvalfjörð í þessu sambandi verði ekki um aðrar skipaferðir að ræða en þær einar, sem nauðsynlegar eru til að fylla olíu á tankana og til að skipta um olíu á tönkum, þegar sú, sem fyrir er, er orðin of gömul. Um það verður ekki að ræða að nota þessa tanka á friðartímum til áfyllingar fyrir herskip eða slíkt.

Ég held, að hv. 1. þm. Austf. skjóti nokkuð mikið yfir markið, þegar hann óttast svo mjög, að þessir fáu olíutankar í Hvalfirði breyti firðinum nú allt í einu úr friðsamlegum firði í hernaðarstöð. Það hlýtur að vera eitthvað annað en áhyggjurnar út af þessu, sem svo mjög amar að þessum hv. þm.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég mun verða við þeim tilmælum, sem hæstv. forseti hefur borið fram, og reyna að stytta mál mitt.

Hæstv. utanrrh. gaf hér eina yfirlýsingu, sem mér þótti mjög vænt um að heyra. Hún var sú, að það væri ekki búið að semja um neitt viðvíkjandi Hvalfirði enn þá, og ég vil hér með láta þá ósk í ljós, að Alþingi megi

treysta því, eftir að komin er fram þáltill. í Sþ. um að taka þetta mál fyrir, að á þeim tíma, sem líður þangað til Alþingi hefur afgreitt þá þál., verði heldur ekkert gert. Og ég leyfi mér að treysta því, og þótt ég annars hafi ekki mikið traust á hæstv. ríkisstj., þá hef ég það mikið traust á henni, að hún muni ekki leyfa sér annað eins og það að fara að afgreiða þetta mál, eftir að Alþingi með þskj., sem liggur fyrir, er raunverulega búið að taka málið í sínar hendur. Ég vil þess vegna leyfa mér að líta svo á, að það sé skoðun ríkisstj., að það verði ekkert í þessu máli gert frekar en nú er orðið, þangað til Alþingi hefur afgreitt þetta mál, því að eins og hver þm. skilur, þá væri það sú dæmalausasta ósvífni, sem hægt væri að hugsa sér gagnvart Alþingi, að afgreiða þetta mál nú í ríkisstj., eftir að Alþingi hefur tekið það á dagskrá hjá sér, og þá ósvífni ætla ég ekki hæstv. ríkisstj. Og ef nokkur væri annarrar skoðunar en ég í þessu, þá vildi ég gjarnan, að það kæmi fram, þannig að við mættum treysta því algerlega, að ekkert yrði gert í þessum málum, meðan Alþingi væri að fjalla um það.

Þá eru nokkur orð viðvíkjandi málefninu sjálfu. Hæstv. utanrrh. heldur því fram, að það sé hægt að gera samninga út frá hernámssáttmálanum 1951 um t. d. miklar breytingar viðvíkjandi Hvalfirðinum. Ég álít, að það sé óhugsandi. Við skulum bara gera okkur ljóst, hvað þarna er um að ræða. Hæstv. utanrrh. hefur sjálfur komið fram með það, að 1935 muni hafa af hálfu Atlantshafsbandalagsins án sérstakra mótmæla frá hendi ríkisstj. verið sköpuð fyrirætlun um stórkostlegar framkvæmdir, eins og hann orðaði það, og liggur nærri að ásætla, að þær stórkostlegu framkvæmdir hafi átt að eiga sér stað í Hvalfirðinum. Heyrzt hefur á skotspónum, að jafnvel ætti að gera atómsprengjuhelt byrgi með því að grafa undir Þyril og annað þess háttar, en maður veit ekki, hvað satt er í því. Eitt er greinilegt, að smátt og smátt er verið að framkvæma stórfellda breytingu, sem ekki var hugsuð 1951, þegar hernámssáttmálinn var gerður. Og hún er sú að breyta smám saman aðstöðu Íslands frá því að hafa gildi fyrir Bandaríkin sem flugvöllur, Keflavíkurflugvöllur fyrst og fremst, yfir í það að hafa gildi fyrir Bandaríkin og kannske þeirra bandaríki sem miðstöð fyrir kafbátahernað á Norður-Atlantshafi, og nú þegar hafa verið gerðar samsvarandi breytingar á herstjórnarfyrirkomulagi hér, sem benda til þess, að Bandaríkin ætli sér, ef þau geta, að koma upp smátt og smátt kafbátastöð með herskipalægi og öðru slíku í Hvalfirðinum.

Er nú hugsanlegt að ætla að fara að gera svona stórbreytingar án þess að taka þetta til umr. á Alþ. og taka ákvörðun um slíkt? Er hugsanlegt, að við getum gengið út frá því, að bara með sáttmálanum frá 1951 einum saman væri hægt að gera allt, sem einni ríkisstj. þóknaðist? Við skulum taka dæmi. Ef það er leyfilegt að útbúa svo og svo marga tanka, skipalægi ný og annað slíkt, sem herskip gætu notað á ófriðartímum í Hvalfirðinum, er þá ekki eins hægt að gera það sama viðvíkjandi Ísafirði, viðvíkjandi Eyjafirði, viðvíkjandi Seyðisfirði? Væri ekki hægt að taka hverja þá staði á Íslandi smátt og smátt, sem viðkomandi ríkisstj. áliti hentugt og viðkomandi útlent stórveldi sæktist eftir, og gera þannig Ísland smátt og smátt að einu vígbreiðri? Og dettur nokkrum manni í hug, að það væri hægt að gera slíkt bara út frá sáttmálanum 1951? Við skulum gá að því, að ef við ekki og þá fyrst og fremst Alþingi heldur þannig á þessum málum, að það sé stöðvað í tíma, þá er hægt að þenja út um allt Ísland þær herstöðvar, sem illu heilli hafa þegar verið á Keflavíkurflugvelli. Þess vegna er engum blöðum um það að fletta, að það, sem nú er um að ræða viðvíkjandi Hvalfirði, er stórhættulegt fordæmi, hvort sem um væri að ræða 6 tanka, 28 tanka, stærri eða minni legufæri eða annað slíkt, bara prinsipið sjálft. Það er aðalatriðið þarna að fara að útbúa Hvalfjörð sem hugsanlegt herskipaflotalægi í styrjöld. Við skulum gá að því, að það er háttur Bandaríkjanna í öllum viðskiptum við okkur á síðustu 20 árum að fara sér hægt í þessu. Fyrsta áhlaupið 1945 tókst ekki. Þá var meiningin að fá Hvalfjörð til 99 ára sem ameríska yfirráðasvæði, afgirt frá íslenzku lögsagnarumdæmi, þannig að Íslendingar og íslenzka ríkisstj. hefði ekkert yfir því að segja eða neinu, sem þar gerðist. Það var takmarkið. Það var það, sem átti að ná með einu áhlaupi samkv. kröfunum 1. okt. 1945, og það var það, sem ekki tókst. En við vitum hins vegar, að Bandaríkin halda áfram að sækjast eftir því að ná þessu takmarki smátt og smátt, og það er þetta, sem við þurfum að hindra. Og spurningin um Hvalfjörð núna er einmitt slík spurning.

Það er satt að segja eftirtektarvert fyrir okkur almenna þm., að það skuli þurfa alls konar rifrildi á milli gamalla samherja, sem að þessum hernaðarundirbúningi á Íslandi standa, til þess að við fáum yfirleitt að vita hitt og þetta um, hvað bollalagt hafi verið og ásætlað fyrir jafnvel 10 árum af þeim flokkum, sem bera ábyrgð á þeim hlutum, sem hér er verið að gera. Það er þess vegna alveg auðséð, að Alþingi þarf að fylgjast með því, sem er að gerast, og fylgjast betur með því en það hefur gert hingað til. Ég álít þess vegna, að frá því sjónarmiði að fara að þenja herstöðvarnar út um allt land, þá þurfi nú þegar að stöðva við, hvað Hvalfjörð snertir.

Þá er annað atriði, sem ég vil minnast á og taka þar undir það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði. Það er algerlega óviðeigandi af Íslandi og sérstaklega af Íslandi að fara einmitt á þessum tíma, sem nú er, að gera ráðstafanir til að auka, hvort sem er í smáu eða stóru, hernaðarviðbúnað hér á Íslandi. Ísland er nýbúið að undirskrifa samning, sem allir góðir menn

vona að geti orðið til þess að fari að draga úr þeim viðsjám, sem verið hafa í heiminum, sérstaklega mikið síðustu 15 árin, draga úr kalda stríðinu svokallaða. Og það er engum efa bundið, að hvert smátt eða stórt skref, sem stigið er hér á Íslandi núna í þá átt að auka hernaðaraðgerðir hér, verður skilið sem aukinn hernaðarundirbúningur ýmist af hálfu Bandaríkjanna eða NATO. Ég vil þess vegna líka frá því sjónarmiði vara hæstv. ríkisstj. og hennar fylgilið alveg sérstaklega við því að gera þann óvinafagnað á þessum tímum, þegar menn hafa þó nokkuð rökstuddar vonir um, að heldur sé að batna í veröldinni, að einmitt við og sízt af öllu situr á okkur hér á Íslandi að fara að spilla eitthvað fyrir slíku, enda býst ég við, að hér séu engir menn, sem vilja gera það. Það væri mikil ógæfa, ef það ætti eftir að henda hæstv. ríkisstj. að fara núna, einmitt eins og nú standa sakir, að láta undan þrýstingi í Hvalfirði, því að ég hef fyrir satt, að þessi þrýstingur hafi verið alllengi og hafi verið staðið á móti honum, og ég sé sízt af öllu ástæðu til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að fara að láta undan honum núna. En það að fara að stefna að því núna að koma upp aðalflotastöð fyrir flota Bandaríkjanna eða Norður-Atlantshafsbandalagsins hér á Íslandi eða gera möguleika til þess, einmitt þegar það er vitanlegt, að Pólaris-kafbátarnir eru að verða höfuðvopnið, ef til styrjaldar kæmi, þá er það slíkt glapræði, að ég vona, að okkar gæfa sé enn það mikil, að okkur verði forðað frá því að stiga slíkt skref.

Formlega þori ég að vísu ekkert um það að fullyrða, vegna þess að við höfum ekki séð nein samningsuppköst eða neitt í sambandi við þessi umtöl, sem nú hafa farið fram. En fullyrt hefur þó a. m. k. verið, að það sé Atlantshafsbandalagið sem slíkt, sem standi að þessum framkvæmdum. Ég heyrði, að hæstv. utanrrh. sagði, að það væri eingöngu kostað af Atlantshafsbandalaginu og að samningurinn væri eingöngu við Bandaríkin. Gamli varnarsamningurinn svokallaði er eingöngu við Bandaríkin og ekki við NATO. Ég hef aldrei stúderað hann lögfræðilega nægilega vel til þess að vera viss, en ég geng út frá, að ef Ísland væri farið úr NATO, þá mundi hann falla, og náttúrlega ef Bandaríkin væru áfram í NATO, en meginið af öðrum ríkjum, sem í því eru, væri farin úr því, þá er ég hræddur um, að Bandaríkin gætu haft einhverja möguleika til að halda því engu að síður. Það eru lögfræðilegar hugleiðingar, en engu að síður álít ég, að það sé strax nokkurs annars eðlis og það sé hlutur, sem við þurfum að athuga, ef farið er að gera einhverja sérstaka samninga við Atlantshafsbandalagið sem slíkt í þessum efnum. Og bara sú formlega breyting, sem kynni að vera á slíku, meira að segja þó að Bandaríkin gerðu það í þeirra umboði eða slíkt, ef Atlantshafsbandalagið er aðilinn, — við skulum hugsa okkur þann möguleika, að Bandaríkin hefðu gert þetta aðeins á vegum NATO og NATO hefði réttinn og Bandaríkin færu úr NATO og þau ríki, sem verða eftir í NATO, heimtuðu þá þessa aðstöðu. Það er rétt, í hvert skipti sem maður er að gera samning, að athuga allar aðstæður í þessu, og ég álít, að það nái ekki nokkurri átt einu sinni að vera að ræða svona samninga, án þess að það sé í fyrsta lagi ráðfært sig við utanrmn. og þetta sé borið undir Alþingi.

Það hefur verið þannig af hálfu okkar Íslendinga stundum, að við höfum ráðizt í að gera svona samninga, þar sem kannske okkar utanrrh. hefur staðið svo að segja einn með að heita má engum sérfræðingum og hins vegar hafa verið ótal sérfræðingar, utanrrh. hlaupið í þetta öðru hverju, svona 10 mínútur og kortér og klukkutíma, og endað með því að gera samninginn, en hins vegar hafa setið mánuðum saman legátarnir frá stórveldunum til þess að athuga þetta saman. Hvernig eigum við að geta gert samninga upp á svona býti? Það er nógu slæmt að vera lítið ríki og gera samninga við stórveldi, en þegar maður þar að auki reynir ekki einu sinni að nota alla krafta, sem væru þó tiltækir, til þess að finna þá galla, sem kynnu að vera á slíkum samningum, þá er ákaflega illa farið. Við skulum þess vegna aðgæta það með alla svona hluti, að þarna er ekki verið að semja fyrir hönd einnar sérstakrar ríkisstj., þarna er verið að semja fyrir hönd landsins, og þjóðin sem slík og þeir, sem eiga eftir kannske að fjalla um svona samninga seinna og sjá um að segja þeim upp, sjá um að breyta þeim og semja þá aftur, þeir eiga að hafa líka réttindi í þessu sambandi.

Svo að síðustu: Það hefur verið lögð hér fram þáltill. af okkur nokkrum þm. Alþb. um þessi mál. Ég hef þegar lýst hér yfir, að ég álít, að fyrst hún er komin hér fram, þá megi treysta því, að hæstv. ríkisstj. geri ekkert, meðan Alþingi hefur ekki afgreitt þá þáltill., og ég mun þess vegna að öðru leyti ekki ræða þessi mál, fyrr en sú þáltill. kemur til umr. En ég vildi einmitt með tilliti til þess, að þessi mál eru nú þegar rædd hér nokkuð utan dagskrár, og til hins, sem hæstv. utanrrh. þegar hefur sagt, óska þess, að það mætti verða sem allra fyrst, að þessi till. kæmi til umr. og hún mætti síðan fá sem greiðastan gang, þannig að hún ekki aðeins færi til utanrmn., heldur yrði líka afgreidd frá utanrmn. sem allra fyrst, til þess að Alþingi tæki sínar ákvarðanir í þessu máli.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki verða langorður hér utan dagskrár, þar sem gera má ráð fyrir, að þetta mál komi mjög bráðlega fyrir hér, þegar þáltill. á þskj. 22 verður tekin til umr. En örfá orð vildi ég þó segja í tilefni af upplýsingum hæstv. utanrrh.

Það er í sjálfu sér mjög gleðilegt, að enn skuli ekki hafa verið gerðir neinir samningar í þessu Hvalfjarðarmáli, að því er hæstv. ráðh. upplýsir. Hann leggur nú á það ríka áherzlu, að það, sem um sé rætt, það, sem verið sé að athuga, sé miklu minna en það, sem hann

skýrði frá í vor að væri þá til athugunar. En hann hefur einnig skýrt frá því, og það var raunar vitað áður, að NATO hefur fyrir nokkrum árum farið fram á stórfelldar framkvæmdir í Hvalfirði, og þá mun ekki hafa verið á því nein launung, að það voru hernaðarmannvirki, sem átti að koma upp, og jafnvel stórfelld hernaðarmannvirki. Og gæti það nú ekki verið svo, ef þeir hafa nú mætt nokkurri mótspyrnu, sem ég vona að sé rétt, þeir NATO-menn, þá vilji þeir byrja með kannske tiltölulega lítið, en færa sig síðan fljótlega upp á skaftið. Sérstaklega mundi ég óttast slíkt, ef Alþingi telur, að sá skilningur hæstv. utanrrh. sé réttur, að hann eða ríkisstj. ein geti með slík mál sem þetta farið, algerlega án samráðs við Alþingi. Ég tel, að samkv. því, sem þegar liggur fyrir um vilja NATO, hinn fyrri vilja í sambandi við Hvalfjörð, þá komi það ekki til mála, að Alþingi geti eða megi una við þennan skilning hæstv. utanrrh. Ég vil því leggja á það áherzlu, að það hljóti að koma nú mjög fljótlega til kasta Alþingis að skera úr um það, hvort það vill una slíkum skilningi, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. geti ein og án samráðs við þingið tekið ákvarðanir í þessu stórmáli nú og síðar.

Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á það, að ekki alls fyrir löngu birtust mjög svo athyglisverðir hlutir, þar sem voru nokkur meginatriði úr skýrslu sérfræðings ríkisstj. um almannavarnir, um hættu á hernaðartímum og hættu af herstöðvum, og þar var m. a. gerð grein fyrir því, hvað það gæti þýtt, ef herbækistöð væri í Hvalfirði.

Að þessu öllu athuguðu vil ég leggja á það alveg sérstaka áherzlu, að Alþingi hljóti nú bráðlega að skera úr um það, hvort það viðurkennir þann skilning hæstv. utanrrh., að hann eða ríkisstj. án samráðs við Alþingi hafi heimild til þess að fara með þessi samningamál, sem geta þýtt nýjar herstöðvar og mundu þýða það, að því er ráða má af líkum, þar sem vitað er, hvers NATO hefur krafizt í sambandi við Hvalfjörð. Það er því full ástæða til þess, að sú þáltill. á þskj. 22, sem við nokkrir þm. flytjum, komi sem fljótast til afgreiðslu, og það verður að treysta því, að hæstv. ríkisstj. geri ekkert í þessum málum, fyrr en vitað er um vilja Alþingis í því efni.

Forseti (BF): Hv. 1. þm. Austf. hefur kvatt sér hljóðs, en hv. þm. hefur þegar talað tvisvar í málinu. Hann fékk að taka þetta mál inn á dagskrá í fyrirspurnarformi, en um fyrirspurnir gildir sú regla samkv. þingsköpum, að hver þm. fær að tala tvisvar sinnum. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. leggur á það ríka áherzlu að fá að gera örstutta aths., þá leyfi ég það.

Eysteinn Jónsson: Ég er mjög aðþrengdur orðinn með tíma, eins og menn mega heyra. Þetta verður að vera mjög stutt, en ég taldi mig knúinn að rísa hér upp út af dylgjum hæstv. utanrrh. um, að Framsfl. muni hafa léð máls á miklum hernaðarframkvæmdum í Hvalfirði 1955, og það mætti ráða af því, að það hefði verið gerð einhver áætlun í NATO um sömu mundir og Kristinn Guðmundson hefði verið utanrrh. Mér skilst, að hann vilji koma þeirri skoðun inn hjá mönnum, að eiginlega muni Kristinn Guðmundsson hafa staðið fyrir áætlun herforingjanna í NATO um það, sem ætti að gera.

En ég vil út af þessu bara segja þetta: Aldrei hef ég samþykkt neinar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði og aldrei félagar mínir í Framsfl., — aldrei. Hvernig ætti þá dr. Kristinn Guðmundsson að hafa gert það? Dettur mönnum í hug, að hann hefði tekið það á sig að fara að samþykkja úti í París einhverjar hernaðarframkvæmdir á Íslandi án þess að tala um það við mig t. d. eða þáverandi formann Framsfl. eða framsóknarmenn yfirleitt? Hvað segja menn um málflutning eins og þennan hjá hæstv. utanrrh.?

Síðan vil ég aðeins segja og skal svo ekki níðast meira á þolinmæði hæstv. forseta: Hæstv. utanrrh. segir: Þetta er ekki flotastöð. — Hann getur kallað það hvað sem honum sýnist. En það, sem kemur til greina að gera, en ég vil vona í lengstu lög að verði hætt við, það er, að NATO byggi nýja olíustöð í Hvalfirði, nýjar bryggjur og hafnarmannvirki og ný legufæri, sem geta verið notuð fyrir herskip og birgðastöð. Hvað er upphaf að flotastöð, ef þetta er það ekki? Hæstv. ráðh. getur kallað það hvað sem honum sýnist.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það er aðeins ein setning. Það er að sjálfsögðu innanflokksmál Framsfl., til hvaða hluta ráðh. hans hafa fengið samþykki og til hvaða hluta ekki. Hitt er staðreynd, hvað gerðist í París haustið 1955 og fyrri part ársins 1956, og þær staðreyndir verða ekki misskildar. Það, sem ráðh. gerði þar, gerði hann í umboði sinnar ríkisstj. og fyrst og fremst þess flokks, sem bar ábyrgð á henni.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð mörg, enda hefur þetta mál upplýstst við þá fsp., sem hér var gerð, og liggur það nú fyrir, að enn hefur ekki verið gengið frá samningum um fyrirhugaðar framkvæmdir í Hvalfirði.

En út af því, sem hæstv. utanrrh. hefur sagt og endurtók nú allra síðast viðvíkjandi því, að utanrrh. Framsfl. muni hafa samþykkt í París 1955 þær framkvæmdir, sem NATO hafði þá farið fram á og hefði haft í huga, vil ég segja tvö, þrjú orð. Færir hann því máli sínu til sönnunar það, að upp í fjárhagsáætlun, sem þar kvað hafa verið samþykkt, hafi verið tekinn einhver liður til þessara framkvæmda. Út af því vil ég bara segja það, að svo virðist sem fyrirsvarsmenn bandalagsins hafi ekki litið svo á, að samþykki væri fengið af Íslands hálfu til þeirra framkvæmda. Þeir hafa ekki skilið dr. Kristin Guðmundsson á þá leið, vegna þess að árið eftir, 1956, snúa þeir sér, samkv. upplýsingum hæstv. utanrrh., til þeirrar stjórnar, sem þá var við völd hér á landi,

og fóru fram á leyfi til þessara framkvæmda, og þeim tilmælum var hafnað. Menn geta ímyndað sér það, hvort slíkri synjun hefði verið tekið alveg þegjandi og umræðulaust af bandalaginu eða öðrum samningsaðilum, sem um þetta hafa fjallað, ef svo hefði verið, að íslenzkur utanrrh. hefði verið búinn að fallast áður á þessi tilmæli. Ég held, að þetta augljósa atriði kippi algerlega stoðum undan því, sem hæstv. utanrrh. vildi halda hér fram og telja fram sem sönnun fyrir því, að það hefði verið fallizt á þessi tilmæli á árinu 1955 af utanrrh. þeim, sem þá var. Það nær engri átt, enda þarf ég ekki að endurtaka það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan um afstöðu Framsfl. í þessu efni, og enginn, sem þekkir dr. Kristin Guðmundsson, lætur sér það til hugar koma, að hann hafi farið að með þeim hætti, sem núv. hæstv. utanrrh. gaf í skyn, þegar afstöðu flokks hans var háttað á þennan veg, sem lýst hefur verið.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður virðist ekki hafa tekið vel eftir því, sem ég sagði um það, sem gerðist í Paris haustið 1955 og 1956, og ég vil aðeins biðja hann, til þess að lengja ekki umr., að lesa það, sem í ræðu minni stóð. Þar getur hann séð, að hann hefur ekki haft alls kostar rétt eftir mér.

Til viðbótar vil ég aðeins undirstrika, að fjárhagsáætlunin um framkvæmdirnar, m. a. í Hvalfirði, var gerð 1. marz 1956. 28. marz 1956, nokkrum dögum síðar, er ályktunin um endurskoðun varnarsamningsins samþykkt á Alþingi, og í byrjun desember 1956 er samþykkt að fresta endurskoðun á varnarsamningnum. Snemma á árinu 1957 taka svo Bandaríkjamenn að ræða um það og spyrjast fyrir um það, hver sé afstaða ríkisstj. Íslands til framkvæmda varnarliðsins á Íslandi, m. a. vegna þess, sem gerzt hafði í ályktuninni í marz 1956. Þá var þeim frá því skýrt eftir nána athugun, að Snæfellsnesið væri það eina, sem við vildum standa við, en hitt ekki. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum um þetta, því að umr. eru þegar orðnar nokkuð langar.

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., utan dagskrár, mælti

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera hér fram fsp. utan dagskrár til hæstv. utanrrh. Hæstv. ráðh. fékk að vita af þessari fsp. í gær og óskaði þá eftir, að henni yrði frestað þar til í dag.

Fyrir rúmri viku urðu nokkrar umr. utan dagskrár í sameinuðu þingi um hugsanlega mannvirkjagerð í Hvalfirði á vegum Atlantshafsbandalagsins eftir fsp. frá hv. 1. þm. Austf. Í þeim umr. veitti hæstv. utanrrh. þinginu ýmsar upplýsingar, þ. á m. um sögulegan aðdraganda málsins. Nú hefur það gerzt, að fyrrv. utanrrh. og núv. ambassador Íslands í Moskvu, dr. Kristinn Guðmundsson, hefur lýst því yfir opinberlega, að ýmsar upplýsingar hæstv. utanrrh. í þessu máli séu rangar og hafi hann sagt þinginu ósatt. Hér er að sjálfsögðu um mjög alvarlegt mál að ræða, sem verður að rannsaka niður í kjölinn þegar í stað. Að vísu liggur nú fyrir Sþ. till. til ályktunar um þetta sama mál, sem við höfum flutt nokkrir þm. Alþb. Till. þessi hefur þó enn ekki verið tekin á dagskrá, og er óvíst, hvenær það verður leyft. Ég tel því, að ekki sé unnt að bíða með þetta einstaka atriði málsins og verði þingið tafarlaust að fá úr því skorið, hvor segi ósatt í þessu máli, hæstv. utanrrh. eða fyrrv. utanrrh.

Í umr. utan dagskrár í Sþ. 16. okt. s. l. sagði hæstv. utanrrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1955 verður utanrrh. Íslands, dr. Kristinn Guðmundsson, forseti NATO. Tilmælin um infrastructure-framkvæmdir í Hvalfirði eru þá ræddar hér heima og við NATO. Niðurstaðan verður sú, að fjárveiting til þessara framkvæmda er tekin upp í áætlanir um fjárveitingar úr infrastructure-sjóði, og eru áætlanir þessar gerðar 1. marz 1956. Utanrrh., dr. Kristinn Guðmundsson, er þá enn í forsæti Atlantshafsbandalagsins. Það er ekki venja, og ég þekki þess engin dæmi að taka fjárveitingar upp í fjárhagsáætlun infrastructure-sjóðsins, nema áður sé gengið úr skugga um, að viðkomandi land sé samþykkt þeirri framkvæmd, sem fé er veitt til."

Síðan sagði hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1955 komu tilmæli til utanrrh. Framsfl. um stórfelldar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. Þessi tilmæli eru tekin til athugunar af utanrrn. hér í Reykjavík. Um þessar mundir verður utanrrh. Íslands forseti Atlantshafsbandalagsins. Undir hans forsæti eru áætlanir samdar um þær framkvæmdir í Hvalfirði, sem farið hafði verið fram á."

Og enn sagði hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held, að við þurfum nú ekki að deila um það, að á sínum tíma, um áramótin 1955—1956, stóð ekki á Íslendingum að taka þessar framkvæmdir upp í áætlanir."

Og enn, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er staðreynd, hvað gerðist í Paris haustið 1955 og fyrri part ársins 1956, og þær staðreyndir verða ekki misskildar. Það, sem ráðh. gerði þar, það gerði hann í umboði sinnar ríkisstj. og fyrst og fremst þess flokks, sem bar ábyrgð á henni."

Eins og sjá má af þessum ummælum, er hæstv. utanrrh. ekki í vafa um, hvað dr. Kristinn Guðmundsson hafi gert í Paris 1956, eins og ráðh. orðar það sjálfur. Hann fullyrðir á Alþingi, að áætlanir um Hvalfjörð hafi verið gerðar undir forsæti dr. Kristins og með vitund hans og vilja.

Hinn 22. okt. s. l. birtust í dagblaðinu Tímanum ummæli dr. Kristins Guðmundssonar fyrrv. ráðh. um fullyrðingar þær, sem fram komu í ræðum hæstv. utanrrh. í sameinuðu Alþingi og ég hef rakið hér að framan. Dr. Kristinn Guðmundsson segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Slík fjárveiting var aldrei rædd eða til með-

ferðar á þeim ráðherrafundum, þar sem ég var í forsæti, og mannvirkjagerð í Hvalfirði bar aldrei á góma á þeim fundum NATO, sem ég sat. Hins vegar var þessum málum nokkrum sinnum hreyft við mig sem ráðh. af varnarliðinu á Íslandi, en ég vísaði öllum tilmælum um mannvirkjagerð í Hvalfirði algerlega á bug í fullu samráði við meðráðh. mína, og kom aldrei til mála, að ég samþykkti neitt slíkt fyrir Íslands hönd."

Ljóst er af ummælum hæstv. ráðh. og fyrrv. ráðh., að hér stendur fullyrðing á móti fullyrðingu. Annar hvor segir ósatt. Við, sem höfum ekki aðstöðu til að kynna okkur staðreyndir málsins, getum að sjálfsögðu ekkert um það sagt, hvor segir ósatt, hæstv. utanrrh. eða fyrrv. utanrrh. En fullvíst er, að annaðhvort hefur ambassadorinn í Moskvu gerzt sekur um að bera yfirmann sinn, hæstv. utanrrh., röngum sökum eða hæstv. utanrrh. hefur sagt Alþingi ósatt. Hvort tveggja er alvarlegt mál, og þó er hið síðara hálfu verra, ef rétt reynist.

Nýlega gerðist það í Bretlandi, eins og kunnugt er af fréttum, að varnarmálaráðh., Profumo að nafni, var staðinn að því að segja brezka þinginu ósatt. Ráðh. varð að víkja úr embætti þegar í stað. Í máli því, sem hér um ræðir, hefur að vísu ekkert verið sannað, en þetta dæmi sýnir, hve alvarlegum augum er litið á slík mál í öðrum löndum, og rétt er að minna á, að þegar Profumo ráðh. var staðinn að ósannsögli, var aðeins um að ræða heldur óvenjulegt og kynlegt einkamál, en hér er um að ræða stórpólitískt utanríkismál.

Hæstv. utanrrh. hefur lagt á það sérstaka áherzlu við umr. hér í þinginu, að með væntanlegum samningum um hernaðarmannvirki í Hvalfirði sé verið að uppfylla gömul loforð frá 1956.

Ég vil að lokum benda á það, að staðreyndir þessa máls eru sérstaklega mikilvægar vegna þess, að ef í ljós kemur, að dr. Kristinn Guðmundsson hefur rétt fyrir sér, eru ráðagerðir hæstv. utanrrh. um samninga við NATO um framkvæmdir í Hvalfirði byggðar á röngum forsendum. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. utan dagskrár: Getur hæstv. utanrrh. lagt fram þau sönnunargögn, er sanni þá fullyrðingu hans, að dr. Kristinn Guðmundsson fyrrv. utanrrh. hafi samþykkt áætlanir um hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði árið 1956?

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég verð að segja, að ég varð meira en lítið undrandi, þegar ég heyrði efni fsp. hv. 5. landsk. þm. Mér var að vísu skýrt frá því í fyrradag, að von væri á fsp., en um efni hennar vissi ég ekki gjörla. Ég gat átt von á ýmsu, en naumast átti ég von á, að spurt yrði eins og þessi hv. þm. spurði.

Ég býst við, að allir minnist þess, sem eitthvað hafa lesið Þjóðviljann á allmörgum undanförnum árum, að það blað hefur þrástagazt á því, að Bandaríkjamenn og NATO væru að óska eftir hernaðarstöðvum í Hvalfirði, vildu gera þar hernaðarmannvirki og gera Hvalfjörð að flotastöð. Þetta sama blað hefur einnig um fjöldamörg ár fullyrt, að ríkisstj. Íslands stæði í samningamakki við NATO og Bandaríkin um slíkar framkvæmdir. Það hefur einnig mátt lesa það á síðum þessa blaðs, að ríkisstj. Íslands væri ekki fjarri því að fallast á slíka hluti, stundum jafnvel fullyrt, að málið væri vel á veg komið.

Þegar svo það skeður fyrir örfáum dögum, að ég í ræðu hér á Alþingi — ég vil segja staðfesti alveg hverfandi lítið brot af öllu því, sem Þjóðviljinn hefur um þetta sagt í mörg ár, þá skeður það, að einn af þm. kommúnista stendur upp á Alþingi og segir: Er ráðh. virkilega að segja satt? Við andstæðingar Þjóðviljans og kommúnista tökum nú Þjóðviljann með mikilli varúð og trúum ekki allt of vel því, sem þar stendur. Við vitum einnig, að því nánari sem menn eru því blaði og því betur sem menn þekkja inn á þess málflutning, því verr trúa þeir því. Og ég veit, að í hjarta sínu er þessi hv. þm. fullur af efasemdum um sannleiksgildi þess málflutnings, sem hans eigið blað hefur uppi. Hinu átti ég ekki von á, að hann stæði hér upp á Alþingi til að auglýsa það jafnaugljóslega og hann gerði í sinni ræðu, hvílíkar efasemdir hann hefur um málflutning síns blaðs, því að ef þm. hefði virkilega trúað því, sem hann í mörg ár hefur séð í sínu eigin blaði, þá hefði hann áreiðanlega ekki farið að spyrja hér eða viðhaft þær efasemdir, sem hann viðhafði í ræðu sinni áðan.

En nóg um það. Ég skal snúa mér að sjálfri fsp. Í ræðu minni á Alþingi fyrir nokkrum dögum sagði ég í fyrsta lagi, að snemma á árinu 1955 hafi komið fram tillögur hjá NATO um, að gerðar skyldu í Hvalfirði geymslur fyrir olíu og sprengiefni og sköpuð aðstaða fyrir skipalægi samkv. infrastructure-áætlun NATO, og að þessi tilmæli hafi síðan verið rædd, bæði hér heima í Reykjavík og eins í París. Þetta var fyrsta atriðið í minni frásögn. Þessu atriði hefur ekki verið mótmælt. Tíminn segist hafa talað við dr. Kristin Guðmundsson austur í Moskvu, og í þeim ummælum, sem höfð eru eftir doktornum, er þessari staðhæfingu minni ekki mótmælt. Hún er þvert á móti staðfest, því að þar viðurkennir hann, ef rétt er eftir honum haft, sem ég skal ekkert um segja, að þessi tilmæli hafi komið fram hvað eftir annað. Þetta atriði ætti því ekki að þurfa að sanna. En ég skal leyfa mér að bæta við, að engin dul hefur verið á það dregin í mörg ár, að ósk sem þessi hafi komið fram frá Atlantshafsbandalaginu. Í desembermánuði 1955 átti t. d. einn blaðamaður Morgunblaðsins viðtal við dr. Kristin Guðmundsson og við æðsta yfirmann hermála Atlantshafsbandalagsins. Viðtalið við þessa menn var að nokkru leyti birt í Morgunblaðinu, og með leyfi hæstv. forseta, segir Morgunblaðið svo orðrétt frá viðtali sínu við Wright, æðsta yfirmann herafla bandalagsins:

„Það hefur ekki verið óskað eftir að reisa flotastöð á Íslandi, og ég tel alls ekki líklegt, að þess verði óskað. Hins vegar hefur verið farið fram á að hafa afnot af herskipalægi í Hvalfirði, en það þýðir alls ekki, að þar verði flotastöð. Þar munu herskip ekki leggjast að bryggju og hermenn ekki ganga á land. Í öllum flotastöðvum er margt starfslið og mikið umstang á landi, en hjá ykkur kemur slíkt ekki til mála. Hitt vona ég, að við fáum hið umbeðna herskipalægi. Er óhætt að fullyrða, að á friðartímum verður það ekki mikið notað."

Þarna er skýrt frá því opinberlega af æðsta yfirmanni herafla bandalagsins, að óskað hafi verið eftir aðstöðu í Hvalfirði. Hann dregur ekki á þetta neina dul. Það, sem ég var því að skýra frá í minni ræðu, er staðreynd, sem hefur verið á almannavitorði í mörg ár. En aðmírállinn segir svolítið meira. Hann segist vona, að hann fái hið umbeðna skipalægi í Hvalfirði. Þessa von lætur aðmírállinn í ljós, eftir að málið hefur verið til umræðu á milli utanrrh. Íslands og Atlantshafsbandalagsins um langan tíma. Ég læt menn svo alveg um að geta sér til, hvort aðmírállinn hefði látið í ljós slíka von, ef þessum ummælum hefði afdráttarlaust verið neitað. Fyrsta atriði frásagnar minnar er því ekkert annað en opinber staðreynd, sem þekkt hefur verið í mörg ár.

Annað atriðið, sem ég sagði í minni ræðu, var, að þessum umr. hafi lyktað með því, að í fjárhagsáætlun infrastructure-sjóðsins hafi verið tekin upp fjárveiting til þessara framkvæmda og væru till. um þetta dags. 1. marz 1956. Þetta er einnig staðreynd, og þessu hefur ekki verið mótmælt, enda liggja áætlanirnar fyrir.

Þriðja atriðið, sem ég fullyrti, var, að það hefði ekki verið venja og þekktist ekki, að fjárveitingar sem þessar væru teknar upp í fjárhagsáætlanir, nema viðkomandi riki gætu yfirleitt fallizt á framkvæmdir, sem um væri að ræða. Einnig þetta er staðreynd. Þessu hefur ekki verið mótmælt, og þessu verður ekki hnekkt.

Og loks sagði ég, að þegar þessir hlutir hefðu gerzt, þá hefði dr. Kristinn Guðmundsson utanrrh. Íslands verið forseti NATO og þar með æðsti starfsmaður bandalagsins.

Öll þau ummæli, allar þær staðreyndir, sem ég skýrði frá, liggja því fyrir opinberlega og hafa yfirleitt verið þekktar í mörg ár, nema það má vera, að það komi fyrst fram nú, að fjárveitingin hafi verið tekin upp í fjárhagsáætlanir.

Ég skal ekkert um það segja, hvort viðtal það, sem Tíminn telur sig hafa haft við dr. Kristin Guðmundsson austur í Moskvu, er rétt haft eftir eða ekki. Hitt veit ég og þykist vita með vissu, að þegar viðtalið hefur átt sér stað, hefur doktorinn áreiðanlega ekki haft við höndina eða verið búinn að sjá orðrétta þá ræðu, sem ég flutti hér í þinginu, ella mundi hann ekki hafa látið hafa eftir sér ummæli eins og þau, sem Tíminn hefur eftir honum.

Höfuðinntakið í því, sem Tíminn segir hann hafa sagt, er það, að hann hafi aldrei léð máls á því, að framkvæmdir þær í Hvalfirði, sem hér hefur verið rætt um, yrðu gerðar, það hafi að vísu verið talað um það við sig nokkrum sinnum, en hann hafi alla tíð vísað öllu slíku afdráttarlaust á bug. Þær staðreyndir, sem ég hef skýrt frá í málinu, þekkja menn nú orðið, og ósjálfrátt verður mönnum að spyrja: Ef menn eiga að taka það fyrir góða vöru, að öllum tilmælum sem þessum hafi verið vísað afdráttarlaust á bug, um leið og þau komu fram, um hvað var þá verið að tala alla þessa mánuði? Og hafi þeim verið vísað afdráttarlaust á bug, hvers vegna segir þá æðsti yfirmaður herafla Atlantshafsbandalagsins eftir margra mánaða viðræður, að hann voni, að málið nái fram að ganga? Og loks, hafi þeim verið vísað afdráttarlaust á bug, hvers vegna eru þær þá í fjárhagsáætlun NATO, þegar það er vitað, að það er venja að taka aldrei slíkar tillögur upp í fjárhagsáætlunina gegn mótmælum og vilja viðkomandi þjóða? Þetta eru spurningar, sem menn hljóta að spyrja sjálfa sig, og hver svarar eftir því, sem honum þykir bezt við eiga. Mitt hlutverk hefur verið það eitt að skýra frá þeim staðreyndum, sem fyrir liggja í málinu, og þeim verður ekki haggað, enda eru þær opinberar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við höfum hlýtt á svar hæstv. utanrrh. Hann var að því spurður, hvort hann gæti lagt fram nokkur þau sönnunargögn, sem sannað gætu þá fullyrðingu hans, að dr. Kristinn Guðmundsson hefði samþykkt áætlanir um hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði árið 1956. Hefur nú hæstv. ráðh. svarað þessari spurningu? Ég er hræddur um, að það sé öllum ljóst, að hæstv. ráðh. hefur engin gögn lagt fram í málinu. Hann hefur aðeins rifjað upp fyrri ummæli sín með öllu óljósara orðalagi en áður.

Hæstv. ráðh. fullyrti hér á dögunum, að dr. Kristinn Guðmundsson hefði samþykkt þessar áætlanir. Hæstv. ráðh. sagðist ekki vera í vafa um, hvað dr. Kristinn hefði gert. Hæstv. ráðh. hefur ekki í þessum svörum sínum tekið aftur þessi ummæli, og því stendur málið eins og það stóð áður, það stendur fullyrðing á móti fullyrðingu. Það stendur alveg opið eftir og spurningunni er ósvarað, hvor ráðh., sá núv. eða sá fyrrv., hefur rétt fyrir sér, hvor þeirra segir satt, og ég er anzi hræddur um, að hv. þm. séu litlu nær eftir þetta svar.

Hæstv. ráðh. getur vafalaust sannað, hvað hershöfðingjar Atlantshafsbandalagsins ætluðu sér að gera á Íslandi 1956. En við vitum ekkert um það, hvort hæstv. ráðh. sagði satt, þegar hann fullyrti það í þinginu hér á dögunum, að dr. Kristinn Guðmundsson hefði samþykkt þessar áætlanir.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan: Ef það reynist rétt, sem hæstv. ráðh.

heldur fram, þá hefur ambassador Íslands í Moskvu gerzt sekur um meiri háttar afbrot með því að bera hæstv. utanrrh. röngum sökum. En ef dr. Kristinn Guðmundsson hefur rétt fyrir sér og það er rétt hjá honum, að hann hafi hvergi komið nálægt því að samþykkja þessi áform, þá hefur hæstv. utanrrh. ekki aðeins gerzt ber að því að segja hv. Alþingi ósatt, heldur kemur einnig í ljós, að ráðamenn Atlantshafsbandalagsins hafa gerzt svo ósvífnir að ákveða stórfelldar hernaðarframkvæmdir á Íslandi án þess að spyrja Íslendinga leyfis.

Þetta mál mun koma til umr. síðar, þegar mál það verður tekið fyrir, sem við nokkrir þm. Alþb. höfum lagt fram í sameinuðu þingi, og mun þá gefast tækifæri til að ræða önnur efnisatriði í þessu máli. Þá mun verða tækifæri til þess að ræða þá staðreynd, að hæstv. utanrrh. hefur ekkert leyfi til að gera þennan samning, án þess að samþykki Alþingis komi til. Þá verður unnt að ræða, hvað eiginlega rekur hæstv. utanrrh. til að gera samning um ný hernaðarmannvirki í Hvalfirði, á sama tíma og friðvænlega horfir í heiminum og dregur úr átökum stórveldanna. Þetta mun ég ekki ræða hér að sjálfsögðu. Ég vil aðeins leggja á það áherzlu á þessu stigi málsins, að ef í ljós kemur, að forsendur þær, sem hæstv. utanrrh. byggir ákvarðanir sínar á, reynast rangar, þá eru allar forsendur undir frekari hernaðarframkvæmdum nú í Hvalfirði byggðar á röngum undirstöðum. En ef ekki reynist unnt að fá hér fram nein sönnunargögn, eins og að var spurt, um það, hvor aðilinn segi ósatt, hæstv. utanrrh. eða fyrrv. utanrrh., er það óhjákvæmilegt, held ég, að athuga möguleika á því, að deildin kjósi rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, svo að reynt sé með öllum tiltækum ráðum að leiða sannleikann í ljós, og má athuga það mál síðar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessum orðaskiptum, vegna þess að ég átti um daginn nokkurn þátt í að ræða þetta mál.

Hér á dögunum, þegar málið var rætt utan dagskrár, lagði hæstv. utanrrh. mjög mikla áherzlu á að láta líta þannig út a. m. k., svo að ekki sé meira sagt, að dr. Kristinn Guðmundsson hefði samþykkt hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði á árunum 1955 og 1956, eða hlyti að hafa gert það, menn gætu sagt sér það sjálfir af samhengi málsins, að hann hlyti að hafa gert það, og smátt og smátt varð úr þessu fullyrðing af hendi hæstv. ráðh. um, að þetta hlyti að hafa átt sér stað, menn gætu séð það af öllu samhengi o. s. frv., o. s. frv., eins og hann útmálaði þetta með mörgum orðum. Og tvö atriði dró hann fram sérstaklega í því sambandi. Annað var, að einhverjar áætlanir hefðu verið gerðar í sambandi við infrastructure-framkvæmdir á vegum NATO, sem snertu Hvalfjörð. Þar hefði verið liður um framkvæmdir í Hvalfirði og þessi liður hlyti að hafa verið settur þarna inn með samþykki dr. Kristins Guðmundssonar, af því að hann hefði verið forseti í Atlantshafsbandalaginu, þegar þetta átti sér stað. Ég vil bara undirstrika, að dr. Kristinn Guðmundsson hefur í viðtali við Tímann, eins og raunar kom hér fram áðan, lýst því yfir alveg afdráttarlaust, að engin slík áætlun hafi verið gerð undir sínu forsæti í NATO né komið til tals eða mála á þeim fundum, sem hann hafi verið á í þeirri stofnun, og ætla ég, að þetta sé fullgreinilegt svar við þessum lið málsins. Og ég veit ekki, hver ætti að vita betur en dr. Kristinn Guðmundsson sjálfur, hvað gerðist að þessu leyti á þeim fundum, sem hann mætti á í NATO.

Hitt atriðið var svo það, sem hæstv. ráðh. gaf í skyn og magnaði sig svo að lokum upp í að fullyrða næstum því alveg, að þessar framkvæmdir hlytu að hafa verið samþykktar af ráðh. Ég benti á, að það væri alveg óhugsandi, að þetta gæti verið rétt, þar sem t. d. ég, sem hafði mjög náið samstarf við ráðh. á þessu tímabili, og t. d. þáverandi formaður Framsfl. og þeir, sem voru með honum í stjórninni, hefðum alls ekki neitt slíkt samþykkt og það gæti þess vegna alls ekki komið til mála, að dr. Kristinn hefði samþykkt slíkar framkvæmdir. Og í þessu viðtali, sem hann hefur átt við Tímann, tekur hann þannig til orða, að þeim málaleitunum, sem hafi komið nokkrum sinnum fram, hafi verið hafnað, og ég held, að það hljóti að vera á vitorði allra, sem höfðu með þessi mál að gera meira eða minna á þeim árum, að það var ekki fallizt á að byggja hernaðarmannvirki í Hvalfirði, enda er reynslan ólygnust, því að þau hafa alls ekki verið byggð. Og það er fyrst núna, sem ráðgert er, a. m. k. að því er manni skilst, að leyfa slíkt. Að færa það fram sem rök í þessu, ef rök skyldi kalla, eða reyna að skjóta fótum undir aðdróttanir eða dylgjur um þetta efni með því að vísa í viðtal við aðmírál Wright frá þessum árum, þar sem hann hafi sagt, að hann vonaði, að þetta fengist, nær engri átt. Hvað gat aðmírállinn annað sagt en hann vonaði, að hann gæti komið þessu fram? Honum hefur sjálfsagt verið falið að reyna að koma þessu fram, og eins og kemur fram hjá dr. Kristni í Tímanum, þá skilst manni, að það hafi nokkrum sinnum, jafnvel hvað eftir annað, verið talað um þetta. Mér finnst satt að segja ekki sæmandi hæstv. ráðh. að segja út frá þessu, eins og hann gerði áðan, að hann láti menn svo um að gizka á, — hann notaði það orðalag, að hann láti menn svo um að gizka á, hvort aðmírállinn hefði látið í ljós von um þetta, ef íslenzkur ráðh. hefði ekki verið búinn að samþykkja það!

Aðalatriðið í málinu er aðeins eitt, og það er, hvað hafi verið samþykkt af Íslands hendi af utanrrh., og það liggur fyrir frá honum í þeirri yfirlýsingu, sem hann hefur gefið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur ekki viljað verða við því að leggja fram sönnunargögn í þessu máli nema eitt, sem hann minntist á í upphafi sinnar

ræðu, og það er raunar allgott. Það var Þjóðviljinn. Og það er rétt, að það sé farið að athuga það. Þetta er nefnilega í fyrsta skipti, sem við lifum það, að hæstv. utanrrh. vitnar beinlínis í Þjóðviljann til að komast út úr klípu, sem hann er kominn í. Og hvað er það, sem Þjóðviljinn hefur getað sagt frá í þessum efnum frá upphafi vega? Þjóðviljinn hefur getað sagt frá því, að Bandaríkjamenn fóru fram á það 1. okt. 1945 að fá Hvalfjörð sem flotastöð til 99 ára undir amerískri lögsögu, að Hvalfjörður væri undanþeginn íslenzkri lögsögu í næstu 99 ár og væri undir Bandaríkjastjórn og það, sem þar gerðist, kæmi síðan Íslendingum ekki neitt við. Þetta er vitanlegt, þetta er viðurkennt, þetta hefur Þjóðviljinn sagt, og þetta er staðreyndin, sem enn þá liggur fyrir. Þarf nokkur maður að efast um það, sem hefur minnstu hugmynd um pólitík, að það, sem Bandaríkjamönnum var neitað um þann vetur, það eru þeir síðan að leitast við að framkvæma? Og öll þau tök, sem Bandaríkjastjórn í 20 ár er meira og meira að ná á Íslandi, pólitísk, efnahagsleg og hernaðarleg, þau miða öll að því að ná því marki, sem Íslendingar neituðu þeim um 1945—1946. Það er þess vegna ekki ófyrirsynju, að í þessi 20 ár og áfram hefur því verið haldið fram og verður því haldið fram, að það sé stefna Bandaríkjastjórnar að reyna að fá Hvalfjörð sem flotastöð. Og það er nú upplýst og loksins viðurkennt pínulítið brot úr sannleikanum, togað á víxl út úr tveim utanrrh. og með hálfgerðum harmkvælum.

Það er greinilegt, að Bandaríkjastjórn er alltaf að færa sig lengra og lengra upp á skaftið með þetta, reyna að ná því smátt og smátt, fet fyrir fet, sem henni tókst ekki að ná í einu áhlaupi 1. okt. 1945. Þess vegna þarf hæstv. utanrrh. ekkert að verða hissa, þó að okkur bregði við og við séum alveg hreint undrandi. Við erum svo óvanir því, að hæstv. utanrrh. segi satt eða viðurkenni eitthvað pínulítið af sannleikanum. Við vitum það, að allan þennan tíma er þessu alltaf neitað, að þarna er verið að sækja á. Við vitum, að það er alltaf verið að neita því, að Bandaríkin séu að reyna að ná þessu. Núna meira að segja, þegar menn neyðast til að viðurkenna pínulítið af sannleikanum, er sagt: Þetta er ósköp lifandi skelfing saklaust, þetta eru bara einir einustu 8 olíutankar, og kannske er það eitthvert pínulítið skipalægi, og svo er verið að hressa okkur með því, að Wright yfirhershöfðingi hjá þeim — ég man ekki titilinn nákvæmlega — segi, að þetta verði bara herskipalægi, ekki flotastöð, a. m. k. á friðartímum. M. ö. o.: það er greinilegt, að yfirhershöfðingjar Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins liggja í ríkisstj. hérna, en þeir eru svo hvekktir á því, hvernig þjóðin hefur tekið þessum tilmælum, að þeir þora ekki að fara fram á nema pínulítið í einu. Ætli það hefði ekki verið haldið áfram að stækka Keflavíkurflugvöll, ætli Keflavíkurflugvöllur væri ekki núna höfuðflugvöllur Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi í staðinn fyrir flugvöll í Grænlandi, svo framarlega sem það hefði ekki komið það babb í bátinn, að Alþingi Íslendinga samþykkti þáltill. 26. marz 1956 og vinstri stjórnin var mynduð á eftir? Ætli Bandaríkin hafi ekki þá misst nokkra von um að geta gert Keflavíkurflugvöll að höfuðflugvellinum fyrir Norður-Atlantshaf? Það gæti kannske líka farið eins, ef það væri sagt þvert nei um Hvalfjörðinn, að auka þar nokkurn skapaðan hlut. Bandaríkin gæfust kannske endanlega upp við að ná því, sem þau ætluðu sér að ná 1. okt. 1945. Þess vegna er það að gefa eftir pínulítið, þótt það sé ekki nema 8 tankar, það er að halda áfram að rétta þeim litla fingurinn. Og þeir munu náttúrlega vita, hvað þeir ætla sér að taka á eftir, þó að það kunni að taka þá nokkuð langan tíma, því að það er ekki enn þá búið að drepa alla sjálfstæðistilfinningu úr Íslendingum.

Hæstv. ráðh. skar ekki úr þessu, sem hér var spurt að. Hann kom aftur með staðhæfingu á móti staðhæfingu, og tveir utanrrh. vitna nú hér hvor á móti öðrum, og við skulum nú rannsaka þessa hluti ofur lítið nánar og vita, hvar það er raunverulega, sem hnífurinn stendur í kúnni. Tilmælin eru viðurkennd núna, — tilmæli, sem búið var að neita langalengi, þau eru viðurkennd. Það er upplýst í viðbót, og þar á hæstv. utanrrh. þakkir skildar fyrir, hann upplýsir, að það hefur verið veitt úr infrastructure-sjóði Atlantshafsbandalagsins 1. marz 1955 ákveðin fjárveiting til aðgerða í Hvalfirði, sem hann hefur orðað svo, að það væru, ef ég man rétt, stórkostlegar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. M. ö. o.: Atlantshafsbandalagið hefur 1955 viljað framkvæma stórkostlegar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. Og nú er spurningin, sem við, sem ekki höfum fengið að fylgjast með þessum málum, hljótum að leggja fyrir þá flokka, sem þá stóðu í ríkisstj. og standa með Atlantshafsbandalaginu enn þá og eiga meira eða minna fulltrúa á fundum þess: Ákvað Atlantshafsbandalagið þessa fjárveitingu án þess að hafa spurt íslenzku ríkisstj. eða eftir að hafa fengið neitun íslenzku ríkisstj.? Þetta er það, sem við viljum fá að vita. Ráðstafar Atlantshafsbandalagið Íslandi eins og þetta væri einhver herstöð þess, einhvers konar nýlenda þess, þar sem þyrfti ekki að spyrja viðkomandi ríkisstj. um leyfi eða þótt viðkomandi ríkisstj. segði nei, þá skyldi því ráðstafað samt? Þetta þurfum við að fá að vita, og hér stangast nú þegar fullyrðingar hæstv. núv. ráðh. og þeirra ráðh., sem voru með dr. Kristni Guðmundssyni sendiherra í ríkisstj. 1955. Dr. Kristinn Guðmundsson segir, að hann hafi sem utanrrh. aldrei léð máls á þessu, og hvernig hefur þá Atlantshafsbandalaginu dottið í hug að setja þetta á sína fjárveitingu? Og má ég spyrja í þessu sambandi: Hvað segja bækur utanrrn. um þessa hluti? Það fara þó varla fram viðtöl í utanrrn. Íslands, án þess að þar sé bókað, hvers konar

tilmæli koma fram, t. d. frá hershöfðingjum eða frá Atlantshafsbandalaginu, og hvernig þeim sé svarað. Vill hæstv. utanrrh. leggja þessar bækur utanrrn. Íslands fyrir utanrmn. Alþingis til þess að fara í gegnum þær og sjá, hvort þessi tilmæli hafa komið fram og hvernig þeim hefur verið svarað, svo að við getum gengið úr skugga um það? Ég býst við, að viðtöl utanrrh. á Íslandi við hina og þessa mektarmenn Atlantshafsbandalagsins séu engin prívatviðtöl, heldur opinber viðtöl, sem séu skráð í utanrrn. Í öðru lagi, 1955 var starfandi hér ekki aðeins utanrmn. Alþingis, heldur var þar að auki skipuð sérstök einhvers konar háyfir-utanrmn., eins konar leyndar-utanrmn. Atlantshafsbandalagsins, vegna þess að mönnum þótti, eftir að Ísland gerðist hernaðarstórveldi 1949, ekki óhætt að ræða þessi miklu hernaðarleyndarmál í utanrmn. Alþingis, og var skipuð sérstök undirnefnd, sem hinir svokölluðu lýðræðisflokkar, eins og þeir titluðu sig sjálfa, þóttust vilja vera vissir um, að eingöngu innvígðir menn væru í, sem treysta mætti fyrir öllum leyndardómum. Þessi undirnefnd utanrmn. var starfandi 1955, og í henni munu hafa átt sæti bæði fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Ég geng út frá, að svona mál eins og tilmæli um stórkostlegar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði hafi verið rædd við þessa leyninefnd, við þessa undirnefnd, og hún hafi haldið fundi og þá vafalaust marga og það hafi verið vendilega bókað og geymt í traustum peningaskápum, hvernig hún tók í þau tilmæli, sem komu fram um stórkostlegar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði 1955. Og má ég spyrja hæstv. utanrrh. og hv. 1. þm. Austf., sem bæði var í ríkisstj. þá og átti með sínum flokki fulltrúa í þessari undirnefnd, — má ég spyrja hann: Hverju svaraði þessi undirnefnd, þegar utanrrh. þá lagði fyrir hana vafalaust tilmæli frá erlendum aðilum um stórkostlegar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði? Þetta langar mig til að fá upplýsingar um. Ég býst við, að hver einasta þjóð gæti þess í sínum utanríkismálum að færa sínar bækur, og utanríkisnefndir, ekki síst leyninefndirnar, færi sínar bækur vel og greinilega. Þá þarf ekki að fara neitt á milli mála, hvað gert hefur verið og hvað sagt hefur verið. Hv. 1. þm. Austf. á jafnvel að geta sagt okkur þetta. Þess vegna tel ég það alveg eðlilegt og rétt og tek undir það, sem hv. 5. landsk. þm. kom hér með. Ef við fáum ekki fullkomnar upplýsingar í þessum málum, þá á hv. d. að setja rannsóknarnefnd til þess að athuga þetta. En sem sé, sönnunargögnin út utanrrn. ættum við að geta fengið á borðið hjá okkur í utanrmn. Alþingis.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það þýðir harla lítið fyrir hv. 3. þm. Reykv. að vera að vitna í ummæli í Þjóðviljanum máli sínu til stuðnings, ef hann ætlar sér að sannfæra hv. 5. landsk. þm., Ragnar Arnalds, því að það kom greinilega fram í ræðu hv. 5. landsk. þm., að hann trúir yfirleitt ekki því, sem í Þjóðviljanum stendur, og ekki einu sinni þó að á Alþingi sé staðfest, að rétt sé alveg hverfandi lítið brot af því, sem þar hefur verið sagt. Hv. 5. landsk. þm. trúir Þjóðviljanum ekki samt, og slík er vantrú hans á sitt eigið blað, að hann talar um, að hér þurfi að kjósa sérstaka þingnefnd eftir heimild í stjórnarskránni til þess að athuga, hvort það, sem ég hafi um þetta sagt, sé virkilega satt eða ekki. Hv. 3. þm. Reykv. ætti því alveg að spara sér að vitna í Þjóðviljann, ef hann ætlar að sannfæra sína eigin flokksmenn, það þýðir ekki neitt.

Hv. fyrirspyrjandi vildi halda því fram, að ég hafi í rauninni ekki svarað spurningunni, sem fyrir mig var lögð, og ég hafi skorazt undan því að skýra frá því, hvort ég hafi við höndina gögn, sem sönnuðu, að það, sem ég sagði á fundi í Sþ. fyrir nokkrum dögum, væri rétt eða ekki. Þessa útkomu fær hann með því að gera mér upp orð, sem ég viðhafði ekki. Ég skýrði frá örfáum staðreyndum, sem allar eru sannaðar og yfirleitt flestar löngu vitaðar. Ég skýrði frá því, að margumrædd tilmæli hafi borizt hingað 1955. Það er opinbert leyndarmál. Ég skýrði frá því, að um þessi tilmæli hafi farið fram margra mánaða viðræður. Það er líka staðreynd, og hefur hvorugt verið vefengt. Ég skýrði frá því, að viðræðunum hafi lokið með því, að áætlanir, byggðar á fyrrgreindum tilmælum, hafi verið teknar í fjárhagsáætlun NATO. Þetta er staðreynd, sem ekki verður dregin í efa, enda liggur hún fyrir í skjölunum. Ég sagði einnig, að það væri ófrávíkjanleg regla að taka ekki slíkar fjárveitingar upp, nema viðkomandi land vildi þola þær framkvæmdir, sem um væri að ræða. Þetta er staðreynd og hefur ekki verið vefengd. Til viðbótar hefur svo komið sú upplýsing, að bent hefur verið á, að í opinberu dagblaði var skýrt frá því haustið 1955, þegar umr. um Hvalfjarðarframkvæmdir höfðu staðið yfir í marga mánuði, að sá aðilli, sem hafði með þetta mál að gera af hálfu NATO, vonaðist til, að málið næði fram að ganga. Þetta eru allt staðreyndirnar í málinu. Frá þeim skýrði ég. Þær eru upplýstar, viðurkenndar, sannaðar og sannanlegar. Hitt er annað mál, að hver og einn getur dregið sínar ályktanir af þessum staðreyndum, og það hef ég fyrir mitt leyti gert.

Hv. 3. þm. Reykv. spurðist fyrir um það, hvort hægt væri að leggja skjöl og skilríki varðandi þessi viðskipti við Atlantshafsbandalagið fyrir utanrmn. Á þessu stigi vil ég aðeins upplýsa það, að til að sanna öll þau ummæli, sem ég hef viðhaft um staðreyndirnar í málinu, þarf ekki á neinni frekari skjalaframlagningu að halda. Þær eru þegar allar ýmist sannaðar, viðurkenndar eða ómótmæltar. Staðreyndunum verður ekki haggað. Ályktanirnar getur síðan þessi hv. þm. eins og hver annar dregið fyrir sig, en ég sé ekki neina ástæðu, enda mjög torvelt í framkvæmd að ætla sér að fara að láta skjöl og gögn utanrrn. varðandi NATO í hönd aðila, sem samkv. regl-

um bandalagsins eiga ekki um þau að fjalla, auk þess sem slíkt er, eins og ég sagði áðan, algerlega óþarft, vegna þess að allar þær staðreyndir, sem ég hef skýrt frá í málinu, eru gersamlega óhaggaðar og óhagganlegar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta langar umr. um þetta utan dagskrár. Þetta berst líka allt í tal aftur, en það er vegna þess, að hæstv. utanrrh. var að gera eins konar registur yfir það, sem hann taldi sannað í málinu, sem ég vildi segja aðeins örfá orð.

Ég vil þá fyrst benda á, að það er upplýst í málinu samkv. vitnisburði dr. Kristins Guðmundssonar, að hann hefur ekki átt þátt í því, að þessi liður um Hvalfjarðarframkvæmdirnar var settur inn í infrastructure-áætlunina. Þetta er upplýst. Hann segir, að þetta hafi ekki borizt í tal á þeim fundum, sem hann var á í NATO, og þá náttúrlega ekki heldur á þeim fundum, sem hann var í forsæti á.

En þrátt fyrir þetta segir hæstv. ráðh. núna, að það muni vera ófrávíkjanleg regla, að inn í þessar áætlanir sé ekki tekið annað en það, sem samþykkt er af hlutaðeigandi landi, og því hafi ekki verið mótmælt, segir hæstv. ráðh., þessu hafi ekki verið mótmælt. Þó liggur það fyrir frá fyrrv. utanrrh. Íslands, að hann segist ekki hafa samþykkt þessar framkvæmdir og þær hafi ekki verið ræddar á neinum þeim fundi, sem hann hafi mætt á. En hæstv. núv. utanrrh. segir samt, að þetta sé ómótmælt, að það sé ófrávíkjanleg regla, að ekki sé sett inn á infrastructure-áætlunina nema það, sem hlutaðeigandi lönd hafa samþ.

Við vitum allir, sem komum nálægt þessum málum, að þessar framkvæmdir hafa aldrei verið samþykktar af Íslands hendi. Við vitum, að dr. Kristinn hefur ekki farið með neitt einkapukur í því sambandi. Hvernig þær eru svo komnar inn í þessa infrastructure-áætlun, hef ég ekki hugmynd um, og eins og ég sagði hér um daginn, þá er það ekki okkar mál, hvað þeir setja í hernaðaráætlanir sínar úti í París. Það, sem okkur varðar um, er það, hvað okkar menn, sem trúað er fyrir þessum málum, samþykkja og hvað þeir gera og hvað gert er, og fram að þessu hafa framkvæmdir á þessum slóðum, eins og menn vita, ekki verið samþykktar. Það er aðalstaðreyndin í málinu.

Hvort þvargað hefur verið meira eða minna fram og aftur um þetta, það skal ég ekki fullyrða, ég þekki ekki svo einstök atriði þessara mála. En það liggur fyrir og hann orðar það þannig efnislega, fyrrv. ráðh., dr. Kristinn Guðmundsson, að það hafi nokkrum sinnum verið farið á flot með þetta mál, og hæstv. utanrrh. orðaði það þannig, að það hefðu verið miklar umleitanir um þetta fram og aftur. Það út af fyrir sig skal ég ekki draga í efa. En niðurstaðan hefur ætíð orðið sú fram að þessu, að það hefur ekkert verið samþykkt, eins og dr. Kristinn Guðmundsson segir í sinni yfirlýsingu, og það er auðvitað aðalatriðið. Hvað einhver aðmíráll hefur sagt um vonir sínar í þessu sambandi, kemur okkur ekkert við. Það er algerlega hans mál, eftir hverju hann kann að hafa vonazt.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að leiðrétta einn misskilning hjá hv. 1. þm. Austf. Hann sagði, að það væri ekki okkar mál, hvað þeir setja í infrastructure-áætlanir sínar í París. Þetta er rangt. Það er okkar mál. Umleitanirnar frá NATO, sem komu hingað snemma á árinu 1955, og umr., sem fóru fram á því ári, fóru fram vegna þess, að það er viðtekin regla hjá NATO, að ekki er hægt að taka infrastructure-fjárveitingar inn á þessa fjárhagsáætlun, nema viðkomandi ríki vilji þola framkvæmdirnar. Umr. fóru einmitt fram til þess að ganga úr skugga um það, hvort við vildum þola framkvæmdirnar eða ekki. Niðurstaðan varð svo sú, að fjárveitingin var tekin upp, og það segir allt, sem segja þarf í málinu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að lengja þær umr., sem hér hafa farið fram um þær fullyrðingar, sem hæstv. núv. utanrrh. hefur haft í frammi um það, sem dr. Kristinn Guðmundsson á að hafa leyft á sínum tíma sem utanrrh. varðandi framkvæmdir í Hvalfirði. Ég held, að eftir þessar umr. liggi það ákaflega ljóst fyrir, hvernig málavextir eru. Sú spurning er lögð fyrir hæstv. utanrrh., hvort hann geti lagt fram einhver gögn til að sanna mál sitt. Hæstv. utanrrh. hefur svarað þessu þannig, að hann hefur engin gögn lagt fram, bókstaflega engin ný gögn lagt fram, heldur aðeins endurtekið sínar fyrri fullyrðingar um þessi mál. Eins og málið stendur því í dag, liggur það þannig fyrir, að hæstv. utanrrh. getur engin gögn lagt fram til að sanna fullyrðingar sínar. Ég held, að þetta sé alveg nægilegt til þess að upplýsa það, hvernig málavextir eru í þessu máli.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta fer nú bráðum að verða eins og spennandi leynilögreglusaga í útvarpinu. Hér höfum við sem sagt tvo sakborninga. Annar segir við hinn: Heyrðu, þú framdir glæpinn þarna um árið. — Og hinn segir: Nei, nei, ég framdi hann ekki, þú ert að fremja hann núna. — Og svo koma þeir hérna upp og segja hvor við annan: Þú hefur ekki sönnunina fyrir því, að ég hafi framið hann. — Það verður ákaflega gaman að fylgjast með þessu. Ég var að spyrja um eina höfuðsönnunina áðan, en bæði hæstv. núv. utanrrh. og hv. fyrrv. ráðh. í þeirri stjórn, sem hér er rætt um, stjórn, sem var 1955, fóru hjá sér um að gefa nokkrar upplýsingar um það, sem ég spurði að, hvernig er með fundargerðarbækur þeirrar ágætu leyninefndar, undirnefndarinnar, sem átti að vera vígð inn í öll þessi mál, Atlantshafsbandalagsnefndar utanrmn. Alþingis, og hvernig er hins vegar með bækurnar í utanrrn. Því verður þó ekki trúað, að utanrrh. Íslands láti sín samtöl við valdamenn

annarra þjóða fara fram án þess að bóka nokkurn tíma einn einasta staf, að það séu ekki til nein skjöl í utanrrn. Íslands, sem sanna það, að þegar þessi herra frá Atlantshafsbandalaginu hafi komið og talað við utanrrh. Íslands og sagt: Heyrðu, má ég fá hjá þér Hvalfjörð fyrir stórkostlegar hernaðarframkvæmdir, — þá séu í fyrsta lagi ekki bókuð þessi tilmæli og það sé ekki heldur bókað, hvort utanrrh. hafi sagt: Já, með mestu ánægju, — eða: Nei, það kemur ekki til mála, — og svo eigi menn, t. d. Alþingi Íslendinga, að standa eins og spennandi lesendur að leynilögreglusögu og reyna að geta í eyðurnar. Hverju svaraði utanrrh., þegar tilmælin komu 1955? Eru engar bækur til í utanrrn. um þetta? Af hverju forðast bæði núv. hæstv. utanrrh. og sá maður, sem lengi hefur verið ráðh. í ríkisstj. Íslands, hv. 1. þm. Austf., af hverju forðast þeir báðir að minnast á þetta? Af hverju er talað bara um, að menn verði að gera sér það í hugarlund, hvort þetta og þetta hafi verið svona, hvort það hafi verið sett á fjárveitingu infrastructure-sjóðsins í París svona og svona fjárveiting án þess að hafa talað við Ísland eða hvort dr. Kristinn Guðmundsson hafi virkilega fallizt á svona nokkuð? Eigum við að vera að geta til um svona hluti?

Hvers konar stjórnarfar er þetta? Hvar á byggðu bóli hjá sjálfstæðri þjóð finnst ekki í utanrrn. bókað neitt um það, hvernig utanrrh. hafi svarað, þegar fram komu tilmæli um stórkostlegar hernaðarframkvæmdir? Af hverju þurfum við að vera að deila um þetta hérna? Af hverju er ekki hægt að leggja þetta á borðið? Eða þá, ef ekkert er til, ef ekkert skjal er til um neitt, að segja: Við höfum það ekki fyrir vana að skrifa neitt niður það, sem við segjum. Það á að vera fyrir leynilögreglusagnahöfunda framtíðarinnar að geta í eyðurnar.

M. ö. o.: spursmálið er þetta: Samþykkti Kristinn Guðmundsson þessi tilmæli, eða samþ. hann þau ekki? Nú eru þeir tveir hérna, sakborningarnir, annar segir já, hinn segir nei. Geta þeir nú ekki lagt fram þessa einföldu sönnunarbók, gjörðabók utanrrn. Íslands? Leyninefndin, sú sem ætlaði að líta eftir fyrir hönd Alþingis tryggilega, svo að engir vondir menn kæmust að, hélt hún enga fundi, fylgdist hún ekki með neinu, eða bókaði hún ekki neitt?

Það er eðlilegt fyrir okkur, þegar loksins er nú farið að koma í dagsins ljós það, sem gerzt hefur í leynum á þessum árum, og þeir, sem voru samsekir um, hvað gerðist, geta ekki einu sinni verið sammála um það, að við förum að heimta það núna, að þessir menn geri svo vel að hafa fyrir því að bóka, hvað þeir gera.

Ég verð að segja, að um eitt gátum við hæstv. utanrrh. þó verið sammála. Ég skrifaði niður hjá mér það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði. Hann sagði: Það er ekki okkar mál, hvað þeir setja í hernaðaráætlanir í París. — Ég er fyllilega sammála hæstv. utanrrh. Það er visulega ykkar mál, sem eruð ábyrgir fyrir því, að Ísland er að flækjast í þessi hernaðarbandalög, og hafið ekki hugmynd um, hvað þeir eru að gera þar, og steytið hnefana hvor á móti öðrum og segið hvor við annan: Þú drýgðir glæpinn, — það er visulega ykkar mál, það er á ykkar ábyrgð.

Það er bezt fyrir Framsfl., ef hann tekur eitthvað alvarlega það, sem hann segir, að taka þá afleiðingunum, draga réttar ályktanir út af þessu og segja: Fyrst Atlantshafsbandalagið dirfist að fara að setja inn í infrastructure-fjárveitingar 1955 hluti viðvíkjandi Íslandi, sem Framsfl. hefur aldrei samþykkt, þá svarar Framsfl. með því að segja sig úr svona bandalagi. — Það er vissulega ykkar mál, þetta er á ykkar ábyrgð. Það er á ábyrgð Framsfl. líka, nema hann fari að hafa sig út úr þessu bandalagi, og ég held, að það væri bezt fyrir hann.

Ég sé þess vegna ekki betur en það séu komnar enn fleiri ástæður en voru, þegar ég talaði áðan, til þess að Alþingi láti þetta mál til sín taka, og líklega yrði rannsóknarnefnd Alþingis að byrja á því að athuga, hvort það fyrirfinnast einhverjar bækur í utanrrn. um þetta, og ef þeir væru mjög hræddir um leyndardómana í því, þá gætu þeir sent þá inn á víxl, t. d. Eystein, t. d. hv. 1. þm. Austf., og svo einhvern Alþfl.-manninn, til þess að láta þá þá glugga í þetta og segja okkur, hvað standi þar, ef óguðlegir mega ekki kíkja í það. Alþingi getur ekki sóma síns vegna og hagsmuna landsins vegna annað en gengið úr skugga um það, að það sé hægt að komast fyrir um, hvort Atlantshafsbandalaginu hafi verið heitið leyfi til stórkostlegra hernaðarframkvæmda í byrjun ársins 1955 eða ekki. Og héðan af sé ég ekki neitt annað ráð til þess heldur en það sé sett slík rannsóknarnefnd þessarar hv. d. eins og hv. 5. landsk. lagði til.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég get hughreyst hv. síðasta ræðumann með því að segja frá því, að í utanrrn. eru til öll þau tilmæli, sem frá Atlantshafsbandalaginu hafa komið í sambandi við þetta mál, og þar eru til hinar og þessar frásagnir af því, sem fram hefur farið í málinu. Í minum ræðum hef ég haldið mér að því að skýra frá því einu, sem eru opinberar staðreyndir, og þau atriði, sem ég hef minnzt á, það eru atriði, sem út af fyrir sig eru ekki umdeild og ekki dregin í vafa. Hitt deila menn um, hvaða ályktanir megi draga af þessum staðreyndum. Ég hef ekki viljað fara inn á það að draga hér inn í skjöl Atlantshafsbandalagsins, vegna þess að þær infrastructureáætlanir, sem okkur berast, og þær upplýsingar, sem þar eru á ferðinni, eru ekki aðeins um okkar land, heldur og önnur og fleiri og koma til okkar sem trúnaðarmál, en þau eru send okkur, þessi skjöl, til þess að við getum kannað þau, fylgzt með þeim, gert okkar aths. og til þess að vera viss um, að ekkert sé upp í þau tekið, að því er okkur sjálfa varðar, gegn okkar vilja. Þessi skjöl liggja öll fyrir, en þetta eru trúnaðarskjöl Atlantshafsbandalagsins, og

þar sem þau eru ekki nauðsynleg til þess að renna stoðum undir þær staðreyndir, sem ég hef hér frá skýrt, þá sé ég ekki, hvaða máli þau skipta í sambandi við þann ágreining, sem hér er á ferðinni.

Eysteinn Jónsson: Ég verð að segja, að miðað við annað, sem hæstv. utanrrh. segir, tek ég mátulega hátíðlega yfirlýsingar hans um það hér, að aldrei sé neitt tekið á infrastructure-áætlanir nema það, sem viðkomandi ríki hafi samþykkt fyrir fram, og ég hugsa, að enginn virði mér það til vorkunnar. En varðandi þetta sérstaka efni og þetta atriði liggur það fyrir, að fyrrv. utanrrh., dr. Kristinn Guðmundsson, hefur lýst því yfir, að hann hafi ekki samþykkt neinar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði, og við, sem vorum með honum í ríkisstj. og höfum unnið með honum, vitum, að hann hlýtur að segja það satt, því að hann hefði alls ekki gert það upp á sitt eindæmi. En samt sem áður kvað vera einhver liður í þessum infrastructure-áætlunum um Hvalfjörð. Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir, að það er ekki þar með samþykki íslenzku ríkisstj. eða með samþykki Íslands, og hefur þá þessi regla í NATO þar af leiðandi verið brotin, ef hún er þá til.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að vekja athygli á ósamræmi, sem mér fannst koma fram í ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan, við það, sem hann hefur áður sagt í umr. um þetta mál. Hæstv. utanrrh. sagði nú, að það væri algild regla, að Atlantshafsbandalagið tæki aldrei neina framkvæmd inn á infrastructure-áætlun, nema áður hafi verið búið að fá samþykki viðkomandi ríkisstj. til þess að hrinda henni í framkvæmd. Áðan sagði hæstv. ráðh., eins og ég hygg að fleiri hv. alþm. hafi kannske tekið eftir, þegar hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, gekk eftir því að fá sýndar gjörðabækur utanrrn., þá sagði hæstv. ráðh. m. a., að ríkisstj. eða rn. fengi sendar infrastructure-áætlanir Atlantshafsbandalagsins, m. a. til þess að kanna það, að inn á þær væru ekki teknar neinar þær framkvæmdir, sem viðkomandi ríkisstj. væri á móti. Ég tel, að þarna stangist tvær staðhæfingar ráðh. á. Í fyrsta lagi hefur hann áður sagt, að aldrei væru teknar inn á slíkar áætlanir framkvæmdir, nema viðkomandi ríkisstj. hefðu áður samþykkt þær. Síðar segir hann, að ríkisstj. séu sendar infrastructure-áætlanir, til þess að þær geti kynnt sér eftir á, hvort eitthvað hafi verið tekið inn á þær, sem viðkomandi ríkisstj. geta ekki sætt sig við.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hér er um hártogun að ræða hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég man ekki nákvæmlega, hvernig orð mín voru um þetta, en það er ákveðin ófrávíkjanleg regla hjá Atlantshafsbandalaginu, að ef það óskar eftir að taka einhverja fjárveitingu inn á infrastructure-áætlun, þá er óskin um þetta send til viðkomandi lands, meðan verið er að undirbúa áætlunina, og það er ekki tekið inn á áætlunina sjálfa, fyrr en leyfi þess lands liggur fyrir. Ríkisstj. Íslands var gerð grein fyrir því á árinu 1955, þegar verið var að undirbúa áætlunina, að fjárveitingar í Hvalfjörð væri óskað eftir að taka inn á þessa fjárhagsáætlun, og þess vegna fóru umr. fram.

V. Útvarp úr forustugreinum dagblaða.

Á 71. fundi í Sþ., 30. apríl, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil með leyfi hæstv. forseta bera fram tilmæli til hæstv. menntmrh. Þau snerta ríkisútvarpið. Á nýliðnum vetri var tekinn upp sá háttur hjá útvarpinu að flytja frásagnir úr stjórnmálagreinum dagblaðanna í Reykjavík á hverjum morgni þá daga, sem blöðin koma út. Blöðin, sem lesið er úr, eru fimm, en stjórnmálaflokkarnir, sem þau eru málsvarar fyrir, eru fjórir. Einn flokkurinn hefur tvö blöð, en hinir þrír flokkarnir sitt blaðið hver. Með þessu móti fær einn flokkurinn helmingi lengri tíma í útvarpinu fyrir sinn málflutning heldur en hinir flokkarnir hver um sig. Ég fæ ekki betur séð en að með þessu séu brotin fyrirmæli í reglum, sem útvarpið á að fara eftir, og ég tel, að það hafi verið undarlega hljótt um þetta mál. Í reglugerð nr. 28 frá 1958, um útvarpsrekstur ríkisins, sem út var gefin af menntmrh. og enn er í gildi, segir m. a., að við útvarpið skuli ríkja fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum. Mér sýnist, að hér hafi þessa ekki verið gætt. S. l. laugardag skrifaði ég greinarkorn um þetta efni í dagblað hér í borginni. Ég vakti þar athygli á málinu og beindi þeim tilmælum til útvarpsráðs og útvarpsstjóra, að þau tækju það til íhugunar. Ég sendi þeim blaðið með greininni. Nú veit ég ekki, hver viðbrögð þeirra útvarpsmanna verða í málinu, þó að ég vænti þess, að þeir geri hér nauðsynlegar breytingar. En ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. menntmrh., að hann fylgist með málinu, og ef það skyldi dragast nokkuð að ráði, að útvarpsráð og útvarpsstjóri breyti fyrirkomulaginu á upplestrinum úr stjórnmálablöðunum, þannig að samrýmist hlutleysisreglum útvarpsins, vil ég beina þeirri áskorun til hæstv. ráðh. sem yfirmanns stofnunarinnar, að hann beiti sér fyrir því, að leiðrétting fáist í þessu efni. Fáist slík leiðrétting ekki, sýnist sá kostur einn fyrir hendi að fella niður þennan útvarpsþátt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar ríkisútvarpið tók upp þann hátt að flytja að morgninum útdrætti úr forustugreinum dag-

blaðanna frá þeim sama morgni og deginum áður, var það gert að frumkvæði ríkisútvarpsins sjálfs og hafði mitt rn. eða ríkisstj. engin afskipti af því máli. Hugmyndin var ríkisútvarpsins sjálfs, og framkvæmd þessa máls er algerlega í höndum fréttastofu ríkisútvarpsins og algerlega á ábyrgð hennar. Hafa stjórnarvöld engin afskipti haft af því máli, og hef ég ekki séð neina ástæðu til þess að hafa slík afskipti. Ég tel þessa nýjung í starfsemi ríkisútvarpsins í fréttaflutningi þess hafa verið til mikilla bóta og hef raunar orðið þess var, að þessi nýi þáttur í fréttaflutningnum hefur verið mjög vinsæll meðal útvarpshlustenda. Ég hlusta að jafnaði á þessa þætti sjálfur og hef ekki fengið betur séð en gætt sé fyllsta hlutleysis í úrvinnslu úr forustugreinunum og það verk, sem þarna er unnið af hálfu fréttastofu ríkisútvarpsins, hafi yfirleitt verið mjög vel unnið.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. gerði sérstaklega að umræðuefni og hefur gert að umræðuefni í blaðagrein, að tvö dagblaðanna fylgi einum stjórnmálaflokknum, en hinir þrír flokkarnir njóti stuðnings aðeins eins dagblaðs og þetta valdi misjafnri aðstöðu, vil ég aðeins segja þetta: Skyld atriði þessu hefur áður borið á góma, t. d. varðandi útvarpsumr. frá Alþingi, þar sem flokkar hafa verið mjög misstórir. Það er ekki mjög langt síðan hér var á Alþingi þingflokkur, sem aðeins hafði 2 þm., og var þingfylgi hans þannig ekki nema lítill hluti af þingfylgi stærsta þingflokksins. Það þótti engu síður þá sjálfsagt og kom aldrei fram nein opinber gagnrýni á það, að ræðutími allra þingflokkanna án tillits til stærðar í útvarpsumr. skyldi vera jafn, og taldi ég fyrir mitt leyti þá og tel enn, að engin önnur lausn sé til á þeim vanda, sem þarna var um að ræða, en sú að ætla flokkunum jafnan ræðutíma án tillits til stærðar. Segja má, að hér sé ekki um algerlega hliðstætt atriði að ræða, en bendi þó til, að að sumu leyti hafi sams konar vandamál áður verið uppi og voru í þessu tilfelli leyst á þennan hátt.

Ég fyrir mitt leyti sé ekki ástæðu til neinnar aðfinnslu við ríkisútvarpið eða fréttastofu þess, vegna þess að það hefur þann hátt á að gera öllum dagblöðunum jafnt undir höfði án tillits til þess, hvaða flokk þau styðja.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hvað mundi verða sagt við því, ef sá háttur væri upp tekinn, þegar útvarpað er umr. héðan frá Alþingi, að einn flokkur fengi helmingi lengri ræðutíma en hinir flokkarnir? Ég sé ekki betur en það væri þó alveg eins frambærilegt, ef einhver gerði þá kröfu, eins og að halda því fram, að einn flokkurinn eigi að hafa tvöfaldan rétt á móti hinum við þennan upplestur úr stjórnmálagreinum dagblaðanna. Mér sýnist það alveg það sama. Við vitum, að þessar stjórnmálagreinar eru hápólitískar yfirleitt. Í þeim túlka flokkarnir skoðun sína og stefnu, og ég fæ ekki með nokkru móti séð, að það samrýmist hlutleysisreglum útvarpsins að hafa þennan hátt á, sem verið hefur, og það eru mér vonbrigði, að hæstv. ráðh. skuli taka undir þetta mál mitt á þann hátt, sem hann gerði, að hann telur enga ástæðu til að hlutast til um breytingar á þessu. Ég vildi nú vænta þess, að þegar hann skoðar málið betur, komist hann að annarri niðurstöðu í þessu efni. Ég vildi nú vænta þess. Ég sé ekki, að mögulegt sé við þetta að una.

Dómsmrh. (Jónann Hafstein): Herra forseti. Mig langar til þess að segja nokkur orð í sambandi við þessar umr.

Það er ljóst, að það er verið að útvarpa frá blöðum, en ekki flokkum, í þessu morgunútvarpi, og ég vildi nú spyrja hv. 1. þm. Norðurl. v., hvort hann hefði nokkurn tíma mælt þessar forustugreinar, hvort það geti ekki skakkað kannske nokkrum sentimetrum eða kannske millimetrum á lengd greinanna, svo að það sé ekki jafnmikið, sem sé lesið frá blöðunum, og enn fremur það, hvernig á að skilja á milli þessara tveggja blaða, sem hann á við og styðja og hafa stutt Sjálfstfl., en eru þó alls ekki flokksblöð, og loksins, ef ætti að gera það, væri þá ekki þarna út af fyrir sig hægurinn hjá að ætla svolitið meira rúm í öðru blaðinu fyrir þessar forustugreinar til þess að koma nokkru meira að? Ég er hræddur um, að það sé nokkuð mikill smásálarskapur í þessu, eins og ýmsu öðru, sem fram kemur nú, þegar Framsfl. er að meta réttlætið á milli flokka og mannfólksins í landinu, eins og við höfum reynslu af, bæði fyrr og síðar. Við þekkjum höfðatölureglu Framsfl. og hve næmir þeir hafa verið fyrir því að hafa hér rétta þingmannatölu, miðað við kjósendatölu sína, og segja má, að þetta stingi nokkuð í stúf við þá réttlætiskennd, sem þar hefur komið fram. En það getur vel verið, að hv. þm. hafi sem sagt verið með einhverja mælistiku á þessum forustugreinum.

Að öðru leyti vil ég segja um þetta, að ég hef ekki orðið var við þær vinsældir, sem hæstv. menntmrh. sagði að þessi lestur nyti. Það getur verið, að ég hafi ekki lagt mig eftir því að fylgjast með því, en sjálfum finnst mér oft og tíðum, að morgunn gæti byrjað skemmtilegar en með að heyra þessa lesningu úr blöðunum, sem er alltaf þetta sífellda pólitíska karp. En það er annað mál, og það getur vel verið, að það sé ekki önnur lausn til þess að friða réttlætiskennd og samvizku manna, svo að útvarpið verði ekki fyrir miklum ádeilum, heldur en að fella þetta niður. Það kemur í ljós, að hæstv. menntmrh. mundi sakna þess, en ég fyrir mitt leyti mundi ekkert sakna þess. Svona sýnist sitt hverjum í þessu máli eins og mörgum öðrum. En ég held, að við eigum ekki að vera allt of smásálarlegir, þegar um slíkt er að ræða, og ríkisútvarpið hefur verið að gera þarna tilraun, og það held ég, að sé rétt hjá menntmrh., að þetta hefur ekki sætt

neinni gagnrýni, að mönnum fyndist vera mismunað hinum pólitísku flokkum í landinu með þessum lestri, sem þarna hefur farið fram, nema það hefur komið frá þessum eina hv. þm., en annars staðar hef ég ekki séð það og hvergi orðið var við það, að mönnum fyndist, að ríkisútvarpið hefði verið að misbjóða mönnum með því að brjóta hér hlutleysisreglur sínar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessum umr., en gat ekki stillt mig um að fá að segja hér örfá orð út af því, sem hæstv. dómsmrh. lagði til málanna. Hann er ákaflega ánægður með ástandið, eins og það er í þessu efni, og þykir þetta sjálfsagt og eðlilegt. En það hefði verið fróðlegt, ef það hefði verið hægt að prófa, hvernig hæstv. ráðh. hefði litið á þetta, ef Framsfl. hefði gefið út tvö dagblöð í Reykjavík, en Sjálfstfl. eitt, hvernig þetta hefði þá snúið við hæstv. dómsmrh. Ég er hræddur um, að það hefði verið ofur lítið öðruvísi hljóð í honum þá. Ég held hann ætti ekki að vera að gera sig broslegan á þennan hátt, eins og hann gerði með því að vera að tala um víðsýni sumra í þessu sambandi og þröngsýni þeirra, sem fyndu eitthvað að þessu fyrirkomulagi.

En fyrst ég er kominn hérna, langar mig aðeins til þess að benda hæstv. menntmrh. á annað. Hann benti á það sjálfur, að það mundi leiða út í hið mesta öngþveiti, ef farið væri að mismuna flokkunum í sambandi við útvarp frá Alþingi. Það væri sjálfsagt, að það væri jafn ræðutími, hvort sem flokkurinn væri stór eða smár. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um þetta. En hann dró af þessu að mínu viti alveg rangar ályktanir. Af þessu átti hann auðvitað að draga þá ályktun, að það ætti að vera sami háttur á, þegar lesin væru sjónarmið flokkanna úr blöðunum, því að það, sem verið er að gera, þegar verið er að lesa leiðarana úr blöðunum, er ekki það að auglýsa blöðin, heldur sjónarmið þeirra, sem gefa blöðin út. Útvarpinu þykir henta, að þau komi fram. Það eru þau pólitísku sjónarmið, sem eru í leiðurunum. Þess vegna er tekið úr leiðurunum, en ekki einhverjum öðrum greinum blaðanna.

Ég álít, að skemmtilegt sé fyrir marga og þægilegt að fá þessi sjónarmið fram á þessa lund. En ég álít, að leikurinn sé ójafn, og er sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. um, að leikurinn sé ójafn og að það ætti að stilla þannig til í þessu, að þau pólitísku sjónarmið, sem menn vita að blöðin aðhyllast og túlka, búi við jafnræði. Mér finnst það líka vera alveg í beinu samræmi við það, sem hæstv. menntmrh. hélt sjálfur fram varðandi það, út í hvaða ógöngur farið væri, ef farið væri að mismuna flokkunum í útvarpi frá Alþingi. En ráðh. vill miða þetta eingöngu við blöðin og segir, að þetta sé hugsað til þess að koma sjónarmiðum blaðanna fram. Við vitum, að blöðin flytja mál fyrir flokkana og í tengslum við þá, og þess vegna er ég sammála um, að þetta sé ekki æskilegur háttur.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins, að það kæmi hér fram, af því að ég á sæti í útvarpsráði, að um það hefur verið rætt allmörg undanfarin ár að taka þann sið upp að lesa stutta útdrætti úr forustugreinum dagblaðanna. Þetta tíðkast í flestum nálægum löndum og þykir sjálfsögð og eðlileg þjónusta við almenning, ekki síst þar í löndunum, sem fólkið nær ekki eins fljótt til blaðanna og fólkið gerir í borgunum og þó einkanlega hinum stærri borgum. Ég veit til þess, að í útvarpinu á Norðurlöndum og í Englandi er þetta gert og talið sjálfsagt, og það er yfirleitt getið um forustugreinar blaðanna og þá ekki farið eftir flokkum. Flokkarnir eiga misjafnlega sterka málsvara í blaðaheiminum, og ég veit ekki til þess, að það sé talið neitt brot á hlutleysi eða gengið á hlut nokkurs stjórnmálaflokks, þó að það sé misjafnt í hinum ýmsu löndum, hve flokkarnir eru öflugir að blaðakosti. Ég sagði, að það hefði verið minnzt á þetta í útvarpsráði nokkur undanfarin ár. Það var ekki komizt að niðurstöðu um þetta fyrr en nú í haust, þegar ákveðið var, að þessi háttur skyldi upp tekinn hér einnig, og það, sem ég held að hafi ráðið baggamuninn um það, að útvarpsráð ákvað nú að taka þennan sið upp, var það, að á s. l. ári var byrjað að segja þingfréttir frá Alþingi með öðrum hætti en áður hafði tíðkazt. Áður hafði tíðkazt að geta einungis um þskj., lesa upp úr þskj. og segja þurrt frá afgreiðslu mála. Hins vegar voru umr. á Alþingi ekki raktar nema í algerum undantekningartilfellum. En sem sagt, fyrir tæpum 2 árum var sá háttur tekinn upp að „referera" þingræður. Ég held, að við séum allir sammála um það, þm., að þetta hafi verið skynsamlegt og fært þingið og þess störf nær þjóðinni, gefið fólkinu betra tækifæri til þess að fylgjast með því, hvað er að gerast á fundum löggjafarsamkomunnar. Eftir hins vegar það, að farið var að segja slíkar fréttir af ræðum fulltrúa allra flokka á Alþingi, þótti enn þá rikari ástæða til þess að geta um það, sem gerðist í blöðunum og hinum pólitísku forustugreinum þeirra.

Ég tek undir það með hæstv. menntmrh., að ég hef ekki orðið var við annað en þetta mæti almennum vinsældum, þessi lestur úr forustugreinum dagblaðanna, og þá ekki síst úti um land. Eins og samgöngum er háttað hér á landi, líða oft vikur þannig, að blöðin komast ekki út í hin ýmsu byggðarlög, sérstaklega hin fjarlægustu, og fólkið veit þá lítið um það, hvað er efst á baugi í stjórnmálaumr. í höfuðborginni. Nú fær fólkið hins vegar tækifæri til þess á hverjum morgni að fylgjast með þessu, og þetta er ekki einungis frásögn af pólitískum deilum og umr., heldur er þetta hreinlega mjög aukin fréttaþjónusta, því að í forustugreinum dagblaðanna er ekki alltaf eintóm pólitík. Þar eru oft fréttir og hugleiðingar um ýmislegt, sem alls ekki snertir dægurbaráttuna á hverjum tíma. Ég held þess vegna, að hér hafi verið tekin upp merkileg nýjung, sem útvarpið eigi þakkir skildar fyrir og ég veit ekki annað en fólkið, ekki síst úti um land, meti og þakki.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta miklu við þær umr., sem farið hafa fram hér utan dagskrár. En ríkisútvarpið hefur nú í seinni tíð, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, tekið upp að eigin frumkvæði tvenns konar afskipti af stjórnmálum. Áður var það svo, að ég ætla, að stjórnmálaflokkarnir sóttu á um það að fá að koma á framfæri í útvarpinu ýmsu efni, aðallega ræðum fyrir kosningar og útvarpað frá Alþingi, og hefur það tíðkazt lengi. En ég hygg, að útvarpið hafi ekki áður að eigin frumkvæði hafið afskipti af pólitík eða stjórnmálum. Þessi tvenns konar afskipti, sem ríkisútvarpið þannig hefur tekið upp af stjórnmálum, eru í fyrsta lagi flutningur svokallaðra frétta af umr. á Alþingi og hins vegar lestur forustugreina dagblaðanna í Reykjavík, sem er nýmæli nú í vetur.

Ég tel, að með þessari nýbreytni og ekkert síður með því, sem fyrr hófst, þ. e. a. s. að segja frá umr. hér á Alþingi, hafi útvarpið tekið sér á herðar mikinn vanda, sem ákaflega erfitt sé að leysa. Það er ákaflega erfitt að eiga í stuttu máli á hlutlausan hátt að túlka margra klukkustunda umr. um stjórnmál, en þetta er í raun og veru það, sem ríkisútvarpið ætlar fréttamönnum sínum að gera, að túlka í örstuttu máli langar umr. um stjórnmál, sem fram fara á Alþingi. Ég hygg, að þetta útvarpsefni sé út af fyrir sig fremur vel séð meðal hlustenda, eins og hvers konar nýbreytni, hve lengi sem það verður. En hitt er það, að hlustendur, sem ekki eru hér í sölunum, þar sem umr. fara fram, hafa enga aðstöðu til þess að meta það, hvort sú frásögn eða sú túlkun á umr., sem kemur fram, sé við hæfi, og þm. hafa raunar líka litla aðstöðu til þess að meta það sjálfir. En ég vil nota tækifærið til þess að láta það í ljós, úr því að farið er að ræða þessi mál, að ég tel þennan fréttaflutning af umr. í þinginu, þessa túlkun, sem útvarpið hefur tekið að sér á ræðum þm., orka mjög tvímælis. Árangurinn orkar mjög tvímælis, og segi ég það ekki til lasts þeim mönnum, sem við það hafa fengizt, því að að minni hyggju er mjög erfitt að leysa þennan vanda.

Þá eru hin síðari afskipti útvarpsins af stjórnmálum, sem hér hafa aðallega verið gerð að umræðuefni, að láta lesa í morgunútvarpið útdrátt úr forustugreinum dagblaðanna í Reykjavík, sem í reyndinni virðist vera þannig, að mér hefur virzt, þegar ég hef hlýtt á þessa útdrætti, að það hafi verið meginefni greinanna, sem þarna hefur verið rakið, en annars hef ég ekki fylgzt svo stöðugt með því, að ég vilji um það dæma. En hinu hef ég löngu tekið eftir, og ýmsir hafa rætt það við mig, bæði hér í borginni og víðar um landið, að þeim þætti einkennilegt, að lesnar væru upp tvær forustugreinar frá einum flokknum, en ekki nema ein frá hinum, og menn hafa orðað það svo í min eyru, að þarna væri útvarpið að fá Sjálfstfl. tvöfaldan ræðutíma um stjórnmál. Ég hygg því, að hv. 1. þm. Norðurl. v. sé ekki einn um það að hafa tekið eftir þessu, ýmsir hafa haft orð á þessu við mig.

Hv. 2. þm. Vestf. gat þess áðan, að það mundi tíðkast erlendis að lesa forustugreinar úr blöðum. En ég vil leyfa mér að benda honum á það og öðrum hv. þm., að blaðaútgáfu víðast hvar erlendis er töluvert öðruvísi háttað en hér. Þar eru t. d. svokölluð óháð dagblöð, sem eru ekki í tengslum við flokkana, blöð, sem skrifa það sem kallað er óháð um stjórnmálin. Hér á landi eru slík blöð ekki til. Öll stjórnmálablöð eru á vegum flokkanna hér á landi. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að úti í hinum stóra heimi eru víða svokölluð óháð blöð, þ. e. a. s. blöð, sem eru ekki í tengslum við stjórnmálaflokkana.

Þetta vil ég nú leyfa mér að benda á. En annars vil ég segja það, að ef á að halda því áfram að lesa forustugreinar úr blöðum, sé ég satt að segja ekki, hvers vegna Reykjavíkurblöðin eiga að hafa einkarétt á því, að efni þeirra sé kynnt fyrir landslýðnum. Ég sé það ekki. Ég sé ekki annað en að ef á að fara að lesa úr blöðum, eigi alveg eins að lesa úr blöðum, sem gefin eru út á Akureyri eða í Neskaupstað eða Vestmannaeyjum eða Ísafirði o. s. frv., þó að þau séu ekki dagblöð. Það má vera, að hv. útvarpsráðsmönnum hafi ekki hugkvæmzt þetta, að blöðin úti á landsbyggðinni hefðu þarna einhvern rétt, og ef svo er, þá vil ég hér með leyfa mér að benda þeim á það.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er nú einkennilegur maður, hv. 1. þm. Austf. Hann kemur hér í ræðustólinn til þess að leiða rök að því, að auðvitað mundi ég verða hæstóánægður, ef Framsfl. gæfi út tvö blöð í Reykjavík og leiðararnir eða forustugreinar úr þeim væru lesnar upp á morgnana, en Sjálfstfl. gæfi ekki út nema eitt, og ég væri hæstánægður með þetta ástand, eins og það væri. Í minni ræðu lét ég í ljós, að ég mundi alls ekki sakna þess, þó að það hætti, og það væri hægt að byrja morguninn á miklu skemmtilegri hátt en þetta. Það var langt í frá, að ég væri eitthvað að lýsa ánægju minni yfir þessu fyrirkomulagi.

Hins vegar benti ég á viss atriði, sem þyrfti að hugleiða í þessu sambandi, og þ. á m. að mæla leiðarana, eins og ég sagði. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að það getur á margan hátt komið fram ranglæti í þessu, ekki aðeins að það sé lesið úr forustugreinum tveggja blaða, sem styðja sama flokk, því að það gætu verið þær aðstæður, að mjög stór stjórnmálaflokkur, sem hefði mikla útbreiðslu, — og í þessum tilfellum hafa þau blöð, sem hér er um að ræða, miklu meiri útbreiðslu en önnur blöð, — að það væri beinlínis hægt að ná sér niðri á sliku í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem ríkisútvarpið er og er einokað, með því að flokkur, sem hefði mikla útbreiðslu og næði miklu meira til fólks á þeim grundvelli, hefði ekki aðstöðu í okkar þjóðfélagi til þess að ná til fólksins í gegnum útvarp, ef hann vildi setja það upp og útvarpa, eins og menn hafa frjálsan aðgang til í öðrum löndum. Það þarf ekki annað, ef menn eiga bara

að miða við þetta til málamynda, en gefa út einhver blöð til þess að koma efni úr þeim í útvarp. Það liggur því hreint ekki fyrir, að það sé endilega réttlátt út af fyrir sig, að það séu lesnar jafnlangar klausur eða jafnlangan tíma úr blaði flokkanna hvers fyrir sig. Því fer fjarri, að það þurfi að vera, og það er sýnilegt, að þarna gæti komið fram stórkostleg mismunun, ef allt önnur flokkaskipting væri t. d. hér í landinu heldur en núna er. Menn geta sett upp þau dæmi í huganum sjálfir, mjög smáa flokka og gríðarstóran flokk og annað slíkt, og smár flokkur með mjög litla blaðaútbreiðslu, á kannske einn mann á þingi eða svo, en er þó þingflokkur og væri stjórnarflokkur eða hefði fylgi fyrir því í þessu ríkisútvarpi að ná miklu meiri útbreiðslu fyrir sína pólitík í gegnum slíkt einokunartæki heldur en hann á nokkurn annan hátt gæti gert. Málið er þess vegna ekki eins einfalt og menn hafa hér viljað vera láta, með því að það skipti öllu máli, að það séu jafnlangar lexíur, sem lesnar eru úr blöðunum.

En ég vil bara, að hv. 1. þm. Austf. skilji mál mitt, þegar ég tala hér, og ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég var alls ekki að lýsa yfir neinni sérstakri ánægju með þennan lestur úr forustugreinum dagblaðanna, og það gerði mér ekkert meiri ánægju með þennan lestur, þó að það væru lesnir leiðarar úr bæði Morgunblaðinu og Vísi. Ég sagði einmitt sem svo: Við erum á sitt hvorri skoðun, menntmrh. hefur gaman af að hlusta á þetta á morgnana og finnst þetta vera ágætt, en ég hef takmarkaða ánægju af því.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hallast helzt að því, að hæstv. dómsmrh. muni vera eini maðurinn, sem skildi það ekki, sem ég sagði áðan, og mér þykir leiðinlegt að þurfa að fara að endurtaka það. En hæstv. ráðh. sagði, að það væri ófyrirsynju, að hv. 1. þm. Norðurl. v. var að kvarta yfir því, þó að það væru lesnir leiðarar úr tveimur blöðum frá einum flokknum, en aðeins einu frá öðrum flokkum. Hann taldi það mjög óviðeigandi af hv. þm. að finna að þessu.

Það var erindið, sem hann átti hingað í ræðustólinn í fyrra skiptið, að lýsa því, að það væri ekki nema líkt framsóknarmönnum að vera að finna að svona smámunum.

Út af þessu benti ég hæstv. ráðh. á, að eftir því sem við þekkjum til, getum við svona hér um bil ímyndað okkur, hversu ánægður hann hefði verið með ástandið, ef það hefðu verið tvö dagblöð af hendi Framsfl. í Reykjavík, en eitt af hendi Sjálfstfl. og síðan lesið eftir sömu reglum og nú er gert. Menn geta ímyndað sér þetta.

Um þetta skal ég ekki fjölyrða, en ég ætla að bæta því við að gefnu tilefni, af því að ég veit, að það er rétt, að ef dæmið hefði staðið þannig, að Framsfl. hefði haft tvö dagblöð í Reykjavík, en Sjálfstfl. eitt, þá hefði ríkisútvarpið, eins og nú standa sakir, aldrei byrjað á því að láta lesa leiðarana úr blöðunum. Hin pólitíska hlutdrægni í þessu er svona mikil. Það hefði ekki verið byrjað á því að lesa upp úr leiðurum blaðanna við slíkar aðstæður. Mér dettur ekki í hug, að þeir, sem raunverulega ráða þessum málum, hefðu farið að láta lesa upp leiðara blaðanna, ef Framsfl. hefði haft tvö dagblöð hér og Sjálfstfl. eitt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Austf. er ákaflega fróðlegt að heyra, hvernig það er til komið, að farið er að lesa þessar greinar upp. Hverjir eru það innan útvarpsráðs, sem sérstaklega hafa beitt sér fyrir þessum greinalestri? Eru það sérstaklega sjálfstæðismenn, eða eru það sérstaklega fylgismenn annarra flokka? Ef mér er rétt frá skýrt, er það svo, að sjálfstæðismenn, e. t. v. af nokkurri eigingirni, voru lengi heldur tregir til þess að fallast á þennan upplestur. Það er vitað mál, að Sjálfstfl. hefur langmestan blaðakost í landinu og á því í heild langauðveldast með að koma sínu máli á framfæri við allan landslýð, ef útvarpinu er sleppt. Það má því skýra þá afstöðu, sem a. m. k. sumir fulltrúar flokksins hafa haft í þessu, og segja, að það hafi verið af þeirri eigingirni, að þeir voru lengi vel ekki sérstakir fylgismenn þess, hvað þá hvetjendur, að þessi háttur væri tekinn upp. Það er þess vegna algerlega rangt, þegar hv. 1. þm. Austf. gefur í skyn, að það sé fyrir sérstaka forustu eða framgöngu Sjálfstfl., að þetta var upp tekið. Ég get sagt það um mig, að það var ekki fyrr en eftir að búið var að ákveða þetta í útvarpsráði, að ég heyrði um það getið. Því fer þess vegna fjarri, að það sé að ráðum Sjálfstfl. eða fyrir nokkra hans misbeitingu innan útvarpsráðs, að þessi háttur hefur verið tekinn upp. Ég skora á hv. fulltrúa Framsfl. í útvarpsráði að skýra frá því, hvort hann hafi verið þessari ráðstöfun andvígur eða e. t. v. einn af helztu hvatamönnum þess, að þessi háttur var upp tekinn. Það dugir ekki fyrir Framsfl. eftir á, þegar í ljós kemur, að hans málflutningur sýnist gefast þeim mun verr sem fleiri heyra hann, að ætla að snúa við blaðinu og hverfa frá því, sem þeir hafa verið manna ákafastir hingað til að koma fram.

Hér er borinn saman flutningur frétta frá Alþingi og útvarp frá Alþingi. Það hefur verið ákveðið af útvarpsráði að skýra frá forustugreinum dagblaðanna. Það er umdeilanlegt, hvort þetta á nokkurt erindi í útvarpið. Ég er fyllilega því sammála. En ef það er tekið í útvarpið, þá verður auðvitað að skýra frá forustugreinunum eins og þær eru, alveg eins og þegar skýrt er frá umr. á Alþingi í daglegum fréttum nú. Þá er þess auðvitað ekki gætt né heldur hægt að gæta að mæla nákvæmlega út, hversu langt er sagt frá málflutningi hvers einstaks flokks. Það fer alveg eftir því, hversu langar ræður haldnar eru, hversu margir þm. taka til máls frá hverjum flokki. Það má deila um, hvort það sé rétt að hafa þennan daglega fréttaflutning frá þing-

inu í útvarpinu. Það hefur reynzt vinsælt, og yfirleitt hygg ég, að engir þm. hafi kvartað undan þessu nema framsóknarmenn. Við höfum orðið varir við það, að þeir hafa unað þessum fréttaflutningi illa og jafnvel fyrr haft orð á því hér í þingsölum, að hann kæmi illa við þá. En ef margir þm. tala, t. d. frá Framsfl., og þeir hafa yfirleitt ekki látið á sér standa um ræðumennsku á þingi að undanförnu, þá er það óhjákvæmilegt, að það verður að greina frá ræðum þeirra, sem tala, en ekki frá hinum, sem þegja, og þess vegna fá framsóknarmenn oft langan ræðutíma í þessum kvöldfréttum. Það kvartar enginn undan því nema þeir sjálfir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. viðurkenndi, að þessar greinar, sem lesnar eru úr blöðunum, væru pólitískar, enda er það á allra vitorði. Hann viðurkennir það. Og hann segir, að það geti skeð, að verði að fella þetta niður. Það getur vel verið. Ef hans flokkur er þannig á sig kominn, að hann vill ekki taka þátt í þessu, nema hann hafi tvöfaldan rétt á móti öðrum flokkum, þá verður auðvitað að fella þetta niður, því að þetta stangast á við reglur útvarpsins.

Mér þótti vænt um að heyra það, að sá eini, sem hér hefur talað í þessum umr. og á sæti í útvarpsráði, hv. 2. þm. Vestf., mótmælti ekki með einu orði þeirri skoðun, sem ég hef haldið fram, að með þessu væru reglur útvarpsins brotnar. Hann fór að tala um, hvað tíðkaðist í öðrum löndum, en það kemur okkur ekki við. Hér eru ákveðnar reglur um útvarpsrekstur, og þeim á að fylgja.

Og út af því, sem hæstv. forsrh. var að tala um, — hann var að bollaleggja um það, hverjir hefðu fundið þetta upp í útvarpsráði og átt mestan hlut að því, — þá sé ég ekki, að það skipti nokkru máli í þessu sambandi. Það, sem ég hef hér fundið að, er, að það væri ekki farið eftir reglum þeim, sem útvarpið á að starfa eftir, og á þessu þyrfti að verða breyting.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér hefur verið rætt nokkuð um starfsemi útvarpsins og hlutleysisreglur þess. Í þeim efnum hefur sérstaklega verið minnzt á þá starfsemi útvarpsins að lesa upp úr forustugreinum dagblaðanna á morgnana og um frásagnir af ræðuhöldum hér á Alþingi. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta, að ég álít, að þetta hvort tveggja sé nokkuð til bóta frá því, sem áður var. Það kann vel að vera, að Sjálfstfl. njóti nokkurra forréttinda í sambandi við upplestur úr leiðurum blaðanna á morgnana, þar sem hann á einn allra flokka tvö dagblöð, en það tel ég þó að skipti litlu máli. Ég álít, að það sé enginn vafi á því, að þessari starfsemi útvarpsins hafi yfirleitt verið vel tekið, einkum og sérstaklega af fólki úti á landi. Það er svipað að segja um frásagnir í fréttum af umr. hér á Alþingi. Þeim hefur yfirleitt verið vel tekið, því að þær fréttir, sem þannig koma, eru miklu aðgengilegri fyrir alla hlustendur heldur en sá fréttaflutningur, sem tíðkaðist héðan frá Alþingi áður. Hins vegar vil ég taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að þar er um mjög vandasamt verk að ræða, og ég leyni því ekki, að ég hef fundið það og það mjög áberandi, að þeir aðilar, sem rita hér fréttir af umr. á Alþingi, virðast hafa tamið sér það að segja alveg sérstaklega frá öllum þeim ræðum, sem hæstv. ráðh. flytja hér á Alþingi, og setja þá í sérstakan flokk, og eru mörg dæmi um það, að frásagnir héðan úr umr. af ræðum ráðh. eru margfalt lengri og ýtarlegri en útdráttur úr ræðum annarra þm. En í þessum efnum tel ég að útvarpið eða fréttamenn útvarpsins fari hiklaust út fyrir þann ramma, sem ætti að setja þeim í fréttaflutningi. En hvað um það, þá tel ég eigi að síður, að það form, sem er á fréttaflutningi með þessum hætti, sé svo miklum mun liflegra og betra en gamla formið, það eigi ekki að hverfa frá þessu, heldur eigi miklu frekar að reyna að lagfæra það, sem þarna kann að hafa farið úrskeiðis.

En það var í þessum efnum verið að ræða um hlutleysi útvarpsins. Mér er alveg ómögulegt að sitja hér hjá í sambandi við þessar umr., þannig að ég minnist þá ekki á það um leið og beini því til hæstv. menntmrh., yfirmanns útvarpsins, að útvarpið mætti kannske huga að sér öllu betur en það hefur gert í ýmsum öðrum tilfellum varðandi hlutleysisreglurnar.

Það mun vera 1. maí á morgun, hátíðisdagur verkalýðsins í landinu. Ég veit ekki annað betur en það sé þegar búið að neita verkalýðssamtökunum í landinu um það að fá aðgang að útvarpinu á þeim degi. Ég efast ekkert um það, að þeir menn gerast fáir í landinu, sem ekki viðurkenna, að slík ráðabreytni frá hálfu útvarpsins, þegar haft er í huga, hvað útvarpið gerir við önnur samtök og aðra aðila í landinu í þessum efnum, er hið herfilegasta hlutleysisbrot gagnvart þessum samtökum og margfalt á við það, sem hefur borið inn í þessar umr. nú í sambandi við aðfinnslur varðandi rekstur útvarpsins. Ég vil því nota þetta tækifæri alveg sérstaklega til þess að beina þeim tilmælum til hæstv. menntmrh., yfirmanns útvarpsins, að hann hlutist til um það, að þessi fjölmennustu almenningssamtök í landinu, Alþýðusamband Íslands, væru ekki leikin á þennan hátt eða brotnar á þeim hlutleysisreglur gagnvart öðrum fjöldasamtökum í landinu á þann hátt, sem hefur verið hér um skeið og mun eiga að eiga sér stað nú á nýjan leik.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að hlutleysisreglur útvarpsins eru þverbrotnar í ýmsum greinum. Það þarf ekki annað en telja saman þá fulltrúa stjórnmálaflokkanna í landinu, jafnvel þm., sem ræðað er upp í þáttinn „um daginn og veginn“ nú orðið, þó að menn frá vissum stjórnmálasamtökum megi þar aldrei koma fram. Það fer vitanlega ekkert á milli mála, hvernig þessar hlutleysisreglur út-

varpsins eru brotnar og það í miklu ríkari mæli en í þeim tveimur tilfellum, sem hér hefur einkum verið rætt um.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hefði ekki blandað mér í þessar umr., ef það hefði ekki verið af tilefni frá hæstv. forsrh. Mér skildist hæstv. forsrh. gefa í skyn, að það hefði verið að frumkvæði fulltrúa Framsfl. í útvarpsráði, að sá háttur hefur verið tekinn upp að segja frá forustugreinum dagblaðanna. Mér finnst í tilefni af þessu, vegna þess að ég er þessi fulltrúi, rétt að láta það koma fram, að þetta hefur ekki verið gert að mínu frumkvæði. Ég hygg, að það sé rétt frá sagt, að það hafi verið þannig ástatt í útvarpsráði í þessum málum á undanförnum árum, að þeir, sem þar voru fulltrúar fyrir Alþfl. og Alþb., hafi heldur sótt á um það, að þessi háttur yrði upp tekinn, en það er hins vegar rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að það hefur verið tregða í þessum efnum hjá fulltrúum Sjálfstfl. og hvað það snertir hef ég haft samstöðu með þeim um það á undanförnum árum. En á s. l. hausti var sótt enn þá meira á um þetta af hálfu þeirra aðila, sem hafa verið þessu fylgjandi, og mér virtist, að þá væri afstaða sjálfstæðismanna eða a. m. k. annars fulltrúa flokksins nokkuð breytt í þessum efnum, svo að ég taldi, þegar svo var komið, að það væri rétt að ljá kost á því að vera með því, að þessi háttur yrði tekinn upp í tilraunaskyni, að útvarpið segði frá forustugreinum dagblaðanna. Og mér skildist þá og skilst enn, að þessi þáttur hafi verið upp tekinn af hálfu útvarpsráðs fyrst og fremst í tilraunaskyni, til þess að vita, hvernig þessu væri tekið af almenningi og hvort það væri hægt að framkvæma hann í því formi, því að þetta er að sjálfsögðu nokkuð vandasamt, að menn teldu það ekki stríða gegn þeim reglum, sem útvarpinu er ætlað að vinna eftir. Ég hygg, að það megi segja, eða a. m. k. álit mitt er það, að í því formi, sem þetta hefur verið lagt í hendur fréttastofunnar að vinna úr forustugreinum dagblaðanna, hafi það tekizt mjög sæmilega, og ef á að binda þetta við það að miða við dagblöðin, eins og er ætlað með þessum hætti, þá sé erfitt að framkvæma það með öðrum hætti en gert hefur verið.

Hitt er svo dálitið annað mál, sem hefur komið fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hreyfði þessu máli, að hér væri rétt að gæta jafnvægis á milli flokka. En það hygg ég, að verði ekki hægt í því formi að miða þetta við forustugreinar dagblaðanna sérstaklega, heldur yrði þá að taka það upp með öðrum hætti og hafa annan þátt, þar sem hver flokkur hefði ákveðinn tíma til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. En það er að vísu dálitið annað mál en það, sem hér hefur verið sérstaklega rætt um, að binda þetta við forustugreinar dagblaðanna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta atriði að sinni. Ég vil aðeins láta þá skoðun koma fram, fyrst ég er hingað kominn, að ég mundi telja það rétt, að ef þeim hætti verður fylgt áfram að segja frá forustugreinum dagblaðanna, þá yrði það einnig tekið upp að segja frá forustugreinum þeirra vikublaða, sem gefin eru út utan Reykjavíkur. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að t. d. í enska útvarpinu er það ekki aðeins venja að segja frá forustugreinum dagblaðanna, heldur er líka sagt þar frá forustugreinum vikublaðanna, a. m. k. þeirra helztu, sem þar eru gefin út, og ég held, að ef þessu yrði haldið áfram, að segja frá efni forustugreinanna, mætti t. d. vel koma því fyrir að segja frá forustugreinum blaðanna úti á landi á mánudögum, því að það rúm er autt nú.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki talað langt mál um þessi efni og mun ekki gera. Það var út af því, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan. Í fyrsta lagi hef ég ekki óskað eftir því, að hætt væri að lesa leiðarana í útvarpið, þó að þessi áhalli sé á lestrinum. Ég hef ekki óskað eftir því og óska ekki eftir því og hef ekkert sagt hér, sem gefur tilefni til að álíta það. Í öðru lagi hef ég ekkert gefið í skyn, að Sjálfstfl. muni hafa beitt sér fyrir þessum leiðaralestri í útvarpið. Um það hef ég ekki hugmynd og hef ekki haft og hef ekkert sagt í þá átt.

Tvennt hef ég sagt. Fyrst, að dómsmrh. hefði ekki verið svona ánægður með lestur leiðaranna, ef Framsfl. hefði haft tvö dagblöð, en Sjálfstfl. eitt. Læt ég menn um að gizka á, hvort það muni vera nokkrar ýkjur. Ég læt menn alveg um það sjálfa. Hitt, sem ég hef sagt, var það, og þess vegna stökk hæstv. forsrh. á fætur, að það væri mín skoðun, að lestur leiðaranna mundi ekki hafa verið samþykktur, ef Framsfl. hefði haft tvö blöð, en Sjálfstfl. eitt. Og nú vill svo vel til, að hæstv. forsrh. staðfesti, að svo miklu leyti sem þessa hluti er hægt að sanna, að hér er ekki um neinar getsakir að ræða, því að hann sagði, að Sjálfstfl. hefði verið dálítið tregur til þess að samþykkja, að leiðararnir yrðu lesnir í útvarpið, jafnvel þótt Sjálfstfl. hefði tvö blöð, en hinir flokkarnir aðeins eitt blað hver. Ef Sjálfstfl. hefur verið tregur til að samþykkja, að þetta yrði gert, þrátt fyrir það að hann hefur þessa yfirburði í lestrinum, að láta lesa úr tveimur blöðum, í staðinn fyrir að hinir hafa eitt, hver halda menn þá að hefði verið afstaða flokksins, ef Framsfl. hefði haft tvö blöð, en Sjálfstfl. eitt?

Ætli það séu nokkrar ýkjur, sem ég sagði, að það eru ekki minnstu líkur til, að þetta hefði verið samþykkt við slíkar aðstæður, — ekki minnstu líkur til þess? Þess vegna er alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðh. að vera að finna að því, að hér á hv. Alþingi er bent á þetta ójafnrétti, sem þarna á sér stað.

En ég hef aldrei verið neitt órólegur út af þessu máli og er ekki og vil láta halda þessu áfram, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að

ég treysti því, að menn séu fyrir löngu orðnir leiðir á þessum langlokum, sem lesnar eru úr blöðum Sjálfstfl., áður en þeim er lokið hverju sinni, og ég hef að því leyti dálitið svipaða afstöðu og hæstv. forsrh. Ég er alveg rólegur, og það er af þessum ástæðum.

VI. Kaupsamningar bæjarstarfsmanna í Vestmannaeyjum.

Á 10. fundi í Nd., 2. nóv., utan dagskrár, mælti

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Vegna fullyrðinga í einu dagblaðinu í gær, sé ég mig til þess knúinn að koma fram með yfirlýsingu hér á hv. Alþingi.

Á öftustu síðu dagblaðsins Tímans þennan dag er grein með fyrirsögninni: „Sumum bjargað, aðrir heftir.“ Er í grein þessari fullyrt án fyrirvara, að ég hafi notað mér vitneskju mína um það ákvæði launafrv., að stöðvunin gilti frá því að frv. var lagt fram, og gert meðfulltrúum mínum í bæjarstjórn Vestmannaeyja aðvart um þetta, svo að þeir gætu bjargað kauphækkun starfsmanna þessa bæjarfélags í gegn fyrir stöðvunina, eins og blaðið orðar það.

Ég vil að gefnu þessu tilefni gefa þá yfirlýsingu hér á hv. Alþ., að þessi fullyrðing Tímans er í alla staði ósönn, alröng og að fyrir henni er ekki hinn minnsti fótur. Ég hef á engu stigi samningagerða í Vestmannaeyjum reynt að hafa áhrif á gang þeirra, hvorki til þess að flýta þeim né seinka.

Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef um þetta mál heiman úr héraði, hófust viðræður um kaup og kjör starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar milli starfsmannafélagsins og samninganefndar bæjarstjórnar hinn 18. okt s. l. Á miðvikudag var þeim það langt komið, að samninganefndin hafði fallizt á tölu launaflokka og launaupphæð hvers flokks um sig, en eftir var að semja um niðurröðun starfsmanna í launaflokka. Var ákveðið að bíða með það, þar til borizt hefðu ábendingar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um flokkun einstakra starfsmanna og starfshópa í launaflokka. Þessi ábending barst í pósti til Vestmannaeyja á fimmtudagsmorgun, og var þá um kvöldið endanlega frá þessum málum gengið af hendi samninganefndanna, eftir að þær höfðu fengið vitneskju um launafrv. í gegnum útvarpið og eftir að n. höfðu fengið sjálft frv. í hendur. Í gærkvöld var hins vegar hvorki bæjarráð né bæjarstjórn farið að fjalla um málið.

En í þessu sambandi þykir mér rétt, að það komi hér fram, að starfsmannafélag Vestmannaeyja var vissulega aðvarað, eins og Tíminn orðar það, en ekki af mér, heldur af formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem á miðvikudagskvöld ráðlagði starfsmannafélaginu í Eyjum í símtali að flýta samningum eins og unnt væri.

Ég vil einnig taka fram, að ef ummæli hv. 5. þm. Austf. (LJós) og ummæli hv. 5. þm. Vestf. (HV) í ræðum þeirra hér í gærkvöld um, að einstakir þm. úr stjórnarliðinu, sem jafnframt eru sveitarstjórnarmenn, hafi misnotað aðstöðu sína og aðvarað sína menn heima í héraði um ákvæði launafrv., áður en það var lagt fram á Alþ., ef þetta á við mig, þá nær yfirlýsing mín einnig til þessara ummæla og ber að skoða þau sem dauð og ómerk jafnt og fyrrgreind ummæli Tímans í gær.

Ég held, að það verði ljóst af þessu, að ég var ekki með réttu borinn þeim sökum, sem fram hafa komið í umræddri grein í Tímanum í gærdag, né ummælum fyrrgreindra hv. þm., ef þau hafa átt við mig.

VII. Fiskverð.

Á 45. fundi í Nd., 27. jan., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur komið upp mikil óánægja í hópi bátasjómanna og bátaútvegsmanna út af ákvörðun þeirri á fiskverði á komandi vertíð, sem gerð hefur verið. Þessi óánægja hefur nú leitt til þess, að bátasjómenn og útgerðarmenn í fjölmörgum verstöðvum hafa sent frá sér mótmæli út af ákvörðun fiskverðsins, og ekki einasta það, heldur er nú svo komið, að á mörgum stöðum hafa sjómennirnir gripið til þess að segja upp störfum sínum á fiskibátunum og beinlínis farið að ráða sig til annarra starfa. Það sama er að segja frá hálfu útgerðarmanna. Þeir hafa líka í ýmsum tilfellum tilkynnt skipverjum sínum, að þeir muni beinlínis ekki halda bátum sínum úti miðað við þetta fiskverð, svo að það er alveg augljóst mál, að hér stefnir út í mjög alvarleg efni, ef þessu á að halda áfram. Ég tel því, að það geti skipt miklu máli um það, hvernig fer með þessi mál, hvað hæstv. ríkisstj. lætur frá sér heyra einmitt nú þegar varðandi málið, og ég vildi því mega beina því til ríkisstj. nú, hvort hún treysti sér ekki til þess að gefa um það yfirlýsingar nú hér á Alþingi, að þetta mikla vandamál, sem þarna hefur komið upp, verði tekið til úrlausnar samhliða því frv., sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi varðandi önnur vandamál sjávarútvegsins. Ef skýr og ótvíræð yfirlýsing kæmi frá ríkisstj. í þessa átt, að þetta mál verði tekið til úrlausnar af hálfu ríkisstj. samhliða því frv., sem hér liggur nú fyrir til afgreiðslu, þá mætti það hafa nokkur áhrif á það, hvað gerist í þessum málum. Annars held ég, að svo geti farið, ef dráttur verði verulegur á því að takast á við þetta vandamál,

að þá geti orðið erfitt að kippa því í lag, þannig að tjón hljótist ekki verulega af í sambandi við framleiðslustörfin. Ég vildi því mega beina þeim tilmælum til hæstv. ríkisstj., hvort hún treysti sér ekki til að gefa hér yfirlýsingu um það, að þetta vandamál verði nú tekið til meðferðar hér á Alþingi samhliða afgreiðslu þess frv., sem hún hefur lagt fram um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er að vísu venja, að ríkisstj. sé látin vita, ef beina á til hennar meiri háttar fsp. og aths. utan dagskrár. Svo hefur ekki verið gert í þetta skipti, en segja má, að það skipti ekki máli, því að allt þetta efni er að sjálfsögðu til athugunar, bæði sjálfstætt og í sambandi við það frv., sem fyrir liggur. Og ég tel það víst, að það muni koma til nokkurrar ákvörðunar, eins og ég segi, í sambandi við frv., enda hefur ríkisstj. látið fara fram athuganir á málinu og athugað það sjálf með sínum ráðunautum undanfarna daga.

VIII. Framkvæmd sektardóms.

Á 53. fundi í Nd., 10. febr., utan dagskrár, mælti

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég geri lítið að því að biðja um orðið utan dagskrár. Því miður er ekki nema lítið af ráðherrunum mætt nú, en ég vona, að þeir, sem við eru, segi hinum.

Það er þannig mál með vexti, að við hittumst oft hjá L.Í.Ú. útvegsmennirnir, segjum þar hver öðrum smáskrýtlur og fréttir, tölum um banka o. fl. Svo bar við í morgun, að ég kom þar, og þá var mér sagt, að Sturlaugur Böðvarsson ætti að mæta hjá fógeta á Akranesi kl. 1 í dag og ætti að fara með hann í tugthúsið. Ég fór að spyrjast ýtarlega fyrir um þetta, og upplýsingarnar, sem ég fékk bæði hjá Sturlaugi og þeim hjá Landssambandinu, eru þannig, að fyrir u. þ. b. 3 árum flutti Haraldur Böðvarsson & Co. út ca. 20 tonn af frystri síld til Vestur-Þýzkalands með togaranum Víkingi frá Akranesi. Útflutningsleyfi var fyrir hendi vegna sölunnar, en láðst hafði að fá matsvottorð hjá Fiskmati ríkisins fyrir útflutningi á síldinni. Þegar botnvörpungurinn Víkingur kom til Reykjavíkur, áður en hann lagði af stað til Þýzkalands, lét Fiskmat ríkisins kyrrsetja skipið. Ráðuneytisstjóri viðskmrn. þá, Jónas Haralz, krafðist þess af eiganda síldarinnar, að síldinni yrði kastað í sjóinn á leið skipsins til Þýzkalands, eða hún yrði sett í bræðslu. Sturlaugur H. Böðvarsson framkvæmdastjóri lofaði, að svo skyldi gert, og bað hann umboðsmann sinn í Þýzkalandi að sjá um það. Þegar síldin kom til Þýzkalands, lét umboðsmaður H. B. & Co. selja síldina á opnum markaði, og seldist hún fyrir u. þ. b. 140 þús. kr. eða kr. 7.00 hvert kg. Fyrir hendi er vottorð frá öllum kaupendum síldarinnar, 15 að tölu, um, að hér hafi verið um fyrsta flokks síld að ræða. Sturlaugur H. Böðvarsson framkvæmdastjóri var síðan dæmdur í 14 þús. kr. sekt fyrir þessa framkvæmd og komi 34 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd.

Fiskmatsstjóri ríkisins er Bergsteinn Bergsteinsson. Það skal tekið fram, að fiskur, sem fluttur er út með togara, er yfirleitt ekki metinn, hann er metinn ytra. Vafalaust er það rétt, að þetta kemur á bága við einhverjar reglur hér á landi, að mat fór ekki fram á síldinni, en hitt gegnir algerri furðu, ef á að fara að taka útgerðarmenn og setja þá í tugthúsið fyrir að henda ekki verðmætum í sjó. Nú er það nokkuð tryggt, að sérfræðingar ytra hafa vit á gæðum síldar ekki síður en Bergsteinn Bergsteinsson eða Jónas Haralz. Það, sem maðurinn er dæmdur fyrir, er því þetta, að hann selur síldina í Þýzkalandi í stað þess að henda henni í sjóinn eða setja hana í bræðslu. Og það eru mestar líkur til eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að þeir feðgar hafi alls ekki vitað um þetta, að umboðsmaðurinn hafi tekið þetta í sínar hendur, sem sagt fengið vottorð um, að síldin væri í góðu lagi, og selt hana í stað þess að setja hana í bræðslu, þannig að þeir hafi ekki getað að þessu gert. Vitanlega voru þessar 14 þús. ekki stórfé fyrir Sturlaug Böðvarsson, en það, sem hann er að mótmæla, er ranglætið. Hvers konar réttlæti er í þessu landi, ef athafnamenn landsins eru teknir og settir í tugthús fyrir að reyna að koma í verð afurðum landsmanna?

Kl. 1 átti Sturlaugur að mæta, og er sennilega verið með hann á leiðinni í tugthúsið nú. Þetta er alveg furðulegt í landi, þar sem útgerðarmenn verða að knékrjúpa bankastjórunum og eru svo að segja reknir á dyr daglega af einhverjum dátum, sem þeir hafa til að neita og neita í landi, þar sem bankaútibúin þjóta upp og þar sem mönnum virðist bara verið að stofna bankaútibú til að reyna að ná í sparifé almennings, en ekki til að lána það út og sízt af öllu þeim, sem þurfa þess.

Það er margt öfugt og vitlaust í okkar landi, en þetta held ég taki út yfir, að fara að taka einhverja mestu athafnamenn landsins og setja þá í tugthúsið fyrir að henda ekki verðmætum í sjóinn. Ég hygg, að ef einhver ætti að fara í tugthúsið, þá væri það heldur þessi Bergsteinn Bergsteinsson og jafnvel skaðlaust, að Jónas Haralz væri þar með honum til skemmtunar í nokkra daga. En satt að segja höfum við engin efni á því, að athafnamenn landsins séu teknir og settir í tugthús fyrir að henda ekki verðmætum í sjóinn. Þetta er algerlega furðulegur hlutur. Það má öllu ofbjóða, og ég tel óvíst, að tugthúshurðirnar í þessu landi haldi, ef á að fara að framkvæma svona hluti, ef á að halda manninum inni í 34 daga fyrir slíka hluti. Hann borgar sínum beitingarmönn-

um 850 kr. á dag, sagði hann mér í morgun, — ég átti tal við hann sjálfan, hann var rétt ófarinn í tugthúsið, — 850 kr. á dag fyrir að beita. Sjálfur á hann að fá fyrir það að dúsa í tugthúsinu rúmar 400 kr. á dag.

Það getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. segi, að sér komi þetta ekkert við, þetta sé dómsmál, en hún hlutaðist a. m. k. til um það, að öllum tugthúslimum var hleypt út, þegar verið var að vesenast með Skálholtskirkju í sumar, og byrjuðu þeir víst flestir að stela, eftir að þeir komu út. Ég hygg, að ríkisstj. hefði getað svæft þetta og getur vafalaust enn, ef hún vill. Ég held satt að segja, að það sé nóg vitleysa, sem gerist í þessu þjóðfélagi okkar, þó að ekki sé verið að halda Sturlaugi Böðvarssyni í 34 daga, eða hvað það verður nú lengi, í tugthúsinu fyrir að gera ekki verðmæti ónýt, sem búið er að afla.

Ég hef sjaldan eða aldrei beðið mér hljóðs utan dagskrár, en þetta er svo furðulegt mál, að mér var ómögulegt að láta því óhreyft.

IX. Umbúðaverksmiðja hraðfrystihúsanna.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á atriði, sem ég hef orðið var við og er víst rétt að hún athugi, án þess að ég ætlist endilega til þess, að hún svari því sem fsp. nú.

Fyrir nokkru vorum við að samþykkja hér á Alþingi að veita ég held 43 millj. kr. af almannafé til hraðfrystihúsanna í landinu. Nú las ég það í Morgunblaðinu í morgun og hafði raunar séð þess getið líka í Þjóðviljanum í gær, að hraðfrystihúsin eða ýmsir eigendur þeirra væru nú að athuga að koma hér upp nýrri kassagerð. Það er kunnugt, að sú kassagerð, sem hér er fyrir og framleitt hefur umbúðir bæði fyrir hraðfrystihúsin o. fl., er með fullkomnustu fyrirtækjum, sem hér eru starfandi í iðnaðinum. Það er enn fremur vitanlegt, að Ísland hefur ekki þörf fyrir nema eina kassagerð, þannig að frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það hrein vitleysa að fara að byggja aðra til. Þegar okkar íslenzku kapítalistar geta ekki komið sér saman um það, hvernig verðleggja skuli umbúðir utan um fiskinn eða annað slíkt, er raunverulega frá þjóðhagslegu sjónarmiði aðeins eitt af tvennu að gera, annaðhvort að setja slíkt eftirlit og yfirstjórn með framleiðslu slíkrar kassagerðar, að örugt sé, að t. d. hraðfrystihúseigendum finnist þeir ekki á neinn hátt hlunnfarnir, eða hins vegar, að ríkið kaupi slíka kassagerð, reki hana, jafnvel mundi kannske núv. forstjóri fást til þess að vera sjálfur forstjóri og setja eitthvað af mönnum hraðfrystihúsanna í stjórnina, svo að þeir geti litið eftir þessu. Við höfum engin efni á því, Íslendingar, og sízt af öllu ríkið að veita tugi millj. kr. til hraðfrystihúsanna ár eftir ár upp á það, að síðan sé farið að kasta út peningum af þessum aðilum til þess að tvöfalda að einhverju leyti með nýrri fjárfestingu þau fyrirtæki, sem við höfum fyrir í landinu, og láta kannske bæði ganga með halla og allt verði miklu dýrara en ella fyrir alþýðu manna og koma síðan aftur til Alþingis og heimta meira fé. Ég býst við, að það sjái allir aðilar, að svona hlutir geta ekki gengið. Stjórnleysið í þessu atvinnulífi verður okkur allt of dýrt.

Ég vil eindregið mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál til mjög alvarlegrar athugunar, áður en nokkuð meira gerist í þessu, og láti þá heldur koma til kasta Alþingis, áður en svona vitlaus fjárfesting verður framkvæmd í íslenzku atvinnulífi. Sú fjárfesting, sem þegar er gerð, er nægilega vitlaus hjá okkur, til þess að það sé ekki á það bætandi.

X. Íslenzkt sjónvarp.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, utan dagskrár, mælti

Helgi Bergs: Herra forseti. Þann 12. febr. s. l. gaf hæstv. menntmrh. ýtarlega skýrslu hér í hv. Alþingi um undirbúning íslenzks sjónvarps í tilefni af fsp., sem hv. 5. þm. Reykn. hafði borið fram. Niðurstaða ráðh. í þessari skýrslu var sú, að stofnun íslenzks sjónvarps, sem fljótlega næði til alls landsins, væri fullkomlega viðráðanleg fjárhagslega, og hann lýsti þeirri skoðun sinni, að það mætti ekki dragast lengur að taka ákvörðun um, að efnt skyldi til íslenzks sjónvarps. Mér og mörgum fleirum var þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. mikið ánægjuefni, ekki sízt vegna þess, að síðan sjónvarpsstöðin á Keflavíkurflugvelli var stækkuð, hafa margir og þ. á m. ég talið nauðsyn íslenzks sjónvarps enn þá ríkari. Síðan hef ég átt von á því, að hæstv. ríkisstj. leitaði heimildar Alþingis til aðgerða í málinu, en nú líður óðum að þinglokum, og ekki hefur neitt komið fram frá hæstv. ríkisstj. í þá átt, og það eru mér vonbrigði.

Fyrir nokkru settu 60 forustumenn á sviði íslenzkra menningarmála fram kröfuna um það, að sendingar bandarísku sjónvarpsins yrðu takmarkaðar við flugvallarsvæðið, og sú krafa hefur verið flutt inn á Alþingi með þáltill., sem liggur fyrir. Ég nefni þetta aðeins vegna þess, að ég vil, að það komi skýrt fram, að ég hef ekki kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár til þess að taka undir þá kröfu. Ég læt það al-

gerlega liggja á milli hluta, m. a. vegna þess, að það er ekki ætlun mín að stofna hér til umr. utan dagskrár um mál, sem liggur fyrir þinginu. Hins vegar er mér það mikið áhugamál, að það menningarlíf, sem þessir 60 menn eru svo ágætir fulltrúar fyrir, hafi ekki lakari skilyrði til þess að ná til íslenzkra heimila en það menningarumhverfi, sem Bandaríkjasjónvarpið flytur þeim. Þess vegna vil ég beina þeim spurningum til hæstv. menntmrh., í fyrsta lagi, hvort Alþingi geti enn átt von á því, að ríkisstj. leggi fram á þessu þingi till. um íslenzkt sjónvarp, og í öðru lagi, hvort eitthvað hafi komið fram við frekari athugun málsins og undirbúning, síðan ráðh. gaf skýrslu sína í febrúar, sem hafi breytt afstöðu hans í málinu eða tafið aðgerðir í því.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hinn 22. nóv. s. l. fól menntmrn. útvarpsráði og útvarpsstjóra að gera till. um, með hverjum hætti verði sem fyrst efnt til íslenzks sjónvarps á vegum ríkisútvarpsins. Óskaði rn. eftir nákvæmum áætlunum um stofnkostnað sjónvarpsstöðva og kostnaði hvers áfanga í dreifikerfi. Enn fremur óskaði rn. tillagna um starfrækslu slíkrar sjónvarpsstöðvar, daglegan senditíma fyrstu starfsárin og skipulag dagskrárstjórnar. Var þess sérstaklega óskað, að athuguð yrðu skilyrði til hagnýtingar sjónvarps í þágu skóla. Jafnframt var þess beiðzt, að gerð yrði áætlun um árlegan rekstrarkostnað sjónvarpsins. Og að síðustu var óskað till. um fjáröflun til greiðslu stofnkostnaðar og árlegs rekstrarkostnaðar.

Í útvarpsráði áttu þá sæti þessir menn: Benedikt Gröndal, Sigurður Bjarnason, Þorvaldur G. Kristjánsson, Þórarinn Þórarinsson og Björn Th. Björnsson. Þegar nýtt útvarpsráð var kosið á þessu þingi, voru allir þessir menn endurkjörnir nema Björn Th. Björnsson, en í stað hans kom Þorsteinn Hannesson. Óskaði rn. þess þá, að Björn Th. Björnsson héldi áfram aðild sinni að athugun á málinu, jafnframt því sem Þorsteinn Hannesson bættist í hópinn. Þessir menn ásamt Vilhjálmi Þ. Gíslasyni útvarpsstjóra unnu síðan áfram að málinu og skiluðu rn. ýtarlegri skýrslu hinn 25. marz s. l. Varðandi tæknileg atriði veitti Landssími Íslands mikilvæga aðstoð, sérstaklega Gunnlaugur Briem póst- og símamálastjóri, Sigurður Þorkelsson forstjóri og Sæmundur Óskarsson deildarverkfræðingur. Athuguð var og skýrsla um sjónvarp á Íslandi, sem Stefán Bjarnason verkfræðingur hafði gert vorið 1963, og ræddi n. við hann. Þá athugaði n. gaumgæfilega ýmsar upplýsingar, sem ríkisútvarpið hefur aflað undanfarin ár, fyrst og fremst skýrslu frá Georg Hansen yfirverkfræðingi. Nýrra upplýsinga aflaði n. frá fjölmörgum aðilum erlendis, sérstaklega útvarpsstjórum Norðurlanda og fyrirtækjum í Bretlandi, Bandaríkjunum og fleiri löndum.

Þessi skýrsla hefur undanfarnar vikur verið til athugunar í ríkisstj. Efni hennar hefur ekki verið gert opinbert fram að þessu, enda hefur ríkisstj. ekki tekið fullnaðarákvarðanir í málinu, svo sem ekki hefur verið við að búast með hliðsjón af því, hve stuttur tími er liðinn, síðan ríkisstj. fékk í hendur niðurstöður þeirra ýtarlegu athugana og viðtæku rannsókna, sem sjónvarpsnefndin annaðist. Þar eð liðið er nærri þinglokum, þykir mér þó rétt að skýra hinu háa Alþingi frá meginniðurstöðum og till. sjónvarpsnefndarinnar, en hún var á einu máli um niðurstöður sínar og till.

Nauðsynleg fjárfesting vegna stofnunar íslenzks sjónvarps er þrenns konar: Í fyrsta lagi húsbyggingar, í öðru lagi tæki til að afla sjónvarpsefnis, undirbúa það og flytja og í þriðja lagi sendistöðvar til að sjónvarpa um landið. Talið er, að byggja þurfi sérstakt 4000 rúmmetra hús fyrir sjónvarpsstarfsemina. Er það talið mundu kosta um 10 millj. kr. Nauðsynleg dagskrártæki, sem kaupa yrði þegar í upphafi, mundu kosta aðrar 10 millj. kr. Er þó talið rétt að byrja með aðeins einum sjónvarpssal af lítilli gerð ásamt þularstofu, um 200 fermetrum. Eitt mikilsverðasta atriðið í dagskrárundirbúningi íslenzks sjónvarps yrði að gera texta við erlendar fréttamyndir, fræðslumyndir og annað kvikmyndaefni, svo og að setja texta við íslenzkar kvikmyndir. Er gert ráð fyrir góðum útbúnaði til þeirra verka. Gert er og ráð fyrir, að íslenzkt sjónvarp ráði þegar einn kvikmyndatökumann til að taka fréttamyndir innanlands og hafa samband við aðra kvikmyndatökumenn. Gert er ráð fyrir því, að sjónvarpið fái aðstöðu til fullkominnar kvikmyndagerðar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir kaupum þegar í upphafi á myndsegulbandi, enda er þar um mjög dýr tæki að ræða. Ekki er heldur gert ráð fyrir því að kaupa þegar í upphafi tæki til að sjónvarpa viðburðum utan sjónvarpshúss. Á þriðja starfsári sjónvarpsins er þó gert ráð fyrir kaupum á slíkum tækjum.

Sjónvarpsbylgjur eru að því leyti eins og ljósbylgjur, að þær stefna beint og þurfa að hafa tálmunarlitla loftlínu frá sendi- til móttökutækis. Af þessum sökum er sjónvarp um fjallaland erfitt. Til þess að koma myndinni áleiðis, verður því að nota endurvarpsstöðvar. Sjónvarpið hefur marga sömu eiginleika og þráðlaust símasamband. Hefur því verið talið sjálfsagt að hagnýta þá reynslu, sem Landssími Íslands hefur öðlazt á undanförnum árum, og hafa áætlanir um dreifingu sjónvarps um landið þess vegna verið gerðar af verkfræðingum landssímans. Í þessum áætlunum er gert ráð fyrir því, að dagskrá sjónvarpsins verði flutt í Reykjavík eða næsta nágrenni, en aðalsendistöð reist á Skálafelli, þar sem þegar er miðstöð þráðlausa símakerfisins. Er þar gert ráð fyrir 5000 watta sendistöð, en hún mundi ná um Suðurnes, mestallt Suðurlandsundirlendi, Borgarfjörð og sunnanvert Snæfellsnes og jafnframt til endurvarpsstöðva í Stykkishólmi, Húnaþingi, Skagafirði og Eyjafirði. Þessi eina stöð á Skálafelli mundi væntanlega ná til meira en 60% þjóðarinnar. Þá er gert ráð fyrir lítilli móttökustöð að Björgum í Hörgárdal og mundi hún endurvarpa yfir

Eyjafjörð upp á Vaðlaheiði, þar sem reisa þyrfti 5000 watta stöð. Hún mundi ná yfir alla byggð Eyjafjarðar, til Siglufjarðar, þar sem reisa yrði litla endurvarpsstöð, 100 wött, til Narfastaðafells í Suður-Þingeyjarsýslu og til Fjarðarheiðar, þar sem reisa yrði aðalstöð fyrir norðanvert Austurland, 5000 wött. Frá stöðinni á Fjarðarheiði yrði síðan ýmist endurvarps- eða sjónvarpslína til byggða á Austfjörðum, en endurvarpsstöðvar yrðu á Norðausturlandi. Endurvarpsstöð við Blönduós mundi taka við dagskrá beint frá Skálafelli og endurvarpa til stöðvar á Tunguhálsi í Skagafirði, svo og til Skagastrandar, en þaðan yrði þá endurvarpað til Stranda. 5000 watta stöð í Stykkishólmi mundi ná til alls Breiðafjarðarsvæðisins með endurvarpsstöð á Sandi, en auk þess gæti hún varpað dagskránni áfram til Vestfjarða. Slík stöð mundi ná til stöðva á Patreksfirði, Hrafnseyri fyrir Bíldudal og Þingeyri beint, svo og til endurvarpsstöðvar á Melgraseyri, sem þá mundi varpa til stöðvar á Arnarnesi og gæti sjónvarpið þannig náð til byggða við Djúp, þ. á m. Ísafjarðarkaupstaðar. Streng þyrfti þó að leggja til Flateyrar og Suðureyrar.

Í Vestmannaeyjum yrði að reisa sérstaka endurvarpsstöð, bæði fyrir kaupstaðinn, uppsveitir Árnes- og Rangárvallasýslu og til að ná austur á bóginn. Önnur stöð yrði að vera á Hjörleifshöfða til að koma dagskránni eins og þráðlausa símanum til Hornafjarðar og þaðan um sunnanvert Austurland.

Þetta eru grundvallaratriðin í sjónvarpskerfi, sem tekið gæti til alls landsins. Verkfræðingarnir taka þó skýrt fram, að reynsla af fyrstu stöðvunum gæti haft áhrif á síðari framkvæmdir, enda erfitt að segja fyrir um með fullri vissu, hvernig sjónvarpssendingar takist hér á landi. Höfuðstöðvar kerfisins fimm, sem gert er ráð fyrir að verði á Skálafelli, í Stykkishólmi, á Vaðlaheiði, á Fjarðarheiði og Hjörleifshöfða, verði 5000 wött að styrk, og eru þær taldar kosta 8½—9½ millj. kr. hver. Minni stöðvarnar yrðu ýmist 500 wött, og kosta slíkar stöðvar 4—5 millj. kr., 100 wött, en þær kosta 2½ millj. kr., og örsmáar stöðvar, 1—10 wött, sem kosta allt að ½ millj. kr. hver. Til þess að menn geti gert sér grein fyrir styrkleika þessara stöðva, má geta þess, að sjónvarpsstöð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli er 250 wött. Nauðsynlegt er að geta þess, að flestar stöðvarnar eru fyrirhugaðar á stöðum, þar sem landssíminn hefur þegar komið fyrir mannvirkjum vegna þráðlauss síma, og er það raunar gert yfirleitt alls staðar, þar sem því verður við komið. Sparar það að sjálfsögðu mikinn kostnað, þar sem vegir og rafmagn hefur þegar verið leitt til slíkra símstöðva.

Eins og ég gat um áðan, er stofnkostnaður vegna sjónvarpshúss og dagskrártækja talinn um 20 millj. kr., 500 watta sendir í Reykjavík, þ. e. helmingi sterkari sendir en nú er starfræktur í Keflavík, mundi kosta 4 millj. kr. Stofnkostnaður sjónvarps, sem eingöngu tæki til Reykjavíkur og næsta nágrennis, mundi því verða um 24 millj. kr. Bygging aðalsendis á Skálafelli, 5000 watta sendis, mundi hins vegar kosta 9 millj. kr. og mundi því stofnkostnaður íslenzks sjónvarps, sem næði yfir Suðurnes, mestallt Suðurlandsundirlendi, Borgarfjörð og sunnanvert Snæfellsnes, eða u. þ. b. til 60% þjóðarinnar, verða um 33 millj. kr. Síðan færi kostnaðurinn auðvitað vaxandi, eftir því sem sjónvarpinu væri ætlað að ná til stærri landssvæða. Endurvarpsstöðvakerfi, sem taka mundi til Norðurlands, Norðausturlands og Vestmannaeyja, mundi að meðtöldum nauðsynlegum kostnaði við útbreiðslumælingar kosta 39.5 millj. kr. til viðbótar, eða alls 72½ millj. kr. Nauðsynlegur stofnkostnaður í Reykjavík ásamt stofnkostnaði aðalsendistöðvanna fimm, sem ná mundu í stórum dráttum til alls landsins, mundi að meðtöldum nauðsynlegum kostnaði við útbreiðslumælingar verða 71½ millj. kr. Bygging minni endurvarpsstöðva og lagning strengs til þess að tryggja öllum landsmönnum afnot af sjónvarpi mundi kosta 99½ millj. kr. til viðbótar, þannig að heildarstofnkostnaður íslenzks sjónvarps, sem næði til allra landsmanna, mundi verða 171 millj. kr. Þótt ekki sé gert ráð fyrir því, að íslenzkt sjónvarp þyrfti að eignast tæki til þess að kvikmynda sjónvarpsdagskrá utanhúss né myndsegulband þegar í upphafi, mundi það þurfa að verða mjög fljótlega, en slík tæki eru talin kosta um 9 millj. kr. Hefur því heildarstofnkostnaður íslenzks sjónvarps, sem tæki til landsins alls, verið áætlaður 180 millj. kr.

Nú má að sjálfsögðu hugsa sér röð framkvæmda við byggingu endurvarpskerfisins með ýmsum hætti. Í skýrslu sjónvarpsnefndarinnar eru gerðar tvær framkvæmdaáætlanir. Báðar eru við það miðaðar, að öllum undirbúningi verði lokið 1966 og geti framkvæmdir hafizt það ár. Fyrri áætlunin er miðuð við að ljúka byggingu sjónvarpskerfis fyrir allt landið á 5 árum eða árunum 1966—1970. Síðari áætlunin er við það miðuð að ljúka framkvæmdunum á 7 árum eða árunum 1966—1972. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þessar framkvæmdaáætlanir í einstökum atriðum. Þó má geta þess, að í 5 ára áætluninni er gert ráð fyrir því að koma upp á árunum 1966—1968 nauðsynlegri aðstöðu í Reykjavík, byggja aðalsendistöðvar á Skálafelli, Vaðlaheiði, Stykkishólmi og Fjarðarheiði og endurvarpsstöðvar á Blönduósi, Vestmannaeyjum og Patreksfirði, framkvæma nauðsynlegar útbreiðslumælingar og kaupa myndsegulband. Mundi kostnaður við þennan fyrsta áfanga verða 74½ millj. kr. Kostnaður á árinu 1969 er í þessari áætlun áætlaður 53½ millj. kr. og er þá gert ráð fyrir því að byggja fimmta aðalsendinn á Hjörleifshöfða, en auk þess endurvarpsstöðvar á Narfastaðafelli, Melgraseyri, Arnarnesi, Tunguhálsi, Siglufirði, Þórshöfn, Eskifirði og Þingeyri, auk nokkurra smástöðva og strengjalagningar. Á árinu 1970 er gert ráð fyrir stöðvarbyggingum á Hornafirði, Hrafnseyri, Skagaströnd, Kelduhverfi, Raufarhöfn, Vopnafirði, Arnarstapa, Sandi, Austurhorni og Papey, auk

margra smástöðva og strengjalagningar, og er þetta áætlað að kosta 52 millj. kr.

Í 7 ára áætluninni er gert ráð fyrir sömu röð á framkvæmdum, en þeim dreift á tveimur árum lengri tíma.

Varðandi rekstrarkostnað íslenzks sjónvarps er það að segja, að hann skiptist í þrjá liði: Byrjunarkostnað, fastakostnað og dagskrárkostnað. Í skýrslu sjónvarpsnefndarinnar er gert ráð fyrir því, að samið verði við erlenda aðila um margvíslega tækniaðstoð í sambandi við undirbúning íslenzks sjónvarps. Ef endanleg ákvörðun verður tekin nú á næstunni um að koma á fót íslenzku sjónvarpi, mundi verða hægt að hefja íslenzkar sjónvarpssendingar 1966. Telur n. slíkan byrjunarkostnað munu verða ½ millj. kr. nú á þessu ári, 2½ millj. á næsta ári, 1 millj. 1966 og síðan ½ millj. árlega. Þegar sjónvarpssendingar hefjast, er talið, að þörf sé á 30 föstum starfsmönnum. Laun þeirra ásamt rekstri endurvarpsstöðva, viðhaldi véla og öðrum rekstrarkostnaði eru talin munu verða 9 millj. kr. á fyrsta starfsári sjónvarpsins eða 1966, og gerir n. síðan ráð fyrir 1½ millj. kr. aukningu kostnaðar á ári. Talið er, að meira en helmingur fastakostnaðarins stafi beinlínis af undirbúningi dagskrár, sem krefjist mun meiri þátttöku fastra starfsmanna í sjónvarpi en hljóðvarpi. Við þennan fastakostnað mun síðan bætast annar nauðsynlegur kostnaður við öflun og flutning dagskrárefnis. Gert er ráð fyrir því að verja 10 millj. kr. fyrsta starfsárið til öflunar á sjónvarpsefni og fari sá kostnaður vaxandi um 2 millj. á ári á næstu árum. Gert er ráð fyrir því að leigja erlent sjónvarpsefni á kvikmyndum og kaupa fréttamyndir erlendis frá. Jafnframt er nauðsynlegt að verja verulegu fé til þess að gera og kaupa íslenzkar kvikmyndir. Sjónvarpsnefndin hefur gert sýnishorn af 4 vikna sjónvarpsdagskrá, þar sem gert er ráð fyrir 2 stunda daglegri dagskrá auk síðdegissendinga á laugardögum og sunnudögum. Er áætlun um 10 millj. kr. dagskrárkostnað fyrsta árið miðuð við þessar dagskráráætlanir. Áætlanir um rekstrarkostnað eru þannig, að í undirbúningskostnaði er nauðsynlegt að verja 13½ millj. kr. í ár og næsta ár, síðan er heildarrekstrarkostnaðurinn talinn munu vera 20 millj. kr. fyrsta starfsárið, en um það bil tvöfaldast á fyrstu 7 árunum.

Till. sjónvarpsn. um tekjuöflun til að standa straum af greiðslu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar íslenzks sjónvarps eru í stuttu máli þessar:

Nú munu vera um 2500 sjónvarpstæki í eigu Íslendinga. N. gerir ráð fyrir því, að kaup sjónvarpstækja muni vaxa mjög ört á næstu árum og muni tala þeirra 1972 vera komin upp í 27 þús. N. gerir ráð fyrir því, að vegna hins mikla stofnkostnaðar við dreifingarkerfi sjónvarps á Íslandi sé eðlilegt að leggja sérstakt stofngjald á sjónvarpsnotendur, yrði það 1000 kr. á hvert viðtæki og innheimt einu sinni með fyrsta afnotagjaldi. Á 7 ára tímabilinu 1966—1972 gerir n. ráð fyrir því, að 27 millj. kr. fáist með þessum hætti. Þá gerir n. ráð fyrir a. m. k. 1500 kr. árlegu afnotagjaldi, yrðu tekjur af því fyrsta starfsárið, árið 1966, 12 millj. kr., en yrðu orðnar 40.5 millj. kr. á árinu 1972. Þá gerir n. ráð fyrir tekjum af auglýsingum, 4½ millj. kr. fyrsta árið, eða 1966, en 13½ millj. kr. árið 1972. Þá leggur n. til, að a. m. k. fyrsta áratuginn séu íslenzku sjónvarpi fengnar tekjur af innflutningi sjónvarpstækja eða framleiðslu þeirra í landinu, enda hafi ríkisútvarpið á sínum tíma verið byggt upp m. a. með þeim hætti. Gerir n. ráð fyrir því, að sjónvarpið fái á einn eða annan hátt sem svarar 80% aðflutningsgjalda af sjónvarpstækjum eða um 4400 kr. á tæki. Gerir hún ráð fyrir 8.8—17.6 millj. kr. árlegum tekjum af þessu, eða samtals 116.6 millj. kr. tekjum handa sjónvarpinu á árunum 1964—1972 af innflutningi sjónvarpstækja.

Miðað við þessa tekjuöflun væri hægt að greiða þann árlega rekstrarkostnað, sem ég gat um áðan, fyrstu 7 starfsárin og allan stofnkostnaðinn samkvæmt 7 ára framkvæmdaáætluninni án nokkurrar lánsfjáröflunar. Ef framkvæmdirnar yrðu hafðar hraðari og þeim hagað eftir 5 ára framkvæmdaáætluninni, yrði um nokkra lánsfjárþörf að ræða á árunum 1969—1971, mest 28 millj. kr. árið 1970.

Mér þykir rétt að fara nokkrum fleiri orðum um það, sem segir í skýrslunni um hugsanlega dagskrá íslenzks sjónvarps.

Lögð er áherzla á, að nauðsynlegt sé, að dagskrá sé þegar í upphafi nægilega löng og góð til að hvetja almenning til tækjakaupa. Þess vegna er ekki talið hægt að byrja t. d. með 30 mínútna efni á dag og auka það smám saman. Er því gert ráð fyrir því að byrja á 2 klst. daglegri sjónvarpsdagskrá, en gera ekki ráð fyrir stöðugri lengingu, heldur 2—3 stunda sjónvarpi fyrstu 5—10 árin. Að sjálfsögðu yrði ekkert því til fyrirstöðu að sjónvarpa mun lengur einstaka daga, þegar sérstakt tilefni gefst. Er gert ráð fyrir því að byrja dagskrá ávallt kl. 20, en senda endurtekið efni síðdegis á laugardögum og sunnudögum. Gert er ráð fyrir 15 mín. í fréttir og 15 mín. í auglýsingar kl. 20.30—21.00. Í dagskrársýnishornum er frumflutt íslenzkt efni 40—50% af heildartíma dagskrárinnar. Við þetta bætast síðan fréttakvikmyndir og fræðslukvikmyndir, þar sem íslenzkt tal yrði flutt með myndunum, og stærri kvikmyndir, þar sem íslenzkir textar yrðu með. Sem dæmi um sjónvarpsefni má nefna samtals- og spurningaþætti ýmiss konar, barnaþætti, einfalda tónlistarviðburði, einföld leikrit, þar sem ekki er krafizt umfangsmikillar sviðsgerðar, ýmsa atburði, sem gerast á takmörkuðum bletti, erindi, sem skýrð eru með ýmiss konar myndum, og íslenzkar kvikmyndir. Erlent efni yrði fyrst í stað allt á kvikmyndum, en síðar koma eflaust segulbönd til skjalanna. Aflað mundi verða langra kvikmynda, sem upphaflega eru gerðar fyrir kvikmyndahús, og textar verða þá ýmist skriflegir neðanmáls eða þulur læsi öðru hverju efnisskýringar. Í kvikmyndir eða leikrit, sem sérstaklega eru

tekin fyrir sjónvarp, en í þessum flokki eru flestir vinsælustu sjónvarpsþættir veraldar, yrði einnig að setja neðanmálstexta, en láta tón frummyndarinnar halda sér. Með erlendum fræðslumyndum yrði ávallt að flytja íslenzkt tal. Eru slíkar myndir oft tengdar stórviðburðum samtíðarinnar og þá gjarnan samfellt yfirlit, sem gert er úr beztu fréttamyndum. Gert er ráð fyrir því að gera fasta samninga við eitt eða fleiri alþjóðleg fyrirtæki um kaup fréttamynda, sem þá mundu berast hingað með svo til hverri flugvél. Við slíkt efni yrði settur íslenzkur texti. Við erlendar tónlistarmyndir er og auðvelt að gera íslenzkt tal. Þá hefur sérstök athugun verið gerð á skilyrðum til þess að taka upp íslenzkt skólasjónvarp, en með því er átt við dagskrá, sem beint er inn í skólana og nemendur tiltekinna bekkja horfa á í kennslustundum í skólunum. Sérstök ástæða er til þess að benda á þýðingu sjónvarpskennslu fyrir dreifbýli, þar sem erfitt er að njóta starfs sérmenntaðra kennara í einstökum greinum og dýr kennslutæki eru ekki til.

Svo sem kunnugt er, eru mismunandi kerfi notuð við sjónvarp, og eru þau auðkennd með línufjölda í mynd hvers og eins. Helztu kerfin eru brezka kerfið, sem hefur 405 línur, ameríska kerfið, sem hefur 525 línur, og evrópska kerfið, sem hefur 625 línur. Allir, sem til hefur verið leitað, eru sammála um, að hér á landi eigi að taka upp Evrópukerfið, 625 línur. Það hentar þeim rafstraumi, sem hér er notaður, og er talið betra en hin kerfin að ýmsu leyti. Sjónvarpsstöð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli notar ameríska kerfið. Af þeim sökum eru öll móttökutæki, sem flutt hafa verið til landsins, ýmist framleidd til að taka á móti sendingu þess kerfis eða þeim hefur verið breytt í það horf. Hins vegar er talið auðvelt að breyta tækjum þannig, að þau geti tekið við sendingum samkvæmt evrópska kerfinu.

Um skipulagsmál íslenzks sjónvarps er það að segja, að sjónvarpsn. telur tvímælalaust hagkvæmt og skynsamlegt, að sjónvarp verði deild í ríkisútvarpinu við hlið hljóðvarps, við það sparist verulegt fé, þar eð ekki þurfi sérstakt skrifstofuhald til að stjórna sjónvarpinu og margvíslegur annar kostnaður geti verið sameiginlegur. Segir í skýrslunni, að í nágrannalöndum, sem fregnir fari af, hafi sjónvarp vaxið upp undir handarjaðri hljóðvarps og eigi þetta jafnt við um ríkisstofnanir í Evrópu sem einkafyrirtæki í Ameríku. Hins vegar telur n. rétt, að þegar 2—3 ára reynsla hafi hlotizt af íslenzku sjónvarpi, þá sé tímabært að taka heildarlöggjöfina um útvarp til endurskoðunar, enda sé hún í meginatriðum orðin 30 ára gömul. Af þessu leiðir, að sérstakrar lagaheimildar frá hinu háa Alþ. er ekki þörf, til þess að hægt sé að hefja starfrækslu íslenzks sjónvarps hér á landi.

Þessi eru þá aðalatriði skýrslu sjónvarpsn., sem starfað hefur undanfarna mánuði og hefur nú nýlokið störfum. Ég tel n. hafa unnið hið ágætasta starf og mjög ánægjulegt, að hún skuli hafa orðið sammála um niðurstöður sínar. Ég tel athuganir n. hafa leitt í ljós, að stofnun íslenzks sjónvarps sé vel framkvæmanleg frá fjárhagslegu sjónarmiði, og tel því engan vafa á, að í slíkt verði ráðizt. Takmarkið hlýtur og að vera það, að allir Íslendingar eigi þess kost að njóta sjónvarps, svo mikilvægt menningartæki sem það getur verið. Spurningin er sú, hversu langan tíma eigi að ætla til þess að byggja dreifingarkerfi fyrir landið allt og hvernig afla eigi fjár til framkvæmdanna og til að standa undir rekstrarkostnaði sjónvarpsins. Það mál þarf að sjálfsögðu rækilegrar athugunar. En eins og ég gat um áðan, eru ekki nema nokkrar vikur síðan ríkisstj. fékk hina ýtarlegu skýrslu sjónvarpsn. í hendur. Þessar vikur hafa verið annatími, svo sem hv. þm. er manna bezt kunnugt, og mun því varla nokkur sanngjarn maður ætlast til þess, að ríkisstj. hafi þegar tekið endanlegar ákvarðanir í svo mikilvægu máli. Hins vegar mun ríkisstj. hraða umræðum sínum og athugunum eftir föngum, og er það von mín, að ákvarðanir í þessu mikilvæga máli verði teknar innan mjög skamms tíma.

XI. Breytingar á ríkisstjórninni.

Á 16. fundi í Sþ., 14. nóv., var tekin á dagskrá:

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í morgun var haldinn fundur í ríkisráði og þar borin upp svofelld tillaga:

„Tillaga til forseta Íslands um skipan embættis forsrh.:

Læknar mínir hafa tjáð mér, að mér sé nauðsynlegt að taka mér algera hvíld frá störfum í nokkra mánuði. Ég get því ekki unnið að lausn hinna ýmsu vandamála, sem fram undan bíða. Haustið 1961 stóð svipað á fyrir mér. Tók ég mér þá hvíld frá störfum í þrjá mánuði. Ég tel ekki rétt að hafa sama hátt á nú og leyfi mér því allra virðingarfyllst að fara fram á, að þér, herra forseti, fallizt á að veita mér lausn frá embætti forsrh.

Jafnframt leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til í samræmi við einróma óskir þingflokks Sjálfstfl., að dr. Bjarni Benediktsson dóms- og kirkjumrh. verði skipaður forsrh. í trausti þess, að þér, herra forseti, fallizt á framangreindar till. minar, leyfi ég mér að leggja fyrir yður til undirskriftar lausnarbréf mér til handa og skipunarbréf dr. Bjarna Benediktssonar til að vera forsrh. í ráðuneyti Íslands.

Í forsætisráðuneytinu, 13. nóvember 1963.

Allra virðingarfyllst,

Ólafur Thors. / Birgir Thorlacius."

Á þessa till. hefur forseti Íslands ritað:
„Fellst á tillöguna.
Ásgeir Ásgeirsson.
Reykjavík, 14. nóvember 1963."

Í samræmi við það hefur hann undirritað skipunarbréf til handa mér til að vera forsrh. í ráðuneyti Íslands og bréf, þar sem hann veitir Ólafi Thors lausn frá embætti forsrh.

Þá var þar borin upp önnur till. til forseta Íslands um skipun ráðh. og breytingu á forsetaúrskurði frá 20. nóv. 1959, um skipun og skipting starfa ráðh. o. fl.:

„Þar sem þér, herra forseti, hafið fallizt á að veita Ólafi Thors lausn frá embætti forsrh. og skipað mig forsrh., leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til, að yður þóknist að skipa Jóhann Hafstein alþm. ráðh. í ráðuneyti Íslands og jafnframt að gera þá breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóv. 1959, að mér verði falið að gegna þeim ráðherrastörfum, sem í þeim úrskurði voru falin Ólafi Thors, en Jóhann Hafstein fari með þau málefni, sem mér voru falin í nefndum úrskurði.

Í trausti þess, að fallizt verði á framangreinda till., leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja fyrir yður, herra forseti, til undirskriftar skipunarbréf handa Jóhanni Hafstein alþm. til að vera ráðherra í ráðuneyti Íslands, svo og úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði frá 20. nóv. 1959, um skipun og skipting starfa ráðh. o. fl.

Í forsætisráðuneytinu, 14. nóvember 1963.
Allra virðingarfyllst.
Bjarni Benediktsson. / Birgir Thorlacius."

Á þessa till. hefur forseti Íslands einnig ritað:
„Fellst á tillöguna.
Ásgeir Ásgeirsson.
Reykjavík, 14. nóvember 1963."

Jafnframt undirritaði hann skipunarbréf til handa Jóhanni Hafstein til að vera ráðh. í ráðuneyti Íslands og enn fremur forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði frá 20. nóv. 1959, um skipun og skipting starfa ráðh. o. fl. Hljóðar hann svo:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Samkv. till. forsrh. er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóv. 1959, um skipun og skipting starfa ráðh. o. fl., að dr. Bjarni Benediktsson fer með forsætisráðherrastörf og önnur ráðherrastörf, er Ólafi Thors voru falin í nefndum úrskurði, en ráðh. Jóhann Hafstein fer með störf þau, er ráðh. Bjarna Benediktssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði.

Gjört í Reykjavík, 14. nóvember 1963.
Ásgeir Ásgeirsson. / Bjarni Benediktsson."

Sú breyting, sem á ríkisstj. er orðin, hefur verið gerð vegna veikinda Ólafs Thors, en ekki af stjórnmálaástæðum. Ný ríkisstj. hefur ekki verið mynduð, heldur kemur einungis maður manns í stað, svo sem óhjákvæmilegt er. Að öðru leyti er stjórnin hin sama. Hún er studd af sömu flokkum og fylgir sömu stefnu og áður.

Víst er það mikil breyting, að Ólafur Thors skuli hafa látið af ráðherrastörfum. Hann er nú aldursforseti Alþingis, hefur setið lengst á þingi af núv. þm. og hefur frá upphafi verið í hópi þeirra, sem mest hefur að kveðið. Í dag eru rétt 31 ár, frá því að Ólafur Thors varð fyrst ráðh. Tæpum 10 árum síðar myndaði hann sína fyrstu ríkisstj., hina fyrstu af 5, sem hann hefur veitt forustu.

Sem betur fer er ekki efni til að halda nú minningarræðu um Ólafs Thors. Þingheimur sameinast um þá ósk, að hvíldin, sem hann tekur sér, verði til þess, að hann nái góðri heilsu á ný og eigi langt og farsælt líf fyrir höndum. Allir vonum við að sjá hann skjótlega heilan og hressan hér í þingsölunum. Megi þjóðin sem allra lengst njóta hans mikla mannvits, lífsreynslu, viðsýni og frábæru samningalipurðar. Enginn hefur verið honum lagnari að laða saman ólíkar skoðanir. Á þessum hæfileikum hefur oft þurft að halda á Alþingi og í íslenzku þjóðlífi. Þeirra þarf við nú ekki síður en áður. Þess vegna ríkir einlægur söknuður í huga okkar fylgismanna hans og samstarfsmanna.

Um leið og ég þakka Ólafi Thors forustuna, sem hann hefur veitt ríkisstj. síðustu 4 árin, óska ég okkur öllum úrræðagæða hans, umburðarlyndis og sáttfýsi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom raunar hjá hæstv. forsrh., er hér í raun og veru um mannabreytingar einar að ræða í ríkisstj., en ekki venjuleg stjórnarskipti. Mér þykir þó rétt að láta það í ljós við þetta tækifæri, að afstaða Framsfl. til ríkisstj. er að sjálfsögðu sú sama og áður, og hefur sú afstaða nýlega komið greinilega fram hér á Alþingi og því öllum kunn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er skoðun okkar þm. Alþb., að þær formbreytingar, sem gerðar hafa verið á ríkisstj., breyti engu um stefnu hennar og markmið, og er því afstaða okkar til hins nýja ráðuneytis Bjarna Benediktssonar hin sama og afstaða okkar var til ráðuneytis Ólafs Thors. Alþb. er andvígt grundvallaratriðum í stefnu beggja ráðuneytanna og því í andstöðu við ríkisstj.

XII. Afgreiðsla mála í sameinuðu Alþingi.

Á 36. fundi í Sþ., 23. jan., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil lýsa óánægju yfir því, hve mikill dráttur er á því, að mál, sem lögð eru fram í sameinuðu Alþingi, séu tekin til meðferðar á þingfundum. Oft líða mánuðir, frá því að mál eru þar lögð

fram, þangað til þau eru fyrst tekin til umr. í þinginu. Nú mun vera þannig ástatt í þessu efni, að 14 till. til þál., sem lagðar voru fram fyrir áramót, hafa enn ekki komið til umr. Af þessum 14 till. voru tvær lagðar fyrir þingið í október og 7 í nóvembermánuði. Þrátt fyrir það, þó að svona mörg mál liggi óafgreidd og hafi lengi beðið afgreiðslu, eru þingfundir ekki haldnir nú eða hafa ekki verið haldnir að undanförnu nema 4 daga vikunnar. Það er ekki hægt að telja, að þetta séu góð vinnubrögð og hér þyrfti áreiðanlega úr að bæta.

Ég vil í tilefni af þessu ástandi leyfa mér að beina þeirri áskorun til hæstv. forseta, að hann boði fund í sameinuðu þingi á morgun, föstudag, svo framarlega sem ekki verða þá ákveðnir fundir í þd., en annars á laugardag, svo að hægt sé að taka fyrir til fyrstu meðferðar á þingi eitthvað af þessum mörgu málum, sem enn hafa enga afgreiðslu fengið. Það er sannarlega kominn tími til að byrja að ræða þessi mál og vísa þeim til þingnefnda til athugunar.

Forseti (BF): Út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég aðeins taka það fram, að eins og hv. þm. er sjálfum bezt kunnugt, hefur það komið fyrir æ ofan í æ á þinginu, það sem af er, að reglulegur fundartími hefur farið í umr. utan dagskrár. Það er náttúrlega hlutur, sem hv. alþm. hafa sjálfir á valdi sínu, hvort þeir kjósa heldur að ræða einhver mál, sem eru á dagskrá í það og það skiptið, eða ræða önnur mál utan dagskrár. Þetta hefur einnig komið fyrir á aukafundum, sem boðaðir hafa verið til þess að reyna að greiða fyrir afgreiðslu mála í sameinuðu þingi núna fyrir áramótin, og þarf ég ekki að minna hv. þm. á það. En að öðru leyti mun ég taka þessi tilmæli um afgreiðslu þeirra mála, sem fyrir liggja, til athugunar.

Skúli Guðmundsson: Út af ummælum hæstv. forseta vil ég benda á, að tímaskorti verður ekki um kennt, meðan líður svo hver vikan af annarri, að ekki eru haldnir fundir nema 4 daga í viku. Meðan ekki eru haldnir fundir á föstudögum, eins og var venja áður, þá er ekki hægt að kenna tímaskorti um, að þessi mál eru ekki rædd. Það mætti líka, ef þörf gerðist, halda fundi á laugardögum, þó að það hafi ekki tíðkazt að undanförnu, en ég man ekki betur en það væri fyrir allmörgum árum síðan að halda fundi einnig á laugardögum eins og aðra daga vikunnar. Annars þakka ég hæstv. forseta fyrir það fyrirheit, sem hann gefur um að taka þessi mál fyrir og halda fundi til þess svo fljótt sem tök eru á, og vona ég, að þetta verði gert.

XIII. Minning látinna fyrrv. ráðherra.

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., mælti

forseti (BF): Dr. juris Björn Þórðarson, fyrrv. forsrh., lézt í sjúkrahúsi hér í bæ aðfaranótt s. l. föstudags, 25. okt., eftir nokkurra ára vanheilsu, 84 ára að aldri. Hann átti um nær tveggja ára skeið sæti í ráðherrastól hér á Alþingi, og vil ég því leyfa mér að minnast hans nokkrum orðum, áður en gengið verður til dagskrár.

Björn Þórðarson var fæddur í Móum á Kjalarnesi 6. febr. 1879. Foreldrar hans voru Þórður bóndi þar Runólfsson bónda í Saurbæ á Kjalarnesi Þórðarsonar og kona hans, Ástríður Jochumsdóttir bónda í Skógum í Þorskafirði Magnússonar. Hann brautskráðist úr lærða skólanum í Reykjavík vorið 1902 og lauk lögfræðiprófi í háskólanum í Kaupmannahöfn snemma árs 1908. Næsta sumar var hann fulltrúi hjá bæjar- og héraðsfógetanum í Bogense á Fjóni, en kom hingað heim um haustið, settist að í Reykjavík og gerðist málflutningsmaður við yfirréttinn. Hann var settur sýslumaður í Vestmannaeyjum 1909—1910, stundaði síðan málflutning og var jafnframt starfsmaður í fjármálaskrifstofu stjórnarráðsins öðru hverju á árunum 1910—1912 og hafði auk þess á hendi setudómarastörf. Hann var settur sýslumaður í Húnavatnssýslu 1912—1914, settur sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum 1914—1915, varð þá aðstoðarmaður í dómsmálaskrifstofu stjórnarráðsins, síðan fulltrúi til ársloka 1919, gegndi dómarastörfum í forföllum bæjarfógetans í Reykjavík nokkra mánuði á árunum 1916—1917 og skrifstofustjóraembætti í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins 1918—1919, hafði á hendi fyrir atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins og síðar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðun sveitarstjórnar- og fátækramála 1916—1928. Hann var hæstaréttarritari á árunum 1920—1928 og jafnframt útgefandi hæstaréttardóma, en varð lögmaður í Reykjavík í ársbyrjun 1929 og gegndi því embætti þar til hann varð forsætisráðherra 16. des. 1942. Ráðuneyti hans lét af störfum 21. okt. 1944. Árið 1945 var hann skipaður formaður Alþingissögunefndar og ritstjóri Alþingissögunnar, og gegndi hann þeim störfum fram til ársins 1956, er þeirri útgáfustarfsemi lauk. Ýmsum nefndarstörfum öðrum gegndi hann um ævina, var formaður húsaleigunefndar Reykjavíkur 1919—1926, formaður merkjadóms Reykjavíkur 1919—1928, í yfirkjörstjórn við prestskosningar 1920—1928, formaður verðlagsnefndar 1920—1921, skipaður í landskjörstjórn 1922, formaður yfirskattanefndar Reykjavíkur 1922—1928, skipaður sáttasemjari í vinnudeilum 1926 og ríkissáttasemjari 1938—1942. Forseti Nemendasambands menntaskólans í Reykjavík var hann frá stofnun þess, 1946, meðan honum entist heilsa, og félagi í Vísindafélagi Íslendinga varð hann 1927.

Ljóst er af því, sem hér hefur verið rakið um opinber störf Björns Þórðarsonar, að hann hefur notið mikils og sívaxandi trausts þeirra aðila, sem um veitingu embætta og trúnaðarstarfa hafa fjallað. Þegar á skólaárum þótti hann vel fallinn til forustu. Hann var virðulegur í fasi, skyldurækinn og traustur, starfsamur og vandvirkur. Hann var lærður og glöggskyggn lagamaður og samdi allmörg rit og ritgerðir um lögfræðileg og söguleg efni. Doktorsprófi í lögum lauk hann við Háskóla Íslands árið 1927. Hann vann mikið og gott starf við útgáfu Alþingissögunnar og ritaði sjálfur veigamikinn hluta hennar, sögu sjálfstæðismálsins 1874—1944. Í störfum sáttasemjara sýndi hann lagni og þolinmæði, í embættisstörfum reglusemi og festu. Gleggst vitni um þann trúnað og traust, sem hann naut, ber það, er honum var á umbrotatímum styrjaldarára falið það vandasama hlutverk að veita forustu ríkisstj., sem skipuð var utanþingsmönnum. Hér skal ekki dæmt um stefnu og störf þeirrar stjórnar, en fullyrða má, að Björn Þórðarson vann með samráðherrum sínum af einlægum hug, lagni og festu að framkvæmd þeirrar stefnu, sem ríkisstj. hans hafði markað sér. Og það féll í hlut Björns Þórðarsonar að vera forsrh. á hinni sögulegu og hátíðlegu stund, er íslenzkt lýðveldi var endurreist að Lögbergi á Þingvöllum 17. júní 1944.

Hér hefur verið lýst þeim þáttum í persónuleika Björns Þórðarsonar, sem flestum urðu auðsæir vegna opinberra starfa hans, virðuleik þeim og trúmennsku, sem hann var gæddur. Þeir, sem kynntust honum nánar, þekktu hann að hvoru tveggja í senn, hátíðleik og gamansemi, strangleik og góðvild.

Ég vil biðja hv. alþm. að votta minningu þessa merka manns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 17. fundi í Sþ., 18. nóv., mælti

forseti (BF): S. l. fimmtudag, 15. nóv., andaðist á sjúkrahúsi hér í Reykjavík Sigurður Kristinsson fyrrv. forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, 83 ára að aldri. Hann gegndi ráðherrastörfum um skeið fyrir rúmum þremur áratugum og átti sem ráðh. sæti á Alþingi. Vil ég því leyfa mér að minnast hans nokkrum orðum.

Sigurður Kristinsson var fæddur 2. júlí 1880 í Öxnafellskoti í Eyjafirði. Foreldrar hans voru Kristinn bóndi þar Ketilsson bónda í Miklagarði í Eyjafirði Sigurðssonar og kona hans, Hólmfríður Pálsdóttir bónda á Hánefsstöðum í Svarfaðardal Jónssonar. Hann ólst upp með foreldrum sínum á þremur bæjum í Eyjafirði fram til fermingaraldurs. Réðst hann þá að heiman í vinnumennsku og þótti góður fjárhirðir og vænlegt búmannsefni. Haustið 1899 hóf hann nám í Möðruvallaskóla og lauk gagnfræðaprófi þaðan vorið 1901. Næsta vetur stundaði hann barnakennslu í sveit sinni. Haustið 1902 réðst hann verzlunarmaður til Fáskrúðsfjarðar. Árið 1906 sneri hann aftur til Eyjafjarðar og var verzlunarmaður hjá Kaupfélagi Eyfirðinga til ársloka 1917, og veitti hann kaupfélaginu forstöðu öðru hverju á því tímabili. Framkvæmdastjóri Kaupfélags Eyfirðinga var hann á árunum 1918—1923. Þá varð hann forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga og hafði forstöðu þess á hendi fram til ársloka 1945, er hann lét af störfum eftir eigin ósk hálfsjötugur. Formaður stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga var hann síðan 1948—1960. Hann var atvinnumálaráðherra frá 20. apríl til 20. ágúst 1931. Veturinn 1932—1933 átti hann sæti í svokallaðri bændanefnd, sem hafði það hlutverk að kanna hag landbúnaðarins og fjárhagsástæður bænda og gera till. um ráðstafanir til að styrkja fjárhag þeirra.

Sigurður Kristinsson var kominn af traustum ættstofnum á Norðurlandi. Voru þeir fjórir bræður, sem allir urðu þjóðkunnir menn, þrír fyrir störf í þágu samvinnuhreyfingarinnar, en einn fyrir þátt sinn í skóla- og fræðslumálum. Ekki er talið, að hugur Sigurðar hafi í öndverðu staðið til verzlunarstarfa, þótt örlög hans yrðu þau að vinna á því sviði mikið og giftudrjúgt ævistarf. Verzlunarstörf hóf hann hjá frænda sínum austanlands. Um þær mundir var mikil vakning í félagsmálum í landinu, samvinnuhreyfingin að eflast og samvinnufélög um verzlun að ryðja sér til rúms. Hallgrímur Kristinsson var þar í broddi fylkingar, og gerðist Sigurður fljótlega samstarfsmaður bróður síns og síðar eftirmaður, fyrst hjá Kaupfélagi Eyfirðinga, síðar hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Samvinnan varð honum hugsjón og hugðarefni, og hann starfaði að eflingu hennar með ósérplægni og skyldurækni, vann nótt með degi, þegar mikils þurfti með. Við margs konar örðugleika var að stríða á styrjaldar- og kreppuárum, en honum tókst með hagsýni og festu að stýra hjá áföllum, samvinnuhreyfingin breiddist út og efldist og samvinnufélögin urðu fjölmenn og voldug samtök. Seta Sigurðar Kristinssonar í ráðherrastóli var ekki ætluð til langframa, en val hans í það starf á ólgutímum í stjórnmálum sýnir glögglega það traust, sem hann hafði áunnið sér. Hann sat í bráðabirgðastjórn Tryggva Þórhallssonar um fjögurra mánaða skeið og átti sem ráðh. sæti á sumarþingi árið 1931.

Sigurður Kristinsson var friðsamur maður og óáleitinn, dagfarsprúður og yfirlætislaus. Hann var vel látinn og virtur af samstarfsmönnum sínum og vakti traust þeirra, sem við hann áttu að skipta. Honum auðnaðist á langri ævi að vinna mikið gagn þeirri félagsmálastefnu, sem honum var hugfólgin. Við fráfall hans er á bak að sjá hógværum og heilsteyptum manni.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu þessa merka manns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

XIV. Minning forseta Bandaríkjanna.

Á 20. fundi í Sþ., 25. nóv., mælti

forseti (BF): Síðastliðinn föstudag spurðust þau hörmulegu tíðindi um heim allan, að John Fitzgerald Kennedy, forseti Bandaríkjanna, hefði beðið bana í skotárás í borginni Dallas í Texas, þar sem hann var á ferðalagi til þess að flytja ræðu.

Hvarvetna setti menn hljóða við þessa skelfilegu fregn, eins og jafnan þegar mikinn voða ber óvænt að höndum og erfitt er að sætta sig við, að slíkir hlutir geti átt sér stað.

En fregnin var sönn, og í dag fer jarðarför forsetans fram í höfuðborg Bandaríkjanna að viðstöddum þjóðhöfðingjum og forustumönnum þjóða víðs vegar að úr heiminum.

John Fitzgerald Kennedy hafði aðeins verið forseti þjóðar sinnar í 3 ár, er hann lézt með svo sviplegum hætti, en á þeim skamma tíma hafði hann aflað sér slíks álits og virðingar, bæði meðal samherja og andstæðinga, að fátítt mun vera í sögunni. Þess vegna streyma í dag til þjóðar hans frá öllum löndum heims hinar einlægustu samúðarkveðjur. Þess vegna heiðrum við minningu hans á þessum stað og á þessari stundu og viljum jafnframt votta fjölskyldu hans, hinum nýja forseta, þjóðþingi Bandaríkjanna og bandarísku þjóðinni allri dýpstu og innilegustu samúð Alþingis og íslenzku þjóðarinnar.

Ég leyfi mér að rifja upp örfá atriði úr ævi forsetans.

John Fitzgerald Kennedy var aðeins 46 ára gamall, er dauða hans bar að höndum. Hann var af írskum ættum, sonur Josephs og Rose Fitzgerald Kennedy og var næstelztur af 9 systkinum. Faðir hans er auðugur maður og var um skeið sendiherra Bandaríkjanna í Bretlandi. Afar hans voru báðir þekktir stjórnmálamenn á sínum tíma, og snemma hneigðist hugur hins unga Kennedys inn á þá braut. Hann stundaði háskólanám í þekktustu háskólum Bandaríkjanna, í Princeton og Harvard, og voru aðalnámsgreinar hans stjórnvísindi og alþjóðastjórnmál. Hann útskrifaðist með láði frá Harvard-háskóla árið 1940.

Á stríðsárunum starfaði Kennedy í bandaríska sjóhernum og stjórnaði tundurskeytabáti á Kyrrahafi. Kynntist hann þannig hörmungum stríðsins og ratað i miklar mannraunir. Gat hann sér frægðarorð fyrir björgunarafrek, er hann vann, þegar bátur hans var sigldur í kaf af japönskum tundurspilli.

Árið 1946 hófst stjórnmálaferill Kennedys með því, að hann var í framboði fyrir Demókrata í Massachusetts og var kjörinn þingmaður í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. Hann var endurkjörinn í fulltrúadeildina árin 1948 og 1950, en árið 1952 bauð hann sig fram fyrir flokk sinn í Massachusetts við kosningar til öldungadeildarinnar. Bar hann við þær kosningar sigurorð af andstæðingi sínum úr flokki Repúblikana og átti eftir það sæti í öldungadeildinni, þar til hann var kjörinn forseti Bandaríkjanna í sögulegum og minnisstæðum kosningum haustið 1960.

Er þannig eitt ár eftir af kjörtímabili hans, og hefur það nú komið í hlut Lyndons B. Johnsons, sem var kjörinn varaforseti Bandaríkjanna árið 1960, að taka við hinu mikilvæga og vandasama forsetaembætti út kjörtímabilið. Hinn nýi forseti er Íslendingum að góðu kunnur síðan hann var hér í heimsókn í s. l. septembermánuði ásamt konu sinni og dóttur.

John Fitzgerald Kennedy kvæntist árið 1953 eftirlifandi konu sinni, Jacqueline, fæddri Lee Bouvier, og eiga þau tvö ung börn á lífi. Var hún manni sínum jafnan mikil stoð og glæsilegur fulltrúi yngri kynslóðarinnar sem húsmóðir í Hvíta húsinu.

Systkini hins látna forseta og fjölskylda hans öll veittu honum mikinn stuðning á stjórnmálaferli hans. Bræður hans, Robert, núv. dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, og Edward, öldungadeildarþingmaður í Massachusetts, eru einnig þekktir stjórnmálamenn vestanhafs.

Á fyrstu þingmannsárum Kennedys lét hann sig einkum varða málefni heimahéraðs síns og iðnaðarins í Nýja-Englandi, en auk þess studdi hann eindregið stefnu Trumans forseta varðandi efnahagsaðstoð til annarra ríkja og Marshalláætlunina. Árið 1957 var hann kjörinn í utanríkismálanefnd öldungadeildarinnar og gerðist þá og var jafnan síðan talsmaður þess, að auka bæri aðstoð til vanþróaðra ríkja.

Hann taldi stjórnarfarslegt fullveldi þjóðanna vera lítið annað en orðin tóm, ef þær skorti ráð og leiðir til þess að berjast gegn fátækt, fáfræði og sjúkdómum, og þess vegna lagði hann til á þingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1961, að þau samtök helguðu framþróuninni þennan áratug. Hann beitti sér fyrir því, að þjóð hans fylgdi þessari stefnu í reynd og legði meira af mörkum en nokkur önnur þjóð til þess að hjálpa nýfrjálsum ríkjum og vanþróuðum löndum til efnahagslegs sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Hann boðaði þá stefnu, að ríki heimsins skyldu öll vera frjáls og jafnrétthá, og stóð þess vegna fastur fyrir gegn ásælni þeirra einræðisafla, sem hvorki viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt né frjálsar kosningar. Hann hét því, að þjóð hans skyldi hvorki hefja árásir á aðra né heldur gefa öðrum tilefni til árása, þótt hún stæði ávallt föst fyrir gegn árásaröflum.

Kjörorð hans var að semja aldrei af hræðslu, en vera ekki heldur hræddur við að semja. Þetta voru ekki innantóm orð. Gleggsta sönnun þess úr lífi forsetans er Kúbudeilan og lausn hennar. Þá var hann einbeittur og hugrakkur á hættunnar stund, en hikaði þó ekki við að semja við andstæðing sinn, þegar svo var komið, að báðir gátu gefið eftir með sæmd.

Hinar frjálsu þjóðir heims hafa við fráfall Johns F. Kennedys forseta misst mikilhæfan og dugandi leiðtoga, sem þær virtu og treystu til árangursríkrar forustu.

Þann skamma tíma, sem honum auðnaðist

að gegna forsetastörfum, var hann mjög athafnasamur á sviði innanríkismála í Bandaríkjunum og vann að margháttuðum umbótum í menntamálum og félagsmálum. Hann vildi koma á sjúkra- og ellitryggingum, og fyrir honum var lausn kynþáttavandamálsins aðeins ein: Fullt jafnrétti þeldökkra manna og hvítra, ekki aðeins í orði kveðnu, heldur í reynd.

Hann var eindreginn stuðningsmaður Sameinuðu þjóðanna og vildi efla þær og styrkja. Taldi hann friðinn í heiminum vera bezt tryggðan með eflingu þeirra. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1961 komst hann þannig að orði í gagnmerkri ræðu, að í nútímastyrjöld gæti hvorugur aðili sigrað. Það er ekki framar hægt að útkljá deilumál með styrjöldum, og styrjaldir eru ekki lengur málefni stórþjóðanna einna, sagði forsetinn í þessari ræðu. Og hann bætti við: Hættan af kjarnorkunni mundi breiðast út með vindum og vatni, og í krafti óttans, og hún gæti skollið yfir stóra og smáa, ríka og fátæka — jafnt þátttakendur í styrjöld sem hina, er utan við stæðu.

„Mannkynið verður að binda endi á styrjaldirnar, því að annars valda styrjaldirnar endalokum mannkynsins," sagði Kennedy forseti í áminnztri ræðu, og það var vissulega alvöruþrungin aðvörun, eins og þá var ástatt í heimsmálunum. Í framhaldi af þessum orðum gerði forsetinn síðan grein fyrir stórmerkum tillögum stjórnar sinnar um afvopnun og varðveizlu friðarins.

Sá heimur, sem Kennedy forseti sá fyrir sér, þegar búið væri að yfirstiga ófriðarhættur okkar tíma, var heimur friðarins, þar sem þeir voldugu væru réttlátir, en hinir veiku öruggir.

Þannig voru helztu hugðarefni Kennedys, og hefur þó fátt eitt verið talið. Sagan mun geyma verk hans og dæma þau, en um manninn sjálfan er dómur samtíðarinnar óskeikull: Hann var mikill mannvinur og göfugmenni, drenglundaður og hugrakkur.

Það er fáum mönnum gefið að gera hvort tveggja, að tileinka sér háleitar hugsjónir og lifa og starfa og deyja fyrir þær, en slíkur maður var Kennedy forseti. Hann áleit það undirstöðu mannlegs siðgæðis, að hver maður gerði skyldu sína, þótt að honum kynnu að steðja persónulegir örðugleikar, hættur og ógranir.

Hann lifði samkvæmt þessari lífsskoðun og dó vegna hennar, en þótt dauða hans hafi borið að svo snemma og svo óvænt og hann hafi átt margt ógert, þá er það víst, að störf hans hafa markað spor, sem ekki verða máð af spjöldum sögunnar.

Kyndill vonarinnar, sem hann tendraði, verður ekki slökktur. Aðrir munu taka upp merki hans í baráttunni fyrir jafnrétti og frelsi manna og þjóða, en það jafnrétti er bezta trygging þess friðar í heiminum, sem hinn látni forseti vildi að ríkti.

Ég bið hv. alþm. að heiðra minningu Johns Fitzgeralds Kennedys, forseta Bandaríkjanna, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

XV. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. okt. 1963.

Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sveinn Guðmundsson vélfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Nú verður fundarhlé, á meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréf Sveins Guðmundssonar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og tekið til athugunar kjörbréf Sveins Guðmundssonar vélfræðings, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, en þess hefur verið óskað, að hann tæki nú sæti á Alþingi í fjarveru Jóhanns Hafsteins, hv. 4. þm. Reykv. N. hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og leggur því einróma til, að það verði samþykkt og kjör Sveins Guðmundssonar vélfræðings tekið gilt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 29. okt. 1963.

Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Ég leyfi mér hér með að biðja um brottfararleyfi 2—3 vikur til að fara til útlanda í nauðsynjaerindum og, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ., að óska þess,

að fyrsti varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti mitt á Alþ., meðan ég verð fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf varamanns liggur fyrir, og verður gert fundarhlé, meðan kjörbréfanefnd rannsakar það. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar vegna áður framkominnar beiðni Matthíasar Bjarnasonar, hv. 11. landsk. þm., og tekið til meðferðar kjörbréf Ragnars Jónssonar skrifstofustjóra sem 1. landsk. varaþm. Sjálfstfl. Nefndin mælir einróma með því, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ragnar Jónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 9. fundi í Sþ., 31. okt., mælti

forseti (BF): Borizt hefur svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. okt. 1963.

Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Axel Jónsson fulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf varamanns liggur fyrir, og vildi ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Gert verður hlé á fundinum á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund til þess að rannsaka kjörbréf Axels Jónssonar, sem er varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, en þess hefur verið óskað, að hann tæki nú sæti á Alþingi í fjarveru Matthíasar Á. Mathiesens, hv. 3. þm. Reykn. Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur því einróma til, að það verði samþykkt og kosning Axels Jónssonar tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Axel Jónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 10. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 31. okt. 1963.

Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið.

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf varamanns liggur fyrir, og verður nú gert fundarhlé, meðan kjörbréfanefnd rannsakar það. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur, eins og henni var falið, athugað kjörbréf fyrir Jón Kjartansson forstjóra, 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v. N. hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið, og leggur hún einróma til, að kosning Jóns Kjartanssonar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 14. nóv., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 14. nóv. 1963.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Ólafs Thors, 1. þm. Reykn., sem að læknisráði hefur tekið sér hvíld frá þingstörfum næstu mánuði, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Axel Jónsson fulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Axels Jónssonar, varamanns í Reykjaneskjördæmi, hefur áður verið rannsakað. Þarf því ekki að fara fram athugun á því og tekur hann nú sæti hv. 1. þm. Reykn. á Alþingi.

Á 17. fundi í Sþ., 18. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 16. nóv. 1963.

Guðmundur Í. Guðmundsson, 4. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf varamanns liggur fyrir, og vildi ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og athugað kjörbréf Friðjóns Skarphéðinssonar bæjarfógeta, útgefið af landskjörstjórn 24. júní s. l., og hefur einróma samþykkt að taka kosningu Friðjóns Skarphéðinssonar gilda og mæla með samþykkt kjörbréfs.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 26. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

Reykjavík, 23. nóv. 1963.

Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Hjörtur Eldjárn Þórarinsson bóndi á Tjörn í Svarfaðardal, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf varamanns liggur fyrir, og verður nú gert hlé á fundinum, meðan kjörbréfanefnd rannsakar það. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Hjört Eldjárn Þórarinsson bónda á Tjörn, 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., en eftir því er óskað, að hann taki sæti á Alþingi í forföllum Ingvars Gíslasonar. Kjörbréfanefnd leggur einróma til, að kosning Hjartar Eldjárns sé gild metin og kjörbréfið sé samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Hjörtur E. Þórarinsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (BF): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. nóv. 1963.

6. landsk. þm., Davíð Ólafsson, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki á meðan sæti á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf 1. varamanns landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnars Jónssonar, hefur verið rannsakað og þarf því ekki að fara fram rannsókn á því að nýju og tekur hann sæti á þinginu sem 6. landsk. þm., og býð ég hann velkominn.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 10. des. 1963.

Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sveinn Guðmundsson vélfræðingur, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Rannsókn á kjörbréfi Sveins Guðmundssonar hefur þegar farið fram, og tekur hann því nú sæti hv. 10. þm. Reykv.

Á 26. fundi í Sþ., 12. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 11. des. 1963.

4. landsk. þm., Guðmundur Í. Guðmundsson, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu viku, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Einnig liggur fyrir svo hljóðandi símskeyti frá Friðjóni Skarphéðinssyni:

„Vegna annríkis í embætti mínu hef ég ekki tök á að taka sæti á Alþingi í fjarveru Guðmundar Í. Guðmundssonar að þessu sinni.

Friðjón Skarphéðinsson."

Enn fremur liggur fyrir kjörbréf Unnars Stefánssonar, útgefið af landskjörstjórn, og vildi ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem lesið var hér áðan úr forsetastól, var óskað eftir því, að varamaður landsk. þm. Alþfl. tæki sæti hér á þingi í fjarveru utanrrh. 1. varamaður landsk. þm. flokksins er Friðjón Skarphéðinsson, en hann hefur sent skeyti, þar sem hann tekur fram, að vegna annríkis við embættisstörf geti hann ekki tekið sæti í þetta skipti á þingi. En fyrir fundi kjörbréfanefndar lá kjörbréf Unnars Stefánssonar viðskiptafræðings, sem er 2. varaþm. landsk. þm. flokksins, og samþykkti kjörbréfanefnd einróma að taka kosningu Unnars gilda og mæla með samþykkt kjörbréfsins.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 16. jan., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 16. jan. 1964.

Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar eð ég verð erlendis, þegar Alþingi kemur saman hinn 16. þ. m., leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að fyrsti varamaður Alþfl. í Reykjavík, frú Katrín Smári, taki sæti mitt á Alþingi, meðan ég verð fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf frú Katrínar Smára liggur fyrir. Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og rætt kjörbréf frú Katrínar Smára sem 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavík í forföllum hæstv. menntmrh. Kjörbréfanefnd samþykkti einróma að taka kosningu frú Katrínar gilda og mæla með samþykkt kjörbréfs henni til handa.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 12. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 12. febr. 1964.

Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu viku, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að fyrsti varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Rannsókn á kjörbréfi Jóns Kjartanssonar hefur áður farið fram, og tekur hann því nú sæti á þingi sem 3. þm. Norðurl. v., og býð ég hann velkominn til starfa á þinginu.

Þá hefur enn fremur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. febr. 1964.

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu viku, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur svo hljóðandi símskeyti frá 1. varamanni:

„Get ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Sigurðar Ingimundarsonar vegna skorts á starfsfólki við embætti mitt.

Friðjón Skarphéðinsson."

Kjörbréf Unnars Stefánssonar hefur áður verið rannsakað, og tekur hann því nú sæti á þinginu sem 1. landsk. þm., og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur enn fremur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. febr. 1964.

Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Kristján Jónsson kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis." — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar til að athuga kjörbréf Kristjáns Jónssonar í Hólmavík, sem nú er orðinn 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestf., en þess hefur verið óskað, að hann taki nú sæti á Alþingi í fjarveru Sigurðar Bjarnasonar, hv. 2. þm. Vestf. Kjörbréfanefnd finnur ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur því einróma til, að það verði samþykkt og kosning Kristjáns Jónsonar, Hólmavík, tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Kristján Jónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 42. fundi í Sþ., 17. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (SÁ): Það hefur borizt bréf frá hæstv. forseta Ed., svo hljóðandi:

„Reykjavík, 14. febr. 1964.

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Það þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi hv. 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Daníels Ágústínussonar. Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréfið, og á meðan verður fundi frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Daníels Ágústínussonar, sem tekur nú sæti á Alþingi í forföllum Ásgeirs Bjarnasonar, 1. þm. Vesturl. Kjörbréfan. telur ekkert athugavert við kosningu né kjörbréf og mælir eindregið með því, að kosningin verði metin gild og kjörbréf varaþm. samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 24. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 22. febr. 1964.

Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Vegna anna heima fyrir í embætti mínu leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Óskar Jónsson fulltrúi, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Óskars Jónssonar liggur fyrir, og leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Óskars Jónssonar fulltrúa, 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, og n. leggur til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 31 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 2. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 28. febr. 1964.

Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Kristján Thorlacius deildarstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Enn fremur hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 28. febr. 1964.

Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Vegna anna heima fyrir næstu vikur leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Matthías Ingibergsson lyfjafræðingur, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf beggja varamanna, sem hér um ræðir, liggja fyrir, og leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka þau til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Óskar Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfan. hafa borizt tvö kjörbréf. Í fyrsta lagi hefur hún haft til meðferðar kjörbréf Kristjáns Thorlacius deildarstjóra, Bólstaðarhlíð 16, Reykjavík, sem 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík. Og í öðru lagi hefur hún haft til meðferðar kjörbréf Matthíasar Ingibergssonar lyfsala á Selfossi, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi. N. hefur athugað kjörbréfin og leggur einróma til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfin verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinir nýju þingmenn, Kristján Thorlacius og Matthías Ingibergsson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 51. fundi í Sþ., 9. marz, var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. marz 1964.

Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Bjarni Guðbjörnsson bankaútibússtjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Það er upplýst, að Bjarni Guðbjörnsson bankaútibússtjóri getur ekki tekið sæti á þinginu, og var ætlunin, að 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Halldór Kristjánsson á Kirkjubóli, mætti, en hann hefur tafizt vegna samgönguerfiðleika, er ekki kominn til bæjarins, og kjörbréfið liggur því ekki fyrir. Er því málinu frestað og málið tekið út af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var rannsókn kjörbréfsins tekin til meðferðar.

Forseti (BF): Í framhaldi af bréfi, sem lesið var s. l. mánudag, frá hv. 1. þm. Vestf., þar sem hann óskaði eftir, að 1. varamaður Framsfl., Bjarni Guðbjörnsson, tæki sæti sitt á þingi vegna utanfarar, hefur nú borizt bréf frá Bjarna Guðbjörnssyni, þar sem hann boðar einnig forföll og óskar þess, að Halldór Kristjánsson, 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, taki sæti á þinginu. Kjörbréf Halldórs Kristjánssonar liggur fyrir, og vildi ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert hlé á fundinum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Óskar Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf Halldórs Kristjánssonar bónda að Kirkjubóli í Önundarfirði, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi. N. hefur athugað kjörbréfið og leggur einróma til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Halldór Kristjánsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 57. fundi í Sþ., 1. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 31. marz 1964.

Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þesa leið:

„Vegna anna heima fyrir í embætti mínu leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Óskar Jónsson fulltrúi, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Rannsókn hefur áður farið fram á kjörbréfi 1. varamanns Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Óskars Jónssonar, og tekur hann nú sæti á Alþingi sem 4. þm. Sunnl.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 31. marz 1964.

Þorvaldur G. Kristjánsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Sigurðar Ágústssonar, 2. þm. Vesturl., sem nú er sjúkur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Ásgeir Pétursson sýslumaður, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Ásgeirs Péturssonar sýslumanns liggur fyrir, og verður nú gert fundarhlé, meðan kjörbréfanefnd tekur kjörbréfið til rannsóknar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar til að rannsaka kjörbréf Ásgeirs Péturssonar, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vesturl., en þess hefur verið óskað, að hann tæki nú sæti á Alþingi í veikindaforföllum Sigurðar Ágústssonar, hv. 2. þm. Vesturl. Kjörbréfanefnd finnur ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþykkt og kjör Ásgeirs Péturssonar sýslumanns verði tekið gilt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ásgeir Pétursson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 58. fundi í Sþ., 6. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (SI): Borizt hafa bréf frá deildarforsetum um varaþm. Í fyrsta lagi frá forseta Nd., sem segir, að Birgir Finnsson hafi skrifað sér svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

„Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt."

Jafnframt fylgir skeyti frá 1. varaþm. Alþfl.:

„Sökum embættisanna hef ég ekki tök á að taka varamannssæti á Alþingi að þessu sinni.

Friðjón Skarphéðinsson."

Kjörbréf Unnars Stefánssonar, 2. landsk. varaþm. Alþfl., hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann því velkominn til starfa á Alþingi.

Þá er í öðru lagi bréf frá forseta Nd., sem segir, að Halldór E. Sigurðson hafi skrifað svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Gunnar Guðbjartsson bóndi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

„Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Kjörbréf Gunnars Guðbjartssonar, 2. varamanns Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, hefur borizt. Bréfum þessum og kjörbréfi vísa ég til kjörbréfanefndar.

Það er hér skeyti frá 1. varaþm. Framsfl. varðandi bréfið:

„Sökum annríkis get ég ekki mætt á Alþingi í forföllum Halldórs E. Sigurðssonar n. k. mánudag.

Daníel Ágústínusson."

Þá er í þriðja lagi bréf frá forseta Ed., sem segir, að Sigurður Ó. Ólafsson hafi skrifað sér svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Steinþór Gestsson bóndi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

„Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Hér kemur bréf frá 1. varamanni Sjálfstfl.:

„Vegna anna í starfi mínu hef ég ekki tök á að taka sæti Sigurðar Ólafssonar, 5. þm. Sunnl., á Alþingi í fjarveru hans."

2. varaþm. flokksins í kjördæminu er erlendis.

Kjörbréf 3. varamanns flokksins hefur borizt, kjörbréf Steinþórs Gestssonar. Bréfum þessum og kjörbréfi vísa ég til kjörbréfanefndar.

Í fjórða lagi hefur borizt bréf frá forseta Nd., svo hljóðandi:

„Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Kjörbréf varamannsins hefur borizt. Bréfi þessu og kjörbréfi vísa ég til kjörbréfanefndar.

Þá hefur í fimmta lagi borizt bréf frá forseta Nd., svo hljóðandi:

„Jón Skaftason, 4. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Valtýr Guðjónsson forstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Kjörbréf varamanns hefur borizt. Bréfinu og kjörbréfinu er vísað til kjörbréfanefndar.

Loks er svo bréf frá forseta Nd., svo hljóðandi:

„Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykv., Bergur Sigurbjörnsson viðskiptafræðingur, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Kjörbréf varamanns hefur borizt og er hér með bréfinu og kjörbréfinu vísað til kjörbréfanefndar.

Þá er fundi frestað um stund, á meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfin. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað þau fimm kjörbréf, sem til hennar var vísað. Mun ég nú gera grein fyrir niðurstöðum kjörbréfanefndar um hvert einstakt þessara kjörbréfa.

Þá kemur fyrst kjörbréf fyrir Gunnar Guðbjartsson bónda, 2. varamann Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, en óskað er eftir því, að hann taki sæti á Alþingi í forföllum 3. þm. Vesturl., Halldórs E. Sigurðssonar. Það liggur fyrir skeyti frá 1. varaþm. Framsfl. í þessu kjördæmi, Daníel Ágústínusson, um það, að honum sé ekki unnt að mæta á Alþingi nú vegna annríkis. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréf Gunnars Guðbjartssonar og leggur til, að kosning hans sé tekin gild og kjörbréf hans samþykkt.

Þá liggur hér næst fyrir kjörbréf fyrir Steinþór Gestsson bónda, 3. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, en það er óskað eftir því, að hann taki sæti á Alþingi í forföllum fyrir Sigurð Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl. Það liggur fyrir bréf frá 1. varaþm. Sjálfstfl. í þessu kjördæmi, Ragnari Jónssyni, þar sem hann tilkynnir, að vegna anna í starfi hafi hann ekki tök á því að taka sæti Sigurðar Ó. Ólafssonar, 5. þm. Sunnl., á þingi nú. Í bréfi 5. þm. Sunnl., Sigurðar Ó. Ólafssonar, forseta Ed., er tekið fram, að honum sé kunnugt um, að 2. varaþm. Sjálfstfl. í kjördæminu hafi forföll. Mun hann vera erlendis. Kjörbréfanefnd sér því ekkert athugavert við kjörbréf Steinþórs Gestssonar og leggur til, að kosning hans sé gild metin og kjörbréf hans samþykkt.

Þá er í þriðja lagi kjörbréf fyrir Sverri Hermannsson viðskiptafræðing, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Austf., en það er óskað eftir því, að hann taki sæti hér á Alþingi í forföllum Jónasar Péturssonar, 3. þm. Austf. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Sverris Hermannssonar og hefur ekkert fundið þar við athugavert og leggur til, að kosning hans sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

Þá er hér kjörbréf fyrir Valtý Guðjónsson, 1. varaþm. Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, en það er óskað eftir því, að hann taki sæti hér í forföllum Jóns Skaftasonar, 4. þm. Reykn. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréf Valtýs Guðjónssonar og leggur til, að kjörbréf hans sé samþykkt og kosningin gild tekin.

Þá er hér að lokum kjörbréf fyrir Berg Sigurbjörnsson viðskiptafræðing, 1. varaþm. Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, en óskað er eftir, að hann taki sæti í forföllum Einars Olgeirssonar, 3. þm. Reykv. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Bergs Sigurbjörnssonar og hefur ekki neitt við það að athuga og leggur til, að kosning hans sé gild metin og kjörbréf hans samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf GGuðbj samþ. með 35 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf StG samþ. með 36 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf SvH samþ. með 38 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf VG samþ. með 39 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf BergS samþ. með 37 shlj. atkv.

Hinir tveir nýju þingmenn, Steinþór Gestsson og Sverrir Hermannsson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 62. fundi í Sþ., 14. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (SI): Borizt hefur svofellt bréf frá forseta Ed.:

„Emil Jónsson, formaður þingflokks Alþfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Guðmundar Í. Guðmundssonar, 4. landsk. þm., sem nú dvelur erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 3. varamaður landsk. þm. Alþfl., Pétur Pétursson forstjóri, sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Jafnframt liggur hér fyrir símskeyti frá 1. varamanni Alþfl.:

„Sökum annríkis hef ég ekki tök á að taka varamannssæti á Alþingi að þessu sinni.

Friðjón Skarphéðinsson."

Enn fremur liggur fyrir kjörbréf Péturs Péturssonar, og er þessum gögnum öllum vísað til kjörbréfanefndar og fundi frestað, meðan athugun fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og tekið fyrir kjörbréf 3. varamanns landsk. þm. Alþfl., Péturs Péturssonar forstjóra. Fyrir fundinum lá einnig símskeyti frá 1. varamanni landsk. þm. þess sama flokks, þar sem hann tekur fram, að hann geti ekki vegna embættisanna tekið sæti á þingi að þessu sinni. En 2. varaþm. landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson, á sæti á þingi nú. Kjörbréfanefnd samþykkti að taka kosningu Péturs Péturssonar gilda og mælir einróma með samþykkt kjörbréfsins.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Sþ., 16. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (SI): Frá forseta Nd. hefur borizt svofellt bréf:

„Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Sökum aðkallandi skyldustarfa og fjarveru úr bænum næstu vikur leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varaþm. Alþb. í Vestf., Steingrímur Pálsson umdæmisstjóri á Brú í Hrútafirði, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Jafnframt liggur fyrir kjörbréf Steingríms Pálssonar, og er þessum gögnum vísað til kjörbréfanefndar og gert stutt fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar til að athuga kjörbréf Steingríms Pálssonar, sem er 1. varaþm. Alþb. í Vestf., en þess hefur verið óskað, að hann taki nú sæti á Alþ. í fjarveru Hannibals Valdimarssonar, hv. 5. þm. Vestf.

Kjörbréfanefnd finnur ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþykkt og kosning Steingríms Pálssonar tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj.

Hinn nýi þm., Steingrímur Pálsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 16. apríl 1964.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér að fara fram á fjarvistarleyfi. Vegna forfalla 1. varamanns Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður flokksins í kjördæminu, Einar Guðfinnsson útgerðarmaður, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur einnig svo hljóðandi símskeyti frá Kristjáni Jónssyni á Hólmavík, sem er 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi:

„Sökum annríkis get ég ekki tekið varamannssæti á Alþingi að þessu sinni.

Kristján Jónsson."

Undirskrift staðfestir Droplaug Þorsteinsdóttir símastúlka.

Ég leyfi mér að vísa fram komnu kjörbréfi og símskeyti til hv. kjörbréfanefndar til rannsóknar, en með því að varamaður hefur ekki fengið ferð til bæjarins, verður ekki hægt að

ljúka afgreiðslu kjörbréfsins endanlega fyrr en á fundi, sem haldinn verður á morgun.

Á 67. fundi í Sþ., 21. apríl, var rannsókn kjörbréfsins tekin til meðferðar.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft kjörbréf Einars Guðfinnssonar útgerðarmanns í Bolungarvík, sem nú er orðinn 2. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, til athugunar, og þar sem fyrir liggur símskeyti frá fyrri varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, mælir kjörbréfan. með því, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Einar Guðfinnsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 89. fundi í Nd., 4. maí, mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. maí 1964.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi.

Davíð Ólafsson,
6. landsk. þm."

Samkv. þessu tekur Ragnar Jónsson nú sæti Davíðs Ólafssonar á Alþingi, og býð ég hann velkominn til starfa í hv. þd.

Á 72. fundi í Sþ., 5. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Sökum embættisanna næstu vikur leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Hermann Þórarinsson útibússtjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yðar, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Hermanns Þórarinssonar liggur hér fyrir og vildi ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert hlé á fundinum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund til að rannsaka kjörbréf Hermanns Þórarinssonar útibússtjóra á Blönduósi, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., en þess hefur verið óskað, að hann taki nú sæti á Alþingi í fjarveru séra Gunnars Gíslasonar, hv. 2. þm. Norðurl. v. Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþykkt og kosning Hermanns Þórarinssonar tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Hermann Þórarinsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 73. fundi í Sþ., 6. maí, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 5. maí 1964.

Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna anna heima fyrir og utanfarar leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi næstu vikur og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Varamaður Skúla Guðmundssonar, Jón Kjartansson forstjóri, hefur áður setið á þingi og kjörbréf hans verið rannsakað, og tekur hann nú sæti á þinginu í forföllum Skúla sem 1. þm. Norðurl. v. Býð ég hann velkominn til starfa á þinginu.

Á 74. fundi í Sþ., 8. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 6. maí 1964.

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna anna heima fyrir næstu vikur leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austfjarðakjördæmi, Vilhjálmur Hjálmarsson bóndi, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Vilhjálms Hjálmarssonar liggur fyrir, og vildi ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og athugað kjörbréf fyrir Vilhjálm Hjálmarsson bónda, Brekku, 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, en eins og lýst hefur verið af forsetastóli, er eftir því óskað, að hann taki sæti á þingi í forföllum Halldórs Ásgrímssonar. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að kosning Vilhjálms Hjálmarssonar sé metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

XVI. Kosningar.

1. Forseti neðri deildar.

Á 16. fundi í Nd., 14. nóv., var tekin til meðferðar

kosning forseta deildarinnar í stað Jóhanns Hafsteins, sem skipaður hefur verið dómsmálaráðherra.

Kosningu hlaut
Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.,
með 19 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

2. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru MJ, SB, SI; á B-lista ÁB, ÓlJ; á C-lista EOl.

A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Magnús Jónsson alþm.,
Ásgeir Bjarnason alþm.,
Sigurður Bjarnason alþm.,
Sigurður Ingimundarson alþm.,
Ólafur Jóhannesson alþm.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru MÁM, ÓB, BF; á B-lista HB, JSk; á C-lista HV.

A-listi hlaut 31 atkv., B-listi hlaut 19 atkv., C-listi 19 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Matthías Á. Mathiesen alþm.,
Helgi Bergs alþm.,
Ólafur Björnsson alþm.,
Birgir Finnsson alþm.,
Jón Skaftason alþm.

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1963, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason fyrrv. alþm. (A),
Jörundur Brynjólfsson fyrrv. alþm. (B),
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi (A).

4. Menntamálaráð.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Vilhjálmur Þ. Gíslason, Baldvin Tryggvason og Helgi Sæmundsson; á B-lista Kristján Benediktsson og Jóhann Hannesson; á C-lista Magnús Kjartansson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri,
Kristján Benediktsson kennari,
Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri,
Helgi Sæmundsson ritstjóri,
Jóhann Hannesson skólameistari.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Sigurður Líndal, Hörður Sigurgestsson og Halldór Halldórsson; á B-lista Andrés Kristjánsson og Svavar Helgason; á C-lista Sigurður Guðmundsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sigurður Líndal lögfræðingur,
Andrés Kristjánsson ritstjóri,
Hörður Sigurgestsson stud. oecon.,
Halldór Halldórsson prófessor,
Svavar Helgason kennari.

5. Stjórn vísindasjóðs.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá

kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn vísindasjóðs til fyrsta þings

eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ármann Snævarr háskólarektor (A),
Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri (B),
Einar Ól. Sveinsson prófessor (A),
Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Páll Kolka læknir (A),
Tómas Tryggvason jarðfræðingur (B),
Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor (A),
Magnús Magnússon prófessor (A).

6. Þingvallanefnd.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, frá þinglokum til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Hermann Jónasson fyrrv. ráðh. (B),
Emil Jónsson ráðh. (A).

7. Landskjörstjórn.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Einar B. Guðmundsson, Björgvin Sigurðsson og Einar Arnalds; á B-lista Sigtryggur Klemenzson og Vilhjálmur Jónsson; á C-lista Ragnar Ólafsson.

A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Einar B. Guðmundsson hrl.,
Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri,
Björgvin Sigurðsson hdl.,
Einar Arnalds yfirborgardómari,
Vilhjálmur Jónsson hrl.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Gunnar Möller, Páll S. Pálsson, Jón Ingimarsson; á B-lista Guðjón Styrkársson og Jón Grétar Sigurðsson; á C-lista Þórhallur Pálsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Gunnar Möller hrl.,
Guðjón Styrkársson lögfræðingur,
Páll S. Pálsson hrl.,
Jón Ingimarsson lögfræðingur,
Jón Grétar Sigurðsson lögfræðingur.

8. Yfirkjörstjórnir.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning í yfirkjörstjórnir, fimm manna og jafnmargra varamanna í hverju kjördæmi, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar og urðu úrslit á þessa leið:

a. Yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Hinrik Jónsson, Jón Sigmundsson og Sveinn Guðmundsson; á B-lista Þórhallur Sæmundsson og Þórður Pálmason; á C-lista Sigurður Guðmundsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Hinrik Jónsson sýslumaður,
Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti,
Jón Sigmundsson sparisjóðsgjaldkeri,
Sveinn Guðmundsson forstjóri,
Þórður Pálmason kaupfélagsstjóri.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Friðrik Þórðarson, Hjörtur Ögmundsson og Bjarni Ólafsson; á B-lista Húnbogi Þorsteinsson og Magnús Sigurbjörnsson; á C-lista Jóhann Rafnsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Friðrik Þórðarson forstjóri,
Húnbogi Þorsteinsson kaupfélagsstjóri,
Hjörtur Ögmundsson hreppstjóri,
Bjarni Andrésson skólastjóri,
Magnús Sigurbjörnsson oddviti.

b. Yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Magnús Amlín, Guðmundur Karlsson, Þorgeir Hjörleifsson; á B-lista Björgvin Bjarnason og Grímur Arnórsson; á C-lista Sigurður Kristjánsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Magnús Amlín framkvæmdastjóri,
Björgvin Bjarnason sýslumaður,
Guðmundur Karlsson forstjóri,
Þorgeir Hjörleifsson skrifstofumaður,
Grímur Arnórsson bóndi.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Jónatan Einarsson, Einar Steindórsson og Elías H. Guðmundsson; á B-lista Jón Á. Jóhannsson og Jón Sigurðsson; á C-lista Þorgeir Jónsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jónatan Einarsson oddviti,
Jón Á. Jóhannsson skattstjóri,
Einar Steindórsson oddviti,
Elías H. Guðmundsson stöðvarstjóri,
Jón Sigurðsson bóndi.

c. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Guðbrandur Ísberg, Sigurður Tryggvason og Sveinn Þorsteinsson; á B-lista Jóhann Salberg Guðmundsson og Indriði Guðmundsson; á C-lista Hlöðver Sigurðsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Guðbrandur Ísberg fyrrv. sýslumaður,
Sigurður Tryggvason verzlunarstjóri,
Sveinn Þorsteinsson skipstjóri,
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður,
Indriði Guðmundsson bóndi.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Eyþór Hallsson, Bjartmar Kristjánsson og Kristján C. Magnússon; á B-lista Jóhann Jóhannsson og Sigurður Gíslason; á C-lista Jón Friðriksson.

A-listi hlaut 30 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 7 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Eyþór Hallsson skipstjóri,
Jóhann Jóhannsson skólastjóri,
Bjartmar Kristjánsson sóknarprestur,
Kristján C. Magnússon verzlunarmaður,
Sigurður Gíslason gjaldkeri.

d. Yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Erlendur Björnsson, Margeir Þórormsson og Emil Jónasson; á B-lista Lúðvík Ingvarsson og Þorsteinn Sigfússon; á C-lista Aðalsteinn Halldórsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Erlendur Björnsson bæjarfógeti,
Lúðvík Ingvarsson fyrrv. sýslumaður,
Margeir Þórormsson stöðvarstjóri,
Emil Jónasson stöðvarstjóri,
Þorsteinn Sigfússon hreppstjóri.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Reynir Zoëga, Guðlaugur Jónsson og Guðmundur Vilhjálmsson; á B-lista Guðmundur Þórðarson og Óskar Helgason; á C-lista Gísli Sigurðsson.

A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Reynir Zoëga vélstjóri,
Guðmundur Þórðarson kennari,
Guðlaugur Jónsson verzlunarstjóri,
Guðmundur Vilhjálmsson bankaritari,
Óskar Helgason stöðvarstjóri.

e. Yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Guðjón Steingrímsson, Ólafur Bjarnason og Ásgeir Einarsson; á B-lista Björn Ingvarsson og Þórarinn Ólafsson; á C-lista Árni Halldórsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Guðjón Steingrímsson hrl.,
Björn Ingvarsson lögreglustjóri,
Ólafur Bjarnason hreppstjóri,
Ásgeir Einarsson skrifstofustjóri,
Þórarinn Ólafsson byggingameistari.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Kristinn Wium, Hákon Kristjónsson og Jóhann Þorsteinsson; á B-lista Helgi Ólafsson og Ásgeir Sigurðsson; á C-lista Kjartan Ólafsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Kristinn Wium framkvæmdastjóri,
Helgi Ólafsson skrifstofustjóri,
Hákon Kristjónsson fulltrúi,
Jóhann Þorsteinsson forstjóri,
Ásgeir Sigurðsson rafvirki.

f. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Ragnar Steinbergsson, Einar Jónasson og Sigurður Helgason; á B-lista Jóhann Skaftason og Brynjólfur Sveinsson; á C-lista Þorsteinn Jónatansson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ragnar Steinbergsson lögfræðingur,
Jóhann Skaftason sýslumaður,
Einar Jónasson hreppstjóri,
Sigurður Helgason fulltrúi,
Brynjólfur Sveinsson menntaskólakennari.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Þórhallur Snædal, Guðmundur Þór Benediktsson, Sigurjón Jóhannessson; á B-lista Þórhallur Björnsson og Steingrímur Bernharðsson; á C-lista Páll Gunnlaugsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Þórhallur Snædal trésmíðameistari,
Þórhallur Björnsson kaupfélagsstjóri,
Guðmundur Þór Benediktsson fulltrúi,
Sigurjón Jóhannesson skólastjóri,
Steingrímur Bernharðsson bankaútibússtjóri.

g. Yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Freymóður Þorsteinsson, Páll Björgvinsson og Guðmundur Daníelsson; á B-lista Páll Hallgrímsson og Ísak Eiríksson; á C-lista Gunnar Benediktsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógeti,
Páll Hallgrímsson sýslumaður,
Páll Björgvinsson oddviti,
Guðmundur Daníelsson rithöfundur,
Ísak Eiríksson útibússtjóri.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Ásgeir Eiríksson, Einar Oddsson og Páll Þorbjörnsson; á B-lista Siggeir Lárusson og Sveinn Guðmundsson; á C-lista Gunnar Sigurmundsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ásgeir Eiríksson kaupmaður,
Siggeir Lárusson bóndi,
Einar Oddsson sýslumaður,
Páll Þorbjörnsson skipstjóri,
Sveinn Guðmundsson forstjóri.

h. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Kristján Kristjánsson, Páll Líndal og Eyjólfur Jónsson; á B-lista Sveinbjörn Dagfinnsson og Benedikt Sigurjónsson; á C-lista Þorvaldur Þórarinsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Kristján Kristjánsson yfirborgarfógeti,
Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.,
Páll Líndal skrifstofustjóri,
Eyjólfur Jónsson lögfræðingur,
Benedikt Sigurjónsson hrl.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Hörður Þórðarson, Guðmundur V. Jósefsson og Lúðvík Gizurarson; á B-lista Jónas Jósteinsson og Jón A. Ólafsson; á C-lista Steinþór Guðmundsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Hörður Þórðarson sparisjóðsstjóri,
Jónas Jósteinsson kennari,
Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.,
Lúðvík Gizurarson hrl.,
Jón A. Ólafsson lögfræðingur.

9. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912, 3. gr.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Magnús Már Lárusson prófessor (B),
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari (A).

10. Útvarpsráð.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 25 18. febr. 1943, um breyt. á l. nr. 16 6. apríl 1939, um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sigurður Bjarnason, Þorvaldur G. Kristjánsson og Benedikt Gröndal; á B-lista Þórarinn Þórarinsson og Þorsteinn Hannesson; á C-lista Björn Th. Björnsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sigurður Bjarnason alþm.,
Þórarinn Þórarinsson alþm.,
Þorvaldur G. Kristjánsson alþm.,
Benedikt Gröndal alþm.,
Þorsteinn Hannesson söngvari.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Kristján Gunnarsson, Valdimar Kristinsson og Stefán Júlíusson; á B-lista Rannveig Þorsteinsdóttir og Jónas Jónasson; á C-lista Magnús Kjartansson.

A-listi hlaut 30 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Kristján Gunnarsson skólastjóri,
Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.,
Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur,
Stefán Júlíusson rithöfundur,
Jónas Jónasson þulur.

11. Áfengisvarnaráð.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga, nr. 58 1954.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm. (A),
Guðlaug Narfadóttir (B),
Kjartan J. Jóhannsson læknir (A),
Ólafur Þ. Kristjánsson skólastjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Páll V. Daníelsson bæjarfulltrúi (A),
Gunnar Árnason skrifstofustjóri (B),
Sveinn Helgason stórkaupmaður (A),
Karl Karlsson fyrrv. vatnsmaður (A).

12. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 2 1957, um breyt. á l. nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Matthías Á. Mathiesen, Óskar Hallgrímsson og Pétur Sigurðsson; á B-lista Hjálmar Vilhjálmsson; á C-lista Eðvarð Sigurðsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Matthías Á. Mathiesen alþm.,
Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri,
Óskar Hallgrímsson borgarfulltrúi,
Pétur Sigurðsson alþm.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Jónas Pétursson, Magnús Ástmarsson og Einar Ingimundarson; á B-lista Guttormur Sigurbjörnsson; á C-lista Hannes M. Stephensen. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jónas Pétursson alþm.,
Guttormur Sigurbjörnsson endurskoðandi,
Magnús Ástmarsson prentsmiðjustjóri,
Einar Ingimundarson alþm.

13. Stjórn atvinnubótasjóðs.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnubótasjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr. l. nr. 40 21. apríl 1962, um atvinnubótasjóð.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason og Emil Jónsson; á B-lista Halldór E. Sigurðsson og Ingvar Gíslason; á C-lista Tryggvi Helgason. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv. og C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Magnús Jónsson alþm.,
Halldór E. Sigurðsson alþm.,
Sigurður Bjarnason alþm.,
Emil Jónsson ráðh.,
Ingvar Gíslason alþm.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Jónas Pétursson, Jón Árnason og Birgir Finnsson; á B-lista Björgvin Jónsson og Örlygur Hálfdánarson; á C-lista Hannibal Valdimarsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jónas Pétursson alþm.,
Björgvin Jónsson fyrrv. alþm.,
Jón Árnason alþm.,
Birgir Finnsson alþm.,
Örlygur Hálfdánarson fulltrúi.

14. Tryggingaráð.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Gunnar Möller, Kjartan J. Jóhannsson og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson; á B-lista Bjarni Bjarnason og Ásgeir Bjarnason; á C-lista Brynjólfur Bjarnason. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Gunnar Möller hrl.,
Bjarni Bjarnason fyrrv. skólastjóri,
Kjartan J. Jóhannsson læknir,
Vilhjálmur S. Vilhjálmsson ritstjóri,
Ásgeir Bjarnason alþm.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar. Á A-lista voru Þorvaldur G. Kristjánsson, Ágúst Bjarnason og Björgvin Guðmundsson; á B-lista Daníel Ágústínusson og Jón Arnþórsson; á C-lista Kristján Gíslason. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Þorvaldur G. Kristjánsson alþm.,
Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri,
Ágúst Bjarnason skrifstofustjóri,
Björgvin Guðmundsson viðskiptafræðingur,
Jón Arnþórsson fulltrúi.

15. Flugráð.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1964 til 31. des. 1967, skv. 1. gr. l. nr. 119 1950, um stjórn flugmála.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Þórður Björnsson sakadómari (B),
Jón Axel Pétursson bankastjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með nöfnum jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðmundur Guðmundsson slökkviliðsstj. (A),
Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri (B),
Björn Pálsson flugmaður (A).

16. Verðlagsnefnd.

Á 24. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í verðlagsnefnd til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Ólafur Björnsson, Björgvin Sigurðsson og Jón Sigurðsson; á B-lista Stefán Jónsson og Sigurjón Guðmundsson; á C-lista Guðmundur Hjartarson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ólafur Björnsson alþm.,
Stefán Jónsson framkvæmdastjóri,
Björgvin Sigurðsson hdl.,
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri,
Sigurjón Guðmundsson framkvæmdastjóri.

17. Úthlutunarnefnd listamannalauna.

Á 56. fundi í Sþ., 20. marz, var tekin til meðferðar

kosning sjö manna nefndar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1964 til rithöfunda, skálda og annarra listamanna, samkv. þál., nýafgreiddri frá Alþingi, um úthlutun listamannalauna.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (B),
Bjartmar Guðmundsson alþm. (A),
Þórir Kr. Þórðarson prófessor (A),
Andrés Kristjánsson ritstjóri (B),
Einar Laxness kennari (C),
Helgi Sæmundsson rithöfundur (A).

18. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var tekin til meðferðar

kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. janúar 1964 að telja til ársloka 1967.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og var því kjörinn án atkvgr.:

Jón Skaftason alþm.

19. Áfengismálanefnd.

Á 79. fundi í Sþ., 14. maí, var tekin til meðferðar

kosning nefndar sjö alþingismanna til þess að rannsaka svo sem má ástandið í áfengismálum þjóðarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þál., samþ. á Alþingi 13. þ. m., um athugun á áfengisvandamálinu.

Fram komu fjórir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm. (A),
Sigurvin Einarsson alþm. (B),
Einar Ingimundarson alþm. (A),
Axel Jónsson alþm. (A),
Ingvar Gíslason alþm. (B),
Alfreð Gíslason alþm. (C),
Jón Þorsteinsson alþm. (A).

XVII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:

Jóhanna Kristjánsdóttir (til 31. des.), Erla E. Árnadóttir (frá 1. jan.), Jónas Kristjánsson, Sigurður H. Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:

Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:

Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:

Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:

Fastavinna um þingtímann: Jón Ólafsson, Ásgeir B. Friðjónsson, Ingigerður Eggertsdóttir.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Jóhanna Sigurðardóttir, Ragna Sigurðardóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:

Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Albert Guðmannsson, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Sigtryggur Jónsson, Jón Sumarliðason, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson, Þorlákur Haldorsen, Markús Jónsson.

Þingsveinsstörf:

Ragnar Haraldsson (til 25. okt.), Kristján Greipsson, Þórhallur Bjarnhéðinsson (til 14. jan.), Einar Helgason, Ragnar Guðmundsson, Gísli Pálsson (7. nóv. — 18. jan.), Gestur Guðmundsson, Páll Biering (til 31. marz), Sigurður F. Sigurðsson, Stefán E. Bjarkason, Jón Gunnar Ottósson (frá 22. nóv.), Stefán Halldórsson (til 25. jan.), Steingrímur Steinþórsson (til 31.

marz), Þorfinnur Kristjánsson (frá 20. jan.), Sigurður Hansson (frá 25. jan.), Þorvaldur Jónsson (frá 1. apríl), Finnbogi Ólafsson (frá 1. apríl).

Símavarzla:

Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Ella Guðmundsdóttir.

Fatagæzla:

Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Margrét Þórðardóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:

Bragi Steinarsson.

XVIII. Þinghlé.

Á 33. fundi í Ed., 20. des., mælti

forseti (EggÞ): Verði engar sérstakar breytingar á gangi mála í hv. Nd., breytingar, sem nú eru ekki sýnilegar, mun þetta verða síðasti fundur þessarar hv. þd. fyrir jólaleyfi Alþingis. Í veikindafjarveru hæstv. forseta d., Sigurðar Ó. Ólafssonar, óska ég öllum hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar, góðs og farsæls komandi árs með þökk fyrir samstarfið á árinu, sem er að líða. Þm., sem búsettir eru utan Reykjavíkur, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu, um leið og ég læt þá einlægu ósk og von í ljós, að við megum allir mætast hér á ný á Alþingi til þjóðnýtra starfa að loknum jólaleyfum. Jafnframt færi ég öllu starfsfólki þakkir fyrir gott samstarf.

Karl Kristjánsson: Ég vil leyfa mér sem elzti þm. í þessari hv. d. og þar að auki ekki samflokksmaður hæstv. forseta að þakka hæstv. forseta fyrir hans vinsamlegu orð í garð okkar þdm. og þær góðu árnaðaróskir, sem hann flutti okkur. Um leið vil ég þakka hæstv. forsetum þessarar d. fyrir lipurmannleg forsetastörf og óhlutdræg, og ég vil óska þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Og ég vil biðja þann hæstv. forseta, sem nú gegnir forsetastörfum, að flytja aðalforseta, Sigurði Ó. Ólafssyni, sem er fjarstaddur af veikindaforföllum, kveðjur okkar þdm. og árnaðaróskir og fyrst og fremst þá ósk, að hann fái sem fljótast fulla heilsu. Svo óska ég þess, að við hittumst öll að afloknu þinghléi á nýju ári heil í þessari d. Viljið þið, hv. þm., taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum? — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EggÞ): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir góðar og hlýjar óskir í garð okkar beggja forseta d. og mín sem varaforseta og ykkur þdm. fyrir að taka undir þær óskir. Og ég vil taka það fram, að mér er ljúft og skylt að færa forseta d., sem nú er fjarverandi vegna veikinda, eins og þegar hefur verið á minnzt, þessar ykkar ágætu óskir. — Fundinum er slitið.

Á 38. fundi í Nd., 20. des., mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd., áður en þingi verður frestað, vil ég leyfa mér að óska öllum hv. þdm. gleðilegra jóla og nýárs. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Það er ósk mín og von, að allir hv. þdm. megi hittast hér heilir og sælir á nýju ári.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans í garð okkar þm., og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn okkar allra, er ég flyt honum góðar jólaóskir og óskir um gleðilegt og farsælt nýtt ár og þökk fyrir samstarfið á liðna árinu. Ég vil biðja þingheim að taka undir þessa ósk til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og öllum hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

Á 33. fundi í Sþ., 21. des., mælti

forseti (BF): Þar sem nú er lokið afgreiðslu þeirra mála, sem aðkallandi var talið að afgreiða fyrir jól, verður gert hlé á fundum Alþingis um sinn og fram yfir hátíðar. Forsetar Alþingis hafa ákveðið í samráði við hæstv. ríkisstj., að þetta fundarhlé verði til 16. jan. n. k. Verða því væntanlega ekki kallaðir saman fundir á ný fyrr en þann dag og verða þá boðaðir með dagskrá.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að óska hæstv. ríkisstj., hv. alþm. og öllu starfsliði þingsins gleðilegra jóla, góðs og farsæls nýárs. Sérstaklega vil ég þakka skrifstofustjóra og starfsmönnum þingsins fyrir að leysa með prýði af hendi þau auknu störf, sem prentaraverkfallið hefur haft í för með sér. Þá þakka ég hæstv. ríkisstj. og hv. alþm., skrifstofustjóra og öðrum starfsmönnum þingsins fyrir samstarfið á árinu. Enn fremur vil ég óska hv. alþm. góðrar ferðar og farsællar heimkomu og vænti þess, að við megum allir hittast heilir hér, þegar fundir hefjast aftur eftir nýárið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir jóla- og árnaðaróskir okkur þm. til handa og þingliði öllu og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn okkar allra á þingbekkjunum, er ég flyt honum árnaðaróskir, óska honum gleðilegra jóla og góðs nýs árs og þakka honum fyrir samstarfið í forsetastóli á þeim hluta þings, sem nú er að

enda við jólahléið. Ég bið menn að taka undir þessar óskir í garð hæstv. forseta og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir góðar óskir hans og vinsamleg ummæli í minn garð og hv. alþm. fyrir undirtekir þeirra.

Á 62. fundi Ed., 19. marz, mælti

forseti (SÓÓ): Nú fer í hönd páskahátíðin, og eftir því sem nú lítur út fyrir, verður þetta síðasti fundur í þessari hv. d. fyrir páskahlé. Þó vil ég taka það fram, að ef eitthvað sérstakt kemur fyrir, þannig að nauðsynlegt verði, að fundur verði í deildinni annaðhvort á morgun eða á laugardaginn, þá verður það vitanlega opið, en eins og nú lítur út fyrir, þá mun þetta verða síðasti fundurinn fyrir þinghlé. Ég vil nota þetta tækifæri og óska þeim hv. þm., sem nú fara heim til sín, kannske sumir um langan veg, góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu, og öllum hv. þdm. ásamt starfsliði Alþ. óska ég gleðilegrar páskahátíðar.

Karl Kristjánsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir hans hlýju árnaðaróskir um gleðilega páska og góða heimkomu, og um leið vil ég fyrir hönd okkar óska honum gleðilegrar hátíðar og fjölskyldu hans. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir þessi orð mín í garð forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hans hlýju orð í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þdm. fyrir að taka undir þau.

Á 72. fundi í Nd., 20. marz, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. þd. fyrir páskahelgi, leyfi ég mér að óska öllum hv. þm. gleðilegrar páskahátíðar. Utanbæjarþm. árna ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að hv. þdm. megi hér allir heilir hittast að loknu hátíðarhaldi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka vinsamleg orð og góðar óskir hæstv. forseta í okkar garð. Ég vil jafnframt ósk hæstv. forseta gleðilegrar páskahátíðar, um leið og ég þakka honum fyrir ágætt samstarf við okkur þm. Ég bið þm. um að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir vinsamleg orð í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar í garð hv. þdm. og segi fundinum slitið.

Á 56. fundi í Sþ., 20. marz, mælti

forseti (BF): Forsetar hafa í samráði við ríkisstj. ákveðið að hafa hlé á fundum Alþingis vegna páskahátíðarinnar frá deginum í dag að telja og væntanlega til miðvikudagsins 1. apríl n. k. Verður næsti fundur að öðru leyti boðaður með dagskrá. Ég óska því öllum hv. þm. gleðilegrar hátíðar og sömuleiðis starfsfólki þingsins. Þeim þm., sem ferðast heim til sín um hátíðina, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Ég vona, að við hittumst allir heilir aftur að loknu páskaleyfi.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir óskir hans í garð þm., og ég veit, að ég mæli það fyrir munn okkar allra, þegar ég flyt honum beztu óskir og vona, að hann megi njóta vel páskahátíðarinnar, sem fram undan er, og við megum hitta hann aftur heilan, þegar við tökum til starfa á ný eftir páskahléið.

Ég vil biðja menn að staðfesta, að ég mæli þetta fyrir munn okkar allra, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir hlýlegar óskir hans í minn garð, og ég þakka einnig undirtektir hv. alþm. Ég endurtek óskir mínar um gleðilega páskahátíð og að við megum hittast hér allir heilir að loknu páskaleyfi. Þessum fundi er slitið.

XIX. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 90. fundi í Ed., 11. maí, mælti

forseti (SÓÓ): Þetta mun verða síðasti fundur þessarar d. á þessu þingi, ef ekkert ófyrirséð kemur fyrir um afgreiðslu mála. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þdm. fyrir sérstaklega góða og árekstralausa samvinnu á þessu þingi, sem nú er að ljúka. Ég vil þakka varaforsetum d. fyrir alla þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér við forsetastörfin. Ég vil þakka skrifurum d. fyrir stundvísi og gott starf. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis og fulltrúum hans fyrir ágætt samstarf, einnig öllu öðru starfsfólki þingsins. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar ferðar heim, og öllum ykkur og fjölskyldum ykkar óska ég allra heilla á nýbyrjuðu sumri. Megum við svo öll hittast heil á næsta hausti til þingstarfa á ný.

Ólafur Jóhannesson: Ég vil leyfa mér, og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra þdm., að þakka hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir í garð okkar þdm. Ég vil einnig flytja honum þakkir fyrir góða og réttláta fundarstjórn og gott samstarf við okkur þdm. á þessu þingi,

sem nú er að ljúka. Ég vil óska honum góðrar heimferðar og heimkomu, og ég vil færa honum og fjölskyldu hans beztu árnaðaróskir. Ég óska þess, að við megum öll hittast hér að hausti, og vænti þess, að við megum hitta forseta heilan, er við þá komum aftur til starfs. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir hans hlýju orð í minn garð og minnar fjölskyldu. Og ég vil þakka hv. þdm. fyrir að taka undir þær óskir. — Þá eru ekki fleiri mál á dagskrá þessa fundar. Fundinum er slitið.

b. Í neðri deild.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á liðnum vetri. Jafnframt leyfi ég mér að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að við megum allir heilir hittast á nýju þingi.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil jafnframt þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf við hann á liðnum vetri og fyrir góða og röggsamlega fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans alls góðs og vænti, að við megum hitta hann hér í forsetastóli á komandi hausti. Ég bið hv. þdm. að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum.

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir hlýlegar óskir í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þær og endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þm.

XX. Þinglausnir.

Á 80. fundi í Sþ., 14. maí, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. 1963 til 14. maí 1964, alls 218 daga. Þinghlé var frá 21. des. 1963 til 16. jan. 1964.

Þingfundir hafa verið haldnir sem hér segir:

Í neðri deild	100
- efri deild	90
- sameinuðu þingi	80
Alls	270

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. Lögð fyrir neðri deild	28	
b. — — efri deild	25	
c. — — sameinað þing	2	
		55
2. Þingmannafrumvörp:		
a. Borin fram í neðri deild	46	
b. — — í efri deild	21	
		67
		122

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 6 frumvörp, sem nefndir fluttu að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	39	
Þingmannafrumvörp	16	
		55
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvarpi		1
c. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	16	
Þingmannafrumvörp	50	
		66
		122

II. Þingsályktunartillögur:

1. Bornar fram í sameinuðu þingi	90	
2. Borin fram í efri deild	1	
		91
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis	32	
b. Felldar	2	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar	2	
d. Ekki útræddar	55	
		91

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 29, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	17
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema ein.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	230
Tala prentaðra þingskjala	701

Síðan mælti

forseti (BF): Þetta var yfirlit í tölum um störf þingsins að þessu sinni. Það er ekki aðalatriði, hvort afgreidd mál eru fleiri eða færri nú en áður, heldur hitt, hvernig til hefur tekizt að setja réttlát lög, sem verði virt í framkvæmd, þannig að þau nái tilgangi sínum.

Þá er einnig vert að hafa það í huga, sem forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, minnti nýlega á í ávarpi til þings Slysavarnafélags Íslands, að ekki verða öll vandamál leyst af stjórnvöldum eingöngu, heldur þarf fleira til að koma.

Störf Alþingis að þessu sinni verða nú lögð undir dóm reynslunnar, en það er ósk mín, að gæfa og farsæld megi af þeim hljótast.

Þar sem þetta er síðasti fundur á þessu þingi, leyfi ég mér að þakka hæstv. ríkisstj. og öllum hv. þm. ágætt samstarf á þingtímanum. Ég þakka það traust, sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Einnig þakka ég þingheimi það umburðarlyndi og þá hjálpsemi, sem ég hef orðið aðnjótandi við störf mín í þessu sæti.

Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum, og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég fyrir mikið og gott starf og fyrir ánægjulega samvinnu.

Öllum hv. þm. bið ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og óska þeim og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis. Einnig flyt ég skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis beztu heillaóskir.

Fyrir hönd Alþingis bið ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans í garð okkar þm., og ég vil flytja honum — og ég veit, að ég geri það í nafni okkar allra — sérstakar þakkir fyrir ágæta samvinnu hans við okkur á forsetastóli. Ég vil leyfa mér að færa honum og hans fólki beztu árnaðaróskir og láta í ljós þá von, að við eigum eftir að hitta hann hér á næsta hausti heilan á húfi, þegar tekið verður aftur til þinghalds á ný.

Ég vil biðja þingheim að samþykkja þessar árnaðaróskir og þetta þakklæti í garð hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, fyrir hlý orð og vinsamleg í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig þakka ég hv. alþm. undirtektir þeirra og endurtek óskir mínar um gæfu og gengi þeim til handa, og ég vona, að við hittumst hér allir heilir að hausti.

Nú mun forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, ganga í fundarsalinn.

Forseti Íslands tekur til máls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. forseti og forsrh., hv. alþingismenn. Ég hef í dag gefið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 84. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Ég mun því slíta Alþingi í dag, fimmtudaginn 14. maí 1964.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkv. þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið þingmenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.